Liðið keppti síðan á Silverstone-kappakstursbrautinni í Englandi dagana 10.-13. júlí og hlaut þar viðurkenningu sem bestu nýliðarnir í flokki 1 í hinni alþjóðlegu kappaksturs- og hönnunarkeppni. Liðið atti kappi við yfir 100 lið frá háskólum víðs vegar úr heiminum og auk þess að teljast bestu nýliðarnir hreppti liðið 11. sæti fyrir kostnaðar- og framleiðslukynningu sína og í flokki viðskiptakynninga lenti liðið í 8. sæti. Þá varð liðið í efsta sæti fyrir endurnýjanleika með næstum fullt hús stiga. Bíllinn fór auk þess í gegnum fjölda prófana til að öðlast þátttökurétt í kappakstursflokki en náði ekki tilskildum fjölda prófana innan þess tíma sem gefinn var. Hann keppti því ekki í þeim flokki í ár en þess má geta að einungis 25% liða hafa að jafnaði klárað akstursliði keppinnar á hverju ári.

Alþjóðlegt samstarf

Samstarf við Bond-háskóla í Ástralíu

Háskóli Íslands og Bond-háskóli í Ástralíu gerðu á árinu með sér samstarfssamning um stúdenta- og kennaraskipti, auk samstarfs á sviði rannsókna. Samningurinn er til fimm ára og var gerður að undirlagi Heilbrigðisvísindasviðs en tekur til fleiri fræðasviða. Bond-háskóli var stofnaður árið 1989 og er fyrsti einkarekni háskólinn í Ástralíu. Skólinn býður upp á grunn- og framhaldsnám á öllum helstu fræðasviðum. Sérstaða hans liggur í þriggja missera skólaári, svo unnt er t.a.m. að ljúka námi til bakkalárgráðu á tveimur árum í stað þriggja.

Háskóli Íslands hefur á undanförunum átt samstarf við eftirtalda háskóla í Ástralíu: Edith Cowan University, Deakin University, Griffith University, Macquarie University, University of Tasmania, University of Western Sydney, University of Wollongong, Flinders University of South Australia, Griffith University og University of New South Wales.

Samstarf við University of Wisconsin í Madison

Háskóli Íslands og University of Wisconsin í Madison í Bandaríkjunum gerðu með sér samstarfssamning á árinu um stúdentaskipti til þriggja ára. Samningurinn nær til grunn- og framhaldsnema og geta fyrstu nemendur Háskóla Íslands farið í skiptinámskeið við University of Wisconsin í Madison haustið 2015. Samningurinn hefur verið lengi í undirbúningi en skólarnir hafa um árabil átt í farsælu samstarfi og fjöldi nemenda frá Háskóla Íslands sem sótt hefur framhaldsnám við University of Wisconsin í Madison. Skólinn var stofnaður árið 1848 og er elsti og stærsti háskólinn í Wisconsin. Hann skiptist í 20 skóla og nemendur eru um 40 þúsund. Yfir 4500 erlendir nemendur stunda nám við skólann.

Samstarf við Zhongnan-háskóla í hagfræði og lögum

Háskóli Íslands og Zhongnan University of Economics and Law (ZUEL) í Kína gerðu á árinu með sér samstarfssamning um stúdentaskipti til fimm ára. Samningurinn nær til grunn- og framhaldsnema. ZUEL var stofnaður árið 1948 og er í borginni Wuhan í Kína. Meginnámsgreinar eru hagfræði, lögfræði og stjórnumarfræði en skólinn býður einnig upp á nám í bókmenntafræði, heimspeki, sagnfræði, verkfræði og fleiri greinum. Um það bil 30 þúsund nemendur stunda nám við ZUEL. Þetta er ellefti háskólinn í Kína sem Háskóli Íslands gerir samstarfssamning við og á ári hverju fara fjölmargir nemendur við Háskóla Íslands í skiptinám til Kína.

Samstarf við Tsinghua-háskóla

Háskóli Íslands og Tsinghua-háskóli í Kína gerðu á árinu með sér samstarfssamning um stúdentaskipti, kennaraskipti og samstarf um skilgreind rannsóknaverkefni. Það voru Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Chen Xu, forseti háskólaráðs Tsinghua-háskóla, sem undirrituðu samninginn milli háskólanna í heimsókn Kristínar til Beijing á árinu, þangað sem henni var boðið til að flytja erindi á alþjóðlegri ráðstefnu kvenrektora. Chen Xu, sem er prófessor í rafmagnsverkfræði, er ein af fáum konum í Kína sem eru í forsvari fyrir háskóla. Frumkvæði að ráðstefnunni hafði Liu Jinan, fyrrverandi rektor Communication University of China, en þetta var sjötta ráðstefnan af þessu tagi sem hún hefur staðið fyrir í samstarfi við kínversk menntamálayfirvöld og UNESCO.

Tsinghua-háskóli er einkum þekktur sem tækniháskóli og þykir skólinn sérstaklega sterkur á sviði verkfræðilegrar læknisfræði, þar sem unnið er þverfræðilega að verkefnum sem snúa að greiningu sjúkdóma og meðferð þeirra. Auk þessa kom fram mikill áhugi á samstarfi við Háskóla Íslands á sviðum raunvísinda, bókmennta, kynjafræði og lyfjafræði en lyfjafræðideild er ein nýjasta deildin í Tsinghua-háskóla.

Samstarf við Tianjin-háskóla

Háskóli Íslands og Tianjin-háskóli í Kína gerðu síðla árs með sér samstarfssamning um gagnkvæm stúdentaskipti og í honum felst m.a. að nemendur við öll fræðasvið Háskóla Íslands fá tækifæri til að taka hluta af námi sínu við Tianjin-háskóla. Kristín Ingólfssdóttir rektor og Liu Jianping, formaður háskólaráðs Tianjin-háskóla, undirrituðu samninginn í kjölfar heimsóknar fjögurra manna sendinefndar á vegum Tianjin-háskóla hingað til lands. Með þessum samningi hefur Háskóli Íslands nú gert samninga við þrettán kínverska skóla.

Tianjin-háskóli var stofnaður árið 1895, þá undir öðru nafni, og telst vera elsti háskóli í Kína. Við skólann eru starfræktar 19 deildir sem bjóða upp á samtals tæplega 120 námsleiðir í grunn- og framhaldsnámi en nú stunda um 29 þúsund nemendur nám við skólann.

Samið um samstarf við Hunan-háskóla

Háskóli Íslands og Hunan-háskóli í Kína gerðu á árinu með sér samstarfssamning um gagnkvæm stúdentaskipti og jafnframt viljayfirlýsingu um frekara samstarf milli skólanna, m.a. að skólarnir kanni frekari möguleika á samstarfi, t.d. um sameiginlegar námsbrautir eða rannsóknir, en mjög öflugt rannsóknasamstarf hefur verið á milli skólanna í úrvinnslu fjarkönnunarmynda á undanförunum árum.

Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektor vísinda og kennslu við Háskóla Íslands, og Cao Yijia, varaforseti Hunan-háskóla, undirrituðu samninginn í borginni Changsha í Kína. Enn fremur var Jón

Atli aðalfyrirlesari á 6. kínversku ráðstefnunni um mynsturgreiningu (5th Chinese Conference on Pattern Recognition) sem fram fór þar í borg. Erindi Jóns Atla fjallaði um rannsóknir hans í mynsturgreiningu í fjarökönun með notkun formfræðilegra aðferða (e. mathematical morphology). Samkvæmt hinu nýja samkomulagi Háskóla Íslands og Hunan-háskóla verður ákveðnum fjölda nemenda við Háskóla Íslands gert kleift að taka hluta af námi sínu sem skiptinemar við Hunan-háskóla og nemendum við Hunan-háskóla gefst kostur á hinu sama við Háskóla Íslands.

Hunan-háskóli er kenndur við samnefnt hérað í suðurhluta Kína. Skólinn á rætur sínar að rekja til svokallaðar Yuelu-akademíu sem sett var á fót árið 976 á valdatíma Song-keisaraveldisins í Kína. Skólinn hefur verið einn af ríkisháskólum Kína frá árinu 1937 og hann býður bæði upp á grunn- og framhaldsnám, þar á meðal í heimspeki, hagfræði, lögræði, menntavísindum, bókmenntafræði, sögu, verkfræði og læknisfræði. Starfsmenn skólans eru samtals um 4.300 og nemendur um 30 þúsund.

Samstarf við Cornell-háskóla

Háskóli Íslands og landbúnaðar- og lífvísindadeild Cornell-háskóla (College of Agriculture and Life Sciences) gerðu á árinu með sér samstarfssamning um nemendaskipti og rannsóknasamstarf en í deildinni er megináhersla lögð eru á líf- og umhverfsvísindi, umhverfisverkfræði og matvæla- og næringarfræði þó að einnig sé boðið upp á nám í ýmsum öðrum greinum, s.s. hagfræði, samskiptafræði, þróunarfélagsfræði og landslagsarkitektúr. Nemendur Háskóla Íslands fá niðurfelld skólagjöld við Cornell-háskóla en skólinn var stofnaður árið 1865 og er einn mest metni háskóli Bandaríkjanna. Cornell University er í Ithaca (Íþöku) í New York fylki.

Alþjóðleg ráðstefna um Sturlu Þórðarson

Í tilefni þess að 800 ár voru í sumar liðin frá fæðingu Sturlu Þórðarsonar, skálds og sagnaritara, héldu Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Háskóli Íslands og Óslóarháskóli í sameiningu alþjóðlega ráðstefnu honum til heiðurs 27.–29. nóvember í Norræna húsinu. Á ráðstefnunni var fjallað um rit og skáldskap Sturlu og um samtíma hans. Um 20 fyrirlesarar, innlendir og erlendir, héldu erindi á ráðstefnunni.

Innlent samstarf

Heilbrigðisvísindasvið og Háskólinn á Akureyri í samstarf

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri hlutu á árinu styrki úr verkefnasjóði Samstarfsnets opinberra háskóla til samstarfs um nám í hjúkrunarfræði og til þess að vinna að greiningu og undirbúningi að samstarfi um nám í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og matvæla- og næringarfræði.

Samstarf háskólanna um nám í hjúkrunarfræði miðar að því að skapa nýtt og endurbætt nám í anda Bologna-ferlisins, samræma og samhæfa núverandi námskeið, auka samlegðaráhrif á milli námsskráa skólanna og þróa vefræna kennslu og námskeið á netinu. Vinna við breytingarnar hófst á árinu og var Ingibjörg Hjaltadóttir, dósent við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, ráðin daglegur verkefnastjóri samstarfs hjúkrunarfræðideildanna.

Viðræður um mögulegt samstarf námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands, Matvæla- og næringarfræðideildar háskólans og lðjubjálfunardeildar Háskólans á Akureyri fóru einnig fram og kom í ljós að mikill vilji er til þess að auka samstarf við kennslu og rannsóknir innan greinanna, sem og að samnýta eða samkenna nokkur tiltekin námskeið.

Samningur við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins endurnýjaður

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, undirrituðu nýjan samstarfssamning í febrúar sem felur m.a. í sér áform um að efla nýliðun fagfólks í heilsugæslunni. Samningurinn, sem er til fimm ára, kemur í stað eldri samstarfssamnings og er tilgangurinn að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu sem báðir samningsaðilar búa yfir. Starfsfólk heilsugæslunnar tekur áfram þátt í klínískri kennslu í heilbrigðivísindagreinum á vegum háskólans en akademískt menntaðir starfsmenn innan heilsugæslunnar sinna einnig leiðsögn og kennslu í samræmi við starf sitt. Þannig geta einstakar háskóladeildir leitað til heilsugæslunnar og falið starfsmönnum þar að leiðbeina nemendum í klínísku námi. Auk læknisfræði, hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði er gert ráð fyrir að samstarfssamningurinn geti tekið til tannlæknisfræði, sjúkraþjálfunar, klínískrar sálfræði, næringarfræði, lyfjafræði, félagsfræði (félagsráðgjafar) og fleiri greina.

Samkvæmt samningnum munu deildir Heilbrigðisvísindasviðs taka þátt í endurmenntun og fræðslu háskólamenntaðra starfsmanna heilsugæslunnar. Þá gefur sviðið háskólamenntuðu starfsfólki heilsugæslunnar kost á að sækja um mat á akademísku hæfi sínu og akademíska nafnbót við Háskóla Íslands. Enn fremur geta háskólamenn starfað að hluta til við heilsugæsluna og rannsóknasamstarf milli þessara aðila verður eftt, sem og m.a. þverfaglegt rannsóknasamstarf við aðra aðila innan lands og utan.

Sérstök samstarfsnefnd, skipuð þremur fulltrúum frá hvorum aðila, mun hafa umsjón með samningnum.

Samningur Háskóla Íslands og Árnastofnunar endurnýjaður

Í sumar endurnýjuðu Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, samstarfssamning milli háskólans og stofnunarinnar. Samningurinn gildir til ársins 2019.

Háskóli Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hafa um árabíl átt afar farsælt samstarf enda er stofnunin til húsa í hjarta háskólasvæðisins, í Árnagarði. Samstarf stofnanna tveggja er m.a. á vettvangi Hugvísindabings og annarra ráðstefna, Miðaldastofu og uppbyggingar rannsóknánáms, sumarnámskeiða og sameiginlegra rannsóknaverkefna.

Markmið hins nýja samstarfssamnings er sem fyrr að samnýta sem best þá sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu sem háskólinn og Stofnun Árna Magnússonar búa yfir með það fyrir augum að efla enn frekar rannsóknir og kynningu á íslenskum fræðum innan lands og í alþjóðlegu fræðasamfélagi, styrkja menntun í íslenskum fræðum og tryggja gæði rannsóknastarfs á sviði íslenskra fræða.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á einkum í samstarfi við tvær deildir Háskóla Íslands, Íslensku- og menningardeild og Félags- og mannvísindadeild, og hafa starfsmenn stofnunarinnar m.a. annast kennslu í tilteknum námskeiðum í deildunum tveimur. Samkvæmt hinum nýja samningi á sérstaklega að huga að þessum tengslum, t.d. þannig að starfsmenn

Árnastofnunar geti komið með hugmyndir um málstofur eða annað kennsluframlag til helstu samstarfsgreina við háskólann.

Samningurinn gerir einnig ráð fyrir að Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum veiti starfsmönnum og stúdentum Háskóla Íslands aðgang að rannsóknæfniviði og aðstöðu til rannsókna eftir því sem föng eru á. Á sama hátt veita deildir og stofnanir háskólans starfsmönnum Árnastofnunar aðgang að rannsóknæfniviði og aðstöðu til rannsókna eftir því sem mögulegt er.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi nánu samstarfi í starfsmannamálum. Það birtist m.a. í því að forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er jafnframt prófessor án fastrar kennsluskyldu í íslensku við Íslensku- og menningardeild og á sæti á háskólaþingi. Þá hefur forstöðumaður Miðaldastofu Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem er jafnframt fastur kennari í miðaldafræði við Íslensku- og menningardeild, starfsaðstöðu við Árnastofnun og er helsti tengiliður milli Hugvísindasviðs og stofnunarinnar. Þetta fyrirkomulag verður við lýði uns stofnunin og námsbrautir í íslensku og íslensku sem öðru máli við Hugvísindasvið Háskóla Íslands flytja í Hús íslenskra fræða sem vonir standa til að rísi vestan Suðurgötu á næstu árum.

Sérstök samstarfsnefnd fylgir samningnum eftir en hún er skipuð fjórum fulltrúum frá hvorri stofnun. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að annast framkvæmd samningsins og fjalla um samnýtingu rannsóknæðstöðu og samstarf í kennslu.

Þekkingarsvæði í Vatnsmýri

Í janúar undirritaði stjórn samráðsvettvangs um þekkingarsvæði í Vatnsmýri samkomulag um samstarf um uppbyggingu á þekkingarsvæði í Vatnsmýri og að skapa þar öflugan miðstöð þekkingargreina og nýsköpunar á Íslandi. Í stjórn samráðsvettvangsins eiga eftirtaldir sæti: Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, Gunnar Einarsson, formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, og Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss. Kostnaður við verkefnið er áætlaður sex milljónir króna og greiðir Reykjavíkurborg tvær milljónir króna, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eina milljón, Háskóli Íslands eina milljón, Háskólinn í Reykjavík eina milljón og Landspítali – háskólasjúkrahús eina milljón króna.

Sameiginlegt markmið aðila samkomulagsins er að móta metnaðarfulla áætlun um eflingu Vatnsmýrarinnar sem miðstöðvar þekkingargreina og nýsköpunar á Íslandi í því skyni að auka hlut þekkingargreina og hátækni á Íslandi og efla hlutdeild þeirra í hagkerfinu en þar getur Vatnsmýrin gegnt lykilhlutverki með tvo stærstu háskóla landsins og háskólasjúkrahús. Staðsetning Vatnsmýrarinnar í næsta nágrenni við miðborg Reykjavíkur skapar mikilvæg tækifæri til að byggja upp öflugt og lifandi þekkingarsvæði. Nútímalegt skipulag þekkingarsvæðisins getur laðað til sín og fóstað fyrirtæki, rannsóknarstofnanir og starfsfólk í þekkingargreinum í alþjóðlegri samkeppni.

Í samstarfinu verður lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

- Að greina núverandi stöðu og helstu sóknarfæri þekkingargreina í Vatnsmýri í alþjóðlegu samhengi.
- Að skapa sameiginlega framtíðarsýn um þekkingarsvæðið Vatnsmýri.
- Að undirbúa kynningu á svæðinu til valinna aðila hérlendis og erlendis.
- Að setja fram aðgerðaáætlun með tímasettum markmiðum um næstu skref.

Lóðasamningur háskólans við Reykjavíkurborg

Í september undirrituðu borgarstjórnin í Reykjavík og rektor Háskóla Íslands samning um lóðir háskólans. Í fyrri ákvörðunum borgaryfirvalda hafði gilt nokkurt misræmi og ónákvæmni varðandi skráningu lóða háskólans. Með þessum nýja samningi eru tekin af öll tvímæli um afmörkun eignarlóðar háskólans, sem og hvaða lóðir falla undir lóðarleigu en þar eru lóðir fyrir kennsluhúsnæði nú undanskildar. Samningurinn tekur til um 400 þúsund fermetra landsvæðis og kemur þar m.a. fram að vatnsverndarsvæði í Vatnsmýri færist á ný til borgarinnar og staðfest er vilýrði til háskólans um uppbyggingu á Fluggarðasvæði. Vísindagarðareitur nýtur sérstöðu í samningnum að því leyti að þar er háskólanum heimilt að framselja lóðarréttindi til eflingar vísinda- og atvinnustarfsemi. Ríkissjóður Íslands er almennt skráður réttshafi flestra umræddra lóða og mannvirkja en Háskóli Íslands umráðaaðili og afnotahafi þeirra.

Samstarfssamningur um starfsmenntun þjóðkirkjunnar

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Hugvísindasviðs Háskóla Íslands og biskup Íslands gerðu á árinu með sér samstarfssamning til að styrkja tengslin milli deildarinnar og þjóðkirkjunnar. Markmið samstarfsins er að efla starfsmenntun verðandi þjóna kirkjunnar og tók gildi 1. júlí.

Heilsutorg háskólanema

Í mars 2010 var skipaður stýrihópur á vegum Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands undir forystu Sóleyjar S. Bender til að undirbúa þverfræðilegt námskeið fyrir nemendur í deildum og á námsbrautum sviðsins. Jafnframt var hlutverk hópsins að þróa heilbrigðisþjónustu fyrir háskólastúdenta og börn þeirra. Verkefnið hefur hlotið heitið Heilsutorg og markmið þess er að:

- skapa þverfræðilegan vettvang fyrir klíniska kennslu og rannsóknir,
- skapa ný námstækifæri fyrir nemendur í heilbrigðisvísindagreinum.

Í stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 er lögð áhersla á að efla þverfræðilegt samstarf, að samþætta markvisst kennslu og rannsóknir og að nemendur í klínísku námi fái fjölbreytta þjálfun á vettvangi. Með Heilsutorgi fyrir háskólastúdenta er unnið að öllum þessum markmiðum.

Haustið 2014 var samstarfssamningur um Heilsutorg háskólanema undirritaður. Samningurinn er til þriggja ára, eða til ársins 2017, og kveður á um þróun og rekstur þverfræðilegrar heilbrigðismóttöku fyrir háskólanema í göngudeildarformi. Það voru Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Inga Þórsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs, Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, og Ófeigur T. Þorgeirsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem undirrituðu samninginn.

Á Heilsutorgi geta nemendur Háskóla Íslands sótt heilðræna heilbrigðisþjónustu sem framhaldsnemar við Heilbrigðisvísindasvið veita undir handleiðslu leiðbeinanda. Háskólastúdentum stendur þar til boða almenn læknisþjónusta, geðheilbrigðisþjónusta, kynheilbrigðisþjónusta, barneignþjónusta (eftirlit á meðgöngu og eftir fæðingu), næringarráðgjöf, lyfjaráðgjöf, ráðgjöf vegna hreyfitruflana og tannlæknisþjónusta gegn vægu gjaldi. Unnið er með hvern þjónustuþega í þverfræðilegu teymi sem samanstendur af fjórum til fimm nemendum úr mismunandi fræðigreinum heilbrigðisvísinda, t.d. hjúkrunarfræði, ljósmóðurfræði, lyfjafræði, læknisfræði, matvæla- og næringarfræði, sálfræði og sjúkrapjálfun, en hvert teymi er samansett út frá þörfum þjónustuþegans.

Hugmyndafræði Heilsutorgs byggist á því að þjónustuþeginn sé sjálfur virkur þátttakandi í teymisvinnunni og hefur þar af leiðandi áhrif á eigin meðferð. Leitast verður við að bjóða þjónustuþegum eftirfylgni og samfellu í þjónustuferlinu. Þeim sem þurfa sérhæfðari aðstoð verður

vísað áfram til viðeigandi aðila. Þá verður boðið upp á forvarnir og heilsueflandi námskeið og fyrirlestra sem unnið verður sameiginlega að í samstarfi deilda Heilbrigðisvísindasviðs.

Meginmarkmið Heilsutorgs eru að stuðla að bættu heilbrigði og þar með námsárangri háskólastúdenta, skapa þverfræðilegan vettvang þar sem klínísk kennsla og rannsóknir fara fram og skapa ný námstækifæri fyrir nemendur í heilbrigðisvísindagreinum. Þeir eiga kost á að sækja þverfræðilegt klínískt námskeið í háskólanum sem tengt verður göngudeildinni og fá þannig námseiningar fyrir störf sín. Til undirbúnings starfseminni sátu þannig um 130 nemendur af Heilbrigðisvísindasviði námskeiðið Þverfræðileg samvinna í heilbrigðisvísindum á haustmisseri 2014 sem byggðist upp á þverfaglegri teymisvinnu eins og gert er við sjálfa þjónustuna.

Móttakan á Heilsutorgi hóf starfsemi sína í Heilsugæslunni í Glæsibæ þann 7. október og þar er opið tvisvar í viku, tvo tíma í senn. Verkefnisstjóri Heilsutorgs er Mardís Sara Karlsdóttir.

Innlendir og erlendir styrkir, verðlaun og viðurkenningar

Þrjú öndvegisstyrkir Rannís til vísindamanna við Háskóla Íslands

Vísindamenn við Háskóla Íslands og samstarfsmenn þeirra fengu alla þrjú öndvegisstyrkina úr Rannsóknasjóði Rannís fyrir árið 2014. Þá hlutu nýdóttarar við skólann og tengdar stofnanir níu af tólf rannsóknastöðustyrkjum sem veittir voru úr rannsóknasjóðnum og renna þeir til verkefna á sviði verkfræði, tækni og raunvísinda, náttúru- og umhverfisvísinda, heilbrigðis- og lífvísinda og hugvísinda. Enn fremur tengdust Háskóla Íslands 35 af 52 öðrum rannsóknaverkefnum sem hlutu verkefnisstyrki úr sjóðnum fyrir árið. Því voru tveir af hverjum þremur verkefnisstyrkjum tengdir Háskóla Íslands og tengdum stofnunum.

Þeir vísindamenn sem hlutu öndvegisstyrkina í ár voru:

- Áslaug Geirsdóttir, prófessor við Jarðvísindadeild, og samstarfsmaður hennar, Gifford Miller, prófessor við Colorado-háskóla, hlutu ríflega 32 milljóna króna styrk til verkefnisins Integrating Paleoclimate Reconstructions with Modeling to Understand Abrupt Climate Change in the Northern North Atlantic Region, en auk þeirra koma fjölmargir aðrir vísindamenn að verkefnum.
- Benedikt Halldórsson, fræðimaður við Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Suðurlandi, hlaut, ásamt Sigurjóni Jónssyni við King Abdullah University of Science and Technology (KAUST), tæplega 24 milljóna króna styrk til verkefnisins Real-Time Earthquake Fault monitoring and seismic risk assessment using dense geodetic and seismic arrays in urban Areas og að því koma fjölmargir innlendir og erlendir vísindamenn.
- Snorri Þór Sigurðsson, prófessor við Raunvísindadeild, hlaut nærri 29 milljóna króna styrk til verkefnisins Stable Radicals for Biophysical Studies, sem hann vinnur að ásamt erlendum samstarfsmönnum.

Vísindavefurinn valinn besti vefmiðillinn

Vísindavefur Háskóla Íslands var valinn besti vefmiðill landsins á uppskeruhátíð Samtaka vefiðnaðarins í Gamla bíói í janúar. Vísindavefurinn var tilnefndur í tveimur flokkum: sem besti vefmiðillinn og besti non-profit vefurinn. Hann hlaut verðlaunin í fyrirtalda flokknum. Aðalvefur Háskóla Íslands var tilnefndur til verðlauna sem aðgengilegasti vefurinn en hreppti ekki verðlaun að þessu sinni. Alls voru veitt verðlaun í 14 flokkum fyrir þau íslensku vefverkefni sem þykja hafa skarað fram úr á árinu 2013. Að verðlaununum standa Samtök vefiðnaðarins (SVEF) en í heildina

voru um 150 verkefni tilnefnd að þessu sinni. Sjö manna dómnefnd stóð að vali á bestu vefjum landsins. Vísindavef Háskóla Íslands hleypt af stokkunum þann 29. janúar árið 2000. Hann var í fyrstu hugsaður sem tímabundið framlag Háskóla Íslands til verkefnisins Reykjavík – menningarborg Evrópu árið 2000. Fljótlega kom þó á daginn að áhugi almennings á vísindum var svo mikill að ákveðið var að halda verkefninu áfram. Vísindavefurinn hefur verið einn vinsælasti vefur landsins um árabíl og hefur fyrir löngu unnið sér fastan sess. Vísindavefurinn fjallar um öll vísindi, allt frá stjörnufræði til handrita og frá sameindalíffræði til sálarfræði. Gestir geta lesið á vefnum svör við spurningum um flest milli himins og jarðar. Einnig getur fólk lagt fram nýjar spurningar um allt það sem ætla má að starfsmenn háskólans og stuðningsmenn vefsins geti svarað eða fundið svör við. Gestir geta einnig sett fram efnisorð í leitarvél sem tengjast því sem þá fýsir að vita og fengið ábendingar um svör og annað tengt efni sem þegar er komið á vefinn.

Viðurkenning fyrir lofsverðan árangur í starfi

Frá árinu 1999 hafa árlega þrjú starfsmenn Háskóla Íslands verið heiðraðir fyrir vel unnin störf. Kennslumálanefnd háskólaráðs tilnefnir þrjá akademíska starfsmenn til viðurkenningar fyrir kennslu, vísindanefnd tilnefnir þrjá starfsmenn til viðurkenningar fyrir rannsóknir og óskað er eftir tilnefningum úr háskólasamfélaginu fyrir önnur störf í þágu skólans. Í september samþykkti háskólaráð þá breytingu á verklagsreglum um viðurkenningarnar að, auk framangreindra aðila, geta nú allir starfsmenn Háskóla Íslands í föstu starfi sent inn tilnefningar vegna viðurkenningarinnar fyrir rannsóknir. Á hliðstæðan hátt geta allir nemendur Háskóla Íslands nú sent inn tilnefningar vegna viðurkenningarinnar fyrir kennslu. Valnefnd fer yfir framkomnar tilnefningar og velur handhafa viðurkenninganna. Nefndin er skipuð Margréti Hallgrímsdóttur, þjóðminjaverði og fulltrúa í háskólaráði, f.h. fyrrverandi nemenda, Sveinbirni Björnssyni, prófessor emeritus og fyrrverandi rektor, f.h. fyrrverandi kennara, og Jóni Atla Benediktssyni, aðstoðarrektor vísinda og kennslu, sem er formaður.

Viðurkenningu fyrir lofsvert framlag til rannsókna hlaut að þessu sinni Kristín Loftsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild. Rannsóknasvið Kristínar er fjölbreytt og beinist meðal annars að fjölmenningu, kynþáttahyggju, sjálfsmynd, þjóðerni og hnattvæðingu, en á síðustu misserum hafa rannsóknir hennar í auknum mæli beinst að efnahagshruninu 2008. Kristín hefur hlotið fjölda styrkja til rannsókna sinna, sem og fjölda viðurkenninga fyrir þær. Viðurkenningu fyrir lofsvert framlag til kennslu hlaut Rögnvaldur Möller, prófessor við Raunvísindadeild. Hann þykir framúrskarandi kennari og hefur hlotið afar lofsamleg ummæli nemenda sinna og samkennara. Hann hefur enn fremur tekið þátt í víðtæku samstarfi við lægri skólastigin í landinu með það að markmiði að samræma kröfur og kunnáttu við inntöku nemenda í Háskóla Íslands og til að bæta og efla kennslu í stærðfræði við grunn- og framhaldsskóla. Þórhallur Aðalsteinsson, starfsmaður hjá rekstri fasteigna, hlaut viðurkenningu fyrir lofsvert framlag til stoðþjónustu í Háskóla Íslands. Hann hefur um árabíl verið umsjónarmaður í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, og notið mikillar hylli alls starfsfólks þar.

Guðrún Gísladóttir hlaut Wahlberg-gullverðlaunin

Guðrún Gísladóttir, prófessor í landfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, hlaut Wahlberg-gullverðlaun sænska mann- og landfræðifélagsins (Svenska Sällskapet för Antropologi och Geografi – SSAG) árið 2014 fyrir vísindaframlag sitt á sviði landfræði. Guðrún tók við viðurkenningunni við hátíðlega athöfn í sænsku konungshöllinni í apríl og það var verndari verðlaunanna, Karl Gústaf Svíakonungur, sem afhenti þau. Að auki var haldið sérstakt málþing í Svíþjóð Guðrúnu til heiðurs, þar sem hún var aðalfyrirlesari.

Gullverðlaun hins virta sænska mann- og landfræðifélags eru kennd við Johan August Wahlberg, þekktan sænskan náttúruvísindamann og landkönnuð, sem uppi var á fyrri hluta 19. aldar. Í rökstuðningi stjórnar félagsins segir að Guðrún hljóti verðlaunin fyrir vísindaframlag sitt til landfræði, ekki síst þekkingu og rannsóknir á gróður- og jarðvegseyðingu og fyrir að stuðla að auknu samstarfi landfræðinga á alþjóðavettvangi.

Ingibjörg Gunnarsdóttir hlaut hvatningarverðlaun vísinda- og tækniráðs

Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í næringarfræði við Matvæla- og næringarfræðideild, hlaut hvatningarverðlaun vísinda- og tækniráðs fyrir árið 2014 sem afhent voru á Rannsóknþingi Rannís í ágúst. Verðlaunin afhenti Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra.

Auk prófessorsstarfsins er Ingibjörg forstöðumaður Rannsóknastofu í næringarfræði og hefur stundað rannsóknir við hana um árabíl. Á árinu 2013 hlaut Ingibjörg þrjá nýja styrki til alþjóðlegra rannsóknaverkefna. Hún er verkefnisstjóri íslenska hluta Evrópuverkefnisins Mood-Food sem fjallar um tengsl næringarástands og þunglyndis, en umfang þess er um 1,4 milljarðar króna. Hún er enn fremur íslenskur verkefnisstjóri norræna rannsóknaverkefnisins ProMeal, en markmið þess er að kanna þýðingu skólamáltíða fyrir heildarmataræði grunnskólabarna, sem og einbeitingu þeirra og frammistöðu í skóla. Loks hlaut hún styrk úr Rannsóknasjóði til að gera næringarfræðilega rannsókn á sjúklingum með langvinna lungnateppu, í samstarfi við King's College í London og Herlev-spítala í Danmörku. Í rökstuðningi fyrir viðurkenningunni segir meðal annars að rannsóknir Ingibjargar hafi gríðarleg áhrif á skilning manna á tengslum heilsu og næringar, auk þess að hafa bein áhrif á mótun næringarviðmiða ólíkra hópa í samfélaginu.

Kristberg Kristbergsson verðlaunaður fyrir árangur í vísindum

Kristberg Kristbergsson, prófessor í matvælafræði við Matvæla- og næringarfræðideild, hlaut á árinu tvenn verðlaun fyrir árangur í vísindum. Kristberg hlaut IFA Academy Award 2014, sem er viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í sviði matvælafræði, og vísindaverðlaun (Distinguished Scientist Award) hjá Rutgers Food Science Alumni fyrir árið 2014. Hann er jafnframt fyrsti Íslendingurinn sem er tekinn inn í European Academy of Food Engineering.

Vísindaverðlaun Rutgers Food Science Alumni, hollvinafélags matvælafræðideildar Rutgers-háskóla í New Jersey, eru veitt meðlimi sem þykir hafa skarað fram úr á ferli sínum og haft áhrif á framgang matvælafræðinnar. Verðlaunin voru afhent á ársþingi bandarísku matvælafræðisamtakanna í júní í New Orleans.

Kristberg hlaut einnig viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í vísindum á sviði matvælafræði frá ISEKI Food Association, evrópskum samtökum háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja sem vinna að rannsóknum og framþróun í matvælafræði. Þetta er í fyrsta skipti sem þessi verðlaun eru veitt en Kristberg hefur setið í stjórn samtakanna frá stofnun og var á árinu endurkjörinn í stjórn til ársins 2017. Verðlaunin voru afhent á þriðju alþjóðlegu ISEKI-ráðstefnunni sem haldin var í Aþenu í maí.

Einar Stefánsson verðlaunaður

Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum við Læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir á Landspítalanum, hlaut heiðursverðlaun Danska augnlæknafélagsins árið 2014 fyrir framlag sitt til rannsókna í augnlækisfræði á alþjóðavettvangi. Einar tók við verðlaunum á ráðstefnu Danska augnlæknafélagsins á Fjóni í september en þar flutti hann jafnframt heiðursfyrirlestur. Verðlaun Danska augnlæknafélagsins nefnast Bjerrum-medalían og í umsögn félagsins segir að Einar hljóti

viðurkenninguna fyrir einkar mikilvægt framlag til rannsókna í augnlæknisfræði á alþjóðavettvangi, ekki síst í rannsóknum á súrefnisbúskap augnanna (retinal oximetry), og fyrir störf sín sem aðalritstjóri Acta Ophthalmologica, alþjóðlegs vísindatímarits á sviði augnlækninga. Einar hefur ritstýrt tímaritinu frá árinu 2005 en hann hefur þar að auki setið í ritstjórn nokkurra annarra vísindatímarita, stýrt fjölmörgum viðamiklum rannsóknaverkefnum og staðið að stofnun nokkurra sprotafyrirtækja á sérfræðisviði sínu.

Sigríður Þorgeirsdóttir Erkko-prófessor við Helsinki-háskóla

Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands, hlaut gestaprófessorstöðu við Helsinki Collegium for Advanced Studies við Háskólann í Helsinki á árinu um eins árs skeið. Staðan er ætluð fræðimönnum sem leggja áherslu á samfélag samtímans og samfélagslegt réttlæti og er kennd við hjónin Jane og Aatos Erkko en Aatos var blaðamaður og einn helsti eigandi stærsta dagblaðs Finnlands, Helsingin Sanomat. Sigríður er fjórði fræðimaðurinn sem gegnir þessari virðingarstöðu, fyrsta konan og fyrsti norræni Erkko-prófessorinn. Þetta er mikill vegsauki fyrir Sigríði sem hefur verið afkastamikill vísindamaður við Háskóla Íslands, ekki síst á sviði feminískrar heimspeki, þverþjóðlegra jafnréttisfræða og heimspeki Nietzsches.

Vísindafólk við Háskóla Íslands í hópi þeirra fremstu

Fyrirtækið Thomson Reuters, sem sérhæfir sig í að halda utan um og túlka gögn um árangur í vísindarannsóknum, birti á árinu nýjan lista yfir áhrifamestu vísindamenn samtímans undir heitinu The World's Most Influential Scientific Minds 2014. Til tíðinda telst að á listanum voru þau Þorsteinn Loftsson, prófessor við Lyfjafræðideild, Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar og prófessor við Læknadeild, Daníel F. Guðbjartsson, vísindamaður hjá Íslenskri erfðagreiningu og rannsóknaprófessor við Raunvísindadeild, og Unnur Þorsteinsdóttir, vísindamaður hjá Íslenskri erfðagreiningu og rannsóknaprófessor við Læknadeild.

Listinn nær yfir rúmlega 3000 vísindamenn sem að mati Thomson Reuters hafa mest áhrif á sínu vísindasviði í heiminum í dag. Listinn nær til allra greina vísinda og fræða að hugvísindum undanskildum. Aðferðin við valið er ný af nálinni en til grundvallar liggur það 1% vísindagreina í vísindatímaritum sem mest var vitnað í (e. Highly Cited Papers) á tímabilinu 2002 til 2012. Thomson Reuters skiptir vísindaheiminum í ríflega 20 tiltölulega breið fræðasvið og tekið er tillit til fjölda vísindamanna á hverju sviði og meðalfjölda tilvitnana. Þessi nýja aðferð er sérstaklega sniðin til finna þá vísindamenn sem öflugastir þykja á hverjum tíma og mest áhrif hafa á sínu fræðasviði.

Gulleggið 2014

Klak – Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetur, stendur að frumkvöðlakeppninni um Gulleggið en 12 sjálfboðaliðar frá Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Bifröst Nova skipa verkefnisstjórn keppinnar. Bakhjarlar Gulleggsins eru Advel lögmenn, Alcoa Fjarðaál, KPMG, Landsbankinn, Marel og en aðrir samstarfsaðilar eru DCG ehf., Eyrir Invest, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Íslandsstofa, Nasdaq OMX, Nýherji, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Samtök Iðnaðarins, Thule Investments og Tækniþróunarsjóður.

Keppnin um Gulleggið hefur farið fram allt frá árinu 2008 og því var þetta í sjöunda sinn sem hún var haldin en meginmarkmið hennar er að skapa vettvang fyrir ungt athafnafólk til að öðlast þjálfun og reynslu í mótun nýrra viðskiptahugmynda og rekstri fyrirtækja. Fjölmörg starfandi fyrirtæki hafa stigið sín fyrstu skref í keppninni og má þar m.a. nefna Meniga, Clara, RemakeElectric, Cooori, Betri svefn, Silverberg, Activity Stream, Nude Magazine o.fl.

Í Gullegginu sækja þátttakendur námskeið og vinnusmiðjur þar sem þeim býðst fræðsla og aðstoð við að koma hugmyndum sína til framkvæmda og fá þjálfun í mótun viðskiptahugmynda. Alls bárust 377 hugmyndir í keppnina í ár og tíu þeirra voru svo valdar til þess að keppa til úrslita um Gulleggið. Hugmyndirnar voru afar fjölbreyttar, allt frá vistvænni kjúklingaframleiðslu til tölvuleikjagerðar og sýndarmátunarklefa á netinu.

Þegar upp var staðið var vefsíðan Gracipe. com (The Grap-hical Recipe) valinn sigurvegari keppinnar en á henni eru mataruppskriftir settar fram á nýjan hátt með því að sameina hráefni, aðgerðir og skref í myndrænni framsetningu. Að Gracipe standa Marinó Páll Valdimarsson og Herdís Helga Arnalds. Hugmyndin að verkefninu kviknaði hjá Marinó í námskeiðinu Tölvuteikning og framsetning á fyrsta ári í vélaverkfræði við Háskóla Íslands en hann leggur nú stund á meistaranám í verkfræði með áherslu á rekstur tæknifyrirtækja í Tækniháskólanum í Delft í Hollandi.

Marinó vann að Gracipe-verkefninu fyrir tilstyrk Nýsköpunarsjóðs námsmanna sumarið 2013 en leiðbeinandi hans var Rúnar Unnþórsson, lektor í vélaverkfræði við Háskóla Íslands. Við þetta má bæta að Gracipe var einnig tilnefnt til nýsköpunarverðlauna forseta Íslands árið 2014. Í viðurkenningarskygni fyrir sigurinn í Gullegginu hlutu Marinó og Helga eina milljón króna frá Landsbankanum og í sérstök aukaverðlaun var ráðgjöf frá Marel.

Í öðru sæti í keppninni varð sprotafyrirtækið Radiant Games sem vannur að því að þróa næstu kynslóð námsgagna. Námsgögnin, sem samanstanda af íþrótta- og tólmundaleikjum fyrir spjaldtölvur, eru hugsuð fyrir börn á fyrstu árum grunnskólans til að þeim kenna rökfræðilega hugsun og gildi forritunar. Í þriðja sæti í samkeppninni varð sprotafyrirtækið Solid Clouds sem þróar og hantar tölvuleikinn PROSPER. PROSPER er herkænskuleikur sem gerist í geimnum og er spilaður í rauntíma í sama heimi af þúsundum spillara í gegnum netvafra.

Auk þess hlaut undirfatafyrirtækið Mulier sérstök aukaverðlaun frá Íslandsstofu sem voru útflutningsstuðningur að andvirði 250 þúsund króna. Að Mulier standa þær Arna Sigrún Haraldsdóttir, sem stundar MBA-nám við Háskóla Íslands, og Jónína de la Rosa.

Tilnefnd til nýsköpunarverðlauna forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Verðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 1996 og er þetta því í nítjándan sinn sem þau eru afhent.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna valdi fimm verkefni, sem unnin voru á vegum sjóðsins sumarið 2013, sem öndvegisverkefni og kepptu þau því um nýsköpunarverðlaun forseta Íslands 2014. Tvö verkefnanna unnu nemendur við Háskóla Íslands og í einu þeirra naut fyrrverandi nemandi skólans leiðsagnar kennara við skólann við vinnsluna.

Þessi þrjú verkefni eru:

- Hönnun á rafsegulfastefni, sem Fannar Benedikt Guðmundsson, nemandi í vélaverkfræði, vann undir leiðsögn Fjólu Jónsdóttur, prófessors við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild. Verkefnið var unnið í samstarfi við Össur hf. Verkefnið fólst í að athuga hvort raunhæft sé að nota svokallaða segulvirka elastómera til þess að gera stífni stoðtækja breytilega. Segulvirkir elastómerar hafa þann eiginleika að geta breytt stífni sinni séu þeir bornir undir segulsvið en sérstaklega er litið til notkunar á þeim í gervifótum. Gervifætur eru almennt framleiddir misstífir eftir þyngd notandans og virkni í daglegu líf en fýsilegt þykir að geta framleitt fót sem hefur stýranlega stífni.

- Myndræn málfræði fyrir börn greind með einhverfu og málhömlun, sem Karen Kristín Ralston, meistaranemi í málvísindum, vann undir leiðsögn Maríu Önnu Garðarsdóttur og Sigríðar D. Þorvaldsdóttur, aðjunkta við Íslensku- og menningardeild. Verkefnið fólst í námsefnisgerð fyrir börn með einhverfu og málþroskaröskun og var það unnið í tengslum við starfsfólk grunnskóla Hjallastefnunnar. Við kennsluáferðina sem höfð var í huga við gerð námsefnisins er miðað við að þjálfra málkunnáttu á myndrænan hátt, bæði skriflega og munnlega, með það að markmiði að mynda grunnþekkingu á íslensku málfræðikerfi. Verkefnið tekur einnig tillit til kenninga í málvísindum um hvernig fólk tileinkar sér mál. Áferðin verður þróuð áfram þar sem tveimur skólum hefur verið afhent efnið til tilraunakennslu.
- Myndræn framsetning uppskrifta, sem Kai Köhn, Karl Andrés Gíslason og Marinó Páll Valdimarsson, nemendur við Delft University of Technology, unnu undir leiðsögn Charl Botha, Delft University of Technology, og Rúnars Unnþórssonar, lektors við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands. Marinó Páll lauk BS-prófi í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 2012. Verkefnið felst í að gjörbylta framsetningu á uppskriftum með vandaðri myndrænni framsetningu. Lausnin er aðgengileg á www.gracipe.com.

Auk þessara þriggja verkefna eru verkefni Hjólaleiðir á Íslandi, sem Eva Dís Þórðardóttir og Gísli Rafn Guðmundsson unnu undir leiðsögn Guðbjargar Lilju Erlendsdóttur og Ólafs Árnasonar hjá Eflu verkfræðistofu, og Útsetningar á íslenskum þjóðlögum fyrir einleiksfíðlu og fiðludúó, sem Sigrún Harðardóttir, nemandi við Lamont School of Music við Háskólann í Denver, vann undir leiðsögn Sigrúnar Eðvaldsdóttur hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og Listaháskóla Íslands. Verðlaunin árið 2014 hlutu þau Eva Dís Þórðardóttir og Gísli Rafn Guðmundsson fyrir verkefnið Hjólaleiðir á Íslandi.

Verðlaun fyrir framúrskarandi grein um fjarkönnun

Síðla árs hlutu vísindamenn við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild Háskóla Íslands viðurkenningu fyrir bestu greinina í vísindatímaritinu International Journal of Image and Data Fusion fyrir árin 2012–2013. Greinin birtist í þriðja tölublaði tímaritsins árið 2012 og ber titilinn Classification of Hyperspectral Data Using Extended Attribute Profiles Based on Supervised and Unsupervised Feature Extraction Techniques. Greinin byggist á rannsókn sem unnin var við Háskóla Íslands og Jón Atli Benediktssoni, aðstoðararrector vísinda og kennslu og prófessor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, stýrði en í deildinni hefur á undanförunum árum verið lögð mikil áhersla á rannsóknir tengdar fjarkönnun og að þróa nýjar aðferðir við úrvinnslu fjarkönnunarmyndna. Jón Atli vann þessa rannsókn ásamt fyrrverandi starfsmönnum skólans og í samstarfi við Lorenzo Bruzzone, prófessor við Háskólann í Trento á Ítalíu. Hún fjallar um öflugar aðferðir þar sem svokölluð stærðfræðileg formfræði (e. mathematical morphology) er notuð til að vinna rúmfræðilegar upplýsingar úr fjarkönnunarmyndum af yfirborði jarðar. Við val á bestu greininni til verðlauna var m.a. horft til frumleika og hugmyndaauðgi við rannsóknina, gæða og nákvæmni í rannsóknaraðferðum og prófunum og þess hvaða gildi og áhrif rannsóknin hefur á fræðasviðinu.

Actavis styrkir Heilbrigðisvísindasviði

Í júní undirrituðu lyfjafyrirtækið Actavis og Háskóli Íslands samning um stuðning Actavis við rannsóknagagnagrunn Heilbrigðisvísindasviðs skólans um alls 10 milljónir króna, 5 milljónir krónar árið 2014 og aðrar 5 milljónir árið 2015. Rannsóknagrunnur Heilbrigðisvísindasviðs var stofnaður á árinu 2013 fyrir sérstaka fjárveitingu úr Aldarafmællissjóði Háskóla Íslands. Markmið rannsóknagrunnsins er að efla samstarf á Heilbrigðisvísindasviði með klínískum gagnagrunnum og aukinni þekkingu á uppbyggingu klínískra rannsóknagagnasafna og notkun gagnagrunna. Fyrirmynd verkefnisins er stór samstarfs- og rannsóknamiðstöð við Háskólann í Minnesota um sömu atriði, þ.e. þverfaglegt lausnamiðað rannsóknasamstarf sem byggist á öflugum sameiginlegum gagnagrunnum og upplýsingatækni.

Styrkir úr Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar

Snemma árs var úthlutað styrkjum úr Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar til rannsóknaverkefna sem tengjast umhverfis- og orkumálum. Tuttugu og þrjú verkefni af þeim 37 sem fengu styrki tengjast Háskóla Íslands. Þetta var í sjöunda sinn sem fé var veitt úr Orkurannsóknasjóðnum og að þessu sinni var 56 milljónum króna úthlutað til margvíslegra verkefna. Úthlutað var í tveimur flokkum, A-flokki, sem eru styrkir til nemenda í meistara- eða doktorsnámi, og B-flokki, til rannsóknaverkefna vísindamanna. Að þessu sinni voru veittir samtals 19 styrkir til meistara- og doktorsnema samtals að upphæð 15,6 milljónir króna. Sjö styrkir, hver að upphæð 1,2 milljónir króna, fóru til doktorsnema, þar af fimm til nemenda Háskóla Íslands. Tólf styrkir að upphæð 600 þúsund krónur fóru til meistaranema og átta þeirra komu í hlut nemenda við Háskóla Íslands. Af veittum styrkjum í A-flokki voru sex styrkir til rannsókna á virkjunum en þrettán til rannsókna á náttúru og umhverfi. Í B-flokki voru veittar 40,5 milljónir króna til 18 verkefna, sjö styrkir til orkumála og ellefu til rannsókna á náttúru og umhverfi.

Eftirtaldir nemendur á vegum eða tengdir Háskóla Íslands fengu styrki til doktorsnáms:

- Birgir Örn Smárason líf- og umhverfisfræðingur (doktorsnám við Háskóla Íslands og Matís ohf.)
- David Cook umhverfisfræðingur (í doktorsnámi við Háskóla Íslands)
- Helgi Sigurðarson verkfræðingur (í doktorsnámi við Háskóla Íslands í samvinnu við University of Missouri og Norska tækniháskólann í Þrándheimi)
- Sigrún Dögg Eddudóttir landfræðingur (í doktorsnámi við Háskóla Íslands)
- Snæbjörn Guðmundsson jarðfræðingur (í doktorsnámi við Háskóla Íslands)

Eftirtaldir nemendur á vegum eða tengdir Háskóla Íslands fengu styrki til meistaranáms:

- Birgir Freyr Ragnarsson verkfræðingur (í meistaranámi við Háskóla Íslands og Tækniháskóla Danmerkur í Kaupmannahöfn)
- Birta Kristín Helgadóttir verkfræðingur (í meistaranámi við Háskóla Íslands)
- Halldóra Bergþórsdóttir jarðfræðingur (í meistaranámi við Háskóla Íslands)
- Haraldur Gunnarsson jarðfræðingur (í meistaranámi við Háskóla Íslands)
- Höskuldur Þorbjarnarson landfræðingur (í meistaranámi við Háskóla Íslands)
- María Svavarsdóttir landfræðingur (í meistaranámi við Háskóla Íslands)
- Michael Sugar verkfræðingur (í meistaranámi við Háskóla Íslands)
- Ríkey Kjartansdóttir jarðfræðingur (í meistaranámi við Háskóla Íslands)

Eftirtaldir vísindamenn, sem tengjast Háskóla Íslands eða vinna verkefni í samstarfi við skólann og stofnanir hans, fengu styrki til rannsóknaverkefna:

- Bjarni Bessason, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild
- Eyþór Rafn Þórhallsson, Háskólanum í Reykjavík í samvinnu við Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði
- Fjóra Guðrún Sigtryggsdóttir, verkfræðingur í samstarfi við Vísinda- og tækniháskólann í Þrándheimi, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík
- Guðrún Gísladóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, í samstarfi við Skógrækt ríkisins
- Hanna Kaasalainen, nýdoktor við Háskóla Íslands, í samvinnu við Purdue-háskóla í Bandaríkjunum
- Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, í samvinnu við Umeå-háskóla í Svíþjóð
- Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, í samvinnu við Íslenskar orkurannsóknir og Náttúrufræðistofnun
- Magnús Kári Ingvarsson, hjá Matís ohf. í samvinnu við Háskóla Íslands
- Reynir Smári Atlason, doktorsnemi við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands, í samvinnu við orkufyrirtæki
- Sigrún Nanna Karlsdóttir, dósent við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands, í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur og Nýsköpunarmiðstöð Íslands

- Sigurður Brynjólfsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands, í samvinnu við Danska tækniháskólann í Kaupmannahöfn

Kristín Vala Ragnarsdóttir tekin inn í Norsku vísindaakademíuna

Kristín Vala Ragnarsdóttir, prófessor við Jarðvísindadeild, var formlega tekin inn í Norsku vísindaakademíuna á ársfundi akademíunnar í Osló í maí. Kristín Vala hlýtur þessa viðurkenningu fyrir vísindarannsóknir sínar sem m.a. hafa snúið að sjálfbærni í heiminum. Kristín hefur á síðustu árum stýrt stórum rannsóknarverkefnum sem snúa að sjálfbærni, m.a. sjálfbærniþætti stórs jarðvegsverkefnis sem nýtur styrks frá Evrópusambandinu þar sem jarðvegur er rannsakaður sem kerfi. Enn fremur stýrir hún samfélagslegri prófun Samleiðniverkefnisins svokallaða, The Converge Project, þar sem lögð eru drög að ramma um sjálfbær samfélög. Þar er mikil áhersla lögð á nýtingu auðlinda og fæðuöryggi. Kristín er nú prófessor við Jarðvísindadeild þar sem hún leggur áherslu á rannsóknir á sjálfbærni, auðlindanýtingu og áhrifum mannsins á umhverfi sitt. Kristín Vala var meðal fimm erlendra vísindamanna sem teknir voru inni í stærðfræði- og náttúruvísindadeild akademíunnar á árinu. Fyrir eru tveir aðrir Íslendingar meðlimir í akademíu Norðmanna, þeir Eyjólfur Kjalar Emilsson, prófessor í heimsspeki við Háskólann í Osló, og Björn S. Stefánsson, sem starfar nú við Reykjavíkurakademíuna.

Erla Kolbrún Svavarsdóttir heiðursvísindamaður ársins á Landspítala

Heiðursvísindamaður Landspítala árið 2014 var Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræði við Hjúkrunarfræðideild og formaður fagráðs í fjölskylduhjúkrun við Landspítala – háskólasjúkrahús. Þetta var tilkynnt á árlegri uppskeruhátíð Landspítala, Vísindi á vordögum, í maí. Rannsóknir Erlu Kolbrúnar hafa einkum beinst að fjölskylduhjúkrun og þætti fjölskyldumeðlima í meðferð langveikra sjúklinga.

Jón Jóhannes Jónsson heiðraður á ársfundi Landspítala

Jón Jóhannes Jónsson, prófessor við Læknadeild og yfirlæknir á erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala – háskólasjúkrahúss, var einn 12 einstaklinga sem voru heiðraðir fyrir vel unnin störf á ársfundi Landspítala í maí. Þeir sem viðurkenninguna hlutu voru tilnefndir af starfsfólki Landspítala og sérstök heiðrunarnefnd sá um að velja úr þeim fjölda tilnefninga sem barst.

Jóhanna Thelma Einarsdóttir verðlaunuð fyrir rannsóknir á stami

Stjórn Málbjargar – félags um stam – veitti Jóhönnu Thelmu Einarsdóttur, talmeinafræðingi og dósent við Menntavísindasvið, heiðursverðlaun fyrir árið 2014. Verðlaunin hlaut Jóhanna fyrir margþættar rannsóknir á stami og að hafa sérhæft sig sem talmeinafræðingur á stami og aðstoðað ófáa Íslendinga um áratugaskeið. Jóhanna hefur undanfarin ár staðið að uppbyggingu háskólanáms í talmeinafræði á Íslandi og unnið að áður nefndum rannsóknum á stami.

Læknanemar vinna til verðlauna

Tómas Andri Axelsson, læknanemi á sjötta ári við Læknadeild Háskóla Íslands, hlaut önnur af tvennum verðlaunum sem veitt voru fyrir besta vísindaerindið á alþjóðlegu vísindaþingi norrænna hjarta- og lungnaskurðlækna, Scandinavian Society for Research in Cardiothoracic Surgery (SSRCT), sem fram fór í 24. sinn á árinu og nú í Noregi. Rannsóknina, sem fjallar um árangur kransæðahjáveituaðgerða hjá bráðveikum sjúklingum á Landspítala og Sahlgrenska-

háskólasjúkrahúsinu í Gautaborg, vinnur Tómas Andri undir leiðsögn Tómasar Guðbjartssonar, prófessors við Læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknis á Landspítala, og er hún samstarfsverkefni Landspítala, Háskóla Íslands og Sahlgrenska-háskólasjúkrahúsins. Rannsókninni er ekki lokið því að enn á eftir að safna hluta gagnanna, vinna úr niðurstöðum og birta þær í vísindatímaritum. Áður hefur einn Íslendingur unnið til verðlauna á þessu þingi.

Eyþór Björnsson, læknanemi á fjórða ári við Læknadeild Háskóla Íslands, bar sigur úr býtum í samkeppni um besta erindi læknanema eða unglæknis á vísindaþingi Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands sem fram fór í apríl í Hörpu. Hann hlaut í viðurkenningarskygni Hvatningarverðlaun Jónasar Magnússonar. Erindi Eyþórs nefndist Algengir erfðapættir kransæðasjúkdóms hafa áhrif á útbreiðslu sjúkdómsins og er framhald af þriðja árs verkefni hans sem hann hefur unnið frekar að á sl. ári í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu og lækna á Landspítala, m.a. Guðmund Þorgeirsson, prófessor við Læknadeild. Erindi Eyþórs var valið úr hópi 43 innsendra ágripa að erindum læknanema eða unglæknis.

Vilhjálmur Steingrímsson læknanemi hlaut verðlaun fyrir vísindaframlag um eitilfrumkrabbamein á International Workshop on Waldenström's Macroglobulinemia í Lundúnum í ágúst. Erindi Vilhjálms fjallaði um áhrif fjölskyldusögu einstaklinga með eitilfrumkrabbamein þar sem hann sýndi fram á að horfur sjúklinga með ættarsögu um slíkt krabbamein væru marktækt verri en annarra. Verkefnið vann Vilhjálmur í rannsóknarhópi Sigurðar Yngva Kristinssonar, prófessors við Læknadeild.

Heilsusaga Íslendinga hlýtur styrk

Háskóli Íslands og Krabbameinsfélag Íslands vinna, ásamt ýmsum innlendum og erlendum samstarfsaðilum, að rannsókn á áhrifum og samspili nútímalífsstíls, félagslegra aðstæðna, streitu og erfða á heilsu Íslendinga. Áætlað er að rannsóknin taki til um 100.000 Íslendinga á næstu 10 árum. Þátttakendur fá endurgjöf á lífsstíl sinn og heilsufar í gegnum rannsóknina og eru kerfisbundnar forvarnir því samtvinnaðar þessari viðamiklu vísindarannsókn og samfélagslegur ávinningur verkefnisins þannig margþættur. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor í lýðheilsuvísindum við Læknadeild, er ábyrgðarmaður rannsóknarinnar og með henni í stýrihópi eru Arna Hauksdóttir, dósent í lýðheilsuvísindum við Læknadeild, Sigurður Guðmundsson, prófessor við Læknadeild, fyrrum landlæknir og forseti Heilbrigðisvísindasviðs, Magnús Karl Magnússon, prófessor og forseti Læknadeildar, Helga Zoëga, dósent í lýðheilsuvísindum við Læknadeild, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor í heilsuhagfræði við Hagfræðideild, Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, og Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár. Forrannsókn Heilsusögunnar hófst í febrúar meðal kvenna og í mars meðal karla. Í maí var forrannsókninni lokið og hafði þá yfir þúsund manna forrannsóknarhópur verið skoðaður.

Starfsfólk Arion banka afhenti forsvarsmönnum rannsóknarinnar ríflega tveggja milljóna króna styrk sem það safnaði með fjáröflun á karlakvöldi í höfuðstöðvum bankans í tilefni af mottumars og baráttunni gegn krabbameini hjá körlum. Til rannsóknarinnar hafa ekki fengist styrkir frá hinu opinbera hér á landi að neinu marki og því reiða forsvarsmenn þessarar viðamiklu rannsóknar sig á samstarf við einkafyrirtæki og erlenda vísindasjóði.

Gísli Pálsson hlaut Ásverðlaunin

Gísli Pálsson, prófessor í mannfræði við Félags- og mannvísindadeild, hlaut í árslok heiðursverðlaun fyrir árið 2014 úr verðlaunasjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright, sem hún stofnaði árið 1968 í tengslum við Vísindafélag Íslendinga. Verðlaunin eru veitt íslenskum vísindamanni sem náð hefur framúrskarandi árangri á sínu fræðasviði og miðlað þekkingu til framfara í íslensku þjóðfélagi. Í ár fylgir verðlaununum þriggja m.kr. peningagjöf frá hollvinum en verðlaunin sjálf eru heiðursskjal og

silfurpeningur með lágmynd af Ásu og merki Vísindafélags Íslendinga. Rannsóknir Gísla hafa verið mjög fjölbreyttar en hann hefur ekki síst beint sjónum að mannfræði sjávarútvegs og fjallað um félagsleg áhrif fiskveiðistjórnunarkerfisins á Íslandi og átt drjúgan þátt í að efla fræðilega umræðu um kvótakerfi í sjávarútvegi.

Vefur um sjálfbærni- og umhverfismál

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, opnaði nýjan vef á íslensku og ensku um sjálfbærni- og umhverfismál innan Háskóla Íslands á Litla-torgi í mars og Ólafur Páll Jónsson, formaður sjálfbærni- og umhverfisnefndar skólans, kynnti vefinn við það tækifæri. Árið 2012 samþykkti háskólaráð nýja sjálfbærni- og umhverfisstefnu fyrir Háskóla Íslands og í kjölfarið var skipuð nefnd til að vinna að framkvæmd stefnunnar. Nefndin vann m.a. að gerð vefjarins í því skyni að skapa vettvang þar sem hægt væri að fræðast um sjálfbærni- og umhverfismál innan skólans. Við opnunina var einnig hleypt af stokkunum, í samvinnu við Gaia, félag meistaranema í umhverfis- og auðlindafræði, ljósmyndasamkeppni um sjálfbær skref og bar hún nafnið Ég legg mitt af mörkum. Í upphafi grænna daga, sem Gaia stóð fyrir í Háskóla Íslands dagana 1.–5. apríl, var síðan tilkynnt um sigurvegarana í samkeppninni. Alls bárust 35 myndir í keppnina. Guðný Hilmarsdóttir hlaut fyrstu verðlaun, Björn Teitsson önnur verðlaun og þriðju verðlaun hlaut Einar Valur Sverrisson. Aukaverðlaun í flokknum Sjálfbærni í borgum hlaut Ívar Örn Clausen og myndina sem var kjörin vinsælasta myndin átti Artem Ingmar Benediktsson. Verðlaunamyndirnar fimm voru til sýnis á 1. hæð Háskólatorgs dagana 1.–23. apríl.

Sæmundarstund

Undanfarin ár hefur árlega verið haldin svokölluð Sæmundarstund í Háskóla Íslands á þeim degi sem er næst vorjafndægurum. Sæmundarstund var fyrst haldin á aldarafmæli Háskóla Íslands árið 2011 að frumkvæði Oddafélagsins, sem er félag áhugamanna um endurreisn fræðaseturs að Odda á Rangárvöllum þar sem Sæmundur fróði bjó. Í ár var Sæmundarstund því haldin í fjórða, þann 20. mars. Líkt og fyrri ár fór Sæmundarstund fram við styttna af Sæmundi á selnum sem stendur í Skeifunni fyrir framan Aðalbyggingu. Styttuna gerði Ásmundur Sveinsson og vísar hún til frægrar þjóðsögu af viðureign Sæmundar við kölska sem, samkvæmt þjóðsögunni, flutti Sæmund heim til Íslands í selslíki.

Umsjón með Sæmundarstund var sem fyrr í höndum nemendafélaga einstakra fræðasviða skólans og að þessu sinni héldu nemendafélög Félagsvísindasviðs utan um athöfnina en nemendur fræðasviðanna fimm skiptast á um að sjá um hana. Fulltrúi þeirra, Egill Þór Jónsson, formaður Norm, nemendafélags félagsfræðinema, flutti ávarp og þá tók Þór Jakobsson, formaður Oddafélagsins, einnig til máls en hann er helsti hvatamaður Sæmundarstundar. Börn frá leikskólanum Mánagarði tóku einnig þátt í dagskránni, sungu lög fyrir gesti og virkjuðu þá í hreyfingum með lögnum. Undir lok athafnarinnar afhentu fulltrúar nemendafélaga Félagsvísindasviðs fulltrúum frá nemendafélögum Heilbrigðisvísindasviðs viðarskjöld með mynd af Sæmundi á selnum og kemur það í hlut hinna síðarnefndu að standa að Sæmundarstund að ári liðnu.

Nemar til Caltech, Stanford og Purdue

Í ár fóru í sjöunda sinn grunnnemar úr Háskóla Íslands til 10 vikna sumarnáms við California Institute of Technology – Caltech, í Pasadena í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Nemarnir þrír sem hlutu styrk til þessa í ár voru Agnes Eva Þórarinsdóttir, nemi í efnafræði, Anna Bergljót Gunnarsdóttir, nemi í efnafræði, og Páll Gunnarsson, nemi í hugbúnaðarverkfræði. Háskóli Íslands og Caltech undirrituðu árið 2008 samning um aukið samstarf í kennslu og rannsóknum. Um er að ræða

svokölluð SURF-verkefni (Summer Undergraduate Research Fellowship) hjá Caltech, en SURF gengur út á rannsóknarsamstarf á milli leiðbeinanda og nemanda í grunnnámi.

Í sumar mun auk þess einn bandarískur nemandi frá Caltech, Suzannah Osekowsky, vinna tíu vikna rannsóknarverkefni við Háskóla Íslands, undir leiðsögn Kristjáns Leóssonar, vísindamanns hjá Raunvísindastofnun.

Enn fremur hlutu þrír grunnnemar við Háskóla Íslands styrk til átta vikna sumarnáms við Stanford-háskóla í Kaliforníu í Bandaríkjunum, svonefns Stanford Summer International Honors Program (SSIHP), þau eru Jón Áskell Þorbjarnarson, nemi í stærðfræði, Hólmfríður Hannesdóttir, nemi í eðlisfræði, og Baldur Yngvason, nemi í rafmagns- og tölvuverkfræði. Auk þeirra halda átta aðrir nemendur úr ýmsum deildum Háskóla Íslands til sumarnámsins í Stanford. Nemarnir taka þar námskeið sem þeir fá metin til eininga í námi sínu. Þetta er fjórða árið sem nemendur Háskóla Íslands fá slíkt tækifæri en samningur milli skólanna var undirritaður 2010. Sumarnámið við Stanford er í senn afar fjölbreytilegt og eftirsóknarvert fyrir nemendur Háskóla Íslands og gerir þeim kleift að kynnast einstöku vísindasamfélagi.

Styrk til að vinna að tíu vikna rannsóknarverkefni við Purdue University í Indiana í Bandaríkjunum hlutu jafnframt tveir grunnnemar í verkfræði við Háskóla Íslands, Birkir Snær Sigfússon og Sveinn Pálsson, báðir nemendur í rafmagns- og tölvuverkfræði, en Purdue-háskóli er einn stærsti og virtasti háskóli Bandaríkjanna á sviði verkfræði, ekki síst á sviði flug- og geimvísinda. Háskóli Íslands og Purdue University tóku upp samstarf árið 2013 um nemendaskipti í rannsóknatengdu sumarnámi, sem kölluð eru SURF-verkefni eins og við Caltech.

Fyrirlestrar

Vísindi á mannamáli

Í október var hrundið úr vör nýrri fyrirlestraröð fyrir almenning að frumkvæði Lífvísindaseturs og Líffræðistofu Háskóla Íslands og á vegum rektors. Markmiðið var að varpa ljósi á það hvernig vísindamenn háskólans reyna að afhjúpa leyndardóma náttúrunnar og hvaða þýðingu vísindarannsóknir hafa fyrir daglegt líf fólks, t.d. baráttu við sjúkdóma eða náttúruöflin eða til að auka lífsgæði og takast á við nýjar áskoranir tengdar breytingum í umhverfinu. Nefndist þessi nýja fyrirlestraröð *Vísindi á mannamáli*.

Fyrirlestraröðin hófst í október með því að Jórunn Erla Eyfjörð, prófessor við Læknadeild, fjallaði um rannsóknir á krabbameini hér á landi og möguleika á að nýta nýja þekkingu til bættrar læknismeðferðar. Eins og í fyrirlestraröðinni *Fyrirtæki verður til*, áður áður, voru fyrirlestrarnir í hádegi í Hátíðasal skólans. Tími og umfjöllunarefni þessa fyrsta fyrirlesturs var valið í tilefni þess að Krabbameinsfélag Íslands stóð fyrir árveknitáttunum Bleika mánuðinum í október, líkt og um árabíl, en því er ætlað að vekja fólk til umhugsunar um krabbamein hjá konum. Í þessum mánuði var Aðalbygging Háskóla Íslands lýst upp í bleikum lit eins og undanfarin ár og bleika slaufan og í ár einnig bleikir bolir, merktir Háskóla Íslands, voru seld í Bóksölu stúdenta. Háskóli Íslands og Krabbameinsfélagið hafa átt gott samstarf undanfarin ár í baráttunni gegn krabbameini, m.a. með öflugum grunnrannsóknnum. Þá standa háskólinn og Krabbameinsfélagið saman að einni viðamestu rannsókn á heilsufari Íslendinga sem fram hefur farið hér á landi og miðar að því að afla nýrrar þekkingar á áhrifum og samspili lífshátta, streitu og erfða á heilsufar. Afraksturinn verður svokallaður Heilsusögubanki Íslendinga sem nýtast mun bæði innlendum og erlendum vísindamönnum.

Fyrirlestrararnir í röðinni voru á árinu:

- Brjóstakrabbamein á Íslandi og leitinn að bættri meðferð
Jórunn Erla Eyfjörð, prófessor við Læknadeild, fjallaði í fyrsta erindinu í fyrirlestraröðinni, þann 21. október, um rannsóknir sínar og samstarfsfélaga tengdar genunum BRCA1 og BRCA2 og breytingum á þeim. Arfgengir gallar í genunum auka hættu á brjóstakrabbameini, bæði hjá konum og körlum, og tengjast einnig aukinni hættu á öðrum krabbameinum. Tíðar stökkbreytingar hafa fundist í þessum genum um allan heim. Stökkbreyting í BRCA2-geninu er nokkuð algeng meðal kvenna og karla með sjúkdóminn og hefur einnig áhrif á eggjastokka-, blöðruháls- og briskrabbamein. Áhrif stökkbreytingarinnar eru mismunandi milli fjölskyldna m.t.t. krabbameinsáhættu, alvarleika sjúkdóms og tegunda krabbameina. Arfbundnir gallar í BRCA1-geninu eru aftur á móti mun sjaldgæfari hérlandis en víða annars staðar og rannsóknir hafa sýnt að genið er óvirkt í brjóstaæxlisvef í nokkuð stórum hópi sjúklinga. Greining á erfðaeftni brjóstakrabbameina sýnir enn fremur að mun stærri hópur sjúklinga en arfberar þessara BRCA-stökkbreytinga hefur svipuð merki um breytileika í æxlisvef, þ.e. hefur BRCA-líkan sjúkdóm. Jórunn fjallaði enn fremur um hvernig rannsóknir beinast m.a. að því að finna sértæka meðferð fyrir sjúklinga með þessar tegundir krabbameina.
- Verðmæti vísinda – Frá grunnrannsóknum til lækningavara á markaði
Ágústa Guðmundsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild, fjallaði um tilurð og vöxt líftæknifyrirtækisins Zymetech og tengsl þess við grunnrannsóknir í Háskóla Íslands í öðru erindi fyrirlestraraðarinnar þann 18. nóvember. Líftæknifyrirtækið Zymetech byggist á rannsóknum Ágústu og Jóns Braga Bjarnasonar heitins, prófessors í lífefnafræði við Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Zymetech grundvallast á áratugarannsóknum við Háskóla Íslands á meltingarensímum úr þorski og hagnýtingu ensímanna í lækningavörur og snyrtivörur á markaði. Ágústa fjallaði m.a. um gildi grunnrannsókna í nýsköpunarferlinu og það hvernig djúp þekking á ensímum, örverufræði, matvælafræði, lífefnafræði, frumulíffræði og lyfjafræði nýtist beint í hagnýtri líftækni. Nýsköpunarferli líftæknifyrirtækja er langt og flókið. Þróun nýrra lækningavara fyrir alþjóðlega markaði krefst sífelldrar uppbyggingar hugvits og aukinnar þekkingar. Kostnaður við einkaleyfi, skráningu lækningaafurða, erlenda ráðgjafa, markaðsmál, leyfisveitingar og fleira er mikill en nauðsynlegur fyrir alþjóðlega markaðssetningu. Zymetech hefur átt gott samstarf við Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahús um að afla rannsóknastyrkja, mennta framhaldsnema og birta vísindagreinar og Ágústa fjallaði einnig um hversu mikilvægir rannsóknasjóðir eru fyrir nýsköpun og áframhaldandi uppbyggingu hugvits innan fyrirtækja á alþjóðamarkaði og tækifæri fyrir unga vísindamenn og aðgengi þeirra að sérhæfðri aðstöðu til grunn- og læknisfræðilegra rannsókna.

Samstarf við NASA og Caltech í jöklafræði

Vísindamenn frá bandarísku geimferðastofnuninni (NASA) og Caltech-háskóla í Kaliforníu voru staddir á Íslandi í febrúar til að vinna að þróun nýrrar tækni til ratsjarmælinga á hreyfingu jökla í samvinnu við jöklafræðinga Háskóla Íslands. Af því tilefni efndu Háskóli Íslands og sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi til hádegisfundar undir yfirskriftinni Breytingar á jöklum við hlýnandi loftslag í Hátíðasal. Helgi Björnsson, vísindamaður við Jarðvísindastofnun, fjallaði þar um mikilvægi alþjóðlegs samstarfs í jöklafræði og Mark Simons, prófessor í jarðeðlisfræði, og Brent Minchew, doktorsnemi í jarðeðlisfræði, báðir við Caltech-háskóla, ræddu framangreint samstarfsverkefni NASA, Caltech og Háskóla Íslands.

Málþing um Einar Benediktsson skáld

Öll fimm fræðasvið Háskóla Íslands stóðu að málþingi um Einar Benediktsson skáld þann 1. nóvember í Hátíðasal skólans í tilefni þess að 150 ár voru liðin frá fæðingu hans 31. október. Inga B. Árnadóttir, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði, stjórnaði málþinginu. Á málþinginu var jafnt fjallað um hugmyndir Einars Benediktssonar um stórhuga verklegar framkvæmdir hér á landi á fyrstu áratugum 20. aldarinnar sem og skáldskap hans og lífshlaup. Fyrirlesarar á málþinginu voru: Kristján Jóhann Jónsson, dósent á Menntavísindasviði, með erindið „... sekur er sá einn – sem tapar.“ Um manngildi og hetjuskap í ljóðum Einars, Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor á Hugvísindasviði, sem flutti erindið Hafkvæði Einars Benediktssonar, Þorsteinn Þorsteinsson, aðjunkt á Verkfræði- og náttúruvísindasviði, sem hélt erindi er nefndist Hann sundlaði ekki við milljónunum og loks Þorvaldur Gylfason, prófessor á Félagsvísindasviði, sem kallaði erindi sitt Stórskáld smáþjóðar. Kvennakór Háskóla Íslands, undir stjórn Margrétar Bóasdóttur, flutti auk þess tvö lög við ljóð Einars. Í tilefni af málþinginu var sófa skáldsins komið fyrir í anddyri Aðalbyggingar háskólans og gafst málþingsgestum kostur á að tylla sér í hann um stund og glugga í ljóðabækur Einars. Þá var helgríma Ríkarðs Jónssonar af skáldinu höfð til sýnis, en hún er í eigu Háskóla Íslands, eins og innbú skáldsins og húsið í Herdísarvík, þar sem hann dvaldist síðustu æviár sín ásamt Hlín Johnson, seinni eiginkonu sinni.

Aðalframkvæmdastjóri UNESCO heldur erindi

Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO, hélt opinn fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands, á vegum skólans 26. maí er hún kom í opinbera heimsókn til landsins í boði utanríkisráðherra. Fyrirlestur Irinu nefndist Frá tungumáli til þekkingar. Hvernig megnum við að endurnýja hina endanlegu auðlind? Þar fjallaði hún um það áhrifavald er felst í hlutverki og umboði UNESCO við nýtingu menningarverðmæta og vísindalegrar þekkingar í þágu varanlegs friðar og sjálfbærrar þróunar. Kristín Ingólfssdóttir rektor stýrði umræðum að erindi Irinu loknu.

Andlát

Loftur Þorsteinsson, fyrrverandi prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands, lést 1. apríl 2014, nær 89 ára að aldri. Hann stundaði nám í verkfræði við Háskóla Íslands og í Kaupmannahöfn og að loknu prófi starfaði Loftur sem verkfræðingur í Reykjavík þar til hann var skipaður prófessor í byggingarverkfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands árið 1961. Gegndi hann því starfi til ársins 1975. Loftur var forseti verkfræðideildar 1967-1969 og átti drjúgan þátt í að hafin var kennsla til lokaprófs í verkfræði við Háskóla Íslands 1970. Hann hélt til annarra starfa árið 1975 eftir að hafa tekið virkan þátt í að byggja upp öflugan verkfræðideild við Háskóla Íslands. Rannsóknir Lofts voru að mestu tengdar virkjanakostum á Íslandi. Lofti Þorsteinssyni var veitt heiðursdoktorsnafnbót frá Háskóla Íslands árið 1995. Þá hlaut hann heiðursmerki Verkfræðingafélags Íslands árið 1989 og riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu 1994.

Anna Guðmundsdóttir, fyrrverandi lektor við Kennaraháskóla Íslands, lést 9. apríl 2014, 81 árs að aldri. Anna lauk húsmæðrakennaraprófi frá Húsmæðrakennarskóla Íslands árið 1960 og stundaði nám í háskólanum í Árósum í híbýla- og áhaldafræði og næringarfræði. Anna kenndi við Húsmæðrakennarskóla Íslands og síðan Kennaraháskóla Íslands sem lektor. Anna samdi nokkur rit á sviði heimilisfræða og tók m.a. þátt í samningu námskrár fyrir grunnskóla á því sviði.

Jónas Kristjánsson, fyrrverandi forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar og prófessor, lést laugardaginn 7. júní 2014, 90 ára að aldri. Jónas lauk cand.mag.-prófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands árið 1948 og doktorsprófi frá sama skóla árið 1972. Fjallaði doktorsritgerð Jónasar

um Fóstbræðra sögu. Jónas var lengst af handritafræðingur hjá Handritastofnun Íslands uns hann var skipaður forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar árið 1971 og gegndi því embætti til ársins 1994 er hann lét af störfum fyrir aldurs sakir. Jónasi voru falin margvísleg trúnaðarstörf og eftir hann liggur fjöldi rita og greina um íslensk fornrit og önnur sagnfræðileg efni og hann var jafnframt ötull við að kynna íslenskar fornsögur og menningararf með fyrirlestrahaldi á erlendri grund.

Guðmundur S. Jónsson, fyrrverandi dósent við Læknadeild, lést 3. ágúst 2014 á 76. aldursári. Guðmundur lagði stund á nám í eðlisfræði í Þýskalandi og lagði síðan hann stund á geislalæknisfræði og geislalækningar í Noregi, Englandi og Svíþjóð. Hann stundaði nám í læknisfræði við Háskóla og lauk cand.med. gráðu. Guðmundur var stundakennari í eðlisfræði við Verkfræði- og raunvísindadeild og Læknadeild Háskóla Íslands 1967-1970. Hann var ráðinn dósent í læknisfræðilegri eðlisfræði og skipaður forstöðumaður fræðigreinarinnar við Læknadeild 1972 og sinnti því starfi til starfsloka árið 2003. Hann var frumkvöðull í þróun kennslu í læknisfræðilegri eðlisfræði við Læknadeild og skrifaði m.a. yfirgripsmikla kennslubók í læknisfræðilegri eðlisfræði árið 1990 sem var undirstaða kennslu í fræðigreininni um árabil. Guðmundur var forstöðumaður Geislavarna ríkisins 1965-1970 og síðar yfirlæknir í klínískri eðlisfræði á Landspítalanum.

Jónas Pálsson, sálfræðingur og fyrrverandi rektor Kennaraháskóla Íslands, lést 23. ágúst 2014, 91 árs að aldri. Jónas lauk prófi í sálarfræði og mannkynssögu í Skotlandi og síðan uppeldissálfræði í Bandaríkjunum. Er heim kom varð hann brautryðjandi í skólaráðgjöf og sálfræðipjónustu og fyrsti forstöðumaður Sálfræðideildar skóla við Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. Hann var í um áratug skólastjóri Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands og kenndi síðan við Kennaraháskólann. Jónas var skipaður rektor Kennaraháskóla Íslands árið 1983 og gegndi því embætti til ársins 1991. Jónas ritaði margar greinar um félagsmál og skólamál og kynnti Íslendingum nýjar hugmyndir og nýmæli í þeim efnum. Hann var ötull baráttumaður þeirra barna sem af einhverjum ástæðum stóðu höllum fæti og lagði áherslu á að skólinn sinnti þeim til jafns við aðra. Árið 1992 var Jónas sæmdur riddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf að uppeldis- og fræðslumálum og árið 2001 hlaut hann heiðursdoktorsnafnbót við Kennaraháskóla Íslands.

Ingjaldur Hannibalsson, prófessor við Háskóla Íslands, lést 25. október 2014, 62 ára að aldri. Ingjaldur lauk prófi í eðlisfræði og stærðfræði frá Háskóla Íslands og síðan doktorsprófi í iðnaðarverkfræði í Bandaríkjunum. Ingjaldur hóf stundakennslu við Háskóla Íslands 1978 og varð fastráðinn dósent árið 1982, lengst af í hlutastarfi. Á níunda áratugnum sinnti hann öðrum störfum og var m.a. forstjóri Iðntæknistofnunar, forstjóri Álafoss og framkvæmdastjóri Útflutningsráðs Íslands. Hann hóf að nýju störf við Háskóla Íslands 1993, nú í fullu starfi, og varð prófessor við skólann í Viðskipta- og hagfræðideild árið 1997. Ingjaldur hefur sinnt mörgum trúnaðar- og forystustörfum innan Háskóla Íslands, m.a. sem skorarformaður og deildarforseti Viðskipta- og hagfræðideildar, síðar Viðskiptafræðideildar, verið formaður fjármálanefndar háskólans, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs skólans og sinnt margvíslegum nefndarstörfum, ekki síst forystustörfum að byggingar- og húsnæðismálum skólans. Ingjaldur sat einnig í stjórnnum fyrirtækja og stofnana, í ráðgjafanefndum og faglegum dómnefndum. Ingjaldur var heimshornaflakkari og hafði nýlokið því markmiði sínu að heimsækja öll 193 þáttökulönd Sameinuðu þjóðanna.

Sigurður V. Friðþjófsson, fyrrverandi skrifstofustjóri við verkfræði- og raunvísindaeildir, lést 5. október 2014, nær 89 ára. Sigurður lauk cand. mag. prófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands árið 1957 og starfaði eftir það við blaðamennsku. Árið 1971 var Sigurður ráðinn deildarfulltrúi við verkfræðideild Háskóla Íslands, síðar verkfræði- og raunvísindadeild, og var skrifstofustjóri deildarinnar þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir í ársbyrjun 1996.

Eggert Þór Bernharðsson, prófessor við Háskóla Íslands, lést 31. desember 2014, 56 ára að aldri. Eggert Þór stundaði nám í sagnfræði við Háskóla Íslands og hóf störf sem stundakennari við Háskóla

Íslands að námi loknu. Hann kenndi fyrst sagnfræði en varð síðan lektor, þá dósent og loks prófessor í hagnýtri menningarmiðlun, sem hann starfaði við til dánardags. Eggert Þór var frumkvöðull innan fræðigreinar sinnar og setti á fót og mótaði meistaranám í hagnýtri menningarmiðlun og sú grein blómstraði undir hans stjórn. Eggerti Þór voru falin fjölmörg trúnaðarstörf innan Háskóla Íslands og utan og hann var afkastamikill fræðimaður, ekki síst um sögu Reykjavíkur á 20. öld. Auk rita sinna, setti Eggert upp fjölmargar sýningar, gerði útvarps- og sjónvarpsþætti og nýtti nýja miðla til lifandi framsetningar á sagnfræðilegu efni í máli og myndum og nýtti jafnan slíkt efni óvenjuvel og nýstárlega í ritum sínum.

Opinn háskóli

Háskóli unga fólksins

Háskóli unga fólksins fagnaði tíu ára afmæli í sumar þegar um 350 nemendur á aldrinum 12 til 16 ára streyma í Háskóla unga fólksins dagana 10. til 14. júní. Ungu nemendurnir hafa verið árviss sumarboði við Háskóla Íslands frá árinu 2004. Nemendum gafst kostur á að velja á milli rúmlega 50 spennandi námskeiða í stundatöflu sína fyrir vikuna, þar á meðal fjölmargra nýrra námskeiða sem voru í boði í tilefni afmælisins. Sérstakur þemadagur var í Háskóla unga fólksins fimmtudaginn 12. júní en þá vörðu nemendur heilum degi í einni grein. Vikunni lauk með glæsilegri lokahátíð og vísindaveislu í stóra sal og anddyri Háskólabíós laugardaginn 14. júní

Háskóli unga fólksins hefur einnig ferðast um landið sem hluti af Háskólalestinni síðustu fjögur ár og í maímánuði heimsótti Háskólalestin fimm áfangastaði á landsbyggðinni, Vestmannaeyjar, Hólmavík, Dalvík, Snæfellsbæ og Laugarvatn.



Tónleikar

Háskólatónleikar voru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann, í hádeginu á miðvikudögum. Oftast voru þeir haldnir í Hátíðasal skólans í Aðalbyggingu en stöku sinnum í háskólakapellunni.

- 29. janúar fluttu Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Kristján Karl Bragason píanóleikari verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Gabriel Fauré og Edison Denisov.
- 19. febrúar flutti ReykjavíkBarokk verk eftir Giovanni Battista Bononcini og tvö verk eftir Georg Philipp Telemann. ReykjavíkBarokk skipa Jóhanna Halldórsdóttir, alt, Guðný Einarsdóttir, semball, Diljá Sigursveinsdóttir, barokkfiðla, Íris Dögg Gísladóttir, barokkfiðla, Ólöf Sigursveinsdóttir, barokkselló, Kristín Lárusdóttir, víóla da gamba, Helga Aðalheiður Jónsdóttir, blokkflauta, og Magnea Árnadóttir, traversóflauta.
- 19. mars kom Halldór Hauksson píanóleikari fram og var yfirskrift þeirra tónleika Frjáls spuni inn í Sonata improvvisata – verk í fimm köflum.
- 8. október fluttu Arngunnur Árnadóttir, klarínetta, Jósef Ognibene, horn, Michael Kaulartz, fagott, Nicola Lolli, fiðla, Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla, Júlía Mogensen, selló, og Richard Korn, kontrabassi, Septett í Es-dúr op. 20 eftir Ludwig van Beethoven.
- 5. nóvember léku Melkorka Ólafsdóttir þverflautuleikari, Katie Buckley hörpuleikari og Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari Towards the Sea fyrir altflautu og hörpu eftir Toru Takemitsu og Sónötu fyrir flautu, víólu og hörpu eftir Claude Debussy undir yfirskriftinni Náttúruljóð: Japönsk og frönsk tónlist um fegurð og fjúk.
- 26. nóvember frumfluttu Nína Hjördís Þorkelsdóttir flautuleikari og Árni Freyr Gunnarsson píanóleikari verkið Veisla í farángrinum eftir Árna Frey á síðustu háskólatónleikum ársins, auk þess sem þau léku verk eftir Giacinto Scelsi, Inga Garðar Erlendsson, Atla Ingólfsson og Salvatore Sciarrino.

Kvennakór Háskóla Íslands starfaði einnig reglubundið og hélt tónleika og efndi til samsöngs við ýmis tækifæri. Þá starfaði Háskólakórinn á vegum stúdenta sem endranær og kom að venju fram við brautskráningar, auk annarra tilefna.

Erlendar hátíðir

Japanshátíð

Japanshátíð fór fram á Háskólatorgi laugardaginn 1. febrúar og var skipulögð í samvinnu sendiráðs Japans á Íslandi og nemenda í japönsku máli og menningu á Hugvísindasviði. Þetta er tíunda árið sem Japanshátíð er haldin við Háskóla Íslands og á þeim tíma hefur nemendum í japönsku fjölgað ár frá ári. Félagsskapur fólks af japönskum uppruna á Íslandi lagði einnig hönd á plóg og stóð meðal annars fyrir japanskri teathöfn og japönskum blómaskreytingum (ikebana). Nemendur í japönsku lögðu sig alla fram um að skipuleggja og kynna ýmislegt sem tengist japönsku máli og menningu. Á meðal þess sem í boði var á hátíðinni má nefna japanska matargerðarlist, japanska skrautritun og kynningu á japanskri tungu og menningu. Á aðalsviði Háskólatorgs var þétt dagskrá, kimono-tískusýning, úrval japanskrar tónlistar, keppt var um glæsilegasta og frumlegasta cosplay-búninginn og japanskar bardagalistir kynntar. Á sviði stúdentakjallarans hlýddu gestir á lifandi tónlist og spreyttu sig í æsispennandi spurninga- og leikjakeppni að hætti Japana. Einnig bauðst þeim að syngja karaoke, hlýða á japanska popptónlist og taka þátt í tölvuleikjum. Mikið fjölmenni sótti hátíðina að vanda.

Kínversk nýárshátíð

Kínversk nýárshátíð var haldin eins og undanfarin ár með menningarveislu á Háskólatorgi í tengslum við kínverska nýárið, ár hestsins, 15. febrúar í ár. Hátíðin var skipulögð af Konfúsíusarstofnuninni

Norðurljósum í samvinnu við Hugvísindasvið, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, sendiráð Kína á Íslandi, Samtök Kínverja á Íslandi og Tehúsið. Gestum gafst kostur á að kitla bragðlaukana með kínversku góðgæti, fylgjast með drekadansi og bardagalistum, hlýða á fagra hljóma úr austri og KK, sem tróð þar upp, og fræðast um te og listina að laga það og drekka. Dagskráin var að öllu leyti vonduð og hátíðin var fjölmenn að vanda.

Gjafir

Vegleg bókaþjóf frá sendiráði Svía

Sendiráð Svía á Íslandi færði Háskóla Íslands veglega þjóf á árinu, stórvirkið *The Linneus Apostles* (Lærisveinar Linnés), sem fjallar um merkar uppgötvanir nemenda sænska vísindamannsins Carls von Linné tengdar vísindum og menningu á 18. öld. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, tók við bókunum úr hendi Bosse Hedberg, sendiherra Svía á Íslandi. Verkið er ellefu binda verk og ítarlegasta yfirlit sem gert hefur verið yfir ferðir og rannsóknir nemenda grasafræðingsins Carls von Linné sem uppi var á 18. öld. Linné er líklega þekktastur fyrir að vera höfundur hins latneska tvínafnakerfis sem notað er til að flokka allar lífverur. Linné leiðbeindi fjölmörgum nemendum sem fóru í könnunarleiðangra um allan heim og gerðu merkar uppgötvanir tengdar grasa- og dýrafræði og menningu fjarlæggra heimshluta. Við flokkun plantna og dýra nýttu nemendurnir kerfi Linnés. Sautján nemendanna hafa verið nefndir lærisveinar Linnés vegna merks framlags þeirra til vísindanna, þar á meðal Daniel Solander, sem kom hingað til lands árið 1772, ásamt breska náttúrufræðingnum Joseph Banks og Svíanum Uno von Troil, til náttúrufræðirannsókna. Bókaflokkurinn *The Linneus Apostles* hefur að geyma yfirlit yfir allar ferðir sautjánmenninganna um heiminn ásamt fræðitextum þeirra, teikningum, kortum og ferðadagbókum. Bækurnar munu nýtast vísindamönnum og stúdentum Háskóla Íslands í mörgum fræðigreinum og einnig hinum almenna lesanda. Þær verða varðveittar á Landsbókasafni – háskólabókasafni þar sem þær verða aðgengilegar öllum þeim sem áhuga hafa á hinum miklu afrekum lærisveina Linnés.

Námsleið í kynjafræði fær veglega bókaþjóf

Samtökin '78 færðu námsbraut í kynjafræði þann hluta bókasafns síns sem lýtur að kosti fræðibóka og skáldsagna, rúmlega 1.000 titla, erlend fræðirit er varða líf og menningu hinsegin fólks, svo og skáldskap, og afhentu hann í Þjóðarbókhöðunni þann 23. september. Bókaþjófin var afhent á alþjóðadegi tvíkynhneigðra í því skyni að vekja athygli á málefnum tvíkynhneigðra, þríkynhneigðra og fólks með „fljótandi“ kynhneigð (e. fluid) og fagna hlutverki og hlutdeild þessa hóps í sögu og menningu hinsegin fólks. Bækurnar verða til útláns á Landsbókasafni – Háskólabókasafni.

Annað

Háskólahlaupið

Háskólahlaupið var haldið í áttunda sinn fimmtudaginn 8. maí með núverandi fyrirkomulagi. Hlaupið markaði lok heilsumánaðar starfsmanna háskólans. Alls voru um 200 manns skráðir til leiks og völdu þeir ýmist að ganga, skokka eða hlaupa þriggja eða sjö kílómetra vegalengd. Þriggja kílómetra hlaupaleiðin lá m.a. með fram Suðurgötu, út að Reykjavíkflugvelli og með fram friðlandinu í Vatnsmýri en sjö kílómetra leiðin lá í kringum Reykjavíkflugvöll.

Skipulagning hlaupsins var að vanda í höndum starfsmannasviðs háskólans og fengu starfsmenn þess til liðs við sig nemendur við Íþróttta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild skólans sem m.a. sáu um upphitun fyrir hlaup, brautarvörslu, tímatöku og almenna hvatningu. Tímataka var í boði á sjö kílómetra leiðinni og voru veitt verðlaun til þeirra sem voru fyrst í karla og kvennaflokki í sjö kílómetra hlaupi. Sigurvegari í karlaflokki var Rasmus Lund, nemi í íslensku á Hugvísindasviði, en hann hljóp kílómetrana sjö á 26:15 mínútum. Aldís Gunnarsdóttir, nemandi í íþróttta- og heilsufræði við Íþróttta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild, var fyrst kvenna en hún fór brautina á 31:03 mínútum.

Grænir dagar

Grænir dagar í Háskóla Íslands voru haldnir dagana 1.–5. apríl og þema daganna í ár var sjálfbærni í borgum. Grænir dagar eru þemadagar um umhverfismál sem hafa verið haldnir hvert ár síðan 2008 í Háskóla Íslands og eru samstarfsverkefni Gaiu – félags meistaranema í umhverfis- og auðlindafræðum, Norræna hússins og Stofnunar Sæmundar fróða, en skipulagðir að mestu af Gaiu. Við formlega setningu grænna daga voru ræðumenn Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, Jón Gnarr, borgarstjórinn í Reykjavík, Paul O’Friel, frá sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi, og Þröstur Þorsteinsson, umsjónarmaður námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands. Umhverfisverðlaun grænna daga voru afhent við þetta tækifæri og þau hlaut í ár Karl Benediktsson, prófessor í landfræði, fyrir rannsóknir sínar og skrif í mannvistarlandfræði um þróun svæða, samspil manns og landslags og nú nýlega verkefni um skilyrði til hjólræiða í borgarumhverfi. Auk þess voru vinningshöfum í ljósmyndakeppni umhverfis- og sjálfbærnisviðs Háskóla Íslands veitt verðlaun. Á setningarhátíðinni var einnig hjólakeppni grænna daga formlega sett af stað en hún var haldin í samstarfi við SEEDS og í tengslum við hana var boðið upp á fríar smáviðgerðir á hjólum fyrir nemendur og starfsfólk háskólans. Á grænum dögum var boðið upp á ýmsa viðburði, t.d. stutta fyrirlestra, stuttmyndir og pallborðsumræður um sjálfbært borgarskipulag, landnotkun og sjálfbærar byggingar, matarleifahádegisverð í samstarfi við Slow food hreyfinguna og loks hélt Victor B. Dover arkitekt fyrirlesturinn Sustainable Urbanism Begins with Street Design í samstarfi við sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi.

Jarðarstund

Háskóli Íslands tók þátt í svokallaðri jarðarstund laugardaginn 29. mars og slökkti á ljóskösturum við Aðalbyggingu kl. 20.30. Ljósín voru svo kveikt að nýju klukkustund síðar og voru þá græn í tilefni af grænum dögum og grænum apríl, umhverfisdögum í Háskóla Íslands, sem hófust nokkrum dögum síðar. Jarðarstundin er haldin til þess að fólk megi njóta myrkursins og íhuga hvernig vernda megi jörðina og draga úr mengun. Jarðarstundin er fjölmennasta umhverfisátakið í heiminum í dag. Þetta er viðburður sem á sér stað klukkan 20.30 að staðartíma í meira en 7000 borgum í 154 löndum. Í tilefni af jarðarstundinni voru Ragnheiður Gröndal og Pálmi Gunnarsson með órafmagnaða tónleika á Háskólatorgi.

Starfsnefndir háskólaráðs

Fjármálanefnd

Háskólaráð skipar fjármálanefnd. Rektor tilnefnir formann. Guðmundur R. Jónsson prófessor sat áfram sem formaður á árinu 2014. Fræðasviðin skipa aðra nefndarmenn og sitja forsetar fræðasviðanna í nefndinni: Ástráður Eysteinnsson fyrir Hugvísindasvið, Jóhanna Einarsdóttir fyrir Menntavísindasvið, Hilmar Bragi Janusson fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Daði Már Kristófersson fyrir Félagsvísindasvið og Inga Þórsdóttir fyrir Heilbrigðisvísindasvið. Með fjármálanefnd starfaði Jenný Bára Jensdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs. Ritari var Gunnlaugur H. Jónsson.

Nefndin hélt 13 fundi á árinu, 7 á vormisseri og 6 á haustmisseri. Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- að vera rektor, háskólaráði og háskólafundi til ráðuneytis um hvað eina sem lýtur að fjármálum og rekstri háskólans,
- að hafa umsjón með samningum háskólans við menntamálaráðuneyti um fjármögnun kennslu og rannsókna,
- að vinna fjárhagsáætlun háskólans fyrir rektor sem ber hana undir háskólaráð til samþykktar,
- að gera tillögu um fjárlagaerindi háskólans,
- að fylgjast með afgreiðslu menntamálaráðuneytis á fjárlagaerindi skólans og vera rektor til ráðuneytis um frekari rök til að fylgja erindinu eftir,
- að gera tillögu til rektors og háskólaráðs um deililíkon sem notuð eru við skiptingu fjárveitinga á milli deilda, stofnana og stjórnslueininga,
- að yfirfara ársreikning háskólans,
- að gera tillögu til rektors og háskólaráðs um skiptingu aukafjárveitinga á milli deilda, stofnana og stjórnslueininga,
- að leiðbeina deildum, stofnunum og stjórnslueiningum við gerð fjárhagsáætlana,
- að móta fjárhagsáætlun háskólans á grundvelli þessara fjárhagsáætlana og stefnumörkunar rektors og háskólaráðs,
- að framkvæma innra eftirlit með því að útgjöld deilda, stofnana og stjórnslueininga fari ekki fram úr fjárveitingum,
- að stuðla að umræðum og málþingum innan háskólans og utan um fjármál og rekstur háskólans.

Fjármálanefnd útbjó fjárlagaerindi fyrir árið 2015, vann að frekari endurskoðun deililíkans og gerði tillögu til háskólaráðs um skiptingu fjárveitingar ársins 2015 milli sviða og annarra skipulagseininga.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2015 var gert ráð fyrir hækkun á einingarverði í kennslulíkaninu og einkum hækkaði flokkur tölvunarfræði mikið. Á móti var gert ráð fyrir verulegri fækkun nemenda. Við aðra umræðu fjárlaga var bætt við fjölda nema og heildarniðurstaðan var sú að fjárveitingar á fjárlögum ársins 2015 eru 11.551,2 m.kr. samanborið við 10.752,2 m.kr. á fjárlögum ársins 2014. Hækkunin nemur 799 m.kr. eða 7,4%.

Fjárveitingar til fræðasviðanna taka mið af árangri í kennslu og rannsóknum. Árangur í kennslu vegur þungt og eru þreyttu einingarnar að 8/10 hlutum miðaðar við þá grein sem viðkomandi námskeið er kennt í en að 2/10 hlutum miðað við heimagrein nemanda. Vægi kennslu í deililíkani ársins 2015 er 59,5% og óx úr 57,3% frá árinu 2014. Fjárveitingar til rannsókna taka mið af fjölda útskrifaðra meistaranema og doktorsnema, fjölda rannsóknastiga kennara og árangri við að afla

innlendra og erlendra styrkja úr samkeppnissjóðum og annarra styrkja. Vægi rannsókna var svipað á milli ára eða 25,7% árið 2013 og 25,5% árið 2014. Hlutur annarra liða minnkaði úr 17,2% í 14,8%. Sérstakalega hefur verið hugað að stöðugleika deililíkansins og því að öll svið fengju nokkra raunhækkun fjárveitinga. Fyrir vikið var krónutöluaukning fjárveitinga á bilinu 8,0% til 10,4%.

Innan deililíkansins er húsnæðislíkan sem hvetur til aukinnar hagræðingar við nýtingu húsnæðis. Einingar fá fjárveitingu til að mæta húsnæðiskostnaði en um leið er unnt að skila húsnæði og þar með lækka kostnað án þess að fjárveitingin lækki. Húsnæðislíkanið var innleitt í áföngum og að fullu tekið í notkun árið 2011.

Rekstur Háskóla Íslands var í jafnvægi á árinu. Heildartekjur námu 16.111 m.kr. og afgangur af rekstri nam 74 m.kr. samanborið við 25 m.kr. halla árið áður. Rekstrarafgangur sem hlutfall af heildartekjum nam 0,46%.

Jafnréttisnefnd

Jafnréttisnefnd hélt sjö fundi á árinu og var ný nefnd skipuð á haustmánuðum. Nefndin var þannig skipuð í lok árs 2014:

- Herdís Sveinsdóttir, prófessor í Hjúkrunarfræðideild, formaður, skipuð af rektor án tilnefningar,
- Gunnar Stefánsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, tilnefndur af Verkfræði- og náttúruvísindasviði,
- Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor við Stjórn málafræðideild, tilnefnd af Félagsvísindasviði,
- Hjalti Vigfússon, fulltrúi stúdenta,
- Karl Örn Karlsson, lektor við Tannlæknadeild, tilnefndur af Heilbrigðisvísindasviði,
- Samúel Currey Lefever, dósent við Kennaradeild, tilnefndur af Menntavísindasviði, og
- Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, tilnefnd af Hugvísindasviði.

Svandís Anna Sigurðardóttir kynjafræðingur sinnti starfi jafnréttisfulltrúa þar til í ágúst en þá lauk ársleyfi Arnars Gíslasonar jafnréttisfulltrúa og hann sneri þá aftur til starfa. Fyrri hluta árs var Kolbrún Einarsdóttir, verkefnisstjóri á kennslusviði, ritari nefndarinnar en um haustið tók Margrét Ludwig, verkefnisstjóri á kennslusviði, við starfi ritara.

Meðal þeirra málefna sem rædd voru á fundum nefndarinnar má nefna nýja starfsáætlun og gátlista um samþættingu jafnréttissjónarmiða við kennslu sem nefnist Virðingarfull samskipti án fordóma og var samþykkt og birtur á vef Kennslumiðstöðvar. Einnig var fjallað um samþættingu jafnréttissjónarmiða við rannsóknir og skiptingu umsókna og styrkúthlutana eftir kynjum. Þá var rætt um úttekt á aðgengismálum og samþættingu jafnréttissjónarmiða við gerð fjárhagsáætlana og verður þessum verkefnum fram haldið á næsta ári. Hinn 16. janúar samþykkti háskólaráð verklagsreglur um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og öðru kynferðislegu ofbeldi sem höfðu verið í vinnslu allengi. Á sama fundi háskólaráðs var einnig samþykkt ný jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013–2017.

Jafnréttisdagar voru haldnir í sjötta sinn dagana 6.–17. október og var jafnréttisnefnd helsti bakhjarl verkefnisins, ásamt ráði um málefni fatlaðs fólks. Dagskrá var fjölbreytt að vanda, haldnir voru m.a. fyrirlestrar, erindi og málstofur, ásamt sýningu sem unnin var af nemendum í sviðslistum og kynjafræði við Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Nánari upplýsingar um jafnréttisdagana má nálgast á meðfylgjandi vefslóð: http://www.hi.is/jafnrettismal/dagskra_jafnrettisdaga_2014.

Kennslumálanefnd

Á vormisseri var kennslumálanefnd óbreytt frá fyrra ári og í henni sátu Róbert H. Haraldsson, formaður, Björn Guðbjörnsson, Heilbrigðisvísindasviði, Ingvar Sigurgeirsson, Menntavísindasviði, Hjálmtýr Hafsteinsson, Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Sif Einarsdóttir, Félagsvísindasviði, Sveinn Yngvi Egilsson, Hugvísindasviði og Stefán Þór Helgason, fulltrúi stúdenta. Guðrún Geirsdóttir, formaður stjórnar Kennslumiðstöðvar, Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs, og Hreinn Pálsson prófstjóri sátu fundi nefndarinnar og unnu með henni. Við upphaf haustmisseris tók Börkur Hansen við formennsku af Róberti H. Haraldssyni. Auk þess tóku nýir fulltrúar sæti fyrir Félagsvísindasvið, Hugvísindasvið og stúdenta, þ.e. Hersir Sigurgeirsson, Steinunn J. Kristjánsdóttir og Stefán Óli Jónsson.

Í erindisbréfi kennslumálanefndar segir um hana: „Hlutverk nefndarinnar er að vinna að þeim markmiðum Stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 er lúta að námi og kennslu. Í því felst að stuðla að þróun kennslu og kennsluhátta við Háskóla Íslands og vinna á annan hátt að því að nemendur öðlist framúrskarandi menntun í nánum tengslum við rannsóknastarf skólans.“ Verkefni nefndarinnar eru síðan rakin í tólf liðum og má m.a. nefna að nefndinni er ætlað hafa með hendi samræmingu á kennslustefnu deilda í samvinnu við kennslunefndir fræðasviða.

Nefndin hélt 15 fundi á árinu og meðal helstu viðfangsefna hennar má nefna:

- Formaður nefndarinnar, Róbert Haraldsson, tók áframhaldandi þátt í vinnu undirbúningshóps um gerð aðgangsprófa fyrir háskólastigið. Róbert hélt sæti sínu í undirbúningshópnum eftir formannsskiptin.
- Nefndin tilnefndi þrjá kennara við skólann til viðurkenningar sem árlega er veitt fyrir kennslu í Háskóla Íslands. Verklagi við undirbúning tilnefninga var breytt á þann veg að allir nemendur gátu sent inn ábendingar um góða kennara og var samtals um 40 ábendingum úr að moða.
- Árlegt málþing Stúdentaráðs, kennslumálanefndar, gæðanefndar og Kennslumiðstöðvar var haldið 28. febrúar 2014. Sérstaklega var fjallað um gæðamat og aðkomu deilda og nemenda að því.
- Nefndin úthlutaði rúmum 11 millj.kr. úr Kennslumálasjóði til 20 verkefna en alls bárust 30 umsóknir um tæpar 30 millj.kr.
- Samráðsfundur var haldinn 12. maí með forsetum fræðasviða, deildarforsetum og skólameisturum framhaldsskóla. Efni fundarins voru kjarasamningar framhaldsskólakennara, aðgangspróf fyrir háskólastigið (APH), aðgangsviðmið við Háskóla Íslands og tengsl við fagkennara í framhaldsskólum.
- Undir forystu nefndarinnar luku allar deildir skólans gerð leiðbeinandi aðgangsviðmiða um undirbúning vegna náms við Háskóla Íslands.
- Fráfarandi formaður skilaði skýrslu um störf nefndarinnar 2008–2014 og voru þar tilgreind 23 tölusett efnisatriði.
- Gögn voru tekin saman um dreifingu einkunna, veikindavottorða og próffjarvista eftir fræðasviðum og deildum fyrir skólaárin 2008–2013.
- Áfram var fylgst með framvindu á sjálfsmati deilda.
- Vorið 2014 voru hugsanleg viðbrögð við boðuðu verkfalli Félags háskólakennara rædd og sama mál var rætt haustið 2014 en þá boðaði Félag prófessora verkfall. Af hvorugu verkfallinu varð.
- Að frumkvæði nefndarinnar var leitað samráðs við framkvæmda- og tæknisvið skólans um að vinna yfirlit um áætlanir, boðleiðir og ferli varðandi viðhald og þróun kennsluhúsnæðis og um að þeim upplýsingum yrði komið á framfæri við almenna kennara.

Samráðsnefnd um kjaramál

Á vegum háskólaráðs og rektors starfar samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál. Henni er ætlað að tryggja samstarf og samráð við stéttarfélög og samtök starfsmanna háskólans um kjara- og réttindamál, auk þess sem hún gegnir hlutverki samstarfsnefndar samkvæmt 11. kafla kjarasamninga fjármálaráðherra og stéttarfélaga ríkisstarfsmanna.

Samráðsnefndin er skipuð þremur fulltrúum. Tveir þeirra sitja starfs síns vegna í nefndinni en formaður er valinn úr röðum fastráðinna kennara. Nefndin var þannig skipuð árið 2014: Guðmundur R. Jónsson, prófessor, formaður, Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir, sviðsstjóri starfsmannasviðs, og Jenný Bára Jensdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs. Sigríður Björnsdóttir, verkefnisstjóri hjá fjármálum og rekstri, tók við sem starfsmaður nefndarinnar þegar Kristín Helga Markúsdóttir lögfræðingur á starfsmannasviði fór til annarra starfa á vormisseri 2014.

Árið var annasamt í starfi samráðsnefndar og margra stéttarfélaga hjá Háskóla Íslands. Má þar einkum nefna viðræður við Félag háskólakennara og Félag prófessora hjá ríkisháskólum en auk þess SFR, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Rafiðnaðarsambandið o.fl. Bæði Félag háskólakennara og Félag prófessora við ríkisháskóla höfðu boðað til verkfalls á árinu en samningar tókust í tæka tíð svo að ekki kom til verkfalla.

Vísindanefnd

Umfangsmikill hluti starfsemi vísindanefndar sneri að Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Unnið var úr umsóknum og úthlutað úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2015 veturinn 2014. Á vegum vísindanefndar starfa sjálfstæð fagráð sem skipuð eru þremur til fimm fulltrúum hvert. Hlutverk fagráða er að annast faglegt mat og forgangsröðun á umsóknum í Rannsóknasjóð Háskóla Íslands, Doktorssjóð RANNÍS og Háskólasjóð Eimskipafélagsins. Faglegt mat og forgangsröðun fagráða skal byggjast á forsendum og viðmiðum sem vísindanefnd háskólaráðs setur. Fagráðin meta allar umsóknir á fagsviði sínu. Samræming og lokafrágangur úthlutunar er síðan í höndum vísindanefndar.

Við úthlutun fyrir 2015 var unnið samkvæmt breyttum viðmiðum og samræming á mati á verkefnum og ritvirkni umsækjenda var aukin. Lögð var áhersla á að styrkja sem mest þau verkefni sem líklegust þykja til árangurs vegna vísindagildis og virkni umsækjanda. Auk þess var veitt aukafjárveiting til sjóðsins til þess að styðja við unga vísindamenn. Umsóknir í sjóðinn voru 287 og alls voru 266 verkefni styrkt. Alls var úthlutað um 248 m.kr. úr Rannsóknasjóði fyrir árið 2015. Hver styrkur nam að meðaltali 932 þús.kr. (sjá nánar kafla um Rannsóknasjóð). Einnig voru veittir styrkir til ráðstefnuferða stúdenta í doktorsnámi. Unnt var að styrkja 30 doktorsnema úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði. Í ár voru umsóknir alls 150 (sjá nánar kafla um doktorsstyrki). Faglegt mat á umsóknum var, samkvæmt reglum, í höndum vísindanefndar og fagráða hennar. Var umsóknum forgangsráðað eftir vísindalegu gildi verkefnis, vísindalegru hæfni leiðbeinenda og náms- og rannsókniferli stúdents.

Önnur verkefni vísindanefndar á árinu lutu aðallega að áframhaldandi endurskoðun á Rannsóknasjóði og breyttu fyrirkomulagi varðandi umsóknir, styrkveitingar og úrvinnslu. Einnig var áframhald á vinnu við að skerpa á áherslum um mat á umsóknum um doktorsstyrki.

Skipan vísindanefndar

Nefndina skipuðu árið 2014:

- Ármann Jakobsson, prófessor á Hugvísindasviði, formaður
- Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor á Félagsvísindasviði (vor 2014)
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor á Félagsvísindasviði (haust 2014)

- Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, dósent á Félagsvísindasviði varamaður haust 2014
- Irma Erlingsdóttir, dósent á Hugvísindasviði
- Oddur Ingólfsson, prófessor á Verkfræði- og náttúrvísindasviði
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor á Menntavísindasviði
- Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent á Menntavísindasviði, varamaður (haust 2014)
- Þórdís Kristmundsdóttir, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði (vor 2014)
- Árni Kristjánsson, prófessor á Heilbrigðisvísindasviði (haust 2014)
- Fanney Þórsdóttir, dósent á Heilbrigðisvísindasviði, varamaður (haust 2014)
- Ragnheiður B. Halldórsdóttir, fulltrúi stúdenta (vor 2014)
- Sunna Símonardóttir, fulltrúi stúdenta (haust 2014)

Stjórnsýsla

Skrifstofa rektors

Hlutverk rektors

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er rektor formaður háskólaráðs, yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan. Hann hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi skólans og á milli funda háskólaráðs fer hann með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor ræður starfslið sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og setur því starfslýsingar. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, að undangengnum almennum kosningum í háskólanum.

Skrifstofa

Starfsemi skrifstofu rektors felst í því að framfylgja lögskipuðu hlutverki háskólarektors, gæta heildarhagsmuna Háskóla Íslands og greiða fyrir því eftir bestu getu að stefna skólans megi ganga vel fram, þannig að háskólinn nái að rækja og rækta hlutverk sitt sem allra best í kennslu og rannsóknnum og þjónustu við samfélagið.

Rektorsskrifstofa hefur umsjón með málefnum sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans, háskólabingi, fundum háskólaráðs, ársfundi háskólans og fundum rektors með forsetum fræðasviða. Einnig hefur rektorsskrifstofa umsjón með samskiptum rektors við fulltrúa stjórnvalda, atvinnulífs og innlendra og erlendra háskóla- og rannsóknastofnana og samtaka þeirra, sem og við fulltrúa erlendra ríkja. Náin samvinna er við forseta fræðasviða, aðstoðarrektors vísinda og kennslu, framkvæmdastjóra fjármála og reksturs, deildarforseta, forstöðumenn stofnana og sviðsstjóra sameiginlegrar stjórnsýslu.

Á rektorsskrifstofu fer enn fremur fram margvísleg önnur regluleg starfsemi, svo sem móttaka og afgreiðsla erinda sem berast háskólanum, afgreiðsla viðtala eftir pöntun, miðlun upplýsinga til starfsmanna, umsjón með nefndum og starfshópum rektors um einstök málefni, útgáfa Árbókar Háskóla Íslands, umsjón með úthlutunum úr Háskólasjóði, brautskráningu kandiðata, viðurkenningum til starfsmanna, málþingum, ráðstefnum og fyrirlesturum á vegum rektors, útgáfa ýmiss kynningarefnis og umsjón með boðum og samkomum á vegum rektors, svo að nokkuð sé nefnt.

Miðstöð framhaldsnáms

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands (e. Graduate School) hóf starfsemi sína snemma árs 2009 í kjölfar þess að Stefna Háskóla Íslands 2006–2011 var mörkuð. Miðstöðinni er ætlað að tryggja og efla gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands og stuðla að framgangi þess í samræmi við ákvarðanir háskólaráðs.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Markmiðið með því gæðaeftirliti er að

viðhalda gæðum námsins, stuðla að ábyrgð leiðbeinenda, námsgreina og deilda. Enn fremur markmiðið að stuðla að kröftugu vísindastarfi sem stenst alþjóðlegan samanburð og samkeppni. Markið hefur verið sett hátt fyrir Háskóla Íslands og skólinn hefur eflst gríðarlega sem rannsóknaskóli undanfarin ár og vöxtur doktorsnámsins er eðlilegur hluti af þeirri þróun. Skráðir nemendur í doktorsnám eru nú um fimm hundruð talsins. Brautskráðir doktorar voru 82 talsins á árinu 2014.

Deildir háskólans bera faglega ábyrgð á framhaldsnámi við skólann. Miðstöð framhaldsnáms hefur heildaryfirsýn yfir framhaldsnámið og starfar náið með deildum, fræðasviðum og stjórnslu, auk þess að vera tengiliður við ýmsa samstarfsaðila innan lands og utan. Miðstöðin hefur aðsetur í Aðalbyggingu háskólans. Formaður stjórnar er Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrekktor vísinda og kennslu, skrifstofustjóri er Magnús Lyngdal Magnússon og verkefnisstjóri er Pétur Ástvaldsson. Miðstöðin hefur eigin vefsíðu þar sem er að finna ýmsar upplýsingar um doktorsnám við Háskóla Íslands, svo sem tölfraði námsins, nýjar doktorsvarnir, reglur um doktorsnám, sögulegt yfirlit o.fl.

Hlutverk og verkefni

Hlutverk Miðstöðvar framhaldsnáms er að vinna að söfnun og greiningu tölulegra upplýsinga um doktorsnám við Háskóla Íslands og að sinna því að öllum almennum reglum sé framfylgt. Þar koma til umfjöllunar gæðakröfur til leiðbeinenda, svo og þeirra sem veljast til setu í doktorsnefndir. Miðstöðin sinnir upplýsingagjöf til leiðbeinenda um skyldur, réttindi og hlutverk þeirra, auk þess að leggja mat á hæfi tilnefndra andmælenda við doktorsvarnir. Doktorsnemar geta beint erindum til miðstöðvarinnar telji þeir að viðkomandi fræðasvið, deild eða námsleið fullnægi ekki settum viðmiðum og kröfum um gæði námsins. Miðstöðin gegnir einnig staðfestingarhlutverki við að samþykka nýjar námsleiðir í framhaldsnámi í samvinnu við kennslusvið. Ný viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands voru samþykkt 2012 og er þar m.a. lögð áhersla á að gera verkferla miðstöðvarinnar enn markvissari en áður. Með skýrari reglum um framhaldsnámið hefur skapast meiri formfesta, sem er mikilvægt þegar horft er til þess hve umfangsmikið doktorsnám við Háskóla Íslands er orðið.

Meðal verkefna miðstöðvarinnar er að halda utan um sértæka samstarfssamninga um framhaldsnám og prófgráður sem eru sameiginlegar með erlendum háskólum og leiðbeina um gerð slíkra samninga. Slíkir samningar eru orðnir yfir 30, einkum við evrópska háskóla. Sömuleiðis sér miðstöðin um að auglýsa og úthluta aðstoðarkennarastyrkjum sem skólinn hefur veitt doktorsnemum árlega frá 2007, í samvinnu við vísinda- og nýsköpunarsvið. Miðstöðin hefur staðið fyrir því að efla samvinnu við nemendafélög doktorsnema á fræðasviðum Háskóla Íslands og hún gengst einnig fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum er varða framhaldsnám við skólann. Í nánustu framtíð er enn fremur stefnt að því að halda námskeið fyrir leiðbeinendur doktorsnema.

Í gagnagrunni miðstöðvarinnar yfir alla skráða doktorsnema við Háskóla Íslands hverju sinni er að finna ítarlegar upplýsingar frá fræðasviðum um hvern doktorsnema, leiðbeinendur, doktorsnefndir, námsframvindu og fleira. Umsjón með grunninum er á hendi miðstöðvarinnar en upplýsingarnar eru jafnframt miðlægar, þ.e. tengiliðir eða umsjónarmenn frá hverju fræðasviði tryggja að þar séu ávallt nýjustu og nákvæmustu upplýsingar um doktorsnema og stöðu þeirra í náminu.

Fullveldisdagurinn, 1. desember, er nú tileinkaður doktorsnámi og brautskráðum doktorum frá Háskóla Íslands. Miðstöð framhaldsnáms hefur frá 2011 staðið að hátíð brautskráðra doktora þann dag en þar hafa þeir verið heiðraðir sem luku doktorsprófi frá skólanum undanfarið ár. Í ár tóku 79 doktorar, 30 karlar og 49 konur, við gullmerki Háskóla Íslands á hátíðinni og hafa þeir aldrei verið fleiri. Doktorarnir voru af öllum fimm fræðasviðum háskólans og hafa þeir lagt mikið til rannsóknar og nýsköpunar innan skólans. Um það bil þriðjungur þessa hóps er með erlent ríkisfang, frá 13

löndum í Evrópu, Norður-Ameríku, Asíu og Afríku. Brautskráðum doktorum hefur fjölgað gríðarlega á undanförunum árum, t.d. voru þeir 32 árið 2009 og hefur þeim því fjölgað um 156% á tímabilinu. Samtals hafa 290 doktorar lokið doktorsgráðu frá Háskóla Íslands á tímabilinu 2009–2014 og á árinu stunduðu tæplega 500 nemendur doktorsnám við Háskóla Íslands. Hátíð brautskráðra doktora hefur mælst afar vel fyrir og er nú fastur viðburður á dagskrá háskólans.



Markaðs- og samskiptamál

Markaðs- og samskiptasvið

Markaðs- og samskiptasvið er eitt af sex þjónustu- og stoðsviðum sameiginlegrar stjórnarsýslu Háskóla Íslands. Sviðið hefur heildarumsjón með markaðs-, kynningar- og samskiptastarfi innan allra eininga háskólans og skilgreinir stefnu háskólans að þessu leyti í samvinnu við yfirstjórn hans, fræðasviðin fimm og sérstakt markaðs- og kynningarráð skólans. Markaðs- og samskiptasvið stýrir einnig gerð hönnunarstaðals háskólans í samvinnu við sömu aðila og gefur hann út. Sviðið stuðlar að því að ytri og innri hagsmunahópar hafi skýra mynd af hlutverki Háskóla Íslands, starfi hans, stefnu og stöðu.

Helstu verkefni

Helstu verkefni markaðs- og samskiptasviðs felast að miklu leyti í eftirfarandi þáttum:

- mörkun stefnu um fagleg innri og ytri samskipti Háskóla Íslands,
- yfirstjórn ytri vefs og mörkun vefstefnu í samvinnu við sérstakan vefstjórnarhóp,
- eftirfylgni við framangreindar stefnur,
- upplýsingamiðlun á innri vef og þróun hans,
- samskiptum við fjölmiðla ásamt aðstoð við allar einingar háskólans og ráðgjöf um fjölmiðlasamskipti,
- stjórnun viðburða á vegum Háskóla Íslands ásamt faglegri ráðgjöf og aðstoð í tengslum við viðburði,
- útgáfu markaðs-, kynningar- og fréttæfnis í nafni Háskóla Íslands,
- aðstoð og ráðgjöf við vinnslu markaðs- og kynningarefnis fyrir allar einingar skólans,
- auglýsingamálum Háskóla Íslands,
- lifandi miðlun vísinda til ungs fólks og samfélagsins alls,
- mótun hollvinastarfs og innleiðingu á slíku starfi,
- ýmiss konar aðstoð við úthlutun úr Styrktarsjóðum Háskóla Íslands,
- gerð samninga við samstarfsaðila um markaðs- og kynningarmál.

Stjórn og starfslið

Sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs er Jón Örn Guðbjartsson. Kynningarmál á árinu voru í höndum hans og Björns Gíslasonar, sem jafnframt ritstýrði vefsvæði skólans. Guðrún J. Bachmann helgaði krafta sína vísindamiðlun, sem er skilgreind sem áhersluþáttur í stefnu skólans. Hún stýrði verkefninu Háskólalestin þar sem efnt var til vísindaveislu á landsbyggðinni. Háskóli unga fólksins var með í lestinni og kom lestin að þessu sinni við á fimm stöðum á landsbyggðinni. Guðrún stýrði jafnframt Vísindasmiðjunni í Háskólabíói. Markmið Vísindasmiðjunnar er að efla áhuga ungmenna á vísindum og fræðum með gagnvirkum og lifandi hætti og styðja þannig við kennslu á sviði náttúru- og raunvísinda. Einnig eru í boði námskeið og fræðsla fyrir kennara. Vísindasmiðjan er starfrækt í nánnum tengslum við öll skólastig landsins.

Guðrún hafði jafnframt umsjón með verkefninu Biophilia sem hrint var í framkvæmd í samvinnu við tónlistarkonuna Björk Guðmundsdóttur og Reykjavíkurborg árið 2011. Um er að ræða nýstárlegt verkefni þar sem fléttað er saman vísindum og tónlist og hvoru tveggja miðlað til grunnskólabarna. Vefstjórn háskólans var í höndum Maríu Ásdísar Stefánsdóttur og Sigfúsar Þórs Sigmundssonar, sem hóf störf á árinu. Díana Dögg Víglundsdóttir, sem hafði verið vefstjóri Háskóla Íslands frá árinu 2009, sagði starfi sínu lausu í byrjun árs. Við starfslok Díönu Daggar voru gerðar breytingar á skipulagi vefmála og ráðnir tveir vefstjórar, þau María Ásdís Stefánsdóttir, sem áður hafði starfað sem

verkefnisstjóri vefmála á markaðs- og samskiptasviði, og Sigfús Þór Sigmundsson, eins og fyrr segir. Bryndís Erna Jóhannsdóttir var ritstjóri innri vefs skólans, eða Starfsmanna-Uglu, og ritstjóri ensks vefs skólans. Kristín Ása Einarsdóttir stjórnaði stærri viðburðum og kynningum á námsframboði skólans og var verkefnisstjóri háskóladagsins. Auk þess var hún skólastjóri Háskóla unga fólksins, sem fagnaði tíu ára starfsafmæli á árinu. Kristín Ása var jafnframt til aðstoðar við ferðir Háskólalestarinnar.

Upplýsingaskrifstofa háskólans heyrir undir sviðið. Deildarstjóri upplýsingaskrifstofu er Ása Kolka Haraldsdóttir og þar störfuðu einnig Guðbjörg S. Haraldsdóttir og Guðrún Pétursdóttir sem starfaði þar fyrri hluta ársins. Í hennar stað var Eva Ingibjörg Sumarliðadóttir ráðin. Markmið upplýsingaskrifstofunnar er að veita greinargóðar upplýsingar um starfsemi Háskóla Íslands öllum þeim sem til hennar leita, hvort sem það eru nemendur, starfsmenn eða gestir. Helstu verkefni upplýsingaskrifstofu eru símsvörun í aðalnúmer háskólans, bókanir í stofur og gestaíbúðir og dreifing á kynningarefni Háskóla Íslands.

Viðburðir

Að venju kom markaðs- og samskiptasvið að fjölda viðburða. Sviðið sá um almannatengsl, fréttamiðlun, undirbúning, umsýslu og útfærslu á fjölmörgum viðburðum og verkefnum, annaðhvort eitt og sér eða í samvinnu við aðrar einingar innan eða utan háskólans.

Annað stærsta verkefni markaðs- og samskiptasviðs á árinu var að taka þátt í að skipuleggja sérstaka fyrirlestraröð rektors sem hleypt var af stokkunum á haustmisseri. Fyrirlestraröðin nefnist Vísindi á mannamáli og markmiðið með henni er að undirstrika mikilvægi vísinda og nýsköpunar og flytja fólki upplýsingar um rannsóknir á einföldu og skýru máli. Fyrsti fyrirlesarinn var Jórunn Erla Eyfjörð, prófessor við Læknadeild, og annan fyrirlesturinn flutti Ágústa Guðmundsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild.

Hitt verkefnið sem ávallt er meðal allra stærstu verkefnum sviðsins er kynning á námsframboði Háskóla Íslands á háskóladeginum, sem markaðs- og samskiptasvið stýrir, ásamt kynningum á landsbyggðinni, sem fram fóru á Höfn, Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og Ísafirði 10.–14. mars. Námskynningin á háskóladeginum, sem í ár var þann 1. mars, var gríðarlega vel sótt. Auk þessa sá sviðið um fjölda kynninga á helstu námsleiðum, bæði innan skólans og utan, í samvinnu við fulltrúa nemenda.

Önnur helstu verkefni sem sviðið sinnti á árinu:

- Fjölmargar gönguferðir voru farnar undir heitinu Með fróðleik í fararnesti í samvinnu við Ferðafélag Íslands. Þar leiddu vísindamenn háskólans og leiðsögumenn á vegum Ferðafélagsins saman hesta sína í fræðandi gönguferðum um höfuðborgarsvæðið og nágrenni þess.
- Háskólalest Háskóla Íslands. Á árinu var farið til Vestmannaeyja, Hólmavíkur, Dalvíkur, í Snæfellsbæ og á Laugarvatn.
- Háskóli unga fólksins fagnaði tíu ára afmæli og starfaði í viku í júnímánuði, auk þess sem hann fór á áðurnefnda fimm staði á landsbyggðinni með Háskólalestinni.
- Útgáfa og öll vinnsla Tímarits Háskóla Íslands.
- Afhending Hagnýtingarverðlauna Háskóla Íslands.
- Hátíð brautskráðra doktora 1. desember þar sem doktorar sem brautskráðst höfðu frá skólanum síðustu tólf mánuði voru heiðraðir.
- Almannatengslaherferðir vegna allra helstu viðburða ársins.
- Almanntengslaherferðir vegna vísindarannsókna, m.a. þeirra sem fjallað var um í Tímariti Háskóla Íslands.
- Brautskráningar frá Háskóla Íslands.

- Alþjóðadagur, 13. nóvember, þar sem kynntir voru fjölbreyttir möguleikar á skiptinámi í samstarfi við Skrifstofu alþjóðasamskipta.
- Kynning á háskólatónleikum.
- Móttaka íslenskra og erlendra gesta.
- Móttaka nýnema og nýnemadagar 1.–5. september í samstarfi við Félagstofnun stúdenta, þjónustueiningar Háskóla Íslands, Stúdentaráð og fleiri.
- Fjölmargar úthlutanir úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands.
- Úthlutun úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta við Háskóla Íslands.
- Aðstoð við kynningu á Þjóðarspegli, Hugvísindabíngi og Menntakvikku.
- Rekstur og þróun Vísindasmiðjunnar í samstarfi við vísindamenn og nemendur í raunvísindum.
- Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda.
- Framadagar.

Háskóli Íslands í fjölmiðlum

Markaðs- og samskiptasvið háskólans starfar náið með íslenskum fjölmiðlum og leggur sig fram við að miðla til þeirra upplýsingum um starfsemi háskólans, m.a. upplýsingum sem snerta vísindarannsóknir, nýsköpun, viðburði, námsframboð, alþjóðatengsl, tengsl við atvinnulíf, úthlutun styrkja, afrek og kennslu.

Háskólinn hefur á að skipa fjölda sérfræðinga á ýmsum fræðasviðum sem fjölmiðlar nýta sér í æ ríkara mæli til að varpa ljósi á ólík málefni. Með samskiptum við fjölmiðla miðlar háskólinn fræðilegri sýn og margbreytilegri túlkun sérfræðinga sinna á málefnum líðandi stundar.

Háskóli Íslands var með hartnær 70 prósent allrar umfjöllunar í fjölmiðlum á árinu 2014 um starfsemi háskóla á Íslandi. Umfjöllun um Háskóla Íslands jókst gríðarlega á árinu, eða um 37,2 prósent. Birtist umfjöllun um hann í fjölmiðlum 6.383 sinnum á árinu, eða rösklega 17 á dag að meðaltali. Þetta er miðað við skýrslu CreditInfo. Háskóli Íslands lagði áherslu á að auka hlut skólans í umfjöllun í öllum miðlum á árinu og tókst það framur vonum.

Markaðs- og samskiptasvið aðstoðaði fjölda innlendra og erlendra fjölmiðla við að nálgast sérfræðinga háskólans á árinu. Sérfræðingar háskólans voru áberandi í umræðunni hér heima á árinu við álitsgjöf á ýmsum málum í samfélaginu, sem vörðuðu m.a. umhverfi, jarðvísindi, stöðu hagkerfisins, stjórnsmál, siðfræði, lögfræði, íslenska tungu, heilsu og hag almennings.

Fræðasvið, deildir og stofnanir háskólans leituðu enn fremur ráðgjafar og þjónustu hjá markaðs- og samskiptasviði um ýmsa þætti fjölmiðlatengsla.

Aukið traust til Háskóla Íslands

Samfara aukinni tíðni á umfjöllun um Háskóla Íslands jókst traust til skólans verulega á árinu, eða úr 61,3 prósentum árið 2013 í 70,2 prósent árið 2014. Þetta er samkvæmt könnun MMR (Market and Media Research) sem gerð var í október bæði árin. Í könnuninni árið 2014 sögðust flestir bera mikið traust til lögreglunnar og til Háskóla Íslands.

Útgáfa kynningarefnis

Markmiðið með útgáfu á kynningarefni háskólans er að koma á framfæri upplýsingum um það fjölbreytta starf sem unnið er innan skólans.

Á árinu var Tímarit Háskóla Íslands efnismeira en nokkru sinni með áherslu á rannsóknir innan Háskóla Íslands. Umbrot var í höndum Tryggva Ólafssonar og Jóns Arnar Guðbjartssonar en

Ljósmyndir tóku Kristinn Ingvarsson, Stefán Helgi Valsson, Gunnar Sverrisson, Ragnar Axelsson, Jón Örn Guðbjartsson, Björn Gíslason og fleiri. Ritstjórar voru Björn Gíslason og Jón Örn Guðbjartsson. Efnisöflun og vinnsla var að mestu í höndum starfsmanna markaðs- og samskiptasviðs en nokkur hluti greina kom frá nemendum í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands.

Annað kynningarefni um starfsemi háskólans var af ýmsum toga, m.a.:

- efnismikill bæklingur um helstu þætti í starfsemi Háskóla Íslands sem var gefinn út rafrænn á heimasvæði skólans,
- yfirlit yfir allar námsleiðir í grunnnámi og framhaldsnámi við Háskóla Íslands,
- kynningarbæklingur fyrir nýnema,
- bæklingur í tilefni hátíðar brautskráðra doktora,
- bæklingur í tengslum við úthlutun doktorsstyrkja við skólann.

Fjöl margar deildir og námsleiðir innan háskólans gáfu jafnframt út eigið kynningarefni um starfsemi sína og námsframboð. Einingarnar leituðu margar eftir ráðgjöf og þjónustu markaðs- og samskiptasviðs við hönnun, útgáfu og prentun á kynningarefninu.

Vefmál Háskóla Íslands

Heildarumsjón með inntaki og útliti ytri vefsvæða Háskóla Íslands er í höndum markaðs- og samskiptasviðs. Sviðið vinnur náið með sérstökum vefstjórnarhópi. Í honum voru, auk Jóns Arnar Guðbjartssonar sviðsstjóra, þau María Ásdís Stefánsdóttir og Sigfús Þór Sigmundsson, vefstjórar Háskóla Íslands, Björn Gíslason vefritstjóri, Bryndís Erna Jóhannsdóttir, ritstjóri ensks vefs og innri vefs starfsmanna, Sif Sigfúsdóttir, fyrir Félagsvísindasvið, Katrín Björg Jónasdóttir (út september 2014) og Ingunn Eyþórsdóttir (frá október 2014), fyrir Heilbrigðisvísindasvið, Guðmundur Hörður Guðmundsson, fyrir Hugvísindasvið, Kolbeinn Marteinson, fyrir Menntavísindasvið, og Dagrún Briem (fram á haust 2014) og Jón Atli Hermannsson (frá desember 2014), fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Verkefnisstjórn Uglu, sem skipuð var árið 2013, starfaði áfram. Hana skipa eftirfarandi fyrir hönd markaðs- og samskiptasviðs: Jón Örn Guðbjartsson, formaður, María Ásdís Stefánsdóttir, Sigfús Þór Sigmundsson og Bryndís Erna Jóhannsdóttir. Fulltrúi vef- og kynningarstjóra fræðasviða var Sif Sigfúsdóttir en Kolbeinn Marteinson tók sæti hennar undir lok ársins. Fulltrúar Reiknistofnunar Háskóla Íslands voru Baldur Eiríksson og Ragnar Stefán Ragnarsson.

Í byrjun árs var tilkynnt að vefur Háskóla Íslands, hi.is, hefði tilnefndur sem aðgengilegasti vefurinn á vefverðlaunum Samtaka vefiðnaðarins (SVEF).

Fjöldmörg verkefni voru unnin á vefsviði á árinu. Mikil vinna var lögð í nýjan vef fyrir hönnunarstaðal Háskóla Íslands á slóðinni honnunarstadall.hi.is. Þessi framsetning á efni hönnunarstaðalsins bætir til muna aðgengi að því efni sem þar er eð finna. Opnaður var fjöldi nýrra eða uppfærðra vefja á vegum ýmissa stofnana Háskóla Íslands auk einstaklingsvefja og ýmissa sérvefja.

Vinnu við smáforrit (app) Háskóla Íslands var haldið áfram og var því hleypt af stokkunum í ágúst. Nefnist forritið SmáUgla og er í boði fyrir Android- og iOS-snjalltæki. Samhliða smáforriti Háskóla Íslands var opnað samsvarandi forrit fyrir aðra opinbera háskóla landsins, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Háskólann á Hólum. Smáforritið er einkum ætlað nemendum sem geta þar nálgast ýmsar upplýsingar tengdar námi sínu en einnig gagnast það starfsmönnum og gestum á háskólasvæðinu. SmáUgla var kynnt á nýnemadögum Háskóla Íslands og hlaut góðar viðtökur.

Starfsmannahluti Uglu sem opnaður var í breyttri mynd í byrjun árs 2013 hefur verið í stöðugri þróun. Unnið er markvisst að því að gera starfsmannavefinn að öflugri upplýsingaveitu og þjónustuvæði fyrir alla starfsmenn skólans. Regluleg námskeið og kynningar voru haldin fyrir notendur starfsmannavefsins.

Í nóvember var í þriðja sinn haldinn stefnumótunardagur um málefni ytri vefja Háskóla Íslands. Farið var yfir vefstefnu háskólans. Meginþema dagsins var úttekt á vefnum sem Fúnksjón vefráðgjöf vann á hi.is og kynnti á stefnumótunardeginum.

Sú nýbreytni var tekin upp að í stað byrjendanámskeiða fyrir nýja vefritara í Drupal-vefumsjónarkerfinu var farið að bjóða upp á einkakennslu. Með því verður kennslan sérsniðin að þörfum viðkomandi vefritara. Einnig var boðið upp á mánaðarlegar vinnustofur þar sem vefritarar gátu fengið aðstoð við raunveruleg úrlausnarefni. Vefkennslan og vinnustofurnar hafa reynst gríðarlega vel og hjálpað til við að halda uppi gæðum vefja háskólans.

Kynningarefni í sjónvarpi

Vísindapættirnir Fjársjóður framtíðar sýndir á Norðurlöndum

Tvær norrænar sjónvarpsstöðvar sýndu á árinu sjónvarpsþáttaröðina Fjársjóður framtíðar sem markaðs- og samskiptasvið háskólans hefur unnið frá afmælisárinu 2011. Röðin er helguð vísindarannsóknnum við skólann en við hann eru unnar fjölbreyttar rannsóknir á ólíkum fræðasviðum. Þættirnir voru frumsýndir á RÚV sumarið 2013 og vöktu mikla athygli en hartnær 80 vísindamenn innan Háskóla Íslands sögðu frá rannsóknnum sínum í röðinni. Markmiðið með þáttunum er að veita sýn á hið fjölbreytta rannsóknastarf sem vísindamenn háskólans sinna við afar ólíkar aðstæður og er þeim fylgt við rannsóknir á ferð og flugi víða um land. Þættirnir ná til vísindarannsókna á öllum fræðasviðum Háskóla Íslands en í brennipunkti eru þó rannsóknir sem tengjast auðlindum Íslands, ekki síst hafinu og víðernum.

Röðin var síðan endursýnd á RÚV á haustmánuðum í ár og auk þess var hún sýnd á UR í Svíþjóð og á YLE 5 í Finnlandi og var þar kynnt sem Íslands ríkedom. Þáttaröðin veitir áhorfendum skarpa sýn á hið fjölbreytta starf sem vísindamenn háskólans sinna og hvernig þeir vinna við rannsóknir við afar ólíkar aðstæður. Kvikmyndatökur fóru fram víða um land, m.a. á Hornströndum, Snæfellsnesi, Breiðafirði, Íslandsmiðum, í Bolungarvík, Skálavík, á Rauðasandi, Hornafirði, Látrabjargi og víðar.

Framleiðandi var Kukl, kvikmyndatökumenn voru Bjarni Felix Bjarnason og Konráð Gylfason, sem stjórnaði einnig upptökum ásamt Jóni Erni Guðbjartssyni, sviðsstjóra markaðs- og samskiptasviðs. Handritsgerð var í höndum Jóns Arnar, Björns Gíslasonar og Konráðs.

Sjónvarpsþáttaröðin tilnefnd til gullverðlauna

Sjónvarpsþáttur úr vísindapáttaröðinni Fjársjóður framtíðar var sýndur á einni virtustu vísindakvikmyndahátíð Evrópu, AFO-hátíðinni í Olomouc í Tékklandi, í apríl. Þáttaröðin var tilnefnd til gullverðlauna í flokki vísindastuttmynda en hlaut þó ekki sigurlaunin.

Tveir sjónvarpsþættir í smíðum

Á árinu hófust tölur á tveimur nýjum sjónvarpsþáttum fyrir RÚV, annar fjallar um verkefnið Háskólalestina og hinn um Háskóla unga fólksins, en bæði verkefnin eru helguð ungu fólki og eiga að efla vitund þess um mikilvægi menntunar og rannsókna. Tölur fóru fram í maí til september 2014.

Jón Örn Guðbjartsson, Björn Gíslason, Guðrún Bachmann og Kristín Ása Einarsdóttir unnu handritið. Dagskrágerð var í höndum Jóns Arnar Guðbjartssonar, Björns Gíslasonar og Konráðs Gylfasonar kvikmyndagerðarmanns. Þættirnir eru framleiddir af Háskóla Íslands og Stórveldinu ehf. Þeir verða sýndir á árinu 2015.

Vísindamiðlun

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á að rækta fræðsluhlutverk sitt og miðla vísindum til almennings. Eitt helsta verkefni markaðs- og samskiptasviðs í vísindamiðlun árið 2014 var Háskóli unga fólksins. Í honum koma saman hundruð nemenda grunnskólanna og kynnast um stund námi og starfi við Háskóla Íslands. Að þessu sinni var rösklega þrjú hundruð grunnskólanemendum boðið á vettvang vísindanna í vikutíma í júnímánuði en skólinn fagnaði tíu ára starfsafmæli.

Á árinu vakti ferðalag Háskólalestarinnar einnig mikla athygli. Í Háskólalest Háskóla Íslands er boðið upp á vísindaleiki, léttu en markvissa kennslu fyrir grunnskólanema og fjör og gríðarlega fjölbreytt fræði sem gjarnan eru sniðin að sérkennum þess staðar sem er heimsóttur. Verkefninu var hrint af stað á aldarafmæli Háskóla Íslands árið 2011. Lestin heimsótti fimm áfangastaði vorið og haustið 2014 í nánú samstarfi við grunnskóla, sveitarfélög og marga fleiri. Í lestinni voru fræði og fjör úr Háskóla unga fólksins, Sprengjugengi Háskóla Íslands, tilraunasmiðjur og alls kyns óvæntar uppkomur. Á árinu var farið til Vestmannaeyja, Hólmavíkur, Dalvíkur, í Snæfellsbæ og á Laugarvatn.

Háskóli Íslands hélt áfram vinnu og þróun á Biophilia-menntaverkefninu í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Björk Guðmundsdóttur listakonu. Inni í stórbrotinni veröld Biophilia-verkefnisins læra nemendur m.a. á snertivirk smáforrit (e. App) sem eru hin fyrstu sinnar tegundar í heiminum. Markmiðið með þessum nýstárlegu vísinda- og tónfræðismiðjum er að kveikja áhuga og forvitni ungs fólks á vísindum, lífinu og umheiminum í sinni víðustu mynd og standa vonir til þess að Biophilia-menntaverkefnið geti haft áhrif á hefðbundna kennsluhætti. Mikil undirbúnings- og þróunarvinna fór fram í tengslum við verkefnið vegna formennskuárs Íslands í Norrænu ráðherranefndinni á árinu og tók Guðrún Bachmann þátt í þeirri vinnu fyrir hönd Háskóla Íslands.

Þá naut Vísindasmiðja Háskóla Íslands mikilla vinsælda en hún er til húsa í Háskólabíói. Markmið hennar er að efla áhuga ungmenna á vísindum og fræðum með gagnvirkum og lifandi hætti og styðja þannig við kennslu á sviði náttúru- og raunvísinda. Vísindasmiðjan er starfrækt í nánú tengslum við öll skólastig landsins en á árinu heimsóttu fjölmargir bekkir á miðstigi og elsta stigi grunnskóla smiðjuna og nutu þar leiðsagnar bæði kennara og nemenda við Háskóla Íslands.

Markaðs- og samskiptasvið hefur umsjón með þátttöku Háskóla Íslands í Vísindavöku Rannís og ber ábyrgð á framkvæmd þess verkefnis.

Innri tengsl og samstarf

Starfsmenn markaðs- og samskiptasviðs sátu í ýmsum vinnuhópum og nefndum um verkefni innan og utan háskólans á árinu. Jón Örn, Björn, Guðrún og Kristín Ása sátu í markaðs- og kynningarráði skólans ásamt Ásu Kolku Haraldsdóttur. Í markaðs- og kynningarráði sátu einnig Sif Sigfúsdóttir, fyrir Félagsvísindavið, Guðmundur Hörður Guðmundsson, fyrir Hugvísindasvið, og Katrín Björg Jónasdóttir, fyrir Heilbrigðisvísindasvið, Kolbeinn Marteinson fyrir Menntavísindasvið og Dagrún Briem við Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Undir lok árs tók Jón Atli Hermannsson við starfi Dagrúnar og Ingunn Eypórsdóttir leysti Katrínu af í byrjun októbermánaðar.

Jón Örn, María Ásdís og Sigfús Þór leiddu vefstjórnarhóp skólans og í honum sat einnig Bryndís Erna Jóhannsdóttir. Jón Örn var varamaður í stjórn Vísindavefsins.

Erlend tengsl og samstarf

Markaðs- og samskiptasvið tekur þátt í margs konar alþjóðlegu og norrænu samstarfi, meðal annars í EUSEA, Evrópusamtökum um vísindamiðlun, NUAS, samtökum starfsfólks í stjórnsýslu norrænna háskóla, og EUPRIO, samtökum markaðs- og samskiptafólks í evrópskum háskólum. Jón Örn sat í stýrihópi í NUAS og í stjórn EUPRIO og tók virkan þátt í starfseminni, meðal annars með fyrirlestrahaldi og þátttöku í ráðstefnum.

Á árinu flutti Jón Örn fyrirlestur um kvikmyndagerð á vegum markaðs- og samskiptasviðs á kvikmyndahátíðinni AFO í Olomouc í Tékklandi og erindi um vísindamiðlun til ungs fólks á ráðstefnu NUAS í Árósum í Danmörku.

Guðrún Bachmann flutti einnig nokkur erindi á árinu um Biophilia-menntaverkefnið, Háskólalestina og afsprengi hennar, Norrænu þekkingarlestina. Þar má nefna erindi á Nordiske Broer, norrænni ráðstefnu um fullorðinsfræðslu sem haldin var í Reykjavík, ásamt fyrirlestri á ráðstefnu NSCF, norrænna samtaka vísindasetra (Nordisk Science Centre Förening) í Borås í Svíþjóð. Enn fremur hélt hún erindi og vinnustofur á ESOF, European Science Organizations Forum, sem haldið var í Kaupmannahöfn.

Kennslumál, stúdentar og brautskráningar

Í megindráttum annast kennslusvið málefni er lúta að kennslu og námi annars vegar og stjórnsýslu hins vegar. Helstu verkefni kennslusviðs eru yfirumsjón og eftirlit með kennslu- og nemendamálum háskólans, inntöku- og skráningu nemenda, prófahaldi, mati á námi frá öðrum skólum, innlendum sem erlendum, jafnréttismálum, reglusetningu og samningagerð, stjórnun og nefndum og undirbúningi og afgreiðslu mála fyrir háskólaráð.

Stærsta einstaka verkefnið á árinu var þátttaka í vinnu við heildarúttekt háskólans sem fram fór á vegum gæðaráðs háskóla. Allar starfseiningar kennslusviðs komu að því verkefni. Meðal annarra verkefna á árinu var áframhaldandi þróun á aðgangsprófum fyrir háskólastig en kennslusvið annast undirbúning og framkvæmd prófanna í samvinnu við deildir. Þá var hafinn undirbúningur að endurskoðun reglna um inntökuskilyrði í grunnnám, m.a. í ljósi breyttrar aðalnámsskrár framhaldsskóla sem kemur til fullrar framkvæmdar á árinu 2015 og m.t.t. aðgangsviðmiða í deildir sem sett voru vorið 2014.

Á vegum kennslusviðs eru, auk skrifstofu sviðsins, jafnframt starfræktar sem sérstakar starfseiningar: Kennslumiðstöð, Náms- og starfsráðgjöf, Nemendaskrá, Þjónustuborð í Háskólatorgi og Matsskrifstofa. Kennslusvið starfrækir jafnframt ENIC-/NARIC-upplýsinga- og matsskrifstofu, skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sem annast upplýsingar um mat- og viðurkenningu náms frá öðrum löndum. Þá starfar jafnréttisfulltrúi háskólans innan kennslusviðs í nánú samstarfi við jafnréttisnefnd háskólaráðs.

Í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 kemur fram að háskólaárið telst frá 1. júlí til jafnlengdar næsta ár. Kennsluárið skiptist í tvö misseri, haustmisseri frá 20. ágúst til 18. desember og vormisseri frá 4. janúar til 10. maí. Nýskráning fer fram í lok maí og byrjun júní ár hvert og einnig er tekið við skráningarbeiðnum í byrjun janúar. Háskóli Íslands brautskráir stúdentta tvisvar á ári, í júní og febrúar. Stúdentar sem ljúka námi í september geta fengið námslok sín staðfest og prófskírteini

afhent í október. Nýttar voru heimildir til að veita undanþágu frá inntökuskilyrðum í einstökum deildum háskólaárið 2014–2015 skv. ákvörðun háskólaráðs. Nýskráningar á vormisseri 2014 voru 3.675 og 3.156 á haustmisseri 2014.

Skrifstofa kennslusviðs

Á skrifstofu kennslusviðs er eitt meginverkefnið umsjón með undirbúningi funda háskólaráðs og umsjón með að ákvörðunum ráðsins og rektors sé framfylgt í samræmi við gildandi lög og reglur. Þá hefur skrifstofan umsjón með samningagerð í mörgum málefnum f.h. Háskóla Íslands, breytingum á lögum og reglum háskólans og setningu nýrra reglna. Sviðsstjóri hefur umsjón með framkvæmd verkefna- og stýrihóps Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss og umsjón með tengslum háskólans við EUA (Samtök evrópskra háskóla), IMHE (OECD Programme on Institutional Management in Higher Education) og UNICA (Samtök háskóla í höfuðborgum Evrópu). Skrifstofan hefur umsjón með ráðningarmálum allra eininga kennslusviðs í tengslum við heildarfjárhagsáætlun sviðsins og skiptingu fjárveitingar á milli starfseininga þess.

Öll þjónusta kennslusviðs við nemendur er í Háskólatorgi. Á þriðju hæð eru Nemendaskrá, Náms- og starfsráðgjöf, Matsskrifstofa – ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa og skrifstofa jafnréttisfulltrúa háskólans. Þjónustuborðið er á annarri hæð.

Eins og síðustu ár var lögð áhersla á aðhald og hagræðingu í rekstri. Sókn til að afla tekna var jafnframt hert. Samræmd heimasíða allra eininga kennslusviðs er stöðugt verkefni sem unnið er að, svo og skráning á öllum nefndum, stjórnnum og starfshópum skólans. Verkefnisstjóri á skrifstofu undirbýr fundi jafnréttisnefndar og ritar fundargerðir. Verkefnum einstakra starfseininga kennslusviðs er lýst sérstaklega aftar í þessum kafla.

Lög og reglur

Reglur nr. 569/2009 tóku gildi 1. júlí 2009, sbr. lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands höfðu verið sameinaðir með lögum sem tóku gildi 1. júlí 2008. Nýjar reglur og breytingar á eldri reglum voru birtar 14 sinnum í Stjórnartíðindum á árinu. Jafnframt var unnið áfram að verklagsreglum sviðsins, sem eru hluti af gæðakerfi skólans og eru þær aðgengilegar á Uglu: <https://ugla.hi.is/kerfi/view/page.php?sid=1708>. Lög og reglur og verklagsreglur sem háskólaráð hefur samþykkt eru aðgengileg á vefsíðunni http://www.hi.is/adalvefur/log_og_reglur.

Kennsluskrá

Kennsluskrá Háskóla Íslands er gefin út árlega á vefnum, á slóðinni kennsluskra.hi.is. Í kennsluskránni er m.a. lýst skipulagi náms á hverju fræðasviði skólans og í hverri deild. Gerð er grein fyrir öllum námsleiðum og hverju kjörsviði (áherslulínu) þegar við á, með yfirliti um námskeið og skiptingu þeirra á misseri og námsár. Lýsingum einstakra námskeiða má fletta upp, bæði á íslensku og ensku, auk annarra ítarupplýsinga. Í kennsluskrá er einnig að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar sem snerta inntökuskilyrði, umsóknir um nám, skráningu nemenda og skrásetningargjöld, nám og próf, svo og þjónustu við nemendur, réttindi þeirra og skyldur. Kennsluskráin er alfarið unnin og birt innan ramma Uglu. Ritstjóri kennsluskrár er Sveinn Klausen. Um efni kennsluskrár, verkaskiptingu aðila, ábyrgð og vinnureglur er kveðið á í sérstökum verklagsreglum um kennsluskrá, settum af háskólaráði 5. nóvember 2009. Verklagsreglur um undirbúning og skipulagningu nýrra námsleiða, settar 4. mars 2010, tengjast einnig með beinum

hætti vinnu við kennsluskra. Verklagsreglur sem háskólaráð hefur samþykkt eru aðgengilegar á vefsíðunni <http://www.hi.is/adalvefur/verklagsreglur>.

Kennsluskraín er unnin í samvinnu ritstjóra, ritnefndar og tengiliða deilda, námsbrauta og þverfræðilegs náms. Hvert fræðasvið á fulltrúa í ritnefnd kennsluskra en kennslusvið ræður ritstjóra kennsluskraínnar. Hver deild – og hver námsbraut, þegar því er að skipta – skipar starfsmann (tengilið), einn eða fleiri, sem sinnir kennsluskraínnu fyrir hönd deildarinnar. Kennarar koma einnig að gerð kennsluskra, enda eru þeir ábyrgir fyrir tilteknum upplýsingum um námskeið, svo sem lýsingu á inntaki þeirra, markmiðum og hæfniviðmiðum. Ríflega 40 manns komu með beinum hætti að gerð kennsluskra 2014–2015, fyrir utan fjölda kennara.

Vinna við undirbúning kennsluskra háskólaársins 2014–2015 hófst í september 2013. Ritnefnd fundaði nokkrum sinnum á vinnslutímanum, auk þess sem haldnir voru samráðs- og vinnufundir með tengiliðum deilda og námsbrauta. Nýtt skráningarviðmót fyrir upplýsingar um námskeið var tekið í notkun síðsumars 2013 en „námskeiðaskráningin“, eins og kerfið kallast í daglegu tali, er eitt mikilvægasta undirkerfi Uglu sem upplýsingar í kennsluskra byggjast á. Lögð var áhersla á að af hálfu deilda færi fram endurskoðun og uppfærsla hæfniviðmiða námsleiða, í tengslum við sjálfsmat háskólans í heild haustið 2014. Hjá fræðasviðum og deildum var markvisst unnið að skilgreiningu aðgangsviðmiða, með hliðsjón af aðalnámskra framhaldsskóla frá 2011. Þeirri vinnu lauk í febrúar 2014 og voru ítarlegar upplýsingar um aðgangsviðmið deilda í framhaldinu birtar í sérstökum kafla í kennsluskra.

Teknar voru saman tölur um notkun kennsluskra og fjölda heimsókna. Til glöggvunar voru tölurnar bornar saman við umferðartölur á ytri vef háskólans, www.hi.is. Í ljós kom að ekki munaði miklu á heildarfjölda vefheimsókna í kennsluskra annars vegar og á hi.is hins vegar, á þeim tímabilum sem mælingin tók til, sbr. töfluna hér að neðan (tölur byggðar á PIWIK-vefgreini). Engum blöðum er um það að fletta að kennsluskraín er fjölsóttur vefur sem margir reiða sig á.

	Janúar – sept. 2013		September 2013	
	Flettingar	Gestir	Flettingar	Gestir
Kennsluskra	2.387.931	1.737.593	302.864	229.155
hi.is	2.536.970	1.790.104	328.981	235.782

Ný kennsluskra var birt 17. febrúar 2014, með fyrirvörum um hugsanlegar breytingar og viðbætur. Kennsluskraín taldist svo fullbúin tæpum tveimur vikum síðar, á háskóladaginn 1. mars.

Í kennsluskra ársins 2014–2015 voru birtar upplýsingar um alls 4.160 námskeið eða námsatvik (þ.m.t. lesnámskeið, verkefni, lokaverkefni, málstofur o.fl.). Þar af voru um 3.450 námskeið með einn eða fleiri nemendur skráða og í tæplega 2.800 námskeiðum voru nemendur 5 eða fleiri. Í um 250 námskeiðum voru nemendur 100 eða fleiri en 200 eða fleiri í 60 námskeiðum.

Af 2.170 kenndum námskeiðum voru 1.320 í grunnnámi, 650 í framhaldsnámi og 200 í grunn- og framhaldsnámi (M-námskeið). Af þessum námskeiðum voru 330 kennd á ensku, þar af 125 í grunnnámi. Um 150 námskeið voru kennd á öðrum erlendum tungumálum, langflest í grunnnámi. Námskeið í skipulögðu fjarnámi voru alls 350, þar af 195 í grunnnámi. Rúmlega helmingur fjarnámskeiða var á vegum Menntavísindasviðs.

Birtar voru upplýsingar um alls 361 námsleið, þar af 108 í grunnnámi og 253 í framhaldsnámi. Ekki eru taldar með 53 aukagreinar í bakkalárnámi en bakkalárpróf getur verið samsett úr 120 eininga aðalgrein og 60 eininga aukagrein. Meðtaldar eru hins vegar 8 diplómaleiðir í grunnnámi (60–120 einingar) og 33 diplómaleiðir í framhaldsnámi (30–90 einingar).

Á háskólaárinu 2014–2015 voru 152 námsleiðir til meistaraþrófs í boði. Til doktorsþrófs voru í boði 66 skipulagðar námsleiðir.

Tillögur fræðasviða um 12 nýjar námsleiðir voru samþykktar í háskólaráði og síðar birtar í kennsluskrá, flestar til meistaraþrófs eða á meistarastigi. Þetta voru eftirtaldar námsleiðir: leikskólafræði (grunndiplóma), verkfræðileg eðlisfræði (BS), hagnýt fornleifafræði (viðbótardiplóma), starfsendurhæfing (viðbótardiplóma), foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf (M.Ed.), foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf (MA), hagnýt fornleifafræði (MA), menntunarfræði leikskóla (M.Ed.), nýsköpun og viðskiptaþróun (MS), sjúkraþjálfun (MS), verkfræðileg eðlisfræði (MS) og vestnorræn fræði (MA).

Rétt er að taka fram að námsgreinar sem kenndar eru við Háskóla Íslands eru umtalsvert færri en námsleiðir til prófgráðu eða lokaprófs. Greinin Almenn bókmenntafræði er t.d. kennd til BA-prófs, bæði til 180 eininga og 120 eininga sem aðalgrein, til meistaraþrófs og til doktorsþrófs, auk þess sem hún býðst sem aukagrein. Í kennsluskrá koma þessar leiðir fram hver í sínu lagi og reiknast tæknilega sem fimm mismunandi námsleiðir. Hugtakið námsgrein samsvarar orðinu *subject* á ensku og má skilgreina sem samnefnara námsleiða til prófgráðu eða lokaprófs. Miðað við þessa skilgreiningu teljast námsgreinar við Háskóla Íslands hafa verið um 130 háskólaárið 2014–2015.

Próf

Á reglulegum lokapróftímabilum, þ.e. í vor- og haustprófum á árinu 2014, voru haldin skrifleg próf í 1037 námskeiðum og prófurlausnir í þeim (staðið + fallið) voru um 41.100. Haldin voru sjúkra- og upptökupróf í janúar, maí og júní í 699 námskeiðum og prófurlausnir þar voru um 3.950. Heildarfjöldi úrlausna stóð í stað frá fyrra ári en heildaratvikum fækkaði úr 79.222 í 75.064 eða um 5,2%. Á eftirfarandi yfirliti sést nánari skipting eftir námsstöðu (úrsögn, veikindi, fjarverandi, staðið, fall) og próftímabilum. Athugið að einn og sami námsmaðurinn getur verið með mismunandi námsstöðu og að yfirlitið miðast við hvert próftímabil fyrir sig en ekki endanlega niðurstöðu í hverju námskeiði fyrir sig. Sá sem fellur í einu prófi getur staðist próf í sama námskeiði á öðrum tíma. Fjöldi prófa vísar til fjölda námskeiða sem lauk með skriflegum prófum. Á yfirlitinu sést að úrsagnir eru að meðaltali 28,3% en þó sýnu mestar á reglulegum próftímabilum að hausti og vori.

Tafla 1.

Á próftöflu

Tímabil	Fj. prófa	Úrsagnir		Veikindi		Fjarverandi		Staðið		Fall		Samtals	
Janúar	175	14	2%	31	4%	37	5%	544	73%	115	16%	741	100%
Vorpróf	482	11.55	34%	1.53	5%	2.96	9%	15.57	46%	2.41	7%	34.04	100%
Maí	300	222	9%	111	4%	331	13%	1.357	55%	456	18%	2.477	100%
Júní	224	75	4%	81	4%	187	10%	1.147	63%	328	18%	1.818	100%
Haustpróf	555	9.345	26%	1.43	4%	2.04	6%	20.19	56%	2.96	8%	35.98	100%
Samtals	1.736	21.21	28,3	3.19	4,3	5.56	7,4	38.81	51,7	6.27	8,4	75.06	100
		1	%	5	%	5	%	4	%	9	%	4	%

Sé einungis miðað við hvort stúdentar stóðust prófraun eða féllu skerpist yfirlitið eins og sjá má í næstu töflu.

Tafla 2.

Á próftöflu

Tímabil	Fjöldi prófa	Staðið		Fall		Samtals	
Janúar	175	544	83%	115	17%	659	100%
Vorpróf	482	15.575	87%	2.419	13%	17.994	100%
Maí	300	1.357	75%	456	25%	1.813	100%
Júní	224	1.147	78%	328	22%	1.475	100%
Haustpróf	555	20.191	87%	2.961	13%	23.152	100%
Samtals	1.736	38.814	86%	6.279	14%	45.093	100%

Sjá má að árangur í sjúkra- og upptökuprófum að vori (maí og júní) er talsvert lakari en í hefðbundnum haust- og vorprófum.

Hafa ber í huga að fjölmörgum námskeiðum lýkur með verkefnum, ritgerðum eða með prófum sem eru alfarið á vegum kennara og því gefa tölur um fjölda prófa og prófurlausna ekki heildarmynd af námsmati við háskólann. Í eftirfarandi töflu vísar fjöldi prófa til námskeiða, ritgerða og verkefna þar sem lokaekinnir voru gefnar eða að nemendur stóðust án einkunnar.

Tafla 3.

Utan próftöflu

Tímabil	Fjöldi prófa	Úrsagnir		Veikindi		Staðið		Fall		Samtals	
Janúar	31	0	0%	0	0%	109	73%	40	27%	149	100%
Vor	1.099	8.806	36%	180	1%	14.674	60%	705	3%	24.365	100%
Maí	79	5	3%	4	2%	146	78%	31	17%	186	100%
Júní	73	6	3%	1	0%	165	82%	29	14%	201	100%
Sumar	241	657	34%	1	0%	1.136	59%	119	6%	1.913	100%
Haust	958	6.411	30%	106	0%	14.574	67%	613	3%	21.704	100%
Samtals	2.481	15.885	33%	292	1%	30.804	63%	1.537	3%	45.518	100%

Sé einungis miðað við hvort stúdentar stóðust prófraun eða féllu skerpist yfirlitið eins og sjá má í næstu töflu.

Tafla 4.

Utan próftöflu

Tímabil	Fjöldi prófa	Staðið		Fall		Samtals	
Janúar	31	109	73%	40	27%	149	100%
Vor	1.099	14.674	95%	705	5%	15.379	100%
Maí	79	146	82%	31	18%	177	100%
Júní	73	165	85%	29	15%	194	100%
Sumar	241	1.136	91%	119	9%	1.255	100%
Haust	958	14.574	96%	613	4%	15.187	100%
Samtals	2.481	30.804	95%	1.537	5%	32.341	100%

Starfsmenn kennsluviðs aðstoðuðu við framkvæmd um 120 prófa sem haldin voru á kennslutíma og prófurlausnir þar voru um 9.000. GRE-próf (Graduate Record Examinations) voru haldin í febrúar og október og þau þreyttu samtals um 30 manns. Ótalin eru tilfallandi fjarpróf sem háskólinn annast fyrir erlenda skóla og fjarpróf sem send eru frá háskólanum til umsjónaraðila innan lands og utan. Þegar lagt er saman er ljóst að starfsmenn kennsluviðs komu að u.þ.b. 54.000 próftökum á árinu 2014.

Starfsfólk

Ársverk á skrifstofu kennsluviðs og við prófahald voru 6 mestan hluta ársins en 6,25 eftir 1. ágúst. Þar störfuðu árið 2014: Þórður Kristinsson sviðsstjóri, Amalía Skúladóttir skrifstofustjóri, sem var í hálfu starfi fram að starfslokum fyrir aldurs sakir 1. ágúst, Sigurður Ingi Árnason, verkefnisstjóri prófahalds, Hreinn Pálsson, prófstjóri og verkefnisstjóri Uglu, Hrafnkell Björnsson, verkefnisstjóri í prófahaldi í 50% starfi, Kolbrún Einarsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu, og Sveinn Klausen, ritstjóri kennsluskrár og vefstjóri kennsluviðs. Í ágúst hóf Margrét Ludwig verkefnisstjóri störf á skrifstofu kennsluviðs í 75% starfshlutfalli.

Kennslumiðstöð

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands var formlega stofnuð 31. ágúst 2001 og heyrir undir kennsluvið. Kennslumiðstöð fluttist að Aragötu 9 í maí 2014 en var áður til húsa á annarri hæð Íþróttahúss háskólans. Kennslumiðstöð er opin alla virka daga frá kl. 8.30 til 16.00. Á þeim tíma geta kennarar og starfsmenn Háskóla Íslands litið inn eða haft samband símleiðis, s. 525 4447, en fyrirspurnir má einnig senda á netfang miðstöðvarinnar: kemst@hi.is.

Námskeið, vinnustofur og kynningar

Markmið og hlutverk Kennslumiðstöðvar er að stuðla að þróun kennsluhátta við skólann með því að veita kennurum, deildum, fræðasviðum og stjórnendum skólans faglega aðstoð. Að þessu markmiði er unnið á ýmsan hátt, s.s. með ráðgjöf og föstum námskeiðum.

Námskrá Kennslumiðstöðvar tekur mið af stefnu og áherslum Háskóla Íslands, auk þess sem reynt er að koma á mótis við þarfir einstakra fræðasviða í kennslumálum. Þó eru námskeið fyrir nýja kennara, svo og vinnustofur um upplýsingatækni, fastur liður í fræðsludagskrá miðstöðvarinnar. Frá árinu 2013 hefur verið lögð áhersla á að vinna með deildum að frekari kennsluþróun innan þeirra. Í þeim tilgangi voru m.a. haldin námskeið og vinnustofur um fjölbreytt námsmat, gerð og notkun hæfniviðmiða í kennslu, vinnuálag í námskeiðum í samræmi við viðmið Bologna-samkomulagsins, fjölbreyttar kennsluaðferðir og tengsl hæfniviðmiða og námsmats. Lögð var áhersla á að vinna með stjórnendum deilda og fræðasviða skólans að kennsluþróun. Yfirlit yfir námskeið og vinnustofur er að finna á vef Kennslumiðstöðvar (kemst.hi.is) og þar skrá þátttakendur sig jafnframt. Góð mæting var á námskeið og vinnustofur Kennslumiðstöðar á árinu, svo og á kynningar og fyrirlestra sem haldnir voru á vegum miðstöðvarinnar.

Kennslumiðstöð, ásamt Stúdentaráði Háskóla Íslands, gæðanefnd Háskóla Íslands og kennslumálanefnd skólans, hélt kennslumálalöng Háskóla Íslands 1. mars. Þetta er í þriðja sinn sem slíkt þing er haldið en stofnað var til þess að frumkvæði Stúdentaráðs. Þingið er vettvangur kennsluumræðu á meðal nemenda og kennara við skólann. Kennslumálalöng var vel sótt af nemendum, kennurum og starfsfólki í stjórnsýslu skólans.

Ráðgjöf og mat

Við Kennslumiðstöð starfa sérfræðingar á sviði kennslufræði og upplýsingatækni í kennslu sem leita má til vegna ólíkra kennslufræðilegra viðfangsefna. Ráðgjöf til kennara og stjórnenda er stór hluti af starfi miðstöðvarinnar. Auk ráðgjafar við kennara og kennarahópa, deildir og stjórnendur eiga starfsmenn Kennslumiðstöðvar sæti í nefndum og ráðum sem taka til kennslu og kennsluþróunar.

Kennslumiðstöð býður kennurum og deildum upp á aðstoð við mat á gæðum kennslu. Þar er um að ræða upptökur og greiningu á kennslu, miðmisserismat og gæðahringi þar sem könnuð eru viðhorf nemenda til námsins.

Kennslumiðstöð hefur einnig komið að könnun á viðhorfum nemenda til náms og kennslu við einstakar deildir skólans í tengslum við sjálfsmatsferli deildana. Miklar og góðar upplýsingar fást í slíkum könnunum sem nýtast deildum vel í sjálfsmatsvinnu sinni, draga fram styrkleika og veikleika. Slíkar úttektir eru sífellt stærri hluti af verkefnum miðstöðvarinnar. Vinnan nýtist Kennslumiðstöð einnig til kennsluþróunar við háskólann.

Námsleið í háskólakennslufræði

Í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur Kennslumiðstöð umsjón með námsleið í háskólakennslufræði fyrir háskólakennara. Námsleiðin er 30 eininga diplómanám sem samanstendur af þremur 10 eininga námskeiðum: KEN212F Inngangur að kennslufræði háskóla, KEN103F Skipulag námskeiða, námsmat og mat á eigin kennslu og KEN004F Kennsluþróun og starfendarannsóknir. Námsleiðin er opin háskólakennurum sem sinna háskólakennslu og er námið skipulagt sem nám með starfi. Upplýsingar um námsleiðina er að finna í kennsluskra Háskóla Íslands, svo og á vef Kennslumiðstöðvar. Skráning fer fram í umsóknakerfi Háskóla Íslands, Uglu, í mars/apríl ár hvert. Í árslok 2014 hafði 141 lokið námskeiðum í kennslufræði háskóla og aðrir sextán voru skráðir í námskeið sem lýkur í júní á næsta ári. Þá hafa 22 lokið 30 eininga diplómu í háskólakennslufræði, auk þeirra sex sem luku námskeiðinu vorið 2014.

Kennsluvefur Kennslumiðstöðvar

Á kennsluvef Kennslumiðstöðvar, www.kemst.hi.is, er að finna upplýsingar og fræðslufni um háskólakennslu. Þar má t.a.m. nefna leiðbeiningarefni um gerð hæfniviðmiða og dreifildi tengd einstökum námskeiðum miðstöðvarinnar. Þá er þar að finna vefleiðbeiningar um Uglu, Moodle, eMission og K2 í Uglu.

Á kennsluvefnum eru handbækur um kennslu sem unnar hafa verið á vegum miðstöðvarinnar að fyrirmynd Stanford-háskóla: Handbók fyrir kennara við Háskóla Íslands og Handbók aðstoðarkennara. Á kennsluvefnum er jafnframt að finna greinargott yfirlit um tímarit á sviði háskólakennslu.

Önnur þjónusta

Hjá Kennslumiðstöð er að finna nokkurt safn fræðiritra og handbóka um kennsluhætti á háskólastigi. Kennarar og starfsmenn hafa aðgang að þessum bókakosti á afgreiðslutíma miðstöðvarinnar en geta jafnframt fengið þær lánaðar. Á vef Kennslumiðstöðvar er að finna yfirlit um þær bækur sem til eru, forsíðumynd og efnisyfirlit. Einnig er þar að finna safn yfir rafræn tímarit sem fjalla um háskólakennslu almennt og háskólakennslu sérstakra fræðigreina. Aðgangur að tímaritunum er oft á landsvísu.

Í Kennslumiðstöð er hljóðklefi er gefur kost á gæðaupptökum í eMission o.fl. og geta starfsmenn miðstöðvarinnar veitt aðstoð við upptök. Stúdío er einnig á Menntavísindasviði í Stakkahlíð og í Odda. Starfsmenn Kennslumiðstöðvar á þessum stöðum hafa umsjón með stúdíóunum.

Kennslumiðstöð sér um fjarfundabúnað Háskóla Íslands og er hann mikið notaður við fjarkennslu og fyrir fundi og verkefnavinnu bæði innanlands og milli landa, svo og við meistara- og doktorsvarnir. Með flutningi Kennslumiðstöðvar á Aragötu hefur fjarfundaaðstaða breyst hjá miðstöðinni og er nú notast við Adobe Connect eða Skype ef funda þarf á milli fjarlæggra staða.

Kennslumiðstöð tekur að sér að skanna fjölvalspróf og reikna útkomu úr þeim fyrir kennara gegn vægu gjaldi og færist sú þjónusta sífellt í aukana. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að því að fá nýja tækni við lestur prófanna og er það verkefni í mótun.

Starfsfólk Kennslumiðstöðvar

Í Kennslumiðstöð starfa sjö manns í ríflega sex stöðugildum: Anna Kristín Halldórsdóttir verkefnastjóri (í 100% starfshlutfalli), Elva Björg Einarsdóttir verkefnastjóri (í 100% starfshlutfalli),

Grettir Sigurjónsson tæknistjóri (í 100% starfshlutfalli), Guðrún Geirsdóttir, deildarstjóri Kennslumiðstöðvar (í 70% starfshlutfalli), Gústav K. Gústavsson tæknimaður (í 100% starfshlutfalli), Rúnar Sigurðsson verkefnastjóri (í 100% starfshlutfalli) og Kristbjörg Olsen verkefnastjóri (í 100% starfshlutfalli) en hún lét af störfum í lok árs. Að auki starfar Sigurður Jónsson í Kennslumiðstöð, en hann er sérfræðingur í kennslu og vinnur að verkefnum tengdum samvinnu opinberu háskólanna, s.s. innleiðingu Turnitin-ritstuldarforritsins og tæknilausnum í kennslu.

Matsskrifstofa – ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa

Matsskrifstofa kennslusviðs sér um mat á prófvottorðum. Skrifstofan fer yfir allar umsóknir erlendra námsmanna sem óska eftir inngöngu í Háskóla Íslands og umsóknir þeirra sem óska eftir undanþágum frá inntökuskilyrðum skólans. Þá gegnir skrifstofan hlutverki ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofu Íslands samkvæmt samningi Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Meginhlutverk ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofunnar er að leiðbeina bæði einstaklingum og stofnunum um mat á námi erlendis frá og veita erlendum aðilum upplýsingar um íslenskt menntakerfi og íslensk próf. Skrifstofan tekur þátt í samstarfi ENIC-/NARIC-upplýsingaskrifstofa og samstarfi norrænna ENIC-/NARIC-skrifstofa sem kallast NORRIC. Þá tekur annar starfsmaður skrifstofunnar þátt í NUAS-samstarfi.

Alls bárust háskólanum 1.078 umsóknir frá erlendum aðilum á árinu 2014, af þeim komu 699 til afgreiðslu hjá matsskrifstofu en engin gögn bárust með 379 umsóknum. Þá bárust 275 umsóknir um undanþágur frá inntökuskilyrðum en af þeim komu 155 til afgreiðslu hjá matsskrifstofu en engin eða ófullnægjandi gögn bárust með 120 umsóknum. Alls barst matsskrifstofunni 81 ENIC-/NARIC-mál til úrlausnar á árinu 2014.

Matsskrifstofa var til húsa í bráðabirgðahúsnæði á tveimur stöðum á efstu hæð Háskólatorgs á árinu. Á skrifstofunni starfa tveir starfsmenn og voru ársverk tvö.

Náms- og starfsráðgjöf

Þjónusta Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands er miðlæg, staðsett á Háskólatorgi og ætluð nemendum allra fræðasviða Háskóla Íslands. Markmið starfsfólks er að veita háskólastúdentum fjölbreytta ráðgjöf og stuðning meðan á námi stendur og stuðla þannig að árangri og vellíðan í námi og draga úr brotthvarfi. Leitast er við að veita heildræna náms- og starfsráðgjöf með skipulagðri þjónustu, ráðgjöf og upplýsingamiðlun frá því að einstaklingar íhuga nám við Háskóla Íslands þar til þeir brautskrást og stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Til að mæta fjölgun nemenda á undanförunum misserum og ásókn í þjónustu Náms- og starfsráðgjafar hefur verið lögð áhersla á hópráðgjöf, námskeiðahald og fyrirlestra. Í sama tilgangi hefur miðlun hagnýtra upplýsinga og fræðsluefnis á vefsíðu Náms- og starfsráðgjafar aukist. Opnir viðtalstímar eru alla daga vikunnar þar sem fólk getur fyrirvaralaust fengið viðtal við náms- og starfsráðgjafa, auk þess sem nemendur skólans geta bókað viðtöl eftir samkomulagi. Nemendur í fjarnámi geta fengið ráðgjöf í síma og tölvupósti. Samkvæmt skráningarkerfi Náms- og starfsráðgjafar var veitt ráðgjöf og þjónusta í 6.848 tilfellum árið 2014.

Þjónusta Náms- og starfsráðgjafar skiptist í námsráðgjöf, starfsráðgjöf og sértæka þjónustu sem felst meðal annars í sértækum úrræðum í námi og prófum og sálfræðilegri ráðgjöf. Fimm náms- og starfsráðgjafar sinna verkþáttum sem falla undir náms- og starfsráðgjöf og tveir sjá um þjónustu vegna sértækra úrræða í námi og prófum. Sálfræðingur í hlutastarfi ber ábyrgð á sálfræðilegri ráðgjöf og þjónustu. Er umfangi verkþátta árið 2014 lýst í samræmi við þessa verkaskiptingu.

Námsráðgjöf

Einstaklingsviðtöl vegna náms- og starfsvals og upplýsinga um nám standa bæði almenningi sem hyggur á nám við Háskóla Íslands og nemendum háskólans til boða. Þá geta háskólastúdentar fengið einstaklingsráðgjöf um vinnubrögð í námi og annað sem áhrif hefur á námsframvindu þeirra. Viðtöl af þessu tagi voru alls 4.024 á árinu.

Áhugakönnun Strong hefur verið notuð um árabil til að leiðbeina við náms- og starfsval. Könnunin er lögð fyrir í fámennum hópum og mætir hver hópur tvisvar. Alls var könnunin lögð fyrir tíu hópa á árinu og var jafnframt lesið úr henni fyrir þá. Náms- og starfsráðgjöf býður einnig upp á Bendil, nýlega íslenska rafræna áhugakönnun. Var Bendill notaður með sautján hópum á árinu. Ítarlegar upplýsingar um Strong og Bendil er að finna á heimasíðu Náms- og starfsráðgjafar, <http://nshi.hi.is/>. Náms- og starfsráðgjöf tók þátt í háskóladeginum laugardaginn 1. mars, þegar Háskóli Íslands kynnti almenningi námsframboð sitt, sem og í fimm kynningum úti á landi. Náms- og starfsráðgjöf tók einnig þátt í nýnemadögum sem haldnir eru í samráði við Stúdentaráð Háskóla Íslands og Félagsstofnun stúdenta í byrjun haustmisseris.

Fræðsla og námsleiðahald um vinnubrögð í háskólanámi er veigamikill þáttur í starfsemi Náms- og starfsráðgjafar. Á hverju misseri eru haldin nokkurra vikna námsleið og stakir fyrirlestrar um efnið og lögð er áhersla á að fræðsluefni sé aðgengilegt á vef. Á árinu voru haldin 12 námstækninámsleið, fimmtán vinnustofur vegna lokaverkefna og tólf örfyrirlestrar um sérhæft efni tengt vinnubrögðum.

Fimmtudaginn 20. mars var í annað sinn haldin verkefnavaka að þýskri fyrirmynd fyrir nemendur Háskóla Íslands og bar hún yfirskriftina Verkefnavaka Háskóla Íslands gegn frestunapest og ritkvíða. Frumkvæði að vökunni á Baldur Sigurðsson, forstöðumaður ritvers Menntavísindasviðs, og var vakan haldin á Háskólatorgi. Ýmsir komu að vökunni, þar á meðal náms- og starfsráðgjafar sem veittu nemendum ráðgjöf um skipulagningu í skrifum.

Starfsráðgjöf

Nemendum háskólans stendur til boða einstaklings- og hópráðgjöf í undirbúningi fyrir atvinnuleit. Um er að ræða leiðbeiningar um gerð ferilskár (CV) og kynningarbréfa, lögð er áhersla á að kenna nemendum að meta eigin styrkleika, gildi og viðhorf og er farið yfir æskilegan undirbúning fyrir atvinnuviðtöl og framkomu í þeim. Boðið var upp á sex vinnustofur í atvinnuleit og fimm örfyrirlestra, auk einstaklingsráðgjafar í 65 viðtölum. Eins og undanfarin ár tók Náms- og starfsráðgjöf einnig þátt í árlegum framadögum þar sem háskólastúdentar fá tækifæri til að kynna fyrirtækjum og koma sér á framfæri.

Sérúrræði í námi og prófum

Náms- og starfsráðgjöf hefur umsjón með málefnum fatlaðra stúdenta og leggur til úrræði á grundvelli faglegs álits sérfræðings og fylgir eftir framkvæmd úrræða í samvinnu við þá sem málið varðar. Ástæður fyrir úrræðum geta verið ýmsar, svo sem líkamleg fötlun, sértækir námsörðugleikar, taugasálfræðileg vandamál, geðræn vandkvæði eða langvarandi veikindi. Einstaklingum sem óska eftir sértækum úrræðum í námi og prófum hefur fjölgað í takt við fjölgun nemenda undanfarin ár og fengu 968 nemendur sértæk úrræði í námi á árinu. Einstaklingsviðtöl vegna sértækra úrræða í námi voru 1.250 og haldin voru þrjú prófkvíðanámsleið.

Sálfræðileg og persónuleg ráðgjöf

Hjá Náms- og starfsráðgjöf starfar sálfræðingur í hlutastarfi. Hlutverk hans er meðal annars að greina sálræn vandkvæði hjá nemendum, veita þeim skammtímameðferð eða vísa þeim áfram til viðeigandi sérfræðinga. Á árinu veitti sálfræðingur 290 einstaklingsviðtöl, hélt þrjú sjálfstyrkingarnámskeið og þrjú örfyrirlestra um prófkvíða og streitustjórnun. Auk þess kemur hann að uppfærslu upplýsinga á fræðsluvef um geðspeki þar sem gagnlegar upplýsingar og fræðslu um geðheilbrigði er að finna.

Til viðbótar við þjónustu sálfræðings veittu náms- og starfsráðgjafar 311 viðtöl vegna margvíslegra persónulegra mála.

Starfsþjálfun

Umfangsmesta samstarfsverkefni Náms- og starfsráðgjafar við fræðasvið er starfsþjálfun nema á fyrsta og öðru ári í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf en samstarfssamningur er á milli kennslusviðs og Félagsvísindasviðs þar um. Allt að sex fyrsta árs nemar, tveir í senn, koma í einnar viku vettvangsheimsókn og allt að tveir nemar af öðru ári eru í 200 klukkutíma starfsþjálfun undir handleiðslu náms- og starfsráðgjafa.

Formlegur samstarfssamningur er á milli kennslusviðs, Náms- og starfsráðgjafar og Sálfræðideildar í tengslum við sálfræðiráðgjöf háskólanema þar sem cand. psych. nemendur í sálfræði veita háskólastúdentum og börnum þeirra sálfræðiþjónustu undir handleiðslu löggiltra sálfræðinga. Hlutverk Náms- og starfsráðgjafar felst aðallega í að vísa nemendum á þessa þjónustu og hefur sálfræðingur Náms- og starfsráðgjafar umsjón með tilvísanaferli og samskiptum við ábyrgðaraðila innan Sálfræðideildar.

Samstarf við fræðasvið

Auk ofangreindra samstarfsverkefna um starfsþjálfun og sálfræðiráðgjöf kynnir Náms- og starfsráðgjöf þjónustu sína á nýnemakynningum á fræðasviðunum, heldur stutt námskeið eða fyrirlestra um vinnubrögð í háskólanámi á nýnemadögum eða í vinnulagsnámskeiðum sem nýnemar taka á fyrsta misseri og sérhæfða fyrirlestra eða stutt námskeið um starfsráðgjöf, viðtalstækni fyrir mentora, prófundirbúning og tímastjórnun.

Til að efla upplýsingaflæði og samvinnu á milli Náms- og starfsráðgjafar og fræðasviða Háskóla Íslands hefur hver náms- og starfsráðgjafi það hlutverk að vera tengiliður við starfsfólk á tilteknu fræðasviði. Árið 2014 voru Hildur Katrín Rafnsdóttir og Jóhanna Sólveig Lövdahl tengiliðir við Félagsvísindasvið, Hrafnhildur Kjartansdóttir við Heilbrigðisvísindasvið, Ásta G. Briem við Hugvísindasvið, Kristjana Mjöll Sigurðardóttir við Menntavísindasvið og Jónína Kárdal við Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands fylgdi evrópsku samstarfsverkefni frá 2009-2011, Dare2, eftir á árinu með hádegisfundi fyrir starfsfólk háskólans í því skyni að vekja kennara og aðra starfsmenn til vitundar um málefni fatlaðra nemenda við skólann. Ráð um málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands studdi verkefnið fjárhagslega.

Annað samstarf Náms- og starfsráðgjafar innan háskólans felst í því að eiga fulltrúa í:

- námsnefnd í MA-námi í náms- og starfsráðgjöf á Félagsvísindasviði,
- inntökunefnd í MA-námi í náms- og starfsráðgjöf á Félagsvísindasviði,
- samstarfshópi markaðs- og samskiptasviðs vegna móttöku nýnema,
- í ráði um málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands,

- í stjórn Þórsteinssjóðs,
- í stjórn Greiningarsjóðs um sértæka námsörðugleika.

Erlend samskipta- og samstarfsverkefni

Árum saman hafa fjölmargir erlendir fagaðilar á sviði náms- og starfsráðgjafar á háskólastigi óskað eftir að koma í lengri eða skemmri heimsóknir til Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands til að kynna sér starfsemina. Á þessu ári var í þriðja sinn boðið upp á formlega dagskrá í eina viku sem níu manns frá sex löndum tóku þátt í.

Náms- og starfsráðgjöf tekur þátt í formlegu erlendu samstarfi og á fulltrúa í:

- NUAS, samstarfi námsráðgjafa í háskólum á Norðurlöndum,
- NNK, samstarfi starfsráðgjafa í háskólum á Norðurlöndum,
- NNDC, norrænu samstarfsneti um aðgengi fatlaðs fólks að æðri menntun.

Starfsfólk Náms- og starfsráðgjafar

Ársverk í Náms- og starfsráðgjöf voru tæplega 10. Þar störfuðu árið 2014: María Dóra Björnsdóttir, deildarstjóri (100%), Ásta Gunnlaug Briem, náms- og starfsráðgjafi (100% til 31. júlí og 75% til 31. desember), Lilja Kristín Magnúsdóttir verkefnastjóri (100%) lét af störfum 31. október og við starfinu tók Hrefna Dóra Jóhannesdóttir (100%), Hildur Katrín Rafnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi (75%), Hrafnhildur Kjartansdóttir, náms- og starfsráðgjafi (100%), Ingunn Margrét Ágústsdóttir, náms- og starfsráðgjafi (100%) lét af störfum 31. mars og 1. maí tók Helga Helgadóttir (100%) við starfinu, Jóhanna Sólveig Lövdahl, náms- og starfsráðgjafi (80%), Jónína Kárdal, náms- og starfsráðgjafi (90% til 31. ágúst og 30% til 31. desember), Kristjana Mjöll Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi (100%), Inga Berg Gísladóttir (75% frá 1. ágúst), Magnús Stephensen, skrifstofustjóri (100%) og Katrín Sverrisdóttir sálfræðingur (50%).

Nemendaskrá

Nemendaskrá Háskóla Íslands heldur skrá yfir alla nemendur skólans og er skráin sá grunnur sem skipulag námsins byggist á, s.s. stundaskrár, skipan í stofur, skipulag prófa og bókakaup Bóksölu stúdenta. Þar fer fram innritun nýrra stúdenta, árleg skráning í námskeið og próf, varðveisla einkunna og innheimta árlegs skrásetningargjalds. Einnig geta stúdentar nálgast margháttáðar upplýsingar um námskeið sín og námsferil hjá Nemendaskrá. Á ákveðnum tímabilum, sem kynnt eru í kennsluáskrá skólans, geta stúdentar nýtt sér sjálfspjónustu Uglu, sem er innra net Háskóla Íslands, og skráð sig sjálfir t.d. í námskeið komandi háskólaárs og jafnframt valið greiðslumáta skrásetningargjalds (við árlega skráningu). Þeir geta einnig skráð sig sjálfir í námskeið og próf, í sjúkra- og endurtökupróf og breytt námskeiðaskráningum sínum í byrjun haust- og vormisseris.

Nemendaskrá sér um inntöku nýnema í grunnám í háskólann samkvæmt 47. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Flest erindi til Nemendaskrár berast með tölvupósti á netfangið nemskra@hi.is. Fyrirspurnir eru þó einnig afgreiddar með símtölum á afgreiðslutíma sem er alla virka daga frá kl. 9.00 til 15.00. Lokað er í hádegi frá kl. 12-12.30. Flestir tölvupóstanna eru frá tilvonandi og núverandi nemendum skólans og eru erindin margvísleg en innihalda þó oft spurningar um umsóknir í háskólann, umsóknarfrest, fylgigögn með umsókn, skráningu í námskeið, í sjúkrapróf og fleira er við kemur ýmislegri skráningu. Starfsfólk í stjórnsýslu deildarskrifstofa skólans sendir einnig erindi er varða nemendur á þetta netfang. Til viðbótar senda starfsmenn fjölda erinda á netföng starfsmanna Nemendaskrár og geta þau erindi numið 2.000-3.500 tölvuskeytum á ári.

Þar á ofan berast erindi frá tilvonandi alþjóðlegum nemendum og íslenskum nemendum sem hyggjast sækja um grunnnám með undanþágu frá formlegum inntökuskilyrðum deilda (stúdentsprófi) á netföngin umsokn@hi.is og admission@hi.is. Starfsmenn Nemendaskrár svara þeim pósti í samvinnu við Matsskrifstofu háskólans.

Afgreiðsla tölvupósts til Nemendaskrár 2009–2014 (nemskra@hi.is)

Ár	Heild Innpóstur	Svarpóstur Fjöldi nemenda 20.
október		
2009	39.754 27.632	12.122 13.957
2010	45.309 30.415	14.894 13.981
2011	40.188 26.503	13.685 14.014
2012	38.441 26.401	12.040 13.737
2013	38.722 26.481	12.241 13.780
2014	40.531 13.052	14.343 26.188

Heildarfjöldi nemenda eftir þrepum og stigum samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður (National Qualification Framework for Higher Education) nr. 530, 2011.

Tafla 5.

Fjöldi stúdenta í grunnnámi (þrep 1, stig 1) 2013–2014 og brautskráðir úr því námi á árinu 2014.

Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2014.

	Nemendur alls			Brautskráðir			
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	
Félagsvísindasvið	0	0	0	0	0	0	
Heilbrigðisvísindasvið	0	0	0	0	0	0	
Hugvísindasvið	31	75	106	6	17	23	
Menntavísindasvið	46	88	134	12	12	24	
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	0	0	0	0	0	0	
Samtals						77	163
240				18	29	47	

Tafla 6.

Fjöldi stúdenta í bakkalárnámi (þrep 1, stig 2) 2013–2014 og brautskráðir úr því námi á árinu 2014. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2014.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	1044	1647	2691	158	316	474
Heilbrigðisvísindasvið*	340	1118	1458	85	264	349
Hugvísindasvið	627	1187	1814	85	163	248
Menntavísindasvið	190	836	1026	32	199	231
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	1117	730	1847	211	119	330
Samtals	3318	5518	8836	571	1061	1632

*Stúdentar í kandidateitnámi í læknisfræði og tannlæknisfræði eru ekki taldir með hér þó svo að fyrstu þrjú árin teljist vera á þrepi 1, stigi 2.

Tafla 7.

Fjöldi stúdenta í framhaldsnámi á meistarastigi (þrep 2, stig 1) 2013–2014 og brautskráðir úr því námi á árinu 2014. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2014.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	169	394	563	62	113	175
Heilbrigðisvísindasvið*	82	213	295	25	70	95
Hugvísindasvið	11	24	35	2	7	9
Menntavísindasvið	23	80	103	11	53	64
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	0	0	0	0	0	0
Samtals	285	711	996	100	243	343

*Stúdentar í kandidateitnámi í læknisfræði og tannlæknisfræði eru allir taldir hér þó svo fyrstu þrjú árin teljist vera á þrepi 1, stigi 2.

Tafla 8.

Fjöldi stúdenta í meistaranámi, (þrep 2, stig 2) 2013–2014 og brautskráðir úr því námi á árinu 2014. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2014.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	408	958	1366	124	234	358
Heilbrigðisvísindasvið	36	315	351	12	105	117
Hugvísindasvið	167	361	528	49	112	161
Menntavísindasvið	139	667	806	14	104	118
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	215	172	387	56	57	113
Samtals						965
				2473	3438	255
612				867		

Tafla 9.

Fjöldi stúdenta í doktorsnámi (þrep 3) 2013–2014 og brautskráðir úr því námi á árinu 2014. Tölur um skráða stúdenta (nemendur alls) eru frá febrúar 2014.

	Nemendur alls			Brautskráðir		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindasvið	23	61	84	4	4	8
Heilbrigðisvísindasvið	31	93	124	10	18	28
Hugvísindasvið	38	52	90	3	6	9
Menntavísindasvið	18	59	77	3	6	9
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	77	58	135	11	17	28
Samtals						187
				323	510	31
				51	82	

Nemenda- og umsóknarkerfi í Uglu

Þróun rafræns umsóknarkerfis fyrir öll námsstig í Háskóla Íslands er í stöðugri þróun í samvinnu við marga aðila innan skólans, aðallega þó við hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar Háskóla Íslands. Með tilkomu nýja umsóknarkerfisins, sem byrjað var að smíða árið 2009, hafa íslenskir umsækjendur, í grunn- og framhaldsnám, getað sótt rafrænt um í Háskóla Íslands og fylgst með framvindu umsóknar sinnar á vef háskólans.

Í byrjun desember 2010 gátu erlendir umsækjendur í fyrsta sinn sótt rafrænt um nám í Háskóla Íslands. Efnisleg meðferð umsókna frá alþjóðlegum stúdentum í grunnám er í höndum Matsskrifstofu á kennsluviði. Hlutverk Matsskrifstofu er m.a. að meta og sannreyna erlend próf og önnur erlend skjöl. Frá árinu 2012 hafa erlendir umsækjendur getað fylgst rafrænt með framvindu umsóknar sinnar á sama hátt og innlendir umsækjendur, þar með hvort umsókn þeirra hafi verið

samþykkt eða synjað með nánari útskýringum á svári um skólavist. Það var jafnframt á árinu 2012 sem samþykktum erlendum umsóknum í grunnám var einungis svarað rafrænt með tölvupósti.

Á árinu 2014 breyttist verklag við afgreiðslu erlendra umsókna og raunar var byrjað að undirbúa breytinguna ári fyrr. Í stuttu máli felst breytingin í því að Matsskrifstofa og Nemendaskrá juku til muna samvinnu sín á milli við afgreiðslu erlendra umsókna. Starfsmenn Nemendaskrár skjala og ganga frá umsókn og fylgigögnum svo að hún sé tilbúin til umfjöllunar hjá Matsskrifstofu og/eða viðkomandi deildarskrifstofu ef um framhaldsumsókn er að ræða. Markmiðið með breyttu verklagi var að bæta afgreiðsluferil umsókna, nýta mannskap beggja skrifstofa betur en hingað til og flýta fyrir afgreiðslu. Þessi verklagsbreyting hefur gefist afar vel og verður haldið áfram á sömu braut.

Umsóknir um framhaldsnám eru í höndum deilda háskólans og er þeim ýmist svarað rafrænt og/eða með bréfi sem sent er með venjulegum pósti en jafnframt geta nemendur fylgst rafrænt með framvindu umsóknar sinnar. Færst hefur í aukana að deildirnar svári einungis rafrænt með tölvupósti.

Í október 2013 var bókfært í háskólaráði að umsýslu- og afgreiðslugjald vegna umsókna nemenda með ríkisfang utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), að undanskildum Færeyjum og Grænlandi, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008, bætist við upptalningu gjalda í gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við nemendur o.fl. Eins og sést í töflu hér aftar, varð þessi gjaldtaka til þess að umsóknum erlendra umsækjenda utan Evrópska efnahagssvæðisins fækkaði umtalsvert bæði í grunn- og meistaranám haustmisserið 2014. Heildarfjöldi umsókna utan EES fór úr 1.098 umsóknum árið 2013 niður í 550 árið 2014. Þó að umsóknum hafi fækkað eftir að umsýslu- og afgreiðslugjaldið var sett á, jókst aftur á móti hlutfall samþykktra umsókna. Ástæða þess er líklega sú að mun minna barst af ófullgerðum umsóknum en áður og minna var um að fylgigögnum væri ekki skilað.

Frá árinu 2009 og til dagsins í dag hefur verið unnið markvisst að því að bæta upplýsingar til umsækjenda, bæði á tölvuskjá og með tölvupósti. Fram kemur í upplýsingunum að umsókn hafi verið móttækin og hver séu næstu skref í umsóknarferlinu. Umsækjendahópurinn í Háskóla Íslands er fjölbreyttur og frá öllum heimshornum og því eru upplýsingarnar til umsækjenda mismunandi eftir því hvort þeir eru innlendir eða erlendir ríkisborgarar, innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins og fleira.

Á árinu var unnið markvisst að því, ásamt með öðrum úr stjórnsýslueiningum skólans, að lagfæra upplýsingar á ytri vef skólans sem beint er til tilvonandi nemenda og sérstaklega tilvonandi erlendra nemanda. Upplýsingar til umsækjenda hafa því batnað eftir því sem nemenda- og umsóknarkerfið hefur þróast.

Með tilkomu rafræna umsóknarkerfisins er einnig auðveldara að fylgjast með sveiflum frá ári til árs hvað varðar fjölda umsókna í grunn- og framhaldsnám. Þessar upplýsingar eru mikilvægar, t.d. varðandi hlutfall innlendra og erlendra umsókna. Hér fyrir neðan er fjöldi umsókna fyrir vor- og haustmisseri síðastliðin fimm ár, þ.e. frá 2010–2014. Umsóknir frá erlendum skiptinemum eru ekki taldar með í neðangreindum umsóknartölum. Rétt er að árétta að þetta eru tölur um fjölda umsókna en ekki tölur um fjölda innritaðra stúdenta.

Fjöldi umsókna í grunnnám frá innlendum umsækjendum síðastliðin fimm ár

	Vor 2010	Vor 2011	Vor 2012	Vor
2013		Vor 2014		
-		432	437	
		441	366	
	Haust 2010	Haust 2011	Haust	2012
		Haust 2013	Haust 2014	
4.890		5.496	5.489	
		5.085	4.610	
Samtals:		4.890	5.928	
		5.926	5.526	
		4.976		

Fjöldi umsókna í grunnnám frá alþjóðlegum umsækjendum sl. síðastliðin fimm ár

	Vor 2010	Vor 2011	Vor 2012	Vor
2013		Vor 2014		
-		141	52	
		72	117	
	Haust 2010	Haust 2011	Haust	2012
		Haust 2013	Haust 2014	
742		1.287	1.124	
		809	546	
Samtals:		742	1.428	
		1.176	881	
		663		

Fjöldi umsókna í viðbótardiplóma- og meistaranám frá innlendum umsækjendum síðastliðin fimm ár

	Vor 2010	Vor 2011	Vor 2012	Vor
2013		Vor 2014		
-		373	439	
		393	424	
	Haust 2010	Haust 2011	Haust	2012
		Haust 2013	Haust 2014	
2.529		2.451	2.609	
		2.864	2.646	
Samtals:		2.529	2.824	
		3.048	3.257	
		3.070		

Fjöldi umsókna í viðbótardiplóma- og meistaranám frá alþjóðlegum umsækjendum síðastliðin fimm ár

	Vor 2010	Vor 2011	Vor 2012	Vor
2013		Vor 2014		
-		31	32	
		64	87	
	Haust 2010	Haust 2011	Haust	2012
		Haust 2013	Haust 2014	
	327	704	548	
		543	395	
Samtals:		327	735	
		580	607	
		482		

Fjöldi umsókna í doktorsnám frá innlendum umsækjendum síðastliðin fimm ár

	Vor 2010	Vor 2011	Vor 2012	Vor
2013		Vor 2014		
-		26	34	
		30	34	
	Haust 2010	Haust 2011	Haust	2012
		Haust 2013	Haust 2014	
		83	64	
		91	66	
		61		
Samtals:		83	90	
		125	96	
		95*		

Fjöldi umsókna í doktorsnám frá alþjóðlegum umsækjendum síðastliðin fimm ár

	Vor 2010	Vor 2011	Vor 2012	Vor
2013		Vor 2014		
-		16	23	
		27	23	
	Haust 2010	Haust 2011	Haust	2012
		Haust 2013	Haust 2014	
		51	88	
		90	103	
		64		
Samtals:		51	104	
113		130	87*	

*Birt með fyrirvara um að hugsanlega gætu umsóknir um doktorsnám verið fleiri en kemur fram á töflunni þar sem opið er fyrir umsóknir í doktorsnám allt árið og stundum, a.m.k. fyrir árið 2013, bárust umsóknir einungis á pappír.

Umsóknir um grunnám með undanþágu frá almennum inntökuskilyrðum

Umsóknum um grunnám með undanþágu frá almennum inntökuskilyrðum (stúdentsprófi) hefur fækkað töluvert frá fyrri árum. Skýringin á þessu er líklega bætt aðgengi að upplýsingum á vef háskólans um hvað umsækjandi þarf að hafa lokið mörgum einingum að lágmarki í framhaldsskóla, auk fjölda ára af starfsreynslu, til slíkrar inngöngu.

Umsóknir frá alþjóðlegum skiptinimum

Í lok árs 2011 hófst vinna við að skiptinemar erlendis frá gætu sótt rafrænt um skiptinám til Skrifstofu alþjóðasamskipta Háskóla Íslands (áður Alþjóðaskrifstofu) í rafrænu umsóknarkerfi Uglu. Árið 2012 var í fyrsta sinn tekið á móti umsóknum frá erlendum skiptinimum í Uglu og þróun þessa hluta kerfisins hélt áfram skólaárið 2013–2014. Til dæmis gátu erlendir skiptinemar í fyrsta sinn á árinu 2014 hengt fylgigögn við umsókn í rafræna umsóknarkerfinu og lokið þannig við að sækja um skiptinám í stað þess að senda fylgigögn með venjulegum pósti eftir að hafa sent inn rafræna umsókn, eins og áður þurfti. Allar slíkar litlar tæknilegar framfarir skipta máli í vinnuferlinu við afgangi umsókna.

Þess má jafnframt geta að Nemendaskrá og Skrifstofa alþjóðasamskipta bættu þjónustuna við erlenda stúdenta á þann hátt að skólinn sótti um kennitölu til Þjóðskrár fyrir erlenda nemendur frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins til að flýta fyrir skráningu þeirra í landið og í nemendakerfið við komuna til landsins. Heildarfjöldi erlendra skiptinema við Háskóla Íslands á vor- og haustmiseri 2014 var 429. Heildarfjöldi hérlendra nemenda sem fóru frá Háskóla Íslands til erlendra samstarfsskóla var 268.

Lykillinn að þessari þróun og meiri gæðum í þjónustunni er náíð og gott samstarf allra notenda Uglu og hugbúnaðarstarfsfólks Reiknistofnuna zr háskólans. Aukin samskipti við Útlendingastofnun og Þjóðskrá hefur einnig leitt til betri upplýsingagjafar til stúdenta á vef háskólans um ýmis hagnýt atriði er varða dvalarleyfisumsóknir og skráningu í landið.

Brautskráning

Nemendaskrá sér um brautskráningu kandiata í samvinnu við rektorsskrifstofu og deildir háskólans. Sú breyting komst í framkvæmd á árinu 2014 að prófskírteini og önnur brautskráningargögn voru gefin út og prentuð beint úr nemendakerfi Uglu í fyrsta sinn og sá Nemendaskrá um að prenta þessi gögn fyrir brautskráningu. Þau eru prófskírteini, skírteinisviðauki (Diploma Supplement, DS) og umslag með prentuðu nafni nemandans og prófgráðu. Keyptur var sérstakur prentari í þessum tilgangi. Við breytta framkvæmd á útgáfu brautskráningargagna var útlit skírteina og fleiri gagna samræmt og eru skírteini og önnur gögn nú eins hjá öllum nemendum í öllum deildum skólans og var það mikilvæg breyting til batnaðar. Þótt sumum þætti nokkuð kvíðvænlegt í byrjun að sækja öll gögn úr nemendakerfinu og prenta þau þaðan út miðlægt tókst framkvæmdin hins vegar afar vel með sameiginlegu átaki allra sem að verkinu komu og er nýja verklagið orðið að framtíðarskipulagi við útgáfu brautskráningargagna við háskólann.

Þá annast Nemendaskrá enn fremur þjónustu við brautskráða nemendur sem óska eftir hvers kyns staðfestingu og vottorðum um nám sitt í skólanum. Þessi þjónusta er unnin í samstarfi við þjónustuborð á Háskólatorgi.

Ýmis verkefni

Um langt árabíll hefur Nemendaskrá séð um að senda út kannanir til þeirra nemenda skólans sem það leyfa. Yfirleitt eru kannanirnar fyrir aðra nemendur Háskóla Íslands sem eru að vinna að ýmiss konar lokaverkefnum. Á undangengnum tveimur til þremur árum höfðu nemendur kvartað undan þessu áreiti enda hafði umfangið aukist umtalsvert síðastliðin ár. Þann 6. mars 2014 samþykkti háskólaráð nýjar reglur um gjaldskrá skólans m.a. vegna þjónustu við nemendur og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds, nr. 244/2014, ásamt viðaukum. Skv. 11. gr. nýju reglnanna er heimilt að innheimta 3.000 kr. gjald fyrir vinnu við slíkar kannanir. Jafnframt var samþykkt að kannanir verði eingöngu sendar út vegna verkefna sem vega 10 einingar eða meira. Nú þegar hefur útsendum könnunum á hi-netföng nemenda fækkað til muna. Nemendaskrá sinnir einnig beiðnum frá nemendafélögum skólans, t.d. um netfangalista nýnema á haustin.

Á árinu var útbúin sérstök þjónustuveita á milli Lánasjóðs íslenskra námsmanna og Nemendaskrár sem gerir sjóðnum kleift að sækja upplýsingar í nemendaskrána um námsframvindu nemenda sem sótt hafa um lán. Áður þurfti Nemendaskrá að senda daglega staðlaðar skýrslur til sjóðsins meðan á prófatíð stóð.

Jafnframt er samvinna á milli Nemendaskrár og Félagsstofnunar stúdenta vegna búseturéttar í námsmannaíbúðum. Strætó bs. fær reglulega sendan lista yfir skráða nemendur í byrjun missera til að nemendur geti keypt sér afsláttarkort í strætó. Vinnuálastofnun fær einnig upplýsingar um námsstöðu nemenda til að keyra saman við gagnagrunn stofnunarinnar vegna þeirra sem höfðu sótt um atvinnuleysisbætur. Háskólinn leitaði áhlits Persónuverndar á þessu atriði árið 2009 og í ljósi m.a. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 54/2006 heimilaði Persónuvernd að skólinn afhenti Vinnuálastofnun skrá með upplýsingum um þá sem sækja lánshæft nám við skólann. Þessu til viðbótar má nefna að Nemendaskrá veitir ýmsum öðrum, innan sem utan skólans, ýmsa þjónustu. Þar má nefna að Stúdentaráð þarf á Nemendaskrá að halda í kringum kosningar til að sannreyna hvaða nemendur eru á kjörskrá. Einnig ber við að Nemendaskrá sendi út upplýsingar til ákveðinna nemendahópa, t.d. erlendra stúdenta vegna viðburða sem tengjast landi þeirra og þjóð.

Aukin gæði

Eins og lýst hefur verið hér að framan er nemenda- og umsóknarkerfið Ugly í stöðugri þróun og tekur sífelldum breytingum til að mæta æ betur þörfum notenda sinna: umsækjenda, nemenda, kennara og starfsfólks stjórnsýslu skólans. Hugbúnaðurinn batnar því með hverju ári og þar með verður hann æ notadrygri, ekki síst fyrir umsækjendur og nemendur. Áframhaldandi þróun nemenda- og umsóknarkerfisins Ugly hefur umbylt vinnuferlinu við inntöku nemenda í háskólann til mikils batnaðar og gert kleift að samræma prófskírteini og önnur brautskráningargögn í öllum deildum.

Starfsfólk

Stöðugildi á Nemendaskrá voru átta og þar störfuðu á árinu: Elín Ágústa Ingimundardóttir verkefnisstjóri (100%), Erla Ósk Hermannsdóttir verkefnisstjóri (100%), Guðrún Valgerður Bóasdóttir verkefnisstjóri (100%), Halldóra Vala Jónsdóttir verkefnisstjóri (100%), Jóna Margrét Guðmundsdóttir verkefnisstjóri (100%), Kristín Jónasdóttir skrifstofustjóri (100%), Stefanía Lóa Jónsdóttir deildarstjóri (100%) og Tatiana Saavedra verkefnisstjóri (100%).


Þjónustuborð

Þjónustuborðið á Háskólatorgi veitir nemendum, starfsmönnum og gestum Háskóla Íslands fjölþætta þjónustu. Þar fá nemendur brautskráningar- og námsferilsyfirlit og vottorð um skólavist til handa stofnunum og fyrirtækjum. Á Þjónustuborðinu er nemendum veittur aðgangur að námsvef Uglunnar, þar geta þeir keypt prentkvóta Reiknistofnunar og fá afhent stúdenta- og strætókort. Skráning og greiðsla fyrir námskeið Náms- og starfsráðgjafar fer fram á Þjónustuborðinu og veitt er ýmis þjónusta fyrir Skrifstofu alþjóðasamskipta. Allir erlendir nemendur háskólans eiga jafnframt erindi við Þjónustuborðið í upphafi náms til að ljúka skráningu í skólann og fá aðgang að Uglu. Starfsmenn Þjónustuborðsins sjá einnig um bókanir í kennslustofur og fundarherbergi á Háskólatorgi og þar kaupa starfsmenn háskólans matarmiða fyrir Hámu.

Afgreiðslutilvikum fækkaði örlítið frá árinu 2013. Upphaf skólaársins er ávallt mesti álagstíminn á Þjónustuborðinu og eykst þá fjöldi gesta í afgreiðslu frá degi til dags þar til toppi er náð í byrjun september. Mest komu 809 viðskiptavinir á Þjónustuborðið á einum degi í september. Í janúar er jafnframt annar toppur en þó minni og einnig er álagstími á próftímabilum. Á Þjónustuborðinu er biðraðakerfi og með því eru viðskiptavinir taldir. Á eftirfarandi línuriti má sjá hvernig fjöldi viðskiptavina sveiflaðist eftir tíma ársins.




Fjöldi viðskiptavina á dag 2014



Á árinu 2014 voru gefin út tæplega 19.800 staðfest vottorð, sem er aukning frá árinu áður, og tæplega 3.200 stúdentakort voru framleidd. Þá fjölga stöðugt tölvupósti sem berst á netföng þjónustuborðsins og voru 9.800 tölvupóstserindi afgreidd á árinu, auk fjölda símtala. Á eftirfarandi stöplari má sjá hvernig erindi sem berast þjónustuborðinu í tölvupósti hafa þróast:

Mótttekinn tölvupóstur haskolatorg@hi.is og studentakort@hi.is



Starfsfólk Þjónustuborðs

Ársverk á Þjónustuborðinu voru 4,7. Þar störfuðu í fullu starfi Anna Birna Halldórsdóttir þjónustustjóri og þjónustufulltrúarnir Guðrún Ásta Guðmundsdóttir, Sigríður Þórsdóttir og Sólveig Margrét Karlsdóttir. Ingunn Anna Ragnarsdóttir og Sunna Diðriksdóttir unnu þar hluta ársins.

Jafnréttismál

Ný jafnréttisáætlun var samþykkt á fundi háskólaráðs 16. janúar 2014 og gildir hún til ársins 2017. Meginmarkmið jafnréttisáætlunar skólans eru:

- 1) að tryggja samþættingu jafnréttissjónarmiða í öllu starfi Háskóla Íslands;
- 2) að hlúa að fjölbreyttum mannauði skólans;
- 3) að taka fullt tillit til jafnréttissjónarmiða við skipulag náms, í kennslu og í rannsóknum;
- 4) að taka fullt tillit til jafnréttissjónarmiða við framkvæmd stjórnsýsluverkefna.

Ný jafnréttisnefnd var skipuð í október 2014 og er hún skipuð til ársins 2017. Nýr formaður er Herdís Sveinsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræði, og eiga formenn jafnréttisnefnda hvers fræðasviðs sæti í nefndinni, ásamt fulltrúa stúdenta.

Á fundi háskólaráðs 16. janúar 2014 voru samþykktar verklagsreglur um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og öðru kynferðislegu ofbeldi innan Háskóla Íslands. Þar er skilgreindur farvegur mála og hlutverk fagráðs sem tekur við og rannsakar kvartanir um brot innan háskólans. Á næsta fundi háskólaráðs, 6. febrúar, var síðan samþykkt skipan fagráðs til þriggja ára. Samkvæmt verklagsreglum skal fagráð skipað formanni sem hefur fagþekkingu og reynslu af meðferð mála af því tagi sem reglurnar fjalla um og sem ekki gegnir föstu starfi við skólann. Auk formanns tilnefna starfsmannasvið háskólans og Náms- og starfsráðgjöf háskólans einn fulltrúa hvor. Árið 2014 var Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur skipuð formaður ráðsins og einnig voru skipuð í ráðið þau Brynhildur G. Flóvenz, dósent við Lagadeild, tilnefnd af starfsmannasviði, og Gunnar Hrafn Birgisson, sálfræðingur og forstöðumaður Sálfræðiráðgjafar háskólanema við Háskóla Íslands, tilnefndur af Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands. Með ráðinu starfa jafnréttisfulltrúi háskólans og fulltrúi starfsmannasviðs.

Jafnréttisdagar voru haldnir í sjötta sinn dagana 6.–17. október og sem fyrr voru þeir vettvangur samstarfs milli aðila innan sem utan háskólans og komu bæði nemendur og starfsfólk skólans að skipulagningu daganna. Meðal efnis var stefnumót tungumála, sýning nemenda Listaháskóla Íslands á Háskólatorgi þar sem aðferðum og kenningum kynjafræðinnar var beitt við listræna vinnu, jafnréttiskaffi GÆS, jafnréttis-pub quiz og kvikmyndasýning. Fjöldi fyrirlestra var í boði á jafnréttisdögum og til umfjöllunar var m.a. íslensk menningarviðmið, birtingarmyndir fatlaðs fólks í ríkjandi fjölmiðlaorðræðu, hindranir flóttafólks í leit að vernd, málefni blindra og sjónskertra stúdenta, karlmennska og „hvítleiki“ og orðræða um fatlað afreksfólk í íþróttum. Jafnréttisdögum lauk svo með Straight Friendly Party í Stúdentakjallaranum. Helstu bakhjarlar jafnréttisdaga 2014 voru jafnréttisnefnd Háskóla Íslands og ráð um málefni fatlaðs fólks við Háskóla Íslands en einnig styrkti mennta- og menningarmálaráðuneytið verkefnið. Yfirumsjón með verkefninu var sem fyrr í höndum jafnréttisfulltrúa háskólans.


Svandís Anna Sigurðardóttir kynjafræðingur sinnti starfi jafnréttisfulltrúa þar til í ágúst er Arnar Gíslason sneri aftur til starfa eftir ársleyfi vegna starfa fyrir íslensku friðargæsluna. Svandís hóf þá störf sem kynjafræðingur Hjallastefnunnar.

Stúdentar – lykiltölur

Í október 2014 voru skráðir nemendur við Háskóla Íslands 13.052. Eins og áður voru konur í meirihluta, eða 65,8% nemenda en karlar 34,2%. Þetta kynjahlutfall hefur haldist nánast óbreytt síðastliðin fimm ár.

Kynjahlutföllin eru enn ójafnari ef litið er til skráðra framhaldsnema við háskólann á sama tíma – 70,9% eru konur og einungis 29,1% karlar. Hlutfall karla meðal framhaldsnema hefur lækkað undanfarin ár. Í október 2013 var hlutfall þeirra 29,5%; 29,9% í október 2012; 30,4% í október 2011; og 31,1% í október 2010.

Þegar horft er til nýnema haustið 2014 er hlutfall karla hærra en hlutfall þeirra af heildarfjölda nemanda innan Háskóla Íslands. Í október 2014 voru karlar 37,8% allra nýnema og konur 62,2%.



Á myndinni sjást hlutföll kvenna og karla á ýmsum vettvangi innan Háskóla Íslands 2014.

Starfsfólk – lykiltölur

Í lok árs 2014 voru fastir starfsmenn Háskóla Íslands samtals 1.522: 53,2% konur og 46,8% karlar, sem er nánast sama hlutfall og árið áður. Ársverk voru 1.284 og skiptust með svipuðum hætti og heildarstarfsmannafjöldi milli kynjanna (53,6% konur og 46,4% karlar).

Prófessorar voru fjölmennastir í hópi kennara við Háskóla Íslands í árslok að frátöldum stundakennurum, alls 275 manns eða 40% (einnig 40% í árslok 2013 en 38% í árslok 2012). Kynjahlutföll meðal kennara (að stundakennurum undanskildum) voru 55,9% karlar og 44,1% konur og dró því úr muni milli kynja (í árslok 2013 voru hlutföllin 57,3% karlar og 42,7% konur og í árslok 2012 voru hlutföllin 58,3% karlar og 41,7% konur).

Þegar horft er eingöngu til prófessora, dósentna og lektora sést að hlutfall prófessora er 46,8% af hópnum öllum. Þegar hópurinn er þrengdur með þessum hætti er hlutfall karla hærra meðal kennara en áður var nefnt, eða 60,7% karlar. Hlutfall kvenna í þessum hópi er því 39,3% og stendur svo til í stað frá árinu áður er það var 39,4%.

Af prófessorum voru 71,6% karlar og 28,4% konur og því minnkar bilið áfram milli kynjanna meðal prófessora við Háskóla Íslands – þó að breytingar séu ekki mjög miklar frá ári til árs (árið 2013 var hlutfall karla meðal prófessora 72,5%; árið 2012 var það 73,1%; árið 2011 var það 73,5% og árið 2010 voru 73,9% prófessora karlar).

Af dósentum við háskólann voru 43,1% konur og 56,9% karlar en árið áður var hlutfall kvenna 43,3%. Hlutfall kvenna var 42,3% árið 2012, og 39,2% árið 2011.

Í störfum lektora voru konur 54,9% og karlar 45,1%, og dregur ögn í sundur með kynjunum frá fyrra ári þegar karlar voru 44,1% lektora.

Í störfum aðjunkta var hlutfall kvenna hæst af öllum starfsheitunum kennara, eða 73,7%, og karlar því 26,3%. Hér jókst munur milli kynja töluvert – við árslok 2013 voru karlar 36% aðjunkta. Árið 2012 voru karlar 37,7% aðjunkta (sem var mjög sambærilegt við árin 2010 og 2011).

Tafla 10.

Fjöldi og hlutföll karla og kvenna meðal kennara innan Háskóla Íslands í árslok 2014 (2013 í sviga)


	Karlar	Konur Konur (%)	Karlar (%)
Aðjuntar		25 (32)	70 (57)
		26 (36)	74 (64)
Lektorar		69 (67)	84 (85)
		45 (44)	55 (56)
Dósentar		91 (89)	69 (68)
		57 (57)	43 (43)
Prófessorar		197 (192)	78 (73)
		72 (72)	28 (28)
Heild (283)		382 (380)	301
		56 (57)	44 (43)

Konur eru í meirihluta meðal stundakennara skólans. Samtals voru 2.277 stundakennarar árið 2014, 1.353 konur, eða 59,4%, og 924 karlar, eða 40,6%. Dregur því saman með körlum og konum frá

árinu áður þegar konur voru 62,2% stundakennara og karlar voru 37,8%. Alls var um að ræða 217.388 stundir, sem jafngilda 203 stöðugildum aðjunktum (umreiknað í kennslu aðjunktis í fullu starfi á ársgrundvelli). Hlutfall karla og kvenna meðal stundakennara var misjafnt eftir fræðasviðum. Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði voru fleiri karlar en konur meðal stundakennara (68,1% karlar) en á hinum fræðasviðunum fjórum var hlutfall kvenna hærra en karla, eða á bilinu 53,5–68,8%. Auk stundakennara var alls 141 vettvangskennari á Menntavísindasviði, 34 karlar (24,1%) og 107 konur (75,9%), sem alls skiluðu 4.406 stundum (jafngildi fjögurra stöðugilda).

Meðal sérfræðinga (akademískra starfsmanna með starfsheitin vísindamaður, fræðimaður eða sérfræðingur) voru fleiri karlar en konur, eða 29 karlar og 16 konur, og karlar því 64,4% sérfræðinga (voru 63,8% árið 2013 og 63,5% árið 2012).

Meðal rannsóknafólks (í störfum þar sem ekki er gert ráð fyrir akademísku hæfismati, ólíkt störfum sérfræðinga) voru fleiri konur en karlar, eða 209 konur (58,7%) og 147 karlar (41,3%). Hér dró saman með körlum og konum því að karlar voru 37% hópsins í árslok 2013 og 38,7% árið 2012.



Á myndinni sjást hlutföll kvenna og karla eftir starfsheitum við kennslu og rannsóknir innan Háskóla Íslands 2014.

Meðal skrifstofufólks í Háskóla Íslands, alls 107 karlar og 266 konur, voru kynjahlutföllin 71,3% konur (alls 266 konur) og 28,7% karlar (alls 107 karlar). Er það eilítið ójafnara en árið 2012 (70,7% konur og 29,3% karlar). Til þessa hóps telst starfsfólk í miðlægrri stjórnsýslu, á skrifstofum fræðasviða og deilda og skrifstofum stofnana utan fræðasviða. Í hópi skrifstofufólks í miðlægrri stjórnsýslu (alls 129 manns) voru konur 71,3% og karlar 28,7%, sem er ögn ójafnara hlutfall en árið 2013, en þá voru konur 73,2% og karlar 26,8%. Í hópi skrifstofufólks sem starfar innan fræðasviða (alls 193 manns) voru konur 81,9% og karlar 18,1%, sem er ívið ójafnara en árið 2013 er konur voru 78,4% og karlar 21,6%. Í hópi skrifstofufólks á stofnunum utan fræðasviða (alls 51 starfsmaður) voru konur 31,4% og karlar 68,6% og dregur þar enn frekar í sundur með körlum og konum því að árið 2013 voru karlar 57,6% og árið 2012 var munurinn nánast enginn (49,2% konur og 50,8% karlar). Í hópi fólks í tæknistörfum voru karlar fleiri en konur, eða 47 karlar (72,3%) og 18 konur (27,7%). Til þessa hóps teljast m.a. umsjónarmenn, tæknifólk, iðnaðarmenn og baðverðir. Kynjahlutföll í þessum hópi standa í stað miðað við árið 2013 en munurinn var meiri árið 2012 (76,7% karlar og 23,3% konur).

Æðsti stjórnandi háskólans, rektor, skipaður til 2015, er kona. Aðstoðarrektor kennslu og vísinda og framkvæmdastjóri framkvæmda- og tæknisviðs eru báðir karlar. Af sex sviðsstjórum í miðlægrí stjórnáslu eru fjórir karlar og tvær konur. Ekki urðu breytingar á þessum hópi stjórnenda frá árinu 2013.

Í árslok 2014 voru tvær konur og þrjú karlar í starfi forseta fræðasviða Háskóla Íslands, sem er óbreytt frá fyrra ári. Í störfum rekstrarstjóra fræðasviða voru þrjú konur og einn karl. Af 25 kjörnum deildarforsetum (frá og með 1. júlí 2014) voru 18 karlar (72%) og 7 konur (28%). Konum meðal deildarforseta fækkaði um eina á árinu, sem og árin tvö þar á undan, og hefur því fækkað úr tíu í sjö frá árinu 2011. Hlutföllin voru misjöfn eftir fræðasviðum. Á þremur fræðasviðum voru fimm karlar og ein kona í hlutverkum deildarforseta (á Félagsvísindasviði, Heilbrigðisvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði), á Hugvísindasviði var fjöldi karla og kvenna jafn meðal deildarforseta, eða tvær konur og tveir karlar, og á Menntavísindasviði voru tvær konur og einn karl í hlutverki deildarforseta.

Háskólaráð, háskólaþing og starfsnefndir háskólaráðs – lykiltölur

Árið 2014 var háskólaráð skipað 11 fulltrúum, sex konum (54,5%) og fimm körlum (45,5%). Á háskólaþingi í nóvember 2014 sátu 66 fulltrúar með atkvæðisrétt, 36 karlar (54,5%) og 30 konur (45,5%), sem er jafnara hlutfall en ári fyrr (þá voru karlar 60% fulltrúa með atkvæðisrétt). Ef skoðuð eru hlutföll kvenna og karla meðal einstakra hópa á þinginu kemur í ljós að meðal stjórnenda sem sátu háskólaþing (rektor, forsetar fræðasviða og deildarforsetar, alls 30 sæti) voru 12 konur (40%) og 18 karlar (60%); meðal fulltrúa sem eru tilnefndir af stofnunum (alls 6 fulltrúar) voru 3 konur (50%) og 3 karlar (50%); meðal fulltrúa stúdenta (alls 10 fulltrúar) voru 6 konur (60%) og 4 karlar (40%); og meðal annarra kjörinna fulltrúa (alls 20 fulltrúar) voru 9 konur (45%) og 11 karlar (55%). Á vegum háskólaráðs starfa sex starfsnefndir. Í þeim sátu samtals 37 fulltrúar, 22 karlar og 15 konur. Hlutfall karla var því 59,5% og hlutfall kvenna 40,5% og er það óbreytt frá árinu áður þó að breytingar hafi orðið innan einstakra nefnda. Karlar gegndu formennsku í fimm nefndanna í árslok 2014 og í einni nefnd, jafnréttisnefnd, var formaður kona. Er þetta sömuleiðis óbreytt frá fyrra ári en í árslok 2012 gegndu karlar formennsku í fjórum nefndanna og konur í tveimur (jafnréttisnefnd og vísindanefnd).

Flestar starfsnefnda háskólaráðs eru skipaðar með þeim hætti að flestir eða allir fulltrúar í nefndunum eiga þar sæti vegna starfs síns eða vegna formennsku í nefnd á fræðasviði sínu. Þannig eru öll sæti í fjármálanefnd og samráðsnefnd um kjaramál tengd tilteknu starfi, nema hvað formaður þeirrar síðarnefndu er valinn úr röðum fastráðinna kennara við Háskóla Íslands. Í þremur nefndanna (jafnréttisnefnd, kennslumálanefnd og vísindanefnd) er skipan þannig að formenn nefnda á fræðasviðum eiga sæti í miðlægrí nefnd um sama málefni, auk formanns, sem rektor tilnefnir, og fulltrúa stúdenta. Gæðanefnd er svo skipuð einum fulltrúa af hverju fræðasviði, auk formanns, sem rektor tilnefnir, og fulltrúa stúdenta.

Samkvæmt 15. gr. jafnréttislaga skal þess gætt að hlutfall beggja kynja sé sem jafnast í nefndum á vegum hins opinbera og að lágmarki 40% þegar um er að ræða fleiri en þrjú fulltrúa. Í lok árs 2014 var samsetning í þremur af sex starfsnefndum háskólaráðs í samræmi við þetta ákvæði (óbreytt frá árinu áður en í árslok 2012 voru fjórar nefndanna í samræmi við ákvæðið). Í tveimur nefndanna voru konur fjölmennari – samráðsnefnd um kjaramál og vísindanefnd. Í þeirri fyrrnefndu sátu einn karl (33%) og tvær konur (67%) og í þeirri síðarnefndu sátu fjórar konur (57%) og þrjú karlar (43%). Karlar voru fjölmennari í öðrum nefndum. Í fjármálanefnd sátu fjórir karlar (67%) og tvær konur (33%); í gæðanefnd sátu fjórir karlar (57%) og þrjú konur (43%); í jafnréttisnefnd sátu fjórir karlar (57%) og þrjú konur (34%); og í kennslumálanefnd sátu sex karlar (86%) og ein kona (14%).

Af þeim 37 fulltrúum sem áttu sæti í þessum nefndum voru fjórir fulltrúar stúdenta, ein kona (25%) og þrír karlar (75%), en stúdentar áttu fulltrúa í gæðanefnd, jafnréttisnefnd, kennslumálanefnd og vísindanefnd.

Með hverri nefnd störfuðu á bilinu einn til þrír starfsmenn, sem jafnframt sátu fundi nefndanna. Alls var um að ræða 12 manns – sjö karla (58%) og fimm konur (42%). Þetta er sama hlutfall og árið 2012 en í lok árs 2013 var hlutfallið jafnt.

Rannsóknir

Umsýsla verkefna er tengjast rannsóknum og þjónustu við akademíska starfsmenn háskólans, sem áður var á vettvangi Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, færðist til vísindasviðs skólans á árinu 2013. Starfsemin var endurskipulögð, m.a. í samvinnu við Miðstöð framhaldsnáms og kennsluvið. Heiti vísindasviðs í miðlægrri stjórnábyrgð var þá breytt í vísinda- og nýsköpunarsvið. Hluti starfsfólks Rannsóknþjónustunnar fluttist með verkefnum til Rannís en meginþorri þess hélt áfram störfum í nýrri deild á vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands, sem er til húsa í Aðalbyggingu. Halldór Jónsson er áfram sviðsstjóri hins endurskipulagða sviðs.

Rannsóknir

Rannsóknir við Háskóla Íslands eru í örur vexti. Háskólinn hefur á öllum fræðasviðum sínum á að skipa metnaðarfullum vísindamönnum á heimsmælikvarða og er því vel í stakk búinn til ná enn betri árangri en þegar hefur náðst.

Í maí 2006 setti Háskóli Íslands sér metnaðarfulla stefnu til ársins 2011. Stefnan hefur verið mikilvægt skref að því langtímamarkmiði háskólans að komast í raðir bestu háskóla heims. Í anda þessarar stefnu hyggst háskólinn á næstu árum efla enn frekar hágæðarannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið á fjölbreyttum sviðum vísinda og fræða. Tekist hefur fjölga gífurlega brautskráðum doktorum, auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna, m.a. með því að fjölga greinum sem starfsmenn skólans birta í ritrýndum, alþjóðlegum tímaritum, auka skipulegt samstarf við erlenda háskóla, sækja í auknum mæli í samkeppnissjóði rannsókna, stórefla aðstöðu til rannsókna og auka þverfræðilegar rannsóknir. Síðast en ekki síst hyggst háskólinn áfram efla nýsköpun og tengsl við rannsóknastofnanir, atvinnulíf og landsbyggðina.

Annar áfangi að langtímamarkmiðinu er Stefna Háskóla Íslands 2011–2016. Í henni er lögð áhersla á að efla gæði og styrkja innviði allra þátta háskólastarfsins. Í því skyni hefur háskólinn sett sér markmið um rannsóknir og nýsköpun, nám og kennslu, mannauð og ábyrgð gagnvart samfélaginu og umheiminum. Helstu stefnunnar eru áhersla á gæðarannsóknir og alþjóðlegt samstarf, þróttmikið framhaldsnám sem uppfyllir alþjóðlegar gæðakröfur, samþættingu kennslu og rannsókna á öllum námsstigum, eflingu mannauðs og starfsánægju stúdenta og starfsmanna og samfélagslega og hnattræna ábyrgð á 21. öld.

Til að meta árangur af stefnu Háskóla Íslands um rannsóknir og nýsköpun verða eftirfarandi lykilmælikvarðar notaðir:

- Brautskráningarhlutfall doktorsnema, þ.e. hlutfall skráðra doktorsnema sem ljúka námi á tilsettum tíma (e. graduation rate).
- Brautskráningarhlutfall skráðra meistaranema.
- Fjöldi námskeiða á framhaldsstigi sem stendur nemendum á hverri námsleið til boða.

- Árleg fjölgun gæðabirtinga á hverju fræðasviði, þ.e. í ERIH-tímaritum, ISI-tímaritum og á öðrum ritrýndum vettvangi þar sem gerðar eru strangar fræðilegar gæðakröfur, s.s. í bókum og bókarköflum.
- Árleg aukning tekna úr viðurkenndum rannsóknasjóðum.
- Fjöldi þverfræðilegra rannsóknaverkefna vísindamanna Háskóla Íslands sem hljóta styrk úr viðurkenndum rannsóknasjóðum.
- Fjöldi samninga við öflugla innlenda og erlenda samstarfsaðila.
- Fjöldi einkaleyfaumsókna, veittra einkaleyfa og sprotafyrirtækja, sem orðið hafa til fyrir starf innan skólans.

Matskerfi opinberra háskóla

Forsendur

Matskerfi opinberra háskóla er grundvöllur að mati á störfum akademískra starfsmanna, þ.e. þeirra sem ráðnir eru samkvæmt hæfnisdómi og eru í Félagi prófessora við ríkisháskóla eða í öðrum kjarafélögum sem hafa gert samning um aðild að kerfinu (svo sem Félag háskólakennara, Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands og Félag háskólakennara á Akureyri). Við Háskóla Íslands gildir að ritverk og annað útgefið efni sem ekki er auðkennt Háskóla Íslands (e. University of Iceland) er ekki tekið til mats. Mat á störfum nær til rannsókna, kennslu, stjórnunar, þjónustu og fleiri þátta. Árlegt framtal starfa felur í sér skýrslu um störf undangengins árs. Við Háskóla Íslands felur skýrslan einnig í sér uppfærslu svokallaðrar kennsluferilsskrár, yfirlit um samstarf við aðila utan Háskóla Íslands og yfirlit um aukastörf utan skólans. Engin stig, hvorki fyrir rannsóknir, kennslu né annað, eru veitt fyrir en fullnægjandi framtali hefur verið skilað.

Rannsóknir

Mat á rannsóknnum byggist í meginatriðum á birtingarvettvangi ritverks. Litið er svo á að efni sem birtist á vettvangi þar sem gerðar eru strangar fræðilegar kröfur hafi þegar verið metið með tilliti til efnisöflunar, frumleika og framlags til nýrrar þekkingar. Þá skiptir sköpum hvernig útgefandi stendur að ritrýni. Ritryni telst fullnægjandi þegar efni sem til stendur að birta er sent til a.m.k. tveggja ritryna. Ritryni skal vera nafnlaus, fagleg, efnisleg og unnin af viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi sviði. Enn fremur er lagt mat á dreifingu, aðgengi og áhrif ritverka.


Kennsla

Lagt er mat á virkni og gæði í kennslu, m.a. í birtu kennsluefni, nýsköpun í kennslu og leiðbeiningu nemenda í framhaldsnámi. Við Háskóla Íslands gildir að kennslustig vegna kennslureynslu (B1) fást ekki nema kennsluferilsskrá hafi verið uppfærð samhliða framtali starfa, sbr. að framan, en uppfæra þarf skrána árlega í tengslum við mat á störfum.

Stjórnun, þjónusta og annað


Mat er lagt á stjórnunarstörf, sbr. C-hluta matskerfisins (stjórnun), og þjónustu, sbr. D-hluta kerfisins (þjónusta). Lagt er mat á tiltekin stjórnunarstörf sem einkum eru á vegum háskólanna í heild eða fræðasviða þeirra. Stjórnun á vegum deilda er að jafnaði ekki metin til stiga samkvæmt reglum þessum. Í D-hluta er lagt mat á ýmis störf er falla undir þjónustu og fræðslu fyrir almenning sem háskólafolk sinnir í krafti sérþekkingar sinnar.

Mynd 1. Heildarrannsóknastig Háskóla Íslands 2010–2013




Á myndum 1 og 2 er að finna yfirlit yfir heildarrannsóknastig akademískra starfsmanna Háskóla Íslands og stofnana hans árin 2010–2013. Á mynd 3 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna eftir fræðasviðum 2013. Á mynd 4 má sjá meðaltal rannsóknastiga akademískra starfsmanna eftir fræðasviðum árið 2013, reiknað á fjölda starfsmanna í hverri deild annars vegar og á fjölda starfsígilda hins vegar. Eins og sjá má er mjög mismunandi eftir fræðasviðum hve mikill munurinn er en almennt má segja að fjöldi hlutastarfa í deild og stærð deildar hafi mest áhrif þar á.


Mynd 2. Meðaltal rannsóknastiga 2010–2013. Allir starfsmenn




Mynd 3. Meðaltal rannsóknastiga 2013 eftir fræðasviðum



Mynd 4. Meðaltal rannsóknastiga 2013 á hvern starfsmann/starfsígildi eftir fræðasviðum




Mynd 5. Meðaltal rannsóknastiga 2010–2013 á hvern starfsmann á stofnunum tengdum Háskóla Íslands




Skil á rannsóknaskýrslum

Á myndum 6 og 7 má sjá hversu mismunandi skil eru á rannsóknaskýrslum eftir fræðasviðum og stofnunum. Tölurnar fyrir fræðasviðin á mynd 6 eiga einungis við skil á árinu 2013.

Mynd 6. Skil á rannsóknaskýrslum 2013 eftir fræðasviðum



Mynd 7. Skil á rannsóknaskýrslum 2013 hjá stofnunum tengdum Háskóla Íslands




Ritvirkni greind eftir flokkum ritverka

Á mynd 8 sést að um 50% rannsóknastiga háskólans árið 2013 eru til komin vegna greina sem birtust í alþjóðlegum tímaritum skráðum í ISI-gagnagrunnum, ERIH-A- og B-listunum og íslenskum, ritrýndum tímaritum. Þar af eru 19% stiga til komin vegna greina sem birtust í tímaritum með hæsta áhrifastuðulinn (20%) og í tímaritum skráðum á ERIH-A-listanum.


ISI-gagnagrunnarnir eru þrír: á sviði félagsvísinda, hugvísinda og heilbrigðis- og raunvísinda. ERIH-listarnir eru þrír og skiptast í A-, B- og C-lista. Þeir eru evrópskir gæðalistar.

Fyrirlestrar og veggspjöld gefa rúmlega 20% rannsóknastiga en aðrir flokkar koma alllangt á eftir. Bókarkafar gefa 12%, ráðstefnugreinar 5% og bækur gefa 3% rannsóknastiga. Aðrir hlutar matskerfisins standa fyrir 24% rannsóknastiga. Á mynd 9 má sjá hlutfall ritrýndra greina í heildarritvirkni fræðasviða. Það er misjafnt eftir fræðasviðum hvort þetta hlutfall jókst árið 2013 frá árinu 2012.

Mynd 8. Ritvirkni 2013, greind eftir birtingarflokkum



Mynd 9. Hlutfall ritrýndra greina 2010–2013 eftir fræðasviðum



Rannsóknatengdir sjóðir

Vinnumatssjóður

Sjóðurinn var stofnaður 1989 og byggist á kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra. Allir akademískir starfsmenn sem eru í Félagi háskólakennara og í meira en 50% starfi eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum. Vinnumatssjóður greiðir félagsmönnum sem sýnt hafa árangur í rannsóknum í samræmi við mat á ritverkum. Birtar greinar og rit eru metin og fari afköst yfir tiltekin mörk öðlast viðkomandi hlutdeild í Vinnumatssjóði í samræmi við stigafjölda. Á árinu 2014 voru akademískum starfsmönnum við Háskóla Íslands greiddar 158 m.kr., auk launatengdra gjalda, úr Vinnumatssjóði fyrir rannsóknafköst á árinu 2013.

Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora


Prófessorar fá greiðslu úr Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora fyrir vinnu við rannsóknir umfram tiltekið lágmark. Greitt er fyrir birtar greinar og önnur ritverk í samræmi við stigafjölda sem grundvallast á mati á þessum verkum.

Rannsóknasjóður


Vísindanefnd háskólans fer með stjórn Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands. Úr Rannsóknasjóði geta kennarar og sérfræðingar fengið styrki til vel skilgreindra verkefna ef þau teljast hafa álitlegt vísindagildi að mati sérfróðra umsagnaraðila, ef fyrri störf umsækjanda sýna að hann sé líklegur til að ná árangri og full skil hafa verið gerð með framvinduskýrslum um nýtingu fyrri styrkja sem sjóðurinn hefur veitt umsækjanda. Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir eða undirsjóði, þ.e. almennan sjóð, skráningarsjóð og lausn frá kennslu. Á árinu 2014 var úthlutað fyrir árið 2015 248 m.kr. til 266 verkefna, eða að meðaltali 932 þús.kr. á hverja umsókn sem hlaut styrk (sjá myndir 10–12).

Þá veitir Rannsóknasjóður doktorsnemum launastyrki en nánar er fjallað um þá í sérkafla um framhaldsnám. Engir styrkir voru veittir til nýdókora á árinu enda eru nýdöktorum veittir sérstakir launastyrkir úr Nýliðunarsjóði (sjá sérstakan kafla um hann).


Mynd 10. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Heildarupphæð umsókna og styrkja 2012–2015 (m.kr. á verðlagi hvers árs)



Mynd 11. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Meðalupphæð styrkja (þús.kr.) og hlutfall úthlutunar af umbeðnu fé 2012–2015 (%)



Mynd 12. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Fjöldi umsókna og styrkja og hlutfall styrktra umsókna 2012–2015 (%)




Tækjakaupasjóður

Háskólinn fær ekki fjárveitingu úr ríkissjóði til tækjakaupa en aftar fjár til þeirra með Hapdrætti Háskóla Íslands. Markmið Tækjakaupasjóðs er að gera kennurum og sérfræðingum kleift að kaupa nauðsynleg tæki til rannsókna. Fræðasviðin raða umsóknum í forgangs röð. Sjóðurinn hafði á árinu 2014 um 38 m.kr. til ráðstöfunar.

Þá eru einnig veittir svokallaðir mótframlagastyrkir sem eru háðir því að umsækjandi hljóti styrk frá Innviðasjóði Vísinda- og tækniráðs. Alls voru sex slíkir veittir styrkir á árinu, að upphæð um 21 m.kr.

Mynd 13. Úthlutun úr Tækjakaupasjóði 2011–2014 (m.kr. á verðlagi hvers árs)



Rannsóknatengt framhaldsnám

Mikilvægasta stefnumál Háskóla Íslands og helsti vaxtarbroddurinn í starfi hans er rannsóknatengt framhaldsnám: meistara- og doktorsnám. Þótt allt háskólanám hvíli að nokkru leyti á rannsóknavinnu nemenda greinir framhaldsnámið sig frá grunnnáminu að því leyti að í því er lögð höfuðáhersla á rannsóknir sem nemendur vinna undir handleiðslu leiðbeinenda. Framhaldsnámið er því einnig nefnt rannsóknánám. Í öllum deildum háskólans er nú í boði framhaldsnám eða rannsóknánám eftir fyrsta háskólapróf. Hvatt er til þess að hluti námsins fari fram við erlenda háskóla. Þangað eru einkum sótt sérhæfð námskeið sem háskólinn getur ekki boðið en rannsóknaverkefni eru yfirleitt unnin hér á landi, stundum í samvinnu við erlenda aðila.


Í stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 segir m.a. í kafla um stefnu um rannsóknir og nýsköpun: „Öflugt framhaldsnám sem hvílir á traustum grunni er forsenda þess að Háskóli Íslands geti rækt hlutverk sitt og náð langtímamarkmiðum sínum. Gróskumikið rannsóknánám gerir háskólanum kleift að laða til sín bestu innlendu og erlendu framhaldsnemana og færustu kennarana.

- Stefnt er að því að árlegur fjöldi brautskráðra doktora verði hlutfallslega sambærilegur við fjölda þeirra í nágrannalöndum okkar, eða 60–70 á ári.
- Háskólinn beiti sér fyrir því að ríkisvaldið komi að heildstæðri fjármögnun doktorsnámsins með skýrar gæðakröfur að leiðarljósi.
- Hlutfall brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands sem hafa sameiginlega doktorsgráðu með erlendum rannsóknaháskólum verði a.m.k. 10% árlega.
- Virkni doktorsnema í námi verði tryggð með því að styrkja umgjörð þess, bæta aðstöðu til námsins og skýra ábyrgð leiðbeinenda. Við upphaf doktorsnáms verði gerð krafa um raunhæfa áætlun um fjármögnun og framvindu. Fylgst verði reglulega með virkni og árangri doktorsnema, m.a. með árlegum framvinduskýrslum.
- Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands verði eflid og fest í sessi, m.a. með því að fá henni ríkara eftirlits- og samræmingarhlutverk í tengslum við framkvæmd doktorsnámsins. Gildandi *Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands* verði endurskoðuð, m.a. með hliðsjón af hlutverki Miðstöðvar framhaldsnáms. Skilgreind verði hliðstæð formleg viðmið og kröfur fyrir rannsóknatengt meistaranám.
- Meistaranám verði eflt, m.a. með fullnægjandi framboði námskeiða og skipulegu samstarfi við erlenda háskóla.“

Doktorsstyrkir

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands hefur sérstökum doktorsstyrkjum verið úthlutað úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Umsóknarferli og faglegt matsferli er sameiginlegt fyrir báða sjóðina en úthlutunarnefnd Háskólasjóðs úthlutar styrkjum úr Háskólasjóði en vísindanefnd háskólaráðs doktorsstyrkjum Rannsóknasjóðs. Alls bárust 150 umsóknir í sjóðina, flestar fyrir verkefni þar sem samstarf leiðbeinanda og stúdents er hafið en 31 umsókn fór eftir svokallaðri b-leið þar sem leiðbeinandi sækir um á grundvelli rannsóknaverkefnis til að ráða doktorsnema. Samtals voru veittir styrkir til 30 nemenda úr sjóðunum tveimur á árinu 2014. Þá voru á sama tíma veittir tveir doktorsstyrkir fyrir andvirði af sölu hlutabréfa í ISAVIA sem ætlaðir voru til rannsókna á flugtengdri starfsemi. Matsferlið var sameiginlegt með öðrum doktorsstyrkjum.

Mynd 14. Doktorsstyrkir 2009–2014



Doktorsstyrkir Rannsóknasjóðs

Í maí 2014 var úthlutað doktorsstyrkjum Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands í áttunda sinn. Alls voru veittir 20 styrkir.

Eftirtaldir hlutu styrk eftir svokallaðri b-leið (til að ráða doktorsnema): Árni Kristjánsson, Erlingur Jóhannsson, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Ólafur S. Andrésson, Páll Melsted, og Þórarinn Guðjónsson.

Eftirtaldir kennarar hlutu styrk til handa doktorsnemum sem þeir hafa þegar hafið samstarf við:

- Styrkur til þriggja ára: Agnar Helgason, Ármann Jakobsson, Guðný Björk Eydal, Hannes Jónsson, Ragnar Sigurðsson, Rajesh Rupakhety, Vilmundur Guðnason og Þorvaldur Þórðarson.
- Styrkur til tveggja ára: Guðrún Gísladóttir, Höskuldur Þránínsson, Margrét Eggertsdóttir, Mikael Marlies Karlsson/Sigríður Þorgeirsdóttir, Þórarinn Guðnason/Karl Andersen og Þórhallur Ingi Halldórsson.

Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands

Í maí var úthlutað í sjöunda sinn úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands. Úthlutað var styrkjum til átta verkefna.

- Styrkur til tveggja ára: Karl G. Kristinsson.
- Styrkur til eins árs: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Guðmundur Hálfánarson, Hanna Ragnarsdóttir, Kristín Loftsdóttir, Viðar Guðmundsson og Zophonías O. Jónsson.


Doktorsstyrkur ISAVIA

Í maí 2014 var úthlutað tveimur doktorsstyrkjum ISAVIA. Styrkina hlutu Tómas Philip Rúnarsson og Vilhjálmur Rafnsson.

Ferðastyrkir Rannsóknasjóðs

Á árinu voru doktorsnemunum veittir styrkir til ráðstefnuferða. Ferðastyrkirnir eru ætlaðir til þess að styrkja nema til þess að kynna niðurstöður sínar á ráðstefnum, fyrst og fremst erlendis, en ekki til námsferða eða þátttöku í námskeiðum. Skilyrði fyrir styrkveitingu var að fyrir lægi staðfest framlag nemandans á ráðstefnunni. Farið er eftir gæðum ráðstefna og framlagi doktorsnemans til að forgangsraða styrkjum, svo og námsframvindu doktorsnemans. Alls bárust 128 umsóknir og reyndist unnt að styrkja 64 þeirra. Styrkupphæð hvers styrks var 75.000 kr.


Mynd 15. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Ferðastyrkir 2012–2014



Aðstoðarkennarastyrkir

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands var sett á fót styrkjakerfi aðstoðarkennara. Markmið styrkjanna er að gera meistara- og doktorsnemunum kleift að annast hóflega kennslu á sama tíma og þeir vinna að rannsóknaverkefni sínu. Við fjármögnun styrkjanna er gert ráð fyrir sameiginlegri fjármögnun af kennslu- og rannsóknafjárveitingum. Alls voru veittir 18 styrkir á árinu samtals að upphæð rúmlega 36 m.kr.

Mynd 16. Aðstoðarkennarastyrkir 2012–2015



Nýliðunarsjóður

Á árinu voru auglýstir til umsóknar úr Nýliðunarsjóði Aldarafmællissjóðs styrkir ætlaðir nýdöktorum. Um er að ræða níu nýdöktorastyrki. Nýdöktorastyrkirnir eru ætlaðir vísindamönnum sem hafa lokið doktorsprófi á síðastliðnum fimm árum og eru veittir til allt að þriggja ára. Sérstök stjórn, skipuð af rektor, með fulltrúum allra fræðasviða, annast mat og forgangsröðun umsókna.

Á árinu var lokið úthlutun nýdöktorastyrkjanna. Eftirtaldir hlutu styrk en alls bárust 74 umsóknir.

- Félagsvísindasvið: Guðrún Dröfn Whitehead og Marco Solimene.
- Hugvísindasvið: Andrea Maraschi og Dawn E. Mooney.
- Heilbrigðisvísindasvið: Anne Richter.
- Menntavísindasvið: Jón Ingvar Kjarian og Steingerður Ólafsdóttir.
- Verkfræði- og náttúruvísindasvið: Bryndís Marteinsdóttir og Pavla Dagsson Waldhauserová.

Aðstoðarmannasjóður

Markmið Aðstoðarmannasjóðs er að gera kennurum kleift að ráða sér stúdent eða nýbrautskráðan aðstoðarmann við rannsóknir og/eða kennslu og að aðstoðarmaðurinn öðlist þjálfun og færni í faglegum vinnubrögðum. Sjóðurinn veitir mjög hóflega styrki sem ætlaðir eru til greiða aðstoðarmanni laun á viðkomandi misseri. Frá árinu 2010 hafa fræðasviðin séð um að úthluta styrkjum úr sjóðnum.

Ritaskrá Háskóla Íslands

Ritaskrá Háskóla Íslands tekur til rita sem samin eru af háskólakennurum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum háskólans og byggist hún á upplýsingum sem starfsmenn senda til vísinda- og nýsköpunarsviðs vegna framtals starfa. Skráin endurspeglar hversu gróskumikið og fjölbreytt starf er við Háskóla Íslands. Efni ritaskrárinnar er flokkað í samræmi við matsreglur, sbr. mynd 8 hér að ofan í kaflanum um ritvirkni.

Þjónustuskristofa um sókn í samkeppnissjóði

Þjónustuskristofa um sókn í samkeppnissjóði hefur verið starfrækt á vísinda- og nýsköpunarsviði síðan starfsemi vísindasviðs og Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands var sameinuð árið 2013. Markmið skristofunnar er að stuðla að sókn háskólafélks í erlenda samkeppnissjóði með kynningarstarfsemi innan skólans og veita umsækjendum tæknilega aðstoð við umsóknir og uppgjör og hafa umsjón með styrktum verkefnum. Mikilvægur liður í þessu efni er samræming verkefna fræðasviða háskólans.

Sjóðasókn

Ríkustu hagsmunir Háskóla Íslands hvað varðar sókn í samkeppnissjóði felast í rannsóknáætlun Evrópusambandsins. Í upphafi rammaáætlunar Evrópusambandsins um rannsóknir, Horizon2020 (H2020), voru sett markmið um að efla sókn í erlenda sjóði enn frekar. Með stuðningi frá aldarafmælistjóði var ákveðið að veita styrki til að undirbúa umsóknir í erlenda sjóði og hefur það reynst vel sem hvatning, auk þess sem yfirsýn yfir erlendar umsóknir hefur batnað til muna. Í árslok 2014 voru umsóknir í H2020 orðnar 77 á vegum Háskóla Íslands og af þeim hafa átta verkefni verið styrkt og tveimur þeirra er stjórnað af vísindamönnum við Háskóla Íslands. Alls nema styrkir til Háskóla Íslands vegna þessara 8 verkefna um 3,1 milljón evra og enn hafa þó ekki borist svör við öllum umsóknum. Þá var einnig ákveðið að hvetja unga vísindamenn við Háskóla Íslands sérstaklega til að sækja um ERC-styrki (European Research Council) og veita þeim bæði sérstaka styrki og þjálfun til umsóknarskrifa. Erlendir sérfræðingar voru fengnir til að halda námskeið fyrir valda umsækjendur og auk þess aðstoðuðu þeir við yfirllestur umsókna. Átakið mæltist vel fyrir þó svo að það hafi ekki enn skilað árangri. Árangurshlutfall er almennt mjög lágt en til mikils er að vinna og því verða ungir vísindamenn áfram hvattir til að sækja um ERC-styrki og þeim veittur stuðningur við það.

Auk umsókna í H2020-sjóði Evrópusambandsins hefur sókn í aðra Evrópusjóði og norræna sjóði einnig verið mikil og árangur góður. Af norrænum styrkjum má t.d. nefna NordForsk-styrk til þverfaglegs öndvegisseturs, NORDRESS, sem Guðrún Gísladóttir, prófessor í Líf- og umhverfisdeild, og Guðrún Pétursdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða, stýra í sameiningu. Fjöl margar verkefnisumsóknir hafa einnig verið unnar í samstarfi við þær þjóðir sem njóta styrkja úr uppbyggingarsjóðum EFTA, flestar þeirra í samstarfi við Rúmena.

Samstarf við fræðasvið og stjórnsýslu

Starfsfélk vísinda- og nýsköpunarsviðs stýrir samstarfi rannsóknastjóra á fræðasviðum skólans. Samstarfið gengur mjög vel, reglulegir fundir eru haldnir á tveggja vikna fresti, auk þess sem hópurnir fundar með stærri hópi sem í sitja rekstrarstjórar fræðasviðanna, fjármálastjóri Háskóla Íslands, forstöðumenn skristofu alþjóðasamskipta, vísinda- og nýsköpunarsviðs, Miðstöðvar um framhaldsnám og fulltrúar frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Sviðið hefur sótt um styrki í Aldarafmælistjóð háskólans fyrir hönd rannsóknastjóra fræðasviðanna og þeir hvattir til að sækja ráðstefnur og námskeið, jafnt innanlands sem utan, sem sérstaklega eru ætluð rannsóknastjórum og öðru starfsfélagi sem aðstoðar vísindamenn við umsóknir og rekstur verkefna.

Þá hefur einnig verið settur á laggirnar vinnuhópur um fjármálaumsjón erlendra verkefna, sem í sitja fulltrúar fjármálasviðs, launadeildar og rekstrarstjóra og stýrt er af starfsmanni vísinda- og nýsköpunarsviðs.

Í öllu samstarfi hefur undanfarið ár verið lögð mikil áhersla á gerð verkferla og gátlista sem tengjast umsóknum, undirritun og rekstri erlendra verkefna í því skyni að samræma vinnuaðferðir á öllum fræðasviðum við umsóknir í erlenda sjóði og umsjón með verkefnum.

Starfsmenn

Tveir starfsmenn vísinda- og nýsköpunarsviðs sinna sjóðasókn og stuðningi við rekstur erlendra verkefna í fullu starfi en fleiri koma að skilgreindum verkefnum. Annar þessara starfsmanna er einnig fulltrúi Íslands í stjórn Marie Skłodovska Curie áætlunarinnar, en þar eru fjölmörg tækifæri fyrir vísindamenn háskólans.

Hagnýting rannsókna

Hugverkanefnd

Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala var stofnuð árið 2002 en tók formlega til starfa árið 2003. Nefndin starfar á grundvelli erindisbréfs og starfsreglna sem endurskoðuð voru af háskólaráði og forstjóra Landspítala í febrúar 2013.

Hlutverk nefndarinnar er að aðstoða starfsmenn við hagnýtingu rannsókna. Hagnýting getur verið fólgin í því að veitt sé nytjaleyfi á uppfinningu, hún seld, fyrirtæki sé stofnað í kringum hana eða farið sé í samstarf um hagnýtingu tiltekinna rannsókna.

Á árinu 2014 tók hugverkanefnd fimm verkefni er varða hagnýtingu uppfinninga til umfjöllunar. Það eru eftirtalin verkefni:

- Verkefni Sveinbjörns Gizurarsonar, prófessors í Lyfjafræðideild, „frásogshvati“, en Háskóli Íslands og Sveinbjörn fá nú leyfistekjur af því einkaleyfi. Verkefnið er frá árinu 2007.
- Verkefni Halldórs Þormars og samstarfsmanna hans, Hilmars Hilmarssonar og Guðmundar Bergssonar, „monocaprin“. Verkefnið er frá árinu 2007.
- Verkefni Sigríðar Suman, dósents við Raunvísindadeild „meðferð gegn blásýrueitrun“. Verkefnið er frá árinu 2013.
- Verkefni Egils Skúlasonar, lektors við Raunvísindadeild, „efnahvatar til að framleiða ammóníak“ frá árinu 2013.
- Verkefni frá Sveinbirni Gizurarsyni, prófessor í Lyfjafræðideild, og Stefáni Jóni Sigurðssyni, MS-nemanda, sem er nýtt verkefni sem barst nefndinni á árinu 2014.

Í öllum tilvikum er um að ræða einkaleyfishæfar uppfinningar og hafa umsóknir um einkaleyfi verið lagðar inn. Aðkoma hugverkanefndar að verkefnunum er mismunandi eftir eðli og stöðu verkefnanna.

Hugverkanefnd hefur frá stofnun tekið þátt í að semja um eignarhluta Háskóla Íslands og/eða Landspítala í tíu fyrirtækjum. Þetta eru fyrirtækin Oxymap, Akthelia, Oculis, Lipid Pharmaceuticals, Risk, Þróunarfélagið Stika, Hugarheill, iMonIT, Marsýn og nú síðast Fiix-greining, sem stofnað var árið 2013.

Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO), í samstarfi við hugverkanefnd Háskóla Íslands, Landspítala og Einkaleyfastofuna, stóð fyrir ráðstefnu sem nefndist Patent Awareness and Technology Transfer og var haldin hér á landi í lok nóvember. Tilgangur ráðstefnunnar var að vekja athygli á mikilvægi hugverkaréttar við hagnýtingu rannsókna og hvetja til umræðu um gildi nýsköpunar fyrir íslenskt samfélag. Alls sóttu um 60 manns ráðstefnuna. Ritari hugverkanefndar sá um skipulag ráðstefnunnar í samvinnu við Ástu Valdimarsdóttur, framkvæmdastjóra hjá WIPO.

Í lok árs hófst vinna við að þýða vefsíðu hugverkanefndar, www.hugverkanefnd.hi.is, á ensku en á síðunni má finna upplýsingar um hlutverk nefndarinnar, verkefni, sprotafyrirtæki, samstarfsaðila o.fl.

Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands

Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands voru afhent í sextánda sinn 20. nóvember en markmiðið með veitingu þeirra er að laða fram hagnýt verkefni sem starfsmenn og nemendur vinna að og stuðla að nýsköpun innan skólans. Þrettán tillögur bárust í keppnina og voru veitt verðlaun fyrir þrjú efstu sætin.

Fyrstu verðlaun, sem námu einni milljón króna, voru veitt fyrir verkefnið Marsýn – SeaState upplýsingakerfi fyrir sæfarendur. Að verkefninu standa Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiskifræði og fiskavistfræði við Líf- og umhverfivísindadeild Háskóla Íslands, og Kai Logemann, sérfræðingur við Líf- og umhverfivísindastofnun skólans. Um er að ræða fullmótað upplýsingakerfi fyrir sæfarendur sem spáir fyrir um ástand sjávar, svo sem ölduhæð, hitastig, seltu og straua. Önnur verðlaun, 500 þúsund krónur, hlaut verkefnið Tákn málskennsla á vefnum. Að baki verkefninu standa þau Rannveig Sverrisdóttir, lektor í tákn málsfræðum við Íslensku- og menningardeild, Jóhannes Gísli Jónsson, lektor í málfræði, einnig við Íslensku- og menningardeild, Elísa G. Brynjólfssdóttir málfræðingur, Árný Guðmundsdóttir, tákn málstúlkur og ritstjóri vefsins SignWiki, Davíð Bjarnason, doktor í mannfræði og verkefnisstjóri hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands, Elsa G. Björnsdóttir þýðandi, Kristín Lena Þorvaldsdóttir málfræðingur, Tómas Ásgeir Evertsson tæknimaður og Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Verkefnið felst í því að skrifa fræðilegar greinar um málfræði íslenska tákn málsins og tengja þær SignWiki sem er þekkingarbrunnur um tákn máll og rafræn tákn málsorðabók. Þriðju verðlaun, 250 þúsund krónur, hlaut verkefnið Þróun og notkun á blóðflögulýsötum og frostþurrkuðum blóðflögulýsötum úr útrunnum örveruóvirkjuðum blóðflögum til ræktunar á miðlagsstofnfrumum. Að verkefninu standa Sandra Mjöll Jónsdóttir-Buch, aðjunkt við Læknadeild Háskóla Íslands og doktorsnemi í líf- og læknávisindum, Ólafur Eysteinn Sigurjónsson, klínískur lektor við Læknadeild Háskóla Íslands og dósent við Háskólann í Reykjavík, Ramona Lieder nýdóktor, Hildur Sigurgrímsdóttir, lífeindafræðingur og doktorsnemi í líf- og læknávisindum, Kristbjörg Gunnarsdóttir lífeindafræðingur og Kristján Torfi Örnólfsson læknanemi. Verkefnið snýst um að bæta þær aðferðir sem nú eru notaðar til að rækta beinmyndandi stofnfrumur á rannsóknastofum.

Starfsmanna- og starfsþróunarmál

Meginhlutverk starfsmannasviðs Háskóla Íslands er að vinna að fagmennsku að starfsmannamálum við skólann og tryggja að lögum og reglum sé framfylgt við meðferð starfsmannamála. Verkefni starfsmannasviðs tekur mið af starfsmannastefnu háskólans. Leitast er við að gera háskólann að góðum vinnustað þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis. Tryggja á starfsmönnum sem best starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi. Starfsmannasvið leggur áherslu á eitt af grunnildum Háskóla Íslands um heilindi og virðingu.

Í október 2014 var lögð fyrir starfsfólk Háskóla Íslands viðhorfskönnun um starfsumhverfi í skólanum, þar sem starfsfólk var beðið um að lýsa viðhorfum sínum til skólans sem vinnustaðar og líðan sinni í starfi. Sambærileg könnun var lögð fyrir í október 2012 og er gert ráð fyrir að sambærileg könnun verði gerð á tveggja ára fresti. Tekið var tillit til athugasemda úr fyrri könnun um að hún væri of löng og var hún því stytta umtalsvert. Mjög góð þátttaka var í könnuninni þar sem um 74% starfsfólks svaraði henni. Áætlað er að niðurstöður könnunarinnar verði birtar og kynntar á öllum starfseiningum skólans á vormánuðum 2015 og aðgerðaáætlun verði tilbúin í lok maí 2015.

Starfsmannasvið er hluti af sameiginlegri stjórnslu háskólans og heyrir undir framkvæmdir og rekstur. Á árinu urðu nokkrar breytingar í starfsliði starfsmannasviðs. Lögfræðingur sviðsins, Kristín Helga Markúsdóttir, lét af störfum í júní og nýr lögfræðingur og verkefnastjóri, Sigurlaug Kristín Jóhannsdóttir, hóf störf í ágúst í hennar stað. Hún vann áður í fjármálaráðuneytinu þar sem hún starfaði í átta ár við starfsmannamál. Þá fór Elísabet Þorsteinsdóttir í launalaust leyfi að hluta og var frá 1. október í 50% starfi við sviðið. Í hennar stað kom Jónína Helga Ólafsdóttir verkefnisstjóri í 50% starf við sviðið frá 1. nóvember. Jónína hafði áður leyst mannauðsstjóra Heilbrigðisvísindasviðs af og þekkti því vel til verkefna sviðsins. Stöðugildin voru áfram 4,8 og hinar þrjár starfskonur starfsmannasviðs eru Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir sviðsstjóri og verkefnastjórnarnir Anna Toher og Hildur Halldórsdóttir.


Auglýsingar og umsóknir

Á árinu voru auglýst 39 akademísk störf og um þau sóttu samtals 234 einstaklingar (sjá mynd 1). Auglýst voru 56 önnur störf og sóttu 1276 einstaklingar um þau (sjá mynd 2.) Á mynd 3 má sjá meðalfjölda umsækjenda um hvert starf hjá Háskóla Íslands. Þá voru auglýst 35 störf á vegum Vinnumálastofnunar vegna sumarstarfa til tveggja mánaða.


Mynd 1. Akademísk störf og aðjunktur – fjöldi auglýstra starfa og umsókna



Mynd 2. Önnur störf – fjöldi auglýstra starfa og umsókna



Mynd 3. Meðalfjöldi umsókna um hvert starf




2014	Lektorar			Dósentar			Prófessorar			Aðjuntar			Alls Samtals
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	
Hjúkrunarfræðideild	0	6	6	1	6	7	2	7	9	1	3	4	26
Læknadeild	8	11	19	22	9	31	46	8	54	2	9	11	115
Lyfjafræðideild	2	1	3	0	1	1	4	3	7	0	0	0	11
Matvæla- og næringarfræðideild	0	1	1	1	1	2	4	3	7	0	0	0	10
Sálfræðideild	1	1	2	4	5	9	3	0	3	0	0	0	14
Tannlæknadeild	8	0	8	3	1	4	2	1	3	0	1	1	16
Guðfræði- og trúarbragðfræðideild	2	0	2	0	0	0	3	2	5	0	0	0	7
Íslensku- og menningardeild	2	4	6	4	4	8	11	6	17	5	8	13	44
Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	2	5	7	3	2	5	3	6	9	4	9	13	34
Sagnfræði- og heimspekideild	2	2	4	2	0	2	16	2	18	0	2	2	26
Íþróttá-, tómstunda- og þroskajálfadeild	3	5	8	0	4	4	2	0	2	6	5	11	25
Kennaradeild	7	21	28	14	14	28	8	3	11	2	10	12	79
Uppeldis- og menntunarfræðideild	2	3	5	1	1	2	2	7	9	0	3	3	19
Iðnaðarverkfræði-, og vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild	3	1	4	5	1	6	11	2	13	0	0	0	23
Jarðvísindadeild	1	1	2	0	2	2	5	2	7	0	2	2	13
Líf- og umhverfisvísindadeild	1	4	5	4	3	7	10	7	17	0	3	3	32
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	0	1	1	1	0	1	4	1	5	0	0	0	7
Raunvísindadeild	2	0	2	4	2	6	27	0	27	0	0	0	35
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	0	0	0	5	1	6	5	0	5	0	0	0	11
Félagsráðgjafardeild	1	6	7	0	3	3	0	1	1	1	6	7	18
Hagfræðideild	0	0	0	2	1	3	6	0	6	0	0	0	9
Lagadeild	6	2	8	5	3	8	3	5	8	0	0	0	24
Viðskiptafræðideild	11	4	15	6	2	8	4	0	4	3	3	6	33
Stjórn málafræðideild	1	3	4	0	1	1	7	1	8	0	2	2	15
Félags- og mannvísindadeild	4	2	6	4	2	6	7	11	18	1	4	5	35
Alls:	69	84	153	91	69	160	197	78	275	25	70	95	683

Starfsfólk

Starfsmenn með ráðningarsaming við Háskóla Íslands í desember 2014 voru alls 1522 talsins í 1284 stöðugildum (með Raunvísindastofnun). Talsvert fleiri en fastráðið starfsfólk þiggja laun frá Háskóla Íslands og námu heildarlaun sem greidd voru, með launatengdum gjöldum, 11.296,5 milljónum króna, greidd 4.809 einstaklingum. Á mynd 4 og 5 má sjá fjölda starfsmanna við Háskóla Íslands eftir kyni og störfum.

Mynd 4. Fjöldi starfsfólks eftir kyni og starfsheitum 2014 (með Raunvísindastofnun)



Mynd 5. Fjöldi fastráðinna kennara 2014 eftir starfsheitum, kyni, fræðasviðum og deildum

Til glöggvunar á starfsheitum eru „sérfræðingar“ akademísir starfsmenn og þá einnig fræðimenn og vísindamenn. „Rannsóknafólk“ eru starfsmenn sem ekki hafa akademískt hæfi en starfa við rannsóknir, s.s. starfsmenn á rannsóknastofum við þjónusturannsóknir, háskólanemar, nýdoktorar og starfsmenn sem eru með sérstaka rannsóknastyrki. „Tæknifólk“ eru iðnaðarmenn, umsjónarmenn, starfsmenn lóðar, tanntæknar, baðverðir og ræstingafólk.

Skrifstofufólki eru skipt í þrjá flokka: starfsmenn í miðlægrri stjórnsýslu, stjórnsýslu fræðasviða og starfsmenn þjónustu- og rannsóknastofnana, oft fólk sem ráðið er fyrir sjálfsaflafé stofnananna. Að gefnu tilefni eru hér nánari skýringar á þessum hópi:

„Skrifstofufólk á einingum utan fræðasviða“: Starfsmenn við Reiknistofnun, Endurmenntunarstofnun, háskólasetrin úti á landi, bókasafn Menntavísindasviðs við Stakkahlíð og Háskólaútgáfuna.

„Skrifstofufólk í miðlægri stjórnsýslu“: Starfsmenn á Námsráðgjöf, Nemendaskrá, Skrifstofu alþjóðasamskipta, Kennslumiðstöð, kennslusviði, vísindasviði, starfsmannasviði, fjármálasviði, markaðs- og samskiptasviði, framkvæmda- og tæknisviði, stjórnsýslu á rekstri fasteigna, rektorsskrifstofu, Háskólasjóði og skjalasafni.

„Skrifstofufólk fræðasviða og stofnana sem heyra undir fræðasvið“: Hér eru taldir starfsmenn stjórnsýslu fræðasviða og deilda sem undir hvert fræðasvið heyra. Auk þess teljast til þessa hóps allir starfsmenn á stofnunum sem tilheyra fræðasviðinu sem ekki eru í hópi akademískra starfsmanna eða nema. Þannig eru t.d. starfsmenn Félagsvísindastofnunar með í samtölu Félagsvísindasviðs. Á sama hátt eru þeir starfsmenn Líf- og umhverfivísindafræðistofnunar sem ekki eru akademískir taldir með starfsmönnum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Á launaskrá Háskóla Íslands er einnig starfsfólk sem ráðið er í verkefna- og tímavinnu. Stundakennarar eru þar fjölmennasti hópurinn. Fjöldi einstaklinga sem kom að stundakennslu á árinu má sést á mynd 6.

Mynd 6. Umfang stundakennslu við Háskóla Íslands árið 2014

Stundakennsla árið 2014	Samtals	Karlur	Konur	Fjöldi stunda	Ígildi
					aðjunksstarfa
Félagsvísindasvið	493	191	302	56.468	53
Heilbrigðisvísindasvið	947	289	658	59.259	55
Hugvísindasvið	200	93	107	32.445	30
Menntavísindasvið	222	67	155	10.083	9
<i>Vettvangskennarar</i>	<i>141</i>	<i>34</i>	<i>107</i>	<i>4.406</i>	<i>4</i>
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	404	275	129	57.179	53
Stofnanir	36	26	8	6.196	6
Samtals:	2.443	975	1.466	226.036	210

Stundir/Einstaklingar	Stundakennsla greidd í tímavinnu = starfsmenn utan Háskóla Íslands
Stöðugildi aðjunkta	Stundakennsla umreiknuð í kennslu aðjunks í fullu starfi = 1072,5 stundir/ári

Starfsmannavelta er hér mæld með því að taka þann fjölda sem hætti störfum á tímabilinu og deila með meðalfjölda starfsmanna á tímabilinu. Tímabundnir starfsmenn eru ekki taldir með. Ekki er gerður greinarmunur á heildarveltu (e. total turnover) og sjálfviljugri veltu eða raunveltu (e. voluntary turnover) en til sjálfviljugrar veltu teljast einungis þeir sem hætta að eigin ósk. Þannig eru starfsmenn sem hætta vegna aldurs innifaldir í þessum tölum.

Starfsmannavelta

Heildarstarfsmannavelta við Háskóla Íslands árið 2014 var 5,5%. Starfsmannavelta hjá almennum starfsmönnum háskólans er nánast sú sama og undanfarin ár hjá en starfsmannavelta hefur hins vegar aukist lítillega hjá akademískum starfsmönnum. Árið 2012 var hún 4,5% en er nú komin í 6,1%, sem má rekja til óvenjuhás hlutfalls starfsloka vegna aldurs.

Akademískir starfsmenn		Almennir starfsmenn		Alls	
Heildarfjöldi	609	Heildarfjöldi	439	Heildarfjöldi	1048
Hættu á árinu 2014	37	Hættu á árinu 2014	21	Hættu á árinu 2014	58
Starfsmannavelta	6,1%	Starfsmannavelta	10,6%	Starfsmannavelta	5,5%

Starfsmannavelta er mæld með því að deila með meðalfjölda starfsmanna á tímabilinu í þann fjölda sem hætti störfum á sama tímabili (mánuður eða ár). Ekki er gerður greinarmunur á heildarveltu (e. total turnover) og sjálfviljugri veltu eða raunveltu (e. voluntary turnover, þeim sem hætta að eigin ósk). Þannig eru starfsmenn sem hætta vegna aldurs taldir með í þessum tölum. Starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið eru ekki taldir með (t.d. afleysingarfolk, nemar og rannsóknafolk). Tölurnar miðast við þá sem störfuðu við Háskóla Íslands í desember 2014. Alls voru þeir 1406, þar af voru 358 ráðnir tímabundið. Því teljast hér alls 1048 manns og þar af hætta 58 manns störfum á árinu. Starfsmannaveltan á árinu er því $58/1048 = 5,5\%$.

Fræðsla

Á árinu var starfsmönnum Háskóla Íslands boðið upp á 72 námskeið og fræðsluerindi á vegum starfsmannasviðs. Samtals 1.261 starfsmaður og fyrrverandi starfsmenn nýttu sér fræðsluna, sem gera samtals 8.537 fræðslustundir. Haldið var áfram með námskeið sem stuðla að því að draga úr streitu og efla persónulega færni. Þar ber hæst núvitundarnámskeiðin sem hafa verið vel sótt og eftirspurn eftir þeim hefur aukist. Önnur vel sótt námskeið voru námskeið fyrir starfsfólk í framlínustörfum um viðbrögð við ógnandi hegðun, námskeið um að starfa hjá hinu opinbera, tungumálanámskeið og tölvunámskeið í ritvinnslu og gagnavinnslu.


Þá hefur fræðsla um starfsmannamál verið haldið áfram og móttaka nýrra akademískra starfsmanna var betrubætt. Mentorakerfi fyrir nýtt akademískt starfsfólk var sett á laggir í samvinnu við Kennslumiðstöð. Fræðsla hefur í auknum mæli færst frá starfsmannasviði út til fræðasviða og deilda. Fræðslunámskeið á vegum starfsmannasviðs voru haldin um ótímabundna ráðningu og fræðslufundir haldnir fyrir stjórnendur. Föst námskeið í tölvukerfum Háskóla Íslands voru haldin að venju. Þau helstu eru: Drupal fyrir vefritara, Lotus Notes póstkerfið og dagbókin, skjalavistun í Námu og leiðbeiningar um Uglu – innra net. Uglu-námskeiðin eru á vegum vefstjóra Uglu í samræmi við eftirspurn. Oracle-námskeið var í boði í samstarfi við Fjársýslu ríkisins.

Mánaðarlegir fræðslufundir eru haldnir fyrir svokallaðan Skólabæjarhóp, fyrrverandi starfsfólk Háskóla Íslands sem hætt hefur störfum sökum aldurs. Þessir fundir eru mjög vel sóttir og mikil ánægja er með það starf. Aukið framboð námskeiða og fleiri þátttakendur á vinsælum námskeiðum skýra hversu mikið fræðslustundum fjölgaði í ár, auk þess sem þátttakendum í Skólabæjarhópnum fjölgaði talsvert.

Fræðsluáætlun starfsmannasviðs er birt í Uglu á Forsíðu >Torg >Á döfinni. Aðrir viðburðir á vegum sviðsins er heilsumánuður, Háskólahlaup, jólaball starfsfólks og stúdenta, árshátíð, fræðsla fyrir stjórnendur, smærri fræðsluerindi á fræðasviðum og í deildum og golfmót starfsfólks.

Mynd 7. Umfang fræðslu á vegum starfsmannasviðs 2014 og samstarfsaðila mælt í vinnustundum starfsmanna

Mynd 7. Fjöldi fræðslustunda á námskeiðum 2004–2014



Rekstur og framkvæmdir

Framkvæmda- og tæknisvið hefur yfirumsjón með málefnum er lúta að skipulagi háskólasvæðisins, rekstri bygginga Háskóla Íslands og framkvæmdum á hans vegum. Helstu samstarfsaðilar sviðsins utan skólans eru mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Framkvæmdasýsla ríkisins, Ríkiskaup og Reykjavíkurborg.

Sviðsstjóri er Guðmundur R. Jónsson og skrifstofustjóri er Sigurlaug I. Lövdahl.

Eftirfarandi starfseiningar heyra undir sviðið:

- **Bygginga- og tæknideild** hefur umsjón með viðhaldi fasteigna, umhirðu lóða Háskóla Íslands og rekstri verkstæðis. Árlega er unnið að fjölmörgum viðhaldsverkefnum innanhúss sem utan. Hjá deildinni starfa 15 fastráðnir menn og leitað er til verktaka eftir þörfum. Umfang verkefna hefur aukist eftir því sem skólinn hefur stækkað. Byggingarmagn háskólans er um 100 þúsund m². Framkvæmdir vegna viðhalds háskólabygginga eru almennt fjármagnaðar af fjárveitingu skólans en kostnaður við meiriháttar viðhaldsverkefni og nýbyggingar er borinn af Happpdrætti Háskóla Íslands og er umfang verkefna hverju sinni því háð árlegu fjárframlagi happpdrættisins. Byggingastjóri er Ingólfur B. Aðalbjörnsson.
- **Rekstur fasteigna** sér um almennan rekstur á húsnæði Háskóla Íslands. Stærstu verkefni starfseiningarinnar eru almenn umsjón með húsnæðinu, aðgangs- og öryggiskerfum, ræstingu og sorphirðumálum. Umhverfisstjórnun skipar æ stærri sess í starfsemi einingarinnar. M.a. er unnið markvisst að flokkun sorps til endurvinnslu og skipt við ræstingafyrirtæki sem hafa svansvottun. Rekstur fasteigna hefur yfirumsjón og eftirlit með bókunum í stofur og reglum þar að lútandi. Þá heyrir tæknibúnaður í kennslustofum, ýmsir leigu- og verksamningar, tryggingamál, fasteignagjöld og rafmagn og hiti undir starfseininguna. Fastir starfsmenn eru 23, auk þess sem hluti ræstingafólks er starfsfólk Háskóla Íslands. Rekstrarstjóri fasteigna er Laufey Sigurðardóttir.

- **Íþróttahús háskólans.** Þar er nemendum og starfsfólki skólans boðið upp á aðstöðu til heilsuræktar í leikfimissal og tækjasal. Rekin eru tvö íþróttahús við Háskóla Íslands sem opin eru nemendum og starfsfólki skólans gegn vægu gjaldi. Annað þeirra er við Sæmundargötu en hitt er á Laugarvatni þar sem Íþróttافرæðasetur Menntavísindasviðs er til húsa.
- **Póst- og sendisþjónusta.** Einn starfsmaður í fullu starfi hefur umsjón með almennum póstsendingum og innanhússpósti.

Á árinu 2013 var gerður samgöngusamningur við STRÆTÓ bs. um afsláttarkjör fyrir starfsmenn Háskóla Íslands. Samningurinn er liður í að hvetja starfsmenn til að ferðast með vistvænum hætti og efla í leiðinni hreyfingu og draga úr mengun og eftirspurn eftir bílastæðum á háskólalóðinni.

Helstu viðhalds- og framkvæmdaverkefni framkvæmda- og tæknisviðs á árinu:

Aðalbygging

Lokið var við að setja upp útiljós og neyðarlýsingu, sem byrjað var á á síðasta ári. Þá var loftræsikerfi í kjallara lagfært.

Askja

Innréttingar bókasafnsins á þriðju hæð voru fjarlægðar og þar útbúin aðstaða fyrir doktorsnema. Á annarri hæð var útbúin aðstaða fyrir meistaránema. Klæðning byggingarinnar og skyggni voru sandblásin og máluð.

Árnagarður

Útbúin var ný 60 manna kennslustofa á fjórðu hæð og komið fyrir nýjum dönskum stólum með áföstu borði sem auðveldar að breyta skipulagi í samræmi við mismunandi kennsluhætti.

Friðland í Vatnsmýri

Á undanförunum árum hafa Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og Norræna húsið unnið að endurbótum á friðlandinu í Vatnsmýrinni, norðan við Norræna húsið, til að endurheimta votlendi og gera svæðið sem best úr garði sem gríðarstað fugla og vatnalífvera. Þeirri vinnu var haldið áfram á árinu.

Háskólabíó

Unnið var við utanhússviðgerðir á stóra sal kvikmyndahússins og skipt um dúk á þaki salarins.

Háskólatorg

Hafist var handa við breytingar á aðstöðu fyrir starfsfólk á þjónustuborði á annarri hæð (jarðhæð).

Hugmyndasamkeppni um skipulag háskólalóðarinnar

Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands efndu til hugmyndasamkeppni snemma á árinu um heildarskipulag fyrir háskólasvæðið í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Sex tillögur bárust, þar af voru fimm sem náðu til svæðisins alls en ein fjallaði um afmarkað þema. Dómnefnd valdi tvær tillögur, aðra frá ASK arkitektum og hina frá VA arkitektum. Þátttaka í samkeppninni var mun minni en vonir stóðu til og þótti hvorug tillagnanna sem hlutu verðlaunin gera áherslum dómnefndar fullnægjandi skil og sá dómnefnd sér því ekki fært að veita fyrstu verðlaun. Tvær ofangreindar tillögur skiptu hins vegar með sér 2. og 3. verðlaunum. Meginmarkmið samkeppninnar voru:

- að fá fram heildstæðar tillögur um svæðið,
- að fá fram tillögur sem undirstrikuðu sérstöðu svæðisins og efldu það sem menningarkjarna í borginni,
- að skapa virkt og aðlaðandi svæði með góðum tengingum, bæði innbyrðis og við nærliggjandi svæði,
- að fá fram frjóar en um leið raunhæfar hugmyndir um framtíðarnýtingu og skipulag háskólasvæðisins,
- að samgöngur og uppbygging á svæðinu yrðu samtvinnuð með áherslu á almenningssamgöngur og göngu- og hjólaleiðir.

Hugmyndasamkeppnina má rekja til þess að á 100 ára afmæli Háskóla Íslands árið 2011 lýstu stjórnendur skólans og Reykjavíkurborgar yfir vilja til að setja fram sameiginlega framtíðarsýn varðandi svæði Háskóla Íslands. Árið 2013 lýstu Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Jón Gnarr, þáverandi borgarstjóri, því yfir að staðið yrði að skipulagssamkeppni um svæðið. Samkeppnin fór formlega af stað 21. febrúar og frestur til að skila inn tillögum rann út 12. maí. Háskólasvæðið er áhugavert að mörgu leyti en auk Háskóla Íslands er þar m.a. að finna Þjóðminjasafn Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og þar mun bygging Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur einnig rísa. Þá er Norræna húsið á svæðinu og sérstök útivistarsvæði, eins og friðlandið austan við Skeifuna. Deiliskipulagsáætlanir hafa verið unnar fyrir hluta svæðisins en þetta er í fyrsta sinn sem skipulag fyrir svæðið í heild er undirbúið og því þótti viðeigandi að efna til opinnar samkeppni. Þátttakendur gátu skilað inn heildarhugmyndum sínum að framtíðarskipulagi svæðisins eða lagt hugmyndir inn í umræðuna um þetta mikilvæga verkefni.

Lögberg

Sett var hljóðeinangrun í loft í kennslustofum og skrifstofum á þriðju hæð og skipt um loftljós. Smíðuð var ný innrétting í kaffistofu og korkur á gólfi var lakkaður.

Laugarvatn

Unnið var að margvíslegum viðhaldsverkefnum í húsakynnum Menntavísindasviðs á Laugarvatni. Níu baðherbergi á heimavist voru endurbætt. Þak á búningsklefum í íþróttahúsi var þétt og unnið að öðrum utanhússviðgerðum, þ. á m. skipt um gler íþróttamiðstöðvarinnar og þak hússins málað. Auk þess var gert við skólastjórabústaðinn að utanverðu og þakið málað. Þá var skipt var um þakdúk á skrifstofubyggingu.

Læknagarður

Vatnslagnir voru endurnýjaðar á nokkrum stöðum í byggingunni. Kennslustofa Tannlæknadeildar á annarri hæð var máluð. Uppsetning á nýrri rafeindasmásjá í byggingunni kallaði á að húsnæðið væri aðlagað henni. Skipt var um stóla í fyrirlestrasal á þriðju hæð og þar settir inn nýir danskir stólar.

Oddi

Unnið var að brunavörnum í byggingunni. Gagngerar breytingar voru gerðar á kaffistofu kennara og starfsfólks Félagsvísindasviðs á annarri hæð.

Stakkahlíð – Hamar

Viðamiklar endurbætur voru gerðar á útvegg annarrar hæðar í Hamri, gluggar á austurhlíð þéttir og skipt um hitalagnir í útvegg. Útbúin var ný aðstaða fyrir Reiknistofnun og Hámu – matsölu stúdenta.

Tæknigarður

Gagngerar breytingar fóru fram á fyrstu hæð þar sem sviðsskrifstofa Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var tekin í notkun í ágúst og verður þar til húsa ásamt nemendabjónustu sviðsins og aðstöðu fyrir sprotafyrirtæki. Einnig var eldhús- og veitingaaðstaða á fyrstu hæð endurnýjuð og Háma – matsala stúdenta hóf þar veitingarekstur.

VR-II

Unnið var að breytingum á annarri hæð og útbúnað fjórar nýjar skrifstofur. Skipt var um gler í stigahúsi.

Fjárreiður og rekstur

Starfsemi fjármálasviðs

Helstu verkefni fjármálasviðs eru áætlanagerð, fjárvarsla, innkaup, launaafgreiðsla og reikningshald. Þá vinnur sviðið með fjármálanefnd og samráðsnefnd um kjaramál. Sviðsstjóri fjármálasviðs vann með fjármálanefnd háskólaráðs eins og áður og var á árinu unnið að ýmsum málum er lúta að skiptingu fjármagns innan skólans og fræðasviðanna fimm.

Heildartölur um rekstur Háskóla Íslands 2014 með samanburði við árið 2013

Háskóli Íslands var rekinn með 52,7 m.kr. tekjuafgangi samanborið við 24,7 m.kr. tapi árið áður. Hagnaðurinn var af reglulegri starfsemi nam 128,5 m.kr. samanborið við 68,1 m.kr. árið áður. Fjármagnsgjöld námu 75,8 m.kr. samanborið við 92,8 m.kr. árið áður. Stærstur hluti þessara fjármagnsgjalda er vegna gengisbreytinga og er þessi liður óreglulegur.

Fjárveiting í fjárlögum nam 10.752,2 m.kr. Af öðrum fjárlagaliðum voru veittar 394,5 m.kr. fjárheimildir sem skiptast þannig: launabætur námu 117,2 m.kr. vegna dómsmála 91,9 m.kr., þá var fékkst aukafjárveiting frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu að upphæð 22,5 m.kr. vegna verkefnisins Nám er vinnandi vegur og annarra verkefna, alls 162,9 m.kr. Samtals námu því fjárheimildir ársins 11.146,7 m.kr. og hækkuðu um 6,8% frá árinu áður.


Greiðslur úr ríkissjóði á árinu námu 11.174,2 m.kr. og lækkaði staða Háskóla Íslands gagnvart ríkissjóði um 27,5 m.kr. og átti háskólinn inni hjá ríkissjóði 20,6 m.kr. í árslok. Sértekjur námu alls 4.909,9 m.kr. samanborið við 5.136,4 m.kr. árið áður og lækkuðu þær því um 226,5 m.kr. frá árinu áður. Munar þar mest um lækkun erlendra styrkja. Skrásetningargjöld námu 941,7 m.kr. og hækkuðu um 163,9 m.kr. frá fyrra ári. Erlendir og innlendir styrkir námu samtals 1.612,4 m.kr. og lækkuðu um

308,3 m.kr. frá árinu áður. Tekjur af endurmenntun og símenntun námu 478,8 m.kr., og hækkuðu um 8,6 m.kr. frá árinu áður, eða um 1,8%. Aðrar sértekjur námu 1.112 m.kr. og lækkuðu um 75,7 m.kr. frá árinu áður. Framlag frá Happpdrætti Háskóla Íslands nam 765 m.kr. og lækkaði um 15 m.kr. frá árinu áður.

Erlendir styrkir námu 314,5 m.kr. og lækkuðu um 451,8 m.kr., eða um 59%, frá árinu áður. Annars vegar lækkuðu tekjur af erlendum styrkjum frá Evrópusambandinu þar sem FP7-áætlunin var við það að ljúka og ekki voru farnar að koma tekjur af nýju áætluninni, H2020. Var fyrirséð að tekjur vegna þessa yrðu lágar í ár. Innlendir styrkir til Háskóla Íslands námu 1.297,9 m.kr. og hækkuðu þeir um 143,5 m.kr. frá árinu áður. Rekstrartekjur alls hækkuðu um 3,1% og námu 16.056,6 m.kr. samanborið við 15.576,6 m.kr. árið áður. Í ársreikningi 2008 voru í fyrsta sinn færðar fyrir fram innheimtar tekjur til lækkunar á styrkjum og til skuldar í efnahag. Þessi upphæð hækkaði um 345,6 m.kr. og nam 1.696,5 m.kr. á árinu 2014 samanborið við 1.350,8 m.kr. árið áður.

Á mynd 1 má sjá hvernig fjárveiting og sértekjur Háskóla Íslands hafa þróast á tímabilinu 2000–2014 á verðlagi ársins 2014.

Mynd 1. Fjárveiting og sértekjur 2000–2014.




*Skýring: Á árunum 2003 og 2007 var framlag Happpdrættis Háskóla Íslands til nýbygginga mun herra en venjulega.

Útgjöld námu alls 15.928,1 m.kr. samanborið við 15.508,5 m.kr. árið áður. Tekjuafgangur var af reglulegum rekstri og nam hann 128,5 m.kr. samanborið við 68,1 m.kr. árið áður. Útgjöld alls jukust um 419,6 m.kr., eða um 2,7% milli ára.


Á mynd 2 er hlutfallsleg skipting útgjalda Háskóla Íslands milli helstu rekstrareininga hans sýnd.

Mynd 2. Skipting útgjalda Háskóla Íslands 2014.



Á mynd 3 er hlutfallsleg skipting útgjalda fræðasviða skólans sýnd.

Mynd 3. Skipting útgjalda eftir fræðasviðum 2014.




Ársverk og launaþróun

Ársverkum starfsmanna Háskóla Íslands fjölgaði um 2,1% frá árinu áður og voru þau 1.343,5 árið 2014 samanborið við 1.316,4 árið 2013. Launagjöld hækkuðu þar með úr 10.170,9 m.kr. í 11.209,2 m.kr., eða um 1.038,3 m.kr., sem svarar til 10,2% í heild. Hluti hækkunarinnar, 2,1%, er til kominn vegna fjölgunar starfsmanna en stærsti hluti hækkunarinnar, 8,1%, vegna hækkunar launa í kjölfar nýrra kjarasamninga.

Fjölgun starfsmanna og aukning launakostnaðar og annars reksturskostnaðar hefur á liðnum árum verið mun minni en sem nemur fjölgun nemenda og verðlagshækkunum. Með öðrum orðum þá hefur framleiðni Háskóla Íslands aukist. Á mynd 4 má sjá fjölgun nemenda og fjölda ársverka starfsmanna við Háskóla Íslands árin 2000–2014. Á tímabilinu fjölgaði ársverkum nemenda um 120,6% en ársverkum starfsmanna um 50,6%.

Mynd 4. Þróun á fjölda nemenda og starfsmanna Háskóla Íslands tímabilið 2000–2014.



	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Skráðir nemendur	6.693	6.725	7.127	8.224	9.046	8.725	8.939	9.471	12.415	13.957	13.981	14.014	13.737	13.782	13.052
Virkir nemendur	4.175	4.367	4.665	5.256	5.729	5.807	5.953	5.957	7.944	8.985	9.313	9.392	9.304	9.347	9.211
Ársverk starfsm.	892	892	946	979	985	990	993	999	1.197	1.260	1.275	1.277	1.283	1.316	1.343

Framkvæmdafé

Framlög frá Happpdrætti Háskóla Íslands til viðhalds byggingum, framkvæmda og tækjakaupa námu 765 m.kr. árið 2014 samanborið við 780 m.kr. árið 2013.

Byggingar og tækjakaup

Eftirfarandi er yfirlit um byggingar og tækjakaup á árinu 2014. Útgjöldin lækkuðu um 49,0 % frá árinu áður. Á árinu voru lokagreiðslur vegna viðbyggingar við Háskólatorg og kaupa á Háskólabíói inntar af hendi. Undir aðrar byggingar fellur m.a. 75 m.kr. kostnaður vegna breytingar á Neshaga vegna flutnings Reiknistofnunar þangað. Tækjakaup voru óvenjumikil einkum vegna 85,0 m.kr. framlags Háskóla Íslands til kaupa á Örgreini.

Byggingar og tækjakaup	2014	2013
Hús Vigdísar Finnbogadóttur	43.268	36.204
Sturlugata 8	0	432.954
Háskólabíó	30.004	65.705
Háskólatorg	110.733	5.700
Hús íslenskra fræða	0	250.000
Aðrar byggingar	102.576	27.821
Tækjakaup	123.490	46.318
Húsgögn, búnaður	41.869	24.437
Annað	1.379	0
Samtals:	453.318	889.139

Ársreikningur Háskóla Íslands 2014

Ársreikningur Háskóla Íslands 2014			
Rekstrarreikningur			
	2014	2013	Breyting
Rekstrartekjur:	þús.kr.	þús.kr.	%
Fjárlög	10.752.200	10.425.800	3,1%
Fjáráukalög og fjárheimildir	394.500	14.375	2644,3%
Fjárveiting alls	11.146.700	10.440.175	6,8%
Framlag Happraættis Háskóla Íslands	765.000	780.000	-1,9%
Skrásetningargjöld	941.685	777.760	21,1%
Endurmenntun, símenntun	478.813	470.210	1,8%
Erlendar tekjur (styrkir)	314.540	766.378	-59,0%
Innlendir styrkir	1.297.884	1.154.367	12,4%
Aðrar sértekjur	1.111.981	1.187.658	-6,4%
Sértekjur	4.909.904	5.136.373	-4,4%
Rekstrartekjur alls	16.056.604	15.576.548	3,1%
Rekstrargjöld:			
Sameiginleg stjórnsýsla	1.274.268	1.269.947	0,3%
Félagsvísindasvið	2.322.462	2.068.237	12,3%
Heilbrigðisvísindasvið	2.678.264	2.208.301	21,3%
Hugvísindasvið	1.572.221	1.399.478	12,3%
Menntavísindasvið	1.598.484	1.582.017	1,0%
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	2.354.239	2.221.563	6,0%
Rannsóknastofnanir utan fræðasviða	192.763	162.918	18,3%
Þjónustustofnanir	671.425	971.984	-30,9%
Endurmenntunarstofnun	313.799	322.683	-2,8%
Sameiginlegur kostnaður fræðasviða	1.054.132	1.176.677	-10,4%
Rekstur fasteigna	979.567	947.705	3,4%
Rekstur alls	15.011.623	14.331.510	4,7%
Viðhald fasteigna	463.160	287.817	60,9%
Tækjakaup	166.738	70.754	135,7%
Nýbyggingar	286.581	818.384	-65,0%
Viðhald og nýbyggingar	916.479	1.176.955	-22,1%
Útgjöld alls	15.928.102	15.508.465	2,7%
Rekstrarniðurstaða	128.502	68.084	
Fjármunatekjur (fjármunagjöld)	-75.821	-92.774	
Tekjuafgangur(halli) ársins	52.681	-24.690	

Efnahagsreikningur 31. desember 2014		
	2014	2013
Eignir	þús.kr	þús.kr
Bankainnstæður í erlendri mynt	234.039	424.588
Sjóðir og innlendar bankainnstæður	685.143	643.754
Skammtímakröfur	2.021.714	1.780.955
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	20.621	48.117
Hlutafé*	269.759	269.878
Eignir alls	3.231.276	3.167.292
Skuldir		
Langtímaskuldir	18.608	25.941
Skammtímaskuldir	2.092.490	2.073.854
Bundið eigið fé (hlutafé)	269.759	269.878
Annað eigið fé	850.420	797.619
Skuldir alls	3.231.276	3.167.292
* Einkum Vísindagarðar ehf. og Keilir ehf.		

Innri endurskoðun

Enginn innri endurskoðandi starfaði við Háskóla Íslands á árinu.

Skýrsla stjórnenda Styrktarsjóða Háskóla Íslands

Í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru fimmtíu og fimm sjóðir og gjafir sem borist hafa háskólanum allt frá stofnun hans. Hluti sjóðanna starfar eftir staðfestri skipulagsskrá þar sem kveðið er á um hvernig styrkjum skuli úthlutað til ýmissa verkefna nemenda, kennara eða vísindamanna. Fjárreiður Styrktarsjóðanna eru aðskildar frá fjárreiðum skólans.

Bókhald sjóðanna er sjálfstætt og lýtur endurskoðun löggilts endurskoðanda og Ríkisendurskoðunar. Endurskoðandi sjóðanna er endurskoðunarfyrtækið PwC og fyrir hönd þess Ljósbrá Baldursdóttir, löggiltur endurskoðandi. PwC hefur jafnframt séð um bókhald sjóðanna frá árinu 2008.

Starfsemi Styrktarsjóða Háskóla Íslands heyrir nú undir fjármál og rekstur í miðlægri stjórnsýslu Háskóla Íslands og hefur gert það frá því í ársbyrjun 2012 en hún tilheyrði áður markaðs- og samskiptasviði skólans. Með umsjón Styrktarsjóðanna fer Helga Brá Árnadóttir, verkefnisstjóri styrktarsjóða og hollvina Háskóla Íslands.

Jenný Bára Jensdóttir, fjármálastjóri Háskóla Íslands, hefur komið til liðs við Helgu Brá við fjárumsýslu sjóðanna frá því að hún tók við starfi sínu í ágúst 2012. Jenný Bára fer einnig með prókúru sjóðanna.

Í stjórn Styrktarsjóða Háskóla Íslands eru Gylfi Magnússon, dósent í Viðskiptafræðideild, sem jafnframt er formaður stjórnar, Ása Ólafsdóttir, lektor í Lagadeild, og Jóhann Ómarsson viðskiptafræðingur. Varamaður er Sigurður Jóhannesson, aðjunkt og sérfræðingur við Hagfræðistofnun. Stjórnin er skipuð til þriggja ára og rennur skipunartími hennar út 31. desember 2016. Allir stjórnarmenn gefa kost á sér áfram til stjórnarstarfa.

Helstu atriði í starfsemi sjóðanna árið 2014

Töluvert var um að úthlutað væri úr styrktarsjóðum Háskóla Íslands á árinu, einkum var um að ræða árlegar úthlutningar úr stöndugum sjóðum.

Nýr styrktarsjóður var stofnaður á árinu, Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur, en Áslaug arfleiddi Háskóla Íslands að fasteigninni Bjarkargötu 12. Tilgangur sjóðsins helgast af fyrirmælum í erfðaskrá Áslaugar en samkvæmt þeim skal nota sjóðinn til eflingar íslenskri tungu með þeim hætti sem stjórn Háskóla Íslands telur að koma muni að mestu gagni. Það skilyrði er sett að sjóðurinn verði notaður til sérverkefna á sviði íslenskra fræða eða stuðnings við þá sem leggja stund á íslensk fræði en gangi ekki til almenns rekstrarkostnaðar háskólans. Fyrst af öllu er sjóðnum ætlað styrkja málefni er stuðla að eflingu íslenskrar tungu.

- Í janúar var í fyrsta skipti veitt viðurkenning úr Minningarsjóði Guðrúnar Marteinsdóttur fyrir framúrskarandi námsárangur í heilsugæsluhjúkrun í BS-námi. Styrkinn hlaut Kristín Georgsdóttir, hjúkrunarfræðinemi við Háskóla Íslands.
- Í lok janúar auglýsti stjórn Sjóðs Sigríðar Lárusdóttur eftir umsóknum um styrki til rannsókna á sviði bæklunarlækninga með áherslu á stoðkerfissjúkdóma. Þrjú styrkir voru veittir úr sjóðnum í maí, á afmælisdegi stofnanda sjóðsins, Sigríðar Lárusdóttur. Styrkina hlutu Eypór Örn Jónsson læknir, Sigurbergur Kárasón, yfirlæknir svæfinga- og gjörgæsludeildar á Landspítala og dósent við Háskóla Íslands, og Björn Guðbjörnsson, sérfræðingur í gigtlækningum og prófessor við Háskóla Íslands.

- Í febrúar fór fram árleg úthlutun úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar en þá var fjórum styrkjum úthlutað til doktorsnema í lyfjafræði. Styrkhafarnir voru þau Anna Bryndís Blöndal, Ása Bryndís Guðmundsdóttir, Natalia Magdalena Pich og Zoltán Fülöp.
- Í mars var auglýst eftir umsóknum um styrki til rannsókna á einelti úr Styrktarsjóði Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar og voru tveir styrkir veittir úr sjóðnum í maí. Styrkhafarnir voru Vanda Sigurgeirsdóttir, doktorsnemi við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, og Anna Margrét Magnúsdóttir, meistaranemi í uppeldis- og menntunarsálfræði við Árósháskóla.
- Í mars var veittur styrkur úr Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur til að standa straum af útgáfu tímaritsins „Milli mála“ og bókarinnar „Latína er list mæt“.
- Tuttugu og átta vísindastyrkjum var úthlutað í maí úr Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Styrkirnir námu samanlagt um 260 milljónum króna. Eftirtaldir kennarar hlutu styrk eftir svokallaðri b-leið (til að ráða doktorsnema): Árni Kristjánsson, Erlingur Jóhannsson, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Ólafur S. Andrésen, Páll Melsted, og Þórarinn Guðjónsson. Eftirtaldir kennarar hlutu styrk til handa doktorsnemunum sem þeir hafa þegar hafið samstarf við: Agnar Helgason, Ármann Jakobsson, Guðný Björk Eydal, Hannes Jónsson, Ragnar Sigurðsson, Rajesh Rupakhety, Vilmundur Guðnason og Þorvaldur Þórðarson (öll með styrki til þriggja ára); Guðrún Gísladóttir, Höskuldur Þráinsson, Margrét Eggertsdóttir, Mikael Marlies Karlsson/Sigríður Þorgeirsdóttir, Þórarinn Guðnason/Karl Andersen og Þórhallur Ingi Halldórsson (öll með styrki til tveggja ára). Úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands var úthlutað styrkjum til átta verkefna. Þá hlutu: Karl G. Kristinsson (til tveggja ára) og Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Guðmundur Hálfðanarson, Hanna Ragnarsdóttir, Kristín Loftsdóttir, Viðar Guðmundsson og Zophonías O. Jónsson (til eins árs).
- Í maí var í sjöunda sinn auglýst eftir umsóknum um styrki úr Afreks- og hvatningarsjóði stúdenta við Háskóla Íslands. Í júní fengu tuttugu og sex afburðanemendur, sem hófu nám við Háskóla Íslands haustið 2014, styrk úr sjóðnum.
- Í júní voru veittir sex styrkir úr Watanabe-styrktarsjóðnum við Háskóla Íslands. Þetta var í fjórða sinn sem úthlutað var úr sjóðnum, sem var stofnaður árið 2008 af Toshizo, „Tom“, Watanabe. Styrkhafarnir í þetta sinn voru Erlingur Þór Pétursson og Brynjólfur Magnús Brynjólfsson, BA-nemar í japönsku við Háskóla Íslands, Shohei Watanabe, BA-nemi í skapandi skrifum við Waseda-háskólann í Japan, Vincent Jean Paul Bernard Drouin, doktorsnemi í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, Yumi Ishimoto, MS í geimverkfræði frá Tohoku-háskóla í Japan, og Ana Maria Cruz Naranja, prófessor við Kyoto-háskóla í Japan. Í október var auglýst eftir umsóknum fyrir úthlutun vorið 2015. Breytingar voru jafnframt gerðar á skipulagsskrá sjóðsins til þess að auka ráðstöfunarfé sjóðsins og festa í sessi ákveðna upphæð til árlegrar úthlutunar.
- Í júní hlutu tíu starfsmenn Háskóla Íslands styrk úr Eggertssjóði til rannsókna og tækjakaupa er tengjast þeim. Úr sjóðnum eru veittir styrkir til rannsókna á sviði jarðfræði og líffræði. Styrkþegarnir hófu allir störf við háskólann á síðustu misserum. Þeir voru Erna Magnúsdóttir, sérfræðingur við Lífvísindasetur Háskóla Íslands, Margrét Helga Ögmundsdóttir, nýdoktor við Lífvísindasetur Háskóla Íslands, Ólafur Andri Stefánsson, nýdoktor við Læknadeild Háskóla Íslands, Snædís Huld Björnsdóttir, nýdoktor og verkefnisstjóri hjá Matís, Alexander Jarosch, fræðimaður við Jarðvísindastofnun, Guðfinna Aðalgeirsdóttir, dósent við Jarðvísindadeild, Guðmundur H. Guðfinnsson, fræðimaður við Jarðvísindastofnun, og Enikő Bali, lektor við Jarðvísindadeild, Gunnar Þór Hallgrímsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild, og Sigríður Rut Franzdóttir, aðjunkt við Líf- og umhverfisvísindadeild. Einnig var veittur styrkur úr sjóðnum til kaupa á nýjum örgreini við Jarðvísindastofnun.
- Í október voru þremur doktorsnemunum í hjúkrunarfræði veittir styrkir úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur en styrkirnir voru auglýstir til umsóknar á vormánuðum. Styrkhafar voru Ásta B. Pétursdóttir, MS í hjúkrunarfræði, Berglind Hálfðánsdóttir, MS í ljósmóðurfraði, og Rannveig J. Jónasdóttir, MS í hjúkrunarfræði.

- Stjórn Þórsteinsjós ákvað að auglýsa ekki eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum árið 2014 heldur hvíla sjóðinn í eitt ár og auglýsa næst á haustmánuðum 2015 en úthlutað hafði verið árlega úr sjóðnum frá árinu 2007.
- Tveir styrkir voru veittir doktorsnemum í ljósmóðurfraeðum við Háskóla Íslands í desember úr Minningarsjóði Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda. Auglýst var eftir umsóknum um styrkina í október og var þetta í þriðja skipti sem úthlutað var úr sjóðnum. Styrkhafar voru Valgerður Lís Sigurðardóttir, sérfræðiljósmóðir og klínískur lektor á kvennadeild Landspítala, og Ingibjörg Eiríksdóttir, klínískur lektor og stundakennari í ljósmóðurfraeði við Háskóla Íslands og sérfræðiljósmóðir í brjóstgöngum og tvíburameðgöngum á Landspítala.
- Í desember var auglýst eftir umsóknum um doktorsstyrki við Háskóla Íslands úr Háskólasjóði H/f Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir úthlutun á vormánuðum 2015.
- Í desember fór fram árleg úthlutun úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents. Afburðanemandi, sem hlaut hæstu meðaleinkunn eftir annað ár í námi við verkfræðideildir skólans, hlaut viðurkenningu fyrir námsárangur. Styrkhafi var Ingimar Jóhannsson, BS-nemi í umhverfis- og byggingarverkfræði.
- Í sameiginlegum ársreikningi Styrktarsjóða Háskóla Íslands árið 2014 eru ársreikningar 55 sjálfstæðra sjóða og hefur því fjölgað um tvo frá fyrra ári. Það kemur til af því að nýr sjóður, Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur, er hér nú með og einnig er Sjóður Selmu og Kays Langvads aftur hluti af ársreikningnum í ár en fyrirhugað er að endurreisa sjóðinn árið 2015. Samanburðarfjárhæðum fyrir árið áður (2013) var breytt þannig að rekstri, eignum og skuldum sjóðs Selmu og Kays var bætt við reikninginn til að gæta samræmis.

Veittir voru samtals 392 styrkir úr sjóðum Háskóla Íslands á árinu, 301 ferðastyrkur úr Sáttmálasjóði, 29 doktorsstyrkir, þar af 8 styrkir úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins og 19 styrkir úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, tveir vísindamenn hlutu styrk frá Isavia til rannsókna sem tengjast flugstarfsemi, 26 nýnemastyrkir voru veittir úr Afreks- og hvatningarsjóði Háskóla Íslands og 34 styrkir úr öðrum sjóðum sem heyra undir Styrktarsjóði Háskóla Íslands.

Engar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu sjóðanna á árinu 2014.

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir sjóðina árið 2014

Hrein eign Styrktarsjóða Háskóla Íslands í árslok 2014 nam kr. 2.152.532.848 og voru tekjur umfram gjöld á árinu kr. 119.782.370. Hrein eign Styrktarsjóðanna hækkaði á árinu um 284.421.340 kr., úr kr. 1.868.111.508 í kr. 2.152.532.848. Heildareignir Styrktarsjóðanna í vörslu Íslandsbanka voru kr. 1.321.615.219. Íslandsbanki náði að uppfylla kröfu fjárfestingarstefnu Styrktarsjóðanna um 3,5% langtímarauðvöxtun. Ávöxtun safnsins í vörslu Íslandsbanka var jákvæð um 4,56% að nafnvirði frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2014. Raunávöxtun fyrir sama tímabil var 3,64%.

- Bókfærður hagnaður sjóðanna árið 2014 var kr. 119.782.370, samanborið við 11.408.193 króna hagnað árið 2013. Lítið var um fjárfestingarkosti á árinu og voru innlán og ríkistryggð verðbréf meginuppistaðan í safninu.
- Heildareign allra sjóða 31. desember 2014, samkvæmt reikningsskilunum, nam kr. 2.206.492.991.
- Nafnávöxtun eigna styrktarsjóðanna sem voru í umsjón Íslandsbanka var jákvæð um 4,56%.
- Ávöxtun heildareigna var jákvæð um 5,2%.

Hrein eign sundurliðuð eftir sjóðum

	Hrein eign	
	2014	2013
Almanakssjóður.....	116.534.470	111.922.206
Columbiasjóður.....	17.659.726	16.951.188
Det Danske Selskabs Studenterlegat.....	546.669	548.898
Eggertssjóður.....	115.713.862	129.529.250
Forlagsbogh., Dr. Phil. h. c. Einar Munksgaards Stiftelse.....	1.299.259	1.330.661
Framfarasj. B. H. Bjarnasonar kaupmanns.....	298.344	310.496
Gjafasjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs.....	108.770.655	104.448.141
Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar.....	6.919.054	6.666.635
Gjöf Framkvæmdabanka Ísl. til að skreyta hátíðarsal HÍ.....	5.108.829	4.928.749
Gjöf Gunnars Th. Bjargmundssonar.....	734.610	729.328
Gjöf Soffíu Jónsdóttur Sörensen.....	4.242.871	4.097.396
Háskólasjóður.....	190.023.956	195.155.437
Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands í vörslu HÍ.....	22.020.418	21.164.533
Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur.....	609.150	609.603
Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar.....	3.804.191	3.676.246
Legat Guðmundar Magnússonar og Katrínar Skúladóttur.....	10.545.467	10.148.134
Menningar- og framfarasjóður Ludvigs Storr.....	358.411.152	334.219.470
Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar.....	74.964.860	71.993.260
Minningarsjóður Bjargar og Magnúsar.....	37.320.253	36.912.122
Minningarsj. dr. phil. Jóns Jóhannessonar prófessors.....	2.848.743	2.772.323
Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar.....	23.313.663	22.406.099
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur.....	1.126.731	1.154.237
Minningarsjóður John MacKenna Pearson.....	20.051.318	19.274.121
Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings.....	3.131.957	3.030.875
Minningarsjóður norskra stúdenta.....	2.290.726	2.223.260
Minningarsjóður Theódórs Johnson.....	23.893.028	22.962.312
Minningarsj. um aldarafmæli frjálsrar verslunar á Íslandi.....	4.558.461	4.400.374
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents.....	3.366.427	2.186.631
Norðmannsgjöf.....	30.987.005	29.772.806
Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur.....	10.227.517	10.921.901
Sagnfræðisjóður dr. Björns Þorsteinssonar.....	9.775.453	9.395.312
Sáttmálasjóður Háskóla Íslands.....	100.779.461	14.485.062
Selma og Kay Langvads Legat.....	55.203.447	54.069.217
Sjóðasafn Háskóla Íslands.....	36.035.273	34.592.687
Sjóður Árna Magnússonar.....	18.006.294	17.310.818
Sjóður Níelsar Dungals prófessors.....	5.642.981	5.441.556
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli.....	18.834.082	18.105.527
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur.....	19.337.827	20.201.260
Starfssjóður Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	17.968.667	17.277.637
Starfssjóður Læknadeildar Háskóla Íslands.....	2.261.609	2.195.307
Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands.....	2.957.215	2.863.116
Styrktarsjóður Áslaugar Hafliðadóttur.....	123.376.111	0

Styrktarsjóður Erlendar Haraldssonar.....	3.187.476	3.084.175
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands.....	16.058.395	15.440.759
Styrktarsj. Margaretar og Bents Sch. Thorsteinssonar.....	20.794.653	20.876.666
Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur.....	12.716.400	12.232.313
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	22.239.283	22.997.356
Styrktarsj. Þorbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur.....	26.498.228	25.564.779
Sögusjóður stúdenta.....	2.113.908	2.053.508
Tækjasjóður Verkfræðideildar – Landmælingar.....	2.156.441	2.094.342
Verðlaunasjóður Alfreds Benson.....	3.062.651	2.964.338
Verðlaunasj. Bergþóru og Þorsteins Sch. Thorsteinssonar.....	17.733.365	18.503.642
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis.....	27.273.781	26.207.967
Þórsteinssjóður.....	34.900.122	33.291.331
Watanabe-styrktarsjóðurinn.....	388.300.837	351.747.428
Fjármagnstekjuskattsskuldbinding vegna verðbréfasjóða.....	(36.004.484)	(41.331.288)
	2.152.532.848	1.868.111.508

Veittir styrkir sundurliðaðir eftir sjóðum 2013 og 2014

	2014	2013
Eggertssjóður.....	18.600.000	0
Háskólasjóður H/f Eimskipafélags Íslands í vörslu Háskóla Íslands.....	0	6.000.000
Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónssonar bónda	1.000.000	1.000.000
Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur.....	50.000	0
Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar stúdents.....	300.000	200.000
Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur.....	1.100.000	1.000.000
Sjóður Nielsar Dungals prófessors.....	0	728.548
Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli.....	0	300.000
Sjóður Sigríðar Lárusdóttur.....	1.500.000	1.400.000
Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands.....	0	600.000
Styrktarsjóður Margaretar og Bents Schevings Thorsteinssonar.....	800.000	1.200.000
Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.....	1.600.000	0
Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala.....	1.400.000	990.000
Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar læknis.....	0	1.100.000
Þórsteinssjóður.....	0	2.000.000
Watanabe-styrktarsjóðurinn.....	6.035.778	2.926.792
	32.385.778	19.445.340

Sameiginlegur rekstrarreikningur ársins 2014

	2014	2013
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur	6.090.601	4.387.976
Verðhækkun (lækkun) verðbréfa	55.883.753	70.889.747
Fjármagnstekjuskattur	4.124.769	(11.485.881)
	66.099.124	63.791.842
Rekstrartekjur		
Framlög	1.385.000	3.262.110
Aðrar tekjur	118.853.441	32.491.011
	120.238.441	35.753.121
Rekstrargjöld		
Veittir styrkir	32.385.778	19.445.340
Annar rekstrarkostnaður	34.169.416	68.691.430
Verðlækkun verðbréfa	0	0
	66.555.194	88.136.770
Tekjur umfram gjöld	119.782.370	11.408.193

Sameiginlegur efnahagsreikningur 31. desember 2014

	2014	2013
Eignir		
Fasteign	209.400.000	201.300.000
Verðbréfasjóðir og hlutabréf	1.593.512.181	1.260.190.822
Aðrar eignir	92.982.964	5.523.240
Innstæður á bankareikningum	310.597.846	467.081.921
	2.206.492.991	1.934.095.983
Eignir samtals	2.206.492.991	1.934.095.983

Eigið fé

Höfuðstóll	2.050.446.728	1.802.320.536
Stofnfé Watanabe-styrktarsjóðs	0	0
Stofnfé Minningarsjóðs Bjargar og Magnúsar	0	0
Aðrar breytingar	0	0
Þýðingarmunur	102.086.120	65.790.972
	<u>2.152.532.848</u>	<u>1.868.111.508</u>

Skuldir

Fjármagnstekjuskuldbinding vegna verðbréfasjóða	36.004.484	41.331.288
Skammtímaskuldir	17.955.656	24.653.187
	<u>53.960.140</u>	<u>65.984.475</u>

Eigið fé og skuldir samtals

2.206.492.991 **1.934.095.983**



Fræðasvið

Félagsvísindasvið

Almennt yfirlit og stjórn

Á Félagsvísindasviði eru sex deildir: Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórn málafræðideild og Viðskiptafræðideild.

Daði Már Kristófersson var forseti Félagsvísindasviðs. Deildarforsetar mynda stjórn fræðasviðsins ásamt forseta og þeir voru:

- Helgi Gunnlaugsson var forseti Félags- og mannvísindadeildar,
- Steinunn Hrafnadóttir var forseti Félagsráðgjafardeildar til 1. júlí en þá tók Sigurveig H. Sigurðardóttir við starfinu,
- Ingjaldur Hannibalsson var forseti Viðskiptafræðideildar til 1. júlí en þá tók Runólfur Smári Steinþórsson við starfinu,
- Ómar H. Kristmundsson var forseti Stjórn málafræðideildar til 1. júlí en þá tók Baldur Þórhallsson við starfinu,
- Tór Einarsson var forseti Hagfræðideildar,
- Eyvindur G. Gunnarsson var forseti Lagadeildar.

Björn Már Ólafsson var fulltrúi nemenda í stjórn sviðsins á vormisseri og Egill Þór Jónsson á haustmisseri.

Þing Félagsvísindasviðs


Sjötta þing Félagsvísindasviðs var haldið föstudaginn 21. mars. Meginefni þingsins var umfjöllun um vísindastefnu og bætt samskipti og mannauðsmál. Daði Már Kristófersson, forseti sviðsins, setti þingið. Ómar H. Kristmundsson kynnti niðurstöður nefndar um samskiptamál á sviðinu. Ingi Rúnar Eðvarðsson kynnti framkvæmdaáætlun vísindastefnu sviðsins til ársins 2016 og var hún samþykkt. Þá var samþykkt stefna í stjórnsýslu, mannauðsmálum og rekstri og gerði Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir rekstrarstjóri grein fyrir þeirri vinnu. Friðrika Harðardóttir, forstöðumaður Skrifstofu alþjóðasamskipta, gerði grein fyrir nýju skipulagi þess málaflokks og Óskar Eggertsson, sérfræðingur hjá Rannís, kynnti nýmæli í Erasmus-áætlunum.

Sjöunda þing Félagsvísindasviðs var haldið þriðjudaginn 27. maí og var fjallað um stuðning og þjónustu við rannsóknir. Daði Már Kristófersson, forseti sviðsins, setti þingið. Gréta Björk Kristjánsdóttir, rannsóknastjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, gerði grein fyrir hlutverki rannsóknarstjóra. Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, verkefnisstjóri á Félagsvísindastofnun, gerði grein fyrir skýrslu um viðhorf til rannsóknþjónustu Félagsvísindasviðs. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor flutti erindi sem bar nafnið Að vinna í háskóla – ekkert mál. Að lokum var unnið í hópum. Í lok þings flutti forseti samantekt dagskrár.

Áttunda þing Félagsvísindasviðs var haldið þann 16. október og var meginefni þess leiðir til þess að bæta samskipti starfsmanna. Daði Már Kristófersson, forseti sviðsins, setti þingið. Ómar Kristmundsson, formaður samskiptanefndar sviðsins, fjallaði um skýrslu nefndarinnar og tillögur hennar að verklagi og aðgerðaáætlun í samskiptamálum. Miklar umræður og fyrirspurnir urðu um málið og voru tillögur síðan bornar undir atkvæði og samþykktar.

Starfsfólk

Félagsvísindasvið		
Heildarfjöldi starfsmanna		
	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	139	115
Karlar	94	86
	233	201



Stjórnsýsla fræðasviðsins			
	Karlar	Konur	Samtals
Félagsvísindasvið	2	12	14
Félagsráðgjafardeild	0	3	3
Lagadeild	0	4	4
Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild	0	7	7
Stjórnmálafræðideild	0	4	4
Félags- og mannvísindadeild	0	4	4
		Fjöldi	36
		Starfsígildi	28,7

Tölur í þessum töflum eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá fræðasviðinu þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Stjórnsýsla

Skrifstofa Félagsvísindasviðs veitir nemendum og kennurum alla almenna þjónustu og starfsfólk skrifstofunnar sér einnig um margvísleg verkefni fyrir hönd sviðsins, s.s. fjármál, kennslumál, markaðs- og kynningarmál, umsjón með upplýsingatæknimálum, starfsmannamál og skjalavistun. Á skrifstofu sviðsins störfuðu, auk forseta: Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir rekstrarstjóri, Aðalbjörg Lúthersdóttir fjármálastjóri, Ásdís Magnúsdóttir, verkefnisstjóri og skjalavörður, Guðrún Alda Elísdóttir mannauðsstjóri, Kolbrún Eggertsdóttir kennslustjóri og Sif Sigfúsdóttir, markaðs- og samskiptastjóri. Kristín Einarisdóttir var í hlutastarfi fram til vors til þess að kynna rannsóknir á sviðinu m.a. með útvarpáttum á grundvelli samnings við Ríkisútvarpið. Á skrifstofunni störfuðu einnig deildarstjórar og verkefnisstjórar sem sáu um nærþjónustu við deildir sviðsins (sjá nánar umfjöllun um deildir).

Haldnir voru reglubundnir starfsmannafundir, auk vikulegra samráðsfunda rekstrarstjóra með deildarstjórum. Forseti hélt einnig upplýsingafundi vikulega.

Unnið var áfram að bættu starfsumhverfi og að bættri móttöku nýrra starfsmanna og m.a. sett á laggirnar mentorakerfi fyrir akademíska starfsmenn. Kennslunefnd var falið að kanna möguleika á því að breyta kennslumissserum í fjögur í stað tveggja með það fyrir augum að skapa meira rými til rannsókna. Aðstoðarmannasjóður var tvöfaldaður í því skyni að létta af kennurum störfum og var úthlutað úr honum til kennslu og til rannsókna.

Upplýsingaborð í Gimli

Félagsvísindasvið sá um rekstur upplýsinga- og þjónustuborðs í Gimli og var þar einnig veitt þjónusta fyrir Hugvísindasvið og Sálfræðideild Heilbrigðisvísindasviðs. Þar fá nemendur svör við almennum fyrirspurnum er varða námið. Jafnframt fer þar fram öll umsýsla verkefna, skil til kennara og afhending til nemenda. Auk þess eru þar pósthólf kennara og annarra starfsmanna.

Nefndir og stjórnir

Fulltrúar sviðsins í stjórnnum og nefndum:

- Trausti Fannar Valsson, lektor við Lagadeild, var formaður kæruneftndar í málefnum nemenda.
- Aðalbjörg Lúthersdóttir fjármálastjóri var tilnefnd í starfshóp háskólans um kynjaða fjárlagagerð.
- Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við Lagadeild, var í vísindasiðanefnd Háskólans fyrir hönd sviðsins frá 1. júlí.
- Jónína Einarisdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild, var tilnefnd af rektor í vísindasiðanefnd háskólans og varaformaður nefndarinnar frá sama tíma.
- Terry A. Gunnell, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, sat í stjórn Stofnunar Árna Magnússonar fyrir hönd sviðsins.
- Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í Lagadeild, var í stjórn Stofnunar Sæmundar fróða fyrir hönd sviðsins.
- Inga Jóna Jónsdóttir, dósent í Viðskiptafræðideild, sat fyrir hönd sviðsins í námsstjórn Háskóla Íslands um menntun framhaldsskólakennara, sem stjórnsýslulega er á Menntavísindasviði.
- Sif Einarisdóttir, dósent í Félags- og mannvísindadeild, sat fyrir hönd sviðsins í kennslumálanefnd Háskóla Íslands fyrri hluta árs en Hersir Sigurgeirsson, dósent við Viðskiptafræðideild, síðari hluta ársins.
- Ólafur Þ. Harðarson, prófessor við Stjórn málafræðideild, og Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt við Stjórn málafræðideild, sátu í stjórn Alþjóðamálastofnunar fyrir hönd sviðsins og var Ólafur formaður stjórnar stofnunarinnar.
- Eyvindur G. Gunnarsson, prófessor í Lagadeild, sat í stjórn Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands fyrir hönd sviðsins.
- Valdimar Tryggvi Hafstein, dósent í Þjóðfræði, sat fyrir hönd sviðsins í gæðanefnd Háskóla Íslands.

- Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, átti sæti fyrir hönd sviðsins í framgangsnefnd Háskóla Íslands.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræðum í Félags- og mannvísindadeild, átti sæti í ráði Háskóla Íslands um málefni fatlaðs fólks.
- Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, átti sæti í heiðursdoktoranefnd Háskóla Íslands.
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, átti sæti í vísindanefnd Háskóla Íslands.
- Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, átti sæti í stjórn Þjóðskjalasafns Íslands fyrir hönd sviðsins.
- Stefán Hrafn Jónsson, dósent við Félags- og mannvísindadeild, var kjörinn í háskólaráð sem fulltrúi háskólasamfélagsins.

Nefndir sviðsins:

Dóm- og framgangsnefnd Félagsvísindasviðs: Jón Gunnar Bernburg, prófessor við Félags- og mannvísindadeild og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, forstöðumaður Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri

Jafnréttisnefnd Félagsvísindasviðs: Gyða Margrét Pétursdóttir, formaður, fulltrúi Stjórn málafræðideildar, Sigurjón B. Hafsteinsson, varaformaður, fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, Þóra Christiansen, fulltrúi Viðskiptafræðideildar, Anni G. Haugen, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar, og Hafsteinn Þór Hauksson, fulltrúi Lagadeildar. Fulltrúi nemenda var Adam Hoffritz.

Kennslunefnd Félagsvísindasviðs: Sif Einarsdóttir var formaður og fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar fram til 1. júlí en þá tók Kristjana Stella Blöndal við sem fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, Silja Bára Ómarsdóttir var fulltrúi Stjórn málafræðideildar, Hersir Sigurgeirsson var fulltrúi Viðskiptafræðideildar og formaður nefndarinnar frá haustmisseri, Anni Haugen var fulltrúi Félagsráðgjafardeildar á vormisseri en Hervör Alma Árnadóttir tók við á haustmisseri, Trausti Fannar Valsson var fulltrúi Lagadeildar, Ragnar Árnason var fulltrúi Hagfræðideildar og Bjarni Þóroddsson var fulltrúi nemenda á vormisseri en svo tók Tryggvi Músson við af honum á haustmisseri. Kolbrún Eggertsdóttir, kennslustjóri sviðsins, starfaði með nefndinni.

Vísindanefnd Félagsvísindasviðs: Ingi Rúnar Eðvarðsson var formaður nefndarinnar og fulltrúi Viðskiptafræðideildar fram á haustmisseri en þá tók Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, fulltrúi Hagfræðideildar, við formennsku. Terry Gunnell var fulltrúi Félags- og mannvísindadeildar, Guðný Eydal var fulltrúi Félagsráðgjafardeildar, Eiríkur Jónsson var fulltrúi Lagadeildar, Hulda Þórisdóttir var fulltrúi Stjórn málafræðideildar og Ása Guðný Ásgeirsdóttir var fulltrúi nemenda. Kolbrún Eggertsdóttir, kennslustjóri sviðsins, starfaði með nefndinni.

Fulltrúar Félagsvísindasviðs á háskólaþingi til 30. júní: Ásgeir Jónsson, lektor í Hagfræðideild, Björg Thorarensen, prófessor í Lagadeild, Jónína Einarsdóttir, prófessor í Félags- og mannvísindadeild, Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor í Viðskiptafræðideild, Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í Félagsráðgjafardeild, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, lektor í Stjórn málafræðideild, og Snjólfur Ólafsson, prófessor í Viðskiptafræðideild. Frá og með 1. júlí: Gylfi Dalmann, Aðalsteinsson, Viðskiptafræðideild, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Félags- og mannvísindadeild, Björg Thorarensen, Lagadeild, Hulda Þórisdóttir, Stjórn málafræðideild, Hervör Alma Árnadóttir, Félagsráðgjafardeild, Ásgeir Jónsson, Hagfræðideild. Auk þeirra á forseti sviðsins sæti á háskólaþingi, sem og forsetar deilda.

Kennslumál

Haldin var skólasetning á Félagsvísindasviði 9. september og hófst hún á því að Daði Már Kristófersson, forseti sviðsins, fjallaði um starfið framundan og bauð starfsfólk velkomið til starfa að loknu sumarleyfi. Þá kynntu Daði Már og Sif Sigfúsdóttir, markaðs- og vefstjóri sviðsins, nýjan innri vef sviðsins.

Unnið var áfram eftir framkvæmdaáætlun um kennslustefnu sem samþykkt var árið 2012. Flestar deildir sviðsins voru að ljúka sjálfsmatsskýrslur vegna úttekta eða vinna við þær. Kennslunefndin ræddi hvernig mætti nýta þessar skýrslur til að vinna að úrbótum í kennslu. Ljóst er að þær kannanir sem unnar voru í tengslum við úttektirnar verða unnar áfram og nýtast því vel í gæðastarfi deilda og sviðs.

Á árinu var haldið áfram að vinna að samræmingu og samstarfi aðferðafræðikennslu. Haldinn var fundur þar sem fulltrúar af öllum sviðum Háskóla Íslands nema Hugvísindasviði mættu ásamt fulltrúum frá hinum opinberu háskólunum. Ákveðið var að vinna saman að því að búa til efni til kennslu á Netinu og verkefni sem hægt væri að deilda með hópnum. Samið var um að efnið yrði vistað í Kennslubankanum en það er kerfið sem verið er að þróa í skólanum. Þessi fundur gaf fyrirheit um bættu og meiri samvinnu aðferðafræðikennara. Á árinu var ráðinn verkefnisstjóri í hlutastarf til að sjá um þessa samvinnu.

Skipulag móttöku nýnema var komið í gott horf en enn frekar var unnið að því að samræma og aðlaga viðburði Félagsvísindasviðs viðburðum sem skipulagðir eru miðlægt við skólann allan. Unnið var áfram að innleiðingu mentorakerfis fyrir nemendur.

Kennslunefnd sviðsins hóf vinnu við að kanna hvort hægt væri að breyta misserum sviðsins í fjögur í stað tveggja. Auknu fé var varið í að ráða aðstoðarkennara við sviðið en það er gert í ljósi þess að mörg námskeið eru mjög fjölmenn á sviðinu.

Doktorsnám og rannsóknir

Félagsvísindasvið stóð fyrir námskeiðinu Málstofa um doktorsnám fyrir doktorsnema á sviðinu. Kennt var aðra hverja viku. Umsjónarkennari var Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor á vormisseri en Þorgerður Einarsdóttir prófessor hafði umsjón á haustmisseri. Námskeiðið var byggt upp á fyrirlestrum og umræðum ásamt kynningu doktorsnemanna á verkefnum sínum. Námskeiðið hófst í byrjun september með ráðstefnu doktorsnemanna.

Félagsvísindasvið stóð fyrir námskeiði fyrir doktorsnema á sviðinu í nóvember og desember um gerð rannsóknaráætlana og umsókna um styrki. Kennari var Gunnar Þór Jóhannesson lektor. Vísindanefnd sviðsins vann að endurskoðun á doktorsreglum og voru tillögur hennar samþykktar í sviðsstjórn í desember.

Úthlutað var úr aðstoðarmannasjóði Félagsvísindasviðs bæði að vori og hausti og var öllum kennurum sem sóttu um styrki veittur styrkur. Meginhluti styrkjanna rann til að styrkja rannsóknir þeirra.

Húsnæðismál

Félagsvísindasvið hefur nú fengið framtíðarhúsnæði í þremur samtengdum byggingum, Odda, Gimli og Lögbergi, sem einnig tengjast Háskólatorgi. Skrifstofur Félagsvísindasviðs og deilda þess eru allar á neðstu hæðinni í Gimli. Kennarar Lagadeildar hafa aðsetur í Lögbergi, Viðskiptafræðideildar í Gimli, g Félagsráðgjafardeildar, Hagfræðideildar og Stjórn málafræðideildar í Odda en kennarar Félags- og

mannvísindadeildar eru bæði til húsa í Gimli og Odda. Í öllum þremur byggingunum er jafnframt aðstaða fyrir rannsóknastofnanir á Félagsvísindasviði og vinnuaðstaða fyrir stundakennara, doktorsnema, meistaranema og grunnnema. Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og þverfræðilegar rannsóknastofnanir nýta til bráðabirgða hluta húsnæðisins í Gimli og Odda. Félagsvísindasvið á þannig góða vaxtarmöguleika á næstu árum í byggingunum þremur, þegar starfsemi annarra sviða flyst í aðrar byggingar á háskólasvæðinu.

Unnið var að endurbótum á kaffistofum starfsfólks í Lögbergi og Odda og var sú síðarnefnda stækkuð. Þær voru opnaðar að nýju í desember.

Kynningarmál

Í janúar hélt Félagsvísindasvið móttöku fyrir nýnema þar eð margar deildir sviðsins taka á móti nýnemum á vormisseri.

Í mars var haldið upp á stóra háskóladaginn þar sem öll svið skólans komu saman og kynntu námsframboð sitt í helstu byggingum skólans. Félagsvísindasvið var með aðstöðu á Háskólatorgi. Þá var Félagsvísindasvið kynnt í Menntaskólanum í Reykjavík, Verslunarskóla Íslands, Menntaskólanum við Hamrahlíð og Borgarholtsskóla á sama tíma. Einnig voru námsleiðir kynntar á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Grundarfirði og Borgarnesi í marsmánuði.

Í júní tóku kennarar og starfsmenn á Félagsvísindasviði þátt í Háskóla unga fólksins. Nemendur í Háskóla unga fólksins geta valið milli fjölmargra námsleiða og raða sjálfir saman stundatöflu sinni. Háskóli unga fólksins var opinn grunnskólanemendum sem eru fæddir á árunum 1996–2000 (voru í 6.–10. bekk grunnskóla).

Í ágúst hélt sviðið móttöku fyrir framhaldsnema og grunnnema í Háskólabíói og síðan var móttaka í deildum sviðsins. Einnig hélt sviðið móttöku fyrir erlenda nemendur sviðsins í kjölfar almennrar móttöku Skrifstofu alþjóðasamskipta fyrir alla nemendur háskólans.

Í október var 15. ráðstefnan með nafninu Þjóðarspejillinn, rannsóknir í félagsvísindum, haldin með 180 erindi. Aldrei hafa fleiri erindi verið á dagskrá Þjóðarspejilsins.

Þá hélt Félagsvísindasvið kynningarfundir í deildum um skiptinámi í samvinnu við Skrifstofu alþjóðasamskipta. Kynntir voru möguleikar á skiptinámi í viðkomandi deildum, nemendur sögðu frá reynslu sinni af skiptinámi og kennarar fluttu erindi um mikilvægi þess að stunda að hluta nám erlendis. Að lokum var fjallað um ferli umsókna og mat að námi loknu.

Í október fór fram móttaka nemenda við Kvennaskólann í Reykjavík í samvinnu við kennara og námsráðgjafa í skólanum.

Á vormisseri og haustmisseri sá Kristín Einarsdóttir, aðjunkt í þjóðfræði, um þætti á RÚV um rannsóknir á Félagsvísindasviði. Þættirnir báru heitið Vits er þörf.

Í desember hófst vinna og undirbúningur við kynningu á nýju námsleiðum: í aðferðafræði, samanburðarstjórnárum, vestnorrænum fræðum og fjölmiðla- og boðskiptafræði.

Fjármál Félagsvísindasviðs*


Fjárveiting	1.863.395
Sértekjur	425.045
Tekjur alls	2.288.440

Útgjöld	2.322.462
Tekjuafgangur	-34.022

Ársverk	232,2
Skráðir nemendur	4.222
Virkir nemendur	2.775
Nemendur/ársverk	18,2
Virkni nemenda	65,7%

* Upphæðir eru í þús. kr.

Skipurit Félagsvísindasviðs og stofnana þess



Alþjóðamálastofnun

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun og er vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf í alþjóðamálum. Stofnunin tilheyrir Félagsvísinda- og Hugvísindasviði en er hýst á Félagsvísindasviði. Alþjóðamálastofnun hefur verið starfrækt við Háskóla Íslands frá árinu 1990 en var endurskipulögð árið 2002 og hefur í kjölfarið staðið fyrir fjölbreyttum rannsóknum, útgáfustarfsemi, málstofum og fyrirlestrum. Helstu rannsóknasvið eru íslensk utanríkismál, Evrópumál og öryggis- og varnarmál. Rannsóknastofur sem undir Alþjóðastofnun heyra eru Rannsóknasetur um norðurslóðir og Rannsóknasetur um smáriki og hafa þau afar náið samstarf við stofnunina og deila m.a. með henni stjórn. Slóðin á vefsíðu stofnunarinnar er: ams.hi.is.

Stjórn og starfslið

Alþjóðamálastofnun, Rannsóknasetri um smáriki og Rannsóknasetri um norðurslóðir var skipuð stjórn til þriggja ára í nóvember 2013. Ólafur Þ. Harðarson var settur stjórnarformaður en auk hans sitja í stjórn Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði sem jafnframt er varaformaður stjórnar, Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, Silja Bára Ómarsdóttir, aðjunkt við Stjórn málafræðideild, Krístrún Heimisdóttir, fyrrverandi framkvæmdarstjóri Samtaka Iðnaðarins, Guðmundur Ragnarsson, fyrir hönd Alþýðusambands Íslands og Andri Lúthersson, deildarstjóri skrifstofu upplýsingamála í utanríkisráðuneytinu.

Forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáriki er Pia Hansson. Forstöðumaður Rannsóknaseturs um norðurslóðir er Kristinn Schram. Jón Gunnar Ólafsson er verkefnastjóri Alþjóðamálastofnunar, Margrét Cela er verkefnastjóri Rannsóknaseturs um norðurslóðir og Tómas Joensen er verkefnastjóri Rannsóknaseturs um smáriki.

Úttekt Alþjóðamálastofnunar á aðildarviðræðum Íslands við ESB

Alþjóðamálastofnun vann ítarlega úttekt á aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið. Hún var unnin fyrir Alþýðusamband Íslands, Félag atvinnurekenda, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands og kynnt á Grand hóteli 7. apríl. Fundurinn var sýndur í beinni vefútsendingu á Visi.is og ruv.is og mikið var fjallað um úttektina í fjölmiðlum í kjölfarið. Höfundar úttektarinnar voru Auðunn Arnórsson, Ásgeir Jónsson, Bjarni Már Magnússon, Daði Már Kristófersson, Jóna Sólveig Elínardóttir, Jón Gunnar Ólafsson, Pia Hansson, Tómas Joensen og Vilborg Ása Guðjónsdóttir.

Úttektin er birt í heild á vefnum:

<http://ams.hi.is/wp-content/uploads/2014/03/Uttekkt-AMS-um-adildarviðraedur-Islands-vid-ESB.pdf>, sem og útdráttur á ensku:

http://ams.hi.is/wp-content/uploads/2014/03/IIA_EU_Iceland_Report_Executive-Summary.pdf.

Undirbúningur friðarseturs

Í október tilkynnti borgarstjóri Reykjavíkur að borgarráð hefði ákveðið að veita Alþjóðamálastofnun styrk til að hefja undirbúning að stofnun friðarseturs í samstarfi við borgina. Friðarsetrið á að hafa það að markmiði að styrkja Reykjavík sem borg friðar og vera til ráðgjafar um hvernig Reykjavík geti unnið að friði hér heima og að heiman. Með starfi friðarseturs verði stuðlað að uppbyggilegum samskiptum, minnkandi ofbeldi milli einstaklinga og friðsamlegum samskiptum ríkja og alþjóðastofnana. Auk þess verði unnið að því að auka almennt þekkingu á því hvernig megi stuðla að friði með fræðslu og stuðningi við rannsóknir. Friðarsetur yrði þannig vettvangur fyrir þverfaglegt og alþjóðlegt samstarf, skipulag viðburða og ráðgjöf og fræðslu á sviði friðarmála með áherslu á hlutverk borga og smárikja við að stuðla að friði, friðarmenningu, afvopnun og friðarfræðslu.

Ráðstefnur og fundir

Opnir fundir um þróunarsamvinnu í mars

Alþjóðamálastofnun stóð fyrir fjórum opnum fundum um þróunarsamvinnu og neyðaraðstoð í mars í samvinnu við utanríkisráðuneytið og námsbraut í mannfræði við Háskóla Íslands:

- 6. mars. Val á samstarfslöndum til þróunarsamvinnu og ákvarðanir um veitingu neyðaraðstoðar. Jónína Einarsdóttir.
- 13. mars. Kynjasamþætting í þróunarstarfi: Á réttri leið? Þórdís Sigurðardóttir.
- 20. mars. Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna eftir árið 2015. Guðrún Helga Jóhannsdóttir.
- 27. mars. Tvíhliða þróunarsamvinna og skipulag til árangurs. Engilbert Guðmundsson.

Opnir fundir og ráðstefnur um Evrópumál í maí og júní

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Rannsóknasetur um norðurslóðir og Evrópustofa stóðu fyrir opnum fundum og ráðstefnum í maí og júní um málefni sem eru ofarlega í umræðunni í Evrópu um þessar mundir. Sjónum var sérstaklega beint að þjóðernishyggju, mannréttindum, norðurslóðum, loftslagsbreytingum og stjórnsýslu í smárikjum.

- 13. maí. Þjóðernishyggja, sjálfsmyndir og Evrópusambandið. Herman Roodenburg, Guðmundur Hálfðánarson og Alyson Bailes.
- 19. maí. Mannréttindi og Evrópusambandið. Kinga Göncz og Pauline Torehall.
- 2. júní. Norðurslóðastefna Evrópusambandsins. Fjöldi erlendra fyrirlesara fjallaði um málið frá ýmsum hliðum á þessari ráðstefnu.
- 5. júní. Ísland, Evrópusambandið og loftslagsbreytingar. Ráðstefna um aðgerðir Evrópusambandsins og Íslands í loftslagsmálum. Fjöldi innlendra og erlendra fyrirlesara fjallaði um málið frá ýmsum hliðum á ráðstefnunni.
- 25. júní. Smáriki, stjórnsýsla og Evrópusambandið. Fjöldi innlendra og erlendra fyrirlesara fjallaði um málið frá ýmsum hliðum á þessu málþingi, sem var haldið á vegum Rannsóknaseturs um smáriki við Háskóla Íslands og Evrópustofu í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Málþingið var hluti af alþjóðlegum sumarskóla Rannsóknaseturs um smáriki sem nú er haldinn í tólfta sinn.

Fleiri opnir viðburðir á árinu

Alþjóðamálastofnun, Rannsóknasetur um norðurslóðir og Rannsóknasetur um smáriki stóðu fyrir og tóku virkan þátt í fjölda annarra opinna viðburða í samstarfi við ýmsa aðila á árinu. Þar má meðal annars nefna:

- 14. janúar. Hvaða þýðingu hafa norðurslóðir? Natalia Loukacheva.
- 16. janúar. Arabíska vorið – Er tími vonar liðinn? Magnús Þorkell Bernharðsson.
- 17. janúar. Staða norðurslóða á tímum hnattvæðingar. Caroline Kennedy og Nick Lambert.
- 24. janúar. Málþing um Nelson Mandela.
- 18. febrúar. Norræn samvinna og Atlantshafsbandalagið. Opið málþing.
- 20. febrúar. Stjórnun norðurslóða og staðbundin þekking. Jim Gamble og Carolina Behe.
- 20. febrúar. Breytingar í átt til lýðræðis í Mið-Evrópu. Petr Just.
- 25. febrúar. Ísland í átökum stórvelda 1400–1600. Opið málþing.
- 24. mars. Úkraína – Staðan í dag í sögulegu samhengi. Jón Ólafsson og Sverrir Jakobsson.
- 28. mars. Um friðhelgi sendifulltrúa Sameinuðu þjóðanna. Mikael Magnússon.
- 2. apríl. Málþing um ferðamennsku og leit og björgun á norðurslóðum. Margrét Cela.
- 4.–5. apríl. Ráðstefna um ályktun 1325.
- 10. apríl. Málstofa um ferðamennsku og sjálfsmyndir á norðurslóðum. Fjöldi innlendra og erlendra fyrirlesara fjallaði um málið frá ýmsum hliðum á þessari ráðstefnu.
- 29. apríl. Málstofa um vinnuhópa Norðurskautsráðsins um verndun gróðurs og dýralífs á norðurslóðum og verndun á hafsvæðum norðurslóða. Tom Barry og Soffía Guðmundsdóttir.
- 14. maí. Árangursstjórnun í þróunargeiranum. Opið málþing.
- 27. maí. Fundur um tillögur að mótun þjóðaröryggisstefnu. Opinn fundur.

- 28. maí. Öryggi á norðurslóðum: Ný sjónarhorn. Per Erik Solli, Alyson Bailes og Page Wilson.
- 2. júní. Öruggr framtíð – Í faðmi landsins. Opinn fundur með framkvæmdastýru Eyðimerkursamnings Sameinuðu þjóðanna, Monique Barbut.
- 3.–5. júlí. Menning og öryggi – Norðlæg smáriki á óvissutímum. Fjöldi innlendra og erlendra fyrirlesara fjallaði um málið frá ýmsum hliðum á þessari ráðstefnu.
- 29. ágúst. Skotland – Nýtt sjálfstætt ríki í Norður-Evrópu? John MacDonald.
- 10. september. Valkostir Skotlands – Sjálfstæði eða ríkjasamband? Alyson Bailes og Baldur Þórhallsson.
- 11. september. Þróunarskýrsla Sameinuðu þjóðanna 2014. Opinn fundur.
- 11. september. Kosningar í Svíþjóð. Opinn fundur.
- 12. september. Grænland og Ísland – Krossgötur stórvelda á norðurslóðum. Damien Degeorges.
- 23. september. Singapore og norðurslóðir. Jesse Hastings.
- 30. september. Stríðsútibú – Norðurlöndin og Afganistan. Opinn fundur með Nagieb Khaja og sýning heimildamyndar á RIFF.
- 1. október. Rússland og átökin í Úkraínu. Opið málþing og sýning heimildarmyndar á RIFF.
- 10. október. Skref til friðar. Opið málþing.
- 14. október. Sjálfsmyndir og mótun öryggis – Samskipti Bandaríkjanna við Indland og Kína. Jarrod Hayes.
- 16. október. Útskýfun eða samræður? Hvernig við eigum að haga samskiptum við Norður-Kóreu. Geir Helgeson.
- 20. október. Ný smáriki Evrópu? Mögulegt sjálfstæði Katalóníu. Opið málþing.
- 24. október. Helstu málefni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 2014. Hádegisspjall með Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra.
- 27. október. Smáriki í Evrópu – Slóvenía og staða þess innan Evrópusambandsins. Cirila Toplak.
- 28.–29. október. Ráðstefnan Efst á heimskautsbaugi. Fjöldi innlendra og erlendra fyrirlesara tók þátt í henni.
- 3. nóvember. Schengen og landamæri þess við Miðjarðarhafið – Hryllingsárið. Hugo Brady.
- 14. nóvember. Geta skrifræði og sköpunargáfa farið saman? Reynsla leiðtogaráðs Evrópusambandsins. Maria Strömvik.
- 19. nóvember. Rússland, Vesturlönd og Úkraína – Nýtt kalt stríð? Andrew Cottey.
- 20. nóvember. Þingkosningar í Bandaríkjunum 2014. Michael Corgan.
- 20. nóvember. Mótun kínverskrar norðurslóðastefnu. Deng Beixi.
- 24. nóvember. Norræn samvinna um borgaralegt öryggi: Hvað er að gerast? Alyson Bailes og Carolina Sandö.
- 1. desember. Kosningar á Grænlandi – Hvað ber framtíðin í skauti sér? Inga Dóra Markussen og Damien Degeorges.

Rannsóknasetur um norðurslóðir

Rannsóknasetur um norðurslóðir starfar innan vébanda Alþjóðamálastofnunar og deilir stjórn með stofnuninni en auk þess starfar sérstök ráðgjafanefnd hjá setrinu. Forstöðumaður Rannsóknaseturs um norðurslóðir er Kristinn Schram og verkefnastjóri er Margrét Cela.

Rannsóknasetur um norðurslóðir er vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf á sviði norðurslóðarannsóknna með áherslu á hlutverk og stefnu ríkja og stofnana, og stjórnarhætti á norðurslóðum. Hlutverk rannsóknasetursins er að vinna að rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda aðila, að auka samstarf milli fræðimanna, atvinnulífs og opinberra aðila og vera leiðandi í rannsóknum á þessu sviði. Auk þess stendur setrið fyrir ráðstefnum, umræðufundum, fyrirlestrum og námskeiðum um efni sem varða starfssvið þess og útgáfu rita um málefni norðurslóða. Setrið vinnur einnig þjónustuverkefni fyrir atvinnulífið og opinbera aðila og styður við kennslu í norðurslóðamálefnum. Kristinn Schram er forstöðumaður setursins.

Ráðstefnan Efst á heimskautsbaugi heppnaðist vel

Dagana 28. og 29. október stóð Rannsóknasetur um norðurslóðir í annað sinn að árlegu ráðstefnunni Efst á heimskautsbaugi (The Trans-Arctic Agenda). Ráðstefnan var haldin á Center Hotel Plaza í Reykjavík og fjallaði um stjórnun, samstarf og sjálfbærni á norðurslóðum. Hún heppnaðist í alla staði vel og sótti hana fjöldi fólks úr fræðasamfélaginu, frá hinu opinbera og sendifulltrúar erlendra ríkja.

Ráðstefnan var styrkt af bandaríska utanríkisráðuneytinu og Arctic Studies sjóðnum. Sendinefnd Evrópusambandsins á Íslandi og sendiráð Kanada héldu móttökur fyrir gesti. Fyrirlesarar voru 33 talsins og voru frá 14 löndum. Að auki tóku 10 framhaldsnemar frá Íslandi og Noregi þátt í henni en þeir tóku saman erindin og myndar samantektin grunn að lokaskýrslu sem mun koma út árið 2015.

Nýtt meistaranám í vestnorrænum fræðum

Rannsóknasetur um norðurslóðir hefur frá vorinu 2013 haldið utan um samnorrænt samstarfsverkefni fimm háskóla, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Fróðskaparseturs Færeyja, Háskólans á Grænlandi og Nordland-háskóla í Norður-Noregi. Verkefnið snýst um að skipuleggja nýtt þverfræðilegt meistaranám sem ber nafnið West Nordic Studies: Governance and Sustainable Management. Námið hefst haustið 2015 og nánari upplýsingar um það má finna á: <http://westnordicstudies.net>.

Útgáfa

Rannsóknasetur um norðurslóðir gaf út eftirtalin rit árið 2014:

- China's Emerging Arctic Strategies – Economics and Institutions, eftir Marc Lanteigne.
- The Role of Russia in Regional Councils – A Comparative Study of Neighborhood Cooperation in the Baltic Sea and Barents Euro-Arctic Regions, eftir Ingmar Oldberg.
- The West Nordic Council in the Global Arctic, eftir Egill Þór Niésson.
- Understanding the Arctic Council – A 'Sub-Regional' Perspective, eftir Alyson Bailes.

Rannsóknasetur um smáríki – Jean Monnet öndvegissetur

Rannsóknasetur um smáríki er faglega sjálfstæð eining sem starfar undir hatti Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og deilir stjórn og forstöðumanni með stofnuninni. Forstöðumaðurinn er Pia Hansson og Tómas Joensen er verkefnastjóri Rannsóknaseturs um smáríki.

Rannsóknasetrið var stofnað árið 2002 og hefur sett mark sitt á háskólasamfélagið frá upphafi með fjölbreyttu starfi. Meginmarkmið setursins er að auka rannsóknir og kennslu í smáríkjafræðum. Rannsóknasetrið stendur fyrir fjölbreyttum rannsóknum, ráðstefnum, málstofum og kennslu um smáríki og heldur úti öflugri ritröð um rannsóknir í smáríkjafræðum. Setrið hefur hlotið fjölda styrkja frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum. Rannsóknasetrið hlaut öndvegissetursstyrk frá menntaáætlun Evrópusambandsins árið 2013 og starfar nú sem Jean Monnet öndvegissetur (Jean Monnet Centre of Excellence).

Stór Erasmus-styrkur

Rannsóknasetur um smáríki við Háskóla Íslands hlaut á árinu styrk úr nýrri menntaáætlun Evrópusambandsins, Erasmus+. Styrkurinn hljóðar upp á samtals 36 milljónir íslenskra króna. Um er að ræða tveggja ára stefnumiðað samstarfsverkefni á háskólastigi. Háskóli Íslands leiðir verkefnið en fimm aðrir háskólar taka þátt í því: Kaupmannahafnarháskóli, Háskólinn í St. Andrews í Skotlandi, Háskólinn í Vilnius í Litháen, Háskólinn í Tallinn í Eistlandi og Háskólinn á Möltu. Pia Hansson, forstöðumaður Rannsóknaseturs um smáríki, Jón Gunnar Ólafsson, verkefnastjóri hjá Rannsóknasetri um smáríki og Baldur Þórhallsson, prófessor við Stjórn málafræðideild, þróuðu verkefnið og vinna að

Því fyrir hönd Háskóla Íslands í samvinnu við fræðimenn í háskólunum fimm. Fyrsti vinnufundur um verkefnið var haldinn í Kaupmannahafnarháskóla 19. september. Á næstu tveimur árum munu skólarnir sex vinna að því að þróa nánara samstarf á sviði smárikjafræða. Fjármunir verða nýttir til að halda sumarskóla, ráðstefnur, standa að stúdentaskiptum og þróa samstarf um kennslu.

Kennslubók um Evrópumál

Rannsóknasetur um smáríki hefur unnið að því á árinu að búa til kennslubók um Evrópusamrunann, sem mun koma út á fyrri hluta árs 2015. Bókin, sem styrkt er af Þróunarsjóði námsgagna, er hugsuð fyrir framhaldsskóla og er hún sú fyrsta sinnar tegundar á íslensku fyrir þetta skólastig. Bókin skiptist í 10 kafla og voru fengnir 7 sérfræðingar um Evrópumál til þess að skrifa kafla í hana, þar sem ólíkar hliðar Evrópusamrunans eru skoðaðar. Ásamt almennri umfjöllun um samrunapróun í Evrópu er í bókinni einnig lögð áhersla á að skoða þátttöku Íslands í Evrópusamrunanum og stöðu smárikja innan Evrópusambandsins.

Útgáfa

Ný ritröð um smáríki – Small State Briefs

Rannsóknasetur um smáríki við Háskóla Íslands hefur hafið útgáfu á ritröð um smáríki þar sem nýjar rannsóknir fræðimanna í smárikjafræðum eru kynntar á stuttan og hnitmiðaðan hátt. Smáritin eru ætluð blaðamönnum, embættismönnum, starfsmönnum sendiráða og öllum þeim sem vilja kynna sér það sem efst er á baugi í smárikjarannsóknum. Fimm fyrstu smáritin eru nú aðgengileg á vef Rannsóknaseturs um smáríki. Baldur Þórhallsson er höfundur smáritsins Europe: Iceland Prefers Partial Engagement in European Integration og Alyson Bailes er höfundur smáritanna Nordic Cooperation in Civil Emergencies og Nordic and Arctic Affairs: Why is 'West Nordic' Cooperation in Fashion? Caroline Grön er höfundur smáritsins Small States Seeking Influence in the European Commission: Opportunities and Constraints og Kristmundur Þór Ólafsson og Alyson Bailes eru höfundar smáritsins Nordic and Arctic Affairs: Iceland's Security Policy: Latest Progress.

Öll smáritin má nálgast hér: <http://ams.hi.is/utgafa/utgafa-rannsoknaseturs-um-smariki/>

Önnur rit sem setrið gaf út á árinu:

- Microstates as Modern Protected States – Towards a New Definition of Micro-Statehood, eftir Zbigniew Dumienki.
- Nordic Cooperation on Civil Security – The 'Haga' Process, eftir Alyson Bailes og Carolina Sandö.

Alþjóðlegur sumarskóli

Frá því árið 2003 hefur Rannsóknasetur um smáríki starfrækt sumarskóla um smáríki og Evrópusamrunann í samstarfi við erlenda háskóla en samstarfsaðilarnir voru orðnir 17 árið 2014. Sumarskólinn er fjármagnaður með Erasmus-styrk frá Evrópusambandinu. Sumarið 2014 kenndu 15 þekktir fræðimenn á sviði smárikjarannsókna, Evrópumála, alþjóðavæðingar og svæðisbundins samruna. Skólann í ár sóttu 33 erlendir nemendur og að auki tóku grunn- og framhaldsnemar við Háskóla Íslands þátt í honum. Námið felst í tveggja vikna hraðnámskeiði þar sem boðið er upp á úrval kennslustunda, málstofa og heimsókna í opinberar stofnanir.

Félags- og mannvísindadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Félags- og mannvísindadeild skiptist í sex námsbrautir í lok ársins 2014: námsbraut í félagsfræði, námsbraut í fötlunarfræði, námsbraut í mannfræði, námsbraut í náms- og starfsráðgjöf, námsbraut í upplýsingafræði (áður námsbraut í bókasafns- og upplýsingafræði) og námsbraut í þjóðfræði og safnafræði. Blaða- og fréttamennska var einnig námsgrein innan Félags- og mannvísindadeildar. Formenn námsbrauta eiga sæti í deildarráði ásamt deildarforseta og varadeildarforseta.

Vísindanefnd deildarinnar skipuðu á vormisseri: Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði, formaður, Aðalheiður Guðmundsdóttir, dósent í þjóðfræði, Jón Gunnar Bernburg, prófessor í félagsfræði, Ágústa Pálsdóttir, prófessor í upplýsingafræði, og Snæfríður Þóra Egilson, prófessor í fötlunarfræði. Á haustmisseri skipuðu nefndina: Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði, formaður, Viðar Halldórsson, lektor í félagsfræði, Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði, Ágústa Pálsdóttir, prófessor í upplýsingafræði, og Snæfríður Þóra Egilson, prófessor í fötlunarfræði.

Fulltrúi deildarinnar í kennslunefnd fræðasviðsins var Sif Einarsdóttir, prófessor í náms- og starfsráðgjöf. Kristjana Stella Blöndal, lektor í náms- og starfsráðgjöf, tók sæti Sifjar um mitt árið. Hún var einnig varaformaður.

Fulltrúi deildarinnar í jafnréttisnefnd fræðasviðsins var Sigurjón B. Hafsteinsson, dósent í safnafræði. Hann var jafnframt varaformaður.

Fulltrúi deildarinnar í vísindanefnd fræðasviðsins var Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði. Hún var formaður nefndarinnar.

Starfsfólk

Í lok ársins 2014 voru fastráðnir kennarar alls 29 sem skiptust þannig: 18 prófessorar, sex dósentar og sex lektorar. Þrír aðjuntar voru í 49% starfi og tveir í minna starfshlutfalli. Í hópi fastráðinna kennara voru 14 konur og 15 karlar. Auk fastráðinna kennara kenndu fjölmargir gesta- og stundakennarar við deildina.

Fjórar nýráðningar voru í störf lektora á árinu í námsbraut í félagsfræði, námsbraut í fötlunarfræði, námsbraut í mannfræði og námsbraut í þjóðfræði og safnafræði. Tveir kennarar fengu framgang í stöðu dósentar og einn kennari fékk framgang í stöðu prófessors. Tveir kennarar létu af störfum vegna aldurs.

Fjórir verkefnisstjórar, auk deildarstjóra, starfa á skrifstofu deildarinnar, í samtals 3,55 stöðugildum. Að auki starfaði einn verkefnisstjóri, sem var um leið aðjunkt, fyrir námsleiðina blaða- og fréttamennsku.

Félags- og mannvísindadeild			
Stjórnsýsla		Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	4	3,55
	– karlar	0	0
	Samtals	4	3,55
Aðjuntar			
	– konur	4	2,08
	– karlar	1	0,3
Lektorar			
	– konur	2	2
	– karlar	4	4
Dósentar			
	– konur	2	2
	– karlar	4	4
Prófessorar			
	– konur	11	11
	– karlar	7	5
	Samtals	35	30,38
Félagsvísindastofnun og rannsóknafólk deildarinnar			
	– konur	28	22,56
	– karlar	8	6,53
	Samtals	36	29,09

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Nám og kennsla

Grunnnám

Á námsbrautum Félags- og mannvísindadeildar var boðið upp á fjölbreytt grunnnám sem lýkur með BA-prófi. Til BA-prófs voru kenndar eftirfarandi námsgreinar: félagsfræði, mannfræði og þjóðfræði. Hægt var að taka 120e í aðalgrein og 60e í aukagrein innan eða utan deildar. Auk framangreindra námsgreina voru atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði, líffræðileg mannfræði og safnafræði kenndar sem aukagreinar.

Framhaldsnám

Fjölbreytt framhaldsnám var í boði við deildina, rannsóknatengt og starfsmiðað. Boðið var upp á diplómanám á meistarastigi í eftirfarandi námsgreinum: afbrotufræði, atvinnulífsfræði, fjölmiðlafræði, fötlunarfræði, hnattrænum tengslum, rannsóknaraðferðum félagsvísinda, safnafræði, þróunarfræði og upplýsingafræði. Meistaránám getur bæði verið skipulagt sem einstaklingsmiðað og/eða með námskeiðum. Boðið er upp á meistaranám (120e) í blaða- og fréttamennsku, félagsfræði, fötlunarfræði, hnattrænum tengslum, mannfræði, náms- og starfsráðgjöf, norrænni trú, safnafræði, upplýsingafræði, þjóðfræði og þróunarfræði. Doktorsnám er hægt að stunda í öllum námsgreinum deildarinnar nema blaða- og fréttamennsku. Rúmlega 60 doktorsnemar voru skráðir í nám við deildina.

Fjarnám

Boðið var upp á öflugt fjarnám í deildinni. Allt nám í mannfræði, hnattrænum tengslum, þróunarfræði, safnafræði og þjóðfræði mátti taka sem fjarnám. Aðrar námsbrautir bjóða einstök námskeið í fjarnámi.

Í lok ársins stunduðu rúmlega 1.000 nemar alls nám í deildinni.

Doktorsvarnir

Fjórar doktorsvarnir fóru fram á árinu við deildina:

- 3. júní varði Jóhanna Rósa Arnardóttir ritgerðina Flæði fólks úr skóla yfir á vinnumarkað (Transition from School to Work). Leiðbeinandi hennar var Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði.
- 5. júní varði Margrét Einarsdóttir ritgerðina Launavinna ungmenna á Íslandi – Þátttaka og vernd (Paid Work of Children and Teenagers in Iceland – Participation and Protection). Leiðbeinandi hennar var Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði.
- 13. júní varði Bragi Skúlason ritgerðina Samtal um dauða og sorg – Íslenskir karlar og ekklar (Death Talk and Bereavement – Icelandic Men and Widowers). Leiðbeinendur hans voru Gísli Pálsson, prófessor í mannfræði, og Ásgeir R. Helgason.
- 27. ágúst varði Marco Solimene ritgerðina Mismunandi orðræða um líf og vald – Xoraxané Romá-fólkið andspænis yfirvöldum í Róm á Ítalíu (Discourses of Power and Life – A Group of Xoraxané Romá Confronting the State Authorities in Rome, Italy). Leiðbeinandi hans var Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor í mannfræði.

Rannsóknir og alþjóðasamskipti

Kennarar við deildina stunda öflugt rannsóknastarf, bæði sem einyrkjar og í samstarfi við aðra, innlenda sem erlenda fræðimenn. Mörg þessara rannsóknaverkefna hafa hlotið styrki, ýmist erlenda eða innlenda.

Í tengslum við rannsóknir sínar reka fjölmargir rannsóknasetur/-stofur sem heyra undir Félagsvísindastofnun. Félags- og mannvísindadeild var ein af þremur deildum fræðasviðsins sem á aðild að henni, sjá <http://www.fel.hi.is>.

- Deildin hélt sitt árlega málþing 10. apríl. Umfjöllunarefnið að þessu sinni var: Eru háskólakennarar í pólitískri krossferð? Stefán Ólafsson, Ágústa Pálsdóttir og Vilhjálmur Árnason héldu erindi og kennarar deildarinnar sátu í pallborði.
- Jason Beckfield, prófessor í félagsfræði við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum, hélt erindi á vegum deildarinnar 2. maí í Þjóðminjasafninu um ójöfnuð í nútímasamfélögum.
- David Nutt, prófessor við Imperial College í London, flutti opinberan fyrirlestur um vímuefnamál og vímuefnastefnu þriðjudaginn 16. september á vegum Félags- og mannvísindadeildar og Snarrótarinnar – samtaka um borgaraleg réttindi.
- Deildin hélt málþingið IV International Workshop on Circumpolar Sociocultural Issues dagana 25.–26. september í samstarfi við International Program on Circumpolar Issues (PIECA) og Háskólann í Salvador Argentínu.
- Málþing undir heitinu *Langtímarannsóknir á fjölmiðlanotkun ungs fólks – málþing til heiðurs Þorbirni Broddasyni* var haldið dagana 17. og 18. janúar. Fræðimenn frá 35 Evrópulöndum auk gesta frá Ástralíu, Brasilíu og Rússlandi, funduðu í Reykjavík til að ræða þróun og stöðu rannsókna á fjölmiðlanotkun ungs fólks.

- Fyrirlestur undir heitinu *Straumhvörf í stríðinu gegn fíkniefnum?* var haldinn 9. maí í samvinnu við Snarrótina. Dr. Ethan Nadelmann, framkvæmdastjóri The Drug Policy Alliance, bandarískra baráttusamtaka gegn ríkjandi stefnu í fíkniefnamálum flutti.

Kynningarmál

Deildin tók þátt í árlegri námskynningu Háskóla Íslands, háskóladeginum, 1. mars, ásamt öðrum deildum fræðasviðsins. Flestar námsbrautir endurgerðu bæklinga sína á árinu. Unnið var markvisst að endurskoðun og uppfærslu heimasíðu deildarinnar.

Námsbraut í félagsfræði

Helstu rannsóknasvið kennara við námsbrautina eru m.a. atvinnulífsfræði, afbrotafræði, birtingarmyndir valds, frávíkshæðun, fátækt, félagsleg lagskipting, félagslegt hlutverk fjölmiðla, kynjafræði, lífskjör og lífshættir, lýðheilsa, margbreytileiki, námsárangur, neysla, ofbeldi, staða eldra fólks, ungt fólk, vinnuskipulag og vinnutengd líðan, vinnumarkaður, þróun velferðar og þjóðfélagsbreytingar.

Kennarar við námsbrautina tóku þátt í ýmsum innlendum og erlendum samstarfsverkefnum. Gestakennarinn Enrique del Acebo Ibáñez kenndi námskeiðið Spegilmyndir Argentínu í samtímanum á haustmisseri, Sigrún Ólafsdóttir var gestalektor við námsbrautina og Stefán Hrafn Jónsson dósent við námsbrautina tók sæti í háskólaráði í ágúst 2014.

Námsbraut í fötlunarfræði

Helstu rannsóknasvið kennara við námsbrautina varða mannréttindi, menningu, börn og ungmenni, fjölskyldur, sjálfstætt líf og notendastýrða persónulega aðstoð, valdatengsl, kynferði, ofbeldi, fjölmenningu, atvinnumál, aðgengi og algilda hönnun. Áhersla er á þverfræðilega nálgun í rannsóknum.

Kennarar námsbrautarinnar tóku þátt í fjölmörgum alþjóðlegum og innlendum samstarfsverkefnum. Helsu alþjóðlegu verkefni voru Marie Curie ITN-verkefnið DREAM – Disability Rights Expanding Accessible Markets, ANED – Academic Network of European Disability Experts, og Daphne III-verkefnið Access to Specialised Victim Support Services for Women with Disabilities who Have Experienced Violence. Innland verkefni voru unnin í samstarfi við hagsmunasamtök fatlaðs fólks, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og velferðarráðuneytið. Námsbrautin stóð að málþingum og ráðstefnum í samstarfi við ýmsa aðila, meðal annars að röð málþinga ásamt Öryrkjabandalagi Íslands undir yfirskriftinni Mannréttindi hversdagsins.

Námsbrautin er í samstarfi við nokkara erlenda háskóla um nemenda- og kennaraskipti. Margir erlendir gestir heimsóttu námsbrautina á árinu, meðal þeirra voru þrjár fræðikonur sem héldu erindi hér á landi, þær Rosemarie Garland-Thomson, prófessor við Emory University í Bandaríkjunum, Barbara Gibson, dósent við háskólann í Toronto í Kanada, og Helena Hemmingsson, prófessor við háskólann í Linköping í Svíþjóð.

Námsbraut í mannfræði

Helstu rannsóknasvið kennara við námsbrautina tengjast hnattvæðingu, fjölmenningarlegum samfélögum, hugmyndum um kynþætti og þjóðerni, mannfræði stjórnmála, kynjamannfræði, fjölskyldutengslum og börnum, mannfræði skynjunar, efnismenningar og lista, vistfræðilegri

mannfræði, heilsumannfræði, líffræðilegri mannfræði og alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Rannsóknirnar beinast aðallega að Íslandi, Afríku, Norðurlóðum og Eyjaálfu.

Námsbrautin hóf samstarf við Pamelu Joan Innes við University of Wyoming í Bandaríkjunum um samnýtingu námskeiða með fjarkennslu og Jaka Repic, lektor við háskólann í Ljubljana, kom í heimsókn á vegum Erasmus-áætlunarinnar og hélt erindi. Auk þess tóku kennarar í deildinni þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum.

Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf

Helstu rannsóknaverkefni kennara við námsbrautina beindust að starfsáhuga og persónuleikaþróun, námsferli og námsgengi ungmenna og samanburði á skólakerfum, lífshönnun (life design) unglinga, félagslegum áhrifum á starfsferil út frá ólíkum kenningum og greiningu á starfshyggjuviðtölum (career construction interviews).

Kennarar við námsbrautina tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum. Námsbrautin er þátttakandi í samstarfsneti háskóla á Norðurlöndunum um nám í náms- og starfsráðgjöf. Raimo Vuorinen, fræðimaður í menntavísindum við háskólann í Jyväskylä í Finnlandi, var gestadósent við námsbrautina á árinu.

Þann 6. mars hélt Ronald G. Sultana, prófessor við Háskólann á Möltu, opinn fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands á vegum námsbrautarinnar og bar hann heitið Náms- og starfsráðgjöf, opinber stefnumótun og félagslegt réttlæti – Sérstaða smærri ríkja.

Námsbraut í upplýsingafræði

Frá og með háskólaárinu 2014–2015 var heiti námsbrautarinnar breytt úr námsbraut í bókasafns- og upplýsingafræði í námsbraut í upplýsingafræði. Frá haustmisseri 2014 var ekki lengur tekið á mótí nýjum nemendum á BA-stigi í námið og er nú það eingöngu ætlað þeim sem þegar eru innritaðir. Nýir nemendur innritast framvegis eingöngu í nám á framhaldsstigi.

Helstu rannsóknasvið kennara við námsbrautina voru þróun upplýsingahegðunar, rafræn miðlun upplýsinga og þekkingar, hindranir við öflun og miðlun upplýsinga, upplýsingalæsi, upplýsingafræði og heilsuefling, upplýsingahegðun eldri borgara, stuðningur aðstandenda við upplýsingahegðun eldri borgara, upplýsingahegðun aðstandenda fólks með heilabilun, upplýsinga- og skjalastjórn, rafræn skjalastjórnarkerfi, gæðastjórnun, þekkingarstjórnun, rafræn samskipti, flokkunarvísindi og flokkunarkenningar.

Auk innlendra rannsóknaverkefna tóku kennarar við námsbrautina tóku þátt í eftirfarandi alþjóðlegum samstarfsverkefnum: 1) Assessment of the Impact of the European Copyright Framework on Digitally-Supported Education and Training Practices, á vegum Evrópusambandsins; 2) Ageism – A Multi-National, Interdisciplinary Perspective (Action IS1402) á vegum COST-áætlunar Evrópusambandsins. Auk þess tóku kennarar við námsbrautina þátt í alþjóðlegu ráðstefnunum Functional Classification Scheme (FCS) for Records, The 4th International Conference on Integrated Information og The European Conference on Information Literacy – ECIL.

Námsbrautin er þátttakandi í NORSLIS (Nordic Research School in Information Studies), sem er samstarfsnet um doktorsnám í greininni við háskóla á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

Erlendir fræðimenn sem heimsóttu námsbrautina á árinu voru Susanne Krueger, prófessor við Stuttgart Media háskólann í Þýskalandi, og Angela Repanovici og Liliana Rogozea, prófessorar við Transilvaníuháskóla í Brasov í Rúmeníu, sem komu hingað á vegum EFTA.

Námsbraut í þjóðfræði og safnafræði

Helstu rannsóknasvið kennara við námsbrautina eru hversdagsmenning, þjóðfræði samtímans, menningararfur, menningarpólitík, höfundarréttur á höfundarlausu efni, leiklist, sviðslistafræði, þjóðsagnir, norræn trú, hátíðir, söfn, samfélag og safnkenningar, fjölmiðlun frumbyggja, dauðinn, sjónræn menning og sjónrænar kenningar.

Kennarar við deildina tóku þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum, bæði innlendum og erlendum. Þann 12. maí hélt Karl Aspelund innsetningarfyrirlestur í stöðu gestalektors við námsbraut í þjóðfræði og safnafræði undir yfirskriftinni Fatnaður og samfélag um borð í stjarnflaugum framtíðarinnar. Neill Martin, lektor í skoskum fræðum við Edinborgarháskóla, kenndi Erasmus-námskeið í þjóðfræði og fjallaði það um hið yfirnáttúrulega í skoskum sögnum. Í þjóðfræði og safnafræði áttu kennarar einnig í margs konar samstarfi við fræðimenn í erlendum háskólum og við innlendar stofnanir á borð við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og fleiri stofnanir víða um land.

Námsleiðin blaða- og fréttamennska

Rannsóknasvið kennara í blaða- og fréttamennsku eru fjölmiðlar í víðum skilningi en ekki síst hlutverk þeirra og ábyrgð í lýðræðissamfélagi. Námsleiðin var gestgjafi Nordjour 2014, ráðstefnu norrænu blaðamannaháskólanna, sem haldin var í Háskóla Íslands dagana 25.–26. september. Ráðstefnuna sóttu kennarar við blaðamannaháskóla hvaðanæva af Norðurlöndum, alls um eitt hundrað manns. Haldnir voru fyrirlestrar og vinnustofur um það sem efst er á baugi í faginu, m.a. áhrif tækniþróunar á blaðamennsku og kennslu. Ráðstefnur þessar eru haldnar annað hvert ár og markmiðið að gefa kennarum tækifæri á að skiptast á skoðunum og læra af reynslu hver annars.

Ray Marcano, Fulbright-sérfræðingur, var gestakennari við námsleiðina í tvær vikur í mars. Hann fjallaði um áhrif samfélagsmiðla á fréttá- og blaðamennsku og hvernig má nýta þá til að afla upplýsinga og dreifa þeim sem víðast. Marcano kenndi einnig á haustmisseri en þá nýtti hann Skype til fyrirlestra.

Brautskráðir stúdentar frá Félags- og mannvísindadeild 2014

Félags- og mannvísindadeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Bókasafns- og upplýsingafræði	5	9	14
	Félagsfræði	10	26	36
	Mannfræði	8	36	44
	Þjóðfræði	3	28	31
BA alls		26	99	125
Doktorspróf	Félagsfræði		2	2
	Mannfræði	2		2
Doktorspróf alls		2	2	4
MA	Blaða- og fréttamennska	7	9	16
	Bókasafns- og upplýsingafræði	1		1
	Félagsfræði	1	2	3
	Fötlunarfræði		1	1
	Hagnýt þjóðfræði	1	2	3
	Mannfræði	1	2	3
	Náms- og starfsráðgjöf		14	14
	Safnafræði	1	5	6
	Þjóðfræði	1	6	7
	Þróunarfræði		1	1
MA alls		13	42	55
MLIS	Bókasafns- og upplýsingafræði		9	9
MLIS alls			9	9
Viðbótardiplóma	Bókasafns- og upplýsingafræði	1	6	7
	Félagsfræði	3	13	16
	Fötlunarfræði		7	7
	Hnattræn tengsl, fólksflutningar og fjölmenningsfræði		2	2
	Safnafræði		3	3
	Þróunarfræði	4	7	11
Viðbótardiplóma alls		8	38	46
Alls úr deildinni á árinu		49	190	239

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kandiðata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiðata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kandiðata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Félagsráðgjafardeild

Almennt yfirlit og stjórn

Á fyrri árshelmingi gegndi Steinunn Hrafnadóttir dósent starfi deildarforseta og Sigurveig H. Sigurðardóttir dósent starfi varadeildarforseta. Skipunartími þeirra rann út 30. júní og þá tók

Sigurveig við starfi deildarforseta en Steinunn starfi varadeildarforseta. Guðný Björk Eydal prófessor leysti þó Steinunni af sem varadeildarforseti á haustmisseri í rannsóknaleyfi Steinunnar.

Deildarstjóri var Stella Vestmann og verkefnisstjórar voru Fríða Björk Arnardóttir, Kristín Una Friðjónsdóttir og Gunnhildur Sigurhansdóttir, sem leysti Kristínu Unu af um þriggja mánaða skeið í upphafi árs. Deildarskrifstofa er í Gimli en skrifstofur kennara eru í Odda. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er starfrækt af Félagsráðgjafardeild í samvinnu við samstarfsaðila á vettvangi og heyrir undir Félagsvísindastofnun. Deildin er einn stofnaðila Fræðaseturs þriðja geirans og er einnig ein þriggja deilda á Félagsvísindasviði sem standa að Félagsvísindastofnun.

Félagsráðgjafardeild átti fulltrúa í eftirfarandi nefndum, til viðbótar við nefndir Félagsvísindasviðs: Stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands og sérfræðinefnd og matsnefnd um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf (sem báðar starfa skv. reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf nr. 555/1999).

Starfsmannamál

Félagsráðgjafardeild		
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	3	2,65
– karlar	0	0
Samtals	3	2,65
Aðjuntar		
– konur	6	2,09
– karlar	1	0,2
Lektorar		
– konur	6	4,7
– karlar	1	0,2
Dósentar		
– konur	3	3
– karlar	0	0
Prófessorar		
– konur	1	1
– karlar	0	0
Samtals	18	11,19

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Við lok ársins störfuðu einn prófessor, þrjú dósentar og sjö lektorar við deildina í alls 9,6 stöðugildum, auk sjö aðjunta í hlutastarfi í samtals 2,29 stöðugildum. Á skrifstofu deildarinnar störfuðu deildarstjóri og þrjú verkefnisstjórar í alls rúmlega tveimur og hálfu stöðugildi. Auk þessa störfuðu við deildina fjölmargir stunda- og starfspjálfunarkennarar.

Breytingar á starfsmannahaldi á árinu voru þessar: Cynthia Lísá Jeans var ráðin í 100% stöðu lektors frá 1. ágúst og Sigrún Harðardóttir í 100% stöðu lektors frá 1. september. Þá hóf Steinunn Kristín

Jónsdóttir störf sem aðjunkt í 20% starfshlutfalli þann 1. september. Sigrún Júlíusdóttir varð prófessor emeritus að loknu vormisseri.

Nám og kennsla

Við Félagsráðgjafardeild voru í boði eftirfarandi námsleiðir á árinu: félagsráðgjöf til BA-prófs, félagsráðgjöf til starfsréttinda til MA-prófs, félagsráðgjöf til MA-prófs, fjölskyldumeðferð til MA-prófs, öldrunarfræði til MA-prófs, samnorrænt nám í öldrunarfræði til MA-prófs (NordMaG), diplómanám í öldrunarþjónustu og diplómanám í barnavernd, ásamt doktorsnámi í félagsráðgjöf.

Í árslok voru skráðir nemendur við deildina 373 talsins, þar af var 261 grunnemi og 112 framhaldsnemar.

Tekið var á móti nýnemum í grunn- og framhaldsnám í upphafi beggja kennslumissera. Eydís Þórunn Sigurðardóttir, MA-nemi í félagsráðgjöf til starfsréttinda, stýrði mentorakerfi til stuðnings nýnemum við deildina á vormisseri. Á haustmisseri var Sveinbjörg M. Dagbjartsdóttir, nemi á lokaári í BA-námi í félagsráðgjöf, umsjónarmaður mentorakerfisins. Deildin bauð öllum nýnemum deildarinnar að nýta sér þjónustu mentora sem aðstoða nýnema við að fóta sig í háskólanum fyrsta árið.

Doktorsnám

Við deildina voru skráðir fimm doktorsnemar á árinu. Haldnar voru reglulegar málstofur fyrir doktorsnema og aðra framhaldsnema í tengslum við rannsóknaverkefni þeirra og komu erlendra sérfræðinga til landsins. Félagsráðgjafardeild brautskráði doktorsnema í fyrsta sinn á árinu, þeir voru tveir, annar um vorið og hinn á haustmisseri:

- Sigrún Harðardóttir varði ritgerð sína, Líðan framhaldsskólanemenda – Um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrgð samfélags (The Well-Being of Upper Secondary School Students – Learning Difficulties, Influential Factors and Society's Responsibility), 13. júní.
- Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir varði ritgerð sína, Lífsgæði fólks með geðrænan vanda í síbreytilegu samfélagi – Innri og ytri áhrif stofnana á endurhæfingu (Quality of Life for People with Mental Illness in a Changing Society – Intra- and Inter-Institutional Effects on Psychiatric Rehabilitation), 12. desember.

Rannsóknir

Kennarar við Félagsráðgjafardeild stunda rannsóknir á ýmsum sviðum, s.s. á sviði aðferða- og matsfræða, barnaverndar, velferðar- og fjölskyldurannsókna, öldrunarfræða og þriðja geirans. Þeir eru virkir þátttakendur í rannsóknastarfi bæði hérlendis og á alþjóðlegum vettvangi, m.a. í norrænum öndvegissetrum á sviði velferðarrannsókna: REASSESS og Nordwell. Félagsráðgjafardeild er einnig aðili að ÍSFORSA, sem er félag um rannsóknir á sviði félagsráðgjafar á Íslandi. Loks voru kennarar við deildina þátttakendur í ýmsum alþjóðlegum rannsóknaverkefnum.

Ráðstefnur og málstofur

Félagsráðgjafardeild stendur að málstofum í samvinnu við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Þær eru að jafnaði haldnar einu sinni í mánuði. Sjá nánar í kafla um Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Alþjóðasamskipti

Tveir grunnemar í félagsráðgjöf fóru til skiptináms á árinu, annar til Belgíu og hinn til Ítalíu.

Félagsráðgjafardeild er aðili að átta samstarfsnetum Nordplus-áætlunarinnar. Deildin á einnig aðild að Nordisk Organisasjon for Utdanninger i Sosialt Arbeid (NOUSA), European Association of Schools of Social Work (EASSW) og International Association of Schools of Social Work (ISSAW). Þá er deildin aðili að FORSA (samtökum um rannsóknir í félagsráðgjöf á Norðurlöndum).

Gæðamál

Árið 2013 var viðamikil gæðaúttekt unnin á námsleiðum deildarinnar þar sem áhersla var lögð á sjónarhorn nemenda. Á þessu ári var síðan unnið að ýmsum úrbótum á grundvelli niðurstaðna gæðaúttektarinnar. Að auki hélt deildin reglulega málstofur með grunnum deildarinnar annars vegar og framhaldsnemum hins vegar. Þá eru jafnframt haldin námskeið á hverju ári fyrir starfsþjálfunarkennara deildarinnar.

Brautskráðir stúdentar frá Félagsráðgjafardeild 2014

Félagsráðgjafardeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Félagsráðgjöf	2	98	100
BA Alls		2	98	100
Doktorspróf	Félagsráðgjöf		2	2
Doktorspróf Alls			2	2
MA	Félagsráðgjöf		3	3
	Félagsráðgjöf: Starfsréttindanáms	3	33	36
	Fjölskyldumeðferð		3	3
	Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum		5	5
MA Alls		3	44	47
Viðbótardiplóma	Öldrunarþjónusta		3	3
Viðbótardiplóma Alls			3	3
Alls úr deildinni á árinu		5	147	152

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kandiðata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiðata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kandiðata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Hagfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Tór Einarsson var forseti Hagfræðideildar á árinu og Gylfi Zoëga varaforseti.

Skrifstofa

Á skrifstofu deildarinnar, sem er rekin sameiginlega með Viðskiptafræðideild, störfuðu deildarstjóri í 100% starfi, þrjú verkefnastjórar í 100% starfi og einn í 50% starfi, auk verkefnastjóra kynningarmála í 60% starfi.

Stjórn og starfsfólk

Hagfræðideild	Fjöldi	Starfsígildi
Lektorar		
– konur	0	0
– karlar	0	2
Dósentar		
– konur	1	1
– karlar	2	0
Prófessorar		
– konur	0	0
– karlar	6	6
Samtals	9	9,0
Hagfræðistofnun og rannsóknafólk deildarinnar		
– konur	2	2
– karlar	5	4,5
Samtals	7	6,5

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Nám og kennsla

Engar veigamiklar breytingar urðu á kennslufyrirkomulagi í deildinni frá fyrra ári. Reynslan af inntökuprófum í júní og í ágúst var góð. Svipaður fjöldi hóf nám í deildinni og árið áður og kennarafjöldi var sá sami.

Rannsóknir

Kennarar deildarinnar birtu reglulega greinar í alþjóðlegum tímaritum á árinu.

Ráðstefnur og fyrirlestrar

- 17. janúar. Sigurvin Bárður Sigurjónsson, stofnandi átaksins Betra peningakerfi: Af brotaforðakerfi og heildarforðakerfi (um virkni núverandi peningakerfis og þær hugmyndir sem hafa rutt sér til rúms um breytingar á peningakerfinu víða um heim í anda hreyfinga á borð við Positive Money í Bretlandi).
- 25. mars. Torbjörn Trondsen, prófessor í sjávarútvegsfræðum við Háskólann í Tromsö: Hagrænt og félagslegt réttlæti með uppboði aflaheimilda.

- 9. maí. Í ljósi reynslunnar. Ráðstefna í tilefni af níræðisafmæli Jóhannesar Nordals, fyrrum seðlabankastjóra. Hagfræðideild Háskóla Íslands og Seðlabanki Íslands stóðu að ráðstefnunni honum til heiðurs.
- 28. maí. Roel Beetsma, prófessor við Viðskipta- og hagfræðideild Háskólans í Amsterdam: Iceland and the Euro í Hátíðasal háskólans. Hagfræðideild, í samstarfi við Háskólann á Bifröst og Evrópustofu, stóð að komu Beetsma til landsins.
- 10. september. Christian Cardon, bæjarstjóri í Trouville í Normandí: Fiskiðnaður og útgerð í Evrópu. Viðburðurinn var haldinn á vegum sendiráðs Frakka á Íslandi og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.
- 26. september. Cooperation and Conflicts in the Fishing Industry. Ráðstefna Hagfræðistofnunnar. Fyrirlesarar voru:
 - Sverre Johansen, framkvæmdastjóri iðnaðar við norska sjávarútvegssambandið,
 - Roger Martini, greinandi á fiskveiðistjórnun við OECD,
 - Þorsteinn Hilmarsson, sviðsstjóri upplýsingasviðs Fiskistofu,
 - Sigurjón Arason, prófessor við Háskóla Íslands og yfirverkfræðingur Matís.
- 8. október. Leiðin úr höftunum. Ráðstefna tileinkuð Jónasi Haralz í tilefni af því að Jónas Haralz, hagfræðingur og fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, hefði orðið 95 ára á árinu. Hagfræðideild Háskóla Íslands og Landsbankinn stóðu að ráðstefnunni.
- 10. október. Jón Danielsson, forstöðumaður rannsóknaseturs um kerfislæga áhættu við London School of Economics: Fjármálamarkaðir og þjóðhagsvarúð í boði Hagfræðideildar Háskóla Íslands.

Málstofur

Deildin stóð fyrir vikulegum málstofum hvar hagfræðileg álitamál voru rædd. Sérstakir fyrirlesarar, innlendir sem erlendir og á ýmsum akademískum stigum komu með innlegg. Erlendir fyrirlesarar voru Ulf Nielsson, dósent við Fjármáladeild Viðskiptaháskólans í Kaupmannahöfn, Nancy Reichman, prófessor í hagfræði í Rutgers- og Princeton-háskólunum í Bandaríkjunum og Chris Kennedy, lektor í umhverfishagfræði í George Mason University í Washington.

Samstarfssamningur við Hagstofuna um rannsóknir

Hagstofa Íslands og Hagfræðideild gerðu í janúar með sér samning um aukið samstarf á sviði rannsókna. Með samningnum gefst framhaldsnemendum við Hagfræðideild tækifæri til að vinna að rannsóknum á íslensku efnahagslífi í samstarfi við Hagstofuna og þannig auka við þekkingu sína, færni við meðferð gagna og reynslu af rannsóknavinnu.

Hlutverk Hagstofu Íslands og Háskóla Íslands fara um margt saman, en það er í báðum tilfellum að hluta til framsetning nýrra upplýsinga sem stuðlar að upplýstri umræðu og faglegri ákvarðanatöku. Sem hluta af þessu starfi safnar Hagstofan og heldur utan um gögn af ýmsu tagi. Innan Háskóla Íslands er síðan að finna efnislega og aðferðafræðilega þekkingu á því hvernig svara megi flóknum spurningum með aðstoð slíkra upplýsinga og búa til úr þeim þekkingu umfram það sem almennt kemur fram í hefðbundnum hagskýrslum og það sem Hagstofan hefur aðstöðu og mannskap til þess að vinna.

Brautskráðir stúdentar frá Hagfræðideild 2014

Hagfræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Hagfræði	9	4	13
BA Alls		9	4	13
BS	Hagfræði	8	4	12
BS Alls		8	4	12
MS	Fjármálahagfræði	10		10
	Hagfræði	3	4	7
	Heilsuhagfræði		1	1
MS Alls		13	5	18
Viðbótardiplóma	Heilsuhagfræði	1	1	2
Viðbótardiplóma Alls		1	1	2
Alls úr deildinni á árinu		31	14	45

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kandiata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kandiata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Hagfræðistofnun

Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Hagfræðistofnun sinnir rannsóknum og þjónustuverkefnum á sviði hagfræði. Í stjórn stofnunarinnar eru Ragnar Árnason prófessor, formaður, Brynhildur Davíðsdóttir dósent, Tór Einarsson prófessor, Jón Ásbergsson framkvæmdastjóri og María Björk Hauksdóttir, fulltrúi Ökonomíu, félags hagfræðinema við Háskóla Íslands. Gunnar Haraldsson var áfram forstöðumaður og aðrir fastir starfsmenn voru sérfræðingarnir Jónas Hlynur Hallgrímsson, Marías H. Gestsson og Sigurður Jóhannesson, sem og Þráinn Eggertsson prófessor, auk þess sem Anna Guðrún Ragnarsdóttir kom til starfa á árinu. Þá störfuðu að jafnaði fjórir lausráðnir starfsmenn við stofnunina. Flestir þeirra eru í grunn- eða meistaranámi í hagfræði eða hafa nýlokið prófi en stofnunin hefur alla tíð lagt mikla áherslu á að gefa nemendum tækifæri til að tileinka sér grunnatriði í fræðilegri rannsóknvinnu. Fastir kennarar við Hagfræðideild hafa einnig iðulega tekið þátt í ýmsum verkefnum stofnunarinnar.

Rannsóknir

Hagfræðistofnun á aðild að alþjóðlegum rannsóknaverkefnum á sviði auðlinda- og orkuhagfræði, auk þess sem hún hefur unnið að ýmsum innlendum rannsóknaverkefnum.

Rammasamningur um rannsóknir í orkuhagfræði

Hagfræðistofnun og Landsvirkjun gerðu með sér rammasamning um þekkingarsókn og rannsóknir í orkuhagfræði síðla árs 2013. Unnið var samkvæmt samningum á árinu 2014 og má þar nefna:

- norrænt samstarf um áhrif mismunandi fiskveiðistjórnunarkerfa á Norðurlöndum á orkunýtingu,
- greiningu á kostnaðar- og ábatagreiningu vegna mögulegs sæstrengs til Bretlands,
- skýrslu um auðlindarentu og nærsamfélagið.



Rannsóknastyrkur

Hagfræðistofnun hlaut á árinu styrk að upphæð tæpar 400 þúsund evrur til að taka þátt í svokölluðu SUCCESS-verkefni sem í eru 24 þátttakendur frá ýmsum löndum Evrópu. Verkefnið felst í að rannsaka hvernig efla má samkeppnisstöðu í evrópskum sjávarútvegi um leið og tekið er tillit til ýmissa þátta, s.s. líffræðilegrar sjálfbærni og neytendasjónarmiða, auk þess sem heildarvirðisdeðjan er greind. Markmiðið er að verkefnið stuðli að bættri afkomu, samkeppnishæfni og sjálfbærni í evrópskum sjávarútvegi. Hagfræðistofnun mun m.a. greina kostnað við ólík stjórnerfi og ábata af þeim og fjalla um félagshagfræðilega þætti þeim tengda.

Lagadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Í upphafi árs var Eyvindur G. Gunnarsson prófessor forseti Lagadeildar og Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor varaforseti deildarinnar. Á deildarfundum þann 28. janúar fór fram kjör deildarforseta og varadeildarforseta skv. 19. gr. reglna um Háskóla Íslands nr. 569/2009. Eyvindur G. Gunnarsson prófessor bauð sig einn fram í starf deildarforseta og var hann kjörinn til tveggja ára. Hrefna Friðriksdóttir dósent bauð sig fram til varadeildarforseta og var hún kjörin til tveggja ára.

Starfsmannamál

Við deildina voru 24 fastráðnir kennarar í árslok: átta prófessorar, þar af sex í fullu starfi, átta dósentar, þar af fjórir í fullu starfi, átta lektorar þar af þrír í fullu starfi. Þá voru ellefu aðjuntar við deildina samkvæmt „gamla“ aðjunktakerfinu.

Eiríkur Jónsson fékk framgang í starf prófessors við Lagadeildina frá 1. júlí 2014.

Páll Sigurðsson prófessor lét af störfum við deildina hinn 1. júlí eftir 41 árs kennsluferil. Var honum haldið kveðjuhóf á vegum deildarinnar og þökkuð frábær störf við deildina.

Á skrifstofu Lagadeildar störfuðu fjórir, deildarstjóri og þrír verkefnastjórar. Embla Þórsdóttir, verkefnastjóri og alþjóðafulltrúi, fór í launalaust leyfi í maí og í hennar stað var ráðin Helga Steinunn Hauksdóttir.

Lagadeild	Fjöldi	Starfsígildi
Stjórnsýsla		
– konur	4	3,9
– karlar	0	0
Samtals	4	3,9
Lektorar		
– konur	2	1,2
– karlar	6	3,59
Dósentar		
– konur	3	2,5
– karlar	5	3,09
Prófessorar		
– konur	5	5
– karlar	3	2,4
Samtals	24	17,78
Lagastofnun og Hafréttarstofnun		
– konur	2	1,5
– karlar	3	2,2
Samtals	5	3,7

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Nám og kennsla

Í Lagadeild er boðið upp á þriggja ára 180 eininga nám til BA-prófs í lögfræði. Að loknu BA-prófi er boðið upp á 120 eininga framhaldsnám til meistaraprófs í lögfræði og útskrifast nemendur með lærdómstítillinn magister juris.

Meistaránemar sinna umræðu- og verkefnatímum í öllum BA-námskeiðum við deildina og geta fengið aðstoðarkennsluna metna til allt að 6 eininga inn í meistaránám sitt.

LL.M. in Natural Resources Law and International Environmental Law er sérhæft 90 eininga meistaránám í alþjóðlegum umhverfisrétti og auðlindarétti. Námið er á ensku.

Lagadeild og Viðskiptafræðideild standa saman að þverfaglegu meistaránámi í skattarétti og reikningshaldi. Námið veitir fræðilega menntun á sviðum er snerta skattamál og reikningskil. Námið er 90 eða 120 einingar.

Doktorsnám

Lagadeild býður upp á 180 eininga doktorsnám í lögfræði og við árslok stunduðu níu nemendur doktorsnám við deildina.

Lagadeild Háskóla Íslands og Lagadeild Kaupmannahafnarháskóla standa að sameiginlegri doktorsgráðu í lögfræði. Boðið er upp á þriggja ára doktorsnám á ensku. Þeir doktorsnemar sem valdir eru í námið sinna rannsóknum í tvö ár við annan háskólann og eitt ár við hinn. Nemendur eru valdir í námið að undangenginni alþjóðlegri auglýsingu og mati sérstakrar matsnefndar á vegum deildanna.

Samstarf

Í byrjun mars komu fulltrúar lagadeildar Ohio Northern University í heimsókn til Lagadeildar og meðal gesta var Bryan Ward varadeildarforseti. Tilgangur ferðarinnar var að kynna og undirbúa frekara samstarf deildanna, sem hefur verið við lýði í meira en hálfa öld. Á þeim grundvelli undirrituðu Lagadeild og Ohio Northern University samning til fimm ára um sumarskóla þar sem erlendir nemendur koma árlega til náms við Háskóla Íslands um mánaðar skeið á vegum beggja lagadeildanna. Námið hefur verið viðurkennt af American Bar Association.

Nefndir og ráð

Við Lagadeild starfa bæði rannsóknánámsnefnd og námsnefnd.

Haldið var áfram vinnu innan deildarinnar á árinu við endurskoðun á ákveðnum þáttum BA-námsins og meistaranámsins við deildina. Meðal nýjunga í meistaranámi eru tveggja eininga námskeið (seminör). Haldin eru 2–3 námskeið á hvoru misseri og eru þau ýmist kennd á íslensku eða ensku.

Gæðamál

Í júní 2014 var í fyrsta sinn haldið inntökupróf (aðgangspróf) fyrir þá nemendur sem sóttu um nám við deildina. Alls tóku 96 nemendur prófið og var þeim öllum boðið að hefja nám við deildina haustið 2014.

Nýnemum Lagadeildar er boðið upp á að taka þátt í mentoraverkefni sem felst í því að nemendur á 3.–5. ári taka að sér hóp nýnema að hausti og veita þeim leiðsögn við upphaf laganáms.

Lagadeild fundar árlega með meistaranemum sem brautskrást frá deildinni, aðstoðar þá við atvinnuleit og virkjar þá til þátttöku í hollvinafélagi deildarinnar.

Rannsóknir

Lagastofnun og Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr eru vísindalegar rannsóknarstofnanir sem heyra undir Lagadeild.

Kennarar deildarinnar voru afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Þeir tóku þátt í fjölmörgum málstofum, fundum og ráðstefnum á vegum deildarinnar og Lagastofnunar. Þá voru kennarar deildarinnar framsögumenn á ýmsum málstofum annarra deilda Háskóla Íslands, á lagadegi Lögfræðingafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands, á vegum Orators, félags laganema, og á ráðstefnum erlendis.

Trausti Fannar Valsson lektor gaf út bókina Sveitarstjórnarréttur og Hafsteinn Þór Haukson og Skúli Magnússon lektorar gáfu út bókina Kaflar í réttarheimspeki.

Alþjóðasamskipti

Lagadeildin er í samstarfi við tvö þrjú laganet, Nordplus laganetið og tvö net lagadeilda innan Erasmus, þ.e. ELPIS (European Legal Practice Intergrated Studies) og Rotterdam Law Net. Alþjóðafulltrúi Lagadeildar sækir árlega fundi á þeirra vegum.

Lagadeildin er í samstarfi við Lagadeild Háskólans í Árósum og koma árlega þaðan gestakennarar í námskeiðinu Alþjóðlegur skattaréttur. Þá koma kennarar frá bæði Árósum og Kaupmannahöfn og kenna í meistaranámskeiðum í refsirétti.

Á árinu stunduðu 59 íslenskir laganemar skiptinám við erlenda háskóla, auk þess sem deildin tók á móti 45 erlendum skiptinemum.

Markaðs- og kynningarmál

Málstofur, málþing, fræðafundir og ráðstefnur

Í tengslum við Lagadeild starfa eftirtaldar stofnanir: Lagastofnun, Mannréttindastofnun og Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni. Stofnanirnar halda árlega málþing og ráðstefnur og eru starfsmenn Lagadeildar þar oftast en ekki í hópi frummælenda.

Auk þess stóð deildin sérstaklega að opnu málþingi 13. nóvember í tilefni af 150 afmæli Genfarsáttmálans ásamt landsnefnd um mannúðarrétt. Málþingið nefndist Vernda Genfarsáttmálarnir flóttafólk á átakasvæðum? og var haldið í Hátíðasal háskólans.

Brautskráðir stúdentar frá Lagadeild 2014

Lagadeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Lögfræði	40	42	82
BA Alls		40	42	82
LL.M.	Lögfræði, auðlindaréttur og alþjóðlegur umhverfisréttur		2	2
LL.M. Alls			2	2
mag. jur.	Lögfræði	36	37	73
mag. jur. Alls		36	37	73
Alls úr deildinni á árinu		76	81	157

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kandiðata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiðata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kandiðata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Lagastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Lagastofnunar var þannig skipuð á árinu: Ragnheiður Bragadóttir prófessor, formaður, og María Elvira Méndez Pinedo prófessor, Eyvindur G. Gunnarsson prófessor, Páll Sigurðsson prófessor

og Kristín Jónsdóttir laganemi, meðstjórnendur. Eyvindur G. Gunnarsson og Páll Sigurðsson hættu í stjórninni um mitt ár. Hrefna Friðriksdóttir og Helgi Áss Grétarsson voru skipað í stjórnina í þeirra stað og Hafsteinn Þór Hauksson skipaður varamaður í stað Hrefnu Friðriksdóttur.

Undir Lagastofnun heyrir Rannsóknastofa í Evrópurétti, Rannsóknastofa í refsirétti og Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti.

Forstöðumaður í fullu starfi var María Thejll hdl. Arnaldur Hjartarson lögfræðingur var ráðinn í styrkta stöðu sérfræðings í fjármálarétti við stofnunina frá og með 1. janúar 2014 til tveggja ára.

Megináhersla í starfi stofnunarinnar á árinu var á:

- áframhaldandi uppbyggingu á endurmenntunarnámskeiðum í lögfræði til að styrkja tekjugrundvöll stofnunarinnar,
- fræðslu, aðstoð, hvatningu og styrki til að ýta undir sókn í rannsóknastyrki,
- að gera fræðastarf starfsmanna stofnunarinnar og Lagadeildar sýnilegra og aðgengilegra, m.a. með því að opna nýja heimasíðu.

Fjármál

Lagastofnun er að hluta til fjármögnuð af sjálfsaflafé: námskeiðsgjöldum, samstarfssamningum, lögfræðilegum þjónusturannsóknum, útgáfu, styrkjum sem stofnunin aflar, ráðstefnuhaldi og öðrum tilfallandi framlögum. Árið 2014 var velta Lagastofnunar og rannsóknaverkefna sem undir hana heyrir um 34,5 milljónir króna.

Rannsóknir og verkefni

Fyrri ár tveggja ára samstarfssamnings Lagastofnunar og Fjármálaeftirlitsins um rannsóknir á sviði fjármálaréttar var í gildi en árlegur styrkur er um 8 millj.kr.

Í nóvember var haldinn árlegur rannsóknadagur Lagastofnunar en þar var ný heimasíða stofnunarinnar kynnt, þar sem lögð er megináhersla á rannsóknaverkefni fræðimanna stofnunarinnar. Deildarforseti og forstöðumaður kynntu sameiginlega stefnu Lagadeildar og Lagastofnunar varðandi endurmenntunarnámskeið. Farið var yfir atriði sem skipta máli varðandi umsóknir í rannsóknasjóði, auk þess sem nýjar verklagsreglur um styrki Lagastofnunar voru kynntar.

Hvatakerfi vegna rannsókna tók breytingum þar sem styrkir voru lækkaðir frá því sem áður var. Engu að síður jukust umsóknir í rannsóknasjóði um meira en 100% á árinu.

Þrjár rannsóknastofur heyrir undir Lagastofnun, þar af var ein sett á laggirnar á árinu, Rannsóknastofa í refsirétti.

Kynningarstarfsemi

Í nóvember var ný heimasíða á íslensku og ensku opnuð formlega í tilefni af því að á árinu voru liðin fjörutíu ár frá því stofnunin tók til starfa. Lögð var áhersla á að gera rannsóknaverkefni fræðimanna Lagadeildar, sem um leið eru allir starfsmenn Lagastofnunar, aðgengilegri og sýnilegri. Rannsóknastofur, námskeið og útgáfa eru áberandi á forsíðu auk þess sem styrkjamállum er gert hátt undir höfði. Á nýrri heimasíðu gafst nú kostur á að birta ársskýrslu Lagastofnunar 2013 en ársskýrslur hafa ekki verið gefnar út undanfarin ár. Slóðin á heimasíðu stofnunarinnar er: <http://lagastofnun.hi.is/>.

Ráðstefnur, fræðafundir og málþing

Norrænt málþing um stjórnskipunarrétt var haldið dagana 2. og 3. maí undir yfirskriftinni Valddreifing og breytingar á stjórnarskrá (Magtfordeling og grundlovsændringer i nordisk forfatning). Málþingið var haldið í samvinnu við lagastofnanir háskólanna í Árósum, Osló og Uppsölum og er liður í samstarfsneti fræðimanna við lagadeildir þessara skóla. Markmið málþingsins var að leiða saman helstu sérfræðinga Norðurlandanna á sviði stjórnskipunarréttar og efna til samræðu fræðimanna á sviði lögfræði og stjórn málafræði, lögfræðinga, stjórn málafræðinga, háskólanema, dómara, embættismanna í stjórn sýslu, þingmanna o.fl. um stöðu stjórnskipunar á Norðurlöndum og breytingar á norrænum stjórnarskrám sem nýlega hafa verið gerðar eða eru í undirbúningi. Norræna ráðherranefndin styrkti málþingið, auk forsætisráðuneytisins og Clara Lachmann sjóðsins, sem veittu minni styrki og gerðu Lagastofnun kleift að halda málþingið, sem tókst ákaflega vel.

Lagastofnun stóð einnig fyrir norrænni ráðstefnu um gjafsóknarreglur í einkamálum 5. september. Er þetta í fyrsta skipti sem norrænir sérfræðingar á þessu sviði hittast til að bera saman bækur sínar. Tveir sérfræðingar komu frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, auk Íslands. Íslenskir þátttakendur voru hátt í 40 og þótti ráðstefnan varpa skýru ljósi á þau sameiginlegu og ólíku vandamál sem allar þjóðirnar fást við en mismunandi leiðir hafa verið farnar í þessum málaflokk. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við innanríkisráðuneytið og Lögmannafélag Íslands, með styrk frá Norræna ráðherraráðinu, auk þess sem Norræna húsið veitti minni háttar styrk.

Haldnir voru fjórir opnir fundir á vegum stofnunarinnar á árinu, þar af einn í samvinnu við Heimspekistofnun, og haldið var málþing í samvinnu við Orator, félag laganema. Þrír erlendir fyrirlesarar komu til landsins í tilefni fundanna.

- 14. maí. Um textahyggju, merkingu og inntak lagaákvæða. Haldinn í samvinnu við Heimspekistofnun. Frummælandi: Hrafn Ásgeirsson, doktor í réttarheimspeki.
- 3. september. Challenges before Responsibility to Protect in Its First Decade. Frummælandi: Vasilka Sancin, forstöðumaður Institute of International Law and International Relations við Lagadeild Háskólans í Ljubljana.
- 17. september. Corporate Environmental Accountability in International Law. Frummælandi: Elisa Morgera, dósent við Edinborgarháskóla.
- 24. september. Towards Common European Rules on Civil Procedures – Best Practice or Tyranny of the Majority? Frummælendur: Gilles Cuniberti, prófessor við háskólann í Luxembourg, og Skúli Magnússon, héraðsdómari og lektor við Lagadeild Háskóla Íslands.
- 12. nóvember. Símahlustanir lögreglu – Hverjar eru reglurnar og er framkvæmd í samræmi við lög? Málþing haldið í samvinnu við Orator, félag laganema. Frummælendur: Símon Sigvaldason héraðsdómari (Skilyrði fyrir símahlustun, í sögulegu samhengi), Kolbrún Benediksdóttir saksóknari (Framkvæmd símahlustana) og Reimar Pétursson hrl. (Hverjar eru heimildir til símahlustana samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála?).

Annað

Lagastofnun hélt ellefu endurmenntunarnámskeið fyrir dómara, lögfræðinga og sjálfstætt starfandi lögmennt, svo og aðra sérfræðinga á árinu, sem eru þremur fleiri námskeið en árið áður. Aðsókn hefur verið mjög góð og greinilegt er að uppsöfnuð þörf á námskeiðum af þessum toga hefur verið fyrir hendi.

Rannsóknastofa í Evrópurétti

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í Evrópurétti hefur starfað innan Lagastofnunar frá 2009.

Í stjórn stofunnar eru: María Elvira Méndez Pinedo prófessor, formaður, Stefán Már Stefánsson prófessor og Dóra Guðmundsdóttir aðjunkt. Hlutverk stofunnar er m.a. að skipuleggja og framkvæma vísindalegar rannsóknir á öllum sviðum Evrópuréttar og EES-réttar.

Irina Domurath stundar sameiginlegt doktorsnám við lagadeildir Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla og vinnur áfram að doktorsrannsókninni Neytendavernd á fjármálamarkaði í Evrópurétti sem áætlað er að ljúki 2015. Leiðbeinandi á Íslandi er María Elvira Méndez Pinedo prófessor.

Slóðin á heimasíðu rannsóknastofunnar er: http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa_i_evropuretti.

Rannsóknastofa í refsirétti

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í refsirétti var stofnuð á árinu 2014. Á vegum rannsóknastofunnar eru stundaðar fræðilegar rannsóknir í refsirétti, með tengslum við afbrotufræði og refsipólítík.

Stjórn stofunnar skipa: Ragnheiður Bragadóttir prófessor, Jónatan Þórmundsson pófessor emeritus og Jón Þór Ólason hdl. og lektor.

Slóðin á heimasíðu rannsóknastofunnar er: http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa_i_refsiretti.

Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti hóf starfsemi vorið 2010. Hlutverk stofunnar er m.a. að stunda fræðilegar rannsóknir á sviði innlands og alþjóðlegs umhverfis- og auðlindaréttar, þ.m.t. á rétti Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Í stjórn stofunnar eru: Helgi Áss Grétarsson dósent, formaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor og Harpa Þórunn Pétursdóttir, lögfræðingur hjá Orkustofnun.

Haldinn var einn opinn fundur á ensku á vegum stofunnar 17. september undir yfirskriftinni Corporate Environmental Accountability in International Law. Frummælandi var Elisa Morgera, dósent við Edinborgarháskóla. Fjallað var um umhverfisábyrgð fyrirtækja að þjóðarétti. Morgera er kunn fyrir rannsóknir sínar á sviði alþjóðlegs umhverfisréttar. Hún er höfundur bókarinnar Corporate Accountability in International Environmental Law (Oxford University Press, 2009) og fjölmargra greina og bókarkafla á sviði alþjóðlegs umhverfisréttar, þ.m.t. umhverfisréttar Evrópusambandsins.

Slóðin á heimasíðu rannsóknastofunnar er: http://lagastofnun.hi.is/rannsoknastofa_i_umhverfis_og_audlindaretti.

Mannréttindastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Mannréttindastofnun er ein þriggja stofnana Lagadeildar. Samkvæmt samningi Mannréttindastofnunar við Lagastofnun sinnir Lagastofnun almennri framkvæmdastjórn fyrir Mannréttindastofnun og forstöðumaður Lagastofnunar er jafnframt forstöðumaður Mannréttindastofnunar.

Stjórn Mannréttindastofnunar var þannig skipuð á árinu: Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Lagadeild, formaður, og Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild, Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri við héraðsdóm Reykjaness, og Ásgerður Ragnarsdóttir hdl., meðstjórnendur. Varamenn í stjórn voru Hilmar Magnússon hrl. og Pétur Dam Leifsson, dósent við Lagadeild.

Forstöðumaður í hlutastarfi var María Thejll hdl., forstöðumaður Lagastofnunar.

Megináhersla í starfi stofnunarinnar á árinu var:

- vinna að fjármögnun nýrra rannsóknaverkefna,
- að semja um langtímaútgáfu dómareifana Mannréttindadómsóls Evrópu,
- ráðstefnuhald.

Rannsóknir

Lögð voru drög að nokkrum rannsóknaverkefnum á árinu. Þau voru:

- European Human Rights Index, rannsóknaverkefni sem Mart Susi, prófessor við lagadeild háskólans í Tallinn í Eistlandi, leiðir í samvinnu við lagadeild háskólans í Tampere, auk Mannréttindastofnunar. Haldinn var fundur á Íslandi og sótti stjórnarformaður Mannréttindastofnunar m.a. fund í Tallinn vegna verkefnisins. Sótt var um styrk til Norrænu ráðherranefndarinnar vegna verkefnisins en hann fékkst ekki. Stefnt er að því að sækja um í öðrum sjóðum til verkefnisins á árinu 2105.
- Umsókn um rannsóknastyrk í Nordplus samstarfsnet (LAW MEDIA NETWORK) vegna rannsókna á tjáningarfrelsi var einnig undirbúin á árinu í samvinnu við háskólana í Tallinn í Eistlandi, Tampere í Finnlandi og Lettlandi.
- Þá fékk pólskur laganemi styrk frá ERASMUS+ á árinu til að leggja stund á rannsóknir vorið 2015 á lagalegri stöðu innflytjenda á Íslandi og hvernig íslensk löggjöf samrýmist alþjóðlegum skuldbindingum á þessu sviði.

Kynningarstarfsemi

Útgáfa

Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu

Stofnunin samdi við innanríkisráðuneytið á árinu um styrk til rafrænnar útgáfu á dómareifunum Mannréttindadómstóls Evrópu til fimm ára. Samkvæmt fyrra samkomulagi voru reifanirnar prentaðar og þeim dreift með Tímariti lögfræðinga, auk þess sem þær birtust á heimasíðu Mannréttindastofnunar. Samstarf ráðuneytisins og Mannréttindastofnunar um verkefnið hófst árið 2005 og hefur verið óslitið síðan en aðeins verið fjármagnað til eins árs í senn. Með samningnum er komið á langtímafyrirkomulagi sem skapar starfsemiinni traustan grundvöll. Birtar eru reifanir valinna dóma Mannréttindadómstólsins sem taldir eru hafa sérstakt gildi fyrir íslenskan rétt. Einnig eru birtar í heild sinni íslenskar þýðingar á ákvörðunum og dómum í kærumálum gegn íslenska ríkinu. Þó að samningurinn feli í sér að reifanirnar birtist aðeins rafrænt er engu að síður gleðiefni að áfram verði

mögulegt fyrir íslenska lögfræðinga og aðra sem áhuga hafa á mannréttindum að kynna sér á íslensku mikilvægustu dóma dómstólsins. Þá er einnig mikilvægt að laganemar fái áfram tækifæri til að vinna við reifanirnar. Á árinu kom 2. hefti 2013 og í því eru reifaðir helstu dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg sem kveðnir voru upp frá júní til desember 2013. Útgáfan hefur frá 1. hefti 2013 aðeins verið á rafrænu formi.

Rafrænar reifanir má sjá á: http://stofnanir.hi.is/mannrettindastofnun/domareifanir_pdf.

Fundir og ráðstefnur

- Alþjóðleg ráðstefna um evrópska mannréttindavernd – Shifting Centres of Gravity in European Human Rights Protection
Mannréttindastofnun stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á ensku sem haldin var 6.–7. mars. Þar var fjallað um hræringar í skipulagi evrópskrar mannréttindaverndar sem birtist í Brighton yfirlýsingunni, viðaukum 15 og 16 við mannréttinasáttmála Evrópu og væntanlegri aðild Evrópusambandsins að honum. Fjallað var um þessa þróun frá því sjónarhorni að hún kalli á gagnrýnið endurmat hefðbundinna hugmynda um samspil mannréttinasáttmálans, Evrópuréttar og landsréttar og þeim kenningum sem notast hefur verið við til að skýra það. Einnig var fjallað um þau áhrif sem þessar hræringar hafa á fórnarlömb mannréttindabrota. Meðal fyrirlesara voru leiðandi rannsakendur á þessu sviði. Ráðstefnan tókst ákaflega vel og voru erlendir gestir í meirihluta, þrjátíu af fimmtíu ráðstefnugestum.
- 20 ár frá lögfestingu mannréttinasáttmála Evrópu.
Mannréttinasáttmáli Evrópu var lögfestur árið 1994 með lögum nr. 62/1994 og því voru liðin 20 ár frá lögfestingu hans á árinu. Af því tilefni efndu Mannréttindastofnun og embætti umboðsmanns Alþingis til ráðstefnu 24. október, þar sem rætt var um ýmsa áhugaverða fleti á stöðu sáttmálans, svo og áhrif lögfestingar sáttmálans á dómaframkvæmd, stjórnýslu og störf lögmanna. Hátt í 150 manns sóttu ráðstefnuna sem haldin var í Öskju.
- AHRI-ráðstefna 2014
Mannréttindastofnun er aðili að alþjóðlegum samtökum mannréttindastofnana, Association of Human Rights Institutes (AHRI), <http://www.ahri-network.org/>. Samtökin standa fyrir árlegum ráðstefnum, í ár var sú 15. haldin í Kaupmannahöfn, dagana 29.–30. september undir yfirskriftinni: Human Rights under Pressure: Exploring Norms, Institutions and Policies. Oddný Mjöll Arnardóttir sótti ráðstefnuna fyrir hönd Mannréttindastofnunar.

Annað

Námskeið

Mannréttindastofnun stóð fyrir námskeiði fyrir dómara þann 5. desember um tjáningarfrelsi. Davíð Þór Björgvinsson, fyrrverandi dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, fjallaði þar um 10. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, þær meginreglur sem felast í 1. mgr. 10. gr. og takmarkanir á tjáningarfrelsinu samkvæmt 2. mgr. Einnig var fjallað um nýlega dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins, m.a. í ljósi dómaframkvæmdar á Íslandi. Um 35 héraðsdómarar, víðs vegar af landinu, sóttu námskeiðið.

Heimsókn sérfræðings Sameinuðu þjóðanna

Stofnunin varð við beiðni Juans Pablos Bohoslavsky, sérfræðings Sameinuðu þjóðanna um erlendar skuldir og mannréttindi, um fund með sérfræðingum Háskóla Íslands sem hafa rannsakað og haft eftirlit með aðgerðum vegna hrunsins. Fundurinn var haldinn 10. desember og gerðu sérfræðingar á sviði stjórnýslu, hagfræði, lögfræði og menntamála sérfræðingnum grein fyrir niðurstöðum rannsókna og eftirlitsstarfs og hvaða áhrif hrúnið hefði haft á mannréttindi á Íslandi.

Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni

Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni sátu á árinu: Hrefna Friðriksdóttir, frá Lagadeild, formaður, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, frá Heilbrigðisvísindasviði, Gunnar E. Finnbogason, frá Menntavísindasviði, Sigrún Júlíusdóttir, frá Félagsráðgjafardeild, og Vilhjálmur Árnason, frá Hugvísindasviði. Forstöðumaður í 50% starfi var Þórhildur Línalögfræðingur.

Rannsóknir

Í byrjun árs hófst vinna við rannsóknina Staða barna innan heilbrigðiskerfisins – með áherslu á sjálfræði þeirra til þátttöku og ákvarðana í eigin málum, en að henni stendur Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr, í samstarfi við Lagadeild, Heilbrigðisvísindasvið og Hugvísindasvið. Rannsóknasjóður Háskóla Íslands hefur veitt styrk til þessarar rannsóknar. Fyrsti hluti rannsóknarinnar er fólgin í samningu ritgerða og rannsóknum þriggja meistaranema undir handleiðslu kennara á hlutaðeigandi sviði en í þessum ritgerðum er horft til viðfangsefnis rannsóknarinnar út frá þremur mismunandi sjónarhornum, lögfræði, siðfræði og hjúkrunarfræði. Stefnt var að því að þessum hluta verkefnisins yrði lokið á vormisseri en það dróst, m.a. vegna veikinda eins þátttakanda. Þegar þessum fyrsta hluta lýkur verður hafist handa við samningu annars hluta verkefnisins. Sú vinna er fólgin í því að samþætta niðurstöður meistararitgerðanna þriggja í eina sameiginlega skýrslu með þverfræðilegri niðurstöðu, sem birt verður opinberlega á málstofu um leið og skýrslan liggur fyrir.

Á grundvelli samstarfssamnings Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni og Vitundarvakningar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum, fyrir hönd innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis, var unnið að samningu fræðslurits fyrir réttarkerfið um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, málsmeðferðina frá upphafi til loka og samspil allra þeirra stofnana er að slíku máli koma á mismunandi vegu. Fræðsluritið var tilbúið til afhendingar í sumarbyrjun. Í framhaldinu óskaði Vitundarvakningin eftir að Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr hefði umsjón með prentun og útgáfu fræðsluritsins. Fræðsluritið, sem var ritrynt, var tilbúið til dreifingar í nóvemberlok en þá hafði Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr undirbúið og skipulagt fjögur námskeið fyrir starfsmenn réttarkerfisins: dómara, ákærvald, lögreglu réttargæslumenn og starfsmenn barnaverndar. Námskeið voru haldin á Egilsstöðum, Akureyri og í Reykjavík. Þátttakendur voru samtals á annað hundrað. Bókaútgáfan Codex gefur fræðsluritið út og er það til sölu í Bóksölu stúdenta. Einnig er hægt að pantast það á vefsíðu Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr: www.ras.hi.is.

Undirbúningur hófst að nýju samstarfsverkefni Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni og Fjölmíðlanefndar um rannsókn á breyttu lagaumhverfi fjölmíðla og annarra samfélagsmíðla með vernd barna fyrir skaðlegu efni í öndvegi.

Kynningarstarfsemi og málstofur

Útbúið var sérstakt kynningarblað um starfsemi Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni, sem m.a. er að finna á vefsíðu rannsóknastofnunarinnar, www.ras.hi.is. Þar segir frá þjónustunni sem stofnunin veitir opinberum stofnunum, félögum og fyrirtækjum á sviði fjölskyldumálefna, en samkvæmt beiðni tekur stofnunin að sér gerð lagafrumvarpa, álitgerða,

skýrslna, reglna og reglugerða og bæklinga um fjölskyldumálefni á breiðum grunni. Þjónustuverkefni eru unnin af sérfræðingum á sviði lögfræði og í samstarfi við sérfræðinga á öðrum fræðasviðum ef þess er óskað.

Hafinn var undirbúningur að málstofu um staðgöngumæðrun í samstarfi við Rannsóknastofnun um barna- og fjölskylduvernd og Siðfræðistofnun.

Stjórn málafræðideild

Yfirlit og stjórn

Deildarforseti til 30. júní var Ómar H. Kristmundsson prófessor og varadeildarforseti var Baldur Þórhallsson prófessor. Þann 1. júlí tók Baldur Þórhallsson við starfi deildarforseta og Þorgerður Einarsdóttir prófessor varð varadeildarforseti.

Deildarstjóri var Elva Ellertsdóttir. Verkefnisstjóri í hálfu starfi var Anna Margrét Eggertsdóttir en hún fór í fæðingarorlof 1. maí og Gunnhildur Sigurhansdóttir leysti hana af. Verkefnisstjóri í 35% starfi var Margrét S. Björnsdóttir.

Skrifstofa deildarinnar er til húsa í Gimli og kennarar hennar hafa aðsetur í Odda. Stofnun stjórnmála og stjórnsýslufræða starfar undir Stjórn málafræðideild. Deildin er aðili að Félagsvísindastofnun.

Deildarforseti, deildarráð og deildarfundur fóru með stjórn deildarinnar til 30. júní. Frá 1. júlí var stjórn deildarinnar í höndum deildarforseta og deildarfundar.

Starfsfólk

Stjórn málafræðideild		
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	4	2,85
– karlar	0	0
Samtals	4	2,85
Aðjuntar		
– konur	2	1,5
– karlar	0	0
Lektorar		
– konur	3	3
– karlar	1	1
Dósentar		
– konur	1	1
– karlar	0	0
Prófessorar		
– konur	1	1
– karlar	6	5,49
Samtals	14	13,0
Alþjóðamálastofnun og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	4	2,8
– karlar	4	3,2
Samtals	8	6,0

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Við deildina eru fimmtán fastráðnir kennarar, átta prófessorar, fjórir lektorar, einn dósent og tveir aðjuntar með rannsóknaskyldu. Alls eru þetta sjö konur og átta karlar. Auk fastráðinna kennara starfar einn aðjunkt tímabundið í 49% starfshlutfalli, þrjú aðjuntar (III) og fjölmargir stundakennarar.

Stefanía Óskarsdóttir fékk framgang í stöðu dósents þann 1. júlí 2014.

Bradley A. Thayer var ráðinn lektor í stjórnmálafræði þann 1. júlí 2014 og fékk framgang í stöðu prófessors frá sama tíma. Hann var ráðinn fyrir tilstilli nýliðunarsjóðs Aldarafmællissjóðs Háskóla Íslands.

Erlendir gestakennarar

Janelle Knox Hayes, lektor við Georgia Institute of Technology í Bandaríkjunum, var Fulbright-kennari við deildina á haustmisseri. Hún kenndi námskeiðið ASK115F (Negotiating Sustainability:

Deconstructing Power Privilege and Ownership), ásamt því sem hún vann að rannsókn á sviði umhverfismála.

Maria Stömvik, lektor í stjórnmálafræði við Háskólann í Lundi í Svíþjóð, var Erasmus-gestakennari við deildina 1. nóvember til 22. desember. Auk kennslu í námskeiðinu STJ303M (The Power Potential of Small States in the European Union) vann hún að eigin rannsóknum.

Gissur Ólafur Erlingsson, dósent í stjórnmálafræði við Háskólann í Linköping í Svíþjóð, var Erasmus-gestakennari við deildina frá 1. september til 15. október og kenndi námskeiðið STJ337G (Corruption in Low Corrupt Countries), ásamt Gunnari Helga Kristinssyni prófessor.

Petr Just, lektor við Metropolitan-háskólann í Prag í Tékklandi, var Erasmus-gestakennari við deildina vikuna 15. til 22. febrúar. Auk kennslu, hélt hann opinn fyrirlestur um breytingar í átt til lýðræðis í Mið-Evrópu þann 20. febrúar. Stjórnmálafræðideild og Alþjóðamálastofnun stóðu í sameiningu að fyrirlestrinum.

Michael Corgna, dósent við Boston University í Bandaríkjunum, kenndi námskeiðið Small States and Governance in International and Regional Organizations, ásamt Gestu Pál Reynissyni á haustmisseri.

Nám og kennsla

Grunnnám

Í Stjórnmálafræðideild er unnt að stunda þriggja ára nám í stjórnmálafræði sem lýkur með BA-prófi. Kynjafræði er kennd sem aukagrein í grunnnámi. Til BA-prófs er krafist minnst 180 eininga og skal nemandi ljúka annaðhvort 180 einingum í aðalgrein eða 120 einingum í aðalgrein og 60 einingum í aukagrein.

Framhaldsnám

Að loknu BA-prófi er hægt að stunda tveggja ára meistaranám í eftirfarandi námsgreinum: alþjóðasamskiptum, Evrópufræðum, kynjafræði, opinberri stjórnsýslu og stjórnmálafræði. Hægt er að stunda diplómanám (30e) í alþjóðasamskiptum, Evrópufræðum, hagnýtri jafnréttisfræði, opinberri stjórnsýslu og smáríkjafræðum. Einnig er hægt að stunda doktorsnám í kynjafræði og stjórnmálafræði. Í lok árs voru átta doktorsnemar við nám í deildinni.

Doktorsvörn

Þann 26. september varði Christian Rainer Rebhan doktorsritgerð sína, North-Atlantic Euroscepticism – The Rejection of EU Membership in the Faroe Islands and Greenland (andstaða við Evrópusambandsaðild í Norður-Atlantshafi – Ástæður þess að Færingar og Grænlandingar hafa hafnað aðild að Evrópusambandinu). Um var að ræða sameiginlega gráðu með Humboldt-háskóla í Þýskalandi. Leiðbeinendur Christians voru Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, og Bernd Henningsen, prófessor í stjórnmálafræði við Humboldt-háskóla í Berlín. Ásamt þeim sátu í doktorsnefnd Claudia-Yvette Matthes, lektor í stjórnmálafræði við Humboldt-háskóla, Guðmundur Alfreðsson, lagaprófessor við Háskólann á Akureyri, Jakob Þór Kristjánsson, M.Litt. í alþjóðaöryggisfræði við St. Andrews-háskóla, Maximilian Conrad, lektor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, og Sylvia von Steinsdorff, prófessor í stjórnmálafræði við Humboldt-háskóla. Andmælendur voru Gjedssø Berthelsen, lektor við háskólann í Álaborg í Danmörku, og Gestur Hovgaard, dósent við Fróðskaparsetrið í Færeyjum. Athöfnin fór fram í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Rannsóknir

Kennarar deildarinnar hafa verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf. Helstu rannsóknarsvið kennara eru lýðræði, opinber stjórnsýsla, mannauðsstjórnun hins opinbera, smáríki og samrunaþróunin í Evrópu, öryggis- og varnarmál, pólitísk sálfræði og kynja- og margbreytileikafræði.

Alþjóðasamskipti og kennsla á ensku

Á árinu var boðið upp á 15 námskeið í deildinni kennd á ensku, samtals 96 einingar, þarf af var viðbótardiplóma í smáríkjafræðum, 30 eininga námsleið. Nemendur voru frá ýmsum löndum. Þá stóð Rannsóknasetur um smáríki í samvinnu við Stjórn málafræðideild fyrir tveggja vikna alþjóðlegum sumarskóla dagana 23. júní – 5. júlí þar sem öll kennsla fór fram á ensku.

Markaðs- og kynningarmál

Starfsfólk deildarinnar tók þátt í háskóladeginum 1. mars ásamt öðrum deildum skólans. Að venju var bæklingur um BA-nám var gefinn út af því tilefni og nýr bæklingur um nám diplómanámi í smáríkjafræðum. Einnig var unnið að því að kynna áhugaverð lokaverkefni fyrir fjölmiðlum. Á haustmisseri var búið til kynningarmyndband á ensku um diplómanám í smáríkjafræðum og var það kynnt öllum samstarfsskólum Háskóla Íslands. Deildin heldur einnig út Facebook-síðu þar sem m.a. er vakin athygli á formlegum og óformlegum viðburðum er tengjast deildinni.

Brautskráðir stúdentar frá Stjórn málafræðideild 2014

Stjórn málafræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Stjórn málafræði	23	17	40
BA Alls		23	17	40
Doktorspróf	Stjórn málafræði	1		1
Doktorspróf Alls		1		1
MA	Alþjóðasamskipti	5	11	16
	Evrópufræði	2	1	3
	Kynjafræði		5	5
	Stjórn málafræði	1		1
MA Alls		8	17	25
MPA	Opinber stjórnsýsla	8	12	20
MPA Alls		8	12	20
Viðbótardiplóma	Alþjóðasamskipti	6	5	11
	Evrópufræði	2	1	3
	Hagnýt jafnréttisfræði	1	12	13
	Opinber stjórnsýsla	17	34	51
	Smáríkjafræði: Smáríki í Evrópu	3	2	5
Viðbótardiplóma Alls		29	54	83
Alls úr deildinni á árinu		69	100	169

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kándidata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kándidata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kándidata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála

Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er á vegum Stjórnmálafræðideildar Háskóla Íslands sem sjálfstæð stofnun í tengslum við Félagsvísindastofnun. Stjórn stofnunarinnar var eftirfarandi á árinu: Ómar H. Kristmundsson prófessor, formaður (í rannsóknarleyfleyfi frá júlí 2014), Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, þorgerður Einarsdóttir, prófessor (formaður frá 1. júlí 2014), Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri, Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgaritari og Trausti Fannar Valsson lektor. Stofnunin er rekin af sjálfsaflafé og er fjárhagur stofnunarinnar í jafnvægi. Forstöðumaður stofnunarinnar var Ásta Möller til 31. janúar 2014 en Gestur Páll Reynisson var ráðinn tímabundið frá 1. febrúar til ársloka. Hrefna Ástmarsdóttir starfaði í hlutastarfi sem verkefnastjóri. Þá störfuðu Haukur Arnþórsson og Egill Þórarinsson að ýmsum verkefnum fyrir stofnunina.

Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórnmálafræðum og starfa þeir þar með fjölmörgum aðilum sem vilja vinna að umbótum, þróun, fræðslu og rannsóknum á sviði stjórnsýslu og stjórnmála, utan sem innan háskólasamfélagsins. Má þar m.a. nefna Alþingi, ráðuneyti, opinberar stofnanir, samtök eins og Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag forstöðumanna ríkisstofnana, stéttarfélög og stjórnmálaflokka. Veigamikill hluti af starfsemi stofnunarinnar og mikilvæg tekjulind er skipulagning á málþingum, ráðstefnum og námskeiðum í samstarfi við ýmsa aðila um efni er tengjast starfsemi hins opinbera. Markhópurinn er m.a. stjórnendur og starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu. Einnig ber að geta að ýmsum úttektarverkefnum stofnunarinnar hefur fjölgað en þau eru unnin í samvinnu við fræðimenn Stjórnmálafræðideildar og aðra sérfræðinga. Stofnunin stendur fyrir opnum fyrirlestrum og fundum um stjórnmál og stjórnsýslu í samstarfi við marga aðila. Á árinu 2014 voru haldnir um 50 viðburðir á vegum stofnunarinnar og samstarfsaðila og sóttu þá um 3000 manns.

Rannsóknaborð er samstarfsvettvangur kennara Stjórnmálafræðideildar og doktorsnema deildarinnar og er það haldið á þriggja til fjögurra vikna fresti allt háskólaárið. Á árinu voru haldnir fimm rannsóknaborðsfundir en þar leggja fræðimenn og doktorsnemar m.a. fram verkefni, rannsóknir eða greinar í vinnslu til gagnrýnnar umræðu á jafningjagrunni. Einnig hefur þessi vettvangur verið nýttur sem almenn upplýsingagjöf um formgerð fræðigreina.

Útgáfa og kynningar

Veftímaritið Stjórnmál og stjórnsýsla er gefið út tvisvar á ári, í júní og desember, í opnum aðgangi á vefsíðunni www.irpa.is, en prentuð útgáfa ritrýndra greina kemur út einu sinni á ári. Á árinu 2014 komu út tvö tölublöð á vefnum en í þeim birtust samtals 27 ritrýndar greinar, fjórar aðsendar greinar, auk fjölmargra bókadóma.

Vefir stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar, www.stjornsyslustofnun.hi.is, er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar, svo og upplýsingar um þær rannsóknir sem fræðimenn deildarinnar leggja helst áherslu á. Vefur stofnunarinnar var endurnýjaður í ágúst með breyttu útliti og víðtækari efnistökom en áður. Stofnunin hefur nýtt samfélagsmiðla til kynningar á starfseminni og hefur haldið úti Facebook-síðu frá

árinu 2012 og opnaði því til viðbótar Twitter-síðu á síðasta ári. Að auki rekur stofnunin vefina www.nyskopunarvefur.is og www.stjornmalogstjornsysla.is.

Rannsóknir og þróunarverkefni

Eftirfarandi rannsóknar- og þróunarverkefni voru veigamest í starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála á árinu:

- Nýsköpun í opinberum rekstri. Verkefnið er samstarfsverkefni stofnunarinnar, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Rannís og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem bættist í hóp samstarfsaðila stofnunarinnar á árinu. Markmiðið með verkefninu er m.a. að styðja við og stuðla að nýsköpun í opinberum rekstri og styðja við rannsóknir á þróun nýsköpunar á Íslandi. Afrakstur verkefnisins er m.a. ráðstefna um nýsköpun í opinberri þjónustu og rekstri ásamt afhendingu nýsköpunarverðlauna og viðurkenninga 2012 til 2014. Alls hafa um 200 verkefni verið tilnefnd til nýsköpunarverðlauna í opinberum rekstri þessi þrjú ár og eru þau m.a. birt á vefnum www.nyskopunarvefur.is, sem er gagnabanki um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu, rekinn af stofnuninni. Formlegt samstarf er milli stofnunarinnar og Mindlab í Danmörku, sem er stofnun rekin af þremur ráðuneytum í danska stjórnarráðinu og fæst við nýsköpun í opinberum rekstri.
- Stofnunin vann að tveimur úttektarskýrslum fyrir opinbera aðila: úttekt á Breiðholtsverkefni var unnin fyrir Reykjavíkurborg og úttekt á verkefninu Nám er vinnandi vegur fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Viðskiptafræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Ingjaldur Hannibalsson var forseti Viðskiptafræðideildar til 1. júlí. Runólfur Smári Steinþórsson tók við af honum. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson var varaforseti.

Skrifstofa

Á skrifstofu deildarinnar, sem er rekin sameiginlega með Hagfræðideild, störfuðu deildarstjóri í 100% starfi, þrjár verkefnastjórar í 100% starfi og einn í 50% starfi, auk verkefnastjóra kynningarmála í 60 % starfi og verkefnastjóra í 25% starfi.

Kennarar

Ingjaldur Hannibalsson prófessor lést 27. október. Á árinu voru eftirtaldir kennarar ráðnir til starfa: Magnús Þór Torfason lektor 1. júlí, Ásgeir Brynjar Torfason lektor 1. júlí og Friðrik Larsen lektor 1. ágúst. Harpa Dís Jónsdóttir var ráðin aðjunkt frá 1. janúar til 30. júní og Regína Ásdísardóttir aðjunkt frá 1. júlí til 30. júní 2015. Lára Jóhannsdóttir var ráðin nýdoktor 1. janúar – 31. janúar 2016 en lét af því starfi er hún var ráðin lektor í Líf- og umhverfisvísindadeild 1. desember 2014 en var áfram með aðsetur í Viðskiptafræðideild.

Viðskiptafræðideild			
Stjórnsýsla Viðskiptafræðideildar og Hagfræðideildar		Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	7	5,35
	– karlar	0	0
	Samtals	7	5,35
Aðjuntar			
	– konur	3	3
	– karlar	3	2,5
Lektorar			
	– konur	4	3,75
	– karlar	11	9,2
Dósentar			
	– konur	2	2
	– karlar	6	6
Prófessorar			
	– konur	0	0
	– karlar	4	3,35
	Samtals	33	29,8
Viðskiptafræðistofnun og rannsóknafólk deildarinnar			
	– konur	7	6,47
	– karlar	1	1
	Samtals	8	7,47

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Nám og kennsla

Á árinu voru ekki gerðar miklar breytingar á kennslu í deildinni og fækkaði stundakennurum nokkuð í kjölfar ráðninga nokkurra fastra kennara. Álíka margir nemendur innrituðust í deildina og árið áður. Í BS-námi voru sem fyrr fjórar námsleiðir, markaðsfræði, stjórnun, fjármál og reikningshald. Eins og áður voru nemendur á markaðssviði fjölmennastir. Nemum í MS-námi fjölgaði nokkuð á flestum námsleiðunum, sem og í doktorsnámi, og einnig fjölgaði nemum í sameiginlegri námsleið með Lagadeild í skattarétti og skattskilum. Ný námsleið í meistaranámi, MS í nýsköpun og viðskiptaþróun, hóf göngu sína á haustmisseri. Svipaður fjöldi hóf MBA-nám og árið áður.

Doktorsvarnir

Ein doktorsvörn fór fram á árinu er Fiðrik Rafn Larsen varði doktorsritgerð sína 31. janúar. Ritgerðin ber heitið: Nordic non-life insurers' interest in, and response to, environmental issues. Leiðbeinandi Friðriks var Ingjaldur Hannibalsson prófessor.

Rannsóknir

Góður gangur var í rannsóknum í Viðskiptafræðideild og kennarar deildarinnar birtu fjölmargar greinar erlendis á árinu. Einnig birtu kennarar deildarinnar reglulega greinar í innlendum tímaritum. Þátttaka deildarmanna á ráðstefnum og í fyrirlestrahaldi bæði innanlands og erlendis var mikil.

Rannsóknarstyrkur

Viðskiptafræðideild tekur þátt í verkefni, PrimeFish, sem snýst um að greina samkeppnisstöðu evrópskra fyrirtækja á markaði fyrir sjávar- og fiskeldisafurðir og þróa spálíkön fyrir framleiðslu og neyslu á sjávarafurðum. Matís leiðir verkið en 16 rannsóknastofnanir frá 10 löndum koma að því, auk fjölmargra samstarfsfyrirtækja. Evrópusambandið veitti á árinu fimm milljóna evra styrk til verkefnisins úr áætluninni Horizon 2020 og er hlutur Viðskiptafræðideildar tæplega 400 þúsund evrur.

Ráðstefnur og fyrirlestrar

- 16. janúar. Guðrún Johnsen flutti fyrirlestur í tilefni af útkomu bókar sinnar, *Bringing Down the Banking System – Lessons from Iceland*, um efni hennar í hátíðasal Háskóla Íslands. fyrirlesturinn nefndist Lærdómur alþjóðasamfélagsins af bankahruninu á Íslandi.
- 31. janúar. Morgunverðarfundur í tilefni af doktorsvörn við Viðskiptafræðideild. Anne Rindell, dósent í markaðsfræði við Hanken School of Economics í Helsinki, flutti erindið *Can Heritage be Strategic* og Nick Lee, prófessor í markaðsfræði við Aston Business School, flutti erindið *The Talent Myth in Sales*.
- 4. febrúar. Ásmundur G. Vilhjálmsson hélt erindi í tilefni af útgáfu bókar sinnar *EES-samningurinn og íslenskur skattaréttur*. Fyrirlesturinn bar sama titil og bókina.
- 17. febrúar. Pieter Oostlander, formaður European Venture Philanthropy Association (samtök fjárfesta sem hafa áhuga á fjárfestingum sem fela í sér samfélagslegar umbætur), hélt fyrirlesturinn *Hvað eru samfélagslegar framtaksfjárfestingar?* í boði Viðskiptafræðideildar.
- 11. mars. Ráðstefnan Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum var haldin í Hátíðasal háskólans. Rannsóknamiðstöð í stjórnarháttum við Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands efndi til ráðstefnunnar í samvinnu við Viðskiptaráð Íslands og NASDAQ OMX Kauphöll. Aðalræðumaður var David Beatty, prófessor við Rotman School of Management við Háskólann í Toronto, sem flutti erindi um þróun og breytingar á stjórnarháttum í Kanada.
- 13. mars. Háskólafundur ÍMARKS. ÍMARK og viðskiptafræðideildir Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Bifröst stóðu saman að fundinum í því skyni að reisa brú á milli atvinnulífs og háskóla, fræða og praktíkur.
- 27. mars. Päivi Maria Mayor, kennari við The University of Applied Sciences í Finnlandi, flutti fyrirlesturinn *Motivation-based Leadership – Learning and Teaching*.
- 1. apríl. Anna H. Jankowiak, lektor við Wrocław University of Economics í Póllandi, flutti fyrirlesturinn *International Business and the Global Economy* í boði Viðskiptafræðideildar.
- 3. apríl. Anna H. Jankowiak, lektor við Wrocław University of Economics í Póllandi, flutti fyrirlesturinn *Clusters as Sources of Innovation in the Global Economy* í boði Viðskiptafræðideildar.
- 29. apríl. Jim McTague, ritstjóri fjármálaritsins *Baron*, flutti opinn fyrirlestur, sem hann nefndi *Hátíðniviðskipti á verðbréfamarkaði*, í Öskju, í boði Viðskiptafræðideildar. Hann sagði frá þróun sem orðið hefur í verðbréfavíðskiptum í Bandaríkjunum.
- 19.–20. maí. Viðskiptafræðideild hélt alþjóðlegu ráðstefnuna *COST Action IS 0905 – The Emergence of Southern Multinationals and their Impact on Europe* í samstarfi við COST. Ráðstefnan fjallaði um alþjóðaviðskipti og var kostuð af Evrópusambandinu. Eftirfarandi erlendir sérfræðingar fluttu fyrirlestra á ráðstefnunni:
 - Amitendu Palit, frá Institute of South Asian Studies við The National University of Singapore, flutti fyrirlesturinn *Southern MNCs and Europe – Implications of the Chinese and Indian Contexts*.
 - Jan Drahoukoupil, frá, The Mannheim Centre for European Social Research við Háskólann í Mannheim, flutti fyrirlesturinn *Labour Implications of Emerging MNE in Europe – The Case of South Korean Automotive MNCs*.

- Hayan Zhang, við NEOMA Business School við háskólann í Antwerpen, flutti fyrirlesturinn The Impact of Migration on the Trade and FDI Flows Between China and Its Major Partner Countries.
- Ruth Rios Morales, frá University of Applied Sciences í Sviss, flutti fyrirlesturinn The EU-China Trade Partnership – An Assessment of Comparative Advantage.
- Louis Brennan, forstöðumaður Institute for International Integration Studies við Trinity College í Dublin og prófessor við The School of Business, flutti fyrirlesturinn Attracting Chinese Foreign Direct Investment to Ireland.
- Yunnan Shi, við hagfræðideild háskólans í Rennes í Frakklandi, flutti fyrirlesturinn Chinese Investments in European Car Industry.
- Christian Milelli, við rannsóknamiðstöðina Economix við Parísarháskóla, flutti fyrirlesturinn Middle East SWF's Are Making Inroads into Europe Strategies.
- Filip De Beule, við Leuven-háskóla í Belgíu, flutti fyrirlesturinn A Firm-Level Analysis of Southern Multinationals in Europe.
- Françoise Hay, við háskólann í Rennes í Frakklandi, flutti fyrirlesturinn A Typology of Investors from Emerging Economies in Europe.
- Andreja Jaklic, við háskólann í Ljubljana í Slóveníu, flutti fyrirlesturinn Export Diversity or Focus? What Strategy is Best for First-Time Internationalizing SMEs from an Emerging Market?
- Marjan Svetličič, við háskólann í Ljubljana í Slóveníu, flutti fyrirlesturinn Can Cooperation with the BRICs and Other Growth Markets Help EU Member States Exit the Crisis?
- Nukhet Vardar, frá El Izi Communications Consultancy í Istanbul í Tyrklandi, flutti fyrirlesturinn Turkish EMNCs in 2012 and 2013: What the Future Holds.
- Naná de Graaff, við VU-háskóla í Amsterdam í Hollandi, flutti fyrirlesturinn Globalizing National Oil Companies in a World of Scarcity and Plenty – Hybrid Alliances and Transnational Elite Networks.
- Daniel Díaz Fuentes, við hagfræðideild Cantabria-háskóla í Santander á Spáni, flutti fyrirlesturinn Emerging Multinationals – Threats and Opportunities for European Policy.
- 16. október. Rajnish Mehra fjármálaprófessor flutti opinn fyrirlestur í boði Viðskiptafræðideildar og Samtaka sparifjareigenda. Fyrirlesturinn nefndist Áhættuálag hlutabréfa og áhrif þess á fjárfestingarstefnu. Mehra er m.a. þekktur fyrir greinina The Equity Premium – A Puzzle, sem er ein áhrifamesta fjármálagrein síðustu aldar á þessu sviði.
- 28. nóvember. Námsbraut í meistaranámi í reikningsskilum og endurskoðun við Viðskiptafræðideild stóð fyrir ráðstefnunni Breytileiki í umhverfi reikningsskila og endurskoðunar. Að auki tóku kennarar Viðskiptafræðideildar þátt í ráðstefnu Félagsvísindasviðs, Þjóðarspeglinum, sem haldin var í október.

Brautskráðir stúdentar frá Viðskiptafræðideild 2014

Viðskiptafræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Viðskiptafræði	50	52	102
BS Alls		50	52	102
Doktorspróf	Viðskiptafræði	1		1
Doktorspróf Alls		1		1
M.Acc.	Reikningsskil og endurskoðun	13	8	21
M.Acc. Alls		13	8	21
MBA	Viðskiptafræði	11	9	20
MBA Alls		11	9	20
MS	Fjármál fyrirtækja	9	5	14
	Mannauðsstjórnun	6	27	33
	Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti	16	24	40
	Stjórnun og stefnumótun	7	6	13
	Viðskiptafræði	5	2	7
MS Alls		43	64	107
Alls úr deildinni á árinu		118	133	251

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kandiðata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiðata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kandiðata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Viðskiptafræðistofnun

Almennt yfirlit

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands er fræðslu- og rannsóknastofnun sem er starfrækt í umboði Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands. Stofnunin styður rannsóknastarf í deildinni á ýmsa vegu, m.a. með ráðstefnuhaldi og rannsóknamálastofum, auk þess sem rannsóknir eru stundaðar í rannsóknarmiðstöðvum.

Stjórn og starfsmenn

Í stjórn Viðskiptafræðistofnunar voru á fyrri hluta ársins: Auður Hermannsdóttir formaður, Ingi Rúnar Eðvarðsson, Kári Kristinsson, Þórður Óskarsson og Þóra Christiansen. Á seinni hluta ársins voru í stjórn: Elmar Hallgríms Hallgrímsson formaður, Svala Guðmundsdóttir, Lára Jóhannsdóttir, Sveinn Agnarsson og Snjólfur Ólafsson. Aðrir starfsmenn Viðskiptafræðistofnunar eru Ester Rós Gústavsdóttir og Lena Heimisdóttir verkefnisstjórar.

Forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar er Magnús Pálsson.

Nám sem Viðskiptafræðistofnun stendur fyrir

Viðskiptafræði með vinnu

Boðið er upp á fjölbreytt námsframboð í viðskiptafræði utan hefðbundins vinnutíma. Námið er sérstaklega sniðið að þörfum þeirra sem vilja leggja stund á háskólanám með vinnu. Boðið er upp á fjölda stakra námskeiða í viðskiptafræði, sem og þrjár stuttar námsbrautir (diplóma): í reikningshaldi og fjármálum, stjórnun markaðsmála og stjórnun og stefnumótun. Námið er m.a. hugsað fyrir fólk á atvinnumarkaði sem vill sérhæfa sig á ákveðnu sviði viðskiptafræði, fólk á vinnumarkaði sem vill ljúka BS-gráðu eða 60 eða 120 eininga diplóma frá Viðskiptafræðideild, nemendur sem vantar grunn fyrir framhaldsnám í viðskiptafræði og nemendur í reglubundnu námi í viðskiptafræði sem vilja flýta námi. Haustið 2014 var 131 nemandi skráður í námið Viðskiptafræði með vinnu.

MBA-nám

MBA-nám (Master of Business Administration) við Háskóla Íslands er tveggja ára hagnýtt meistaranám, ætlað fyrir þá sem hafa reynslu af stjórnunarstörfum og vilja auka þekkingu sína og færni til að takast á við forystuhlutverk í atvinnulífinu. Skipulagið er miðað við að námið sé stundað samhliða starfi. MBA-námið færir nemendum í hendur verkfæri til að ná árangri á sviði rekstrar og stjórnunar, veitir þeim tækifæri til að efla persónulega færni sína og þróa leiðtogahæfileika sína. MBA-námið við Háskóla Íslands hlaut á árinu alþjóðlega viðurkenningu (accreditation) frá Association of MBA's (AMBA). AMBA eru óháð samtök sem hafa það að markmiði að efla gæði menntunar á sviði stjórnunar og reksturs og þessa mikilvægu viðurkenningu hafa einungis rúmlega 200 skólar í heiminum hlotið. Þetta alþjóðlega vottunarferli er nokkuð umfangsmikið þar sem sjö gæðaviddir sem tengjast náminu eru skoðaðar. Þær eru: 1. tengsl námsins við háskólaumhverfið, 2. hæfni kennara og gæði kennslu, 3. stjórnun og þjónusta við nemendur, 4. bakgrunnur nemenda, 5. markmið og tilgangur námsins og hæfniviðmið, 6. námskrá og 7. skipulag námsins.

Hlutverk námsins frá upphafi, fyrir tólf árum, hefur verið að þjóna íslensku atvinnulífi og bjóða upp á metnaðarfullt stjórnendanám. Það er því einkar ánægjulegt fyrir Háskóla Íslands, núverandi MBA-nemendur og þá 350 nemendur sem hafa brautskráðst með MBA-gráðu á undanförunum 12 árum, að námið hafi formlega hlotið þessa viðurkenningu. Haustið 2014 hófu 32 nemendur MBA-nám við Háskóla Íslands og 26 voru á öðru ári.

Magnús Pálsson er forstöðumaður MBA-námsins við Háskóla Íslands.

Ráðstefnur

Undanfarin ár hefur Viðskiptafræðistofnun staðið fyrir vörðráðstefnu um rannsóknir í viðskiptafræði. Tilgangurinn er m.a. að skapa eftirsóknarverðan vettvang til að kynna rannsóknarverkefni og fá faglegar umræður um rannsóknir. Fjöldi rannsóknarierinda hafa verið flutt á þeim ráðstefnum sem haldnar hafa verið. Á ráðstefnunni vorið 2014 voru haldin 16 erindi. Alls hafa um 76 rannsóknarierindi verið flutt á ráðstefnunum á undanförunum 5 árum. Í tengslum við þessar ráðstefnur eru gefin út rafræn ráðstefnurit, sjá www.ibr.hi.is.

Rannsóknamálstofur

Á árinu 2014 stóð Viðskiptafræðistofnun fyrir fimm rannsóknamálstofum. Þær eru vettvangur rannsakenda til að kynna rannsóknir sem komnar eru mislangt á veg og fjalla með fræðilegum hætti um viðfangsefni viðskiptafræðinnar.

Rannsóknamiðstöðvar

Innan Viðskiptafræðistofnunar starfa rannsóknamiðstöðvar sem eru vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs þar sem meginmarkmiðið er að miðla aukinni þekkingu til fræðiheimsins sem og til íslensks þjóðlífs. Nú eru fimm rannsóknamiðstöðvar starfandi: Rannsóknamiðstöð um markaðs- og þjónustufræði, Rannsóknamiðstöð skapandi greina, Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni, Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti og Rannsóknarmiðstöð um viðskiptasiðfræði – Siðvís.

Rannsóknamiðstöð skapandi greina

Rannsóknarmiðstöð skapandi greina (Research Centre for Creative Industries) er vettvangur rannsókna innan viðskiptafræða á menningu og sköpun. Hlutverk miðstöðvarinnar er meðal annars að rannsaka og efla skilning á menningu og sköpun í hagrænum skilningi, að auka þekkingu á umhverfi menningar og sköpunar og hlutverki þess í eflingu skapandi greina og að efla þekkingu á hlutverki og umfangi menningar og sköpunar í íslensku samfélagi. Leitast verður við að uppfylla þessi markmið með rannsóknum starfsmanna og nemenda við Háskóla Íslands, auk rannsókna í samstarfi við aðra fræðimenn og fulltrúa skapandi greina, bæði innanlands og utan.

Forstöðumaður miðstöðvarinnar er Margrét Sigrún Sigurðardóttir lektor. Aðrir stjórnarmenn eru Ólöf Gerður Sigfúsdóttir (Listaháskóla Íslands), Sigtryggur Baldursson (ÚTÓN), Hilmar Sigurðsson (GunHil) og Björg Stefánsdóttir (Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar).

Á árinu lauk vinnu við tvær skýrslur fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu: annars vegar skýrslu um sóknarfæri skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar skýrslu um nám í skapandi greinum á framhaldsskólastigi. Júlía B. Björnsdóttir var starfsmaður rannsóknarmiðstöðvarinnar og vann m.a. að þessum verkefnum.

Rannsóknamiðstöð um markaðs- og þjónustufræði

Rannsóknarmiðstöðin er vettvangur fyrir fræðilegar og hagnýtar rannsóknir á sviði markaðs- og þjónustufræða (Center of Marketing and Service Management, CEMSEM). Markmiðið er að efla þekkingu á fræðasviðinu með því að vinna að vönduðum rannsóknum og miðla niðurstöðum á viðeigandi vettvangi. Miðstöðin þjónar enn fremur íslensku atvinnulífi með rannsóknum er tengjast fyrirtækjum og stofnunum og starfsumhverfi þeirra. Hlutverk rannsóknamiðstöðvarinnar er m.a. að stunda fræðilegar rannsóknir í markaðs- og þjónustufræði. Stofnuninni er einnig ætlað að vera bakland kennslu í markaðs- og þjónustufræðum og eiga þátt í þjálfun nemenda í rannsóknum á sviðinu. Hún sinnir einnig tengslum og samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði markaðs- og þjónustufræða og stendur fyrir viðburðum, s.s. málfundum og ráðstefnum á sviði markaðs- og þjónustufræða.

Forstöðumaður miðstöðvarinnar er Þórhallur Guðlaugsson dósent. Aðrir stjórnarmenn eru Elínborg Valdís Kvaran, forstöðumaður markaðsdeildar Landsbankans, Friðrik Larsen lektor, Runólfur Smári Steinþórsson prófessor og Þórður Sverrisson, ráðgjafi hjá Capacent og aðjunkt við Viðskiptafræðideild.

Á árinu fór af stað verkefni er snýr að markaðsfærslu áfangastaða. Markmið verkefnisins er tvíþætt: annars vegar að leggja mat á ímynd Íslands og áhrif hamfara á hana og hins vegar að skoða ímynd Reykjavíkur sem áfangastaðar. Í báðum tilvikum er unnið út frá aðferðafræði vörumerkjastjórnunar. Ráðinn var starfsmaður tímabundið til að sinna ýmsum verkefnum í tengslum við þessar rannsóknir.

Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni

Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á sviði stefnumiðaðrar stjórnunar og samkeppnishæfni í víðum skilningi. Miðstöðin á í samstarfi við Stofnun Michaels E. Porters við Harvard Business School en það samstarf styður almennt við kennslu á sviði stefnumiðaðrar stjórnunar og sérstaklega við námskeiðið Samkeppnishæfni, sem kennt er í Viðskiptafræðideild.

Hlutverk rannsóknamiðstöðvarinnar er að stunda rannsóknir á sviði stefnumiðaðrar stjórnunar og samkeppnishæfni í sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf og kynna þær, vera bakland kennslu í stefnumiðaðri stjórnun og samkeppnishæfni og eiga þátt í þjálfun meistara- og doktorsnema í rannsóknum á sviðinu, byggja upp tengsl og efla samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði stefnu og samkeppnishæfni, vinna þjónustuverkefni á sviði stefnu og samkeppnishæfni og gangast fyrir atburðum sem varða stefnu og samkeppnishæfni.

Forstöðumaður er Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor. Í ráðgefandi stjórn miðstöðvarinnar eru Runólfur Smári Steinþórsson, formaður, Gylfi Magnússon dósent, Hákon Gunnarsson (frá Gekon) og Svava Bjarnadóttir (frá Strategia).

Á árinu hélt Nýsköpunarmiðstöð Íslands námskeið um klasa og klasastjórnun í samstarfi við rannsóknamiðstöðina. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvarinnar vann að rannsóknum á stjórnun klasa með samstarfsmönnum við University of Southern Denmark og með samstarfsfólki sínu í Háskóla Íslands og vann enn fremur með fræðimönnum í innlendum háskólum að rannsóknum á stefnumiðaðri stjórnun og á klasakenningum.

Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti

Hlutverk Rannsóknamiðstöðvar um stjórnarhætti er að stunda rannsóknir á sviði stjórnarháttanna í sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf og kynna þær, vera bakland kennslu í stjórnarháttum, byggja upp tengsl og efla samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði stjórnarháttanna, vinna þjónustuverkefni á sviði stjórnarháttanna og gangast fyrir atburðum sem varða stjórnarhætti.

Forstöðumaður er Eypór Ívar Jónsson, lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og Copenhagen Business School. Í íslenskri ráðgjafarstjórn eru Runólfur Smári Steinþórsson prófessor, Páll Harðarsson, forstjóri Nasdaq OMX, og Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbendingar. Í erlendri ráðgjafarstjórn eru Jill Solomon, prófessor við Henley Business School í Bretlandi, Janicke Rasmusen, við BI Handelshøyskolen í Noregi, og David Beatty, prófessor við University of Toronto í Kanada.

Á árinu veitti Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti 11 fyrirtækjum formlega viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti en miðstöðin þróaði viðurkenningarferlið og heldur utan um það.

Rannsóknamiðstöðin hélt ráðstefnu um stjórnarhætti 11. mars og var aðalræðumaður ráðstefnunnar David Beatty prófessor.

Rannsóknamiðstöðin er aðili að nokkrum langtímarannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda aðila.

Rannsóknamiðstöð um viðskiptasiðfræði – Siðvís

Rannsóknamiðstöð um viðskiptasiðfræði – Siðvís (Sidvis - Center of Business Ethics) er vettvangur rannsókna og fræðslu á sviði viðskiptasiðfræði. Hlutverk rannsóknamiðstöðvarinnar er m.a. að vera

leiðandi afl í rannsóknum á margvíslegum viðfangsefnum viðskiptasiðfræðinnar, stuðla að bættu viðskiptasiðferði á Íslandi, stuðla að aukinni umræðu um viðskiptasiðfræði, stuðla að fræðslu um viðskiptasiðfræði, bæði innan háskólasamfélagsins og innan atvinnulífsins, m.a. með námskeiðahaldi og útgáfu fræðsluefnis á sviði viðskiptasiðfræði, og koma á virkum tengslum við erlendar rannsóknamiðstöðvar um viðskiptasiðfræði.

Forstöðumaður miðstöðvarinnar er Elmar Hallgrímsson lektor. Aðrir stjórnarmenn eru Ásthildur Otharsdóttir ráðgjafi, Róbert H. Haraldsson prófessor, Steinunn Bjarnadóttir, forstöðumaður hjá Íslandsbanka, Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, og Vilhjálmur Jens Árnason ráðgjafi.

Rannsóknamiðstöðin var sett á laggirnar á árinu 2013 og á árinu 2014 var enn unnið var að uppbyggingu miðstöðvarinnar.

Félagsvísindastofnun

Hér fer yfirlit yfir rannsóknarstofur á vegum Félagsvísindastofnunnar sem starfræktar voru árið 2014. Upplýsingar um hverja og eina eru misítarlegar.

- **Fræðasetur þriðja geirans** (stofnað 2010). Meginhlutverk fræðasetursins er að efla rannsóknir, þróunarverkefni og fræðslu á sviði þriðja geirans og almennra félaga sem starfa án hagnaðarvonar. Stjórn stofnunarinnar skipa: Ómar Kristmundsson, Steinunn Hrafnadóttir og Þóroldur Þórlindsson.
- **Mannfræðistofnun** (stofnuð 1974). Stofnunin hefur verið óvirk um nokkurt skeið.
- **Rannsóknamiðstöð í þjóðfræði** (stofnuð 2000). Markmið rannsóknamiðstöðvar í þjóðfræði er að stunda sjálfstæðar rannsóknir á hversdagsmenningu, lífsháttum og lífssýn á okkar dögum og áður fyrr. Meginstöðir starfseminnar eru verkefni á fjórum sviðum: á sviði munnmæla, efnismenningar, trúarlífs og menningararfs. Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði, Valdimar Tr. Hafstein, dósent í þjóðfræði, og Aðalheiður Guðmundsdóttir, dósent í þjóðfræði, eru í forsvari fyrir rannsóknamiðstöðina.
- **Rannsóknasetur í fötlunarfræðum** (stofnað 2006). Rannsóknasetur í fötlunarfræðum er þverfaglegur vettvangur rannsókna á sviði fötlunarfræða. Forstöðumaður rannsóknasetursins er Rannveig Traustadóttir og aðstoðarforstöðumaður er Hanna Björg Sigurjónsdóttir.
- **Rannsóknasetur í safnafræðum** (stofnað 2010). Hlutverk Rannsóknaseturs í safnafræðum er að sinna rannsóknatengdum þjónustuverkefnum á sviði safnafræða, efla tengsl rannsókna og kennslu á sviði safnafræða, hafa samstarf við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og fræðimenn í safnafræðum og efla tengsl við atvinnu- og þjóðlíf. Einnig er setrinu ætlað að veita nemum í rannsóknanámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa, sem og þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum. Í stjórn setursins eru Bergsveinn Þórsson, Guðbrandur Benediktsson, Rakei Pétursdóttir, Þóroddur Bjarnason, Terry Gunnell, Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. Framkvæmdastjóri setursins er Sigurjón Baldur Hafsteinsson.
- **Rannsóknasetur í stjórnámálum og efnahagsmálum** (stofnað 2007). Tilgangur rannsóknaseturs í stjórnámálum og efnahagsmálum er að stunda rannsóknir á sviði stjórnamála og efnahagsmála og miðla upplýsingum um þær. Forstöðumaður er Hannes Hólmsteinn Gissurarson.
- **Rannsóknasetur um fjölmíðlun og boðskipti** (stofnað 2010). Forsvarsmaður setursins er Þorbjörn Broddason.
- **Rannsóknarsetur um fólksflutninga og fjölmenningu** (stofnað 2010). Markmið setursins er að stuðla að rannsóknum á málefnum tengdum fjölmenningu, innflyjendum og farandverkfólki og

kynna þær. Einnig beinir það sjónum sínum að þjóðerni, kynþáttahyggju, samlögun og samþættingu, í alþjóðlegu og staðbundnu samhengi. Setrið hefur verið óvirkt um nokkurt skeið.

- **Rannsóknastofa í afbrotafræði** (stofnuð 2004). Rannsóknastofa í afbrotafræði er samstarfsvettvangur Háskóla Íslands og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Stofan annast fyrst og fremst margvíslegar rannsóknir er lúta að afbrotum. Rannsóknirnar snúast m.a. um tíðni og félagslegt mynstur brota, viðhorf og reynslu af afbrotum, ótta við afbrot og öryggi borgaranna, auk alþjóðlegs samanburðar og fjölþjóðlegrar samvinnu. Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, og Rannveig Þórisdóttir, aðjunkt í félagsfræði, hafa stýrt stofunni frá upphafi. Snorri Örn Árnason og Jón Óttar Ólafsson hafa einnig unnið að verkefnum á vegum hennar.
- **Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf** (stofnað 2009). Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf er rannsókn- og þróunarsetur. Helsta hlutverk setursins er að auka og efla rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafar á Íslandi. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir er í forsvari fyrir setrið.
- **Sundstofa – Rannsóknamiðstöð um sundlaugar** og samfélag (stofnuð 2013). Sundstofan er þverfaglegur vettvangur fyrir rannsóknasamstarf þriggja háskólakennara og nemenda þeirra við Háskóla Íslands. Markmiðið er að efna til rannsókna á félagslegri notkun heits vatns og líkamsmenningu í opinberum rýmum, m.a. í sundlaugum. Valdimar Tr. Hafstein dósent í þjóðfræði er í forsvari fyrir stofuna.
- **Þjóðmálstofnun** (stofnuð 2005). Þjóðmálstofnun er sjálfstæð rannsóknastofnun innan Háskóla Íslands. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir og upplýsingamiðlun á sviði vinnu, velferðar og þjóðfélags. Stefán Ólafsson prófessor er forstöðumaður stofnunarinnar.

Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna – MARK

Almennt yfirlit

Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna – MARK – var stofnuð í janúar 2011 og heyrir undir Félagsvísindastofnun. Miðstöðin er vettvangur rannsókna og fræðslu á sviði mannréttinda og mismununar, jafnréttis-, kynja- og margbreytileikafræða í víðum skilningi. Að miðstöðinni standa kennarar og fræðafólk á Félagsvísindasviði sem stunda rannsóknir á ofangreindum rannsóknasviðum. Hlutverk og markmið miðstöðvarinnar er að sinna og stuðla að rannsóknum á fræðasviðinu með því að efna til samstarfs við innlent og erlent fræðafólk og rannsóknastofnanir, veita nemum aðstöðu og þjálfun til rannsóknastarfa, efla tengsl rannsókna og kennslu, sinna ráðgjöf og rannsóknatengdum þjónustuverkefnum og efla yfirsýn yfir fræðasviðið. Enn fremur er hlutverk hennar að miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna með útgáfu, fyrirlestur, fræðslufundum, málþingum og ráðstefnum. Þá hefur miðstöðin að markmiði að stuðla að marktækri og markvissri stefnumótun, umræðu og framþróun á sviðinu í samstarfi við opinbera aðila, atvinnulíf og þjóðlíf. Heimasíða miðstöðvarinnar er www.mark.hi.is.

Stjórn og ráðgjafaráð

Aðalfundur MARK – Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna var haldinn 6. október. Á fundinum voru kosin ný í stjórnina: Jónína Einarsdóttir, prófessor í mannfræði, og Ólafur Rastrick, lektor í þjóðfræði. Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði, Sigurjón B. Hafsteinsson, dósent í safnafræði, og Brynhildur G. Flóvenz, dósent í lögræði, voru endurkosin í stjórn. Ingólfur V. Gíslason, lektor í félagsfræði, og Steinunn Hrafnisdóttir, dósent í félagsráðgjöf, gengu úr stjórn. Á fyrsta fundi stjórnar var Ólafur Rastrick kosinn formaður hennar. Miðstöðin hefur verið rekin undir hatti Stjórn málafræðideildar en flyst undir Félagsvísindastofnun frá og með ársbyrjun 2015.

Við miðstöðina starfar ráðgjafaráð sem skipað er áhugafólki og hagsmunaaðilum á starfssviði miðstöðvarinnar. Hlutverk þess er að vera stjórn til ráðgjafar og stuðnings við starfsemi hennar. Í ráðgjafaráðinu voru á árinu Halldóra Gunnarsdóttir, sérfræðingur á Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, Huguína Hjaltadóttir, sérfræðingur á Jafnréttisstofu, og Atli Viðar Thorstensen, sérfræðingur hjá Rauða krossi Íslands.

Starfsemi

Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknar auglýsti starf forstöðumanns laust til umsóknar. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur var ráðin og hóf hún störf þann 15. mars og gegnir þar hálfu starfi. Forstöðumaður sinnir daglegri starfsemi miðstöðvarinnar og hefur á starfsárinu átt samstarf við fjölmarga aðila, bæði innan og utan Háskóla Íslands, um málþing og fyrirlestra, umsóknir og verkefni. Þá hefur miðstöðin tekið þátt í innlendum og alþjóðlegum umsóknum um rannsóknarstyrki. Nokkur rannsóknaverkefni fræðafólks á Félagsvísindasviði voru unnin undir hatti miðstöðvarinnar, bæði innlend og í erlendu samstarfi.

Viðburðir

Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknar stendur fyrir hádegisfyrirlestrum og málþingum, ýmist í eigin nafni eða í samstarfi við aðra. Á árinu voru haldnir um tuttugu viðburðir í nafni miðstöðvarinnar, meðal þeirra voru atburðir á jafnréttisdögum Háskóla Íslands og málstofur á Þjóðarspeglinum.

Ráðstefnur og málþing

Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknar – MARK – stóð fyrir eftirfarandi málþingum og málstofum á árinu:

- 23. janúar. Þorvaldur Kristinsson: Í leit að hinsegin rými: Nokkrir þættir úr lífssögurannsókn meðal íslenskra homma.
- 30. janúar. Kristín Björnsdóttir: Að ráða sér sjálfur: Fólk með þroskahömlun, sjálfræði og einkalíf.
- 6. febrúar. Alma Ómarsdóttir: „Ástandið“ í fjölmiðlum. Umfjöllun fjölmiðla um íslenskar konur og erlendan her. Í samvinnu við Miðstöð rannsóknablaðamennsku.
- 13. febrúar. Jónína Einarsdóttir og Helga Finnsdóttir: Staðgöngumæður: frjálsar og fórnfúsar konur.
- 20. febrúar. Rannveig Einarsdóttir: Ungt fólk og internetið: Ég vildi ekki fá mér svona aftur af því það var einhver kall að like-a myndirnar mínar.
- 27. febrúar. Árdís Kristín Ingvarsdóttir: „Þetta er heima fyrir þabba“: Samræður erlendra karla um föðurhlutverkið við hið þjóðernislega rými.
- 6. mars. Halldór Rósmundur Guðjónsson: Hvers vegna eru nauðgunarmál felld niður?
- 13. mars. Jarprúður Þórhallsdóttir: Önnur skynjun – ólík veröld: Lífsreynsla fólks á einhverfurófi. Í samvinnu við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum.
- 20. mars. Hælisleiteindur segja frá: Sofa, borða, sofa, borða. Í samvinnu við starfshóp stúdenta, námsbraut í mannfræði og Rauða krossinn á Íslandi.
- 27. mars. Finnborg Salome Steinþórsdóttir: „Þær segja svo margar að það megi bara nauðga“. Birtingarmyndir og áhrif nauðgunarmenningar.
- 3. apríl. Málþing um bók Bjargar Guðrúnar Gísladóttur Hljóðin í nóttinni. Í samvinnu við Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- 27. maí. Anastasia Christou: Transnational Homecomings: Second Generation Return Migration Experiences (Þverþjóðleg heimkoma: Reynsla annarrar kynslóðar af flutningi til baka).
- 12. september. Opinn fundur: Konur og fjölmiðlar. Í samstarfi við Bandalag kvenna í Reykjavík, námsbraut í blaða- og fréttamennsku og Félag fjölmiðlakvenna.

- 17. september. Oyman Basaran, doktorsnemi í félagsfræði við University of Massachusetts: Beyond Relativism and Universalism: The Case of Male Circumcision in Turkey (Handan afstæðishyggju og universalisma: Umskurður drengja í Tyrklandi).
- 24. september. Embla Guðrúnar Ágústsdóttir: „Hið eilífa krútt“ – Um samtvinnun kyns, kyngervis, kynhneigðar og fötlunar.
- 8. október. Stine H.B. Svendsen: Feeling at Loss: Affect, Whiteness and Masculinity in the Immediate Aftermath of Norway's Terror (Ráðaleysi, áhrif, hvítleiki og karlmennska í kjölfar hryðjuverkanna í Noregi).
- 24. október. „Fólk á flóttu segir frá“. Hælisleitendurnir Kotachi Abdalla frá Gana og Haythem Akkeri frá Túnis sögðu frá reynslu sinni af því að vera á flóttu. Málstofan var skipulögð af vinnuhópi stúdenta fyrir verkefnið Fólk á flóttu segir frá.
- 31. október. Þjóðarspeill 2014 Rannsóknir í félagsvísindum XV. Málstofa var haldin á vegum MARK – Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna: Vinnan, fjölskyldan og hamingjan í alþjóðlegum samanburði.
 - Guðbjörg Andrea Jónsdóttir: Hamingjan og húsverkin: Kynbundinn launamunur.
 - Þorgerður Einarsdóttir: Kyn, kynhneigð og barnauppleidi: Ísland í alþjóðlegum samanburði.
 - Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Þóra Kristín Þórsdóttir, tvö erindi: Verkaskipting kynjanna í kreppu og í endurreisn og Samspil fjölskyldu og atvinnulífs: Ísland í alþjóðlegum samanburði.
- 5. nóvember. Kitty Anderson aktífisti : Hvað er „intersex“ eiginlega?

Miðstöð rannsóknarblaðamennsku á Íslandi

Almennt yfirlit og stjórn

Miðstöð rannsóknarblaðamennsku á Íslandi var stofnuð árið 2011. Miðstöðin hefur tvíþætt meginmarkmið:

-Að fræða með fyrirlestrum, námskeiðahaldi, útgáfu, nemendasamstarfi og upplýsingamiðlun á netinu.

-Að vinna að einstökum brýnum rannsóknaverkefnum þar sem stefnt er að því að birta rannsóknaniðurstöður í hefðbundnum miðlum á Íslandi sem og erlendis og á vefsvæði samtakanna

Á opinberu vefsvæði innan HÍ (<https://fel.hi.is/is/midstod-rannsoknarbladamennsku-islandi>) eru eftirfarandi skráðir í stjórn: Kristinn Hrafnsson, formaður; Jóhannes Kr. Kristjánsson ritari; Helga Arnardóttir, Ingi R. Ingason, Valgerður Anna Jóhannsdóttir. Engar upplýsingar eru hins vegar um það hvaða ár þessi stjórn var valin til setu.

Miðstöðin stóð að ráðstefnu um rannsóknarblaðamennsku 2012 og 2013 og komu innlendir sem erlendir fyrirlesarar á ráðstefnuna. Einnig hefur miðstöðin staðið að kvikmyndasýningum í samstarfi við Reykjavík Short&Docs og Bíó Paradís. Einnig var mikið um upplýsingamiðlun í gegnum Fésbókarsíðu miðstöðvarinnar árin 2011 – 2013 um styrkjamál, áhugaverðar ráðstefnur, námskeið, störf, samstarfverkefni o.s.frv.

Starfsemi hefur verið lítil frá árinu 2017 þó að Fésbókarsíða og HÍ-síða séu enn uppi.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

Starfslið

Á árinu starfaði Elísabet Karlsdóttir áfram sem framkvæmdastjóri í 100% starfi. Fleiri starfsmenn komu að starfseminni í styttri eða lengri tíma í mismunandi verkefnum. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar í nánu samstarfi við framkvæmdanefnd hennar, sem í eru formaður stjórnar og fulltrúi Félagsráðgjafardeildar. Þá starfar Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd í nánu samstarfi við sérfræðinga Félagsráðgjafardeildar og Félagsvísindastofnunar. Sum verkefni eru einnig beinlínis unnin í samstarfi við Félagsvísindastofnun eða með aðkeyptri þjónustu frá henni. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er alfarið rekin með styrkjum og tekjum af þjónustuverkefnum.

Stjórn

Stjórn Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd skipuðu á árinu:

- Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emeritus, Félagsráðgjafardeild, og formaður stjórnar
- Sigurveig H. Sigurðardóttir, deildarforseti og dósent, fulltrúi Félagsráðgjafardeildar
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar
- Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri Skrifstofu velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar
- Þór G. Þórarinsson, velferðarráðuneytinu
- María Rúnarsdóttir, Félagsráðgjafafélagi Íslands

Samstarfssamningur

Árið 2014 var í gildi þriggja ára samstarfssamningur við velferðarráðuneytið, velferðarsvið Reykjavíkur og Reykjanesbæ um að reka stofnunina og eins árs samningur við Barnaverndarstofu og Hafnarfjarðarbæ.

Þjónustuverkefni

Á árinu unnu Ásdís A. Arnalds, Elísabet Karlsdóttir og Hafsteinn Einarsson nýtt þjónustuverkefni sem nefndist Úttekt á meðferðarúrræðinu Karlar til ábyrgðar. Skýrsla með þessu nafni var gefin út af Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félagsvísindastofnun.

Námskeið

Dagana 22. og 23. nóvember stóð Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) fyrir námskeiðinu Að verða foreldri. Því er ætlað að búa verðandi foreldra undir þær breytingar sem verða í parsambandinu með tilkomu barns og þekkja grundvallaratriði í þroska barna. Leiðbeinendur á námskeiðinu eru viðurkenndir Gottman leiðbeinendur (e. Certified Gottman Educators): Ástþóra Kristinsdóttir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, Hera Ó. Einarsdóttir, félagsráðgjafi, Ólafur Grétar Gunnarsson, fjölskylduráðgjafi, Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir, djákni og MA nemi í menntunarfræðum og Valgerður Snæland Jónsdóttir, fv. sérkennslufulltrúi og skólastjóri. Námskeiðið er samstarfsverkefni RBF, Gottman á Íslandi og Velferðarsjóðs barna og hefur notið styrkja frá ýmsum aðilum.

Málstofur og ráðstefnur

Þann 19. febrúar var félagsráðgjafabing haldið í tilefni 50 ára afmælis Félagsráðgjafafélags Íslands og til heiðurs Sigrúnu Júlíusdóttur, prófessor og frumkvöðli í félagsráðgjöf, sem fagnaði 70 ára afmæli sínu þann 3. febrúar 2014. Þetta fyrsta félagsráðgjafabing var mjög fjölmennt, þátttakendur voru um 340, auk gesta sem hlýddu á hátíðarfyrirlestra. Að þinginu stóðu Félagsráðgjafafélag Íslands, Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, Hollvinasamtök Félagsráðgjafardeildar, ÍS-FORSA og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Önnur málþing:

- Tengsl feðra og barna – Ábyrgð, þátttaka og vernd. Hádegismálstofa 27. mars. Á málstofunni voru haldin tvö erindi, Jósé-Andrés Fernández Cornejo, dósent við Complutense-háskóla í Madrid á Spáni hélt fyrirlestur sem hann nefndi Fathers' Use of Parental Leave, Fathers' Involvement in Childcare, and Mothers' Careers og? Brigid Featherstone, prófessor við The Open University í Bretlandi hélt fyrirlesturinn Engaging Fathers in Child Protection – Challenges and Opportunities.
- Hljóðin í nóttinni – raddlaus börn í ábyrgðarhlutverkum. Málþing, haldið í samstarfi við Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna (MARK), 3. apríl um nýútkomna bók Bjargar Guðrúnar Gísladóttur, Hljóðin í nóttinni, minningarsögu um uppvöxt við hvers konar ofbeldi. Höfundur las úr bók sinni. Pallborðsumræður voru síðan um bókina og hlutskipti barna við slíkar aðstæður fyrr og nú.
- Carole Adamson, dósent við University of Auckland á Nýja-Sjálandi, hélt gestafyrirlestur 15. maí sem nefndist The Challenges and Opportunities of Integrating Disaster Knowledge Within Social Work Curriculum.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd stóð fyrir þverstofnanalegri námstefnu sem bar yfirskriftina Foreldrar í vanda – börn í vanda. Heilbrigð frumtengsl – forsenda lífshæfni í samstarfi við Miðstöð foreldra og barna, Landspítala, Landlækni, Þerapeiu o.fl. þann 24. október.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd tók, ásamt fleiri aðilum, þátt í undirbúningi tveggja ráðstefna á vegum velferðarráðuneytisins:

- ráðstefnu um kynferðisofbeldi gegn börnum sem nefndist Forvarnir á Norðurlöndunum, þann 2. september á Radisson Blu Saga hóteli í Reykjavík,

- ráðstefnu um velferð barna og fjölskyldna sem nefndist Fjölskyldustefnur á Norðurlöndunum og velferð barna, þann 5. september á Nauthól í Reykjavík.

Málstofuröð Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd á vormisseri. Þema: Grunnstoðir velferðarþjónustu – Gagnreyndar aðferðir, ný þekking og rannsóknir.

- Samspil notenda og þekkingar – veistu hvað virkar? Hervör Alma Árnadóttir og Halldór S. Guðmundsson, bæði lektorar við Félagsráðgjafardeild.
- Velferðarþjónusta sveitarfélaga: Stoðir, stefna, starf. Unnur V. Ingólfssdóttir, framkvæmdstjóri fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar.
- Rannsóknir, mat og gæðaviðmið í þjónustu. Erla Björg Sigurðardóttir, félagsráðgjafi og verkefnisstjóri á velferðarsviði Reykjavíkur.
- Áhrif bernskunnar á líf kynslóðanna – rannsóknartengd barnavernd. Kari Killén, félagsráðgjafi, rannsakandi hjá NOVA í Osló.

Málstofur Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd á haustmisseri. Þema: Börn og ungmenni – Tengsl uppeldisaðstæðna, skóla og vinnumarkaðar.

- Réttindi barna í félagsmálalöggjöf er varðar fátækt. Cynthia Lisa Jeans, lektor við Félagsráðgjafardeild, kynnir efni doktorsritgerðar sinnar.
- Líðan framhaldsskólanemenda – Um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrgð samfélags. Sigrún Harðardóttir, lektor við Félagsráðgjafardeild, kynnir efni doktorsritgerðar sinnar.
- Í skugga velsældar á óvissutímum – Rannsókn á flæði fólks úr skóla yfir á vinnumarkað. Jóhanna Rósa Arnadóttir kynnir efni doktorsritgerðar sinnar.

Framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd tók á árinu þátt í nokkrum verkefnum í samstarfi við erlenda aðila. Hann ásamt forstjóra Barnaverndarstofu á fund í Osló um rannsóknastarf í tengslum við barnahús á Norðurlöndum. Unnið er að útgáfu bókar um barnahúsin.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd fékk boð um að senda tvo fulltrúa á ráðstefnu um forvarnir gegn sjálfsvígum, sem nefndist Life Side of Schedule Prevention Suicide and Selfinjury among Young People. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar sótti ráðstefnuna ásamt Erlu Björg Sigurðardóttur, fulltrúa frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Fyrirlesarar voru frá Flórída í Bandaríkjunum og kynntu fyrirbyggjandi aðferðir gegn sjálfsvígum ungs fólks, sem þeir hafa notað, m.a með því að hafa sérstaka forvarnarfulltrúa í skólum.



VELKOMIN Í HÁSKÓLA DS



Heilbrigðisvísindasvið

Almennt yfirlit, stjórn og stefna

Á Heilbrigðisvísindasviði eru sex deildir: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild. Forseti Heilbrigðisvísindasviðs er Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði, úr Matvæla- og næringarfræðideild. Auk forseta sviðsins sitja deildarforsetar í stjórn þess og einn fulltrúi nemenda. Rekstrarstjóri situr stjórnarfundir.

Stjórn 1. janúar 2014 – 30. júní 2014

Fyrir Hjúkrunarfræðideild:

Fyrir Lyfjafræðideild:

Fyrir Læknadeild:

Fyrir Matvæla- og næringarfræðideild:

Fyrir Sálfræðideild:

Fyrir Tannlæknadeild:

Fulltrúi nemenda:

Tannlæknadeild

Helga Jónsdóttir prófessor

Már Másson prófessor

Magnús Karl Magnússon prófessor

Þórhallur Ingi Halldórsson dósent

Sigurður J. Grétarsson prófessor

Teitur Jónsson dósent

Sandra Gunnarsdóttir,

Stjórn 1. júlí 2014 – 31. desember 2014

Fyrir Hjúkrunarfræðideild:

Fyrir Lyfjafræðideild:

Fyrir Læknadeild:

Fyrir Matvæla- og næringarfræðideild:
prófessor

Fyrir Sálfræðideild:

Fyrir Tannlæknadeild:

Fulltrúi nemenda:

Helga Jónsdóttir prófessor

Már Másson prófessor

Magnús Karl Magnússon prófessor

Þórhallur Ingi Halldórsson

Sigurður J. Grétarsson prófessor

Bjarni Elvar Pétursson prófessor

Fríða Brá Pálsdóttir, sjúkrabjálfun

Rekstrarstjóri:

Vilborg Loft

Á árinu voru haldnir fimmtán stjórnarfundir.

Viðfangsefni stjórnar sviðsins voru m.a. fjármál, styrkjasókn, starfsskyldur og stjórnunartímar akademískra starfsmanna, afgreiðsla ráðningarverðna, afgreiðsla umsókna um rannsóknamissari, breytingar á skipulagi náms innan ákveðinna deilda, aðgangspróf, reglur um framhaldsnám, Heilsutorg, Heilsubrunnur, greiðslur vegna starfsleyfa, húsnæðismál, vinna við sjálfsmatsskýrslur, akademískar nafnbætur og bólusetningar nema.


Þing Heilbrigðisvísindasviðs var haldið í hátíðasal Háskóla Íslands 10. apríl. Fundarstjóri var Sigurður J. Grétarsson, forseti Sálfræðideildar. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra flutti erindi og fjallaði um áætlun um betri heilbrigðisþjónustu 2013–2017. Inga Þórsdóttir sviðsforseti flutti skýrslu um helstu starfsemi sviðsins á sl. ári. Hann fjallaði meðal annars fram markmið og þann árangur sem náðst hefur í rannsóknum, námi og kennslu, sem og mannauðsmálum, á Heilbrigðisvísindasviði. Fulltrúar nemenda í stjórn sviðsins ræddu þau málefni sem helst brunnu á þeim og bar þar hæst óskir um nútímalegri kennsluhætti og betri skil kennara á einkunnum. Formaður sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs tók einnig til máls og greindi frá starfsemi ráðsins og helstu baráttumálum þess fyrir nemendum sviðsins. Forsetar allra deilda á sviðinu héldu stutt erindi þar sem þeir greindu frá

því hvað sameinar deildir sviðsins. Síðasta erindi þingsins flutti Friðrika Harðardóttir, forstöðumaður Skrifstofu alþjóðasamskipta, og þar fjallaði hún um starfsemi skrifstofunnar og nýmæli í ERASMUS+ áætluninni.

Starfsfólk

Heilbrigðisvísindasvið – heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	191	148,3
Karlar	146	99,4
Samtals	337	247,7



Í desember 2014 störfuðu 83 prófessorar, 54 dósent, 39 lektorar og 16 aðjunktur með kennsluskyldu á Heilbrigðisvísindasviði. Í heild voru stöðugildi þeirra, ásamt starfsfólki í stjórnsýslu, 247,7.

Stundakennarar voru alls um 940. Rannsóknafólk, nemar og nýdoktorar voru alls 56 í 40,78 stöðugildum.

Stoðþjónusta og stjórnýsla

Á skrifstofu Heilbrigðisvísindasviðs störfuðu, auk forseta, rekstrarstjóri, upplýsinga- og vefstjóri, starfsmannastjóri og kennslustjóri. Ingibjörg Þórisdóttir, kennslustjóri sviðsins, lét af störfum í ágúst. Ása Vala Þórisdóttir rannsóknastjóri fór í barneignarleyfi í ágúst 2014 til eins árs og Ása Guðrún Kristjánsdóttir, hóf störf í ágúst, leysir Ásu Völu af. Katrín Björg Jónasdóttir upplýsinga- og vefstjóri fór í barneignarleyfi í október til eins árs. Ingunn Eyþórsdóttir, sem hóf störf í september, leysir hana af. Heiður Reynisdóttir, verkefnastjóri framhaldsnáms á sviðinu, og Þórana Elín Dietz starfsmannastjóri sviðsins, störfuðu áfram á sviðinu.

Í árslok vann 31 starfsmaður við stjórnýslu í deildum og á sviðsskrifstofu í 24,7 stöðugildum. Aðrir starfsmenn við stoðþjónustu, í klíník í Tannlæknadeild og við ýmsar rannsóknastofnanir voru sjö í 5,8 stöðugildum.

<i>Stjórnýsla fræðasviðsins og stoðþjónusta* – fjöldi starfsmanna í árslok 2014</i>				
		<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Samtals</i>
Heilbrigðisvísindasvið		0	8	8
	Hjúkrunarfræðideild	0	7	7
	Læknadeild	0	11	11
	Lyfjafræðideild	0	2	2
	Matvæla- og næringarfræðideild	0	1	1
	Sálfræðideild	0	2	2
	Tannlæknadeild	1	9	10
	Einstaklingar			41
	Starfsígildi			34,9

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Rekstrarstjóri ber ábyrgð á rekstri og stjórnun stoðþjónustunnar í samráði við forseta sviðsins. Innan hvernar deildar er deildarskrifstofa.

Reglulegir fundir voru haldnir með öllum starfsmönnum í stjórnýslu og stoðþjónustu. Rekstrarstjóri og aðrir starfsmenn á sviðsskrifstofu fundu mánaðarlega með deildarstjórum og verkefnastjórum námsbrauta.

Árlegur fræðslu- og vinnudagur stjórnýslu og stoðþjónustu starfsmanna sviðsins var haldinn í Hannesarholti þann 14. september eftir hádegi. Erindi voru flutt um skjalavörslu háskólans annars vegar og stefnu, aðgerðir og áherslur sviðsins 2014–2015 hins vegar. Að erindum loknum var unnið í litlum hópum og niðurstöður hvers hóps kynntar.

Nefndir

Fulltrúar deilda í fastanefndum sviðsins eru skipaðir til þriggja ára og fulltrúar nemenda til eins árs í senn. Nefndir heyra undir stjórn Heilbrigðisvísindasviðs.

Í kennslumálanefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Björn Guðbjörnsson, fulltrúi Læknadeildar og formaður, Páll Biering, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Hákon Hrafn Sigurðsson, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Alfons Ramel, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Guðmundur Arnelsson, fulltrúi Sálfræðideildar, og Karl Örn Karlsson, fulltrúi Tannlæknadeildar. Áheyrnarfulltrúar voru Þórarinn Sveinsson, frá námsbraut í sjúkraþjálfun, og Martha Hjálmarsdóttir, frá námsbraut í lífeindafræði. Kennslustjóri sviðsins, Ingibjörg Þórisdóttir, var starfsmaður nefndarinnar þar til hún lét af störfum um mitt ár en þá tók Heiður Reynisdóttir verkefnisstjóri við sem starfsmaður nefndarinnar. Fulltrúi nemenda var Dana Rún Heimisdóttir fyrri hluta ársins og Margrét Unnarsdóttir seinni hluta þess.

Í vísindanefnd Heilbrigðisvísindasviðs fram í september voru Þórdís Kristmundsdóttir, fulltrúi Lyfjafræðideildar og formaður, Guðrún Kristjánsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Þórarinn Guðjónsson, fulltrúi Læknadeildar, Ágústa Guðmundsdóttir, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Fanney Þórsdóttir, fulltrúi Sálfræðideildar, og Inga B. Árnadóttir, fulltrúi Tannlæknadeildar. Kennslustjóri sviðsins, Ingibjörg Þórisdóttir, var starfsmaður nefndarinnar fyrri hluta ársins og rannsóknastjóri sviðsins, Ása Guðrún Kristjánsdóttir, síðari hluta þess. Í september 2014 var skipað í vísindanefnd að nýju til þriggja ára. Þeir sem skipaðir voru í hana þá voru: Árni Kristjánsson, fulltrúi Sálfræðideildar og formaður, Guðrún Kristjánsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Elín Soffía Ólafsdóttir, fulltrúi Lyfjafræðideildar, Þórarinn Guðjónsson, fulltrúi Læknadeildar, Ágústa Guðmundsdóttir, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, og Inga B. Árnadóttir, fulltrúi Tannlæknadeildar.

Í doktorsnámsnefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Þórdís Kristmundsdóttir, fulltrúi Lyfjafræðideildar og formaður, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, fulltrúi Hjúkrunarfræðideildar, Helga Ögmundsdóttir, fulltrúi Læknadeildar, Bryndís Eva Birgisdóttir, fulltrúi Matvæla- og næringarfræðideildar, Fanney Þórsdóttir, fulltrúi Sálfræðideildar, og Teitur Jónsson, fulltrúi Tannlæknadeildar. Ása Vala Þórisdóttir rannsóknastjóri var starfsmaður nefndarinnar fyrri hluta ársins og Ása Guðrún Kristjánsdóttir rannsóknastjóri seinni hluta þess.

Í jafnréttisnefnd Heilbrigðisvísindasviðs voru Karl Örn Karlsson, lektor við Tannlæknadeild, formaður, Pétur Henry Petersen, dósent við Læknadeild, Erna Sigurðardóttir, deildarstjóri í Læknadeild, Guðbjörg Bragadóttir, fulltrúi í Læknadeild, Þóra Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri í Hjúkrunarfræðideild, og Þórana Dietz, starfsmannastjóri og starfsmaður nefndarinnar.

Doktorsvarnir

Við deildir Heilbrigðisvísindasviðs fóru 28 doktorsvarnir fram á árinu: þrjár við Hjúkrunarfræðideild, sex við Lyfjafræðideild, tólf við Læknadeild, fjórar við Matvæla- og næringarfræðideild, ein við Sálfræðideild og tvær við Tannlæknadeild.

Akademískar nafnbætur

Á árinu fengu alls sautján manns akademískar nafnbætur við Heilbrigðisvísindasvið, átta í Hjúkrunarfræðideild og níu í Læknadeild.

Húsnæðismál

Heilbrigðisvísindasvið hefur aðstöðu í átta húsum sem dreifast á svæði sem nær frá Vínlandsleið í Grafarholti í austri að Hofsvallagötu í vestri. Stjórnsýslu- og stoðþjónustan er á þrettán mismunandi stöðum. Þetta setur töluvert mark á starfsemi sviðsins. Ljóst er að starfsemin mun ekki komast undir eitt þak fyrr en með tilkomu nýs Landspítala. Þar er gert ráð fyrir að allar deildir sviðsins fái aðstöðu fyrir skrifstofur, kennslu og rannsóknir.

Fjármál Heilbrigðisvísindasviðs*

Fjárveiting	1.993.116
Sértekjur	681.350
Tekjur alls	2.674.466
Útgjöld	2.678.264
Tekjuafgangur	-3.798
Ársverk	280,1
Skráðir nemendur	2.196
Virkir nemendur	1.756
Nemendur/ársverk	7,8
Virkni nemenda	80,0%

* Upphæðir eru í þús. kr.

Samstarf við Landspítala – háskólasjúkrahús

Heilbrigðisvísindasvið er í nánú samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús. Árið 2012 var undirritaður nýr samstarfssamningur milli Háskóla Íslands og spítalans með það markmiði að skapa umgjörð og sérhæfða aðstöðu fyrir þau svið háskólans sem byggja kennslu, þjálfun og rannsóknir á efnivið og starfsemi háskólasjúkrahússins. Samningurinn gildir í fimm ár frá undirritun hans.

Samstarfið er margþætt og helst fólgið í eftirfarandi þáttum:

- Kennsla og menntun
Landspítali – háskólasjúkrahús er vettvangur klínískrar kennslu og þjálfunar í grunn-, framhalds- og sérnámi í heilbrigðisvísindagreinum. Vísinda-, mennta- og nýsköpunarsvið spítalans hefur yfirumsjón með þjónustu hvað varðar kennslu og rannsóknir á spítalanum í nánú samstarfi við forstöðumenn fræðigreina og forsvarsmenn fræðasviða háskólans, svo og framkvæmdastjóra Landspítala – háskólasjúkrahúss, yfirlækna, deildarstjóra og aðra þá starfsmenn spítalans sem að háskólastarfi koma.
- Vísindasamstarf
Háskóli Íslands og Landspítali – háskólasjúkrahús reka klínísk rannsóknasetur og sameiginlegar rannsóknarstofur og -stofnanir. Enn fremur er rekið heilbrigðisvísindabókasafn fyrir nemendur og starfsmenn.
- Sameiginlegir starfsmenn
Sameiginlegir starfsmenn Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss teljast þeir sem hafa ráðningarsamning við báðar stofnanirnar. Þeir geta verið í fullu starfi við aðra stofnunina og í hlutastarfi við hina eða í hlutastarfi við báðar. Kennsla er hluti af starfi allra klínískra starfsmanna háskólaspítala. Stjórnendur fræðasviða og fræðigreina við háskólann geta í samráði við framkvæmdastjóra sviða, yfirlækna, deildarstjóra og aðra ábyrgðarmenn (klínískrar) þjónustu á

Landspítala – háskólasjúkrahúsi leitað til starfsmanna spítalans og óskað eftir að þeir leiðbeini nemendum í námi á spítalanum.

Markaðs- og kynningarmál

Háskóladagurinn var haldinn 1. mars. Á háskóladeginum kynna flestir háskólar á Íslandi námsframboð sitt í grunn- og framhaldsnámi. Allar deildir Heilbrigðisvísindasviðs, auk Heilsutorgs, tóku þátt í dagskránni og voru kynningarbásar sviðsins á Háskólatorgi (Litla-Torgi). Námsframboð sviðsins var einnig kynnt á fjórum stöðum úti á landi: á Höfn, Egilsstöðum, Akureyri og Ísafirði. Grunnám var enn fremur kynnt í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og tveir framhaldsskólar komu í Eirberg og kynntu sér nám við sviðið.


Rannsóknur vísindamanna úr öllum deildum sviðsins voru gerð góð skil í Tímariti Háskóla Íslands sem kom út í febrúar. Fréttabréf Heilbrigðisvísindasviðs, HeilbrigðisVísir, var gefið út tvisvar á árinu.

Á vef Háskóla Íslands er lögð áhersla á einfalt og aðgengilegt veftré og öfluga leitarvél. Vefur Heilbrigðisvísindasviðs og deilda þess gegnir lykilhlutverki við upplýsingamiðlun og kynningarstarf sviðsins. Þar er ávallt að finna nýjustu upplýsingar um nám og kennslu á sviðinu, auk fréttu og upplýsinga um viðburði. Vefurinn er í sífelldri þróun enda í eðli sínu síbreytilegur og lifandi og þarfnast stöðugs viðhalds og vinnu.

Starfsmannasíða Heilbrigðisvísindasviðs í Uglu var eflað á árinu. Starfsmannasíðan gegnir lykilhlutverki við upplýsingamiðlun til starfsmanna sviðsins. Þar er að finna upplýsingar um viðburði og kennslutengd málefni, auk fréttu og myndefnis.

Háskóli unga fólksins var haldinn 10.–14. júní þar sem mörg námskeið af Heilbrigðisvísindasviði voru í boði. Þemadagurinn Heilsa og heilbrigði fór fram í Læknagarði samhliða Háskóla unga fólksins.

Skipurit Heilbrigðisvísindasviðs og stofnana þess



Miðstöð í lýðheilsuvísindum

Almennt yfirlit og stjórn

Kennsla í meistara- og doktorsnámi í lýðheilsuvísindum hófst við Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands í september árið 2007, sem jafnframt hefur umsjón með náminu. Að náminu standa deildir á Heilbrigðis- og Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Fagleg breidd Háskóla Íslands, þverfræðileg nálgun og alþjóðleg tengsl gera nemendum kleift að velja úr miklum fjölda námskeiða og móta þannig námið í átt að áhugasviði sínu.

Í stjórn Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum sátu á fyrri hluta ársins: Haraldur Briem, sóttvarnarlæknir og dósent við Læknadeild, formaður námsstjórnar, Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, Halldór Sigurður Guðmundsson, lektor við Félagsráðgjafardeild, Magnús Karl Magnússon, prófessor og forseti Læknadeildar, og Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Á haustmánuðum urðu þær breytingar á námsstjórn að Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, dósent við Hagfræðideild, tók við sæti Halldórs, og Lárus Steinþór Guðmundsson, lektor við Lyfjafræðideild, kom í stjórn í stað Guðrúnar. Fastir kennarar í náminu eru áheyrnarfulltrúar á stjórnarfundum.

Starfsfólk

Unnur Anna Valdimarsdóttir prófessor gegndi starfi forstöðumanns Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Auk hennar störfuðu þrjár fastráðnir kennarar við miðstöðina, Thor Aspelund dósent (í hálfri stöðu), Helga Zoëga dósent og Arna Hauksdóttir dósent. Sigrún Helga Lund tölfræðingur var í hálfri stöðu rannsóknasérfræðings í líftölfræði. Dóra R. Ólafsdóttir var verkefnisstjóri við miðstöðina. Þau Tryggvi Þorgeirsson, Jóhanna Eyrún Torfadóttir, Ólöf Elsa Björnsdóttir og Gunnar Tómasson eru í tímabundnum störfum sem aðjunktur til 2015.

Hjá Miðstöð í lýðheilsuvísindum höfðu tíu doktorsnemar aðstöðu og tóku flestir þeirra þátt í stunda- og dæmatímakennslu. Að auki höfðu nokkrir innlendir og erlendir gestir, fræðimenn, doktorsnemar og nýdoktorar tímabundið aðstöðu við miðstöðina. Einn gestanemandi, Sarah Lucht, og tveir nýdoktorar, Jennifer Sinnot og Miguel Angel Luque Fernandez, öll frá Harvard School of Public Health, stunduðu rannsóknir við miðstöðina.

Fjöldmargir gesta- og stundakennarar voru fyrirlesarar í skyldunámskeiðum en auk þess voru starfsmenn við samstarfsstofnanir Háskóla Íslands skipaðir í meistara- og doktorsnefndir. Kennarar frá um 10 deildum og námsbrautum við Heilbrigðis- og Félagsvísindasvið tóku þátt í leiðsögn í rannsóknaverkefnum nemenda.

Nám og kennsla

Sem fyrr er megináhersla í meistaranáminu í lýðheilsu (MPH, Master of Public Health) lögð á rannsóknaraðferðir (faralds- og líftölfræði), undirbúning rannsókna, heilsueflingu og forvarnir. Þróaðar hafa verið þrjár námslínur innan námsins þar sem lögð er áhersla í fyrsta lagi á sérþekkingu á meginlegum aðferðum lýðheilsuvísinda og framkvæmd rannsókna, í öðru lagi á heilbrigðisstjórnun og forvarnir og loks á heilsueflingu. Auk kennara í lýðheilsu kenna gestafyrirlesarar úr öðrum deildum háskólans og samstarfsstofnunum innan- og utanlands í skyldunámskeiðum. Við árslok voru 48 nemendur skráðir í meistaranám og 43 nemendur í diplómanám. Á árinu brautskráðust tíu nemendur með MPH-próf og fjórtán nemendur með diplómagráðu. Doktorsnám í lýðheilsuvísindum er í stöðugri

sókn. Í desember árið 2014 voru átján nemendur skráðir í námið og þrjár doktorsvarnir fór fram á árinu.

Námskeiðin Almenn aðferðafræði, Faraldsfræði og Líftölfræði I eru samkennd með Læknadeild.

Innlent og erlent samstarf

Miðstöð í lýðheilsuvísindum og Harvard School of Public Health endurnýjuðu samstarfssamning sinn um samvinnu í rannsóknum, kennslu og þjálfun og leiðbeiningu ungra vísindamanna árið 2012 og hefur það samstarf gengið sérlega vel á liðnu skólaári.

Forrannsókn í umfangsmikilli framsýnni rannsókn, Heilsusögubankanum (SAGA Cohort), í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands, Lífsýnabanka Landspítala – háskólasjúkrahúss og ýmsar erlendar vísindastofnanir var gerð á fyrri hluta ársins og undirbúningi og frekari fjáröflun til verkefnisins var haldið áfram.

Á árinu tóku kennarar við Miðstöð í lýðheilsuvísindum þátt í norrænu rannsóknasamstarfi, NORDRESS, nýju öndvegissetri um náttúruvá og öryggi samfélaga. Íslenskir vísindamenn fara fyrir þessu setri og hlaut það 420 milljóna króna rannsóknastyrk frá NordForsk á árinu.

Dagana 12.–13. september stóð Miðstöð í lýðheilsuvísindum fyrir alþjóðlegri ráðstefnu vísindamanna um rannsóknir á krabbameini í blöðruhálskirtli. Þessi árlegi fundur er mikilvægur liður í starfsemi ToPCaP, sem eru alþjóðleg samtök vísindamanna um framþróun þekkingar á krabbameini í blöðruhálskirtli.

Gunnar Tómasson aðjunkt og Helga Zoëga dósent eiga sæti í samstarfsnefnd Háskóla Íslands og embættis landlæknis um kennslu og rannsóknir.

Námsbrautin bauð upp á eitt vikulangt námskeið, Scientific Communication, í samstarfi við Nordic School of Public Health og kennari í því var Alexandra Krettec. Nokkrir meistara- og doktorsnemar sóttu námskeið við skóla erlendis. Doktorsnemar voru mjög virkir í að kynna rannsóknir sínar á ráðstefnum hérlendis og erlendis.

Rannsóknir

Starfsfólk og nemendur Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum fengu birtar eða samþykktar tæplega 50 greinar á árinu í erlendum ritrýndum tímaritum.

Helstu rannsóknasvið Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum eru:

- Áföll og streita: Afleiðingar á heilsufar og forvarnarviðbrögð.
- Áhrif náttúruhamfara á heilsu.
- Áhrifaþættir langvinnra sjúkdóma.
- Umhverfi og heilsa: Loftgæði og notkun öndunarfæralyfja.
- Heilsuefling barna og unglinga.
- Sóttvarnir og viðbrögð við ýmsum heilsufarsógnum.
- Jafnrétti til heilsu: Öryggi, aðgengi og nýjungar í heilbrigðisþjónustu.
- Lyfjafaraldsfræði.

Rannsóknaverkefni meistara- og doktorsnema eru flest á ofangreindum sviðum. Rannsóknir við Miðstöð í lýðheilsuvísindum eru flestar unnar í samvinnu við Hjartavernd, Krabbameinsskrá, embætti landlæknis og Landspítala – háskólasjúkrahús. Nemendur og kennarar í lýðheilsuvísindum hlutu á

árinu styrki til rannsóknaverkefna sinna m.a. frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands, Vísindasjóði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Rannsóknasjóði Rannís og Rannsóknánámssjóði Rannís, auk fjölmargra smærri styrkja frá ýmsum félagasamtökum og fyrirtækjum.

Markaðs- og kynningarmál

Námið var kynnt á sameiginlegri framhaldsnámsskyningu háskólans og einnig var boðið upp á kynningarfund í tengslum við umsóknarfrest á vormisseri. Opnar málstofur á vegum Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum voru haldnar reglulega. Meistara- og doktorsnemar voru mjög virkir í kynningum á eigin verkefnum á ráðstefnum og málþingum innanlands og erlendis. Miðstöð í lýðheilsuvísindum á einnig í traustu samstarfi við Faralds- og líftölfræðifélagið og heldur með því sameiginlegar málstofur og jólafund.

Hjúkrunarfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Í Hjúkrunarfræðideild er í boði grunn- og framhaldsnám í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Áhersla er lögð á að efla klínískar rannsóknir og fjölga framhaldsnemendum.

Forseti Hjúkrunarfræðideildar var Helga Jónsdóttir prófessor. Varaforseti var Helga Bragadóttir dósent.

Starfsfólk

Í lok árs störfuðu níu prófessorar, sjö dósentar, sex lektorar og fimm aðjunktur með kennsluskyldu og 10 aðjunktur án kennsluskyldu í deildinni. Átján voru með klíníska lektorsnafnbót við deildina í lok árs 2014. Á þriðja hundrað stundakennara komu að kennslu við deildina. Þrír fræðimenn eru með gestastöður kennara og tveir með heiðursdoktorsnafnbætur við deildina.

Í stjórnarsýslu störfuðu sex manns á skrifstofu og verkefnisstjóri við verknámsstofu í 5,35 stöðugildum. Stöðugildi fastráðinna kennara voru 20,9.

Þóra Þorsteinsdóttir lét af störfum sem verkefnisstjóri klínískrar kennslu við stjórnarsýslu og við starfinu tók Arnheiður Sigurðardóttir.

Hjúkrunarfræðideild		
Stjórnsýsla og stoðþjónusta	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	7	5,35
– karlar	0	0
Aðjuntar		
– konur	3	1,2
– karlar	1	0,50
Lektorar		
– konur	6	5,00
– karlar	0	0
Dósentar		
– konur	6	4,7
– karlar	1	1
Prófessorar		
– konur	7	7
– karlar	2	2
Samtals	26	21,4
Starfsmenn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði		
– konur	3	1,92
– karlar	0	0
Samtals	3	1,92

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Nám og kennsla

Nám til BS-prófs í hjúkrunarfræði er 240 einingar og prófið gefur leyfi til að sækja um hjúkrunarleyfi á Íslandi. Embættispróf í ljósmóðurfraeði er 120 eininga nám að loknu BS-prófi í hjúkrunarfræði. Meistaránám í hjúkrunarfræði er 120 einingar og einnig var á árinu í boði viðbótardiplómanám á meistarastigi í skurðhjúkrun til 84 eininga og í svæfingahjúkrun til 88 eininga og þverfræðilegt diplómanám á meistarastigi í kynfræði til 30 eininga. Meistaránám var einnig í boði í ljósmóðurfraeði til 120 eininga. Doktorsnám er til 180 eininga. Alls stundaði 461 nemandi nám við deildina á árinu.

Diplómanám á meistarastigi í svæfingahjúkrun við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands hlaut þá í október 2014 vottun Alþjóðasamtaka svæfingahjúkrunarfræðinga (International Federation of Nurse Anesthetists, IFNA) að undanegnu mati um að námið uppfylli æðstu menntunarkröfur sem samtökin gera til aðildarfélaga sinna.

Námskrá fyrir BS-nám í hjúkrunarfræði var í öllum meginatriðum sú sama og árið áður. Við deildina hófu 142 nemendur grunnnám á haustmisseri og stóðust 76 þeirra samkeppnispróf á haustmisseri. Á árinu brautskráðust 90 nemendur úr BS-námi við Hjúkrunarfræðideild.

Í lok árs voru 23 nemendur í diplómanámi í skurðhjúkrun, 10 í svæfingahjúkrun og sex nemendur stunduðu þverfaglegt diplómanám í kynfræði.

Á haustmisseri hófu 14 nemendur meistaranám við Hjúkrunarfræðideild, þar af tveir í meistaranámi í ljósmóðurfræði. Í lok árs voru 20 nemendur í kandídatnámi í ljósmóðurfræði og 74 nemendur í meistaranámi í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Áhersla í meistaranámi er ýmist á klíniska sérhæfingu, rannsóknþjálfun eða stjórnun.

Á árinu luku þrettán hjúkrunarfræðingar meistaraþrófi: tíu í hjúkrunarfræði og þrír í ljósmóðurfræði.

Doktorsnám

Á árinu var einn nýr doktorsnemi tekinn inn í nám við Hjúkrunarfræðideild og þrír doktorsnemar vorðu doktorsritgerðir sínar við deildina. Í árslok voru tíu nemendur í doktorsnámi við deildina.

Alþjóðasamskipti

Hjúkrunarfræðideild er aðili að nokkrum norrænum samstarfsnetum, svo sem Norlys, Nordsne, Nordinnet, Nordannet, Medico og Midwives of the North. Norlys er samstarfsnet um grunnnám í hjúkrun og nýttist bæði til klíníks skiptináms og til alþjóðlegs námskeiðshalds. Hjúkrunarfræðideild tók þátt í skipulagningu og kennslu á þriggja námseininga hraðnámskeiði á vegum Norlys-netsins um viðbótarmeðferð í hjúkrun (Complementary Care and Ethics in Nursing Practice: Curriculum Development). Þóra Jenný Gunnarsdóttir, dósent við Hjúkrunarfræðideild, tók þátt í undirbúningi námskeiðsins og kenndi á því. Alls tóku átta kennarar og sextán nemendur þátt í þessu námskeiði, sem var haldið í Stokkhólmi í Svíþjóð. Á framhaldsnámsstigi tók deildin þátt í fagmiðuðum samstarfsnetum, til dæmis Nordannet (svæfingahjúkrun), Nordinnet (gjörgæsluhjúkrun), Midwives of the North (ljósmóðurfræði) og Nordsne (þvergreinanet á framhaldsstigi í hjúkrun). Í tengslum við Nordsne-netið tók deildin þátt í að undirbúa og sjá um alþjóðlegt námskeið er fjallaði um forystu í hjúkrun eða hjúkrunarstjórnun (Leadership in Nursing – A Global Approach, HJU801F (4 námseiningar)). Námskeiðið var haldið hérlendis í samstarfi Háskóla Íslands og Háskólans í Minnesota í Bandaríkjunum. Alls tóku um 50 nemendur og tíu kennarar þátt í námskeiðinu og voru þátttakendur frá Riga í Lettlandi, Karlstad og Lundi í Svíþjóð, Háskólanum í Minnesota í Bandaríkjunum og frá Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Þeir kennarar Hjúkrunarfræðideildar sem tóku þátt í undirbúningi, umsjón og kennslu á námskeiðinu voru Hildur Sigurðardóttir lektor, Helga Bragadóttir dósent og Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor. Að lokum má nefna þverfaglega netið Nordlys sem Háskóli Íslands er aðili að og nýst hefur nemendum Hjúkrunarfræðideildar til skiptináms. Hafa þessi norrænu samstarfsnet því bæði nýst nemendum og kennurum.

Auk þessara norrænu samstarfsneta tók Ólöf Ásta Ólafsdóttir tók þátt í umsjón og kennslu í meistaranámskeiði í ljósmóðurfræði við Gautaborgarháskóla og Ingela Lundgren og Christina Nilson frá sama skóla kenndu sem gestakennarar við námsbraut í ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands í september. Melissa Avery, ljósmóðir og prófessor við Háskólann í Minnesota í Bandaríkjunum, kom einnig sem gestakennari á vormisseri og tók þátt í kennslu á framhaldsstigi, einkum í ljósmóðurfræði. Hún hélt fyrirlesturinn The Art of Doing 'Nothing' Well: Supporting a Physiologic Approach to Pregnancy and Birth á vegum námsbrautar í ljósmóðurfræði 28. mars. Í október var Beatrice Kalisch, prófessor við hjúkrunarfræðideild háskólans í Michigan í Bandaríkjunum, gestur deildarinnar og miðlaði meistara- og doktorsnemunum, auk stjórnenda og leiðtoga í hjúkrun, af reynslu sinni og þekkingu. Að komu Beatrice Kalisch stóðu, auk deildarinnar, fagráð í hjúkrunarstjórnun á Landspítala, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Fagdeild hjúkrunarstjórnenda í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, embætti landlæknis, Sjúkrahúsið á Akureyri og Hjúkrunarfræðideild Háskólans á Akureyri. Beatrice Kalisch vinnur að rannsóknnum í samstarfi við Helgu Bragadóttur dósent og stóðu þær fyrir „vinnudögum“ í Reykjavík og á Akureyri um öryggi sjúklinga, teymisvinnu og hlutverk leiðtoga í hjúkrun. Á annað hundrað hjúkrunarfræðingar og framhaldsnemar í hjúkrunarfræði tóku þátt í þeim.

Hjúkrunarfræðideild er umsjónaraðili að rússnesk-norræna verkefninu Project to Promote Multifaceted Collaboration in the Field of Nursing Education and Research, sem er hluti af áætluninni The Nordic-Russian Cooperation Programme in Higher Education and Research 2012–2015. Þessi áætlun er samstarfsverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar og menntamálaráðuneytis Rússlands og er verkefnið kostað af Norrænu ráðherranefndinni. Megintilgangur þess er tvíþættur. Í fyrsta lagi er markmiðið að efla rannsóknafærni hjúkrunarfræðikennara í samstarfsskólunum í Rússlandi, sem eru ríkisháskólarnir í Pétursborg og Novgorod, en auk Háskóla Íslands og þessara tveggja skóla tekur Háskólinn í Turku í Finnlandi þátt í verkefninu. Í öðru lagi er tilgangurinn að leggja grunn að framtíðarrannsóknasamstarfi milli rússnesku og norrænu skólanna. Páll Biering er umsjónar- og ábyrgðarmaður verkefnisins en auk hans tekur Þóra Jenný Gunnarsdóttir þátt í því.

Á árinu voru endurnýjaðir Erasmussamningar um kennaraskipti við Háskólann í Kaunas í Litháen og Yrkehögskolan Novia í Vaasa í Finnlandi.

Rannsóknir

Rannsóknastarfsemi við deildina er öflug. Fjórtán doktorsnemar störfuðu með kennurum að verkefnum sínum. Þrjú doktorsnemendur vörðu ritgerðir sínar á árinu. Jóhanna Bernharðsdóttir vann undir leiðsögn Rúnars Vilhjálmssonar að rannsókn sem ber heitið Þróun og mat á stuttri hugrænni atferlismeðferð í hópum til að draga úr sálrænni vanlíðan meðal íslenskra kvenstúdenta. Sigríður Zoëga varði ritgerð sem ber heitið Gæða verkjameðferð á sjúkrahúsi. Hún vann hana undir leiðsögn Sigríðar Gunnarsdóttur. Þorbjörg Jónsdóttir vann undir leiðsögn Sigríðar Gunnarsdóttur og Helgu Jónsdóttur rannsókn sem ber heitið Langvinnir verkir, heilsutengd lífsgæði, notkun á heilbrigðisþjónustu og samskipti við heilbrigðisstarfsmenn vegna langvinnra verkja meðal íslensks almennings.

Rannsóknir Kristínar Björnsdóttur prófessors tengjast heimahjúkrun. Í þeim hefur hún einbeitt sér að greiningu á vönduðum starfsháttum sem leiða til árangursríkrar þjónustu. Í því sambandi hefur hún fjallað um samvinnu innan starfshópa eða teymisvinnu og samvinnu við samstarfsfólk á öðrum vinnustöðum og við sjúklinga og aðstandendur þeirra. Í rannsóknum sínum hefur hún lagt áherslu á hvernig samþætting ólíkra þjónustukerfa hefur áhrif á nærþjónustuna. Jafnframt hefur Kristín fjallað um skilning eldri borgara, sem búa heima en þarfnast verulegrar aðstoðar vegna heilsumissis, á aðstæðum sínum. Núna vinnur hún að rannsókn á umönnun aðstandenda sem annast um fólk með heilabilun.

Markaðs- og kynningarmál

Grunn- og meistaranám í hjúkrunarfræði og nám í ljósmóðurfræði var kynnt á háskóladeginum 1. mars. Nemendur buðu gestum upp á blóðsykurs- og blóðþrýstingsmælingar við góðar undirtektir. Sama dag var jafnframt haldinn fundur með námsráðgjöfum í framhaldsskólum. Kynningarnar heppnuðust vel. Framboð á framhaldsnámi var auk þess kynnt í sérstakri blaðaauglýsingu.

Annað

Á krossgötum

Á krossgötum, kynningardagur hjúkrunarfræðinema, var haldinn í sjötta sinn 24. janúar í Eirbergi. Hjúkrunarfræðinema á fjórða ári grunnnáms kynntu fyrir gestum og gangandi ýmsar hliðar á starfi hjúkrunarfræðinga í samfélaginu. Kynntar voru bæði nýjar og hefðbundnar hliðar á störfum hjúkrunarfræðinga en um 90 nemendur komu að kynningunni. Gestir fengu meðal annars að kynna

hjúkrun á nýburagjörgæslu, viðbótarmeðferðum í hjúkrun, forvörnum gegn slysum, hjúkrun við blóðgjöf, hjálparstarfi hjúkrunarfræðinga í Kambódíu og vitundarvakningu um ofþyngd og offitu. Fulltrúar frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga voru á svæðinu og kynntu störf sín. Þá var blóðbíll Blóðbankans fyrir utan húsið og voru gestir hvattir til þess að nýta sér þjónustu hans. Einnig var kynning á framhaldsnámi í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði við Hjúkrunarfræðideild.

Akademískar nafnbætur

Þann 26. nóvember tóku eftirtaldir við akademískri nafnbót í Hjúkrunarfræðideild við athöfn í hátíðasal skólans:

- Anna Ólafía Sigurðardóttir
- Arna Skúladóttir
- Birna G. Jónsdóttir
- Elísabet Konráðsdóttir
- Helga Sif Friðjónsdóttir
- Herdís Gunnarsdóttir
- Lovísa Baldursdóttir
- Rakel Björg Jónsdóttir

Brautskráðir stúdentar frá Hjúkrunarfræðideild 2014

Hjúkrunarfræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Hjúkrunarfræði	2	90	92
BS Alls		2	90	92
cand. obst.	Ljósmóðurfræði		10	10
cand. obst. Alls			10	10
Doktorspróf	Hjúkrunarfræði		3	3
Doktorspróf Alls			3	3
MS	Hjúkrunarfræði		10	10
	Ljósmóðurfræði		3	3
MS Alls			13	13
Alls úr deildinni á árinu		2	116	118

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kándidata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kándidata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kándidata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala vinnur samkvæmt reglum nr. 542 frá 15. júní 2010 um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala.

Aðalviðfangsefni stofnunarinnar er að styðja við rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði og efla þær. Vefsíða stofnunarinnar er:

http://www.hi.is/hjukrunarfraedideild/rannsoknastofnun_i_hjukrunarfraedi og stofnunin heldur einnig úti síðu á Facebook.



Stjórn og starfslið

Í stjórn Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði sátu á árinu: Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor, formaður, Guðrún Kristjánsdóttir prófessor, tilnefnd af Hjúkrunarfræðideild, og Ingibjörg Hjaltadóttir, tilnefnd af framkvæmdarstjóra hjúkrunar á Landspítala.

Alls voru haldnir átta stjórnarfundir á starfsárinu.

Starfsmaður Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði var Margrét Björnsdóttir, verkefnastjóri daglegs reksturs, í 50% stöðugildi.

Húsnæði

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði hefur aðstöðu í Eirbergi, Eiríksgötu 34. Verkefnastjóri daglegs reksturs er með skrifstofu á þriðju hæð í B-álmú hússins. Á annarri hæð í A-álmú er tölvuver og lesaðstaða fyrir nemendur í meistaranámi. Á þriðju hæð í A-álmú er vinnuaðstaða fyrir nemendur í doktorsnámi. Verkefnastjóri daglegs reksturs heldur utan um vinnuaðstöðuna og sér um úthlutun í upphafi hvers misseris. Á fyrstu hæð í C-álmú er Rannsóknasetur Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði (Mörgustofa). Markmið setursins er að auðvelda kennurum Hjúkrunarfræðideildar og samstarfsfólki þeirra á Landspítala að stunda meðferðarrannsóknir.

Rannsóknir

Markmið Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði er að styðja við rannsóknir kennara við Hjúkrunarfræðideild, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala. Einnig leitast stofnunin við að koma rannsóknum á framfæri með ráðstefnum, málstofum og fyrirlestrum og með því að birta upplýsingar um þær á heimasíðu stofnunarinnar.

Í stefnu Hjúkrunarfræðideildar 2012–2017 er meðal annars lögð áhersla á frjótt rannsóknsumhverfi og árangur í rannsóknum. Rannsóknir í Hjúkrunarfræðideild taka mið af alþjóðlegum viðurkenndum mælikvörðum og gæðaviðmiðum. Lögð er áhersla á árangur, áhrif og gæði rannsókna og hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna. Í því skyni ætlar Hjúkrunarfræðideild meðal annars að auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna. Því til viðbótar vill deildin fjölga birtum greinum, sérstaklega í virtum ritrýndum tímaritum.

Helsti mælikvarði á rannsóknavirkni kemur fram í rannsóknastigum Hjúkrunarfræðideildar. Þau eru metin út frá þáttum eins og fjölda ritrýndra tímaritsgreina, bóka, bókarkafla og erinda kennara á ári hverju. Meðaltal rannsóknastiga á starfsígildi við Hjúkrunarfræðideild árið 2014 var 27,8 stig.

Viðburðir

Við Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði er lögð áhersla á að fylgjast með þeim rannsóknum í hjúkrunarfræði sem verið er að vinna að og koma þeim á framfæri. Það er gert með viðburðum eins og ráðstefnum, málstofum, fyrirlestrum, vinnusmiðjum og málþingum þar sem greint er frá rannsóknum og rannsóknaniðurstöðum. Hinn 15. janúar stóð stofnunin fyrir ráðstefnunni Hjúkrun í fararbroddi. Þetta var í fyrsta sinn sem ráðstefnan var haldin og var hún tileinkuð Guðrúnu Marteinsdóttur, sem var dósent við námsbraut í hjúkrunarfræði og einn af fyrstu fastráðnu kennurum námsbrautarinnar. Guðrún kenndi heilsugæsluhjúkrun og stjórnun og var frumkvöðull meðal íslenskra hjúkrunarfræðinga á sviði heilsugæslu- og fjölskylduhjúkrunar. Á ráðstefnunni var úthlutað styrk úr minningarsjóði Guðrúnu Marteinsdóttur, sem var stofnaður árið 2004, en einn

tilgangur sjóðsins er að veita nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum viðurkenningu fyrir góðan námsárangur á sviði heilsugæsluhjúkrunar. Styrkinn hlaut Kristín Georgsdóttir fyrir framúrskarandi námsárangur í heilsugæsluhjúkrun í BS-námi. Á ráðstefnunni voru flutt 30 erindi í sex málstofum og 12 veggsþjöld kynnt og skráðu tæplega 300 manns sig á hana. Ráðstefnan var haldin í húsnaði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð og heppnaðist hún vel. Fyrirhugað er að halda ráðstefnu sem þessa annað hvert ár.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði stóð auk þess fyrir þremur málþingum, einu opinberu erindi, sex rannsóknasamræðum og tveimur vinnusmiðjum, sem og vísindadegi geðhjúkrunar, sem fór fram í Eirbergi 31. janúar og var haldinn í samstarfi við fagdeild í geðhjúkrun og Landspítala – háskólasjúkrahús.

Rannsóknasjóðir

Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur

Markmið Rannsóknasjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur er að efla rannsóknir í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði. Styrkir eru veittir til rannsóknaverkefna hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í doktorsnámi, sem falla að markmiði sjóðsins. Sjóðurinn veitti styrki að upphæð 1,1 milljón króna árið 2014. Styrkþegar voru Ásta B. Pétursdóttir, Berglind Hálfhánsdóttir og Rannveig J. Jónasdóttir. Þetta var í sjöunda skipti sem úthlutað var úr sjóðnum.

Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda

Hinn 22. desember 2008 var Minningarsjóður Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar bónda stofnaður. Stofnfé var 25 milljónir króna. Tilgangur sjóðsins og markmið er að styrkja ljósmæður og hjúkrunarfræðinga til framhaldsnáms. Sjóðurinn er í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Á árinu 2014 var úthlutað úr sjóðnum einni milljón króna. Styrkþegar voru Valgerður Lía Sigurðardóttir og Ingibjörg Eiríksdóttir.

Lyfjafræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Már Másson prófessor var forseti Lyfjafræðideildar og Sesselja S. Ómarsdóttir var varadeildarforseti. Í deildarráði sátu þau Már Másson, Sesselja S. Ómarsdóttir, Elín Soffía Ólafsdóttir, Sveinbjörn Gizurarson, Margrét Þorsteinsdóttir og Hákon H. Sigurðsson.

Starfsfólk

Fyrri hluta árs 2014 störfuðu hjá Lyfjafræðideild fimm prófessorar, þrír dósentar og þrír lektorar í hlutastarfi, auk deildarstjóra, sérfræðings sem var umsjónarmaður Lyfjafræðiseturs í 60% stöðu og 40% stöðu við rannsóknir, og aðstoðarmanns á rannsóknastofum. Fjöldi stundakennara kenndi við deildina og þrír nýdoktorar störfuðu við hana. Einar Mäntylä gestadósent kenndi við deildina á haustmíssi. Gerður var samningur milli Háskóla Íslands, Hjartaverndar og Vals Emilssonar um stöðu hans sem rannsóknaprófessors við Lyfjafræðideild. Anna Birna Almarsdóttir prófessor sagði starfi sínu við Háskóla Íslands lausu frá og með 1. mars og tók við prófessorsembætti við Syddansk Universitet í Óðinsvéum í Danmörku.

Þann 1. júlí fengu tveir dósentar framgang í stöðu prófessors, þau Hákon Hrafn Sigurðsson og Sesselja S. Ómarsdóttir.

Kristín Ingólfssdóttir prófessor var í leyfi þar sem hún gegnir nú stöðu rektors Háskóla Íslands.

Lyfjafræðideild		
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	2	2
– karlar	0	0
Lektorar		
– konur	1	0,15
– karlar	2	0,87
Dósentar		
– konur	1	1
– karlar	0	0
Prófessorar		
– konur	3	2,49
– karlar	4	3,49
Samtals	11	8
Rannsóknafólk í deildinni		
– konur	5	4,53
– karlar	6	5,95
Samtals	11	10,48

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Nám og kennsla

Í Lyfjafræðideild eru fara fram rannsóknir, kennsla, fræðsla og þjónusta. Starfsemi deildarinnar hefur miðað að því að sinna þessum fjórum þáttum en aðaláherslan er lögð á kennslu og rannsóknir í lyfjafræði og lyfjavísindum. Við deildina eru lyfjafræðingar menntaðir og markmið háskólanáms í lyfjafræði er að nemendur séu að námi loknu hæfir til að stunda öll almenn lyfjafræðistörf: í lyfjabúðum, við lyfjagerð, í lyfjaiðnaði og lyfjaheildverslunum, á sjúkrahúsum og við rannsóknir.

Við Lyfjafræðideild er boðið upp á 180 eininga, þriggja ára BS-nám í lyfjafræði og 120 eininga, tveggja ára, MS-nám í lyfjafræði. Að loknu tveggja ára meistaranámi í lyfjafræði og sex mánaða starfsnámi í lyfjabúðum geta nemendur sótt um starfsleyfi lyfjafræðings til embættis landlæknis.

Við Lyfjafræðideild er einnig boðið upp á 120 eininga meistaranám í lyfjavísindum fyrir þá sem hafa lokið BS-prófi í efnafræði, lífefnafræði, líffræði, lyfjafræði eða skyldum greinum.

Að loknu meistaranámi býður Lyfjafræðideild upp á þriggja ára doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum, sem er 180 eininga nám.

Á haustmisseri 2014 voru 96 nemendur innritaðir í nám í Lyfjafræðideild, þar af 69 í BS-nám, 19 í meistaranám í lyfjafræði og 8 í doktorsnám. Þar af var einn doktorsnemi í þverfaglegri samvinnu við námsbraut í umhverfis- og auðlindafræðum.

Doktorsnám

Doktorsnám í lyfjafræði og lyfjavísindum er í stöðugri sókn og á árinu voru 22 doktorsnemar skráðir við deildina.

Doktorsvarnir

Þrjú doktorsnemar vörðu doktorsritgerðir sínar við Lyfjafræðideild á árinu.

Þann 23. júní varði Vivek S. Gaware doktorsritgerð sína í lyfjavísindum. Verkefnið nefndist Nýting Di-TBDMS-kítósans í efnasmíði örbera fyrir ljósörvaða lyfjauptöku (PCI) í krabbameinsmeðferð (Utilization of Di-TBDMS-Chitosan in the Synthesis of Chitosan Carriers for Photochemical Internalization (PCI) in Cancer Therapy).

Þann 3. nóvember varði Varsha Ajaykumar Kale doktorsritgerð sína í lyfjavísindum. Verkefnið nefndist Lífvirkar sulfateraðar fjölsykrur úr sæbjúganu *Cucumaria frondosa* og ensím sem umbreyta slíkum lífefnum (Bioactive Sulfated Polysaccharides from the Sea Cucumber *Cucumaria frondosa* and Enzymes Active on This Class of Biomolecules).

Þann 27. nóvember varði Zoltán Fülöp doktorsritgerð sína í lyfjavísindum. Verkefnið nefndist Sýklódextrín-nanóagnir sem lyfjaferjur (Self-Assembly of Cyclodextrins and Cyclodextrin Nanoparticles).

Alþjóðasamskipti

Skiptinemar við deildina voru á árinu þau Dorota Anna Wojciechowska frá Póllandi, Maja Stefánsdóttir Egekvist og Unnur Arna Þorsteinsdóttir frá Danmörku, Attila Balogh frá Ungverjalandi og Marina Cunha frá Portúgal.

Charlotte Gottfredsen, dósent við danska tækniháskólann (DTU), samstarfsmaður Sesselju S. Ómarsdóttur, kom sem gestakennari á haustmisseri og tók þátt í að leiðbeina doktorsnemum. Dawid Stawski, deildarforseti við Tækniháskólann í Łódź í Póllandi, kom sem gestakennari á vormisseri og tók einnig þátt í að leiðbeina meistara- og doktorsnemum. Einnig hélt hann málstofu sem nefndist Biodegradable Textile Products. Maria Månson, nýdoktor í efnafræði við danska tækniháskólann (DTU), var gestakennari í námskeiðinu Lyfja- og efnafræði náttúruafna II á vormisseri.

Þann 13. júní flutti Dr. Lessig-Owlanj sérfræðingur í lyfjagerð fyrirlestur um rannsóknir sínar. Dr. Jacqueline Lessig-Owlanj er sérfræðingur í lyfjagerð (e. Drug Delivery Systems) og kandídat um nýja lektorsstöðu við Lyfjafræðideild og Læknadeild HÍ. Fyrirlesturinn var í tengslum við dvöl hennar hér dagana 12.-15. Júní.

Rannsóknir

Mikil áhersla er lögð á rannsóknir og góður árangur á því sviði einkennir starf deildarinnar. Allir fastráðnir kennarar eru virkir í rannsóknum, eins og sjá má á vef deildarinnar þar sem kennarar birta m.a. ritmíðalista sína. Fjöldi birtinga í svokölluðum ISI-tímaritum er almennt viðurkenndur mælikvarði á rannsóknavirkni og þar er árangur kennara í Lyfjafræðideild með því besta sem gerist við Háskóla Íslands. Þessi mikla rannsóknavirkni endurspeglast í fjölda doktors- og meistaranema við deildina. Kennarar í deildinni eru iðnir við að sækja um rannsóknastyrki og fá þá oft, úr bæði innlendum og erlendum samkeppnissjóðum, til að standa straum af launum doktorsnema og reksturs rannsóknastofa.

Viðurkenning

Þorsteinn Loftsson, prófessor við Lyfjafræðideild, var valinn á nýjan lista fyrirtækisins Thomson Reuters yfir áhrifamestu vísindamenn samtímans. Á listanum eru rúmlega 3000 vísindamenn sem, að mati Thomson Reuters, hafa mest áhrif á sínu vísindasviði í heiminum í dag. Listinn nær til allra greina vísinda og fræða en hugvísindi eru þó undanskilin. Thomson Reuters er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að halda utan um og túlka gögn um árangur í vísindarannsóknum. Listi Times Higher Education University Rankings yfir 300 fremstu háskóla heims byggist t.d. á gögnum frá þessu fyrirtæki.

Markaðs- og kynningarstarf

Lyfjafræðinám var kynnt á háskóladeginum 1. mars. Lyfjafræðinemar tóku enn fremur að sér að kynna námið í nokkrum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Doktorsnemar, meistaranemar og kennarar Lyfjafræðideildar, auk erlendra og innlendra gestafyrirlesara, hafa kynnt rannsóknir sínar á málstofum Lyfjafræðideildar.

Annað

Lyfjafræðideild veitir árlega þeim nemendum sem hljóta hæstu einkunn á BS- og MS-prófi viðurkenningu, sem og þeim nema sem nær bestum árangri á prófum á fyrsta ári í BS-námi. Þann 8. febrúar voru veittar viðurkenningar vegna háskólaársins 2012–2013. Viðurkenningarnar hlutu Ingólfur Birgisson, fyrir besta árangur á MS-prófi, Elva Friðjónsdóttir, fyrir besta árangur á BS-prófi, og Inga Sæbjörg Magnúsdóttir, fyrir besta árangur í prófum á fyrsta ári í BS-námi.

Þann 8. nóvember, á degi lyfjafræðinnar, voru veittar viðurkenningar vegna háskólaársins 2013–2014. Viðurkenningarnar hlutu Auður Elín Finnbogadóttir, fyrir besta árangur á MS-prófi, Ingunn Harpa Bjarkadóttir, fyrir besta árangur á BS-prófi, og Kristín Perla Sigurbjörnsdóttir, fyrir besta árangur í prófum á fyrsta ári í BS-námi.

Þann 26. febrúar var fjórum doktorsnemum veittur styrkur úr Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Scheving Thorsteinssonar lyfsala. Styrkþegarnir voru Anna Bryndís Blöndal, Ása Bryndís Guðmundsdóttir, Natalia Magdalena Pich og Zoltán Fülöp.

Sjálfsmat Lyfjafræðideildar fór fram á árinu. Í sjálfsmatshópnum voru þau Már Másson prófessor, Sesselja S. Ómarsdóttir dósent (prófessor frá 1. júlí), Sveinbjörn Gizurarson prófessor, Hlíf Hauksdóttir, lyfjafræðinemi á fyrsta ári í meistaranámi, Guðjón Reykdal Óskarsson, lyfjafræðinemi á þriðja ári í grunnnámi, og Ólafur Adolfsson, lyfjafræðingur og apótekari í Apóteki Vesturlands. Pia Vuorela, prófessor við háskólann í Helsinki, og Jónína Helga Ólafsdóttir, fyrrverandi starfsmannastjóri Heilbrigðisvísindasviðs, og tók sæti Sigrúnar Sigurðardóttur, deildarstjóra Lyfjafræðideildar. Mikill undirbúningur og vinna fór í sjálfsmatsskýrsluna. Fulltrúar nemenda skipulögðu rýnifund fyrir nemendur í lyfjafræði m.a. til að kanna viðhorf þeirra til námsins og gæða kennslunnar. Pia Vuorela kom til landsins í apríl vegna þessarar úttekta á sjálfsmatsvinnu kennara og nemenda í Lyfjafræðideild.

Brautskráðir stúdentar frá Lyfjafræðideild 2014

Lyfjafræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Lyfjafræði	3	16	19
BS Alls		3	16	19
Doktorspróf	Lyfjafræði		1	1
	Lyfjavísindi	2	1	3
	Lýðheilsuvísindi við lyfjafræðideild		1	1
Doktorspróf Alls		2	3	5
MS	Lyfjafræði	3	12	15
	Lyfjavísindi	1	1	2
MS Alls		4	13	17
Alls úr deildinni á árinu		9	32	41

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kandiðata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiðata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kandiðata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Lyfjafræðisetur

Almennt yfirlit

Lyfjafræðisetur Háskóla Íslands er rannsóknasetur í lyfjafræði og lyfjavísindum (Centre of Research in Pharmacy and Pharmaceutical Sciences) var stofnað í janúar 2011. Lyfjafræðisetur heyrir undir Lyfjafræðideild og er regnhlíf yfir rannsóknastarfsemi deildarinnar. Að jafnaði stunda u.þ.b. 10 fræðimenn, 20 doktorsnemar og 14 meistaranemar deildarinnar rannsóknir sínar undir þeirri hlíf. Lyfjafræðisetur hefur aðsetur í húsnæði Lyfjafræðideildar í Haga við Hofsvallagötu.

Hlutverk Lyfjafræðisetsurs er að stunda rannsóknir á sviði lyfjafræði og lyfjavísinda við Háskóla Íslands. Markmið setsursins er að styrkja og hafa umsjón með aðstöðu og tækjabúnaði til rannsókna í lyfjafræði og lyfjavísindum við skólann og efla vísindalega þjálfun ungs fólks á þessu sviði. Jafnframt leggur Lyfjafræðisetur áherslu á að miðla rannsóknaniðurstöðum og kynna störf vísindamanna og nemenda deildarinnar með málstofum og fundum og kynningu á vef setsursins. Rannsóknastarfsemi setsursins er skipað í þrjá kjarna hvað skipulag varðar: kjarna í lyfjaefnafræði, kjarna í lyfjagerðarfræði og kjarna í klínískri lyfjafræði og félagslyfjafræði. Rannsóknahópum sem starfa innan deildarinnar er skipað í þessa þrjá kjarna.

Stjórn og starfsmenn

Lyfjafræðisetur hefur þriggja manna stjórn, skipaða akademískum starfsmönnum Lyfjafræðideildar. Á árinu sátu í stjórn Elín Soffía Ólafsdóttir prófessor (formaður), Hákon Hrafn Sigurðsson dósent (prófessor frá 1. júlí) og Margrét Þorsteinsdóttir dósent. Stjórn vinnur náið með umsjónarmanni setsursins og deildarforseta. Lyfjafræðisetur hefur ekki sérstakan fjárhag og er alfarið undir fjárhagslegri stjórn Lyfjafræðideildar.

Sergey Kurkov var áfram umsjónarmaður Lyfjafræðiseturs á árinu. Hann sér um gæðamál og daglegan rekstur rannsóknaraðstöðunnar, viðhald og viðgerðir á tækjabúnaði. Hann leiðbeinir einnig nýjum starfsmönnum og stundar jafnframt eigin rannsóknir. Þá sér hann um að afla styrkja og halda við heimasíðu setursins. Umsjónarmaður setursins er jafnframt starfsmaður Lyfjafræðideildar.

Rannsóknastofnun um lyfjamál

Stofnunin starfaði ekki á árinu. Forsvarsmáður hennar, Anna Birna Almarsdóttir prófessor, var í leyfi til 1. mars og sagði síðan starfi sínu lausu í kjölfarið. Stofnunin hefur þó ekki verið lögð niður.

Læknadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Í Læknadeild fer fram kennsla og rannsóknir í læknisfræði en að auki heyra undir deildina námsbraut í sjúkraþjálfun, námsbraut í geislafræði og námsbraut í lífeindafræði, Miðstöð í lýðheilsuvísindum (sem sér um þverfaglegt meistara- og doktorsnám) og þverfræðilegt meistaranám í talmeinafræði. Námsbrautir hafa sérstakar námsbrautarstjórnir og situr deildarforseti stjórnarfundir þeirra (sjá sérstakan kafla um námsbrautir).

Fyrri hluta árs voru í deildarráði Læknadeildar: Magnús Karl Magnússon, prófessor og deildarforseti, Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor og varadeildarforseti, Ingibjörg Harðardóttir prófessor, Tómas Guðbjartsson prófessor, Hannes Petersen dósent (varð prófessor á árinu), Jórunn Erla Eyfjörð prófessor, Runólfur Pálsson dósent (varð prófessor á árinu), Díana Óskarsdóttir, lektor og námsbrautarstjóri í geislafræði, Martha Ásdís Hjálmsdóttir, lektor og námsbrautarstjóri í lífeindafræði, og Þórarinn Sveinsson, prófessor og námsbrautarstjóri í sjúkraþjálfun. Þann 1. júlí urðu þær breytingar á deildarráði að Ingibjörg Harðardóttir prófessor og Hannes Petersen dósent viku úr deildarráði en Reynir Arngrímsson dósent og Björg Þorleifsdóttir lektor tóku sæti þeirra. Fulltrúi kennsluráðs, Þorvarður Jón Löve, sat einnig fundi deildarráðs, auk tveggja fulltrúa læknanema. Varamenn í deildarráði fyrri hluta árs voru Eiríkur Steingrímsson prófessor, Ragnar Bjarnason dósent, Bryndís Benediktsdóttir prófessor, Reynir Arngrímsson dósent og Karl K. Andersen prófessor. Þann 1. júlí urðu þær breytingar á varadeildarráði að Arna Hauksdóttir dósent tók við af Reyni Arngrímssyni.

Starfsfólk

Læknadeild			
	Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	11	8,63
	– karlar	0	0
Aðjuntar			
	– konur	9	2,96
	– karlar	2	0,75
Lektorar			
	– konur	11	7,74
	– karlar	8	3,72
Dósentar			
	– konur	9	6,37
	– karlar	22	11,95
Prófessorar			
	– konur	8	6,0
	– karlar	46	25,55
	Samtals	115	65,0
Akademískir sérfræðingar			
	– konur	1	0,49
	– karlar	1	0,5
	Samtals	2	0,99
Aðrir starfsmenn deildarinnar (rannsóknafólk)			
	– konur	35	28,98
	– karlar	16	13,9
	Samtals	51	42,9
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði			
	– konur	16	13,78
	– karlar	4	3,5
	Samtals	20	17,3

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Í ársbyrjun störfuðu 87 fastráðnir kennarar við kennslu og rannsóknir í læknisfræði, þar af 76 í hlutastörfum (25–75%). Á þeim tíma voru 50 prófessorar í hópi fastráðinna kennara, 25 dósentar og 12 lektorar. Aðjuntar voru 62. Læknadeild er í nánu samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús og fleiri heilbrigðisstofnanir og eru hlutastörf klínískra kennara við deildina yfirleitt í tengslum við a.m.k. 50% starf á sama fræðasviði á þeim stofnunum. Á árinu hlutu nokkrir kennarar framgang í starfi, ráðið var í nokkrar stöður og ein breyting varð í stjórnsýslu. Hér að neðan er gerð grein fyrir þessum breytingum.

Eftirtaldir hlutu framgang í starfi á árinu:

- Emil L. Sigurðsson hlaut framgang í starf prófessors í heimilislæknisfræði.
- Hannes Petersen hlaut framgang í starf prófessors í líffærafræði.

- Runólfur Pálsson hlaut framgang í starf prófessors í lyflæknisfræði (nýrnalæknisfræði).

Eftirtaldir starfsmenn voru nýráðnir á árinu:

- Póra Steingrímsdóttir, sameiginlegt starf prófessors í Læknadeild (50%) og yfirlæknis á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í fæðinga- og kvensjúkdómafræði.
- Kristín Ólafsdóttir, 37% starf lektors í eiturefnafræði.
- Arna Hauksdóttir, 100% starf dósents hjá Miðstöð í lýðheilsuvísindum, hún gegndi áður starfi lektors sem var kostað af styrkfé.
- Berglind Guðmundsdóttir, 50% starf dósents í sálfræði á fræðasviði geðlækninga.
- Kristín Sigurðardóttir, 25% starf aðjunktis í samskiptafræði.
- Thor Aspelund, 50% starf dósents í líftölfræði hjá Miðstöð í lýðheilsuvísindum.
- Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir, 49% starf kennslustjóra rannsóknatengds framhaldsnáms.

Eftirtaldir starfsmenn létu af störfum á árinu:

- Gunnsteinn Haraldsson lét af störfum sem kennslustjóri rannsóknatengds framhaldsnáms 1. mars. Hann heldur áfram vísindastörfum við Læknadeild og Landspítala – háskólasjúkrahús í samvinnu við Karl G. Kristinsson. Sú staða er fjármögnuð með mótframlagi vegna erlends styrks.

Nám og kennsla

Inntökupróf í læknisfræði og sjúkraþjálfun fóru fram 11. og 12. júní. Samtals þreyttu 273 stúdentar próf, þar af 224 stúdentar í læknisfræði og 49 í sjúkraþjálfun. Um haustið hófu 48 stúdentar nám í læknisfræði og 35 stúdentar í sjúkraþjálfun. Kynjaskipting þeirra sem hófu nám í læknisfræði var 18 karlar og 30 konur og í sjúkraþjálfun 15 karlar og 20 konur. Árið 2014 voru 48 læknanemar brautskráðir með BS-gráðu, í jöfnum kynjahlutföllum, og alls luku 53 nemendur embættisprófi í læknisfræði á árinu, 22 karlar og 31 kona.

Mikil gróska er í rannsóknatengdu framhaldsnámi í deildinni. Formaður rannsóknanámsnefndar er sem fyrr Helga M. Ögmundsdóttir prófessor og Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir gegnir starfi kennslustjóra rannsóknatengds framhaldsnáms. Sú breyting hefur orðið á starfsemi rannsóknanámsnefndar að umsjón með doktorsnámi í Læknadeild, Lyfjafræðideild og Tannlæknadeild, sem áður var í höndum nefndarinnar, var færð til nýstofnaðrar doktorsnámsnefndar Heilbrigðisvísindasviðs. Dagleg umsýsla með doktorsnámi í Læknadeild er enn í höndum deildarinnar. Málstofur fyrir meistaranema í formi dagslangrar ráðstefnu voru haldnar bæði á haust- og vormisseri. Skyldumæting er á málstofurnar og allir nemar flytja þar erindi um verkefni sín. Þá var mati meistaraþróa breytt á árinu, einkunnir eru ekki lengur gefnar heldur fá nemendur skriflegt mat fyrir ritgerðir og frammistöðu á meistaraþrófi. Sams konar breytingar á mati BS-verkefna voru samþykktar á árinu en koma fyrst til framkvæmda árið 2015. Árið 2014 voru 183 nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi í Læknadeild, 92 í meistaranámi og 91 í doktorsnámi. Alls hófu 23 nemendur meistaranám á árinu og 33 nemendur luku meistaraþrófi í Læknadeild.

Doktorsnám

Í doktorsnám voru innritaðir fimmtán nýir nemendur og tólf doktorsnemar luku doktorsprófi á árinu, þar af fimm karlar og sjö konur. Nánari upplýsingar um brautskráða doktora og verkefni þeirra er að finna á öðrum stað í þessu riti. Frá upphafi hefur Læknadeild nú brautskráð samtals 98 nemendur með doktorspróf, 48 karla og 50 konur.

Alþjóðasamskipti

Nemendur á sjötta ári í læknisfræði þreyttu að venju alþjóðlegt próf, Comprehensive Clinical Science Examination (CCSE). Gildi prófsins er margþætt. Alþjóðlegt viðmið fyrir námið er afar þýðingarmikið,

skoða má árangur í einstökum greinum og nemendur fá upplýsingar um stöðu sína í samanburði við erlenda nemendur.

Nemendaskipti við erlenda háskóla voru með þeim hætti á árinu að sjö erlendir skiptinemar stunduðu nám við deildina. Þeir voru frá Þýskalandi og Danmörku. Enginn íslenskur læknanemi fór í skiptinám til útlanda á árinu.

Runólfur Pálsson var kjörinn forseti Evrópusamtaka lyflækna á aðalfundi samtakanna sem haldinn var í Eistlandi 27. september.

Sterk hefð er fyrir alþjóðlegu rannsóknasamstarfi í deildinni og einnig koma margir læknar erlendis frá að kennslu í Læknadeild. Þá er að skapast hefð fyrir því að erlendir andmælendur við doktorsvarnir í deildinni haldi fyrirlestra í heimsóknum sínum í tengslum við doktorsvarnirnar.

Rannsóknir

Kennarar og aðrir vísindamenn Læknadeildar eru afar öflugir á sviði rannsókna. Auk sjálfstæðra verkefna, innlendra og erlendra, tengjast kennarar deildarinnar mörgum helstu rannsóknastofnunum landsins, svo sem Tilraunastöðinni að Keldum, Íslenskri erfðagreiningu, Hjartavernd og Krabbameinsfélagi Íslands. Landspítali – háskólasjúkrahús er síðan vettvangur rannsókna allra þeirra kennara sem gegna samhlíða störfum við háskólann og spítalann.

Vísindanefnd Heilbrigðisvísindasviðs er starfsfólki til ráðgjafar um mál er lúta að rannsóknum og aðstöðu til þeirra, auk þess sem hún stendur fyrir árlegri rannsóknaráðstefnu í líf- og heilbrigðisvísindum í samstarfi við aðrar deildir sviðsins. Rannsóknavirkni er sem fyrr háð styrkveitingum og á árinu hlutu starfsmenn Læknadeildar fjölda styrkja til margvíslegra rannsóknaverkefna og meðal þeirra voru:

- Einar Stefán Björnsson prófessor til verkefnisins Prótónpumpuþemlar – Aukning á sýru magans eftir notkun, þróun og forspárþættir fyrir oförvun á gastríni og kynjabundinn skammtur á lyfjunum.
- Einar Stefánsson prófessor til verkefnisins Retinal Oxygenation in Diabetes – A Prospective Study of Abnormalities in Retinal Oxygen Metabolism in Diabetic Retinopathy.
- Erna Magnúsdóttir sérfræðingur til verkefnisins The Transcriptional Enhancer Signatures in MGUS and Multiple Myeloma.
- Gunnar Guðmundsson prófessor til verkefnisins Interstitial Lung Abnormalities and MUC5B Promoter Polymorphism.
- Jórunn Erla Eyfjörð prófessor til verkefnisins The Role of MicroRNAs and Epigenetics in High-Risk Breast Cancer.
- Magnús Karl Magnússon prófessor til verkefnisins Mucin 5B Promoter Polymorphism – From Clinical Phenotype to Transcriptional Regulation.
- Ólafur Andri Stefánsson nýdكتور til verkefnisins The Impact of Epigenetic Changes in Breast and Ovarian Cancers.
- Ragnar Grímur Bjarnason prófessor til verkefnisins A Smartphone Application for Primary Prevention and Treatment of Obesity in Youth.
- Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, ónæmisfræðingur á Keldum, til verkefnisins Development of Immunotherapy Against Insect Bite Hypersensitivity of Horses.
- Unnur Anna Valdimarsdóttir prófessor til verkefnisins Stress-Response to a Lung Cancer Diagnosis and Impact on Progression.
- Valgerður Andrésdóttir, sameindaerfðafræðingur á Keldum, til verkefnisins Host Restriction of Maedi-Visna Virus and Viral Countermeasures.
- Vilhjálmur Rafnsson prófessor til verkefnisins Geothermal Areas and Cancer.

- Vilmundur Guðnason prófessor til verkefnisins Systems Genetics Approach to Atherosclerosis and Associated Risk Factors.
- Þorkell Guðjónsson nýdoktor til verkefnisins Characterizing the Role of USPL1 in the Response to DNA Damage and Cancer.
- Þórarinn Guðjónsson prófessor til verkefnisins Þekjuvarnir.
- Ásgeir Haraldsson prófessor, Karl G. Kristinsson prófessor og Helga Erlendsdóttir klínískur prófessor hlutu framhaldsstyrk frá GlaxoSmithKline til rannsókna á áhrifum bólusetninga gegn pneumókokkum.
- Jón Jóhannes Jónsson prófessor og fyrirtækið Lífeind til verkefnisins Greining á kjarnsýrum til nota við gæðamat og greiningar samhliða krabbameinsmeðferð.
- Hannes Petersen prófessor til verkefnisins Notkun kælíbúnaðar eftir hálskirtlatöku.

Markaðs- og kynningarmál

Læknadeild kynnti námsframboð á háskóladeginum 1. mars. Auk hefðbundinnar kynningar, þar sem kennarar og nemar kynntu gestum námsframboð, var einnig sett upp líkan af skurðstofu þar sem gestir fengu að spreyta sig á saumskap og mæltist það afar vel fyrir. Grunnám deildarinnar var einnig kynnt í nokkrum framhaldsskólum sem höfðu óskað sérstaklega eftir því.

Læknadeild og Siðfræðistofnun efndu til málstofu 28. febrúar um nýtingu erfðaupplýsinga í heilbrigðisþjónustu. Frummælendur voru Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar og prófessor, Magnús Karl Magnússon prófessor, Hörður Helgason, settur forstjóri Persónuverndar, og Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar. Fundarstjóri var Reynir Arngrímsson dósent.

Kristín Ingólfssdóttir rektor og Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra gangsettu formlega nýja smásjá í húsnæði Lífvisindaseturs í Læknagarði þann 23. apríl. Smásjain var fjármögnuð m.a. með framlagi frá Innviðasjóði vísinda- og tækniráðs.

Fræðsluerindi á vegum Vísindafélags Íslendinga, Líffræðistofu Háskóla Íslands, Lífvisindaseturs Háskóla Íslands og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands var haldið fimmtudaginn 30. október. Þar kynntu Kristján Leósson eðlisverkfræðingur og Kesara Anamthawat Jónsson, prófessor í líffræði, nóbelsverðlaunahafa í eðlisfræði og efnafræði 2014.

Læknadeild og lyflækningasvið Landspítala – háskólasjúkrahúss héldu málþing um framhaldsnám í lyflækningum við Landspítala þann 19. desember.

Þess má einnig geta að Lýðheilsufélag læknanema hefur starfrækt svokallaðan Bangsaspítala í nokkur ár með því að skipuleggja viðburði þar sem yngstu kynslóðinni gefst tækifæri til að koma á spítalann með skjólstæðinga sína, veika bangsa, tuskudýr og brúður hvers konar, til aðhlyningar. Markmið Bangsaspítalans er að stuðla að jákvæðu viðhorfi barna og trausti gagnvart heilbrigðisstarfsfólki, heilbrigðisstofnunum og því starfi sem þar fer fram. Áhuginn hjá börnunum sem komu með bangsana sína í læknisskoðun var mikill og læknanemum finnst þetta starf einnig sérstaklega lærdómsríkt og góð tilbreyting frá bókalestrinum.

Annað

Akademískar nafnbætur

Þann 26. nóvember tóku eftirtaldir við akademískri nafnbót í Læknadeild við athöfn í hátíðasal skólans:

- Anna Gunnarsdóttir læknir, klínískur dósent
- Halldór Kolbeinsson læknir, klínískur dósent

- Jón Snædal læknir, klínískur prófessor
- Sigurveig Þ. Sigurðardóttir læknir, klínískur dósent
- Sólveig Jónsdóttir sálfræðingur, klínískur lektor
- Þorbjörn Jónsson læknir, klínískur prófessor
- Evald Sæmundsen sálfræðingur, klínískur dósent
- Guðlaug Þórsdóttir læknir, klínískur dósent
- Guðrún Árnadóttir iðjuþjálfari, klínískur lektor

Viðurkenningar

Félag læknanema hefur árlega veitt kennsluverðlaun frá árinu 1995 og er verðlaununum ætlað að vera kennurum hvatning ásamt því að veita nemendum tækifæri til að þakka fyrir vel unnin störf í þeirra þágu. Á árs hátíð Félags læknanema í mars var tilkynnt að kennsluverðlaun skólaárið 2013–2014 hlutu feðginin Sigurður Guðmundsson prófessor og Bryndís Sigurðardóttir læknir fyrir framlag til kennslu læknanema á lyflækningasviði Landspítalans. Að auki voru Reyni Tómasi Geirssyni, prófessor í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum, veitt sérstök heiðursverðlaun fyrir framlag til kennslu og dýrmætt starf í þágu Ástráðs, forvarnafélags læknanema, og Guðrún Eiríksdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framlag sitt til þjálfunar og kennslu læknanema sem almennur læknir á skurðsviði Landspítalans.

Jóhanna Thelma Einarsdóttir, talmeinafræðingur og dósent við Læknadeild og Menntavísindasvið, hlaut heiðursverðlaun Málbjargar – félags um stam fyrir rannsóknir á stami.

Erla Björnsdóttir, sálfræðingur og doktorsnemi við Læknadeild, hlaut titilinn ungur vísindamaður ársins 2014 á Landspítala. Doktorsverkefni hennar var unnið undir handleiðslu Bryndísar Benediktsdóttur prófessors og Jóns Friðriks Sigurðssonar prófessors og fjallar um kæfisvefn.

Rannsóknahópur tengdur Læknadeild hlaut Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands vegna verkefnis um útrunnar blóðflögur til stofnfrumuræktunar. Hópurinn skipa Sandra Mjöll Jónsdóttir-Buch, aðjunkt í lífeindafræði við Læknadeild og doktorsnemi, Ólafur Eysteinn Sigurjónsson, klínískur lektor við Læknadeild Háskóla Íslands og dósent við Háskólann í Reykjavík, Ramona Lieder nýdoktor, Hildur Sigurgrímsdóttir, lífeindafræðingur og doktorsnemi, Kristbjörg Gunnarsdóttir lífeindafræðingur og Kristján Torfi Örnólfsson læknanemi.

Sjálfsmatsvinna

Í október hóf Læknadeild formlegt ferli við sjálfsmat en Háskóli Íslands hóf sjálfsmat á faglegum einingum árið 2012 í kjölfar rammaáætlunar gæðaráðs háskóla sem sett var fram árið 2011 um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi. Meginviðfangsefni sjálfsmats deildar er að gera grein fyrir gæðastarfi hennar, þ.e. hvernig deildin tryggir með kerfisbundnum hætti gæði náms, kennslu og prófgráða á öllum námsstigum og hvernig gögn og upplýsingar eru nýttar með skipulegum hætti til að áætlanir, aðgerðir, mat og eftirfylgni myndi samfelld umbótaferli. Sjálfsmatinu er ætlað að taka til allra þátta náms og kennslu, þ.m.t. staðbundinnar kennslu, fjarkennslu og verklegar kennslu og þjálfunar.

Skipað var í sjálfsmatshóp Læknadeildar á vormánuðum og sótti hópurinn stutt og hagnýtt námskeið um sjálfsmatsvinnuna í maí og hóf síðan formlega störf um haustið. Vegna umfangs og stærðar Læknadeildar var ákveðið að formenn námsbrauta í geisla- og lífeindafræði og sjúkrapjálfun, þau Díana Óskarsdóttir lektor, Martha Ásdís Hjálmarsdóttir lektor og Þórarinn Guðjónsson prófessor, yrðu einnig í sjálfsmatshópnum. Hópurinn er því óvenju fjölmennur en í námsbrautunum starfa síðan undirhópar sem vinna sjálfsmat fyrir hverja námsbraut. Auk formanna námsbrautanna þriggja er sjálfsmatshópur Læknadeildar skipaður deildarforseta, Magnúsi Karli Magnússyni, sem jafnframt er formaður, tveimur fulltrúum fastráðinna kennara, þeim Ingibjörgu Harðardóttur prófessor og Þorvarði Jóni Löve lektor, og tveimur fulltrúum nemenda, þeim Hallfríði Kristinsdóttur, nema á öðru

ári í læknisfræði, og Helgu Þráinsdóttur, nema á fimmta ári í læknisfræði. Einnig er í hópnum fulltrúi frá erlendum samanburðarháskóla sem er sérfræðingur á fagsviði deildarinnar. Hann var Stefan Lindgren, prófessor við háskólann í Lundi. Fulltrúi fyrirverandi nemenda eða atvinnu- og þjóðlífs var Ásgeir Thoroddsen læknir og að lokum er Erna Sigurðardóttir deildarstjóri fulltrúi annarra starfsmanna deildarinnar. Fundir voru haldnir reglulega þegar líða tók á haustið, þar sem verkefni og tímaáætlun var skilgreind og vinna hófst við gagnaöflun. Skype-fundur var haldinn með erlenda fulltrúanum í desember en áætlað er að verkefninu ljúki á vormisseri 2015.

Námsbraut í geislafræði

Stjórn og starfsfólk

Við námsbraut í geislafræði störfuðu fjórir fastráðnir kennarar í hlutastarfi sem samhliða eru í starfi á rannsóknastofum eða myndgreiningardeildum. Auk þeirra kenna stundakennarar við námsbrautina. Díana Óskarsdóttir var námsbrautarstjóri og eitt 50% stöðugildi er við stjórnsýslu námsbrautarinnar, sem rekið er í samvinnu við námsbraut í lífeindafræði.

Nám og kennsla

Kennsla í geislafræði hófst við Háskóla Íslands árið 2005 og fyrstu nemendurnir útskrifuðust með BS-gráðu vorið 2008. Haustið 2008 hófst kennsla á framhaldsstigi og fyrstu nemendurnir með diplómapróf á framhaldsstigi útskrifuðust vorið 2009 en það próf veitir réttindi til að sækja um starfsleyfi sem geislafræðingur. Fyrsti meistaranemandinn í geislafræði útskrifaðist með meistara-gráðu vorið 2011. Enn er unnið að uppbyggingu framhaldsnámsins, sem og áframhaldandi þróun á kennslu í grunnnámi.

Rannsóknir

Rannsóknir þær sem kennarar stunda fóru að mestu fram á Landspítalanum, Röntgen Domus og hjá Hjartavernd. Rannsóknir snerust um beinþéttnimælingar, geislameðferð, tölvusneiðmyndun, segulómun og ómskoðun.

Markaðs- og kynningarstarf

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í geislafræði á háskóladeginum 1. mars. Félag lífeinda- og geislafræðinema, FLOG, skipulagði kynninguna af hálfu nemenda. Enn fremur tóku nemendur þátt í kynningum fyrir framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu.

Námsbraut í lífeindafræði

Stjórn og starfsfólk

Við námsbraut í lífeindafræði störfuðu sjö fastráðnir kennarar, flestir í hlutastarfi, þar eð þeir störfuðu samhliða á rannsóknastofum Landspítalans. Auk þess kenndi fjöldi stundakennara við námsbrautina. Martha Ásdís Hjálmarsdóttir var námsbrautarstjóri.

Nám og kennsla

Nám í lífeindafræði miðar að því að diplómapróf á framhaldstigi sé nægilegur grunnur til að geta starfað sem lífeindafræðingur á öllum gerðum rannsóknastofa við heilbrigðisstofnanir og aðrar stofnanir og fyrirtæki sem stunda lífvísindi. Diplómanám er jafnframt fyrra árið í meistaranámi sem meirihluti nemenda velur að taka.

Námsbrautin tekur þátt í samstarfsnetinu BIONord, sem er samstarfsnet átján skóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum, styrkt af Nordplus. Meginviðfangsefni þessa samstarfsnets eru nemenda- og kennaraskipti, samskiptanet kennara innan sérgreina lífeindafræðinnar og aðferðir við námsmat.

Rannsóknir

Rannsóknir sem kennarar og nemendur stunda fóru að mestu fram á rannsóknadeildum Landspítalans og sneru að flestum sviðum lífeindafræðinnar. Nemendur búa vel að því að mikil hefð er fyrir rannsóknum í faginu og unnið er að fjölbreyttum rannsóknum.

Markaðs- og kynningarstarf

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í lífeindafræði á háskóladeginum 1. mars og tóku nemendur enn fremur þátt í kynningum í framhaldsskólunum. Nemendur áttu mikið frumkvæði í skipulagningu og framkvæmd kynningarmála og var starf þeirra til sérstakrar fyrirmyndar. Nýr kynningarbæklingur um námið kom út í febrúar.

Námsbraut í sjúkraþjálfun

Stjórn og starfsfólk

Á árinu störfuðu sjö fastráðnir kennarar við námsbraut í sjúkraþjálfun. Einn prófessor og þrjú dósentar voru í 100% stöðu, einn lektor í 75% stöðu og tveir í 50% stöðu. Einn aðjunkt starfaði við námsbrautina. Þórarinn Sveinsson prófessor gegndi formennsku námsbrautarinnar. Eitt 100% stöðugildi var við stjórnáslu námsbrautarinnar og gegndi Ásta Guðjónsdóttir því starfi. Stjórn námsbrautarinnar var skipuð öllum fastráðnum kennurum námsbrautarinnar, auk þriggja fulltrúa nemenda. Deildarforseti Læknadeildar, Magnús Karl Magnússon, var áheyrnarfulltrúi á námsbrautarfundum.

Nám og kennsla

Á árinu tók í gildi nýtt námsfyrirkomulag við námsbrautina sem felst í því að nám til BS-gráðu er þrjú námsár og til meistara-gráðu tvö til viðbótar og sú gráða veitir rétt til starfsleyfis. Inntökupróf voru haldin í júní og að þeim loknum fengu 35 nemendur sæti á fyrsta ári.

Kynning á BS-verkefnum brautskráningarkandídata fór fram í maí og kynntu 26 nemendur 14 verkefni. Meistaránám í hreyfivísindum er skipulagt af námsbraut í sjúkraþjálfun í tengslum við annað framhaldsnám í Læknadeild. Fastráðnir kennarar við námsbrautina voru leiðbeinendur í alls 17 meistara-verkefnum og sjö doktorsverkefnum á árinu. Af þeim voru fimm meistaranemar brautskráðir á árinu.

Rannsóknir

Kennarar námsbrautarinnar og nemendur þeirra í BS-námi og framhaldsnámi stunda rannsóknir við Rannsóknastofu í hreyfivísindum. Sjá umfjöllun um hana hér að neðan.

Markaðs- og kynningarstarf

Nemendur og kennarar unnu saman að því að kynna nám í sjúkraþjálfun á námskynningu á háskóladeginum 1. mars. Þar var m.a. dreift bæklingi um nám í sjúkraþjálfun og starf að námi loknu. Hreyfingur, sem var komið á laggirnar árið 2006, er fræðslu- og kynningarverkefni þar sem nemar í sjúkraþjálfun fara í framhaldsskóla og fræða nemendur. Verkefnið er hugsað til forvarna gegn álagseinkennum hjá framhaldsskólanemum þar sem hvatning til aukinnar hreyfingar og bættra lífshátta vegur þungt. Nýr kynningarbæklingur um námið kom út í febrúar.

Rannsóknastofa í hreyfivísindum

Rannsóknastofa í hreyfivísindum er til í húsa í Stapa þar sem námsbraut í sjúkraþjálfun er einnig. Þar er góð aðstaða til ýmiss konar rannsókna á sviði hreyfivísinda. Á árinu rannsökuðu kennarar námsbrautarinnar og nemendur þeirra í BS-námi og framhaldsnámi m.a. hreyfiferla og áhættuþætti barna og unglunga á krossbandameiðslum, hreyfingu og þrek barna, hreyfingu fullorðinna og meiðsl í handknattleik og knattspyrnu. Þeir báru einnig saman mismunandi aðferðir við meðhöndlun á einkennum frá stoðkerfi, rannsökuðu hvernig fótleggjum er beitt við uppstökk og lendingu hjá ungu knattspyrnufólki, hreyfistjórn eftir hálsáverka o.fl. Auk þess er rannsóknastofan notuð til kennslu í grunn- og framhaldsnámi.

Nokkur verkefni voru unnin í samstarfi við stoðtækjafyrirtækið Össur og það samstarf var þróað áfram á árinu. Samstarf hefur einnig verið við aðrar deildir Háskóla Íslands og fyrirtæki um notkun rannsóknastofunnar til rannsókna, kennslu og þróunar. Kennarar og nemendur námsbrautar í sjúkraþjálfun, rafmagns- og tölvuverkfræði og véla- og iðnaðarverkfræði unnu saman að nýsköpunarverkefninu Gönguhermirinn. Kennarar námsbrautarinnar fluttu á árinu nokkra fyrirlestra á erlendum vísindaráðstefnum, auk fjölda fyrirlestra fyrir ýmsar stofnanir og samtök á Íslandi.

Brautskráðir stúdentar frá Læknadeild 2014

Læknadeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Geislafræði	1	5	6
	Lífeindafræði		8	8
	Læknisfræði	24	24	48
	Sjúkrþjálfun	7	19	26
BS Alls		32	56	88
Doktorspróf	Líf- og læknávisindi	2	6	8
	Læknávisindi	2		2
Doktorspróf Alls		4	6	10
Kandídatpróf	Læknisfræði	22	31	53
Kandídatpróf Alls		22	31	53
MS	Heilbrigðisvísindi	1	2	3
	Líf- og læknávisindi	2	5	7
	Lífeindafræði		8	8
MS Alls		3	15	18
Viðbótardiplóma	Geislafræði		4	4
	Lífeindafræði	1	5	6
Viðbótardiplóma Alls		1	9	10
Alls úr deildinni á árinu		62	117	179

Tölur í þessari töflu eru frá kennslusviði háskólans og gilda um brautskráða kandiata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennslusviði um brautskráða kandiata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Lífeðlisfræðistofnun

Almennt yfirlit

Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands var komið á fót árið 1995 og tók þá við hlutverki Rannsóknastofnu í lífeðlisfræði sem starfrækt hafði verið í þrjú áratugi. Stofnunin er til húsa í Læknagarði en aðstaða til rannsókna í lífeðlisfræði öndunar og endurhæfingu er á Reykjalundi. Meginhlutverk stofnunarinnar er tvíþætt: annars vegar rannsóknir í lífeðlisfræði og hins vegar að veita aðstöðu til verklegar kennslu í lífeðlisfræði, bæði í grunnnámi og rannsóknatengdu framhaldsnámi.

Stofnunin veitir öllum fastráðnum kennurum og sérfræðingum Háskóla Íslands í lífeðlisfræði rannsóknaraðstöðu, í hvaða deild sem þeir eru. Einnig getur stjórn stofnunarinnar veitt vísindamönnum á öðrum fræðasviðum aðstöðu eftir því sem aðstæður leyfa og efni standa til. Á stofnuninni er unnið að undirstöðurrannsóknum á margvíslegum sviðum lífeðlisfræðinnar. Með þessum rannsóknum er aflað nýrrar þekkingar sem kemur að notum við lausn á ýmsum viðfangsefnum, bæði fræðilegum og hagnýtum.

Starfsmenn stofnunarinnar annast alla kennslu í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands og leggur stofnunin til aðstöðu og tækjabúnað til verklegar kennslu. Að auki hefur stofnunin tekið að sér að annast kennslu í lífeðlisfræðinámskeiðum á þeim námsleiðum við skólann sem ekki hafa fastráðinn kennara í greininni. Þannig hefur tekist að halda nær allri starfsemi á sviði lífeðlisfræði innan háskólans á einum

stað. Auk þess annast stofnunin kennslu í tveimur námskeiðum í lífeðlisfræði í heilbrigðisverkfræði samkvæmt samningi við Háskólann í Reykjavík.

Stjórn

Í stjórn Lífeðlisfræðistofnunar sitja allir akademískir starfsmenn hennar og einn fulltrúi annarra starfsmanna. Á árinu voru þeir: Anna Guðmunds, fulltrúi, Atli Jósefsson aðjunkt, Björg Þorleifsdóttir lektor, Guðrún V. Skúladóttir vísindamaður, Jón Ólafur Skarphéðinsson prófessor, Logi Jónsson dósent, Marta Guðjónsdóttir lektor, Sighvatur Sævar Árnason dósent, Þór Eysteinnsson prófessor og Þórarinn Sveinsson prófessor.

Rannsóknir

Sem dæmi um rannsóknaverkefni sem unnið var að við Lífeðlisfræðistofnun á árinu 2014 má nefna:

- Áhrif endurhæfingar á svefn hjá konum með vefjagigt
- Andrými: Náttúrutengsl í daglegu lífi og áhrif þeirra á líðan einstaklinga
- Svefnklukka Íslendinga
- Áhrif endurhæfingar á þrek, holdafar og heilsueflandi hegðun hjartasjúklinga með sykursýki af tegund 2
- Hvernig hefur öndun áhrif á einkenni og stjórnun astmasjúkdómsins?
- Styrkur D-vítamíns í blóði og tilkoma gáttatífs eftir opna hjartaskurðaðgerð
- Virkni stjórnunarensíma í fituefnaskiptum og tengsl við gen sem kemur við sögu í offitu manna
- Áhrif svefnleysis á gen sem tjá myndun ensíma í fituefnaskiptum og á samsetningu fitusýra í blóði manna
- Tengsl fæðuofnæmis og exems við ómega-3 fjölómættaðar fitusýrur í blóði ungra barna
- Súrefnismettun mæld í augnbotnum sjúklinga með *retinitis pigmentosa* og skýmyndun á augasteini
- Áhrif adenosine-viðtaka í sjónhimnu á sjónhimmuriti rotta
- Rannsóknir á jónaflæði og losun frumuboðefna um litþekju músa
- Renin-angiotensin-kerfið í slagæðum sjónhimnu í svínum
- Bútpvingun (patch clamping) þekjufrumna úr lungnavef manna

Lífvísindasetur

Almennt yfirlit og stjórn

Lífvísindasetur Háskóla Íslands tók formlega til starfa í nóvember 2011. Lífvísindasetur Háskóla Íslands er samstarfsvettvangur rannsóknahópa í sameindalíffræði við Háskóla Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahús, Landbúnaðarháskólann, Háskólann í Reykjavík og nú einnig Háskólann á Akureyri, en hefur heimilisfesti við Læknadeild Háskóla Íslands. Rannsóknir vísindamanna við Lífvísindasetrið eru afar fjölbreyttar og snúa meðal annars að ýmsum tegundum krabbameins, stofnfrumum, taugalíffræði, ónæmisfræði, örverufræði, þroskunarfræði og lífeðlisfræði. Hópstjórar sem tengjast setrinu voru orðnir 61 talsins í lok árs 2014 og nemendur á meistara- og doktorsstigi sem þeim tengjast um 100. Í þessum hópi eykst fjöldi erlendra doktorsnema og nýdoktora stöðugt.

Stjórn Lífvísindaseturs árið 2014 skipuðu Eiríkur Steingrímsson, prófessor við Læknadeild, og er hann jafnframt formaður, Arnar Pálsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild, Bylgja Hilmarisdóttir, doktorsnemi við Læknadeild, Inga Reynisdóttir, vísindamaður við Meinafræðideild Landspítalans,



Jóna Freysdóttir, prófessor við Læknadeild og vísindamaður við Ónæmisfræðideild Landspítalans, Karl Ægir Karlsson, dósent við Háskólann í Reykjavík, Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, ónæmisfræðingur við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, og Þórarinn Guðjónsson, prófessor við Læknadeild. Á árinu var stjórn framhaldsnámsins (e. Graduate Program in Molecular and Life Sciences, GPMLS) sameinuð stjórn Lífvísindaseturs og við það tók Guðrún Valdimarsdóttir, lektor við Læknadeild, formlega sæti í stjórninni. Stjórnin hittist á mánaðarlegum fundum og fundargerðir eru vistaðar á Uglu-síðum Lífvísindaseturs. Almennir fundir með hópstjórum setursins eru haldnir til að ákvarða áherslur varðandi uppbyggingu innviða setursins, einkum hvað varðar tækjakaup og kjarnastarfsemi.

Rekstrarstjóri Lífvísindaseturs er Sigríður Klara Böðvarsdóttir.

Nýir hópstjórar sem gengu til liðs við setrið á árinu voru eftirtaldir:

- Bjarni Ásgeirsson, prófessor við Raunvísindadeild Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands
- Einar Jörundsson, dýralæknir á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum
- Gunnsteinn Ægir Haraldsson, fræðimaður við Læknadeild Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands
- Jón Þór Bergþórsson, lektor við Læknadeild Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands
- Karl G. Kristinsson, prófessor við Læknadeild Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands
- Magnús Már Kristjánsson, prófessor við Raunvísindadeild Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands
- Margrét Þorsteinsdóttir, dósent við Lyfjafræðideild Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands
- Oddur Vilhelmsson, prófessor við Auðlindadeild Háskólans á Akureyri
- Ólafur Andri Stefánsson, nýdoktor við Læknadeild Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands
- Ólöf Guðrún Sigurðardóttir, dýralæknir á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum
- Paolo Gargiulo, dósent við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík
- Sesselja S. Ómarsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands
- Sigríður Rut Franzdóttir, aðjunkt við Líf- og umhverfisvísindadeild Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands

Rannsóknir

Lífvísindasetur Háskóla Íslands hefur það að meginmarkmiði að efla rannsóknir á sviði grunnvísinda í sameindalíffræði. Það felst m.a. í uppbyggingu kjarnaeyninga en þær auka hagræðingu og efla samvinnu milli rannsóknahópa setursins.

Gengið var frá kaupum á nýrri lagsjá (confocal-smásjá) af gerðinni Olympus FV1200 en fjármögnun hennar var styrkt af Innviðasjóði Rannís árið áður ásamt mótframlagi frá Háskóla Íslands. Confocal-smásjá býr yfir þeim eiginleikum að með leysigeislatækni er hægt að skoða staðsetningu prótína nákvæmlega í vefjum og frumum og byggja þrívíða mynd af því sem er að gerast, m.a. í lifandi frumum. Tækið var formlega gangsett 23. apríl að viðstöddum Kristínu Ingólfssdóttur, rektor Háskóla Íslands, og Illuga Gunnarssyni, mennta- og menningarmálaráðherra. Er ljóst að nýja lagsjain er mikil lyftistöng fyrir rannsóknir Lífvísindaseturs og hafa fjölmargir hópar nýtt þá nýju möguleika sem hún býður upp á.

Uppbygging á kjarnastarfsemi setursins var efld til muna á árinu, fyrst með því að ráða Tobias Roland Richter í fullt starf til að sinna verkefnum sem tengjast notkun á CRISPR-aðferðinni við erfðabreytingar í frumum. Fjöldi rannsóknahópa nýtir nú þessa aðferð í rannsóknum sínum og hefur hún skilað árangri nú þegar í nokkrum verkefnum.

Einnig var Sævar Ingþórsson ráðinn í hlutastarf til að þjónusta og þjálfa starfsfólk og nemendur við notkun nýju lagsjárinnar. Hann sótti jafnframt alþjóðlegt námskeið til að öðlast meiri færni í notkun tækisins. Samhliða starfi sínu lauk hann doktorsprófi við Læknadeild. Notkun lagsjárinnar er orðin almenn og mikil og má segja að hún sé í stöðugri notkun alla daga.

Auk þessa hófst undirbúningur við uppbyggingu kjarnastarfsemi með notkun sebrafiska sem líkans fyrir ýmsa sjúkdóma og þróun fiska. Um verður að ræða samnýtingu á sebrafiskaaðstöðu sem nú þegar hefur verið komið upp fyrir rannsóknir í taugalíffræði við Háskólann í Reykjavík í tengslum við rannsóknir Karls Ægis Karlssonar. Í lok ársins var Valerie H. Meier ráðin í hlutastarf til að undirbúa uppsetningu aðstöðunnar og fór hún m.a. til Edinborgar til að öðlast færni í að erfðabreyta sebrafiskum.

Nýir styrkir frá Rannsóknasjóði Rannís árið 2014 til setursins voru alls níu. Þar af voru sjö verkefnastyrkir í fagráði heilbrigðisvísinda, einn verkefnastyrkur í fagráði náttúru- og umhverfisvísinda og einn rannsóknastöðustyrkur. Auk þessa fengu hópstjórar og nemendur þeirra úthlutað úr fjölmörgum öðrum rannsóknasjóðum, s.s. Verðlaunasjóði Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala, Sjóði Sigríðar Lárusdóttur, Eggertssjóði, Minningarsjóði Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar, Vísindasjóði Landspítala, Styrktarsjóði Göngum saman, Samfélagssjóði Landsbankans og Verkefnastyrk Félagsstofnunar stúdenta.

Lífvísindasetur fékk úthlutað tveimur stærstu styrkjunum úr Innviðasjóði Rannís, annars vegar styrk til kaupa á rafeindasmásjá (e. transmission electron microscope) og hins vegar til kaupa á frumuflokkara (e. fluorescence activated cell sorter). Útboði á rafeindasmásjánni lauk í árslok 2014 og barst eitt tilboð, frá JEOL, á mjög fullkominni smásjá upp á rúmar 50 milljónir, en um 30% afsláttur fékkst á henni af listaverði.

Útgefnar vísindagreinar á vegum setursins voru 66 talsins á árinu og frá setrinu brautskráðust tíu meistaranemar og tólf doktorsnemar.

Markaðs- og kynningarstarf

Almennar fréttir, nýbirtar vísindagreinar sem hópstjórarar eru höfundar að og upplýsingar um fyrirlestra Lífvísindaseturs birtast reglulega á vefsíðu setursins. Þar er jafnframt að finna upplýsingar um alla hópstjóra setursins, rannsóknastarfsemi o.fl. Lífvísindasetur hefur til lengri tíma staðið fyrir vikulegri málstofu í Læknagarði út skólaárið, að jafnaði einu sinni í viku, í hádeginu á fimmtudögum. Þar kynna sérfræðingar og framhaldsnemendur innan setursins rannsóknir sínar, auk þess sem mikil áhersla er lögð á að fá sérfræðinga utan setursins til að kynna verkefni sín. Málstofan fer fram á ensku. Á meðal gestafyrirlesara voru erlendir boðsfyrirlesarar í tengslum við framhaldsnámsprógrammið (GPMLS). Á meðal erlendra fyrirlesara á árinu voru Deborah Roess, Luis Zea, Jenifer Fenton, Sarah Heylar, Bruce Ponder og Sentibul K. Muhuswamy. Auk málstofunnar eru vikulegir fræðslufundir á Ónæmisfræðideild Landspítala, á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Líffræðistofu Háskóla Íslands en á öllum þessum stöðum vinna meðlimir Lífvísindaseturs.

Árleg spekigleði framhaldsnámsprógrammsins (GPMLS) var haldin í Kríunesi við Elliðavatn á hrekkjavökunni 31. október. Nemendur gerðu grein fyrir rannsóknaverkefnum sínum með stuttum kynningum á teiknitöflum. Nokkrir ítarlegri fyrirlestrar voru einnig í boði, þ.á m. var Þórður Óskarsson gestafyrirlesari en hann stýrir rannsóknum í stofnfrumufræðum og tilraunalæknisfræði við Heidelberg-stofnunina í Þýskalandi. Guðrún Valdimarsdóttir hélt utan um skipulagningu spekigleðinnar.

Vísindi á mannamáli er ný fyrirlestraröð Háskóla Íslands sem hófst haustið 2014 að frumkvæði Lífvísindaseturs og Líffræðistofu Háskóla Íslands. Markmiðið er að varpa ljósi á það hvernig vísindamenn háskólans reyna að afhjúpa leyndardóma náttúrunnar og hvaða þýðingu vísindarannsóknir hafa fyrir daglegt líf fólks. Fyrstu tveir fyrirlestrarnir í röðinni voru haldnir haustið 2014. Jórunn E. Eyfjörð, prófessor við Læknadeild, reið á vaðið í október og flutti erindi um brjóstakrabbameinsrannsóknir á Íslandi. Í nóvember flutti svo Ágústa Guðmundsdóttir, prófessor í Matvæla- og næringarfræðideild, erindi um verðmæti vísinda. Umgjörð fyrirlestraraðarinnar er með besta móti og er hægt að nálgast upptökur af fyrirlestrunum á sérstökum vef fyrirlestraraðarinnar. Allar nánari upplýsingar um starfsemi Lífvísindaseturs má finna á vefsíðu setursins: <http://lifvisindi.hi.is/>.

Lífefna- og sameindalíffræðistofa

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofan heyrir undir Lífvísindasetur Háskóla Íslands og er starfsvettvangur kennara Læknadeildar í fræðigreinunum lífefnafræði, sameindalíffræði og erfðafræði. Á fræðasviðinu eru stundaðar grunnrannsóknir og rannsóknir á hagnýtri notkun þessara fræðigreina í læknisfræði og öðrum heilbrigðisvísindum. Fræðasviðið tengist enn fremur erfða- og sameindalæknisfræðideild og klínískri lífefnafræðideild við Landspítalann með samstarfssamningi Háskóla Íslands við sjúkrahúsið. Ýmsir aðilar á skyldum sviðum nota aðstöðu á stofunni. Forstöðumaður er Jón Jóhannes Jónsson prófessor. Aðrir háskólakennarar eru Eiríkur Steingrímsson prófessor, Guðrún Valdimarsdóttir lektor, Ingibjörg Harðardóttir prófessor, Reynir Arngrímsson dósent og Stefán Þ. Sigurðsson dósent. Óttar Rolfsson lektor er með aðalstarfsaðstöðu við Rannsóknarsetur í kerfislíffræði og Erna Magnúsdóttir er í stöðu rannsóknasérfræðings við Læknadeild. Umsjón með daglegum rekstri rannsóknastofunnar hefur Jónína Jóhannsdóttir yfirlífeindafræðingur. Á rannsóknastofunni starfar á annan tug nema í rannsóknatengdu námi. Auk framangreindra starfsmanna unnu nokkrir aðrir einstaklingar að ýmsum verkefnum.

Rannsóknir

Helstu rannsóknasvið eru efnaskipti og eiginleikar kjarnsýra, líffræði erfðamengis mannsins, genatjáning, stofnfrumur og þroskunarlíffræði, næringarfræðitengd ónæmisfræði, erfðarannsóknir á tilraunadýrum, rannsóknir á stofnfrumulínum úr músa- og mannaafósturvísunum og kerfislíffræði efnaskipta.

Á rannsóknastofunni er sérhæfður tækjabúnaður fyrir sameindalíffræðivinnu sem jafnframt er notaður við klínískar sameindaerfðarannsóknir í samstarfi við erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Eftirfarandi doktorsnemar luku námi á árinu:

Christian Praetorius varði ritgerðina *The Role of MITF in Regulating Human Pigmentation*.

Umsjónarkennari var Eiríkur Steingrímsson.

Valgerður Tómasdóttir varði ritgerðina *The Effects of Dietary Fish Oil on the Induction and Resolution of Antigen-Induced Inflammation*. Leiðbeinendur voru Ingibjörg Harðardóttir og Jóna Freysdóttir.

Eftirfarandi meistaranemar luku námi á árinu:

Helga Hauksdóttir varði ritgerðina *Microarray Analysis on Spontaneous Abortions*. Umsjónarkennari var Jón Jóhannes Jónsson.

Oddný Þóra Logadóttir varði ritgerðina Isolation of a Polysaccharide from *Achillea millefolium* and Its Effects on Inflammatory Responses in THP-1 Monocytes. Leiðbeinendur voru Ingibjörg Harðardóttir og Jóna Freysdóttir.

Annað

Rannsóknir á stofunni voru styrktar af ýmsum aðilum, þ.m.t. með styrkjum frá Rannís, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóði, Rannsóknánámssjóði, doktorsnemasjóði, Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands, Vísindasjóði Landspítala – háskólasjúkrahúss, Nýsköpunarsjóði námsmanna og National Institute of Health í Bandaríkjunum.

Vísindamenn rannsóknastofunnar eru hluti Lífvísindaseturs Háskóla Íslands og þeir taka þátt í framhaldsnámsprófgamminu GPMLS (Graduate Program in Molecular Life Sciences) við Háskóla Íslands. Eiríkur Steingrímsson var fulltrúi menntamálaráðuneytisins hjá European Molecular Biology Conference (EMBC) og European Molecular Biology Laboratory (EMBL) Council.

Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum við Læknadeild Háskóla Íslands fæst við grunnrannsóknir á krabbameini. Stjórn rannsóknastofunnar er sem fyrr í höndum Helgu M. Ögmundsdóttur og Jórunnar Erlu Eyfjörð, sem báðar eru prófessorar við Læknadeild. Á rannsóknastofunni starfaði einn nýdóktor, Ólafur Andri Stefánsson, einn sérfræðingur í hlutastarfi, Steinunn Thorlacius, og einn lífeindafræðingur og einn líffræðingur í hlutastörfum, auk fjögurra doktorsnema og nokkurra meistaranema.

Rannsóknir

Eftirfarandi rannsóknir voru þær helstu á vegum Rannsóknastofu í krabbameinsfræðum:

- Áhrif BRCA2- kímínustökubreytingar á krabbameinsmyndun og sjúkdómsframvindu, undir stjórn Jórunnar Erlu Eyfjörð, í samstarfi við Rannsóknastofu í meinafræði og krabbameinslækna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
- Gallar í litningaendum í BRCA-tengdu brjóstakrabbameini og hlutverk BRCA2 við að viðhalda litningaendum og stöðugleika litninga, undir stjórn Jórunnar Erlu Eyfjörð og Sigríðar Klöru Böðvarsdóttur, rekstrarsjóra Lífvísindaseturs, í samstarfi við Rannsóknastofu í meinafræði og krabbameinslækna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
- Sviperfðagreining á brjóst- og eggjastokkrabbameinum í tengslum við sjúkdómshorfur og lyfjanæmi, undir stjórn Ólafs Andra Stefánssonar og Jórunnar Erlu Eyfjörð, í samstarfi við Rannsóknastofu í meinafræði og krabbameinslækna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
- Leit að DNA-viðgerðargenum, undir stjórn Ólafs Andra Stefánssonar í samstarfi við Stefán Þ. Sigurðsson dósent, Jóranni Erlu Eyfjörð, Þorkel Guðjónsson nýdóktor og Þórunni Rafnar hjá Íslenskri erfðagreiningu.
- Aurora-A-tjáning í stökum og BRCA2-ættlægum brjóstakrabbameinum, undir stjórn Sigríðar Klöru Böðvarsdóttur og Jórunnar Erlu Eyfjörð, í samstarfi við Rannsóknastofu í meinafræði og krabbameinslækna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
- Mergfrumuæxli og skyld afbrigði í starfsemi B-eitilfrumna, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur í samvinnu við blóðmeinafræðinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

- Sjálfsát í krabbameinum, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur í samvinnu við Rannsóknastofu í meinafræði.
- Áhrif íslenskra fléttuefna á efnaskipti krabbameinsfrumna og samvirkni þeirra við lyf, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur, í samvinnu við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.
- Lípíðefnaskipti í krabbameinsfrumum, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur í samvinnu Arctic Mass.
- Áhrif sýruvirkra lyfja og efna á svörun krabbameinsfrumna við lyfjum og geislun, undir stjórn Helgu M. Ögmundsdóttur, í samvinnu við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, Margréti Helgu Ögmundsdóttur nýdóktor og geislaeðlisfræðideild Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Alþjóðasamstarf

Rannsóknastofan er í virku alþjóðlegu samstarfi við fjölda vísindamanna og -stofnana. Má þar m.a. nefna samstarf við vísindamenn á Sanger Institute í Cambridge og þátttöku í The International Human Cancer Genome Consortium, ICGC, samstarf við IDIBELL-stofnunina í Barcelona um rannsóknir á sviperfðum og um rannsóknir á litningaendum (telomerum) með vísindamönnum við Kaliforníuháskóla í San Francisco. Birna Þorvaldsdóttir, doktorsnemi Jórunnar Erlu Eyfjörð, dvaldi m.a. á haustmisseri á rannsóknastofu sem Elizabeth Blackburn, prófessor við Kaliforníuháskóla í San Francisco, stýrir. Sigríður Þóra Reynisdóttir, annar doktorsnemi Jórunnar Erlu Eyfjörð, dvaldi þrjá mánuði á vormisseri á rannsóknastofu Manels Esteller, prófessors við IDIBELL-stofnunina í Barcelona. Verkefnið um mergfrumæxli og skylda sjúkdóma hefur gefið tilefni til samvinnu við Háskólann í Alberta í Kanada og National Institutes of Health í Bandaríkjunum. Um langt skeið hefur verið frjótt samstarf við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, sem nú nær einnig til Arctic Mass.

Markaðs- og kynningarstarf

Í október flutti Jórunn Erla Eyfjörð fyrsta fyrirlesturinn í nýrri fyrirlestraröð háskólans fyrir almenning er nefnist Vísindi á mannamáli. Erindið nefndist Bjóstakrabbamein á Íslandi og leitinn að bættari meðferð. Hún hélt einnig fyrirlestur fyrir Rotary sem nefndist RCA-gen og lífsklukkan. Ólafur Andri Stefánsson kynnti rannsóknir sínar á haustþingi Bláa naglans á Grand hóteli undir fyrirsögninni Samspil erfða og sviperfða (epigenetics) í tilurð krabbameina, á skurðlæknaþingi NORBS í Hörpu undir fyrirsögninni The Biological Diversity of Tumours Arising in BRCA2 Mutation Carriers in Relation to Disease Prognosis, á NordForsk-ráðstefnu í Hveragerði undir heitinu DNA Methylation in Breast Cancer and Disease Prognosis og á málþingi Líf- og umhverfisvísindadeildar Háskóla Íslands í Öskju undir heitinu Exploring the Epigenetic Landscape in Cancer. Verkefni Margrétar Bessadóttur og Finns Freys Eiríkssonar, doktorsnema Helgu M. Ögmundsdóttur, um fléttuefni, efnaskipti og samvirkni við lyf voru kynnt á nokkrum stórum alþjóðlegum ráðstefnum, t.d. ársþingum American Association for Cancer Research, American Society for Mass Spectrometry og European Association for Cancer Research. Rannsóknir á sjálfsáti í krabbameinsæxlum voru kynntar á fransk-norrænni ráðstefnu um sjálfsát í Toulouse í Frakklandi og Helga M. Ögmundsdóttir var meðal boðsfyrirlesara á International Workshop on Waldenström's Macroglobulinemia í London. Margrét Bessadóttir varði doktorsritgerð sína, Áhrif fléttuefnanna úsnínsýru og prótólichesterínsýru á orku- og fituefnaskipti í krabbameinsfrumum, í desember.

Annað

Rannsóknastofan naut sem fyrr styrkja frá Rannís og Rannsóknasjóði háskólans. Ólafur Andri Stefánsson fékk nýdóktorsstyrk frá Rannís og styrk frá Minningarsjóði Eggerts Briem. Háskóli Íslands styrkir þrjá doktorsnema við rannsóknastofuna. The Leif Eiríksson Foundation styrkir Birnu Þorvaldsdóttur til sex mánaða starfa á rannsóknastofunni sem Elizabeth Blackburn, prófessor við Kaliforníuháskóla, stýrir. Sigríður Þóra Reynisdóttir fékk styrk frá EACR til að dveljast við IDIBELL-

stofnunina í Barcelona. Auk þessa fengust tveir rannsóknastyrkir frá Göngum saman. Þá var rannsóknastofan í fararbroddi fyrir umsókn til Innviðasjóðs vegna kaupa á rafeindasmásjá. Styrkurinn fékkst og var gengið að tilboði í desember. Þetta tæki bætir úr brýnni þörf og verður lyftistöng fyrir rannsóknir á ýmsum sviðum líf- og læknávisinda.

Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknarstofa í heilbrigðisfræði er ein sérstofnana Háskóla Íslands við Læknadeild. Rannsóknarstofan er til húsa í Stapa við Hringbraut. Forstöðumaður er Vilhjálmur Rafnsson, prófessor í heilbrigðisfræði og faraldsfræði. Starfsmenn úr hópi kennara eru: Haraldur Briem, dósent við Læknadeild, og Vilhjálmur Rafnsson, prófessor við Læknadeild. Þrjú doktorsnemar og einn meistaranemi eru við nám við stofuna og hafa aðstöðu þar og við Miðstöð í lýðheilsuvísindum og er það Vilhjálmur Rafnsson sem leiðbeinir þeim.

Rannsóknir

Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði sinnir faraldsfræðilegum rannsóknum, einkum á sviði krabbameina, bráðalækninga og smitsjúkdóma. Samstarf er við fjölmarga aðila um þau rannsóknaverkefni sem í gangi eru hverju sinni, bæði innlenda og erlenda.

Doktorsnemar

Ragnhildur Guðrún Finnbjörnsdóttir, Aðalbjörg Kristbjörnsdóttir og Eva María Guðmundsdóttir hafa unnið að verkefnum sínum við stofuna og ein grein hefur birst í tengslum við verkefni. Áætlað er að ofangreindir doktorsnema verji ritgerðir sínar á árunum 2015, 2016 og 2017. Allir doktorsnemarnir eru á doktorsnemastyrkjum sem ýmist koma frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands eða Rannís.

Meistaraneми

Anna Steinunn Gunnarsdóttir meistaranemi við stofuna lauk verkefninu Survival of Patients with Alcohol Use Disorders Discharged from Emergency Department – A Population-Based Cohort Study, og grein grein eftir hana var gefin út með sama titli.

Kennsla

Nemendur í læknisfræði á sjötta ári fá kennslu í heilbrigðis- og faraldsfræði (forvarnalækningum) á vegum stofunnar. Auk fastra kennara taka um tíu stundakennarar þátt í þessari kennslu og margir þeirra eru í aðalstarfi annars staðar en við Háskóla Íslands. Í kennslunni er lögð áhersla á aðferðafræði við faraldsfræðilegar rannsóknir, bæði í fyrirlestrum og umræðutímum þar sem rannsóknir eru ræddar, einkum með tilliti til aðferðafræðinnar. Auk þessa er kennslu sinnt í lýðheilsu og faraldafræði á vegum Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum.

Kynningarstarf

Á árinu 2014 hafa starfsmenn stofunnar birt þrjár vísindagreinar í ISI-tímaritum og fleiri hafa verið sendar til birtingar eða verið samþykktar til birtingar. Sex útdrættir hafa birst vegna ráðstefna og niðurstöður rannsókna hafa verið kynntar erlendis, vestan hafs og austan og á Íslandi.

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði

Stjórn og starfsfólk

Forstöðumaður Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði er Magnús Karl Magnússon prófessor og skrifstofustjóri er Sigríður Ísafold Hákansson. Fast starfslið er 20 starfsmenn, að meðtöldum kennurum með starfsaðstöðu á rannsóknastofunni og doktorsnemunum (sjá nánar á vefsíðu stofunnar: www.hi.is/rle). Þrír nemar voru í rannsóknatengdu námi við rannsóknastofuna á árinu, þau Bjarni Sigurðsson og Arndís Sue Ching Löve í doktorsnámi og Ása Valgerður Eiríksdóttir í meistaranámi við Læknadeild, auk eins læknanema í þriðja árs verkefni. Auk þess stunduðu fjórir doktorsnemar, tveir meistaranemar og einn læknanemi (með BS-verkefni) nám við Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum sem rekin er í Læknagarði í samstarfi Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði og líffærafræðideild Læknadeildar.

Kennsla

Starfsfólk rannsóknastofunnar sá um eða tók þátt í að kenna læknanemum, tannlæknanemum, hjúkrunarfræðinimum, geislafræðinimum, nemum í sjúkraþjálfun, líffræðinimum og lyfjafræðinimum við Háskóla Íslands. Einnig kenndi starfsfólk rannsóknastofunnar á ýmsum öðrum námskeiðum og haldin var málstofa í apríl.

Grunnrannsóknir

Unnið var að mörgum rannsóknaverkefnum, sumum í samstarfi við innlenda og erlenda vísindamenn, og eru þær helstu eftirtaldar:

- Rannsóknir á stofnfrumum í þekjuvef með áherslu á brjóst- og lungnaþekju, unnið á Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum í samvinnu við líffærafræðideild Læknadeildar.
- Rannsóknir á boðkerfum í ræktuðum æðapelsfrumum, sérstaklega þeim sem virkja eNOS- og NO-myndun og hlutverk AMP-kínasa í boðkerfunum.
- Rannsókn á þunglyndum karlmönnum og tengslum við kortisól og testósterón í munnvatni (með læknum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi; rannsóknin er hluti af doktorsverkefni Bjarna Sigurðssonar).
- Rannsóknir á blóðfitulækkandi verkun ACTH (með lækni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi).
- Rannsókn á þrávirkum lífrænum efnum í blóði íslenskra mæðra. Rannsóknin er samstarfsverkefni átta þjóða sem liggja að norður-heimskautssvæðinu (AMAP).
- Rannsókn á þrávirkum lífrænum efnum og mótefnasvari í börnum.
- Rannsókn á fíkniefnum í frárennslivatni. Verkefnið er unnið í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur, ArcticMass, landlækni og evrópska samstarfsaðila í COST-verkefni.
- Rannsókn á tengslum þrávirkra lífrænna efna og viðkomu íslenska arnarstofnsins. Verkefnið er unnið í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrufræðistofu Vesturlands.
- Rannsókn á þrávirkum efnum í lofti og úrkomu við Stórhöfða. Verkefnið er unnið í samvinnu við Veðurstofu Íslands.
- Rannsókn á þrávirkum lífrænum efnum í kræklingi og þorsklifur við Ísland. Verkefnið er unnið í samvinnu við Matís.

- Faraldsfræðilegar rannsóknir á eitrunum á Íslandi og dauðsföllum af völdum þeirra.
- Rannsókn á notkun ópíata og prótónupumpuhemla og tengsl þeirra við beinbrot.

Þjónusturannsóknir

Við rannsóknastofuna voru stundaðar umfangsmiklar þjónusturannsóknir í réttarefnafræðideild, lyfjarannsóknadeild, alkóhóldeild og eiturefnafræðideild. Rannsóknir þessar voru unnar fyrir dómsmála- og lögregluyfirvöld, lækna, sjúkrastofnanir, lyfjaframleiðendur, heilbrigðiseftirlit, rafveitur, Matís, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og vatnsframleiðendur. Unnið var áfram að gæðahandbók fyrir rannsóknastofuna.

Húsnæði

Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði er til húsa í Haga, Hofsvallagötu 53. Á þriðju hæð í nýrri hluta hússins eru 16 skrifstofur og fundaherbergi og á fyrstu hæð eru rannsóknastofur. Lyfjafræðideild Háskóla Íslands er einnig í Haga.

Matvæla- og næringarfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Deildarforseti Matvæla- og næringarfræðideildar var Þórhallur Ingi Halldórsson, prófessor í næringarfræði, og varadeildarforseti Guðjón Þorkelsson, prófessor í matvælafræði.

Starfsfólk

Matvæla- og næringarfræðideild			
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi	
– konur	1	0,5	
– karlar	0	0	
Lektorar			
– konur	1	0,75	
– karlar	0	0	
Dósentar			
– konur	1	1	
– karlar	1	0,37	
Prófessorar			
– konur	3	1,98	
– karlar	4	3	
Samtals	10	7,1	
Akademískir sérfræðingar			
– konur	0	0	
– karlar	0	0	
Samtals	0	0,0	
Rannsóknastofa í næringarfræði			
– konur	9	7,3	
– karlar	2	2	
Samtals	11	9,30	

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Við Matvæla- og næringarfræðideild störfuðu ellefu fastráðnir kennarar í mismunandi starfshlutföllum, sex í næringarfræði og fimm í matvælafræði, auk nýdóktors á Rannsóknastofu í næringarfræði, sem kenndi næringarfræði. Starfandi fræðimenn á Matís ohf. og næringarráðgjafar á Næringarstofu Landspítala sinntu einnig stundakennslu við deildina. Þrír gestaprófessorar eru við deildina. Auður Ingólfsdóttir er deildarstjóri Matvæla- og næringarfræðideildar í hálfu starfi.

Ein föst kennarastaða í matvælafræði var auglýst vorið 2014 og ráðið verður í hana í byrjun árs 2015.

Á árinu hlaut Þórhallur Ingi Halldórsson framgang í stöðu prófessors.

Húsnæði og aðstaða

Deildarskrifstofa er til húsa á Eiríksgötu 29 ásamt aðstöðu fyrir deildarforseta, kennara í næringarfræði, Rannsóknastofu í næringarfræði og Næringarstofu Landspítala. Skortur á húsnæði stendur Matvæla- og næringarfræðideild fyrir þrifum og hefur húsnæðisvandinn valdið erfiðleikum við að halda starfsfólki saman og þannig komið niður á samstarfi og samvinnu kennara. Flestir kennarar í matvælafræði hafa starfsaðstöðu hjá Matís. Unnið er að aukinni samvinnu við Matís ohf. m.a. með samningi um kennslu í meistaranámi í matvælafræði, auk þess sem enn er unnið að

stækkun húsnæðis Rannsóknastofu í næringarfræði á Landspítala. Einnig miðar samvinnan að því að auka nýliðun í fræðigreininni. Kennarar í næringarfræði hafa aðstöðu á Landspítala samkvæmt samstarfssamningi milli Háskóla Íslands og spítalans um rekstur Rannsóknastofu í næringarfræði.

Nám og kennsla

Deildin leitast við að vera í fremstu röð með vönduðum rannsóknum og kennslu sem standast samanburð á alþjóðlegum vettvangi á sviði matvæla- og næringarfræði. Matvæla- og næringarfræðideild er öflug eining innan Háskóla Íslands hvað varðar rannsóknavirkni á hvert stöðugildi kennara og kemur um helmingur fjárframlags til deildarinnar til vegna framleiðni á rannsóknasviðinu. Fylgst er með kennslukönnunum og tekið mið af þeim. Lögð er áhersla á sterkt fræðilegt og lausnamiðað nám.

Á árinu bauð Matvæla- og næringarfræðideild upp á nám til BS-, MS- og doktorsgráðu í báðum fræðigreinum deildarinnar, matvælafræði og næringarfræði. Á haustmisseri hófst kennsla í meistaranámi í klínískri næringarfræði á nýju kjörsviði innan næringarfræðinnar. Yfirumsjón með því námi hefur Ólöf Guðný Gestsdóttir, lektor í næringarfræði.

Deildin leggur áherslu á rannsóknatengt framhaldsnám og fjallað er um umsóknir og framgang námsins á deildarfundum þar sem stuðst er við reglur deildarinnar þar að lútandi. Rannsóknatengt framhaldsnám stendur með miklum blóma við deildina og stunduðu þrettán nemendur doktorsnám og 34 nemendur meistaranám við deildina á árinu.

Doktorsvarnir

Fjórir doktorsnemar vörðu ritgerðir sínar á árinu:

- Óla Kallý Magnúsdóttir í næringarfræði 24. október. Heiti ritgerðar: Heilkorn – mikilvægur hluti af heilsusamlegu norrænu mataræði. Lífvísar fyrir neyslu heilkornahveitis og -rúgs (Whole Grain – An Important Part of a Healthy Nordic Diet. Alkylresorcinols as Biomarkers for Whole Grain Wheat and Rye Intake).
- Magnea Guðrún Karlsdóttir í matvælafræði 21. mars. Heiti ritgerðar: Oxunarferlar og stöðugleiki frosinna sjávarafurða (Oxidative Mechanisms and Stability of Frozen Fish Products).
- Cindy Mari Imai í næringarfræði 13. febrúar. Heiti ritgerðar: Vöxtur snemma á lífsleiðinni – Áhrif fæðingarstærðar og vaxtar í bernsku á áhættuþætti og dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma (Early Growth and Later Health – Influence of Birth Size and Childhood Growth on Cardiovascular Disease Risk Factors and Mortality).
- Svandís Erna Jónsdóttir í næringarfræði 7. febrúar. Heiti ritgerðar: Verklag í lýðheilsunæringarfræði – Heilsusamlegt norrænt mataræði (An Exploration of Public Health Nutrition Practice – The Healthy Nordic Diet).

Alþjóðasamskipti

Erlendir nemendur í skiptinámi við deildina voru á árinu frá Kína og Danmörku. Kennarar við deildina og nemendur í framhaldsnámi eru í erlendu samstarfi við fræðimenn við evrópskar og bandarískar stofnanir og skóla. Erlendir nemendur sækja nokkuð í nám við deildina, sérstaklega í matvælafræði, og eru oftast á bilinu einn til þrjár erlendir nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi við deildina í einu. Jafnframt eru tengsl milli deildarinnar og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-skólans) og nokkrir nemendur hafa komið til náms í deildinni eftir að hafa lokið námi við hann.

Rannsóknir

Rannsóknir hafa verið mjög öflugar í deildinni og eru þær að stærstum hluta í tengslum við Rannsóknastofu í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala, Hjartavernd, embætti landlæknis, Rannsóknastofu í matvælaefnafræði og Matís ohf.

Markaðs- og kynningarmál

Á háskóladeginum, 1. mars, voru námsleiðir deildarinnar kynntar. Kynningin tókst nokkuð vel og skilaði sér í að nýnemum í grunnnám í deildina fjölgaði. Kynningarbæklingar deildarinnar eru þó orðnir úreltir og prenta þyrfti nýja til að hafa upplýsingar um nám í deildinni alltaf sem nýjastar og réttastar. Jafnframt er stefnt að endurnýjun og uppfærslu á vef deildarinnar og kynningarefni vegna framhaldsnáms. Vefur deildarinnar tilheyrir Heilbrigðisvísindasviði og sér verkefnastjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði um að uppfæra hann og setja efni inn á hann ásamt upplýsinga- og vefstjóra sviðsins.

Annað

Framhaldsnámsdagur Matvæla- og næringarfræðideildar var haldinn í fyrsta skipti á Háskólatorgi 21. febrúar 2014. Dagurinn er hugsaður sem vettvangur fyrir meistara- og doktorsnema í matvæla- og næringarfræði til að hittast og kynna hver fyrir öðrum rannsóknir sínar. Þarna gefst nemendum einnig tækifæri að hitta kennara og leiðbeinendur og ræða við þá. Flutt voru sex erindi, þrjú úr matvælafræði og þrjú úr næringarfræði um helstu doktors- og meistaraverkefni sem eru í gangi. Síðan voru stuttar veggspjaldakynningar með öðrum rannsóknaverkefnum við deildina og kynning á framhaldsnemum. Jafnframt er tilgangurinn að kynna fyrir BS-nemum þá möguleika á rannsóknaverkefnum í framhaldsnámi sem í boði eru.

Brautskráðir stúdentar frá Matvæla- og næringarfræðideild 2014

Matvæla- og næringarfræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Matvælafræði	2	1	3
	Næringarfræði		10	10
BS Alls		2	11	13
Doktorspróf	Matvælafræði		1	1
	Næringarfræði		3	3
Doktorspróf Alls			4	4
MS	Matvælafræði		6	6
	Næringarfræði		5	5
MS Alls			11	11
Alls úr deildinni á árinu		2	26	28

Tölur í þessari töflu eru frá kennslusviði háskólans og gilda um brautskráða kandiata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennslusviði um brautskráða kandiata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Rannsóknastofa í næringarfræði

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í næringarfræði tók til starfa 1997 og hefur starfað samkvæmt samningi milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og Háskóla Íslands frá árinu 2005. Rannsóknastofan hefur aðstöðu á Landspítala þar sem stofan deilir aðstöðu með Næringarstofu spítalans að Eiríksgötu 29.

Í stjórn Rannsóknastofu í næringarfræði sátu á árinu: Ágústa Guðmundsdóttir prófessor, formaður stjórnar, Pálmi V. Jónsson, prófessor og yfirlæknir, Lilja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, og Oddný Gunnarsdóttir, verkefnastjóri á vísinda- og þróunarsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss, ritari stjórnar. Forstöðumaður Rannsóknastofu í næringarfræði er Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild.

Í lok árs höfðu þrjú prófessorar, einn dósent, lektor, fræðimaður og verkefnastjóri rannsókn- og starfsaðstöðu á rannsóknastofunni, auk doktors- og meistaranema.

Sex meistaranemendur sem unnið höfðu rannsóknaverkefni sín við rannsóknastofuna útskrifuðust frá Matvæla- og næringarfræðideild á árinu og þrjú doktorsnemar vorðu ritgerðir sínar.

Rannsóknir

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu rannsóknaverkefni Rannsóknastofu í næringarfræði á árinu.

- ProMeal (Skólamáltíðir á Norðurlöndum. Heilsuefling, frammissstaða og hegðun grunnskólanemenda. Prospects for Promoting Health and Performance by School Meals in Nordic Countries). Verkefnið er unnið í samstarfi við Önnu Sigríði Ólafsdóttur, dósent á Menntavísindasviði. Styrktaraðili: NordForsk. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Ingibjörg Gunnarsdóttir.
- ARI (A Rye Intervention). Íhlutandi rannsókn meðal karla með sykursýki típu II. Styrktaraðili: NordForsk. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Laufey Steingrimsdóttir.
- SENSEWELL (Sensory Food Satisfaction in Programming Healthy and Sustainable Eating Behaviour). Styrktaraðili: The Danish Council for Strategic Research. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Inga Þórsdóttir.
- MoodFood. Preventing Depression Through Food. Styrktaraðili: 7. rammaáætlun Evrópusambandsins. Verkefnið er unnið í samstarfi við Vilmund Guðnason, prófessor í Læknadeild og forstöðulækni Hjartaverndar. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Ingibjörg Gunnarsdóttir.
- Næringardrykkir eða orku- og próteinríkir millibitar í næringarmeðferð vannærðra sjúklinga með langvinna lungnateppu – Slembidreifð íhlutandi rannsókn. Styrktaraðilar: Rannís og Vísindasjóður Landspítala. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Ingibjörg Gunnarsdóttir.
- Áhrif næringar á fósturskeiði á heilsu móður og barns. Verkefnið er unnið í samstarfi við CFP (Center for Fetal Programming) við Statens Serum Institut í Danmörku. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Þórhallur Ingi Halldórsson.
- Áhrif nýrra aðferða við fræðslu um mataræði og lífsstíl á sjálfsumönnun einstaklinga með sykursýki 2. Styrktaraðili: Vísindasjóður Landspítala. Verkefnisstjórar á Rannsóknastofu í næringarfræði: Byndís Eva Birgisdóttir og Óla Kallý Magnúsdóttir.
- Lífaðgengi omega-3 fitusýra viðbættra í matvæli og í duftformi. Styrktaraðili: Vísindasjóður Landspítala. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Alfons Ramel.

- Matarvenjur og næringarástand sjúklinga með bólgusjúkdóm í meltingarvegi. Styrktaraðili: Vísindasjóður Landspítala. Verkefnisstjórar á Rannsóknastofu í næringarfræði: Alfons Ramel og Inga Þórsdóttir.
- Ný rannsókn á næringu ungbarna – Betri tækni og gagnasafn. Styrktaraðilar: Rannsóknasjóður Háskóla Íslands og Vísindasjóður Landspítala. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Inga Þórsdóttir.
- Styrktarþjálfun og vitræn geta meðal eldra fólks á Íslandi. Styrktaraðilar: Rannsóknasjóður Háskóla Íslands og Vísindasjóður Landspítala. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Alfons Ramel.
- Þyngdaraukning á meðgöngu – Orsakir og langtímaáhrif á heilsu afkvæma. Styrktaraðili: Vísindasjóður Landspítala. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Þórhallur Ingi Halldórsson.
- Fæðuval á meðgöngu, sykurþol og meðgöngusykursýki. Styrktaraðili: Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Ingibjörg Gunnarsdóttir.
- Maternal Gestational Weight Gain – Causes and Later Offspring Health. Styrktaraðili: Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Þórhallur Ingi Halldórsson.
- Glycemic Index-Effect on Satiety and Cognitive Performance. Styrktaraðili: Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Verkefnisstjórar á Rannsóknastofu í næringarfræði: Laufey Steingrimsdóttir og Bryndís Eva Birgisdóttir
- Mataræði barna og heilsa – Inntaka á arseni og kvikasilfri. Styrktaraðili: Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Bryndís Eva Birgisdóttir.
- Áhrif jafningjastuðnings á heilsutengda hegðun. Styrktaraðili: Rannsóknasjóður Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri á Rannsóknastofu í næringarfræði: Ólöf Guðný Geirsdóttir.

Auk ofangreindra rannsókna fór fram vinna við úrvinnslu gagna úr þremur íhlutandi rannsóknum: IceProQualita (Inga Þórsdóttir, Alfons Ramel og Ólöf Guðný Geirsdóttir), IceAge (Inga Þórsdóttir) og SYSDIET (Inga Þórsdóttir og Ingibjörg Gunnarsdóttir), auk ýmissa samstarfsverkefna Rannsóknastofu í næringarfræði og Hjartaverndar, þar sem unnið er með gögn úr Reykjavíkurrannsókn Hjartaverndar og AGES (Laufey Steingrimsdóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir, Þórhallur Ingi Halldórsson, Bryndís Eva Birgisdóttir og Inga Þórsdóttir). Rannsóknastofa í næringarfræði á einnig í rannsóknasamstarfi við The Norwegian Mother and Child Cohort Study (Bryndís Eva Birgisdóttir) og Danish National Birth Cohort (Þórhallur Ingi Halldórsson).

Verðlaun

Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í næringarfræði við Matvæla- og næringarfræðideild og forstöðumaður Rannsóknastofu í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala og Næringarstofu Landspítala, hlaut hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs sem eru veitt vísindamanni sem, snemma á ferlinum, þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag í vísindastarfi er treysti stoðir mannlífs á Íslandi.

Samstarf og styrkir

Samstarfsaðilar í rannsóknastörfum Rannsóknastofu í næringarfræði eru fjölmargir og er virkt samstarf við u.þ.b. 30 alþjóðlegar stofnanir og háskóla, auk stofnana innanlands. Rannsóknastofa í næringarfræði hlaut á árinu nokkra erlenda styrki (sjá kafla um rannsóknir), auk minni innlendra styrkja. Einnig hlaut rannsóknastofan styrk úr Aldarafmælisjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Örugg næring. Einn nemandi á vegum stofunnar, Laufey Hrólfsdóttir, hlaut þriggja ára doktorsstyrk frá Háskóla Íslands á árinu.

Markaðs- og kynningarstarf

Rannsóknastofa í næringarfræði sinnir margs konar þjónustu fyrir samfélagið, bæði hérlendis og erlendis. Töluvert er t.d. um að fjölmiðlar og stofnanir á borð við embætti landlæknis og Matvælastofnun leiti til stofunnar eftir sérfræðiáliti.

Á heimasíðu Rannsóknastofu í næringarfræði (www.rin.hi.is) er að finna helstu upplýsingar um stofnunina, yfirlit yfir rannsóknir, birtar skýrslur og vísindagreinar. Eins er þar haldið utan um fréttir af starfseminni.

Starfsmenn Rannsóknastofu í næringarfræði birtu á árinu samtals 45 vísindagreinar í ritrýndum vísindatímaritum. Auk þess hefur starfsfólk rannsóknastofunnar haldið fjölda fyrirlestra og kynnt veggspjöld á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum og þingum á árinu.

Sálfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Sigurður J. Grétarsson prófessor var deildarforseti á árinu og Jörgen Pind var varadeildarforseti þar til í október en þá tók Ragna B. Garðarsdóttir dósent við sem varadeildarforseti.

Deildarráð hélt fundi hálfsmánaðarlega. Á vormisseri var deildarráð þannig skipað: Deildarforseti og varadeildarforseti eru sjálfskipaðir en fjórir aðrir kennarar voru kosnir á deildarfundi, Daníel Þór Ólason dósent, Einar Guðmundsson prófessor, Zuilma Gabriela Sigurðardóttir dósent og Fanney Þórsdóttir dósent. Deildarráðsfundi sátu einnig Kristín Edda Óskarsdóttir, trúnaðarmaður BS-nema, og Árný Helgadóttir, fulltrúi framhaldsnema. Fulltrúar kennara voru síðan Daníel Þór Ólason, dósent, Andri S. Björnsson dósent, Ragna B. Garðarsdóttir og Fanney Þórsdóttir á haustmisseri.

Kennarafundir voru haldnir einu sinni í mánuði, deildarráðsfundir að jafnaði hálfsmánaðarlega og deildarfundir einu sinni til tvisvar á misseri.

Starfsfólk

Sálfræðideild		
Stjórnsýsla	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	3	2,25
– karlar	1	0,5
Lektorar		
– konur	1	1
– karlar	1	1
Dósentar		
– konur	5	5
– karlar	4	4
Prófessorar		
– konur	0	0
– karlar	3	3
Samtals	14	14,00
Rannsóknafólk		
– konur	1	1
– karlar	1	0,7
Samtals	2	1,70

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Við Sálfræðideild störfuðu þrjú prófessorar, níu dósentar, tveir lektorar og sex aðjunktur, auk deildarstjóra og verkefnisstjóra á skrifstofu deildarinnar. Ragnar Pétur Ólafsson var ráðinn lektor 10. apríl. Kennarar í Sálfræðideild hafa skrifstofur í Odda og Aragötu 14. Deildarskrifstofan er í Odda.

Nám og kennsla

Nemendur í Sálfræðideild voru 598 þann 20. október. Nýnemar í BS-námi voru u.þ.b. 250 talsins. Sálfræði er kennd til BS-prófs, MS-prófs (einstaklingsbundins rannsóknatengds meistaranáms), cand. psych.-prófs og doktorsprófs. Í cand. psych.-nám voru 20 nemendur teknir inn og átta nemendur í einstaklingsbundið rannsóknatengt meistaranám. Alls voru 62 nemendur í meistaranámi haustið 2014.

Doktorsnám

Þrjú doktorsnemar bættust við á árinu og einn útskrifaðist og voru þeir í árslok ellefu talsins. Sá sem varði ritgerð sína var Ómar Ingi Jóhannesson (26. september). Heiti ritgerðarinnar var Miðlæg-hliðlæg ósamhverfa í skilvirkni augnstökka og áhrif líkindamöndls með landingarstað á viðbragðstíma þeirra (Nasal-Temporal Asymmetries and Landing Point Probability Manipulations of Saccadic Eye Movements).

Alþjóðasamstarf

- Árni Kristjánsson dósent er í rannsóknasamstarfi við háskólann í Utrecht í Hollandi, Kaliforníuháskóla í Davis í Bandaríkjunum, ríkisháskólann í Pétursborg í Rússlandi, háskólann í Padova á Ítalíu, University of New South Wales í Ástralíu, Möltuháskóla, Vrije Universeit í Hollandi og Kaupmannahafnarháskóla.
- Daníel Þór Ólason dósent á í norrænu samstarfi um rannsóknir og meðferð við spilafíkn. Hópurinn heitir Stiftelsen Nordiska Sälskabet för Upplystning om Spälberoende. Meginhlutverk hópsins er að halda ráðstefnu um peningaspil og spilavanda annað hvert ár á Norðurlöndum. Daníel er einnig í rannsóknasamstarfi við Háskólann í Bremen í Þýskalandi.
- Steinunn Gestsdóttir dósent var í samstarfi við New York University í Abu Dhabi og West Virginia University, Oregon State University og Tufts University í Bandaríkjunum.
- Ingunn Hansdóttir lektor er í rannsóknasamstarfi við Pennsylvania-háskóla í Bandaríkjunum um rannsóknina Extended Release Naltrexone for Treating Amphetamine Dependence in Iceland.
- Andri S. Björnsson dósent starfar með rannsóknahópum við Harvard University/McLean Hospital og við Brown University.
- Ragna B. Garðarsdóttir dósent er í samstarfi við Árósháskóla um leiðbeiningu cand. psych.-nema. Hún á einnig í rannsóknasamstarfi við háskólann í Sussex. Hún tekur enn fremur þátt í alþjóðlegu rannsóknaverkefni um loftslagsmál við háskólann í Queensland í Ástralíu.
- Zuilma Gabriela Sigurðardóttir dósent starfar að ritun fræðigreina með Ginu Green, stjórnarformanni Association of Professional Behavior Analysts við Florida Institute of Technology. Hún á einnig samstarf um ritun fræðigreina við fræðimenn við University of Massachusetts Medical School og er auk þess í rannsóknasamstarfi við Aksel Tjora við Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet (NTNU) í Þrándheimi í Noregi og Shahla Alais Rosales í University of Texas í Bandaríkjunum.

Rannsóknir

Rannsóknir kennara í Sálfræðideild fjalla um helstu svið sálfræðinnar.

- Andri S. Björnsson fékk styrk frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til rannsókna á áráttu og þráhyggju.
- Árni Kristjánsson fékk 192 tíma (25%) flutta af kennsluskyldu yfir í rannsóknir í samræmi við reglur um árangurstengda tilfærslu starfsþátta. Síðan fékk hann aðstoðarkennarastyrk vegna Halls Hallssonar doktorsnema, doktorsstyrki fyrir Ómar I. Jóhannesson og Ólafíu Sigurjónsdóttur úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og styrk frá Rannís fyrir Manje Brinkhuis.
- Fanney Þórsdóttir fékk styrk úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands til doktorsverkefnis Vöku Vésteinsdóttur.
- Zuilma Gabriela Sigurðardóttir fékk styrki úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir DI- og PT-rannsókn og styrk frá Rannís til rannsóknar á snemmtækri íhlutun hjá dreifbýlisbörnum.

Markaðs- og kynningarmál

Sálfræðideild tók þátt í námskynningu á grunn- og framhaldsnámi á háskóladeginum 1. mars. Auk þess tók deildin þátt í doktorsdegi Heilbrigðisvísindasviðs 30. apríl og málþingi doktorsnema á Heilbrigðisvísindasviði 28. maí.

Robert S. Weinberg, prófessor í íþróttasálfræði við Miami University í Ohio, hélt fyrirlesturinn Hvað er andlegur styrkur og hvernig er hægt að auka hann? við deildina 11. júní.

Deildin stóð fyrir sálfræðiþingi í samstarfi við Sálfræðingafélag Íslands 14. og 15. mars.

Brautskráðir stúdentar frá Sálfræðideild 2014

Sálfræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Sálfræði	44	87	131
BS Alls		44	87	131
cand. psych.	Sálfræði	3	21	24
cand. psych. Alls		3	21	24
Doktorspróf	Sálfræði	1		1
Doktorspróf Alls		1		1
MS	Sálfræði	1	8	9
MS Alls		1	8	9
Alls úr deildinni á árinu		49	116	165

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kandiðata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiðata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kandiðata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Sálfræðistofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Sálfræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun sem heyrir undir Sálfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Reglur um Sálfræðistofnun nr. 554/2010 voru samþykktar af háskólaráði 15. júní 2010 og fyrsta stjórn var skipuð 15. október það ár og fyrsti stjórnarfundur haldinn 26. október 2010.

Forseti Heilbrigðisvísindasviðs skipar fjögurra manna stjórn til þriggja ára, þar af eru þrír tilnefndir af Sálfræðideild og einn af starfsmönnum. Þrír menn skipa núverandi stjórn: Guðmundur Arnkelsson, formaður, Fanney Þórsdóttir og Zuilma Gabriela Sigurðardóttir.

Rannsóknir

Sálfræðistofnun skiptist í þrjár stofur:

- Rannsóknastofu í atferlisgreiningu,
- Rannsóknastofu um peningaspil og spilafíkn og
- Rannsóknastofu um stuðningsmat og gæðamál.

Öll starfsemi Sálfræðistofnunar fór fram í stofum stofnunarinnar en stofnunin sem slík sér um ýmis sameiginleg mál, samninga sem ná til fleiri en einnar stofu og þau önnur úrlausnarefni sem henni eru falin af hendi Sálfræðideildar.

Á árinu 2014 hefur Rannsóknastofa um stuðningsmat og gæðamál unnið að rannsóknum tengdum mati á stuðningsþörf (SIS) í samstarfi við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Afraksturs þess samstarfs á árinu var eitt veggspjald, erindi á erlendri ráðstefnu og grein í erlendu fræðiriti.

Samstarf og kynningarstarfsemi

Rannsóknastofa í atferlisgreiningu hélt áfram námskeiðahaldi fyrir foreldra, sem áður var hýst hjá Félagsvísindastofnu. Hún hélt einnig áfram, í samvinnu við tryggingafélagið Sjóvá, að þróa verkefni um öryggi barna í innkaupakerrum og einnig stóð stofan fyrir nokkrum málstofum með erlendum og innlendum fræðimönnum. Þá hefur verið unnið að gerð heimasíðu en þar verður m.a. hægt að fylgjast með starfsemi rannsóknastofunnar og skrá sig á foreldranámskeið. Eitt af verkefnum rannsóknastofunnar er svokallaður Ráðavefur, þar sem hægt er að fletta upp ýmsum ráðum við hegðunarvanda hjá börnum. Stofan fékk styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til að meta árangur af Ráðavef.

Tannlæknadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Fyrri hluta ársins var Teitur Jónsson dósent forseti Tannlæknadeildar og varaforseti Bjarni Elvar Pjetursson prófessor. Á deildarfundi 26. febrúar var Bjarni Elvar Pjetursson kosinn deildarforseti og Ellen Flosadóttir varadeildarforseti og tóku þau við af þeim Teiti og Bjarna seinni hluta ársins. Í deildarráði voru fyrri hluta ársins, auk forseta og varaforseta, Ellen Flosadóttir, sem var formaður kennslunefndar Tannlæknadeildar, Vigdís Valsdóttir, frá námsbraut tannsmiða, Björn Ragnarsson, formaður fjármálanefndar Tannlæknadeildar, Peter Holbrook, kosinn af deildarfundi, og tveir fulltrúar nemenda. Seinni hluta ársins tók Sigurjón Arnlaugsson lektor við af Peter sem fulltrúi kosinn af deildarfundi og Ellen Flosadóttir sat í deildarráði bæði sem varadeildarforseti og formaður kennslunefndar. Deildarfundur er æðsta vald deildarinnar og þar eiga sæti allir fastráðnir kennarar og þeir fulltrúar nemenda. Á árinu voru haldnir fimm deildarfundir og ellefu deildarráðsfundir.

Starfsfólk

Við deildina störfuðu þrjú prófessorar, fjórir dósentar, sjö lektorar og einn aðjunktur, alls 15 kennarar í tæplega 13 stöðugildum, auk fjölda stundakennara. Aðrir starfsmenn deildarinnar eru verkefnisstjóri tannsmiðanáms, tveir deildarstjórar og fjórir starfsmenn í móttöku og á klíník. Breytingar á starfsliði voru með minnsta móti.

Sigfús Þór Elíasson, prófessor og fagstjóri í tannsjúkdóma- og tannfyllingarfræðum, lét af störfum vegna aldurs um áramótin 2013–2014. Staðan var þá auglýst og um sumarið var Jónas Geirsson lektor ráðinn sem lektor og fagstjóri í tannfyllingarfræðum og Inga B. Árnadóttir prófessor tók við skipulagningu kennslu í tannsjúkdómafræðum. Þriðja staðan, sem verið hafði í tannsjúkdóma- og tannfyllingarfræðum, var á árinu mönnuð af fjórum stundakennurum.

Tannlæknadeild		
Stjórnsýsla og klínik	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	11	7,6
– karlar	1	0,75
Aðjunktur		
– konur	1	0,6
– karlar	0	0
Lektorar		
– konur	0	0
– karlar	8	5,73
Dósentar		
– konur	1	0,7
– karlar	3	2,7
Prófessorar		
– konur	1	1
– karlar	2	2
Samtals	16	12,73

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Nám og kennsla

Vorið 2014 útskrifuðust sjö tannlæknar. Sjö nemendur eru í öllum árgöngum sem á eftir koma. Misvægi kynjanna birtist í því að af 35 nemendum á 2. til 6. ári í tannlæknámi voru 24 konur og 11 karlar. Frá námsbraut tannsmiða voru brautskráðir sex nemendur á vormisseri með BS-gráðu að loknu þriggja ára námi. Á árinu vörðu tveir nemendur doktorsritgerðir sínar við deildina. Það vakti talsverða athygli að þetta voru forseti og varaforseti deildarinnar. Þeir voru reyndar ekki í skipulögðu doktorsnámi við deildina heldur lögðu fram doktorsritgerðir byggðar á rannsóknum sínum að uppfylltum þeim skilyrðum sem Háskóli Íslands setur um innihald, námskeiðasókn og fleira. Umsjón meistara- og doktorsnáms við Tannlæknadeild er í höndum sameiginlegrar meistara- og doktorsnámsnefndar Lækna- og Tannlæknadeildar þar sem Tannlæknadeild á einn fulltrúa.

Árið 2014 skráðu 63 nemendur sig í tannlæknánám á fyrsta ári og var heildarfjöldi tannlæknanema á haustmisseri alls 98. Samkeppnispróf fyrsta árs nema voru að venju haldin í lok haustmisseris og að þeim loknum halda sjö nemendur áfram. Nemendur í meistaranámi voru fjórir.

Tannsmiðanemar sem stunduðu nám til BS-prófs voru alls 34, þar af voru 23 nýnemar haustið 2013 og héldu fimm efstu úr þeim hópi áfram námi í tannsmíði eftir samkeppnispróf í lok fyrsta misseris. Kennsla fyrir tanntækna var með sama sniði og áður og stunduðu 12 nemendur nám í tanntækni við deildina. Inga B. Árnadóttir prófessor var umsjónarmaður tanntæknanámsins fyrir hönd deildarinnar og Krístrún Sigurðardóttir fyrir hönd Fjölbautaskólans við Ármúla. Á vormisseri kom einn skiptinemi frá Karolinska Institutet í Stokkhólmi og á haustmisseri einn skiptinemi frá Umeå. Á vormisseri fór einn nemi í skiptinámi úr Tannlæknadeild til Svíþjóðar.

Áfram var unnið að endurskipulagningu tannlæknánámsins. Skref í þá átt var að taka upp tvö ný rannsóknatengd námskeið í aðferðafræði og líftölfræði. Kennsla á fyrstu þremur árum námsins hefur verið færð æ meira yfir í lotuform til að gefa nemendum meiri möguleika á að einbeita sér að einu fagi í einu og til að auðvelda samvinnu við aðrar deildir Heilbrigðisvísindasviðs. Lyfjafræði á þriðja ári er nú meðal annars kennd í tveimur þriggja vikna lotum á haust- og vormisseri og líftölfræði er kennd á þremur vikum á vormisseri þriðja árs.

Tannlæknadeild hefur verið virkur þátttakandi í starfi ADEE (Association for Dental Education in Europe) og hún leggur ríka áherslu á að uppfylla skilyrði European Commission um 3000 klukkustunda klínísku þjálfun þannig að nemendur geti sótt sér íslensk og evrópsk tannlækningaleyfi strax að loknu námi.

Rannsóknir

Tannlæknadeild er í samstarfi við einstaklinga, háskóladeildir hérlendis og erlendis, stofnanir, félög og fyrirtæki hvað varðar rannsóknir í tannlæknisfræðum. Innan háskólans er mikil áhersla lögð á rannsóknir og kröfur gerðar til kennara um að afla styrkja úr rannsóknasjóðum. Kennarar deildarinnar hafa í vaxandi mæli reynt að fjármagna rannsóknaverkefni með þessum hætti. Einnig hafa fengist styrkir frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Vísindasjóði Tannlæknafélags Íslands og fleiri aðilum.

Kennarar Tannlæknadeildar hafa verið í samstarfi við nokkra erlenda háskóla, m.a. í Genf, Zürich og Hong Kong, en einnig við Karolinska Institutet, NIOM og fleiri stofnanir. Aukið samstarf hefur tekist milli Íslenskrar erfðagreiningar og Tannlæknadeildar þar sem meðal annars er unnið að rannsókn á krónískum verkjum sem geta komið upp eftir tannaðgerðir.

Peter Holbrook prófessor var aðalritstjóri eins helsta tannlæknatímaritsins á Norðurlöndum, Acta Odontologica Scandinavica, og hann fékk einnig á árinu viðurkenninguna Diploma in Oral Medicine frá European Association of Oral Medicine. Bjarni Elvar Pjetursson prófessor er formaður rannsóknarnefndar EAO (European Association for Osseointegration), sem eru stærstu samtök þeirra sem vinna með tannplanta í Evrópu.

Markaðs- og kynningarmál

Tannlæknadeild tók þátt í sameiginlegum kynningum á starfsemi og námsframboði, meðal annars með þátttöku í Háskóla unga fólksins og háskóladeginum í mars. Ekki virðist þó mikil þörf á að vekja athygli á deildinni þar sem nýnemar undanfarin ár eru miklu fleiri en hægt er að veita kennslu í klínískum greinum.

Tannlæknadeild gerði samstarfssamning við Tannlæknafélag Íslands um styrk frá félaginu til samkennslu námskeiðs í umsjón Sigurðar Rúnars Sæmundssonar dósents. Á móti fá félagar í Tannlæknafélagi Íslands að sitja fyrirlestrana sem símenntun sér að kostnaðarlausu.

Annað

Rekstur Tannlæknadeildar

Nýlegur samningur Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna hefur haft jákvæð áhrif á hag deildarinnar þar sem greiðslur frá Sjúkratryggingum hafa hækkað hjá vissum aldurshópum barna til móts við hækkanir á gjaldskrá. Þegar samningurinn verður kominn að fullu til framkvæmda og öll börn að 18 ára aldri eiga kost á gjaldfrjálsri tannlæknaþjónustu gæti hins vegar dregið úr aðsókn barna að

tannlækningum við deildina frá því sem nú er. Nú býðst börnum, öryrkjum og ellilífeyrisþegum þessi gjaldfrjálsa þjónusta en aðrir fá um það bil 65% afslátt af hefðbundinni gjaldskrá tannlækna.

Halli var á rekstri Tannlæknadeildar á árinu. Fjárhagsstaða deildarinnar var slæm sem fyrr og uppsafnað tap síðustu tíu ára er verulegt. Það er verulegt áhyggjuefni hvernig hægt verður að fjármagna allsherjarendurnýjun á tækjabúnaði á klíník og preklíník, sem er orðin afar brýn eftir rúmlega 30 ára starfsemi deildarinnar í Læknagarði, en kostnaðinn við þessa endurnýjun má lauslega áætla um hundrað milljónir króna.

Þrátt fyrir halla síðustu ár hefur smám saman verið unnið að endurbótum á minni tækjabúnaði deildarinnar og hafa fjárveitingar úr Tækjakaupasjóði háskólans hjálpað mjög í þeim málum.

Brautskráðir stúdentar frá Tannlæknadeild 2014

Tannlæknadeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Tannsmíði	2	4	6
BS Alls		2	4	6
cand. odont.	Tannlæknisfræði	2	6	8
 cand. odont. Alls		2	6	8
Doktorspróf	Tannlæknavísindi	2		2
Doktorspróf Alls		2		2
Alls úr deildinni á árinu		6	10	16

Tölur í þessari töflu eru frá kennslusviði háskólans og gilda um brautskráða kandiata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennslusviði um brautskráða kandiata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Tannlækningastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Tannlækningastofnun er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun í tannlæknisfræði og skyldum greinum sem stundaðar eru við Tannlæknadeild. Stofnunin er til húsa í Læknagarði.

Stjórn Tannlækningastofnunar 2014 skipuðu Svend Richter dósent, formaður, Björn Ragnarsson lektor, Sigurjón Arnlaugsson lektor, Karl Örn Karlsson lektor og Sigfús Þór Elíasson prófessor. Fulltrúi nemenda var Íris Þórsdóttir.

Tannlækningastofnun tók til starfa 1997 og var reglugerð um hana samþykkt í háskólaráði á því sama ári. Reglur um Tannlækningastofnun Háskóla Íslands eru nr. 544/2010.

Helstu þættir starfseminnar eru nú þessir:

- Rannsóknir sem starfsmenn Tannlæknadeildar stunda.
- Árlegur fundur um rannsóknir í tannlækningum þar sem kynntar eru rannsóknir og rannsóknáætlanir starfsmanna stofnunarinnar og annarra á sviði tannlæknisfræði.

- Símenntunarnámskeið og árleg röð fyrirlestra fyrir tannlækna.
- Álitsgerðir sem unnar eru af sérfræðingum stofnunarinnar fyrir opinbera aðila, einkum landlækni og úrskurðarnefnd almennatrygginga.
- Sérverkefni á sviði heilbrigðisþjónustu, einkum í samvinnu við Landspítala – háskólasjúkrahús.
- Tekjum Tannlækningastofnunar er varið til að efla rannsóknir og kennslu við Tannlæknadeild.

Samningur Tannlækningastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands

Undirritaður var samningur milli Tannlækningastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands 21. mars 2014 um skoðun sjúklinga í tengslum við athugun á veittri tannlæknaþjónustu. Eitt erindi barst Tannlækningastofnun samkvæmt samningnum á árinu og voru tveir kennarar Tannlæknadeildar ráðnir í það verkefni.

Ráðstefnur og fundir

Tannlækningastofnun stóð fyrir tveimur fræðafundum um rannsóknir í tannlæknisfræði og voru báðir haldnir í Læknagarði. Haustfundur stofnunarinnar var haldinn 4. október þar sem 18 erindi voru flutt. Vetrarfundur Tannlækningastofnunar var haldinn 6. desember þar sem 14 erindi voru flutt. Fundir þessir eru opnir öllum, en markhópurinn eru nemendur og starfsfólk Tannlæknadeildar og útskrifaðir tannlækna. Ágrip erinda og veggspjalda eru birt í Tannlæknablaðinu.

Tannlækningastofnun stóð fyrir fyrirlestraröð á vormisseri í samvinnu við Tannlæknadeild og Tannlæknafélag Íslands. Fyrirlestraröðin var ætluð tannlæknanemum og útskrifuðum tannlæknum. Þar ræddu ýmsir heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sérfræðingar málefni sem tengjast tannlækningum beint og óbeint og er fyrirlestrunum ætlað að víkka sjónarhorn starfandi tannlækna og tannlæknanema. Fyrirlestrarnir voru haldnir í Læknagarði og hafði Sigurður Rúnar Sæmundsson dósent umsjón með fyrirlestraröðinni.

Rannsóknastofa í tannlæknisfræði

Rannsóknastofa í tannlæknisfræði var sett á laggirnar árið 1984 í kringum rannsóknastarf í Tannlæknadeild. Hún veitir klíníska rannsóknþjónustu m.a. á sviði greininga og dauðhreinsunar í samvinnu við rannsóknastofu í veirufræði, jafnframt því sem kennarar og meistaranemar vinna þar rannsóknaverkefni sín, gjarnan í samstarfi við Lyfjafræðideild. Starfsmenn eru tveir, í tæplega einu stöðugildi, og tekjur eru af þjónusturannsóknum og rannsóknastyrkjum.

Í stjórn stofunnar eru þeir Peter Holbrook, Karl Örn Karlsson og Jónas Geirsson (til ársins 2016). Forstöðumaður er Peter Holbrook.

Rannsóknastofan fékk styrk á árinu úr Nýsköpunarsjóði til vinna verkefni sem felst í að þróa efni til að bera lyf beint á slímhúð í munn. Doktorsnemi við Lyfjafræðideild mun vinna það verkefni sem doktorsverkefni sitt.



Small informational label on the wall to the left of the man.



Text on the man's glasses.

Informational label on the base of the bust, containing text in multiple lines.

Hugvísindasvið

Skipulag og stjórn

Á Hugvísindasviði eru fjórar deildir: Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Íslensku- og menningardeild og Sagnfræði- og heimspekideild.

Forseti sviðsins var Ástráður Eysteinnsson prófessor í almennri bókmenntafræði. Hann hefur gegnt starfinu frá árinu 2008.

- Deildarforseti Deildar erlendra tungumála var Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, og varadeildarforseti Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum.
- Deildarforseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar var Sólveig Anna Bóasdóttir dósent og Pétur Pétursson prófessor varadeildarforseti. Þann 1. júlí tók Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor við starfi deildarforseta og Hjalti Hugason prófessor við starfi varadeildarforseta.
- Deildarforseti Íslensku- og menningardeildar var Guðni Elísson prófessor og varadeildarforseti var Gauti Kristmannsson prófessor. Þann 1. júlí tók Sveinn Yngvi Egilsson prófessor við starfi deildarforseta og Gunnþórunn Guðmundsdóttir tók við starfi varadeildarforseta.
- Deildarforseti Sagnfræði- og heimspekideildar var Svavar Hrafn Svavarsson, prófessor í heimspeki, og varadeildarforseti Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði. Guðmundur var starfandi forseti frá 1. júlí vegna rannsóknarleyfis Svavars Hrafn.

Stjórn Hugvísindasviðs er skipuð forseta sviðsins og deildarforsetum, auk þess sem nemendur eiga einn aðalfulltrúa og einn áheyrnarfulltrúa.

Guðbjörg Þórisdóttir, nemandi í grísku, var aðalfulltrúi nemenda á vormisseri og Stefán Óli Jónsson, nemandi í sagnfræði, áheyrnarfulltrúi. Á haustmisseri sat Guðbjörg sem fulltrúi nemenda en enginn áheyrnarfulltrúi var skipaður.

Á fræðasviðinu starfar heildstæður stjórnarsýslu- og skrifstofukjarni fyrir allt sviðið. Þar eru m.a. starfandi verkefnastjórar einstakra deilda sem sinna erindum deildanna og tryggja tengsl þeirra við stjórnarsýslu- og þjónustumiðstöð sviðsins, sem og miðlæga stjórnarsýslu háskólans.

Á skrifstofunni eru tólf starfsmenn: sviðsforseti, rekstrarstjóri, rannsóknastjóri, kennslustjóri, kynningar- og vefstjóri, verkefnastjóri alþjóðamála og verkefnastjóri Hugvísindastofnunar, auk fjögurra annarra verkefnastjóra sem sinna málefnum deilda, framhaldsnáms, húsnæðismála, brautskráningar, móttöku- og samskiptamála, sem og annarri þjónustu við deildir, kennara og nemendur sviðsins.

Markaðs- og kynningarmál

Á sviðinu var gefið út innanhússfréttabréf, Hugskeyti, sem var sent í tölvupósti til allra fastráðinna starfsmanna sviðsins og ýmissa tengiliða innan skólans. Í fréttabréfinu, sem kom út þrisvar sinnum á árinu, var sagt frá helstu tíðindum af starfsmannamálum, viðburðum, viðurkenningum og öðru fréttanæmu í starfi sviðsins og fréttum af starfsmönnum.

Vefur sviðsins gegnir lykilhlutverki í upplýsingamiðlun og kynningarstarfi. Þar er ávallt að finna nýjustu upplýsingar um nám og kennslu á sviðinu, auk þess sem greint er frá viðburðum og fréttir birtar um það sem ber hæst hverju sinni. Nokkur myndbönd voru framléidd til kynningar á námsgreinum Hugvísindasviðs. Þau voru birt á vef sviðsins og á youtube-rás Hugarásar, vefrits Hugvísindasviðs. Á innri vef, Uglu, er að finna ýmsar upplýsingar sem eingöngu eru ætlaðar starfsmönnum, s.s. fundargerðir, sniðmát, eyðublöð o.fl. Á árinu var átaki í að stofna vefi fyrir kennara sviðsins haldið áfram.

Sviðið rekur vefritið Hugras.is þar sem birtar voru greinar og pistlar fræðimanna og nemenda í hugvísindum.

Hugvísindasvið tók þátt í almennum kynningum á námi við Háskóla Íslands þar sem nemendur og kennarar lögðu gjörva hönd á plóg ásamt kynningarnefnd sviðsins. Hæst bar háskóladaginn í mars auk þess sem nokkrir framhaldsskólar voru heimsóttir og tekið var á móti einstökum hópum.

Rannsóknir

Starfsemi Hugvísindastofnunar hefur verið með hefðbundnu sviði. Stofnunin veitir rannsóknþjónustu á sviðinu og stuðning við rannsóknaverkefni, ráðstefnuhald, útgáfu fræðirita og fleiri rannsóknatengda þætti. Fjallað er ítarlega um starfsemi stofnunarinnar í kaflanum um Hugvísindastofnun og undirstofnanir hennar.

Forseti sviðsins er jafnframt stjórnarformaður Hugvísindastofnunar og sú starfsemi sem lýtur sérstaklega að stjórnun og þjónustu rannsóknamála – þ.e. störf rannsóknastjóra og verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, auk ýmissa starfa sviðsforseta og rekstrarstjóra – eru þannig hluti af því heildstæða stjórnsýslustarfi sem sinnt er á skrifstofu sviðsins. Stjórn Hugvísindastofnunar er jafnframt vísindanefnd sviðsins. Hugvísindastofnun sinnir margvíslegri rannsóknþjónustu á sviðinu og undir hana heyra sex fastar grunnstofnanir (Bókmennta- og listfræðastofnun, Guðfræðistofnun, Heimspekistofnun, Málvísindastofnun, Sagnfræðistofnun og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum), sem og aðrar sjálfstæðar rannsóknastofnanir sem hafa heimilisfesti á Hugvísindasviði og eiga fulltrúa í stjórn Hugvísindastofnunar. Þrjár stofnanir hafa slíka aðild að Hugvísindastofnun, þ.e. Siðfræðistofnun, Edda – öndvegissetur og Rannsóknastofa í jafnréttisfræðum (RIKK, áður Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum). Þetta eru öflugar stofnanir sem standa fyrir þverfræðilegum rannsóknum og tengslum Hugvísindasviðs við önnur fræðasvið háskólans, sem og út fyrir skólann. Sjá nánar umfjöllun í köflum um stofnanirnar. Innan vébanda Hugvísindastofnunar og einstakra aðildarstofnana hennar starfa einnig sérhæfðar rannsóknastofur.

Nefndir og ráð

Auk vísindanefndar, sem vikið er að hér að framan, starfa nokkrar fastanefndir á sviðinu: kennslunefnd, kynningarnefnd og jafnréttisnefnd.

Stefna sviðsins

Hugvísindasvið vinnur eftir stefnu sem var samþykkt fyrir árin 2013 til 2018. Hana má lesa á heimasíðu sviðsins. Endurskoðuð jafnréttisáætlun Hugvísindasviðs var birt en henni var ætlað að árétta þá stefnu sem sett er fram í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands og heimfæra á aðstæður á Hugvísindasviði.

Starfsmannamál


Nánar er fjallað um starfsmannamál í köflum um einstakar deildir sviðsins og í kafla um ný og breytt störf.

Hugvísindasvið – Heildarfjöldi starfsmanna

Fjöldi

Starfsígildi

Konur	80	67,80
Karlar	87	71,6
167	139,4	



Stjórnissýsla fræðasviðsins – fjöldi starfsmanna í árslok 2014

	Karlar	Konur	Samtals
Hugvísindasvið	6	6	12
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	0	0	0
Íslensku- og menningardeild	0	0	0
Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	0	0	0
Sagnfræði- og heimspekideild	0	0	0
Einstaklingar			12
Starfsígildi			11,5

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá fræðasviðinu þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Fjármál Hugvísindasviðs*

Fjárveiting	1.270.030
Sértekjur	367.897
Tekjur alls	1.637.927
Útgjöld	1.572.221
Tekjuafgangur	65.706
Ársverk	167,6
Skráðir nemendur	2.271
Virkir nemendur	1.573
Nemendur/ársverk	13,6
Virkni nemenda	69,3%

* Upphæðir eru í þús. kr.

Ritver Hugvísindasviðs

Hugvísindasvið opnaði ritver og tók það til starfa 15. janúar. Í ritverinu geta allir nemendur skólans fengið góð ráð um hvers kyns úrlausnarefni sem tengjast fræðilegum ritgerðum eða öðrum skriflegum verkefnum, hvort sem þau eru langt komin eða á byrjunarstigi. Á heimasíðu ritversins er hægt að panta viðtalstíma og sækja ýmsan fróðleik. Ritverið er í stofu 005 í kjallara Nýja-Garðs og umsjónarmaður þess er Jóhannes Gísli Jónsson, lektor í íslenskri málfræði. Ritverið hélt fjölmarga fræðslufundi fyrir nemendur háskólans og voru þeir jafnan vel sóttir.

Icelandic Online

Vefnámskeiðið Icelandic Online, sem á rætur í starfi Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, hlaut sérstaka viðurkenningu á degi íslenskrar tungu fyrir stuðning við íslenska tungu. Í greinargerð ráðgjafanefndar segir um Icelandic Online: „Námskeiðið Icelandic Online er vefnámskeið í íslensku sem erlendur máli. Það var tekið í notkun fyrir tíu árum og hefur bæst við námsefnið jafnt og þétt allar götur síðan. Icelandic Online er öllum opið og aðgangur er ókeypis. Námskeiðið er einkum ætlað erlendum háskólanemum en einnig öðrum sem áhuga hafa á íslensku máli og menningu, bæði erlendis og hér á landi. Að verkefninu standa Hugvísindastofnun, Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Námskeiðið hefur stuðlað að aukinni íslenskukunnáttu svo um munar og hefur gagnast tugþúsundum notenda víða um heim.“

Fyrsta Icelandic Online-námskeiðið var gefið út árið 2004 en það nýjasta, Icelandic Online 5, var opnað á síðasta ári. Námskeiðin eru gagnvirk og byggð á nýjustu rannsóknum í kennslufræði annarra/erlendra tungumála á netinu auk áralangrar reynslu af kennslu íslensku sem annars máls við Háskóla Íslands. Icelandic Online-verkefnið hefur fært út kvíarnar í samstarfi við Fróðskaparsetrið í Færeyjum um þróun Faroese Online en námskeiðið er ætlað innflytjendum í Færeyjum. Fyrirmynd færeyska námskeiðsins er Icelandic Online – Bjargir sem var opnað árið 2010. Bjargir eru eitt af sex námskeiðum undir hatti Icelandic Online-verkefnisins. Bjargir eru ætlaðar innflytjendum sem búa og starfa á Íslandi. Efni námskeiðsins er hagnýtt og tekur til daglegs lífs á Íslandi með þarfir innflytjenda í huga. Innihaldið er umfangsmikið og skiptist í sex samfellda kafla með um 260 fjölbreyttum æfingum.

Tölvunarfræðinemar við Háskóla Íslands, Daníel Páll Jóhannsson og Össur Ingi Jónsson, ásamt Patrick Thomas tölvunarfræðingi vinna nú að þróun „apps“ til að unnt sé að bjóða Bjargir á nýjustu fartækjum, s.s. snjallsímum og spjaldtölvum. Færeyingar njóta góðs af þessari þróunarvinnu við gerð Faroese Online og nýta tæknihluta Bjarga, auk þess að þýða efnið og staðfæra fyrir sinn markhóp. Samstarfsverkefnið er styrkt af Nordplus Voksen. Í starfshópnum eru fyrir hönd Háskóla Íslands: Birna Arnbjörnsdóttir prófessor, Kolbrún Friðriksdóttir aðjúnkt, Patrick Thomas tölvunarfræðingur og Úlfar Bragason rannsóknarprófessor, frá Fróðskaparsetri í Færeyjum eru: Hjalmar P. Petersen lektor, John Mikkelsen, tölvunarfræðingur og nemi, og Malan Marnersdóttir, prófessor og sviðsforseti, og frá Helsinki-háskóla er: Helga Hilmisdóttir lektor.

Doktorsvarnir

- Þórunn Sigurðardóttir varði doktorsritgerð sína, *Heiður og huggun – Erfiljóð, harmljóð og huggunarkvæði á 17. öld, við Íslensku- og menningardeild 7. mars*. Andmælendur voru Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild, og Jürg Glauser, prófessor við Háskólann í Zürich, en ásamt þeim í dómnefnd sat Hjalti Hugason, prófessor í kirkjusögu. Guðni Elísson, forseti Íslensku- og menningardeildar, stýrnaði athöfninni.
- Oscar Aldred varði doktorsritgerð sína, *Fornleifar á hreyfingu – Aðferðafræðileg rannsókn, við Sagnfræði- og heimspekideild 5. mars*. Oscar er fyrsti nemandinn sem brautskráist að afloknu doktorsnámi í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, benti í ávarpi á að fornleifarannsóknir hafi lengi verið stundaðar á Íslandi og fyrir rúmum 57 árum hafi Kristján Eldjárn, þjóðminjavörður og síðar forseti Íslands, varið doktorsritgerð sína um kuml og haugfé í Hátíðasal Háskóla Íslands. Fornleifafræðin væri hins vegar tiltölulega ný námsgrein á háskólastigi hér á landi og hún ætti sér staðfestingarstund með doktorsvörn Oscars Aldred. Doktorsvörn Oscars fór fram í Hátíðasal Háskóla Íslands. Andmælendur voru Brit Solli, prófessor í miðaldafornleifafræði við Kulturhistorisk museum við Oslóarháskóla, og Mark Edmonds, prófessor í fornleifafræði við University of York. Leiðbeinandi var Gavin Lucas, prófessor í fornleifafræði. Í doktorsnefnd voru, ásamt leiðbeinanda, Orri Vésteinsson, prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands og Katrín Lund, dósent í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Svavar Hrafn Svavarsson, forseti Sagnfræði- og heimspekideildar, stýrði athöfninni.
- Hoda Thabet varði fyrstu doktorsritgerðina í almennri bókmenntafræði við Íslensku- og menningardeild. Ritgerðin ber heitið *Women in Transition (Konur á tímamótum)*. Andmælendur við vörnina voru tveir af þekktustu sérfræðingum heims í arabískum kvennabókmenntum, þær Miriam Cooke, prófessor í arabískri menningu við Duke-háskólann í Bandaríkjunum, og Marilyn Booth, prófessor í arabískum og íslömskum fræðum við Edinborgarháskóla. Leiðbeinandi Hodu var Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði, en auk hans sátu í doktorsnefnd Roger M. A. Allen, prófessor emeritus í arabískum bókmenntum við Pennsylvaníuháskóla og einn helsti sérfræðingur í Bandaríkjunum í þeirri fræðigrein, og Gunnþórunn Guðmundsdóttir, dósent í almennri bókmenntafræði við Íslensku- og menningardeild. Guðni Elísson, forseti Íslensku- og menningardeildar, stýrði athöfninni.
- Skúli Sigurður Ólafsson varði doktorsritgerð sína, *Altarisganga á Íslandi 1570–1720 – Fyrirkomulag og áhrif, við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild 19. júní*. Sólveig Anna Bóasdóttir, forseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar, stýrði athöfninni. Andmælendur við vörnina voru Agnes S. Arnórsdóttir, dósent í sagnfræði við Árósháskóla, og Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur í Reykjavík og stundakennari við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Leiðbeinandi Skúla var Einar Sigurbjörnsson, prófessor í guðfræði. Í doktorsnefnd voru, ásamt leiðbeinanda, Már Jónsson, prófessor í sagnfræði við háskóla Íslands, og Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor í guðfræði.

- Sumarliði R. Ísleifsson varði doktorsritgerð sína, *Tvær eyjar á jaðrinum – Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til miðrar 19. aldar*, við Sagnfræði- og heimspekideild 23. júní. Andmælendur voru Sverrir Jakobsson, lektor í sagnfræði við Háskóla Íslands, og Hrefna Róbertsdóttir, sérfræðingur á Þjóðskjalasafni Íslands. Leiðbeinandi var Anna Agnarsdóttir, prófessor í sagnfræði. Í doktorsnefnd voru, ásamt leiðbeinanda, Andrew Wawn, prófessor emerítus við Leedsháskóla, og Einar Már Jónsson, fyrrverandi háskólakennari í París. Svavar Hrafn Svavarsson, forseti Sagnfræði- og heimspekideildar, stýrði athöfninni.
- Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir varði doktorsritgerð sína, *Andlegir, trúarlegir og tilvistarlegir þættir innan líknarmeðferðar*, við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild 27. júní. Andmælendur voru Steve Nolan, sjúkrahúsprestur við Princess Alice Hospice í Bretlandi, og Helgi Sigurðsson, prófessor í krabbameinslækningum við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi Guðlaugar var Einar Sigurbjörnsson, prófessor í guðfræði við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Auk hans sátu í doktorsnefnd þau Ewan Kelly, stundakennari við Guðfræðideild Edinborgarháskóla, Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræðum við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala, og Valgerður Sigurðardóttir, yfirlæknir líknardeildar Landspítala. Sólveig Anna Bóasdóttir, forseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar, stýrði athöfninni.
- Hildur Gestsdóttir varði doktorsritgerð sína, *Osteoarthritis in Iceland – An Archaeological Study (Slitgigt á Íslandi – Fornleifafræðileg rannsókn)*, við Sagnfræði- og heimspekideild 3. september. Andmælendur voru Tony Waldron, prófessor í mannabeinafræði við Lundúnaháskóla, og Anna Kjellström, mannabeinafræðingur við Stokkhólmsháskóla. Leiðbeinandi var Orri Vésteinnsson, prófessor í fornleifafræði. Í doktorsnefnd voru, ásamt leiðbeinanda, Helgi Jónsson, prófessor á Helbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, og Rebecca Gowland, dósent í mannabeinafræði við Háskólann í Durham. Guðmundur Hálfðanarson, forseti Sagnfræði- og heimspekideildar, stýrði athöfninni.
- Alda Björk Valdimarsdóttir varði doktorsritgerð sína, *„Ég hef lesið margar Jönur“ – Höfundarvirkni Jane Austen í þremur kvennagreinum samtímans*, við Íslensku- og menningardeild 24. október. Andmælendur voru Gauti Sigþórsson, dósent og greinarformaður fjölmiðlafræði í Greenwich-háskóla í Lundúnum, og Ingibjörg Ágústsdóttir, lektor í ensku við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslensku. Í doktorsnefnd voru, ásamt leiðbeinanda, Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs og prófessor í almennri bókmenntafræði, og Julian Meldon D’Arcy, prófessor í enskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor og forseti Íslensku- og menningardeildar, stýrði athöfninni.
- Árný Aurangasri Hinriksson varði doktorsritgerð sína, *Dissident Voices – Sociocultural Transformations in Sri Lankan Post-Independence Novels in English (Andófsraddir – Félagsmenningarlegar umbyltingar í skáldsögum á ensku í Sri Lanka að fengnu sjálfstæði)*, við Deild erlendra tungumála, málvísinda og bókmennta 14. nóvember. Andmælendur voru Chelva Kanaganayakam, prófessor við Háskólann í Toronto í Kanada, og Hartmut Lutz, prófessor emerítus við Háskólann í Greifswald í Þýskalandi. Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, prófessor í enskum bókmenntum við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, var leiðbeinandi doktorsefnisins en í doktorsnefndinni sátu, auk hennar, Walter Perera, prófessor við University of Peradeniya á Sri Lanka, og Martin Regal, dósent við Háskóla Íslands. Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor og forseti Deildar erlendra tungumála, stjórnaði athöfninni.

Aðrir viðburðir

Hugvísindasvið og stofnanir þess standa fyrir fjölmörgum viðburðum í hverjum mánuði, ýmist í samstarfi við aðra eða á eigin vegum. Viðburðirnir eru af ýmsum toga, s.s. stakir fyrirlestrar, fyrirlestraraðir, málþing, menningarhátíðir, málstofur og innendar sem alþjóðlegar ráðstefnur, auk hins árlega Hugvísindapings. Hér að aftan er sagt frá stærstu viðburðum ársins.

Hugvísindaping

Fræðimenn frá öllum landshornum komu saman og kynntu nýjustu rannsóknir í hugvísindum á fjölsóttu Hugvísindapingi sem haldið var 14. og 15. mars. Alls var boðið upp á hátt í 150 fyrirlestra í 37 málstofum dagana tvo og voru málstofurnar allar opnar almenningi. Hugvísindaping hefur verið árviss viðburður frá árinu 1999. Einnig er fjallað um Hugvísindaping í kafla um Hugvísindastofnun.

Menningarhátíðir

Hin árlega Japanshátíð var haldin í níunda sinn 1. febrúar en hún hefur öðlast fastan sess hjá mörgum enda er mjög vandað til hennar af hálfu nemenda og kennara í japönsku. Hátíðin er haldin í samstarfi við japanska sendiráðið. Efnt var til kínverskrar nýárshátíðar 15. febrúar með menningarveislu á Háskólatorgi. Hátíðin var skipulögð af Konfúsíusarstofnuninni Norðurljósum í samvinnu við Hugvísindasvið, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, sendiráð Kína á Íslandi, Samtök Kínverja á Íslandi og Tehúsið. Hátíðirnar voru fjölsóttar að vanda og dagskrá þeirra beggja vegleg.

Námskynningar

Í mars var námskynning haldin í Háskóla Íslands á svonefndum háskóladegi. Dagurinn þótti takast mjög vel og var fjölsóttur að vanda. Sviðið tók enn fremur þátt í margvíslegum öðrum námskynningum í framhaldsskólum, ýmist með öðrum deildum og sviðum skólans eða á eigin vegum með kynningum á stökum námsgreinum eða deildum Hugvísindasviðs.

Hugvísindasvið og Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda veittu allmörgum stúdentum viðurkenningu, bókina Eitt þúsund tungumál, fyrir góðan árangur í erlendum tungumálum við útskrift úr framhaldsskóla. Viðurkenningunni er ætlað að hvetja stúdenta til áframhaldandi náms í erlendum tungumálum.

Alþjóðasamskipti

Erlendir nemendur

Á árinu voru erlendir nemendur við Háskóla Íslands samtals 1069, þar af á Hugvísindasviði 515. Við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda voru erlendu nemendurnir 149, við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild var einn erlendir nemandi, við Íslensku- og menningardeild 327 erlendir nemendur og við Sagnfræði- og heimspekideild 38.

Af þessum 515 erlendu nemendum voru 378 í grunnnámi, þ.a. 114 í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, einn í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, 250 í Íslensku- og menningardeild og 13 í Sagnfræði- og heimspekideild. Í viðbótarnámi voru 15 erlendir nemendur, þ.a. einn í Íslensku- og menningardeild og 14 í Sagnfræði- og heimspekideild.

Í meistaranámi voru 99 erlendir nemendur, þ.a. 33 í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, 64 í Íslensku- og menningardeild og tveir í Sagnfræði- og heimspekideild.

Í doktorsnámi við Hugvísindasvið voru 23 erlendir nemendur, þ.a. tveir í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, 12 í Íslensku- og menningardeild og níu í Sagnfræði- og heimspekideild.

Af þeim 515 erlendu nemendum sem voru við nám á Hugvísindasviði voru 280 þeirra við nám á námsleiðinni Íslenska sem annað mál og Hagnýt Íslenska sem annað mál. Á námsleiðinni Medieval Icelandic Studies voru 13 erlendir nemendur og 42 á námsleiðinni Viking and Medieval Studies.

Erlendir skiptinemar

Á árinu voru erlendir skiptinemar við Háskóla Íslands samtals 427. Af þessum erlendu skiptinimum voru 122 við nám á Hugvísindasviði. Nemendur koma úr samstarfsskólum Háskóla Íslands, sem er í samstarfi við yfir 500 háskóla úti um allan heim.

Nemendur í skiptinám til erlendra skóla

Nemendur Háskóla Íslands sem fóru sem skiptinemar til erlendra samstarfsskóla í Evrópu voru samtals 207, þ.a. voru 55 af Hugvísindasviði.

Nemendur í þýsku fóru til Tübingen í Þýskalandi í árlega kennsluferð í tvær vikur í febrúar og er það í þrettánda sinn sem slík ferð er farin til Tübingen. Nemendur í dönsku fóru einnig í sína árlegu námsferð á Schæffergården í Danmörku í verkefnavíkunni að hausti.

Nemendur Háskóla Íslands sem fóru sem skiptinemar til erlendra samstarfsskóla utan Evrópu voru samtals 61, þ.a. 26 af Hugvísindasviði.

Námskeið kennd á ensku og öðrum tungumálum

Á Hugvísindasviði var boðið upp á fjölda námskeiða á ensku, bæði í grunn- og framhaldsnámi, og eru þar talin með stutt námskeið gestakennara. Þær námsleiðir sem kenndar eru á ensku eru MA in Medieval Icelandic Studies (Íslensk miðaldafræði) og MA Viking and Medieval Norse Studies, og er sú námsleið í samstarfi við þrjá aðra norræna háskóla. Þá eru á Hugvísindasviði námsleiðirnar Icelandic as a second language/Íslenska sem annað mál (BA) og Practical Icelandic as a second language/Hagnýt íslenska sem annað mál einnig kenndar á ensku á fyrstu stigum námsins. Kennsla í ensku við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda fer fram á ensku og kennsla í öðrum tungumálagreinum fer einnig fram á viðkomandi tungumáli að öllu jöfnu og hefur orðið vart við aukinn áhuga erlendra skiptinema á námskeiðum í tungumálum meðan þeir stunda skiptinám við Háskóla Íslands.


Kennara- og starfsmannaskipti

Á árinu fengu 58 starfsmenn Háskóla Íslands Erasmus+ styrk. Af þeim voru 19 starfsmenn Hugvísindasviðs, þar af tveir starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Heimsóknir erlendra gestakennara eru hluti af alþjóðastarfi Hugvísindasviðs. Gestakennarar dvelja í mislangan tíma við sviðið og sumir þeirra kenna í málstofum daglega í nokkrar vikur.

Annað

Önnur alþjóðleg samskipti, eins og fyrirlestraferðir, samstarfsverkefni og ráðstefnur erlendis og á Íslandi, eru einnig hluti af starfsemi Hugvísindasviðs.

Skipurit Hugvísindasviðs og stofnana þess



Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda eru kenndar 13 erlendar tungumálagreinar. Lögð er áhersla á að tungumálakunnátta nemenda og fræðileg innsýn í bókmenntir, málvísindi og menningu annarra þjóða veiti nemendum þekkingu og færni til að takast á við störf t.d. við alþjóðasamskipti, menningartengd málefni, viðskipti, þýðingar, fjölmiðla, ferðaþjónustu, útgáfu, almannatengsl og stjórnsýslu.

Stjórn

Forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda var Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, og varaforseti Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum.

Ráð og nefndir

Deildinni er skipað í þrjár námsbrautir: námsbraut í ensku, námsbraut í rómönskum málum, grísku, latínu og japönsku og námsbraut í Norðurlandamálum, kínversku, rússnesku og þýsku. Við deildina starfa þrjár fastar stjórnunareiningar til viðbótar, auk deildarfundar: deildarráð, framhaldsnámsnefnd og kennslunefnd.

Námsgreinar

Við deildina voru eftirfarandi námsgreinar í boði: danska, enska, frönsk fræði, gríska, ítalska, japanskt mál og menning, kínversk fræði, Austur-Asíufræði, Ameríkufræði, latína, norska, Norðurlandafræði, rússneska, spænska, sænska, þýska, þýska í ferðabjónustu og miðlun og loks enska: bókmenntir, menning og miðlun.

Starfsmannamál

Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda		
Aðjúntar	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	9	5,72
– karlar	4	3,09
Lektorar		
– konur	5	5
– karlar	2	2
Dósentar		
– konur	2	1,5
– karlar	3	3
Prófessorar		
– konur	6	6
– karlar	3	3
Samtals	34	29,3

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Auður Hauksdóttir fékk framgang í starf prófessors í dönsku. Hún var áður dósent í sömu grein.
- Þórhallur Eypórsson var ráðinn í starf prófessors í málvísindum í enskunámsbraut frá 1. júlí. Hann var áður tímabundið dósent í sömu grein.
- Gísli Magnússon var ráðinn lektor í dönsku frá 1. júlí.

Brautskráðir stúdentar frá Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda 2014

Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Austur-Asíufræði	1	1	2
	Danska		2	2
	Enska	7	32	39
	Franska		1	1
	Frönsk fræði	1	4	5
	Ítalska		2	2
	Japanskt mál og menning	5	9	14
	Kínversk fræði	2	1	3
	Kínverskt mál og menning		1	1
	Latína		3	3
	Rússneska	1	1	2
	Spænska	2	7	9
	Sænska	1		1
	Þýska	1	6	7
BA Alls		21	70	91
Doktorspróf	Enska		1	1
Doktorspróf Alls			1	1
Grunndiplóma	Akademísk enska	1		1
	Hagnýt spænska fyrir atvinnulífið		2	2
Grunndiplóma Alls		1	2	3
MA	Bókmenntir, menning og miðlun	1	3	4
	Enska		1	1
	Enskukennsla	1	3	4
	Franska		1	1
	Hagnýt þýska í ferðapjónustu og miðlun		1	1
	Spænskukennsla	1	9	10
	Þýskukennsla		1	1
MA Alls		3	19	22
Alls úr deildinni á árinu		25	92	117

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kandiðata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiðata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kandiðata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Markmið Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar er að bjóða upp á nám í guðfræði og trúarbragðafræðum sem stenst alþjóðlegan samburð. Með því er stúdentum gert mögulegt að afla

sér þekkingar sem sífellt skiptir meira máli á öllum sviðum samfélagsins. Deildin er helsta miðstöð guðfræði- og trúarbragðafræðirannsókna hérlendis.

Stjórn

Forseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar var Sólveig Anna Bóasdóttir dósent og Pétur Pétursson prófessor varadeildarforseti. Þann 1. júlí tók Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor við starfi deildarforseta og Hjalti Hugason prófessor við starfi varadeildarforseta.

Ráð og nefndir

Við deildina starfa eftirtaldar stjórnunareiningar, auk deildarfundar: rannsóknanámsnefnd, stjórn Trúarbragðafræðistofu, stjórn Guðfræðistofnunar og ritnefnd Ritraðar Guðfræðistofnunar.

Námsgreinar

Við deildina er boðið upp á eftirfarandi námsgreinar: trúarbragðafræði, djáknánám og guðfræði.

Starfsmannamál

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild			
	Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	0	1,25
	– karlar	2	0
	Dósentar		
	– konur	0	0
	– karlar	0	0
	Prófessorar		
	– konur	2	2
	– karlar	3	3
	Samtals	7	6,3

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Sólveig Anna Bóasdóttir fékk framgang í starf prófessors í guðfræðilegri siðfræði frá 1. júlí. Hún var áður dósent í sömu grein.

Brautskráðir stúdentar frá Guðfræði- og trúarbragðafræðideild 2014

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Guðfræði	5	3	8
	Guðfræði – Djáknanám		6	6
BA Alls		5	9	14
Doktorspróf	Guðfræði	1	1	2
Doktorspróf Alls		1	1	2
MA	Guðfræði	2	1	3
	Trúarbragðafræði	1		1
MA Alls		3	1	4
mag. theol.	Guðfræði	2	3	5
mag. theol. Alls		2	3	5
Viðbótardiplóma	Djáknanám		1	1
Viðbótardiplóma Alls			1	1
Alls úr deildinni á árinu		11	15	26

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kandiðata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiðata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kandiðata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Íslensku- og menningardeild

Deildin hvílir á tveimur meginstoðum, annars vegar íslensku og tengdum greinum og hins vegar menningargreinum. Í deildinni eru nú kenndar á annan tug námsgreina, sumar bæði á grunn- og framhaldsstigi, aðrar eingöngu í grunnnámi og enn aðrar eingöngu í framhaldsnámi.

Stjórn

Forseti Íslensku- og menningardeildar var Guðni Elísson prófessor og varadeildarforseti var Gauti Kristmannsson prófessor. Þann 1. júlí tók Sveinn Yngvi Egilsson prófessor við starfi deildarforseta og Gunnþórunn Guðmundsdóttir tók við starfi varadeildarforseta.

Ráð og nefndir

Við deildina starfa þrjár fastar stjórnunareiningar: deildarfundur, deildarráð og framhaldsnámsnefnd.

Námsgreinar

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar í boði: almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, íslenska, íslenska sem annað mál, kvikmyndafræði, listfræði, ritlist, táknmálsfræði, þýðingfræði, nýtjapýðingar, hagnýt ritstjórn og útgáfa, menningarfræði, máltækni, íslensk miðaldafræði og norrænt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum.

Starfsmannamál

Íslensku- og menningardeild

Aðjunktur	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	8	5,79
– karlar	5	2,08
Lektorar		
– konur	4	3,5
– karlar	2	2
Dósentar		
– konur	4	3,6
– karlar	4	4
Prófessorar		
– konur	6	6
– karlar	11	10,49
Samtals	44	37,5

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Alda Björk Valdimarsdóttir var ráðin aðjunkt í almennri bókmenntafræði 1. janúar. Hún hafði um árabíl verið stundakennari í bókmenntafræði og kvikmyndafræði við deildina.
- Björn Þór Vilhjálmsson var ráðinn aðjunkt í almennri bókmenntafræði 1. janúar. Hann hafði áður starfað sem stundakennari á sviði bókmennta- og kvikmyndafræði við deildina.
- Davíð Ólafsson var ráðinn aðjunkt í menningarfræði 1. janúar.
- Heiða Jóhannsdóttir var ráðin aðjunkt í kvikmyndafræði 1. janúar. Hún hafði áður starfað sem stundakennari í bókmennta- og kvikmyndafræði við deildina.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir fékk framgang í starf prófessors í bókmenntafræði frá 1. júlí. Hún var áður dósent í sömu grein.
- Benedikt Hjartarson fékk framgang í starf dósents í bókmennta- og menningarfræði frá 1. júlí. Hann var áður lektor í sömu grein.
- Sif Ríkharðsdóttir fékk framgang í starf dósents í almennri bókmenntafræði frá 1. júlí. Hún var áður lektor í sömu grein.

Brautskráðir stúdentar frá Íslensku- og menningardeild 2014

Íslensku- og menningardeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Almenn bókmenntafræði	4	17	21
	Almenn málvísindi		1	1
	Íslenska	4	7	11
	Íslenska fyrir erlenda stúdenta		1	1
	Íslenska sem annað mál	6	12	18
	Kvikmyndafræði	3	10	13
	Listfræði	3	15	18
	Ritlist		1	1
BA Alls		20	64	84
Doktorspróf	Almenn bókmenntafræði		2	2
	Íslenskar bókmenntir		1	1
Doktorspróf Alls			3	3
Grunndiplóma	Íslenska sem annað mál, hagnýtt nám	11	21	32
Grunndiplóma Alls		11	21	32
MA	Almenn bókmenntafræði	1	3	4
	Almenn málvísindi	1	3	4
	Alþjóðlegt meistaranám í íslenskum miðaldafræðum	1		1
	Hagnýt ritstjórn og útgáfa	1	13	14
	Íslensk fræði	1	3	4
	Íslensk málfræði	1	1	2
	Íslensk miðaldafræði	3	5	8
	Íslenskar bókmenntir	1	1	2
	Íslenskukennsla		3	3
	Listfræði		7	7
	Menningarfræði		1	1
	Norrænt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum	9	2	11
	Ráðstefnutúlkun		1	1
	Ritlist	4	12	16
	Þýðingafraeði		5	5
MA Alls		23	60	83
Viðbótardiplóma	Hagnýtt nám í ráðstefnutúlkun	1	1	2
	Hagnýtt nám í þýðingum		2	2
Viðbótardiplóma Alls		1	3	4
Alls úr deildinni á árinu		55	151	206

Tölur í þessari töflu eru frá kennslusviði háskólans og gilda um brautskráða kandi data frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandi data úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennslusviði um brautskráða kandi data úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Sagnfræði- og heimspekideild

Í Sagnfræði- og heimspekideild er skapandi samstarf á milli nemenda og kennara, bæði í kennslu og rannsóknum. Í kennslunni, sem meðal annars fer fram í formi málstofa, er lögð áhersla á að virkja

nemendur til rökræðu um viðfangsefnin. Í öflugu rannsóknanámi deildarinnar starfa nemendur og kennarar náið saman í því augnamiði að nemendur verði sem hæfastir á sínu sviði.

Stjórn

Forseti Sagnfræði- og heimspekideildar var Svavar Hrafn Svavarsson, prófessor í heimspeki, og varadeildarforseti Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði. Guðmundur var starfandi forseti frá 1. júlí vegna rannsóknarleyfis Svavars Hrafn.

Námsgreinar

Við deildina eru eftirfarandi námsgreinar í boði: sagnfræði, heimspeki, fornleifafræði, klassísk fræði, hagnýt menningarmiðlun og hagnýt siðfræði.

Ráð og nefndir

Við deildina starfa tvær fastar stjórnunareiningar, auk deildarfundar: framhaldsnámsnefnd og deildarráð.

Starfsmannamál

Sagnfræði- og heimspekideild			
Aðjunktur	Fjöldi	Starfsígildi	
– konur	2	0,86	
– karlar	0	0	
Lektorar			
– konur	2	1,5	
– karlar	2	1,5	
Dósentar			
– konur	0	0	
– karlar	2	2	
Prófessorar			
– konur	2	1,8	
– karlar	16	13,87	
Samtals	26	21,5	

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Í starfsmannamálum deildarinnar ber þetta hæst:

- Sigurður Gylfi Magnússon var ráðinn dósent í menningarsögu í samráði við Þjóðminjavörð. Ráðningin var þáttur í að efla samstarf Háskóla Íslands og Þjóðminjasafnsins en safninu var breytt í háskólastofnun árið 2013. Sigurður hefur aðsetur í Þjóðminjasafninu en starfið heyrir undir Sagnfræði- og heimspekideild.
- Björn Þorsteinsson var ráðinn lektor í heimspeki frá 1. júlí. Hann hafði áður starfað við Háskóla Íslands sem stundakennari, nýdoktor og sem sérfræðingur við Heimspekistofnun.

- Viðar Pálsson var ráðinn í 50% starf lektors í miðaldasögu í námsbraut í sagnfræði frá 1. júlí. Fyrir var hann í 50% lektorsstarfi í réttarsögu innan Lagadeildar. Viðar hafði kennt sagnfræði, miðaldafræði og réttarsögu við Háskóla Íslands frá 2008.
- Steinunn J. Kristjánsdóttir fór um áramót úr 55% í 80% starf sem prófessor í fornleifafræði. Á móti er hún í 20% starfi hjá Þjóðminjasafninu og hefur aðstöðu þar.
- Sverrir Jakobsson fékk framgang í starf prófessors í miðaldasögu við Sagnfræði- og heimspekideild frá 1. júlí.
- Guðni Th. Jóhannesson fékk framgang í starf dósents í sagnfræði frá 1. júlí. Hann var áður lektor í sömu grein.

Brautskráðir stúdentar frá Sagnfræði- og heimspekideild 2014

Sagnfræði- og heimspekideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Fornleifafræði	2	3	5
	Heimspeki	14	4	18
	Sagnfræði	23	13	36
BA Alls		39	20	59
Doktorspróf	Fornleifafræði	1	1	2
	Sagnfræði	1		1
Doktorspróf Alls		2	1	3
MA	Fornleifafræði	2	1	3
	Hagnýt menningarmiðlun	9	16	25
	Hagnýt siðfræði		2	2
	Heimspeki	1	1	2
	Sagnfræði	4	9	13
	Sögukennsla	1		1
	Viðskiptasiðfræði	1		1
MA Alls		18	29	47
Viðbótardiplóma	Gagnrýnin hugsun og siðfræði	1		1
	Hagnýt menningarmiðlun		3	3
Viðbótardiplóma Alls		1	3	4
Alls úr deildinni á árinu		60	53	113

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kándidata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kándidata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kándidata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Hugvísindastofnun

Almennt yfirlit, stjórn og starfsfólk

Forseti Hugvísindasviðs, Ástráður Eysteinnsson, er stjórnarformaður Hugvísindastofnunar. Nokkrar breytingar á stjórnarsetu urðu á árinu og árið 2014 var stjórn skipuð eftirtöldum fulltrúum stofnana sem eiga aðild að Hugvísindastofnun:

- Benedikt Hjartarson tók við af Ármanni Jakobssyni sem fulltrúi Bókmennta- og listfræðastofnunar,
- Rúnar Már Þorsteinsson tók við af Arnfríði Guðmundsdóttur sem fulltrúi Guðfræðistofnunar,

- Björn Þorsteinsson tók við af Róbert Haraldssyni sem fulltrúi Heimspekistofnunar,
- Eiríkur Rögnvaldsson tók við af Höskuldi Þráníssyni sem fulltrúi fyrir Málvísindastofnun,
- Anna Agnarsdóttir var fulltrúi Sagnfræðistofnunar,
- Auður Hauksdóttir var fulltrúi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum,
- Vilhjálmur Árnason var fulltrúi fyrir Siðfræðistofnun,
- Sólveig Anna Bóasdóttir tók við sem fulltrúi Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum (RIKK) af Guðna Elíssyni,
- Irma Erlingsdóttir var fulltrúi Eddu – öndvegisseturs og tók jafnframt við sem varaformaður stjórnar af Ármanni Jakobssyni.
- Kolfinna Jónatansdóttir var fulltrúi doktorsnema.

Margrét Guðmundsdóttir var verkefnastjóri og Eiríkur Smári Sigurðarson rannsóknastjóri Hugvísindasviðs, en störfin teljast til Hugvísindastofnunar.

Hugvísindastofnun

Hugvísindastofnun, Siðfræði-, Sagnfræði-, Heimspeki- og Bókmennta- og listfræðastofnun

Málvísindastofnun, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Tungumálamiðstöð

	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	14	11,18
– karlar	21	15,17
Samtals	35	26,35

RIKK og Edda – öndvegissetur

	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	8	6,6
– karlar	1	0
Samtals	9	7,0

Samtals	44	33,4

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá stofnunum þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Innan vébanda Hugvísindastofnunar starfa tvær stofur:

Miðaldastofa

Miðaldastofa er þverfræðileg stofa aðila úr öllum deildum sviðsins ásamt fræðimönnum í þjóðfræði á Félagsvísindasviði og á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Stofan er vettvangur fyrir rannsóknir í miðaldafræðum og fyrir þverfræðilegt samstarf og verkefni sem varða málefni og miðlun miðaldafræða. Veturinn 2013–2014 gekkst Miðaldastofa fyrir fyrirlestraröð um klausturmenningu á Íslandi og Norðurlöndum á miðöldum þar sem fluttir voru alls fimmtán fyrirlestrar, þar af níu á vormisseri 2014. Veturinn 2014–2015 stóð Miðaldastofa fyrir fyrirlestraröð um landnám Íslands með alls fyrirhuguðum 29 fyrirlestrum en þar af voru ellefu fluttir á haustmisseri 2014. Auk þessara tveggja fyrirlestraraða voru árið 2014 fluttir 22 fyrirlestrar á vegum Miðaldastofu undir yfirskriftinni Strengleikar. Fyrirlesarar hjá Miðaldastofu eru bæði innlendir og erlendir fræðimenn úr ólíkum greinum, svo sem sagnfræði, bókmenntafræði, málfræði, fornleifafræði, heimspeki og þjóðfræði, og hafa fyrirlestrarnir verið vel sóttir, bæði af háskólaþólki og almenningi. Þá hefur Miðaldastofa tekið

þátt í skipulagningu nemendamálþings í miðaldafræðum. Haraldur Bernharðsson er forstöðumaður Miðaldastofu en með honum starfa Emily Lethbridge, sem er á nýdoktorastyrk hjá stofunni, og Hjalti Snær Ægisson sem er á doktorsstyrk hjá stofunni. Vefur Miðaldastofu er á <http://midaldastofa.hi.is/>.

Rannsóknastofa í máltileinkun

Rannsóknastofa í máltileinkun byggist á samstarfi Málvísindastofnunar, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Rannsóknastofan er mikilvægur vettvangur fræðimanna á sviði annarsmálsfræða. Á árinu var efnt til umræðufunda um annarsmálsfræði undir heitinu Bitabox og tvískiptrar málstofu á Hugvísindaþingi um máltileinkun og tungumálakennslu. Þá var staðið að norrænni ráðstefnu um tungumálakennslu á Netinu í samstarfi við Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis. Var hún haldin 7. Febrúar á Hótel Sögu, í Kötlusal.

Einnig eru stofur innan vébanda einstakra aðildarstofnana Hugvísindastofnunar.

Rannsóknir og stoðþjónusta

Hugvísindastofnun veitir ýmiss konar rannsóknþjónustu á fræðasviði hugvísinda. Frumkvæði að verkefnum kemur að jafnaði frá aðildarstofnunum Hugvísindastofnunar eða einstökum fræðimönnum á Hugvísindasviði, hvort sem um er að ræða rannsóknir, ráðstefnur eða útgáfu. Stofnunin:

- hvetur til sóknar í sjóði og miðlar þekkingu á styrkjum og styrkjamöguleikum til starfsmanna,
- aðstoðar við umsóknagerð,
- aðstoðar við bókhald, uppgjör og skýrslur vegna styrkja,
- aðstoðar við ráðstefnuhald og fundahöld sem tengjast rannsóknasamstarfi,
- veitir ráðgjöf og aðstoð við útgáfu,
- aðstoðar aðildarstofnanir, einkum þær sem ekki hafa fastan starfsmann, við fjárumsýslu og bókaútgáfu, sem og við vefmiðlun og önnur kynningarmál í samvinnu við vef- og kynningarstjóra sviðsins,
- styður við doktorsnám og doktorsnema á Hugvísindasviði á ýmsa vegu, meðal annars með ferðastyrkjum og aðstoð við útgáfu doktorsritgerða.

Meðal annars eru umsækjendur um styrki aðstoðaðir við gerð kostnaðaráætlana og samninga sem tengjast verkefnum. Umsóknir eru lesnar yfir og tillögur gerðar um breytingar en starfsmenn taka einnig þátt í að skipuleggja sum verkefni og semja jafnvel umsókn í öllum meginatriðum. Markmiðið með þjónustunni er að bæta umsóknir, fjölga þeim og umsækjendum og finna ný styrkjatækifæri fyrir starfsmenn sviðsins. Margir nýta sér þjónustuna, bæði reyndir umsækjendur og nýliðar. Þá hefur starfsfólk Hugvísindastofnunar gjarna frumkvæði að umsóknum með starfsfólki sviðsins, sérstaklega í norræna og evrópska sjóði.

Stuðningur Hugvísindastofnunar við rannsóknir á sviðinu felst einnig í styrkveitingum til rannsóknatengdrar starfsemi og einstakra rannsakennda og þjónar Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar þessu hlutverki. Reglur sjóðsins eru endurskoðaðar árlega í ljósi reynslu og með það að leiðarljósi að mæta nýjum þörfum. Sjóðurinn veitir styrki til ráðstefnuhalds, heimsóknna fræðimanna og útgáfu, auk þess sem einstaklingar geta fengið styrki til þýðinga. Árið 2014 samþykkti stjórnin styrki upp á allt að 7 millj.kr., þar af um 3,8 millj.kr. til ráðstefnuhalds, um 2,1 millj.kr. til útgáfu, 500 þús.kr. vegna heimsóknna erlendra fræðimanna og rúmlega 100 þús.kr. í þýðingastyrki til einstaklinga og 400 þús.kr. til að þróa áfram stóra alþjóðlega umsókn (Marie Curie ITN). Þar sem styrkirnir eru í sumum tilvikum veittir nokkuð langt fram í tímann kom ekki öll upphæðin til greiðslu á árinu og ekki víst að öll verkefni sem fengu styrkloforð verði að veruleika. Starfsmönnum sviðsins er einnig umbunað fyrir að sækja rannsóknafé í samkeppnissjóði heima og erlendis samhliða skiptingu

fjárveitingar Hugvísindastofnunar. Styrkuppþæð tengist upphæð og gerð styrkja og voru þessir styrkir í ár 100 þús.kr., 150 þús.kr. og 250 þús.kr. Árið 2014 fengu 15 verkefnisstjórar slíka styrki vegna 18 verkefna, alls 2,7 millj.kr.

Útgáfa, ráðstefnur og þing

Útgáfa Ritsins, tímarits Hugvísindastofnunar, er stærsti þátturinn í útgáfumálum stofnunarinnar. Ritið kemur út þrisvar á ári og tveir ritstjórar stýra hverju hefti.

Aðalritstjórar árið 2014 voru Eyja Margrét Brynjarsdóttir og Björn Þór Vilhjálmsson. Guðrún Björk Guðsteinsdóttir og Úlfar Bragason voru gestaritstjórar fyrsta heftis ársins og með þeim starfaði Björn Þorsteinsson sem fulltrúi ritnefndar. Aðildarstofnanir Hugvísindastofnunar standa líka fyrir umtalsverðri útgáfu tímarita og bóka.

Árlegt Hugvísindaping er jafnan stærsta viðfangsefni Hugvísindastofnunar á sviði ráðstefnuhalds og var haldið dagana 14. og 15. mars í Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Flutt voru um 150 erindi í 37 málstofum, sem sumar hverjar spönnuðu heilan dag, og 16 veggspjöld kynnt. Að vanda var víða komið við í fyrirlesturum á þinginu og aðsókn góð.

Að jafnaði eru aðrar fagráðstefnur sem starfsmenn Hugvísindastofnunar vinna að á vegum einhverrar af aðildarstofnununum eða samvinnuverkefni þeirra og Hugvísindastofnunar. Árið 2014 var brugðið út af því og virt alþjóðleg ráðstefna í miðaldafræðum, The Biennial New Chaucer Society Congress, haldin við skólann í boði Hugvísindasviðs og Hugvísindastofnunar. Ráðstefnan var haldin 16.–20. júlí og sóttu hana um 500 gestir, sem komu hvaðanæva en alls voru fulltrúar rúmlega 20 þjóða meðal þátttakenda. Sif Ríkhardsdóttir var formaður undirbúningsnefndar en fjöldi starfsmanna og stúdenta kom að ráðstefnuhaldinu. Þess má og geta að Michel Zink hélt fyrirlestur um franskar miðaldabókmenntir þriðjudaginn 16. September. Hann er prófessor við Collège de France í París og fór fyrirlesturinn fram í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn nefndist: Sense and Sensuality in Chrétien's Erec et Enide

Húsnæðismál og starfsaðstaða

Skrifstofa Hugvísindastofnunar er í rými stjórnsýslu sviðsins á þriðju hæð í Aðalbyggingu. Verkefnisstjóri hefur eftir sem áður umsjón með vinnurými doktorsnema í Gimli og hefur sér til aðstoðar prófast úr hópi doktorsnema. Guðrún Steinþórsdóttir gegndi starfinu árið 2014. Aðildarstofnanir Hugvísindastofnunar hafa allar herbergi til umráða fyrir starfsmenn, gestafræðimenn og/eða nýdoktora. Aðstaða fyrir starfslíð aðildarstofnana, en fjórar þeirra hafa fastráðið starfsfólk, er ýmist í Gimli eða Nýja-Garði.

Fjármál

Við úthlutun fjárveitingar frá Hugvísindasviði til Hugvísindastofnunar var tekið mið af þeim mótframlögum sem sviðið fékk vegna utanaðkomandi styrkja. Mótframlög voru alls 83,5 millj.kr. og af þeim fóru 32,2 millj.kr. til Hugvísindastofnunar. Tæplega 70% af fjárveitingu Hugvísindastofnunar var varið til að styrkja starfsemi aðildarstofnananna (22,4 millj.kr.), auk þess sem Hugvísindastofnun greiddi fyrir allt húsnæði sem þær hafa til umráða með sérstakri fjárveitingu sem fékkst til þess. Þá var fé lagt í Rannsóknasjóð Hugvísindastofnunar, en hlutur stofnunarinnar í fjárveitingu (tæplega 10 millj.kr.) var einkum notaður til útgáfu Ritsins, Hugvísindapings og ferðastyrkja doktorsnema.



Bókmennta- og listfræðastofnun

Stjórn

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi í marsmánuði. Fráfarandi forstöðumaður var Ármann Jakobsson og með honum í stjórn sátu Benedikt Hjartarson og Þórdís Edda Jóhannesdóttir. Benedikt Hjartarson var kjörinn nýr forstöðumaður stofnunarinnar og með honum í stjórn sitja Ásdís Egilsdóttir, varaformaður, og Guðrún Steinþórsdóttir.

Starfsemi

Starfsemi Bókmennta- og listfræðastofnunar var á árinu með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár. Félagar Bókmennta- og listfræðistofnunar tóku virkan þátt í innlendu og alþjóðlegu rannsóknasamstarfi, héldu fjölda erinda og gáfu út bækur og fræðigreinar bæði héraðs og erlendis. Stofnunin veitti margvíslega aðstoð við þessi verkefni, þ. á m. við styrkumsóknir, og kom að þeim með óbeinum hætti.

Útgáfa

Að vanda var kraftur í útgáfustarfsemi stofnunarinnar og gaf hún út fjórar bækur á árinu í samvinnu við Háskólaútgáfunu. Fyrsta ritið á árinu var Íslendingaþættir. Saga hugmyndar eftir Ármann Jakobsson, sem gefið var út sem 63. ritið í ritröðinni Studia Islandica. Náttúra ljóðsins. Umhverfi íslenskra skálda eftir Svein Yngva Egilsson er fyrsta ritið sem er helgað náttúrusýn og umhverfisvitund í íslenskri ljóðagerð og hlaut bókina tilnefningu til hinna íslensku bókmenntaverðlauna í flokki fræðiritra. Á haustmánuðum kom út bókina Grímur Thomsen. Þjóðerni, skáldskapur, þversagnir og vald eftir Kristján Jóhann Jónsson, sem byggð er á doktorsritgerð höfundar. Í ritinu er fjallað um verk Gríms og leitast við að varpa ljósi á þann þversagnakennda skilning á þjóðerni, skáldskap og valdi sem löngum hefur einkennt íslenska menningu. Síðasta bókina sem kom út á árinu var „Bók þessi heitir Edda“. Uppsalagerð Snorra-Eddu eftir Heimi Pálsson og ritstýrði Ásdís Egilsdóttir verkinu sem gefið var út í ritröðinni Studia Islandica.

Fyrirlestrar og málþing

Minningarmálþing um Matthías Viðar Sæmundsson

Viðamesta verkefni stofnunarinnar á árinu, auk bókaútgáfu, var minningarmálþing fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands þann 21. júní um Matthías Viðar Sæmundsson dósent, sem lést árið 2004, í tilefni þess að Matthías hefði orðið sextugur þann 23. júní. Á málþinginu flutti hópur samstarfsfélaga, fyrrverandi nemenda og vina flytja erindi til minningar um Matthías Viðar. Þau sem töluðu á þinginu voru:

- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir
- Hermann Stefánsson
- Sveinn Yngvi Egilsson
- Dagný Kristjánsdóttir
- Pröstur Helgason
- Birna Bjarnadóttir
- Soffía Auður Birgisdóttir
- Guðmundur Sæmundsson
- Ármann Jakobsson

Fyrirlestraröðin Hvernig verður bók til?

Fyrirlestraröðinni Hvernig verður bók til? var áfram haldið úti af námsgreininni ritlist við Íslensku- og menningardeild, í samvinnu við og Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands, sem hefur styrkt

fyrirlestraröðin frá upphafi, árið 2009. Þar hafa margir af virtustu höfundum þjóðarinnar rætt um ritverk sín. Þar lýsa rithöfundarnir tilurð þekktra verka sinna, lýsa vinnulagi sínu frá hugmynd að fullfrágenginni bók, ræða um viðhorf sín til skáldskaparins og spjalla við áheyrendur um verkin. Auk rithöfundanna hefur einnig kvikmyndagerðarmaður og leikskáld tekið þátt í fyrirlestraröðinni.

Á árinu 2014 fluttu eftirtaldir höfundar erindi:

- 13. febrúar. Andri Snær Magnason ræddi um tilurð verka sinna og staldraði m.a. við Söguna af bláa hnettinum, Lovestar og Draumalandið. Andri hefur þrisvar hlotið Íslensku bókmenntaverðlaunin.
- 7. nóvember. Þórarinn Eldjárn ræddi um skáldsögu sína Hér liggur skáld.
- 21. nóvember. Auður Jónsdóttir ræddi um bók sína Ósjálfrátt, sem Auður hreppti Fjöruverðlaunin fyrir og einnig var bókinn tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

Ekki hefur áður verið gerð grein fyrir fyrirlestraröðinni í Árbók háskólans og því verða hér raktir fyrirlestarar fyrri ára:

2013

- 7. febrúar 2013: Kristín Steinsdóttir fjallaði um bók sína Ljósu.
- 7. mars 2013: Steinunn Sigurðardóttir talaði um nýjustu skáldsögu sína, Jójó og Fyrir Lísu,

2012

- 27. september: Sigríður Víðis Jónsdóttir fjallaði um bókina Ríkisfang: Ekkert, sem hún hlaut viðurkenningu Hagþenkis fyrir, auk þess sem bókinn var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna.
- 15. mars: Guðrún Eva Mínervudóttir ræddi um skáldsöguna Allt með kossi vekur, sem hún hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir.

2011

- 27. janúar: Kristín Marja Baldursdóttir talaði um bækur sínar um Karítas.
- 24. febrúar: Óvæntur fyrirlesari var boðaður og það var Gerður Kristný sem kom og fjallaði um ljóðabókina Blóðhófnir sem hún hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir.
- 31. mars: Sigurður Pálsson ræddi um leikritið Utan gátta.
- 3. nóvember: Sjón ræddi um tilurð skáldsögunnar Rökkurbýsnir sem byggð er á ævi Jóns Guðmundssonar lærða.

2010

- 21. janúar: Auður Ólafsdóttir fjallaði skáldsögu sína Afleggjarann, sem hún hreppti Menningarverðlaun DV og Fjöruverðlaunin fyrir og auk þess sem bókinn var tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.
- 18. febrúar: Bragi Ólafsson fjallaði um bók sína Gæludýrin.
- 18. mars: Ingibjörg Haraldsdóttir fjallaði um ljóðabókina Hvar sem ég verð, sem hún Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir.
- 20. september: Elísabet Jökulsdóttir fjallaði um bók sína Fótboltasögur.
- 18. október: Kristján Árnason fjallaði um þýðingu sína á hinu merka riti Óvíds, Metamorphoses, sem hann hreppti bæði Menningarverðlaun DV og Íslensku þýðingaverðlaunin fyrir.
- nóvember: Ragnar Bragason fjallaði um sjónvarpsþáttaraðirnar Næturvaktina, Dagvaktina og Fangavaktina.
- 22. nóvember: Kristín Helga Gunnarsdóttir fjallaði um bók sína Fíasól.

2009

- 24. september: Jón Kalman Stefánsson fjallaði um bók sína Sumarljós og svo kemur nóttin en fyrir hana hlaut hann Íslensku bókmenntaverðlaunin.

- 22. október: Þórunn Valdimarsdóttir fjallaði um bókina Stúlka með fingur, sem hún hreppti Menningarverðlaun DV fyrir, auk þess sem bókin var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.
- 19. nóvember: Einar Kárason fjallaði um tilurð skáldsögunnar Ofsi, sem Einar hreppti Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir.

Rannsóknastofur

Innan Bókmennta- og listfræðastofnunar starfa þrjár rannsóknastofur sem voru virkar á árinu. Þær stóðu að eftirtöldum viðburðum á árinu:

Rannsóknasetur í minni og bókmenntum (Centre for Studies in Memory and Literature)

Alþjóðleg ráðstefna (í samvinnu við University College í Dyflinni)

- 23. maí. The Trouble with Memory: Cultures of Remembrance in Iceland and Ireland.

Rannsóknastofa um framúrstefnu (Centre for Avant-Garde Studies)

Fyrirlestrar (fluttir í Hafnarhúsi, í samvinnu við Listasafn Reykjavíkur)

- 17. júlí. Ara Osterweil kvikmyndafræðingur við McGill-háskóla: The Corporeal Turn in American Avant-Garde Film (Líkamleg hvörf í bandarískum framúrstefnukvikmyndum).
- 23. október. Benedikt Hjartarson, forstöðumaður rannsóknastofunnar: Við erum hinir nýju menn nýs lífs: Yfirlýsingar, gagnmenning og alþjóðleg framúrstefna.

Rannsóknastofa í hugrænum fræðum (Centre of Cognitive Studies)

Ráðstefna

- 4.–6. apríl. Empathy in Language, Literature, and Society.

Fyrirlestrar

- 3. apríl. Suzanne Keen, prófessor við Washington- og Lee-háskóla: Lost in a Book: Empathy and Immersion in Fiction (Niðursokkinn í bók: Samliðan og að hverfa inn í heim skáldskapar).
- 7. apríl. Dirk Geeraert, prófessor í málvísindum við Háskólann í Leuven: The Theory of Humors and the Origin of 'Emotion' (Kenningin um líkamsvessana og uppruni orðsins „emotion“).

Guðfræðistofnun

Stjórn

Stjórn var kjörin á ársfundi stofnunarinnar sem haldinn var 28. apríl. Hana skipa: Rúnar M. Þorsteinsson lektor, sem er formaður, Hjalti Hugason prófessor, meðstjórnandi og varaformaður, og María Ágústsdóttir, sem er fulltrúi doktorsnema. Varamaður er Sólveig Anna Bóasdóttir prófessor.

Ritröð Guðfræðistofnunar

Ritstjórn Ritraðarinnar skipa: Rúnar M. Þorsteinsson (ritstjóri), Sólveig Anna Bóasdóttir og Gunnlaugur A. Jónsson. Tvö hefti Ritraðarinnar, nr. 38 og 39, komu út á árinu en sú nýbreytni var tekin upp á árinu að útgáfa ritsins var færð á netið og kemur það nú einungis út sem vef tímarit þar sem aðgangur er opin öllum.

Málstofur og málþing

Átta málstofur voru haldnar á vegum Guðfræðistofnunar á árinu þar sem fyrirlesarar voru bæði innlendir og erlendir fræðimenn. Þær voru:

- 16. janúar. Samuel Giere: Jesús í Suður-Afríku – Um túlkun sögunnar um Jesú Krist í suður-afrísku kvikmyndinni „Son of Man“.
- 10. febrúar. Margrét Eggertsdóttir: „Eilíft það samtal okkar sé“ – Arfur Hallgríms og erindi.
- 17. mars. Gunnar F. Guðmundsson: Pater Jón Sveinsson S.J. – Kennimaður með brostna köllun?
- 7. apríl. Gunnar J. Gunnarsson: Trú og lífsviðhorf ungs fólks í fjölmeningarsamfélagi.
- 8. september. Yvonne Sophie Thöne: Animals in the Old Testament – „Like a Bear Robbed of Her Youngs ...“ – Theological Animal Imagery.
- 29. september. Anna Carter Florence: What Matters for the Daughters of Zelophehad – Preaching and the Forty Year Mark.
- 6. október. Gregory Aikins: Life Transformation Groups (Pílagrímafélagið) á Íslandi – Rannsókn í lærisveinapjálfun.
- 17. nóvember. Salvör Nordal: Mörk mennskunnar.

Þann 3. maí voru tveir fyrirlestrar á vegum Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands haldnir í stofu 101 í Odda. Annan þeirra flutti dr. Rodney Petersen, forstöðumaður Boston Theological Institute, sem er net níu bandarískra háskóla er vinna að friðar- og menningarrannsóknum á alþjóðlegu sviði, og hinn flutti dr. Reymond Helmick sem er Jesúitaprestur og víðþekktur og mikilsvirtur sáttsemjari í alþjóðlegum deilumálum. Þeir hafa áður sótt Ísland heim og flutt fyrirlestra og rætt við forseta Íslands á Bessastöðum. Að þessu sinni voru þeir að kanna möguleika á því að halda friðarráðstefnu á vegum Heimsráðs kirkna á Íslandi, World Council of Churches, árið 2015. Fyrirlestur Petersen nefndist “Earth at Risk: Sustainability Grounded in Spirituality” og fyrirlestur Helmick “Just Peace in Present Context. Climate Change, Threats to Peace and Future.”

Málþing Guðfræðistofnunar var haldið 12. nóvember með yfirskriftina: Hvað er í deigluinni? Rannsóknir í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Fyrirlesarar, fastráðnir kennarar við deildina, voru sex talsins og gerðu þeir grein fyrir rannsóknum sínum.

Guðfræðistofnun átti aðild að Hugvísindapingi sem haldið var 14.–15. mars. Að venju tóku félagsmenn stofnunarinnar virkan þátt í þinginu.

Rannsóknir

Þverfræðilega rannsóknaverkefnið Siðaskipti í sögu og samtíð – Þverfaglegt rannsóknaverkefni um áhrif siðaskiptanna á íslenska kristni, samfélag og menningu (2017.is) hélt áfram starfi sínu en til þess var stofnað á haustmíssi 2011. Í stýrihópi rannsóknaverkefnisins sitja: Arnfríður Guðmundsdóttir (formaður), Hjalti Hugason (framkvæmdastjóri), Erla Hulda Halldórsdóttir, Auður Styrkárdsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson. Stýrihópur heldur utan um verkefnið og ber ábyrgð á að skipuleggja almenna starfsemi og atburði á vegum verkefnisins og að vera fulltrúum Guðfræðistofnunar til ráðuneytis við styrkjaumsóknir og fjármögnun. Eftirtaldir hópar eru starfandi á vegum verkefnisins: guðfræðihópur, menningarhópur, samfélagshópur og femíniskur hópur. Tengiliðir sem jafnframt eru meðlimir í stýrihópnum eru ábyrgir fyrir starfinu í hópnum.

Í undirbúningi er útgáfa greinasafns og hafa rúmlega tuttugu höfundar sent inn hugmyndir að greinum. Fyrirhugað er að greinasafnið komi út 2017. Árið 2014 var lagður grunnur að þessari útgáfu.

Á vegum rannsóknaverkefnisins voru haldnar tvær málstofur á árinu 2014, einn opinber fyrirlestur og eitt málþing, 23. maí, undir yfirskriftinni Siðaskipti og sálmahefð. Sálmar í lútherskum sið.

Auk þessa stóð verkefnið fyrir bíósýningu í Odda þar sem öllum var frjálst að mæta.

Alþjóðlegt samstarf

Félagsmenn Guðfræðistofnunar eru virkir þátttakendur í mörgum norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Trúarbragðafræðistofa

Stjórn Trúarbragðafræðistofu skipa: Pétur Pétursson (formaður), Terry Gunnell og Sigríður Þorgeirsdóttir. Starfsmaður Trúarbragðafræðistofu (ólaunaður) er Bjarni Randver Sigurvinsson. Í apríl 2014 var haldinn stjórnarfundur þar sem samþykkt var að efla stjórn stofunnar með því að fá til liðs við hana fulltrúa frá Stjórn málafræðideild og Íslensku- og menningardeild.

Málstofa um konur í íslam var haldin 17. febrúar. Fyrirlesari var Ahmad Seddeeq, ímam Menningarseturs múslima á Íslandi.

Málþing um trú, skoðanafrelsi og mannréttindi var haldið 27. febrúar í samvinnu við samráðsvettvang trúfélaga. Þar var megináhersla lögð á að fjalla um árekstra milli trúarhefða og mannréttinda og margvísleg álitamál tengd því, ekki síst í opinberri umræðu á Íslandi. Þrjú fyrirlesarar fluttu framsöguerindi.

Málþing um álitamál í trúarbragðafræðslu í skólum í fjölmenningsamfélagi var haldið 10. október og var það sérstaklega haldið til heiðurs Sigurði Pálssyni, pastor emeritus, fyrrverandi námsstjóra og stundakennara við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild og Kennaraháskóla Íslands.

Að öðru leyti hefur starfsemi Trúarbragðafræðistofu að mestu snúist annars vegar um fundi hjá samráðsvettvangi trúfélaga, en þar koma saman helstu leiðtogar aðildarfélaganna eða fulltrúar þeirra, og hins vegar samnorræna rannsóknaverkefnið NOREL um stöðu trúar og trúfélaga á Norðurlöndunum á liðnum áratugum. Því rannsóknaverkefni lýkur árið 2015.

Heimspekistofnun

Stjórn

Stjórnarformaður Heimspekistofnunar framan af árinu 2014 var Róbert Haraldsson prófessor og aðrir í stjórn voru Svavar Hrafn Svavarsson prófessor og Jón Ásgeir Kalmannsson, fulltrúi doktorsnema. Varamaður var Gunnar Harðarson prófessor. Á aðalfundi stofnunarinnar 5. september var kjörin ný stjórn. Stjórnarformaður var kjörinn Björn Þorsteinsson lektor og aðrir í stjórn eru Gunnar Harðarson prófessor og Emma Björg Eyjólfsdóttir, fulltrúi doktorsnema. Varamaður er Erlendur Jónsson prófessor.

Húsnæði

Stofnunin hefur aðsetur í Gimli, þar sem hún hefur til afnota tvö herbergi á þriðju hæð; er annað í norðurgangi en hitt veit út að stigaganginum í Gimli.

Starfsmenn

Björn Þorsteinsson starfaði sem sérfræðingur við Heimspekistofnun fram í júnílok. Henry Alexander Henrysson hefur stýrt rannsóknaverkefni stofnunarinnar sem unnið hefur verið fyrir Garðabæ og er

Elsa Haraldsdóttir starfsmaður verkefnisins. Hrafn Ásgeirsson nýdكتور hefur aðstöðu í húsnæði Heimspekistofnunar.

Styrkir og framlög

Heimspekistofnun hefur styrkt útgáfu tímaritsins Hugar og styrkti auk þess Reykjavík Summer Philosophy Workshop, sem haldin var í júlí á vegum nýdكتورa og doktorsnema í heimspeki.

Kostuð rannsóknaverkefni

Heimspekistofnun vinnur að rannsóknaverkefni í leik- og grunnskólum Garðabæjar skv. samningi við bæjarstjórn Garðabæjar. Henry Alexander Henrysson hefur stýrt verkefninu af hálfu Heimspekistofnunar. Áætlað er að verkefninu ljúki haustið 2015.

Heimspekivefurinn

Rætt hefur verið við forsvarsmenn Félags áhugamanna um heimspeki um umsjón og ritstjórn Heimspekivefjarins, sem Heimspekistofnun starfrækir í samvinnu við Hugvísindastofnun og Félag áhugamanna um heimspeki. Niðurstöðu er að vænta.

Fyrirlestrar og málþing

Heimspekistofnun stóð fyrir eftirtöldum fyrirlestrum á árinu:

- 4. mars. Ville Paukkonen, Helsinki-háskóla: Berkeley's Metaphysics of Mind.
- 8. apríl. James Warren, Cambridge-háskóla: Epicureans on Hidden Beliefs.
- 9. maí. Karsten Schoellner, Potsdam-háskóla: What Should a Wittgensteinian Metaethics Look Like?
- 14. maí. Hrafn Ásgeirsson: Um textahyggju, merkingu og inntak lagaákvæða (í samvinnu við Lagastofnun).
- 19. september. Tõnu Viik, Tallin-háskóla: A Phenomenological Approach to Collective Emotions and Social Moods – World-Involving Immunity.
- 13. október. Hans-Georg Möller, University College, Cork: Basic Aspects of Daoist Philosophy (í samvinnu við Konfúsíusarstofnun).
- 21. október. Simon E. Noriega-Olmos, háskólanum í São Paulo: Ontological Atomism, the Argument Against the Dualists in „Sophist“ 243D8-244A2.
- 28. október. Ave Mets, Tartu-háskóla: Measurement Theory, Nomological Machine and Measurement Uncertainties (in Classical Physics).
- 12. desember. Málþingið Grúskað með Gunnari, haldið til heiðurs Gunnari Harðarsyni sextugum í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns. Á málþinginu voru haldin átta erindi.

Útgáfumál

Á árinu komu út tvær bækur í ritröð stofnunarinnar: Hugleiðingar um gagnrýna hugsun eftir Henry Alexander Henrysson og Pál Skúlason og Inquiring into Contemporary Icelandic Philosophy í ritstjórn Gabriels Malenfant. Auk þess hlaut Hugar: Tímarit um heimspeki, sem Félag áhugamanna um heimspeki gefur út, styrk frá Heimspekistofnun eins og undanfarin ár.

Málvísindastofnun

Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Fram að aðalfundi stofnunarinnar sátu í stjórn þeir Höskuldur Þráinsson, stjórnarformaður, og Matthew Whelpton sem fulltrúar kennara og Bjarki M. Karlsson sem fulltrúi framhaldsnema, en Rannveig Sverrisdóttir var varamaður. Á aðalfundi í apríl voru kosnir nýir fulltrúar kennara: Eiríkur Rögnvaldsson, stjórnarformaður, og Rannveig Sverrisdóttir, en Sigríður Þorvaldsdóttir sem varamaður. Bjarki M. Karlsson er áfram fulltrúi framhaldsnema. Stjórnin naut sem fyrr liðsinnis verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, Margrétar Guðmundsdóttur. Stofnunin hafði aðstöðu á 3. hæð Árnagarðs. Þá deilir stofnunin vinnuherbergi á 3. hæð Nýja-Garðs, en þar hefur verið unnið við úrvinnslu framburðargagna. Stofnunin hefur líka aðgang að geymslu í kjallara Árnagarðs og þar er bókalager hennar geymdur, fyrir utan þær útgáfubækur sem Háskólaútgáfan sér um dreifingu á. Ýmsir rannsóknamenn og gestir stofnunarinnar höfðu tímabundna vinnuástöðu í húsnæði hennar í Árnagarði og Nýja-Garði.

Félagar í Málvísindastofnun á starfsárinu voru 29, þar af tveir nýdoktorar og átta doktorsnemar. Þá eru ótaldir rannsóknamenn í tímabundnum verkefnum og erlendir gistifræðimenn.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Málvísindastofnun

Félagar í Málvísindastofnun stýra fjölmörgum rannsóknaverkefnum eða taka þátt í þeim, ýmist íslenskum eða fjölþjóðlegum. Á árinu 2014 bættust m.a. þessi verkefni í þann hóp:

- Þrjár setningagerðir í íslensku táknmáli. Styrkur fékkst frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Jóhannes Gísli Jónsson.
- Góð íslenska og miður góð. Eigindleg rannsókn á mati á málviðmiðum. Styrkur fékkst frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Kristján Árnason.
- Colour in Context: Comparing Icelandic and Icelandic Sign Language. Styrkur fékkst frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Matthew Whelpton.

Þá var haldið áfram vinnu við eldri verkefni sem hafa notið ýmissa rannsóknarstyrkja, einkum frá Rannsóknasjóði Íslands (gegnum Rannís) og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Þetta eru t.d. verkefni Mál, málbreytingar og menningarleg sjálfmynd (Rannís, verkefnisstjórar eru Höskuldur Þráinsson og Birna Arnbjörnsdóttir (við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur), Kristján Árnason, Matthew J. Whelpton o.fl.); Samlíðan – Tungumál, bókmenntir, samfélag (Rannís, verkefnisstjóri er Bergljót S. Kristjánsdóttir (við Bókmennta- og listfræðastofnun), Jóhannes Gísli Jónsson, Þórhallur Eypórsson o.fl.); Framburður fyrr og nú – Ítarsamanburður (Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, Höskuldur Þráinsson); Stökkbreytingar í íslensku setningagerð (Rannís, Þórhallur Eypórsson, Eiríkur Rögnvaldsson, Kristján Árnason o.fl.); Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld – Tilurð opinbers málstaðals (Rannís, Ásta Svavarsdóttir (Stofnun Árna Magnússonar), Eiríkur Rögnvaldsson, Guðrún Þórhallsdóttir, Haraldur Bernharðsson o.fl.); Evolution of Semantic Systems (Max Planck Institute of Psycholinguistics, Matthew J. Whelpton); Rannsókn á málfræði táknmála í Evrópu (COST-verkefni, Rannveig Sverrisdóttir og Jóhannes Gísli Jónsson); EVALISA: The Evolution of Case, Alignment and Argument Structure in Indo-European (ERC-styrkur, verkefnisstjóri er Jóhanna Barðdal í Gent; íslenskur þátttakandi er Þórhallur Eypórsson). Þá eru ótaldar allar þær rannsóknir sem félagar í stofnuninni vinna að í rannsóknatíma sínum án þess að hljóta til þess sérstaka styrki.

Styrkir sem stofnunin veitti

Framhaldsnemar, bæði meistara- og doktorsnemar, geta sótt um styrki frá Málvísindastofnun til að sækja fræðileg námskeið, enda nýtist þau beint í námi þeirra. Þeir eiga líka kost á því að sækja um ferðastyrki vegna fyrirlestrahalds á ráðstefnum og doktorsnemar geta einnig sótt um ferðastyrki til Hugvísindastofnunar og Háskóla Íslands. Þá geta doktorsnemar sótt um styrki til þess að dveljast við fræðastofnanir. Á árinu veitti stofnunin einum framhaldsnema styrk til þess að sækja námskeið. Þá auglýsti stofnunin eins og áður sérstaka rannsóknastyrki fyrir félag. Þeir eru annars vegar ætlaðir til þess að ljúka verkefnum sem hafa notið styrkja og eftir er að ganga frá og hins vegar sem undirbúningsstyrkir fyrir þá sem eru að fara af stað með ný verkefni og vilja komast af stað með þau áður en sótt er um stærri styrki úr samkeppnisjóðum. Fimm slíkir styrkir voru veittir á árinu.

Heimsóknir fræðimanna

Eitt af hlutverkum Málvísindastofnunar er að taka á móti málfræðingum sem vilja dveljast við Háskóla Íslands í tiltekinn tíma til að sinna rannsóknum sínum. Þetta gerir stofnunin oft í samvinnu við Hugvísindastofnun. Þessir gestir fá yfirleitt vinnuaðstöðu í herbergi stofnunarinnar á 3. hæð Árnagarðs. Eini gesturinn sem stofnunin útvegaði aðstöðu á árinu var Anton Karl Ingason, doktorsnemi við University of Pennsylvania.

Málvísindastofnun tók nýlega upp þann sið að bjóða einum aðalfyrirlesara til landsins á ári. Aðalfyrirlesari starfsársins 2014 var Alan Beretta, prófessor við Michigan State University í Bandaríkjunum, en hann vannur að rannsóknaverkefni tengdu taugamálfræði og merkingarfræði íslensku í samvinnu við Matthew Whelpton og fleiri. Hann dvaldist á landinu í vikutíma, vann að rannsóknum í samvinnu við heimamenn og flutti fyrirlestur um viðfangsefni sín.

Kynningarstarfsemi og útgáfa

Ráðstefnur

Stofnunin átti aðild að eftirtöldum ráðstefnum á árinu:

- 28. Rask-ráðstefnan í samvinnu við Íslenska málfræðifélagið, haldin í Reykjavík 25. janúar 2014.
- LREC 9 (Language Resources and Evaluation Conference), haldin í Reykjavík 26.–31. maí 2014. Aðalaðstandandi ráðstefnunnar, sem fór fram í Hörpu, er ELRA (European Language Resources Association) í París, en íslenskir samstarfsaðilar og skipuleggjendur voru Máltæknisetur (stofa innan Málvísindastofnunar) og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Eiríkur Rögnvaldsson var formaður íslensku undirbúningsnefndarinnar. Nánari grein er gerð fyrir ráðstefnunni í kafla Máltækniseturs hér á eftir.
- Orð að sönnu: Ráðstefna í tilefni af sjötugsafmæli Jóns G. Friðjónssonar prófessors og útkomu bókar hans Orð að sönnu – íslenskir málshættir og orðskviðir.

Útgáfa

Stofnunin gaf ekki út neinar nýjar bækur á árinu en ýmsar kennslubækur hennar voru endurprentaðar. Stjórn stofnunarinnar hefur einnig samþykkt að styrkja útgáfu þriggja væntanlegra rita: afmælisrits Péturs Knútssonar, ráðstefnuritsins Approaches to Nordic and Germanic Poetry, sem Kristján Árnason ritstýrir, og Skrifaðu bæði skýrt og rétt, handbókar og kennslubókar um fræðileg skrif, ritrýni og ritstjórn eftir Höskuld Þráinsson.

Rannsóknastofur tengdar Málvísindastofnun

Tvær rannsóknastofur starfa innan vébanda Málvísindastofnunar en í samvinnu við aðrar stofnanir samkvæmt sérstökum reglum. Þetta eru Máltæknisetur og Rannsóknastofa í táknafræðum.

Máltæknisetur

Máltæknisetur er samstarfsvettvangur Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um rannsóknir, þróunarstarf og kennslu á sviði máltækni. Setrið er jafnframt stofa innan Málvísindastofnunar. Í stjórn þess sitja Eiríkur Rögnvaldsson (formaður), Hrafn Loftsson og Sigrún Helgadóttir.

Aðalverkefni Máltækniseturs á árinu var að undirbúa og halda LREC-ráðstefnuna (Language Resources and Evaluation, sjá hér að framan) sem fór fram í Reykjavík í lok maí 2014, en þetta er stærsta máltækniráðstefna heims, haldin á tveggja ára fresti. Ráðstefnan er haldin á vegum ELRA (European Language Resources Association) en samstarfsaðilar á Íslandi voru Máltæknisetur og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Ráðstefnan var haldin undir verndarvæng UNESCO.

Sumarið 2013 var sett saman íslensk undirbúningsnefnd undir forystu Máltækniseturs með þátttöku allra aðila setursins, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Hugvísindastofnunar. Eiríkur Rögnvaldsson var formaður nefndarinnar, Sigrún Helgadóttir var ritari nefndarinnar og sinnti margvíslegum störfum fyrir hana en Hrafn Loftsson var fulltrúi Máltækniseturs í dagskrárnefnd ráðstefnunnar. Dagskrárnefndin hélt þriggja daga fund í Reykjavík í janúar til að ákveða endanlega dagskrá. Forráðamenn ELRA komu einnig til landsins á sama tíma til að gera ýmsar undirbúningsráðstafanir í samráði við íslensku undirbúningsnefndina.

Í samvinnu við bókaútgáfuna Gudrun var gefin út sérstök útgáfa Hávamála á ensku til að færa ráðstefnugestum. Styrkir fengust til útgáfunnar hjá nokkrum fyrirtækjum og stofnunum. ELRA veitti 9.000 evrur til að greiða margvíslegan kostnað íslensku undirbúningsnefndarinnar. Hátt í 30 sjálfboðaliðar úr hópi stúdenta voru fengnir til að vinna við ráðstefnuna meðan á henni stóð. Aðalráðstefnan stóð í þrjú daga en tvo daga á undan henni og einn dag á eftir voru haldnar 22 vinnustofur og 9 örnámskeið um margvísleg sérhæfð efni. Þórhallur Eypórsson flutti sérstakan boðsfyrirlestur um íslensku, Icelandic Quirks: Testing Linguistic Theories and Language Technology, og að auki voru allnokkrir fyrirlestrar eftir Íslendinga eða um íslensku, bæði á aðalráðstefnunni og vinnustofum.

Rúmlega 1200 manns sóttu ráðstefnuna og þar voru kynnt hátt í þúsund rannsókn- og þróunarverkefni í fyrirlestrum og veggspjöldum. Aðalritari UNESCO, Irina Bokova, ávarpaði ráðstefnuna og á opunarhátíð hennar fluttu einnig ávörp Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, Jón Gnarr borgarstjóri og Ásta Magnúsdóttir, ráðuneytisstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, auk fulltrúa skipuleggjenda. Ráðstefnan tókst að öllu leyti mjög vel og voru ráðstefnugestir almennt ánægðir með erindin, skipulagið og ekki síst húsnæðið.

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum

Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum er samstarfsvettvangur fræðimanna Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra sem stunda rannsóknir á táknmáli. Auk starfsmanna þessara stofnana eiga nokkrir utanaðkomandi aðilar aðild að rannsóknastofunni. Starfsmenn háskólans og samskiptamiðstöðvarinnar hafa aðstöðu á sínum vinnustað en stofan hefur að öðru leyti ekki yfir sérstöku húsnæði að ráða. Stjórn stofunnar er skipuð til eins árs í senn og á síðasta ársfundi voru Júlía G. Hreinsdóttir, Rannveig Sverrisdóttir og Valgerður Stefánsdóttir endurkjörnar til ársins 2015.

Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Rannsóknastofu í táknálsfræðum

Félagar í rannsóknastofunni hafa undanfarið ár komið að mörgum rannsóknaverkefnum, bæði innlendum sem fjölþjóðlegum. Á árinu 2014 bættust m.a. þessi verkefni við:

- Þrjár setningagerðir í íslensku táknáli. Styrkur fékkst frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Jóhannes Gísli Jónsson. Silja Hlín Guðbjörnsdóttir BA-nemi fékk styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að skrá gögn fyrir rannsóknaverkefnið.
- Colour in Context: Comparing Icelandic and Icelandic Sign Language. Styrkur fékkst frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Matthew Whelpton.

Þá var haldið áfram vinnu við fjölmörg önnur verkefni. Nordplus-verkefninu Táknálskennsla á vefnum lauk á árinu og Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands (önnur verðlaun) voru veitt fyrir verkefnið árið 2014. Þá unnu nokkrir fræðimenn að rannsóknum á neitun í íslenska táknálinu og kynntu á ráðstefnu erlendis og fékkst styrkur frá Málvísindastofnun til að skrá gögn fyrir þá rannsókn. Á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra var haldið áfram vinnu við þróun matstækja og fólst sú vinna m.a. í gagnasöfnun, greiningu og endurmati.

Heimsóknir fræðimanna

Rannsóknastofan tók á móti nokkrum fræðimönnum sem komu til landsins í tengslum við ráðstefnuna Language Resources and Evaluation Conference (LREC 9) sem haldin var í lok maí:

- Andrea Lackner frá Centre for Sign Language and Deaf Communication (ZGH) við Alpen-Adria-háskólann í Klagenfurt í Austurríki dvaldi hér í rúma viku í maílok og júníbyrjun á styrk frá COST-verkefninu sem aðilar rannsóknastofunnar taka þátt í. Andrea og Nicolaus Reimer unnu í eina viku með starfsfólki Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og tveimur táknálsstalandi rannsakendum við söfnun og skráningu gagna til að nota í samanburð við rannsókn á austurríska táknálinu. Verkefnið ber heitið Implementing a Methodological Approach for Identifying Modality Categories in Sign Languages Within the Framework of Semantic Field Research.
- Johanna Mesch, dósent við háskólann í Stokkhólmi, heimsótti Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og vann þar með starfsfólki að skráningu gagna. Johanna hélt einnig fyrirlestur, sem hún nefndi Sign Language Corpus and the Deaf Community (Málheildir fyrir táknálmál og döff samfélag), 2. júní í Félagi heyrnarlausra á vegum rannsóknastofunnar. Að fyrirlestrinum loknum stýrði hún umræðum um ávinning af málheildum, m.a. fyrir íslenskt táknálmál.

Kynningarstarfsemi og útgáfa

Rannsóknastofan átti aðild að málþingi í tilefni af degi íslenska táknálsins, þann 11. febrúar, sem haldið var í sal Þjóðminjasafns Íslands. Þingið nefndist Tveir heimar mætast og þar var fjallað um hvaða ávinning má sjá af því að til er íslenskt táknálmálssamfélag með döff menningu og þeirri þekkingu sem í henni felst.

Það sem helst mætti telja til útgáfustarfsemi er SignWiki-verkefnið sem unnið er á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Á árinu birtust tvær nýjar greinar um málfræði íslenska táknálsins og ein grein frá árinu 2013 var þýdd á íslenska táknálið og birt í táknálmálútgáfu. Fleiri greinar og þýðingar eru í vinnslu. Þetta verkefni varð, eins og áður sagði, í öðru sæti um Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands árið 2014.

Loks má nefna að listakonan Christine Sun Kim hélt fyrirlestur 2. júlí á Háskólatorgi í boði Félags heyrnarlausra og Rannsóknastofu í táknálmálfræðum. Fyrirlesturinn verður fluttur á ritaðri ensku og túlkaður yfir á íslenskt táknálmál. Christine Sun Kim, sem er döff frá fæðingu, hefur skapað sér eigin „rödd“ með tilraunum sínum í hljóðlist, t.d. með því að láta gesti viðburða sinna hefja upp raust sína, láta fólk syngja með hreyfandi andlitum sínum og útsetja sjónrænar raddir. Athuganir hennar hafa leitt í ljós að tónlist og bandaríska táknálið (ASL) eiga fleira sammerkt en ekki og það var m.a. til umfjöllunar í erindi hennar.

Sagnfræðistofnun

Stjórn og starfsmenn

Í stjórn stofnunarinnar 2014–2015 sátu: Anna Agnarsdóttir, forstöðumaður, Ragnheiður Kristjánsdóttir, lektor í sagnfræði, fyrir hönd kennara og Margrét Gunnarsdóttir sem fulltrúi doktorsnema og var hún jafnframt ritari stjórnar. Stjórnin hélt fimm formlega fundi á árinu, auk símafunda. Forstöðumaður er jafnframt fulltrúi Sagnfræðistofnunar í stjórn.

Kristbjörn Helgi Björnsson var sem fyrr starfsmaður stofnunarinnar. Hann sá m.a. um bókakost stofnunarinnar, uppfærslu Söguslóða, skráningu nemendaritgerða o.fl. Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Hugvísindastofnun, hefur umsjón með fjárreiðum Sagnfræðistofnunar. Stjórnarsetur

Guðmundur Jónsson situr fyrir hönd Sagnfræðistofnunar í fagráði Miðstöðvar munnlegrar sögu. Hann og Kristjana Kristinsdóttir eru fulltrúar Sagnfræðistofnunar í ráðgjafarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands. Guðmundur Hálfðanarson er fulltrúi Sagnfræðistofnunar í undirbúningsnefnd ráðstefnu í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna 2015.

Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga var endurvakin á árinu undir stjórn Sagnfræðistofnunar. Landsnefndin sér um samskiptin við CISH, heimssamtök sagnfræðinga. Ákveðið var að forstöðumaður yrði formaður landsnefndarinnar og hinn kennarinn í stjórninni varamaður.

Nýdóttarar á vegum Sagnfræðistofnunar voru tveir í upphafi árs en annar þeirra, Ólafur Rastrick, var ráðinn lektor í þjóðfræði á miðju ári og hinn, Erla Hulda Halldórsdóttir, hlaut sérfræðingsstarf hjá Sagnfræðistofnun til tveggja ára frá 1. janúar 2015.

Einn nýdóttarar bættist í hópinn á á árinu: Þórir Jónsson Hraundal.

Föst verkefni

Móttaka nýnema

Undanfarin ár hefur Sagnfræðistofnun boðið nýnemum í sagnfræði í boð þar sem léttar veitingar eru framreiddar. Aðsókn hefur verið afar dræm. Því var tekin upp sú nýbreytni að bjóða meistaranemunum ásamt kennurum. Þetta tókst mjög vel og þótti upplagt að halda áfram á þessari braut.

Söguslóðir

Guðmundur Jónsson var áfram umsjónarmaður vefsíðunnar Söguslóðir. Kristbjörn Helgi sér um að uppfæra síðuna.

Rannsóknaverkefni á vegum stofnunarinnar

Rannsóknaverkefni á vegum stofnunarinnar voru þessi:

- Saga íslenskrar utanlandsverslunar. Ritstjórnin hélt allmarga fundi á árinu og þrjár höfundar hafa skilað sínum hlutum.
- Reykholtssverkefnið. Þrjár bækur eru á leiðinni, ein frá ráðstefnu sem haldin var í Reykholti haustið 2013 um húsbyggingar í Reykholti. Ein grein þar er eftir Helga Þorláksson og önnur eftir Guðrúnu

Sveinbjarnardóttur um kirkjuuppgröftinn. Loks er lokabindi með öllum helstu niðurstöðum eftir ýmsa höfunda væntanlegt. Ritstjórar þess, Helgi Þorláksson og Guðrún Sveinbjarnardóttir, luku ritstjórnarvinnu við texta ritsins á árinu. Forlag í Danmörku hefur útgáfu til athugunar.

Bókaútgáfa

Engar bækur voru gefnar út hjá stofnuninni á árinu. Hins vegar bíða mörg rit útgáfu.

Rannsóknasjóður Sagnfræðistofnunar

Á árinu var úthlutað úr Rannsóknasjóði Sagnfræðistofnunar. Hámarksupphæð styrks var 50.000 kr. Flestallir kennarar nýttu sér þennan kost.

Málþing, fyrirlestrar og fundir

- Alþjóðlegt málþing: 16. janúar var haldið málþing að ósk rannsóknahóps sagnfræðinga frá University of Hull (Perceptions of the Sea) undir heitinu Hugmyndir um hafið – Málþing um samskipti Íslands og Hull. Framsögumenn voru James I. Rogers og James Underwood frá Háskólanum í Hull og Guðni Th. Jóhannesson.
- Alþjóðlegt málþing: Í tilefni þess að hundrað ár voru liðin frá upphafi fyrri heimsstyrjaldar stóð Sagnfræðistofnun, í samvinnu við breska sendiráðið og þýska sendiráðið í Reykjavík, fyrir alþjóðlegu málþingi 24. október 2014 um sögutúlkanir og samtímaáhrif ófriðarins. Tveimum erlendum fyrirlesurum var boðið að flytja erindi: Christopher Cornelißen, prófessor í samtímasögu við Goethe-háskóla í Frankfurt, um ábyrgð Þjóðverja á stríðsrekstrinum og Christopher Coker, prófessor í alþjóðasamskiptum við London School of Economics, sem fjallaði um áhrif ófriðarins og möguleika á stórveldastríði á okkar tímum. Auk þess fluttu fjórir íslenskir sagnfræðingar erindi á málþinginu: Valur Ingimundarson, Guðmundur Jónsson, Anna Agnarsdóttir og Ólafur Arnar Sveinsson, doktorsnemi í sagnfræði. Þingið var velsótt og náði athygli fjölmiðla.
- Hinn 3. mars var haldinn sérstakur kennarafundur um Guðnastofu og útgáfumál Sagnfræðistofnunar. Guðnastofa var í óþökk Sagnfræðistofnunar og er nú til húsa í stofunni á móti kaffistofunni á 4. hæð í Árnagarði. Reiknað er með að allt verði komið í lag þar fyrir ársfundinn í lok maí 2015.
- Fyrirlestur: Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur hélt fyrirlestur 27. febrúar í boði Sagnfræðistofnunar í tilefni af útkomu Landbúnaðarsögu Íslands. Erindið bar heitið: Naut, kindur, fólk og önnur dýr – Um samhengi landbúnaðar í Noregi fyrir 800 og á Íslandi til 1800.
- Fyrirlestur: Karl Christian Lammers, lektor emeritus við Kaupmannarhafnarháskóla og sagnfræðingur, hélt fyrirlesturinn German SPD and Fascism until 1933 – Social Democratic Perceptions of Italian and German Fascism and Political Strategies Towards National Socialism, í boði Sagnfræðistofnunar 9. apríl.
- Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar: Michael Bregnsbo, lektor við Syddansk Universitet í Óðinsvéum, hélt semínar um ráðgjafahlutverk sitt varðandi kvikmyndina En Kongelig Affære 20. nóvember og hinn 21. nóvember flutti hann erindið The Danish Empire – A New Way of Viewing the History of the Danish State.

Gestir

Valentin Petroussenko, varadeildarforseti sagnfræði- og heimspekideildar háskólans í Plovdiv í Búlgaríu, var gestur Sagnfræðistofnunar í þrjár vikur í júní og júlí. Vann hann að verkefni sem EES styrkti.

Samstarf

Borgarsögusafn vinnur nú að rannsókn og sýningu á atvinnusköpun kvenna í heimahúsum og sækir Sagnfræðistofnun um styrk til safnaráðs í samstarfi við safnið. Rannsóknin nefnist Bleika hagkerfið. Nokkrir fræðimenn hjá Sagnfræðistofnun, þar á meðal Guðmundur Jónsson prófessor, Ragnheiður Kristjánsdóttir lektor og Erla Hulda Halldórsdóttir sérfræðingur taka þátt í að móta rannsóknahluta verkefnisins.

Rannsóknir

Helsta starfsemi Sagnfræðistofnunar eru rannsóknir þeirra sem vinna við hana. Hér eru rannsóknir meðlima Sagnfræðistofnunar einungis raktar lauslega, enda er gerð nákvæmari grein fyrir þeim í Ritaskrá Háskóla Íslands.

Anna Agnarsdóttir hélt áfram með þau verkefni sem hún vinnur að fyrir Sagnfræðistofnun (Saga íslenskrar utanlandsverslunar), Hakluyt Society í London, The Banks Archive Project og The Hakluyt Edition Project (O.U.P). Hún flutti fyrirlestra á Íslandi, í Joensuu og í Kiel.

Eggert Þór Bernharðsson lést á gamlársdag 2014. Á árinu kom út eftir hann bókinn Sveitin í sálinni: búskapur í Reykjavík og myndun borgar. Bókin hlaut mjög góðar viðtökur og var ritið tilnefnt til Íslensku bókmenntaverðlaunanna á sviði fræðirita.

Gavin Lucas vann mestmegnis á árinu að greiningarvinnu á gögnum úr uppgrefinum í Skálholti. Hann stýrði vinnustofu í þeim rannsóknahópi og tók þátt í tveimur alþjóðlegum vinnustofum (í Amsterdam og Metz), hélt lykilyrilestur á norrænni fornleifafræðiráðstefnu í Stokkhólmi og tók þátt í minni ráðstefnum (Bergen, Manchester og Southampton).

Guðmundur Hálfðanarson tók þátt í tveimur alþjóðlegum rannsóknaverkefnum: The Untold Story – An Oral History of the Roma People in Romania, sem er samstarfsverkefni fræðimanna við Háskóla Íslands og Babes-Bolyai háskólann í Cluj-Napoca í Rúmeníu (styrkt af rannsóknasjóði Rúmeníu og EES), og verkefninu Denmark and the New North Atlantic með þverfaglegum hópi fræðimanna frá Danmörku, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi, Noregi og Þýskalandi (sem er styrkt af Carlsberg-sjóðnum). Hann er einnig aðalritstjóri tímaritsins Scandinavian Journal of History sem er í eigu norrænu sagnfræðisamtakanna og kemur út hjá Routledge-forlaginu á Bretlandi.

Guðmundur Jónsson hélt áfram að vinna að ritun sögu utanríkisverslunar og tveimur samstarfsverkefnum. Annað er um notkun landupplýsingakerfa við rannsóknir á jörðum og kvaðakerfi á Íslandi á 18. öld og hitt nefnist Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Guðmundur hélt erindi og fyrirlestra í Vínarborg, Joensuu, Stokkhólmi og Reykjavík. Guðmundur stýrði auk þess starfi Miðstöðvar munnlegrar sögu.

Guðni Th. Jóhannesson hélt sjö fyrirlestra á árinu, einn í Bretlandi og hina á Íslandi. Hann var áfram forseti Sögufélags.

Helgi Þorláksson flutti sjö opinbera fyrirlestra og samdi hinn áttunda sem var dreift í fjölríti á ráðstefnu erlendis. Hann hefur verið í stjórn Reykholtverkefnisins frá upphafi. Hann tekur þátt í verkefnum Saga íslenskrar utanlandsverslunar, Sögu Breiðafjarðar (með Sverri Jakobssyni og Oddnýju Sverrisdóttur) og Norgesveldet (í svonefndum kjarnahópi þess).

Ingi Sigurðsson vann einkum að rannsóknum á hugmynda- og menningartengslum Íslendinga og Norðmanna frá 1814 fram til síðari heimsstyrjaldar og íslenskri sagnfræði frá miðri 19. öld til samtímans.

Kristjana Kristinsdóttir vann einkum við verkefnið „Valdsmenn á Bessastöðum 1541–1682 og skjalasafn þeirra.“

Már Jónsson gaf út bókina Hvítur jökull, snauðir menn – Eftirlátnar eigur alþýðu í efstu byggðum Borgarfjarðar á öðrum fjórðungi 19. aldar, á vegum Snorrastofu í Reykholti. Már hélt sex fyrirlestra á Íslandi og einn í Osló.

Orri Vésteinsson hélt áfram rannsóknum sínum á landnámi og vann að ritun bókar um það efni. Hann stjórnaði úrvinnslu uppgrftar á Sveigakoti, á Gásum og á Görðum á Grænlandi og gerði vettvangsrannsóknir á Grænlandi og Íslandi. Hann hélt fyrirlestra á ráðstefnum í Tyrklandi, Bandaríkjunum og á Íslandi.

Ragnheiður Kristjánsdóttir vann að rannsóknum um lýðræði, vinstri hreyfinguna, sagnaritun og kynjasögu. Hún flutti fyrirlestra um sama efni á málþingum og ráðstefnum í Reykjavík og Joensuu. Þá lagði hún (ásamt Erlu Huldu Halldórsdóttur) drög að rannsóknaverkefni um íslenskar konur á tuttugustu öld.

Sigurður Gylfi Magnússon vann að Rannís-verkefni með fulltingi Þjóðminjasafns sem nefnist Emotions, Material Culture and Everyday Life in Iceland in the Long 19th Century. Hann gaf út, ásamt Árna H. Kristjánssyni, ritrýndu bókina Bóndinn, spendýrin og fleiri undur alheimsins – Alfræðiverk fyrir alþýðu sem Jón Bjarnason frá Þórormstungu í Vatnsdal vann á árunum 1845–1852. Bókin er 17. bindið í bókaflöknum Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar. Sigurður Gylfi er einn af þremur ritstjórum bókaflöksins. Hann flutti fimm fyrirlestra, fjóra á Íslandi og einn í Vín, á ráðstefnu evrópskra félagssagnfræðinga.

Steinunn Kristjánsdóttir hélt áfram rannsókn sinni á klausturlifnaði á miðöldum á Íslandi. Hún hélt fimm fyrirlestra, þar af einn erlendis.

Sverrir Jakobsson flutti sex opinbera fyrirlestra á árinu. Sverrir var verkefnisstjóri í rannsóknaverkefninu Saga Breiðafjarðar og gegndi áfram starfi prófdómara við Læknadeild. Hann situr í stjórn Sögufélags.

Valur Ingimundarson stundaði rannsóknir á sviði samtímastjórnmála, sögu og minnis, íslenskra utanríkis- og öryggismála og landfræðistjórnmála norðurslóða. Hann hélt fyrirlestra um þessi efni í London, Shanghæ, St. Pétursborg, Osló, Arkhangelsk, Reykjavík og Akureyri. Hann tekur þátt í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum m.a. á stjórnmálum og öryggismálum á norðurslóðum og minningum og kalda stríðinu.

Viðar Pálsson stundaði rannsóknir á sviði réttarsögu og miðaldasögu ásamt vinnu við þýðingar og skýringar eldri lærdómsrita. Hann ritstýrði Griplu, tímariti Stofnunar Árna Magnússonar, hélt fyrirlestur á Íslandi og lagði lokahönd á bókarhandrit.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er rannsóknastofnun á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Við stofnunina eru stundaðar rannsóknir í þeim 13 tungumálum, sem eru kennd við háskólann, ásamt bókmenntum og menningu viðkomandi málsvæða. Önnur meginfræðasvið eru þýðingar, samanburðarmálvísindi, máltaka, tungumálanám og tungumálakennsla, samskipti á erlendum tungum og erlend tungumál og menning á Íslandi í sögu og samtíð.



Á árinu bar hæst opinbera heimsókn Irinu Bokovu, aðalframkvæmdastjóra UNESCO – Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna, og hátíðafyrirlestur sem hún hélt við Háskóla Íslands þann 26. maí, veglegan styrk A.P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal (A.P. Møller Fonden) til nýbyggingar Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar, og ákvörðun háskólaráðs um að tryggja fjármögnun hússins og efna til útboðs um byggingarframkvæmdir. Þá bar hátt risaráðstefnu í máltækni sem haldin var í Hörpu í samvinnu við Máltækniásetur og ELRA, evrópsk samtök um máltækni.

Fjölmarginir hafa styrkt starfsemi stofnunarinnar og verkefni á hennar vegum með beinum eða óbeinum hætti og auk þess hafa starfsmenn hennar hlotið talsverða styrki til rannsókna úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Sem endranær hefur frú Vigdís Finnbogadóttir lagt stofnuninni ómetanlegt lið með störfum sínum.

Stjórn og starfsmenn

Á árinu störfuðu 40 fræðimenn við stofnunina auk verkefnisstjóra. Stjórn stofnunarinnar skipuðu Auður Hauksdóttir, formaður, Ásdís R. Magnúsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Rebekka Þráinsdóttir og Ingibjörg Þórisdóttir, doktorsnemi í bókmenntum, tilnefnd af Félagi doktorsnema. Þegar Ingibjörg gerði hlé á námi sínu á haustmisseri var Guðmundur S. Brynjólfsson tilnefndur í stjórnina í hennar stað. Einnig varð sú breyting á stjórninni að Oddný G. Sverrisdóttir, annar varamanna í stjórn auk Sigurðar Péturssonar, tók sæti Rebekku Þráinsdóttir í desember þegar hún baðst undan frekari stjórnarsetu. Auk stjórnarformennsku gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns. Stjórnin kom saman átta sinnum á árinu.

Ritnefnd stofnunarinnar var skipuð þeim Ásdísi R. Magnúsdóttur og Rebekku Þráinsdóttur.

Guðrún Kristinsdóttir gegndi starfi verkefnisstjóra og hafði umsjón með daglegum rekstri stofnunarinnar en Valgerður Jónasdóttir, grafískur hönnuður, sinnti í hlutastarfi verkefnum á sviði hönnunar og útgáfu.

Auður Hauksdóttir hlaut framgang í stöðu prófessors í dönsku á árinu og Þórhallur Eypórsson hlaut framgang í stöðu prófessors í málvísindum við námsleið í ensku.

Nýr starfsmaður við stofnunina er Gísli Magnússon, lektor í dönskum bókmenntum, sem tímabundið tók við af Annemette Hejlsted um mitt árið.

Ráðstefnur

Rómanistaping

Dagana 12. til 15. ágúst fór fram í Háskóla Íslands 19. ráðstefna norrænna rómanista, sérfræðinga í frönskum, spænskum, suður-amerískum, portúgölskum og ítölskum bókmenntum og málvísindum, sem og í kennslu þessara tungumála. Skipulag ráðstefnunnar var í höndum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Hugvísindastofnunar og rómönsku málanna í Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Aðalfyrirlesarar voru:

- Emma Martinell, prófessor við Háskólann í Barcelona.
- Mireille Calle-Gruber, prófessor við l'Université Sorbonne Nouvelle – Paris III.
- Hanne Leth Andersen, aðstoðarrector við Háskólann í Hróarskeldu.
- Lorenzo Coveri, prófessor við Genúa-háskóla.

Rúmlega 130 erlendir fræðimenn á sviði spænskra, franskra og ítalskra bókmennta og tungu sóttu þingið sem var mjög vel heppnað.

Art in Translation: Alþjóðleg ráðstefna um tungumál og listir

Dagana 18.–20. september var ráðstefnan Art in Translation haldin í Reykjavík í þriðja sinn. Ráðstefnan var þverfagleg og fjallaði um samspil ritlistar og annarra listgreina og var haldin í samvinnu Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Manitoba-háskóla og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, ásamt Norræna húsinu, Reykjavík – Bókmenntaborg UNESCO og bandaríska sendiráðinu á Íslandi.

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var bandaríski rithöfundurinn Amy Tan og aðrir lykilfyrirlesarar voru Roger M.A. Allen, prófessor emeritus í arabísku og almennri bókmenntafræði við Pennsylvania-háskóla í Bandaríkjunum, Matthew Rubery, lektor í enskum 19. aldar bókmenntum við Queen Mary University of London, og David Spurr, prófessor í ensku við Genfar-háskóla. Aðrir fyrirlesarar voru hátt á sjötta tug innlendra og erlendra fræðimanna og listamanna.

Nordic Intercultural Communication

Dagana 26.–28. nóvember var haldin á vegum stofnunarinnar alþjóðlega ráðstefnan Nordic Intercultural Communication um menningarinnsæi og samskipti milli ólíkra menningarsvæða. Meginþemu ráðstefnunnar voru tjáskipti í háskólum og milli vísindamanna í alþjóðavæddum heimi; tjáskipti, tungumál og menning á Norðurlöndunum; og þýðingar milli tungumála og menningarheima.

Aðalfyrirlesar voru:

- Daniel Everett, prófessor og sviðsforseti við Bentley-háskóla í Massachusetts í Bandaríkjunum.
- Andreas F. Kelletat, prófessor við Johannes Gutenberg-háskóla í Þýskalandi.
- Karen Risager, prófessor emerita við Hróarskelduháskóla.

Alþjóðleg máltækniráðstefna

Níunda LREC-ráðstefnan var haldin í Hörpu dagana 26.–31. maí. LREC (Language Resources and Evaluation Conference) er haldin annað hvert ár og er viðamesta máltækniráðstefna heims og mjög fjölsótt. Að ráðstefnunni stóðu samtökin European Language Resources Association (ELRA) í samvinnu annars vegar við Máltækni-setur, sem er samstarfsvettvangur Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík og orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og hins vegar Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Ráðstefnan var haldin undir verndarvæng UNESCO. Vigdís Finnbogadóttir, velgjörðasendiherra fyrir tungumál hjá UNESCO, setti ráðstefnuna, og Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO, flutti ávarp. Alls voru hátt á áttunda hundrað verkefna kynnt á ráðstefnunni, ýmist með erindum eða veggspjöldum.

Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar voru þau Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslenskri málfræði, formaður, Hrafn Loftsson, dósent við Háskólann í Reykjavík, sem átti sæti í vísindaráði ráðstefnunnar, Sigrún Helgadóttir, fræðimaður hjá Stofnun Árna Magnússonar, sem var starfsmaður nefndarinnar, Kristín Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá Stofnun Árna Magnússonar, Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu Hugvísindasviðs, og Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Málþing

Að venju stóð stofnunin fyrir málþingum þar sem fjallað var um ýmis viðfangsefni á fræðasviðum hennar.

Móðurmálsvika

Í tilefni af alþjóðadegi móðurmálsins, 21. febrúar, stóðu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og íslenska UNESCO-nefndin fyrir dagskrá í vikunni 21.–28. febrúar í samvinnu við félagasamtökin Móðurmál, Borgarbókasafn Reykjavíkur, Kennarasamband Íslands, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Norræna húsið.

Í viku móðurmálsins var efnt til samvinnu við skóla um allt land um sameiginlegt verkefni við að skrá tungumálaforða sérhvers bekkjar á www.tungumalatorg.is/. Þá voru gerð stutt myndbönd til að stuðla að aukinni þekkingu og upplýstri umræðu um þennan málaflokk.

Fimmtudaginn 27. febrúar fór fram í Odda fyrirlestur um dönsku sem móðurmál, annað mál og erlent mál. Þar fjallaði Bergþóra Kristjánsdóttir, lektor við Árósháskóla, um umræður í danska menntakerfinu þar sem hefur verið tekist á um afleiðingar þess að greina á milli dönsku sem móðurmáls, annars máls og erlends máls.

Málþingið Móðurmál – mál málanna!

Föstudaginn 28. febrúar fór fram í Norræna húsinu málþingið Móðurmál – mál málanna!

Frummælendur voru:

- Hólmfríður Garðarsdóttir, forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.
- Renata Emilsson Pesková, formaður samtakanna Móðurmál.
- Hanna Ragnarsdóttir, prófessor í fjölmenningsfræðum.
- Þorbjörg Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri Tungumálatorgs.
- Jón Torfi Jónasson, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands og formaður UNESCO-nefndarinnar.

Málþing til heiðurs Melittu Urbancic

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur stóð, í samvinnu við Reykjavík – bókmenntaborg UNESCO og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, fyrir málþingi 8. mars og sýningu til heiðurs austurrísku skáldkonunni, myndhöggvaranum og leikkonunni Melittu Urbancic, sem var búsett var á Íslandi frá árinu 1938. Efnt var til viðburðanna í tilefni af útgáfu tvímála ljóðabókar Melittu, Frá hjara veraldar / Vom Rand der Welt, hjá stofnuninni og Háskólaútgáfunni.

Framsögumenn voru:

- Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður.
- Sjón, formaður stjórnar Reykjavíkur – bókmenntaborgar UNESCO.
- Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði.
- Sölvi Björn Sigurðsson þýðandi.
- Sibyl Urbancic, dóttir Melittu Urbancic.
- Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor í þýsku.
- Angela Rawlings ljóðskáld.

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, opnaði sýninguna. Sölvi Björn Sigurðsson flutti þýðingar sínar á ljóðum Melittu á íslensku en Sabine Leskopf flutti ljóðin á frummálinu, þýsku.

Málþing og kynning á Taleboblén, Talhjálpi í dönsku

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur stóð fyrir málþingi og kynningu á www.taleboblén.hi.is, hjálpartæki til að þjálfa danskt talmál, 8. nóvember í Þjóðarbókhöðunni. Á málþinginu var fjallað um kennslu

dansks talmáls, máltækið kynnt og notkunarmöguleikar þess ræddir. Þá skýrðu dönskukennarar frá reynslu sinni af því að nota Taleboblen.

Ræðumenn voru:

- Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku.
- Peter Juel Henriksen, dósent við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn.
- Anna Margrét Bjarnadóttir, dönskukennari við Víðistaðaskóla.
- Margrét Karlsdóttir, dönskukennari við Hvaleyrarskóla.
- Trine Pauck Hansen, námsstjóri í dönsku í Grænlandi.
- Ulla Neumann, lektor við VUC Århus.

Latína er list mæt: Orðastaður um íslenskar latínumenntir

Í tilefni af útgáfu bókarinnar *Latína er list mæt* eftir Sigurð Pétursson, lektor emeritus, hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfunni, bauð stofnunin til samræðu 20. nóvember um klassísk áhrif í íslenskum bókmenntum. Höfundurinn kynnti efni bókarinnar, ræddi við Hjalta Snæ Ægisson, bókmenntafræðing og annan ritstjóra bókarinnar, og sat fyrir svörum.

Evrópski tungumáladagurinn

Yfirskrift evrópska tungumáladagsins í ár, 26. september, var Tungumálakunnátta er allra hagur og í tilefni hans var efnt til málþings í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi í Lögbergi, þar sem eftirtaldir framsögumenn vörpuðu ljósi á ólík hlutverk latínu og latínukunnáttu:

- Kolbrún Elfa Sigurðardóttir, latínukennari við Menntaskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands.
- Hjalti Snær Ægisson, stundakennari í almennri bókmenntafræði.
- Guðbjörg Þórisdóttir meistaranemi.
- Viðar Pálsson, lektor í sagnfræði og réttarsögu.
- Adda Guðrún Gylfadóttir, nemi af fornmalabraut við Menntaskólann í Reykjavík.
- Reynir Tómas Geirsson, prófessor og yfirlæknir.
- Atli Freyr Steinþórsson, dagskrárgerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu.
- Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona.

Fyrirlestrar

Eftirtaldir fræðimenn héldu fyrirlestra við stofnunina á árinu:

- Anna Jeeves, aðjunkt á Menntavísindasviði.
- David Hidalgo Rodríguez, nýdoktor í sagnfræði frá Háskólanum í Vigo á Spáni, og Noemí Cubas Martín, nýdoktor í sagnfræði frá Háskólanum í Salamanca á Spáni.
- Enrique Bernárdez, þýðandi og prófessor við Complutense-háskóla í Madrid.
- Annie Oehlerich, mannfræðingur og sérfræðingur í málefnum Bólivíu.
- David George, prófessor í klassískum fræðum og fornleifafræði við Saint Anselm College í New Hampshire í Bandaríkjunum, og Claudio Bizzarri, forstöðumaður Parco Archeologico ed Ambientale dell' Orvietano á Ítalíu.
- Erik Skyum-Nielsen, lektor í dönskum bókmenntum við Kaupmannahafnarháskóla.
- Kimberly Chopin, doktorsnemi við Center for Internationalisering og Parallelsproglighed við Kaupmannahafnarháskóla.
- Viola G. Miglio, dósent í málvísindum við spænsku- og portúgölskudeild Kaliforníuháskóla í Santa Barbara og gestadósent við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.
- Richard Wilson, Sir Peter Hall Professor of Shakespeare Studies við Kingston-háskóla í Lundúnum.

Útgáfa fræðirita

Milli mála – tímarit um tungumál og menningu

Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu er gefið út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunni. Tímaritið birtir fræðigreinar og annað efni á sviði erlendra tungumála, bókmennta, málvísinda og menntunarfræði en einnig er þar að finna þýðingar og ritdóma. Höfundum gefst kostur á að skrifa á móðurmáli sínu eða á því tungumáli sem snertir fræðasvið þeirra. Allar fræðigreinar sem birtast í Milli mála eru ritryndar af nafnlausum ritryni. Ritstjórar eru Ásdís R. Magnúsdóttir og Rebekka Práinsdóttir.

Á árinu fór fram undirbúningsvinna við að gefa út Milli mála í opnum aðgangi á netinu og eru nú allir árgangar tímaritsins aðgengilegir á vefsíðunni Open Journal System við Háskóla Íslands, ojs.hi.is/millimala, og á vefsíðu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, timarit.is/.

Frá hjara veraldar / Vom Rand der Welt

Ljóðabókin Frá hjara veraldar / Vom Rand der Welt eftir Melittu Urbancic kom út í tvímála ritröð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunnar. Sölvi Björn Sigurðsson þýddi ljóðin á íslensku en eftirmála ritaði Gauti Kristmannsson.

Melitta Urbancic, fædd Grünbaum (1902–1984) leitaði hælis á Íslandi árið 1938 ásamt eiginmanni sínum, tónvísindamanninum, tónskáldinu og hljómsveitarstjóranum Victor Urbancic (1903–1958) og börnum þeirra. Fjölskyldan fluttist hingað frá heimalandinu, Austurríki, eftir valdatöku nasista, en Melitta var af gyðingaættum. Bæði hafa þau hjónin markað varanleg spor í menningarlíf Íslendinga. Ljóðabókina Vom Rand der Welt skrifaði Melitta um reynslu sína af útleðinni á Íslandi en bókin kemur nú út í fyrsta sinn. Melitta má heita óþekkt sem höfundur nema meðal þeirra sem hafa rannsakað verk fólks í útleð.

Útgáfa bókarinnar var styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta, Mannréttindaráði Íslands og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.

Latína er list mæt

Latína er list mæt er úrval greina Sigurðar Péturssonar um latínumenntir Íslendinga á tímabilinu 1550–1800, alls 14 greinar. Í bókinni er fjallað um fjölda latneskra kvæða eftir íslenska höfunda og allnokkur kvæði birt í tvímála útgáfum ásamt umfjöllun og skýringum. Rætt er um nám í latneskri málfræði, latínumenntun kvenna, þýðingu latínukunnáttu í embættiskerfi fyrri alda, klassísk stef í meðförum íslenskra skálda og aðlögun latneskra bókmenntaforma að íslenskum veruleika. Bókinni fylgir kvæðaskráin Index carminum ab Islandis latine compositorum, sem geymir brag- og bókfræðilegar upplýsingar um latínukvæði íslenskra skálda í aldanna rás. Ritstjórar bókarinnar, sem gefin var út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunni, voru þeir Gunnar Marel Hinriksson og Hjalti Snær Ægisson.

Útgáfa bókarinnar var styrkt af Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Miðstöð íslenskra bókmennta og Rannsóknasjóði Hugvísindastofnunar.

Styrkur úr Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur styrkti útgáfu tímaritsins Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu og útgáfu bókarinnar Latína er list mæt um 1,6 milljón krónur alls (sjá útgáfu fræðirita). Stjórnarformaður Styrktarsjóðsins er frú Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti Íslands, en aðrir í stjórn hans eru Ásmundur Stefánsson, fv. bankastjóri, Hrönn Greipsdóttir, fjárfestingastjóri hjá Arev verðbréfafyrirtæki hf., Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, stjórnarformaður og forstöðumaður

Hannesarholts, Salvör Jónsdóttir skipulagsfræðingur, Sigurður Helgason, stjórnarformaður Icelandair, Vésteinn Ólason prófessor og Þórður Sverrisson, fv. forstjóri Nýherja. Þórður Sverrisson sagði sig úr stjórn snemma árs en þá hafði hann setið í stjórn styrktarsjóðsins frá upphafi. Kann stofnunin honum þakkir fyrir framlag hans í árunna rás.

Alþjóðleg samstarfsnet

Tal hjálp við dönskukennslu

Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, fer fyrir norrænum rannsóknahópi sem vinnur að þróun talhjálpar sem er ætlað að auðvelda Færeyingum, Grænendingum og Íslendingum að læra danskt talmál og tjá sig á dönsku. Markmiðið er að skoða hvaða þættir dansks talmáls valda erfiðleikum og hvernig hægt er að mæta ólíkum þörfum í tengslum við að tileinka sér talmál og þá einkum framburð á dönsku (sjá www.taleboblen.hi.is). Aðrir þátttakendur í rannsókn- og þróunarverkefninu eru Peter Juel Henriksen, dósent í tölvumálvísindum við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, Katti Frederiksen, fræðimaður við Málráð Grænlands, og Jónhard Mikkelsen, lektor við Fróðskaparsetur Færeyja, auk Guðrúnar Haraldsdóttur, arkitekts og BA í dönsku, og Önnu Margrétar Bjarnadóttur, cand.mag. og cand.pæd. í dönsku. Einnig hafa tölvufræðinemarnir Tumi Snær Gíslason og Gezim Haziri tekið þátt í verkefninu ásamt fimm dönskukennurum í grunn- og framhaldsskólum á Grænlandi, Íslandi og í Færeyjum og nemendum þeirra. Verkefnið er styrkt af Nordplus Sprog og Kultur-áætluninni og Norræna menningarsjóðnum.

Alþjóðlegt rannsóknanet um erfðarmál

Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, situr í stjórn alþjóðlegs tengslanets fræðimanna sem stunda rannsóknir á upprunatungumálum innflytjenda og afkomenda þeirra. Aðrir í forsvari fyrir rannsóknanetið eru Janne Bondi Johannessen, prófessor við Háskólann í Osló, Michael Putnam, lektor við Penn State University í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, og Joseph Salmons, prófessor við University of Wisconsin í Madison í Bandaríkjunum.

Samstarf við AFS um rannsóknir á menningarlæsi

Þann 8. nóvember var undirritaður samstarfssamningur milli AFS á Íslandi og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur um rannsóknir á menningarlæsi í tengslum við skiptinám erlendra ungmenna sem dvelja á Íslandi og íslenskra ungmenna erlendis. Samningurinn felur í sér fjárstyrk að upphæð kr. 1.250.000 til að framkvæma rannsókn á menningarlæsi á árinu 2015. Í samningnum er kveðið á um fjögurra manna samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum aðila. Fulltrúar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur eru Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, og Gunnella Þorgeirsdóttir, aðjunkt í japönsku.

Rafræn orðabók milli íslensku og frönsku í undirbúningi

Sendiráð Frakklands á Íslandi, Stofnun Árna Magnússonar og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur undirrituðu þann 5. mars samkomulag um undirbúning að gerð íslensk-franskrar orðabókar en slík orðabók kom síðast út árið 1950. Verkefnið hafði áður hlotið styrk frá efri deild franska þingsins, að upphæð 10.000 evrur, sem var ætlað að standa straum af kostnaði við undirbúningsvinnuna, auk þess sem sendiráðið lagði til starfsmann. Með verkefninu er lagður grunnur að stærra orðabókarverki milli íslensku og frönsku sem byggist á ISLEX-orðabókargrunninum sem unninn hefur verið hjá Stofnun Árna Magnússonar og hefur að geyma 50.000 orð ásamt fjölda dæma og orðasambanda.

Starfsmenn undirbúningsverkefnisins eru Rósa Elín Davíðsdóttir, doktorsnemi í orðfræði við námsleið í frönskum fræðum og Sorbonne-háskóla, og Maxence Dupuis, meistaranemi við Sorbonne-háskóla. Ritstjórar íslenska orðagrunnsins, Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir á orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar, höfðu umsjón með íslenska hluta verkefnisins, en Ásdís R. Magnúsdóttir,

prófessor í frönsku, og Rósa Elín Davíðsdóttir með franska hlutanum. Undirbúningsverkefninu lauk á árinu með viðbótarframlagi frá Rothschild-bankanum frá Frakklandskynningu árið 2008.

Styrkur til áframhaldandi vinnu við íslensk-franska orðabók

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra kynnti íslensk-franska orðabókarverkefnið fyrir frönskum ráðamönnum í Frakklandsferð árið 2013. Er Vigdís Finnbogadóttir, Torfi H. Tulinius og Guðrún Kristinsdóttir fóru til Frakklands í febrúar (sjá um styrki til Vigdísarstofnunar) áttu þau fund með Xavier North, forstöðumanni stofnunar um franska tungu en hún heyrir undir franska menntamálaráðuneytið. Á fundinum sagði Xavier North að innan stofnunar hans áttuðu menn sig vel á mikilvægi verkefnisins og að hún myndi, ásamt Centre National du Livre (Miðstöð franskra bókmennta), taka þátt í að fjármagna orðabókarverkefnið.

Aðrir viðburðir

Japanshátíð

Að venju stóð námsleið í japönskum fræðum að Japanshátíð í samvinnu við sendiráð Japans á Íslandi. Japanshátíðin fór fram á Háskólatorgi laugardaginn 1. febrúar. Þar bauðst gestum að kynna japanskri menningu af ýmsum toga, syngja karaoke, hlýða á japanska popptónlist og taka þátt í tölvuleikjum. Sýndar voru japanskar bardagalistar og blómagerðarlist og spiluð lifandi tónlist. Mikið fjölmenni sótti hátíðina.

Café Lingua

Samstarf Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Deildar erlendra tungumála, bókmennta og menningar við Café Lingua, sem er tungumálavettvangur á vegum Borgarbókasafns Reykjavíkur, setti svip á viðburði ársins því að samtals voru skipulögð fimm tungumálatorg í samvinnu við einstakar námsleiðir eða stúdenta í samstarfi við Norræna húsið og námsleiðir í dönsku, norsku og sænsku við Háskóla Íslands. Tungumálatorgin voru öll afbragðsvel heppnuð enda kærkomið tækifæri til að blanda geði og spreyta sig á tungumálum. Eftirtalin tungumálatorg voru haldin:

- Norræna tungumálatorgið „Lad det swinge! Hljómur Norðursins í orðum og tónum“ fór fram fimmtudaginn 13. febrúar.
- Norrænt tungumálatorg um múmínálfana var haldið fimmtudaginn 13. nóvember, þar sem Hildur Ýr Ísberg doktorsnemi flutti fyrirlestur og Malin Barkelind, stundakennari í sænsku, las úr skáldsögu.
- Japanskt tungumálatorg fór fram á Háskólatorgi fimmtudaginn 10. apríl í samstarfi við námsleið í japönsku.
- „Tungumál á torgi“ fór fram á Háskólatorgi fimmtudaginn 13. mars í samstarfi við námsleið í íslensku sem öðru máli og Íslenskuþorpið við Háskóla Íslands. Nemendur með íslensku sem annað mál kynntu tungumál sín og gestum gafst tækifæri til spreyta sig á tungumálum víðs vegar að og kynna fjölbreyttri menningu.
- Fimmtudaginn 9. september stóðu sömu aðilar og hér að ofan fyrir stefnumóti tungumála og tungumálanemenda í Stúdentakjallaranum. Viðburðurinn var nefndur Date a Language og var skipulagður í samvinnu við nemendur í íslensku sem annað mál og nemendur í Deild erlendra tungumála, bókmennta og menningar.

Ljósmyndasýningin Mengun í lífkerfi sjávar – Verur í viðjum

Ljósmyndasýning spænsku listakonunnar Maribel Longueira var opnuð á Háskólatorgi föstudaginn 2. maí og stóð í þrjár vikur. Á sýningunni var augum beint að mengun sjávar og hvernig það vandamál birtist í formi sjórekins rusls sem finna má á ströndum landa. Listakonan á rætur að rekja til Galísíu á Spáni og galísíska skáldið Francisco X. Fernández Naval og íslensk-galísíska skáldið Elías Knörr fluttu

nokkur ljóð við opnun sýningarinnar. Sýningin var styrkt af þróunarsjóði EFTA-EES og var haldin í samvinnu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, námsleiðar í spænsku, Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Bókasafns Háskólans á Akureyri.

Vika ítalskrar tungu og menningar

Dagana 16. október til 27. nóvember stóðu nemendafélagið Marco Polo og námsleið í ítölsku við Háskóla Íslands í samvinnu við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fyrir kvikmyndakvöldum í tilefni af viku ítalskrar tungu og menningar. Kvikmyndasýningarnar voru haldnar með framlagi frá sendiráði Ítalíu í Osló.

Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur undirbýr nú starfsemi alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvar sem mun starfa undir merkjum UNESCO – Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Miðstöðin verður til húsa í nýbyggingu stofnunarinnar sem mun rísa við Suðurgötu, næst gömlu Loftskýtastöðinni. Í miðstöðinni verður m.a. starfrækt þekkingarsetur þar sem hægt verður að fræðast um erlend tungumál og fá innsýn í ólíka menningarheima og ýmis málefni er snerta samskipti Íslands við erlendar þjóðir. Í byggingunni verður aðstaða til sýninga-, ráðstefnu- og fyrirlestrahalds og þar mun einnig fara fram öll kennsla og rannsóknir í erlendum tungumálum og menningu þeim tengdum.

Nýbygging í undirbúningi – störf byggingarnefndar

Byggingarnefnd, sem háskólaráð skipaði í apríl 2011, vann allt árið að undirbúningi byggingarframkvæmda í samvinnu við arkitektur.is, en arkitektar þeirrar teiknistofu urðu hlutskarpastir í hönnunarsamkeppni um bygginguna sem fram fór árið 2012. Formaður byggingarnefndar er Eiríkur Hilmarsson, lektor í viðskiptafræði, en auk hans eiga sæti í nefndinni Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri framkvæmda- og tæknisviðs háskólans, Ingjaldur Hannibalsson prófessor, Inga Jóna Þórðardóttir viðskiptafræðingur og Ásdís Guðrún Sigmundsdóttir doktorsnemi. Með nefndinni starfa Halldóra Vífilsdóttir, aðstoðarforstóri Framkvæmdasýslu ríkisins, og Sigurlaug I. Lövdahl, skrifstofustjóri framkvæmda- og tæknisviðs háskólans.

Ákvörðun háskólaráðs um að hrinda úr vör byggingarframkvæmdum stofnunarinnar

Háskólaráð samþykkti 6. mars að hefja framkvæmdir við nýbyggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Vigdísarstofnun – miðstöðvar tungumála og menningar og auglýsa útboð fyrir byggingu hennar.

Vigdísarstofnun skipuð stjórn

Hinn 15. apríl skipaði Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, stjórn Vigdísarstofnunar – miðstöðvar um tungumál og menningu sem hér segir:

- Alfredo Perez de Armiñán, aðstoðarframkvæmdastjóri UNESCO fyrir menningarmál (tilnefndur af UNESCO)
- Eiríkur Smári Sigurðsson, rannsóknastjóri við Hugvísindasvið Háskóla Íslands (tilnefndur af íslensku UNESCO-nefndinni)
- Guðrún Kvaran, prófessor emerita í íslensku (tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðherra)
- Auður Hauksdóttir, formaður, prófessor í dönsku (tilnefnd af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur)
- Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku máli og bókmenntum (tilnefnd af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur)

- Þórhallur Eypórsson, prófessor í málvísindum við námsleið í ensku (tilnefndur af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur)

Opinber heimsókn Irinu Bokovu, aðalframkvæmdastjóra UNESCO

Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO – Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna, þáði boð stjórnvalda um að koma í opinbera heimsókn hingað til lands dagana 25.–27. maí en áður hafði staðið til að hún kæmi til landsins í tengslum við afmælisráðstefnu til heiðurs Vigdísar Finnbogadóttur í apríl 2010. Við þetta tækifæri hélt hún opinn fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands 26. maí, á vegum rektors Háskóla Íslands, og einnig ávarpaði hún LREC-ráðstefnuna sem Máltæknisetur og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur áttu aðild að.

Veglegur styrkur frá A.P. Møller sjóðnum til nýbyggingar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Í kjölfar fundar sem þær Vigdís Finnbogadóttir og Auður Hauksdóttir áttu með Ane Mærsk Mc-Kinney Uggla, formanni stjórnar A.P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal, var tilkynnt um að sjóðurinn myndi styrkja nýbyggingu stofnunarinnar með 5 milljónum danskra króna, eða rúmlega 100 milljónum íslenskra króna. Þess má geta að árið 2006 hafði fyrrum stjórnarformaður sjóðsins, Mærsk Mc-Kinney Møller, tilkynnt um jafnháa styrkupp hæð til verkefnisins. Alls nema því veglegir styrkir sjóðsins rúmum 200 milljónum króna og er það stærsta einstaka framlag til byggingarinnar utan háskólans. Kann stofnunin sjóðnum miklar þakkir fyrir ómetanlega liðveislu.

Reykjavíkurborgar styrkir torg sunnan við byggingu stofnunarinnar

Jón Gnarr, borgarstjórinn í Reykjavík, staðfesti við Háskóla Íslands í byrjun mars borgin hygðist leggja torg sunnanvert við nýbyggingu Vigdísarstofnunar. Hér er um að ræða mikilvæga viðbót við starfsemi Vigdísarstofnunar, þar sem á torginu kemur til með að skapast einstök aðstaða til að halda viðburði utan húss, t.d. leiksýningar, ljóða- eða sönghátíðir. Framlag Reykjavíkurborgar nemur kostnaði við gerð torgsins, sem er áætlaður um 92 milljónir króna.

Styrkur frá Eric de Rothschild til nýbyggingar og annar stuðningur franskra aðila

Í febrúar héldu þau Vigdís Finnbogadóttir, Guðrún Kristinsdóttir, verkefnisstjóri Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, og Torfi H. Tulinius, prófessor í íslenskum miðaldafræðum, til Frakklands til að kynna Vigdísarstofnun og leita eftir stuðningi við hana. Í kjölfar fundar í íslenska sendiráðinu í París veitti vínframleiðandinn Eric de Rothschild 15.000 evra eða rúmlega 2,2 milljón króna styrk til nýbyggingarinnar.

Í ferðinni voru áform um Vigdísarstofnun einnig kynnt fyrir Claude Chirac, stjórnarformanni Fondation Chirac og dóttur Jacques Chirac, fyrrum Frakklandsforseta. Claude Chirac lýsti yfir samstarfsvilja og hét liðsinni sínu við að leita eftir fjárhagsstuðningi við þann hluta tungumálamiðstöðvarinnar sem lýtur að Afríkumálum.

Væntanleg starfsemi Vigdísarstofnunar var einnig kynnt fyrir Hélène Carrère d'Encausse, forstöðumanni Académie française, frönsku vísindaakademíunnar. Hún fagnaði því að áformin um Vigdísarstofnun væru að verða að veruleika og kvaðst mundi kynna verkefnið fyrir meðlimum frönsku akademíunnar og mæla með samstarfi milli þessara aðila, t.d. með því að veita styrki til dvalar fræðimanna.

Styrkir frá íslenskum fyrirtækjum til undirbúnings Vigdísarstofnunar

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur naut á árinu styrkja sem veittir voru skv. samningum sem undirritaðir voru á árunum 2012 og 2013. Á árinu 2012 gerði Arion banki samning um tveggja milljón

króna árlegan styrk til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í þrjú ár og hinn 15. nóvember 2013 voru undirritaðir samningar við Íslandshótel hf., Landsbankann hf., MP-banka hf., Promens hf. og fasteignafyrirtækið Regin hf. um einnar milljónar króna árlegan styrk í þrjú ár, auk samninga um hálftrar milljónar króna árlegan styrk frá fyrirtækjunum Bláa lónið hf., Icelandair Group hf., Icelandic Group hf. og olúfélaginu N1 hf. í jafn langan tíma. Styrkirnir nema alls ríflega 26 milljónum króna á þriggja ára tímabili. Samkvæmt samningunum var fjármununum varið til að undirbúa starfsemi Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar um tungumál og menningu sem mun starfa undir merkjum UNESCO. Auk framangreindra styrkja veitti Icelandair Group ehf. styrk til tveggja ára í formi sex flugmiða sem nýta má til ferðalaga sem til falla við undirbúning alþjóðlegru tungumálamiðstöðvarinnar.

Bókagjafir til Vigdísarstofnunar

Afkomendur Guðmundar Gíslasonar (1921–2002), yfirbókbindara hjá Ísafoldarverksmiðju, færðu Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur að gjöf Íslensk-danska orðabók / Íslandsk-dansk ordbog eftir Sigfús Blöndal. Bókin var gefin út í Reykjavík hjá Prentsmiðjunni Gutenberg 1920–1924 og bundin inn í gyllt band af Guðmundi Gíslasyni sjálfum af fádæma kostgæfni. Orðabókin er árituð þann 12. júní af afkomendum hans.

Börn Bjarna Vilhjálmssonar cand. mag., þjóðskjalavarðar 1968–1984, færðu stofnuninni að gjöf síðla árs bækur úr bókasafni Bjarna á sviðum málfræði, orðfræði og orðsifjafraeði, auk greinasafns Bjarna um málfræði sem kom út á 70 ára afmæli hans. Bjarni Vilhjálmsson vildi efla þekkingu á öllum sviðum og því vonast börn hans til þess að bækurnar nýtist fræðimönnum og nemendum. Um er að ræða fágætar bækur, sumar frumútgáfur.

Stofnunin hlaut enn fremur myndarlega bókagjöf í lok ársins 2014. Um er að ræða töluvert safn bóka, m.a. orðabækur, fagurbókmenntir og ýmis fræðirit úr safni Sigrúnar Tryggvadóttur Rockmaker þýðanda í Bandaríkjunum. Bækurnar eru fallega inn bundnar og eru sumar frumútgáfur.

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós

Almennt yfirlit, stjórn og starfsmenn

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós hóf á árinu sitt sjöunda starfsár. Stofnunin er kínversk menningarstofnun sem rekin er í samstarfi Háskóla Íslands og Ningbo-háskóla og nýtur stuðnings Hanban, undirstofnunar kínverska menntamálaráðuneytisins.

Í stjórn Konfúsíusarstofnunar, sem starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, sátu Wang Wenbing, aðstoðarrektur Ningbo-háskóla, formaður, Qiu Yun, yfirmaður alþjóðaskrifstofu Ningbo-háskóla, Ingjaldur Hannibalsson prófessor, Ástráður Eysteinnsson, forseti Hugvísindasviðs, og Magnús Björnsson, sem jafnframt gegndi stöðu forstöðumanns stofnunarinnar.

Ingjaldur Hannesson prófessor, stjórnarmaður í stjórn Konfúsíusarstofnunar, lést á árinu. Ingjaldur hafði verið í stjórn stofnunarinnar frá upphafi og var honum alla tíð mjög annt um starfsemina og studdi stofnunina með ráðum og dáðum. Starfsmenn Konfúsíusarstofnunar sakna vinar í stað og láta í ljós þakklæti og virðingu við fráfall Ingjalds.

Á árinu störfuðu sendikennararnir Jia Yucheng, Liu Kailiang, Wang Xia og Fei Jie við stofnunina en sú síðastnefnda kom til starfa á árinu. Aðrir starfsmenn, auk forstöðumanns, voru þau Stefán Ólafsson viðburðastjóri og Þorgerður Anna Björnsdóttir, sem tók við stöðu verkefnastjóra í byrjun árs.

Hlutverk og rannsóknir

Meginhlutverk stofnunarinnar er að styðja við kennslu í námsleið í kínverskum fræðum við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Stofnunin vinnur aukin heldur að því að koma á kínverskukennslu annars staðar í íslensku samfélagi, m.a. við Menntaskólann við Hamrahlíð og Endurmenntun Háskóla Íslands. Auk þess hefur stofnunin starfað með Námsflokkum Hafnarfjarðar, Félagi Kínverja á Íslandi o.fl. Á árinu hófst kennsla í kínversku í Ísaksskóla og er það byrjunin á aukinni áherslu á kínverskukennslu í grunnskólum hér á landi. Þá sýndi stofnunin um 30 heimildamyndir og aðrar kvikmyndir á árinu.

Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum, stundaði rannsóknir í nafni stofnunarinnar á árinu, einkum á sviði kínverskrar heimspeki og trúarbragða.

Málþing, fyrirlestrar og viðburðir

Viðburðir sem Konfúsíusarstofnun stóð fyrir á árinu voru fjölmargir.

- Stofnunin hélt sína hefðbundnu nýárshátíð í febrúar í tengslum við kínverska nýárið. Hátíðin tókst afar vel í alla staði og var fjölsótt.
- Í tilefni 10 ára afmælis Konfúsíusarstofnana var haldin afmælishátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur á haustmánuðum. Í tengslum við þann viðburð var sett upp ljósmyndasýning í ráðhúsinu í samstarfi við Konfúsíusarstofnunina í Vilnius í Litháen og gert var myndband um stofnunina í tengslum við afmælið.
- Málþingið Transphilosophies – Sino-Western Comparison var haldið í samstarfi við Heimspekistofnun og Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum í apríl. Frummælendur á málþinginu voru Robin Wang, prófessor við Loyola Marymount-háskóla í Bandaríkjunum, Livia Kohn, prófessor emeritus við Boston-háskóla í Bandaríkjunum, Geir Sigurðsson, dósent í kínverskum fræðum við Háskóla Íslands, og Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands.
- Fyrirlestrar um ýmis efni tengd Kína og kínverskri menningu og samfélagi voru haldnir á vegum stofnunarinnar og í samstarfi við aðra aðila innan Háskólans. Á meðal erlendra fyrirlesara á árinu voru Graham Parkes prófessor og Hans-Georg Möller, dósent við University College Cork á Írlandi, Mieke Matthyssen, fræðikona við háskólann í Ghent í Belgíu, Cecilia Lindqvist, Kínafræðingur og höfundur fjölda bóka um Kína, og Shi Aiqiao, prófessor við Wuhan-íþróttaháskólann í Kína. Auk þess voru skipulagðir fyrirlestrar í samstarfi við EDDU – öndvegissetur við Háskóla Íslands með þeim Daniel Bell, prófessor við Qinghua-háskóla í Peking, og Xiao Jialing, dósent við Fudan-háskóla í Shanghai. Stofnunin styrkti einnig komu hins heimspekta rithöfundar Amy Tan til landsins. Á meðal innlendra fyrirlesara má nefna Alyson Bailes, aðjunkt við Stjórn málafræðideild, og Berglindi Ellertsdóttur sendiherra.
- Ársfundur Konfúsíusarstofnana á Norðurlöndunum og í Eystarsaltsríkjunum var haldinn á Íslandi dagana 8. og 9. maí. Stóð Konfúsíusarstofnunin Norðurljós að öllum undirbúningi og skipulagningu. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, setti fundinn, sem fram fór í Norræna húsinu við góðan orðstír.

Rannsóknastofa í jafnréttisfræðum

Almennt

Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum er sjálfstæð og þverfagleg stofnun sem heyrir undir Hugvísindasvið. Stofnunin miðlar þekkingu á sviði kynja- og jafnréttisfræða m.a. með því að sinna rannsóknum, styðja við bakið á rannsakendum og skipuleggja ráðstefnur og fundi. Stofnunin tekur þátt í evrópskum og norrænum rannsóknaverkefnum og tengslanetum með fjölbreyttum áherslum. Þá birtir hún niðurstöður rannsókna á fræðasviðinu með bókaútgáfu og hefur frá upphafi staðið fyrir

reglulegum fyrirlestrum og ræðingum þar sem fræðimenn kynna rannsóknir sínar. Rannsóknastofnunin er rekin samhliða Edda – öndvegissetri og Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST) og starfar í nánú samstarfi við þær stofnanir.

Nafni stofnunarinnar var breytt á árinu úr Rannsóknastofna í kvenna- og kynjafræðum í Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum. Skammstöfun er áfram hin sama, RIKK. Á ensku verður nafn stofnunarinnar: RIKK – Institute for Gender, Equality and Difference.

Stjórn og starfslið

Forseti Hugvísindasviðs skipaði þann 9. maí 2014 eftirtalda fulltrúa í nýja stjórn Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum til næstu þriggja ára:

- Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, formaður,
- Jón Ólafsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild og Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, varaformaður,
- Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild,
- Gunnar Stefánsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild,
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Viðskiptafræðideild,
- Halla Gunnarsdóttir, kennari og sérfræðingur í alþjóðasamskiptum.

Forstöðumaður Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum er Irma Erlingsdóttir, dósent við Hugvísindasvið, en hún hefur gegnt starfinu frá árinu 2000. Auk hennar störfuðu tveir verkefnisstjórar í hlutastarfi við stofnunina: Hildur Fjóra Antonsdóttir, kynja- og þróunarfræðingur, og Rakei Adolphsdóttir sagnfræðingur. Báðar létu af störfum haustið 2014 og var Kristín I. Pálsdóttir þá ráðin til stofnunarinnar sem verkefnisstjóri.

Útgáfa

Þriðja bókin í ritröð Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum, Fléttum, kom út á árinu: Fléttur III – Jafnrétti, menning, samfélag. Henni ritstýrðu þau Annadís G. Rúðólfsdóttir, Guðni Elísson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Irma Erlingsdóttir. Rannsóknastofnunin gaf bókina út í samstarfi við Háskólaútgáfuna. Menningarsjóður Hlaðvarpans, Reykjavíkurborg, Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar og Edda – öndvegissetur styrktu útgáfuna.

Kynningarstarfsemi

Hádegisfyrirlestrar Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum voru haldnir á föstudögum í Þjóðminjasafni að jafnaði tvisvar í mánuði. Kenndi þar ýmissa grasa og svo tvö dæmi séu tekin þá flutti Helga Þórey Jónsdóttir, MA í bókmenntafræði, fyrirlesturinn Bechdelpróf og strympulögmál og Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent í guðfræðilegri siðfræði við HÍ, flutti fyrirlesturinn „Þriðja kynið – í trúarbrögðum og menningu.“

Í febrúar hélt stofnunin málþing og útgáfuboð í tengslum við útkomu bókarinnar Fléttur III – Jafnrétti, menning, samfélag. Þá var einnig tilkynnt um breytingu á nafni stofnunarinnar. Í sama mánuði hélt stofnunin málþing um þátttöku kvenna í sveitarstjórnnum, sem nefndist Að eiga orðið, og var það haldið í samstarfi við Jafnréttisstofu.

Í apríl var haldið málþing í samstarfi við Lagastofnun Háskóla Íslands um möguleika skaðabótaréttar til að ná fram réttlæti í kynferðisbrotamálum og í byrjun júní tók rannsóknastofnunin þátt í skipulagningu alþjóðlegrar karlaráðstefnu, Emerging Ideas in Masculinity Research. Aðrir sem

skipulögðu ráðstefnuna voru NFMM – Norræna samstarfsnetið um karlarannsóknir, Jafnréttisstofa og MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna.

Á haustmisseri héldu NIAS – Norræna Asíustofnunin, Edda – öndvegissetur, Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands og Gendering Asia Network ráðstefnuna Til móts við Asíu – kynjuð sjónarhorn.

Samstarfsnet

Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum býr að víðtæku tengslaneti, innanlands og utan. Árið 2014 starfaði stofnunin með fjölda innlendra samstarfsaðila líkt og venja hefur verið. Stofnunin á m.a. fulltrúa í stjórn Kvennasögusafnsins og í jafnréttisráði. Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum á að auki náði samstarf við Reykjavíkurborg á grundvelli samnings milli Háskóla Íslands og borgarinnar um rannsóknir á sviði kynja- og jafnréttisfræða sem síðast var endurnýjaður árið 2014.

Heimasíður

Á heimasíðu Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum er þekkingu miðlað um kvenna- og kynjarannsóknir, sagt er frá rannsóknum, ráðstefnum og ólíkum möguleikum á rannsóknasviðinu. Slóðin á heimasíðuna er www.rikk.hi.is. Heimasíður Eddu – öndvegisseturs og Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST) eru á slóðunum: www.edda.hi.is og www.gest.unu.edu.

Edda – öndvegissetur

Almennt

Edda er þverfaglegt öndvegissetur í gagnrýnum samtímarannsóknum með áherslu á jafnrétti og margbreytileika. Rannsóknir setursins eru m.a. á sviði stjórn mála, samfélags, menningar, öryggismála, sjálfbærni og þróunar. Edda hóf starfsemi árið 2009 á grundvelli öndvegisstyrks frá Rannís og er sjálfstæð og þverfagleg rannsóknastofnun með heimilisfesti á Hugvísindasviði. Stofnunin annast grunnrannsóknir, bæði með því að fjármagna þær sjálf og afla styrkja til þeirra, og leitast jafnframt við að hafa áhrif á opinbera stefnu og umræðu. Hún gengst fyrir ráðstefnum, námskeiðum, málstofum, fyrirlestrum, útgáfu og hvers konar annarri starfsemi sem stutt gæti rannsóknir á áherslusviðum setursins, eftt samband við alþjóðlegt háskólasamfélag og styrkt tengsl við opinberar og samfélagslegar stofnanir.

Stjórn og starfslið

Árið 2014 sátu í stjórn Eddu: Valur Ingimundarson, prófessor í sagnfræði (formaður), Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, Anna Karlsdóttir, lektor í mannvistarlandfræði og ferðamálafræði, og Irma Erlingsdóttir, dósent í frönskum bókmenntum, sem er jafnframt framkvæmdastjóri setursins. Fram til september störfuðu með henni þær Hildur Fjóla Antonsdóttir kynja- og þróunarfræðingur og Rakel Adolphsdóttir sagnfræðingur. Marta Birna Baldursdóttir hóf störf sem verkefnisstjóri við setrið í september.

Viðburðir og útgáfa

Edda stóð fyrir ýmsum ráðstefnum og málþingum á árinu. Nefna má alþjóðlega ráðstefnu um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi (Addressing the Persistence of Gender Inequalities in Conflict Prevention and Peace Processes) sem haldin var í samstarfi við

utanríkisráðuneytið og Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST) 4. og 5. apríl í Öskju. Einnig málfingið Inequality – The Challenge of Our Time, sem haldið var í maíbyrjun. Edda stóð þá að alþjóðlegri ráðstefnu um kynjasjónarmið í tengslum við samskipti Vesturlanda og Asíu 13.–17. október í samvinnu við Norrænu Asíurannsóknarstofnunina (NIAS) og rannsóknahópinn Gendering Asia Network. Sú ráðstefna bar heitið A Multitude of Encounters with Asia – Gender Perspectives.

Auk fjölda greina og bóka sem rannsakenndur og styrkþegar Eddu birtu á árinu, gaf stofnunin í samstarfi við Háskólaútgáfuna út bókina Lýðræðistilraunir. Ísland í hrúni og endurreisn, sem Jón Ólafsson prófessor ritstýrði. Bókin fjallar á gagnrýninn hátt um afraksturinn af lýðræðistilraunum í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og þá reynslu sem hlaut af þeim en bókin er byggð á málstofu um lýðræði sem var hluti af ráðstefnunni In/Equalities, Democracy and the Politics of Transition, sem Edda hélt árið 2008.

Samstarfsaðilar og samstarfsnet

Edda starfar náið með Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (www.gest.unu.edu), sem heyrir undir Hugvísindasvið og er rekinn með stuðningi utanríkisráðuneytisins sem hluti af framlagi Íslands til þróunarsamvinnu, og RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum (www.rikk.hi.is). Auk þess að taka þátt í samstarfi við evrópska og bandaríska háskóla og rannsóknastofnanir og norræn öndvegissetur á sviði velferðarmála var á árinu lögð áhersla á að efla tengsl við rannsóknastofnanir og háskóla í Asíu og Afríku.

Heimasíða setursins er á slóðinni www.edda.hi.is.

Jafnréttisskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST)

Jafnréttisskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna heyrir undir Hugvísindasvið, starfar í nánú samstarfi við Rannsóknastofnu í jafnréttisfræðum og er rekinn með stuðningi utanríkisráðuneytisins sem hluti af framlagi Íslands til þróunarsamvinnu. Frá því að Jafnréttisskólinn hóf göngu sína árið 2009 hafa 43 nemendur útskrifast úr skólanum og hafa þeir verið frá Afganistan, Malaví, Mósambík, Palestínu og Úganda. Jafnréttisskólinn var upphaflega tilraunaverkefni í samstarfi Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytisins en skólinn varð formlegur hluti af tengslaneti Háskóla Sameinuðu þjóðanna árið 2013. Hann hefur að markmiði að veita sérfræðingum frá þróunarlöndum, sem starfa að jafnréttismálum, þjálfun á sérsviði sínu og auðvelda þeim að vinna að jafnri stöðu karla og kvenna í heimalöndum sínum. Líkt og Jarðhita-, Sjávarútvegs- og Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna er Jafnréttisskólinn liður í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

Í vor útskrifuðust nemendur í sjötta sinn frá Jafnréttisskólanum og var nemendahópurinn sá stærsti til þessa og sá fyrsti sem skólinn tekur á móti eftir að hann fékk aðild að Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Alls útskrifuðust í vor 14 nemar, átta konur og sex karlar, frá fjórum löndum, Malaví, Mósambík, Úganda og Palestínu, með diplóma á meistarastigi eftir misserisdvöl á Íslandi. Meðal nemenda í útskriftarhópnum voru tveir sérfræðingar frá Lilongwe University of Agriculture and Natural Resources (LUANAR) í Malaví en þeir voru styrktir til námsins af norska sendiráðinu í Lilongwe. Í lokaverkefnum sínum bjuggu þau til námsskrá fyrir kynjafræðinám í LUANAR-háskóla og fjölluðu um hvernig samþætta mætti kynjasjónarmið inn í rannsóknir á loftslagsbreytingum.

Irma Erlingsdóttir er framkvæmdastjóri Jafnréttisskólans og Annadís G. Rúdólfssdóttir er námsstjóri hans. Vigdís Finnbogadóttir er verndari skólans og við útskriftina úthlutaði hún verðlaunum sem nefnast The Vigdís Finnbogadóttir Award en þau hlaut Laureen Karayi frá Úganda fyrir verkefnið: A Sexual and Reproductive Health and Rights Issue in Uganda: The Situation of Maternal Health.

Siðfræðistofnun

Stjórn og starfslið

Í stjórn Siðfræðistofnunar sitja þau Vilhjálmur Árnason prófessor, formaður, tilnefndur af námsbraut í heimspeki, Sólveig Anna Bóasdóttir prófessor, tilnefnd af Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, varaformaður, Irma Sjöfn Óskarsdóttir prestur, tilnefnd af kirkjuráði þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir, dósent, tilnefnd af Menntavísindasviði, og Haraldur Briem, dósent við Læknadeild, skipaður af háskólaráði án tilnefningar. Forstöðumaður í fullu starfi er Salvör Nordal. Stofnunin starfar innan vébanda Hugvísindastofnunar og á stjórnarformaður sæti í stjórn hennar.

Rannsóknir og erlent samstarf

Siðfræðistofnun tekur þátt í nokkrum rannsóknarverkefnum. Verkefnið Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur er þverfaglegt verkefni styrkt af Rannís. Í lok janúar var haldin vinnustofa á vegum verkefnisins Nordic Workshop on Democracy í Háskóla Íslands með þátttakendum frá öðrum Norðurlöndum. Í tengslum við verkefnið var haldinn borgarafundur í Hannesarholti í mars og rannsóknamálstofur í maí og nóvember. NERRI – Neuro-Enhancement: Responsible Research and Innovation er evrópskt verkefni um taugaeflingu. Forstöðumaður sótti tvo fundi á vegum þess, annan í Hollandi en hinn í Portúgal. Þá tekur stofnunin þátt í tveimur COST-verkefnum, annars vegar Disaster Bioethics: Addressing Ethical Issues Triggered by Disasters og hins vegar Citizen's Health Through Public-Private Initiatives: Public Health, Market and Ethical Perspectives. Forstöðumaður er í stjórn þess síðarnefnda og sótti þrjá fundi á vegum þess á árinu. Þá var haldinn fyrsti fundur í verkefnisins POP-Gen í Reykjavík í október. Jafnframt var haldið málþing í samstarfi við Norrænu lífsiðfræðinefndina um réttinn til að vita ekki. Sérstakur gestur Siðfræðistofnunar á þessum fundum var Tim Caulfield, prófessor í lögfræði og stefnumótun við háskólann í Alberta í Kanada. Stjórnarformaður stofnunarinnar leiðir POP-Gen-verkefnið, sem hefur fengið styrk frá NOS-HS. Verkefnið er unnið í samstarfi við norrænt samstarfsnet siðfræðistofnana á Norðurlöndum um heimspeki læknisfræðinnar og heilbrigðis- og lífsiðfræði sem nefnist Nordic Network for Philosophy of Medicine and Medical Ethics (NNPMME). Á vegum þess samstarfsnets var haldinn fundur í Helsinki í júní.

Af öðrum rannsóknatengdum verkefnum má nefna að stjórnarformaður er í stórn International Association of Bioethics og sótti ársþing þess í Mexíkóborg í júní. Forstöðumaður á sæti í Norrænu lífsiðfræðinefndinni og sótti fjölmarga fundi og málþing á vegum á hennar. Þá hefur hann tekið þátt í Nordic Trial Alliances á vegum NordForsk og situr í ráðgjafanefnd verkefnisins HUMAN, sem rannsakar öldrun. Stjórnarformaður er aðili að FinCris: Responsibilities, Ethics and the Financial Crisis, sem er þverfaglegt rannsóknaverkefni í samvinnu fræðimanna við háskólana í Birmingham, Warwick, Oxford og fleiri. FinCris er styrkt af Arts and Humanities Research Council (AHRC) í Bretlandi. Stjórnarformaður stofnunarinnar situr enn fremur í ritnefndum tímaritanna Medicine, Health Care and Philosophy (A European Journal. Kluwer Academic Publishers) og hefur gert frá 2000, Genomics and Society (Online journal) frá 2005 og Etikk i Praksis (Nordisk tidskrift) frá 2007.

Þjónusta

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur á árinu og veitti fagfélögum, fyrirtækjum og stofnunum ýmiss konar ráðgjöf, einkum um siðareglur. Unnið hefur verið að þróun vefsíðu stofnunarinnar og á árinu var opnuð síða fyrir stofnunina á Facebook.

Fyrirlestrar og útgáfa

Siðfræðistofnun hélt áfram samstafi við Læknadeild um hádegismálstofur, í febrúar um nýtingu erfðaupplýsinga, í mars um niðurskurð til heilbrigðisþjónustu og réttlæti og í október um staðgöngumæðrun. Haldinn var opinn fundur fyrir almenning í Hannesarholti í mars um vanda íslensks lýðræðis. Þá voru skipulagðir fjórir viðburðir á vegum NERRI-verkefnisins til að ræða ólíkar hliðar á taugaeflingu: vísindakaffi í Borgarbókasafninu í mars, málstofa á ráðstefnu í Helsinki í júní, dagskrá fyrir grunnskólanemendur í Vísindasmiðjunni í október og málþing í Norræna húsinu 15. nóvember er nefndist Taugaefling og mörk mennskunnar. Ársfundur Siðfræðistofnunar var haldinn 5. desember. Þar hélt Ólafur Páll Jónsson erindi um lýðræði og siðfræði í skólum en á eftir því voru umræður í pallborði með kennurum í grunn- og framhaldsskóla. Greinasafnið Hugsmíðar eftir Vilhjálm Árnason kom út hjá Háskólaútgáfunni.

Tungumálamiðstöð

Starfslið

Eyjólfur Már Sigurðsson er forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands og auk hans störfuðu eftirfarandi nemendur í tímavinnu á árinu: Sabine Sennefelder, Stefanie Bade, Natalia Kovachkina og Anita Rübberdt.

Starfsemi

Sem fyrr bauð miðstöðin upp á tungumálanámskeið bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Nemendum gafst kostur á að stunda nám í dönsku, frönsku, ítölsku, spænsku og þýsku. Íslenskunámskeið voru haldin fyrir erlenda starfsmenn háskólans bæði á vormisseri og á haustmisseri og einnig var boðið upp á frönskunámskeið fyrir starfsmenn. Tungumálamiðstöðin hefur um árabíl boðið upp á fjarkennslu í íslensku (Icelandic Online PLUS) og því var haldið áfram á árinu. Miðstöðin hélt svo að vanda alþjóðleg stöðupróf bæði í þýsku (TestDaF) og spænsku (DELE).

Alþjóðlegt samstarf

Tungumálamiðstöðin er í margs konar samstarfi við erlenda aðila. Hún er meðlimur í CERCLES (Confédération Européenne des Centres de Langues de l'Enseignement Supérieur), sem eru Evrópusamtök tungumálamiðstöðva á háskólastigi. Miðstöðin tók þátt í verkefninu Lingu@net Work, sem styrkt er af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Verkefnið er framhald af fyrra verkefni: Lingu@net World Wide.

Forstöðumaður Tungumálamiðstöðvarinnar situr í stjórn Tungumálamiðstöðvarinnar í Graz í Austurríki (ECML, European Centre for Modern Languages). Hlutverk hennar er að efla og styðja við nám og kennslu í tungumálum í Evrópu.



Menntavísindasvið

Skipulag og stjórn

Á Menntavísindasviði eru þrjár deildir: Íþróttta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild.

- Forseti Menntavísindasviðs var Jóhanna Einarsdóttir prófessor.
- Forseti Íþróttta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar var Ástríður Stefánsdóttir dósent og Erlingur Jóhann Sigurðsson varadeildarforseti.
- Forseti Kennaradeildar var Gunnhildur Óskarsdóttir dósent og varadeildarforseti Guðbjörg Pálsdóttir lektor.
- Forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar var Ólafur Páll Jónsson dósent og varadeildarforseti Börkur Hansen prófessor.

Stjórn Menntavísindasviðs er skipuð forseta sviðsins og deildarforsetum, auk þess sem nemendur eiga einn fulltrúa í stjórn. Helgi Reyur Guðmundsson var fulltrúi nemenda á árinu.

Alls var haldinn 21 stjórnarfundur á árinu. Rekstrarstjóri sviðsins er Björg Gísladóttir og situr hún stjórnarfundi.

Þing Menntavísindasviðs

Sviðsþing Menntavísindasviðs var haldið 22. ágúst á Laugarvatni. Á þinginu var farið yfir starfsemi sviðsins á árinu hingað til og fram undan.

Fjármál Menntavísindasviðs*

Fjárveiting	1.625.413
Sértekjur	-58.574
Tekjur alls	1.566.839
Útgjöld	1.598.484
Tekjuafgangur	-31.645
Ársverk	171
Skráðir nemendur	1.850
Virkir nemendur	1.245
Nemendur/ársverk	10,8
Virkni nemenda	67,3%

* Upphæðir eru í þús. kr.

Starfsfólk

Í lok árs 2014 voru 173 starfsmenn í 146 stöðugildum við Menntavísindasvið.

Starfsfólk Menntavísindasviðs í árslok 2014

Starfsmenn alls	175
Stöðugildi	161
Fjöldi í 100% starfi	124
Fjöldi í hlutastarfi	51
Konur	119
Karlar	56


Í þessum tölum eru tveir aðstoðarmenn á rannsóknastofum í tímabundnum verkefnum.

Eftirtaldir akademískir starfsmenn fengu framgang á árinu:

- Gísli Þorsteinsson úr starfi dósentis í starf prófessors
- Guðbjörg Pálsdóttir úr starfi lektors í starf dósentis
- Helga Rut Guðmundsdóttir úr starfi lektors í starf dósentis
- Meyvant Þórólfsson úr starfi lektors í starf dósentis
- Michael Dal úr starfi lektors í starf dósentis
- Anna Kristín Sigurðardóttir úr starfi lektors í starf dósentis

Menntavísindasvið – Heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	139	115,0
Karlar	56	45,6
195	160,6	



Stjórnsýsla og stoðþjónusta

Stjórnsýsla og stoðþjónusta á Menntavísindasviði skiptist á árinu í skrifstofu, Menntasmiðju, bókasafn og Menntavísindastofnun.

<i>Stjórnsýsla fræðasviðsins – fjöldi starfsmanna í árslok 2014</i>			
	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Samtals</i>
Menntavísindasvið	4	29	33
		Fjöldi	33
		Starfsígidli	27,8

Rannsóknastofur

– konur	27	17,83
– karlar	5	3,05

– konur	0	0
– karlar	0	0

Bókasafn

– konur	7	5,41
– karlar	0	0
Rannsóknastofur og bókasafn	39	26

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá fræðasviðinu þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Skrifstofa

Í árslok skiptist skrifstofa Menntavísindasviðs í almenna skrifstofu og kennsluskrifstofu. Almenna skrifstofan sinnir stjórnsýslulegum málefnum, málum sviðsforseta og stjórnar, kynningar- og vefmálum, fjármálum og rekstri, starfsmannamálum og skjalamálum. Kennsluskrifstofa annast verkefnastjórn fyrir deildir, vettvangsnám og alþjóðamál. Þar er einnig haldið utan um námsferla nemenda, unnið að kennsluskrá, inntökumálum, stundatöflugerð, stofubókunum, prófaumsýslu, brautskráningu o.fl. fyrir sviðið.

Menntasmiðja

Menntasmiðja veitir nærþjónustu á Menntavísindasviði til viðbótar við miðlæga þjónustu Reiknistofnunar, Kennslumiðstöðvar og reksturs fasteigna. Menntasmiðja sinnir einkum þjónustu við nemendur og starfsfólk í tengslum við eigin tölvur þeirra og tölvuver, námsumsjónarkerfi, vefþjónustu og önnur upplýsingatækniverkefni með sérstakri áherslu á sveigjanlega kennsluhætti og stuðning við nám, kennslu og rannsóknir. Starfsmenn voru þrír í tveimur stöðugildum.

Ráð og nefndir

Á Menntavísindasviði starfa fjögur starfsráð: doktorsráð, kennsluráð, rannsóknaráð og vettvangsráð, auk jafnréttisráðs.

Doktorsráð

Doktorsráð hefur það meginhlutverk að þróa doktorsnámið og tryggja að það standist alþjóðlegar kröfur. Það starfar með deildum Menntavísindasviðs og hefur umsjón með náminu, námskeiðahaldi og þeirri stjórnslu sem námið krefst. Auk þess hefur ráðið samstarf við Miðstöð framhaldsnáms um doktorsnámið.

Doktorsráð skipuðu: Ólöf Garðarsdóttir prófessor, formaður, Gretar L. Marinósson prófessor, varaformaður, Erlingur Sigurður Jóhannsson prófessor, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor og Dóra S. Bjarnason prófessor. Guðrún V. Stefánsdóttir dósent tók við af Gretari er hann lét af störfum á haustmíssi, Kristín Björnsdóttir dósent tók við af Erlingi á haustmíssi og Arna H. Jónsdóttir lektor tók við af Ingólfi á haustmíssi. Anna Guðrún Edvardsdóttir var fulltrúi doktorsnema. Verkefnisstjóri var Sólrún B. Kristinsdóttir. Varamenn voru Kristín Björnsdóttir, Arna H. Jónsdóttir, Guðrún V. Stefánsdóttir og Susan Elizabeth Gollifer fulltrúi doktorsnema.

Meginviðfangsefni doktorsráðs á árinu, auk þess að annast inntöku nema í doktorsnám, var að fjalla um doktorsvarnir á sviðinu, skipuleggja námskeið fyrir doktorsnema, endurskoða handbók um doktorsnámið og að efla alþjóðlegt samstarf um það. Þá var unnið að því að efla samstarf við deildir og móta verklagsreglur um greiðslur vegna leiðsagnar og hvernig skrá má doktorsnema í deildir en doktorsnám á Menntavísindasviði er skipulagt þvert á deildir sviðsins.

Rannsóknaráð

Fram á mitt ár 2014 voru eftirtaldir skipaðir í rannsóknaráð Menntavísindasviðs: Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor, formaður, Allyson Macdonald prófessor, Hafdís Guðjónsdóttir prófessor og Elsa Eiríksdóttir lektor. Fulltrúi framhalsnema var Edda Óskarsdóttir doktorsnemi. Kristín Erla Harðardóttir, forstöðumaður Menntavísindastofnunar, starfar með ráðinu. Um mitt árið fór skipaður formaður í rannsóknamiðstöð og forseti sviðsins skipaði þá nýjan formann til eins árs: Önnu Kristínu Sigurðardóttur dósent.

Rannsóknaráð starfaði náið með Menntavísindastofnun og er reynt að tryggja að samstarfið sé formgert með því að forstöðumaður hennar starfi með ráðinu. Auk þess starfar ráðið með sviðstjórn og doktorsráði. Samráð þessara aðila er mikilvægt til að tryggja upplýsingaflæði um rannsóknir innan sviðsins. Stærsta verkefni rannsóknaráðs sviðsins á árinu var að endurskoða og móta nýja rannsóknastefnu sviðsins, auk þess að ræða þróun rannsókna. Formaður rannsóknaráðs er fulltrúi Menntavísindasviðs í vísindanefnd Háskóla Íslands. Rannsóknaráð tók helstu viðfangsefni vísindanefndar til umfjöllunar.

Vettvangsráð

Vettvangsráð Menntavísindasviðs hóf fyrst störf í mars 2009. Því er ætlað að efla samstarf við þann vettvang sem Menntavísindasvið þjónar, m.a. að hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem tengjast samstarfi við vettvang, beita sér fyrir kynningu á þeim innan og utan sviðsins og setja fram hugmyndir um hvernig má sinna þeim betur. Ráðinu er einnig gert að setja fram hugmyndir að stefnu Menntavísindasviðs í einstökum málaflokkum, m.a. um vettvangsnám, starfsþróun, þróunarstarf, rannsóknir á vettvangi og samráð við hagsmunaaðila.

Nýtt ráð var skipað í september 2013 til tveggja ára. Formaður vettvangsráðs er Guðný Helga Gunnarsdóttir lektor. Aðrir í ráðinu eru Anna Lind Pétursdóttir dósent, Bryndís Garðarsdóttir lektor, Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson, fulltrúi nemenda, Edda Kjartansdóttir, forstöðumaður

starfsþróunar Menntavísindastofnunar, Jóna Ingólfssdóttir aðjunkt og Karen Rut Gísladóttir lektor. Varamenn eru Börkur Hansen prófessor, Jakob F. Þorsteinsson aðjunkt og Gunnar Börkur Jónasson aðjunkt. Edda Kjartansdóttir gegndi formennsku í ráðinu á haustmisseri í fjarveru Guðnýjar sem var þá með rannsóknamisseri.

Á árinu var unnið að ýmsum verkefnum sem lúta að samstarfi sviðsins við vettvang. Haldið var málþing þar sem fulltrúar rannsóknastofa og nokkrir starfsmenn fjölluðu um hvernig þeir hafa unnið í samstarfi við vettvang og ritað um það ritstýrðar og ritrýndar greinar, bækur, skýrslur og greinargerðir sem fengið hafa stig í matskerfinu. Markmið málþingsins var kynna og ræða mögulegar leiðir til að fá þau störf sem unnin eru í tengslum við vettvang sem best metin. Í samstarfi við Menntavísindastofnun var gerð könnun meðal starfsmanna á tengslum þeirra við vettvang og rætt var um hvernig gera mætti slík störf sýnilegri á vef háskólans.

Á vormánuðum fundaði vettvangsráð með þeim sem ráðnir voru til Menntavísindasviðs sem sérfræðingar af vettvangi til að heyra um þau verkefni sem þeir sinna og reynsluna af slíku ráðningarfyrikomulagi. Þessir sérfræðingar voru Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdís Valdimarsdóttir á tómstunda- og félagsmálabraut, Ingileif Ástvaldsdóttir í stjórnun (Börkur Hansen sagði frá verkefnum hennar þar sem hún var fjarverandi) og Gunnar Börkur Jónasson í Kennaradeild. Unnið var að stefnumörkun um fyrirkomulag starfsþróunar þeirra stétta sem sviðið menntar.

Starfshópurinn var skipaður á haustmisseri um framtíðarskipan starfsþróunarmála á Menntavísindasviði og hóf hann störf í október. Edda Kjartansdóttir var ritari hans og vettvangsráð var bakhjarl Eddu m.a. við að fá yfirlit yfir vinnu Menntavísindasviðs við starfsþróun þeirra stétta sem sviðið menntar.

Kennsluráð

Kennsluráði Menntavísindasviðs er ætlað að móta stefnu í kennslumálum fyrir sviðið og stuðla að gæðum kennslu í samvinnu við kennara og annað starfsfólk. Ráðið er ráðgefandi um stefnu, nýbreytni, stuðning, eftirlit og almennt skipulag kennslu og kennslumála á Menntavísindasviði. Ráðið hélt alls sautján fundi á árinu.

Á árinu voru meginverkefni kennsluráðs þessi:

Á fyrri hluta ársins voru meginviðfangsefnin fjögur. Í fyrsta lagi var unnið að því að bæta kennslukönnun, m.a. með því að ýta undir að henni væri svarað. Gerð var könnun meðal kennara á sviðinu og leiddi hún í ljós að flestir þeirra sem svöruðu tóku mark á henni og nýttu niðurstöður til að bæta námskeið sín. Þessar upplýsingar voru kynntar nemendum og kann það að hafa átt þátt í því að svörun við kennslukönnuninni batnaði mjög á árinu og var að hausti mest á Menntavísindasviði af öllum sviðum háskólans. Þá hefur kennsluráð lagt mikla áherslu á að fleiri aðferðir séu notaðar við mat á kennslu en kennslukönnunin ein og lagði til að mats- eða rýnihópafundir yrðu fastur liður í matskerfi skólans. Ráðið gerði tillögu að verklagsreglum fyrir matsfundi og sendi stjórn sviðsins.

Annað meginverkefnið var að búa til sniðmát fyrir kennsluáætlanir í því skyni að reyna að tryggja að allar helstu upplýsingar um námskeið kæmu þar fram en greining á kennsluáætlunum sem gerð var haustið 2013 leiddi í ljós að svo var ekki. Ráðið hefur einnig lagt til að kennsluáætlanir verði aðgengilegar í kennsluskra án tillits til skráningar í viðkomandi námskeið.

Þriðja meginverkefnið, fyrri hluta ársins, var að vinna að því að fá aðgang að fjarkennslukerfinu Adobe Connect sem gerir kennurum og nemendum kleift að eiga samskipti í rauntíma. Reiknistofnun háskólans útvegaði slíkan aðgang og hafa nokkrir kennarar á sviðinu nýtt sér hann í tengslum við námskeið sín. Hróbjartur Árnason lektor hefur leitt þessa innleiðingu og hefur meðal annars haldið kynningar og námskeið, auk þess að taka saman leiðbeiningar sem gerðar hafa verið aðgengilegar á

heimasíðu sviðsins. Vonir stóðu til að markvissar tilraunir yrðu gerðar með þetta fjarkennslukerfi en af því varð ekki.

Loks beitti kennsluráð sér fyrir því á vettvangi kennslumálanefndar að hafist væri handa við að móta fjarnámsstefnu háskólans og var skipaður hópur á vegum nefndarinnar til að ljúka því máli.

Á seinni hluta ársins var meginverkefni ráðsins að ræða fyrirkomulag námskeiða á sviðinu en í ljós hefur komið að afar mikill munur er á því hvaða þjónusta er í boði eftir námskeiðum. Þá er ljóst að fjarkennsla hefur veikt mikið á undanförunum árum og hefur komið í ljós að sérstakur vandi tengist fyrirkomulagi og fjölda staðlota þar sem meðal annars hafa verið gerðar miklar kröfur um tíða viðveru fjarnema. Mat kennsluráðs er að það sé forgangsverkefni að bæta fjarnámið. Einnig hefur ráðið lagt mikla áherslu á að þróa nám sem unnt sé að stunda með starfi.

Gerð var könnun á óskum kennara varðandi kennsluhúsnæði í samstarfi við rekstrarstjóra sviðsins. Ráðið hélt samráðsfundi með stjórnendum á sviðinu og kennurum í list- og verkgreinum sem leiddi til þess að ráðið ályktaði um stöðu þessara greina á sviðinu. Þá hefur ráðið ályktað um mikilvægi þess að við sviðið starfi kennslustjóri og kennsluþróunarstjóri.

Fastir liðir í starfi kennsluráðs eru að fara yfir umsóknir í Kennslumálasjóð og að efna til hádegisspjallfunda þar sem kennarar á sviðinu eða gestir deila reynslu sinni um fjölbreytt efni.

Í kennsluráði voru á árinu Ingvar Sigurgeirsson (formaður), Ása Kristín Einarsdóttir (í ársbyrjun), Guðrún Eysteinsdóttir, Gunnar J. Gunnarsson (seinni hluta ársins), Helgi Reyur Guðmundsson (hóf störf í mars), Hróbjartur Árnason (seinni hluta ársins), Kristín Jónsdóttir (fyrra hluta ársins), Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Steinunn Helga Sigurðardóttir (fyrra hluta ársins) og Þuríður Jóhannsdóttir.

Jafnréttisráð Menntavísindasviðs

Í lok ársins 2012 var nýtt jafnréttisráð skipað á Menntavísindasviði og var því m.a. fengið það hlutverk að semja nýja jafnréttisáætlun fyrir sviðið. Í ráðið voru í kjölfar tilnefninga skipuð: Samuel Currey Lefever, dósent í Kennaradeild, formaður, Hildur Blöndal Sveinsdóttir, aðjunkt í Uppeldis- og menntunarfræðideild, Gunnar J. Gunnarsson, dósent í Kennaradeild, Sigríður Erla Jónsdóttir, verkefnastjóri í Kennaradeild, Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjunkt í Íþróttá-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeild, og fyrir hönd nemenda Hildur Dís Jónsdóttir Scheving, nemi í uppeldis- og menntunarfræði.

Ráðið hittist á reglulegum fundum skólaárin 2013 og 2014 og sinnti hlutverki sínu og vann að gerð nýrrar jafnréttisáætlunar. Farið var yfir ótal atriði sem varða jafnréttismál í víðum skilningi, stöðu ólíkra hópa, samskipti og framkomu á vinnustaðnum og allar hugsanlegar aðstæður metnar þar sem aðstæður á Menntavísindasviði eru um margt frábrugðnar öðrum vinnustöðum vegna ójafns kynjahlutfalls en á sviðinu eru konur í miklum meirihluta. Jafnréttisáætlanir annarra sviða voru þó hafðar til hliðsjónar varðandi margt, sem og jafnréttisáætlun háskólans í heild. Ný jafnréttisáætlun Menntavísindasviðs 2013–2017 leit síðan dagsins ljós og var samþykkt í lok maí 2014.

Húsnæðismál

Mestur hluti starfsemi Menntavísindasviðs og öll kennsla utan grunnnáms í íþróttá- og heilsufræði fer fram í höfuðstöðvum sviðsins við Stakkahlíð og í list- og verkgreinahúsi við Skipholt 37. Kennsla í grunnnámi í íþróttá- og heilsufræði fer fram í húsnæði skólans á Laugarvatni þar sem öll aðstaða til íþróttaiðkunar er til staðar. Skrifstofur kennara í Reykjavík eru í Stakkahlíð en einnig í leiguhúsnæði í Skipholti 37, Bolholti 6 og 8 og í Odda.

Búið er að samþykkja deiliskipulag á reit A-1 vestan Suðurgötu fyrir byggingu yfir Menntavísindasvið. Unnið er að gerð skýrslu um mikilvægi þess að byggja yfir Menntavísindasvið á þeirri lóð.

Markaðs- og kynningarmál

Menntavísindasvið tók þátt í háskóladeginum sem haldinn var 1. mars. Þar kynntu öll fræðasvið Háskóla Íslands grunnnám sitt í Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Gimli og Öskju. Kennarar og nemendur Menntavísindasviðs kynntu námsleiðir við sviðið, auk þess sem fjölmargir viðburðir og uppákomur voru í boði fyrir fólk á öllum aldri. Í tengslum við háskóladaginn var tímarit háskólans gefið út en þar var m.a. að finna greinar um rannsóknir vísindamanna við Menntavísindasvið. Í mars var grunnnám kynnt á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og Selfossi. Kynningarstjóri sviðsins fór ásamt nemendum í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu eða tók á móti framhaldsskólanemum í húsakynnum Menntavísindasviðs og kynnti námið.

Framhaldsnám var kynnt 19. mars í húsakynnum sviðsins við Stakkahlíð. Nemendur og kennarar allra þriggja deilda sviðsins tóku á móti gestum og kynntu þær fjölmörgu námsleiðir sem í boði eru.

Áfram var unnið í kynningarnefnd vegna leik- og grunnskólakennaranáms í því augnamiði að fjölga umsóknum.

Menntavísindasvið efndi til kynningarátaksins Hafðu áhrif í samstarfi við sjónvarpsþáttinn Ísland í dag á Stöð 2 í maí, þar sem þjóðþekktir Íslendingar sögðu frá þeim kennara sem hefði haft mest áhrif á þá. Almennangi gafst jafnframt tækifæri til að tilnefna kennara sem þeim hefðu þótt framúrskarandi. Tilgangur átaksins var að vekja athygli á kennarastarfinu og hvetja ungt fólk til að sækja í kennaranám. Um það bil tvö þúsund manns tilnefndu hátt á fimmta hundrað kennara. Valnefnd fór svo yfir tilnefningar og umsagnir og valdi í júníbyrjun fimm kennara til verðlauna. Það voru þau: Anna Steinunn Valdimarsdóttir, grunnskólakennari við Laugalækjarskóla, Björk Þorgeirsdóttir, félagsfræðikennari við Kvennaskólann, Guðmundur Stefán Gíslason, félagsfræði- og sögukennari við Fjölbrotaskólann í Garðabæ, Hrafnhildur Jóhannesdóttir, stærðfræðikennari við Keili, og Hörður Ríkharðsson, grunnskólakennari við Blönduskóla.

Útgáfa

Uppeldi og menntun

Á árinu 2014 komu út tvö hefti 23. árgangs tímaritsins Uppeldis og menntunar. Ritið var fyrst gefið út árið 1992 af Kennaraháskóla Íslands en hefur nú í nokkur ár verið gefið út af Menntavísindasviði Háskóla Íslands í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Tímaritið er fyrst og fremst vettvangur fræðilegrar umfjöllunar um uppeldi, skólastarf og málefni fatlaðs fólks. Einnig fara þar fram skoðanaskipti og umræða um álitafni er varða starfshætti og stefnumótun fyrir mennta- og uppeldisstofnanir og þjónustu við fatlað fólk. Ritstjórar voru þau Guðrún V. Stefánsdóttir dósent og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor. Auk þeirra voru í ráðgefandi ritnefnd á árinu þau Amalía Björnsdóttir dósent, Freyja Birgisdóttir dósent, Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor við Háskólann á Akureyri, Helga Rut Guðmundsdóttir dósent og Ólafur Páll Jónsson dósent (öll nema Guðmundur Heiðar voru frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands). Ritstjórar og ráðgefandi ritnefnd tímaritsins vinna stöðugt að því að efla tímaritið og bæta það og tekur nú við handritum á ensku, sem merkir að hægt er að sækja ritrýni langt út fyrir landsteinana. Fyrir tveimur árum var sótt um að komast í ISI-gagnagrunninn en í árslok 2014 barst höfnun á því.

Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun

Tvö þemarit voru gefin út árið 2014. Annars vegar var það séritið Fagið og fræðin. Í ritstjórn þess voru Hafdís Guðjónsdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Hafþór Guðjónsson og Robert Berman.

Greinar í því eru sex talsins og allar ritrýndar. Hins vegar var það sérítið Rannsóknir og skólastarf og í ritstjórn þess voru Ólöf Garðarsdóttir, Helgi Skúli Kjartansson, Jóhanna Thelma Einarsdóttir og Robert Berman. Sjö greinar eru í ritinu, allar ritrýndar. Sigríður Kr. Hrafnkelsdóttir annaðist verkefnisstjórn með útgáfunum og Torfi Hjartarson sá um uppsetningu og frágang greina. Alls voru 17 greinar sendar inn í bæði ritin samtals, fjórum þeirra var hafnað og því 13 gefnar út. Samtals var því höfnunarhlutfallið 23% í báðum sérritunum í heild.

Helstu þættir í starfsemi sviðsins á árinu

Háskóladagurinn

Háskóli Íslands bauð landsmönnum í heimsókn þann 1. mars þar sem boðið var upp á ótal viðburði, kynningar og ýmsar uppákomur. Nemendur og kennarar Menntavísindasviðs tóku á móti gestum og kynntu námsframboð við sviðið. Kynningin fór fram á Háskólatorgi.

Kynningarfyrirlestur

Þann 24. janúar 2014 hélt Hafdís Guðjónsdóttir, sem hafði verið skipuð prófessor við sviðið á árinu 2013, kynningarfyrirlesturinn „Að flétta saman fræði og framkvæmd. Fagleg sjálfsrýni sem órjúfanlegur hluti af starfi háskólakennara“ í tilefni af innsetningu sinni í starfið.

Legó-keppni grunnskólanemenda

Hin árlega First Lego League hönnunarkeppni fór fram í Háskólabíói á laugardaginn 1. febrúar. Í ár skráðu 150 grunnskólanemar sig til leiks í keppninni sem var í umsjá Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Menntavísindasviðs.

Verkefnavaka

Verkefnavaka Háskóla Íslands gegn frestunarpest og ritkvíða var haldin á Háskólatorgi þann 20. mars. Með verkefnavökunni vildi Háskóli Íslands leitast við að koma til móts við nemendur sem haldnir eru frestunarpest og ritkvíða, hjálpa þeim að ljúka verkefnum í stað þess að fresta þeim, benda nemendum á lausnir við vandamálin og rjúfa þá einangrun sem margir upplifa við úrlausn verkefna.

Sýning á lokaverkefnum í Kennaradeild

Þann 22. apríl héldu nemendur í grunn- og framhaldsnámi í list- og verkgreinum vorsýningu á verkum sínum í listgreinahúsi Háskóla Íslands.

Samstarfssamningur milli menntamálaráðuneyta Danmerkur og Íslands

Þann 3. júní var undirritaður samstarfssamningur milli menntamálaráðuneyta Danmerkur og Íslands. Samningurinn er til fimm ára og er gert ráð fyrir fjárframlögum frá Danmörku sem nema um þremur milljónum danskra króna árlega (um 60 m.ísl.kr.) og fjárframlagi íslenskra yfirvalda sem nema um sex milljónum íslenskra króna. Í samninginum er meðal annars gert ráð fyrir að tveir farkennarar og einn sendilektor komi til starfa í grunnskólum landsins og við Menntavísindasviðs ár hvert.

Fimm kennarar verðlaunaðir

Fimmtudaginn 3. júlí stóð Menntavísindasvið Háskóla Íslands fyrir verðlaunafhendingu þar sem fimm grunn- og framhaldsskólakennarar voru verðlaunaðir fyrir framúrskarandi störf. Verðlaunin eru afrakstur kynningarátakisins Hafðu áhrif sem Háskóli Íslands stóð fyrir í maímánuði (sjá enn fremur undir kafla sviðsins um markaðs- og kynningarmál).

Viljayfirlýsing um sérhæft framhaldsnám

Á 75 ára afmæli Blindrafélagsins í ágúst 2014 var undirrituð viljayfirlýsing um að unnið verði að því að koma á fót sérhæfðu framhaldsnámi við Menntavísindasvið fyrir fagfólk sem vinnur með blindum og sjónskertum nemendum en það hefur hefur hingað til þurft að sækja sér menntun sína til útlanda.

Menntakvika – árleg ráðstefna Menntavísindasviðs

Árleg ráðstefna Menntavísindasviðs, Menntakvika, var haldin föstudaginn 3. október 2014. Undirtitill ráðstefnunnar er Rannsóknir, nýbreytni, þróun. Gerð var tilraun til samræðu milli rannsakenda og vettvangs í upphafi ráðstefnunar en sú tilraun tókst afar vel. Þar fóru fram athyglisverðar umræður um sjálfbærni, jafnrétti, sköpun, læsi, heilsu og velferð, ásamt lýðræði og mannréttindum. Fjölbreytni þess efnis sem kynnt var á ráðstefnunni sýnir hversu fræðasviðið er víðtækt og viðamikil. Ráðstefnan stækkar ár frá ári og hópurnir sem sótti ráðstefnuna 2014 var gríðarfjöldmennur og margar stofur fylltust.

Megintilgangur Menntakviku er að skapa vettvang til að kynna nýbreytni í rannsóknum og þróunarstarfi innan fræðasviðsins, á tengdum fræðasviðum og í skólum landsins og að auka tengsl á milli þeirra sem tengjast fræðasviðum Menntavísindasviðs.

Viljayfirlýsing um faglegt samstarf sviðsins og sveitarfélaga

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 8. október 2014 var undirrituð viljayfirlýsing um faglegt samstarf Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og sambandsins. Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs, og Halldór Halldórson, formaður stjórnar sambandsins, undirrituðu viljayfirlýsinguna.

Námskynning á starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun

Þann 10. október héldu nemendur í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun kynningu á náminu í máli og myndum. Kynningin var opin öllum og var haldin í tengslum við jafnréttisdaga Háskóla Íslands. Sýndar voru stuttmyndir og blaðagreinar nemenda um námið voru kynntar. Ágústa Björnsdóttir og Helena Gunnarsdóttir, verkefnastjórar diplómanámsins, fjölluðu enn fremur um samvinnu fatlaðra og ófatlaðra háskólanema.

Samstarfsnefnd Menntavísindasviðs og Kennarasambands Íslands um faglegt samstarf

Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Kennarasamband Íslands undirrituðu þann 3. nóvember samning um samstarfsnefnd um málefni kennaramenntunar og fagleg málefni sem tengjast störfum félagsmanna sambandsins í skólum. Markmið nefndarinnar er m.a. að efla kennaramenntun og kennarastarf, taka þátt í umræðu um þau mál, tryggja gagnkvæmt flæði upplýsinga milli félagsmanna sambandsins og Menntavísindasviðs og sinna fræðslu- og kynningarverkefnum er þessu tengjast.

Ritver Menntavísindasviðs fimm ára

Ritver Menntavísindasviðs er miðstöð þekkingar, þjónustu og rannsókna á sviði fræðilegra skrifa, bæði fyrir stúdenta og kennara. Ritverið hélt upp á fimm ára afmæli sitt 30. nóvember. Frá stofnun hefur ritverið dafnað jafnt og þétt en þó með vaxtarkippum.

NaNO-verkefni Menntavísindasviðs hlýtur styrk

Vinir Vatnajökuls úthlutuðu þann 1. desember samtals 40 m.kr. í 24 verkefni sem falla undir rannsóknir, kynningu og fræðslu um Vatnajökulspjóðgarð og nágrenni hans. NaNO-verkefni Menntavísindasviðs (námskeiðið Náttúruvísindi á nýrri öld, sem er fyrir kennaranema og starfandi kennara) var á meðal þeirra verkefna sem styrkur var veittur til.

Menntavísindasvið fékk hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands

Menntavísindasvið Háskóla Íslands hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands sem veitt voru við hátíðlega athöfn í Hörpu 3. desember í tilefni af alþjóðadegi fatlaðs fólks. Verðlaunin fékk sviðið fyrir starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun.

Doktorsvarnir

Níu doktorsvarnir fóru fram á Menntavísindasviði á árinu, tvær þeirra við Íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild, þrjár við Kennaradeild og fjórar við Uppeldis- og menntunarfræðideild.

- Guðmundur Sæmundsson varði doktorsritgerð sína, „Það er næsta víst ...“, 28. mars við Íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild. Ritgerðin byggist á fimm vísindagreinum sem hafa verið birtar í tímaritum, þar af fjórar í íslenskum tímaritum og ein í erlendu. Beitt er ýmsum afbrigðum orðræðu- og textagreiningar. Andmælendur voru Ingólfur V. Gíslason, prófessor við Háskóla Íslands, og Ásgrímur Angantýsson, lektor við Háskólann á Akureyri. Í doktorsnefndinni voru Sigurður Konráðsson prófessor og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor, auk Sigurbjörns Árnar Arngrímssonar prófessor. Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs, stýrði athöfninni í Hátíðasal Háskóla Íslands.
- Jón Ingvar Kjaran varði doktorsritgerð sína, Í átt til hinsegin framhaldsskóla. Reynsla hinsegin nemenda af íslenskum framhaldsskólum í skugga gagnkynhneigðrar orðræðu og valds, 3. júní við Kennaradeild. Ritgerðin er framlag til fræða um hinsegin ungmenni. Í henni er sjónum beint að orðræðu hins gagnkynhneigða regluverks (heteronormative discourse) og reynslu hinsegin nemenda í íslenskum framhaldsskólum. Hinseginfræði mynda kenningarramma rannsóknarinnar. Einnig er stuðst við ólíkar kenningar um mótun rýmisins og mótsþyrnu, ásamt kenningum um samtíðinn kyngevnis og kynhneigðar. Markmið rannsóknarinnar er að skoða og lýsa þeim þáttum orðræðunnar sem festa í sessi hetrósexíska hugmyndafræði innan framhaldsskólans, jafnt innan stofnana sem og á milli einstaklinga. Enn fremur er áhersla lögð á að lýsa reynslu hinsegin nemenda. Eigindlegum rannsóknaraðferðum var beitt: Í fyrsta lagi voru tekin 14 viðtöl við hinsegin nemendur og í öðru lagi gerðar vettvangsathuganir í tveimur framhaldsskólum, annars vegar í Reykjavík og hins vegar utan Reykjavíkur. Gögnunum var safnað á tímabilinu 2010 til 2012. Þátttakendur í viðtalsrannsókninni voru fæddir á tímabilinu 1987 til 1993 og höfðu annaðhvort nýlega brautskráðst úr framhaldsskóla eða voru enn í honum. Andmælendur voru Þorgerður Einarsdóttir prófessor og Wayne Martino, prófessor við University of Western Ontario í Kanada. Doktorsnefndina skipuðu Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor og meðleiðbeinandi hans var Guðrún Kristinsdóttir prófessor. Auk þess var Debbie Epstein, prófessor við University of Roehampton í Englandi, í doktorsnefndinni. Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs, stýrði athöfninni, sem fór fram á ensku, í Hátíðasal Háskóla Íslands.

- Kristjana Stella Blöndal varði doktorsritgerð sína, Skuldbinding nemenda til náms og brotthvarf úr framhaldsskóla: Þáttur uppeldisaðferða foreldra, 12. júní við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Meginmarkmið ritgerðarinnar var að auka þekkingu og skilning á brotthvarfi frá námi. Byggt er á langtímarannsókn meðal íslenskra ungmenna. Bæði kenningar um brotthvarf, þar sem lykilhugtakið er skuldbinding til náms og skóla, og kenningar um áhrif uppeldisaðferða á aðlögun ungmenna liggja að baki verkinu. Andmælendur voru Russell W. Rumberger, prófessor við University of California í Santa Barbara í Bandaríkjunum, og Susie Lamborn, dósent við University of Wisconsin í Bandaríkjunum. Leiðbeinandi var Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor. Aðrir í doktorsnefndinni voru Jón Torfi Jónasson prófessor og Pamela Davis-Kean, dósent við University of Michigan í Bandaríkjunum. Ólafur Páll Jónsson, varaforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, stjórnaði athöfninni í Hátíðasal Háskóla Íslands.
- Guðrún Alda Harðardóttir varði doktorsritgerð sína, Námstækifæri barna í leikskóla. Tækifæri leikskólalabarna til þátttöku og áhrifa á leikskólanám sitt, 13. júní við Kennaradeild. Rannsóknarviðfangsefnið samanstendur af ritgerð og fjórum tímaritsgreinum. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða námstækifæri: tækifæri leikskólalabarna til þátttöku og áhrifa á leikskólastarf. Rannsóknin er þverfagleg og víða er leitað fanga: í almenntri sálfræði, stjórn málaheimspeki, félagsfræði, leikskólafræði, kynjafræði og félagssálfræði. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa heildstæða hugmynd um samhangandi áhrifaþætti í námsumhverfi barna: að námstækifæri barna ráðist mikið af viðhorfum kennara. Þær sýndu að börnunum býðst að taka þátt í að taka ákvarðanir og að kennararnir stuðluðu að valdeflingu barnanna. Þó takmarkaði kyngervi barnanna valdeflinguna. Þá sýnir rannsóknin að málþroski leikskólalabarna útilokar ekki að trú þeirra á eigin getu sé mæld en hins vegar er nauðsynlegt að þróa annars konar mælitæki en almennt er beitt við mælingu á trú fullorðinna á eigin getu. Bent er á uppeldisfræðilega skráningu sem vænlegt mælitæki. Andmælendur voru Snæfríður Þóra Egilsson prófessor og Ólafur Páll Jónsson dósent. Doktorsnefndina skipuðu Baldur Kristjánsson dósent, Kristján Kristjánsson, prófessor við Háskólann í Birmingham í Englandi, og Gyða Margrét Pétursdóttir lektor. Gunnhildur Óskarsdóttir dósent, forseti Kennaradeildar, stýrði athöfninni í Hátíðasal Háskóla Íslands.
- Hermína Gunnþórsdóttir varði doktorsritgerð sína, Kennarinn í skóla án aðgreiningar. Þekking, skilningur og hugmyndir kennara um menntun án aðgreiningar, 20. júní við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Ritgerðin greinir frá rannsókn á hugmyndum grunnskólakennara um hugmyndafræðina að baki skóla án aðgreiningar og hvernig þær endurspeglast í faglegum starfsvenjum þeirra og sýn á menntun. Megintilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á hvernig menning og opinber menntastefna orkar á og mótar hugmyndir og skilning kennara á kennarahlutverkinu í skólum sem ætlað er að starfa í anda skóla án aðgreiningar. Rannsóknarspurning verksins í heild lýtur að því hvernig kennarar móta skilning sinn og þekkingu í tengslum við hugmyndir sínar um skóla án aðgreiningar. Andmælendur voru Geert Van Hoove, prófessor við Háskólann í Gent í Belgíu, og Elizabeth Kozleski, prófessor við Kansas-háskóla í Bandaríkjunum. Doktorsnefndina skipuðu Dóra Bjarnason prófessor, og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor og Julie Allan, prófessor við Sterling-háskóla í Bretlandi. Hanna Ragnarsdóttir, forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar stýrði athöfninni í Hátíðasal Háskóla Íslands.
- Anna Ólafsdóttir varði doktorsritgerð sína, Hugmyndir háskólakennara um „góða háskólakennslu“ og þættir innan og utan stofnunar sem þeir telja að hafi áhrif á hvernig kennslan fer fram., 25. júní við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Ritgerðin greinir frá rannsókn sem hafði að meginmarkmiði að greina hvað háskólakennarar álíta „góða háskólakennslu“, hvaða aðstæður í kennsluumhverfinu þeir telja nauðsynlegar til að hægt sé að kenna á þann hátt og hvaða þættir, hvort heldur er innan eða utan stofnunar, þeim finnst að ráði því hvort kennslan verði góð. Rannsóknin var tilviksrannsókn og tilvikið háskólastofnun á Íslandi. Andmælendur voru Dai Hounsell, prófessor við Edinborgarháskóla, og Michael Schratz, prófessor við University of Innsbruck. Doktorsnefndina skipuðu Sigurlína Davíðsdóttir, prófessor emerita, og Jón Torfi Jónasson prófessor og Noel Entwistle, prófessor emeritus við Edinborgarháskóla. Ólafur Páll

Jónsson, varaforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar stýrði athöfninni í Hátíðasal Háskóla Íslands.

- Janus F. Guðlaugsson varði doktorsritgerð sína, Fjölbætt heilsurækt: Leið að farsælli öldrun. Rannsóknir á eldri aldurshópum benda til þess að virkur lífsstíll, sem felur meðal annars í sér fjölbreytta þjálfun, hafi margvíslegan heilsutengdan ávinning, 22. september við Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild. Andmælendur voru Timo Strandberg, prófessor við Helsinki-háskóla, og Edward L. Melanson, dósent við Háskólann í Colorado í Denver í Bandaríkjunum. Doktorsnefndina skipuðu Erlingur S. Jóhannsson prófessor, Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor, Pálmi Jónsson og Vilmundur Guðnason prófessor. Kolbrún Þ. Pálsdóttir, varaforseti Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar, stýrði athöfninni í Hátíðasal Háskóla Íslands.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir varði doktorsritgerð sína, Ef að er gáð: Afdrif aðalnámskrár í íslensku á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskóla, 17. október við Kennaradeild. Viðfangsefni rannsóknarinnar er íslenskukennsla á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskóla. Sjónum er fyrst og fremst beint að kennsluháttum á skólastigunum tveimur og skilum þeirra. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að draga fram og greina markvisst áherslu stefnumótunaraðila á kennsluhætti í íslensku eins og hún birtist í aðalnámskrá, eða ætluðu námskránni, og bera niðurstöðurnar saman við raunveruleikann í sjálfu skólastarfinu, eða virku námskránni. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að gjá sé milli hinnar ætluðu og hinnar virku námskrár; milli hugmynda stefnumótunaraðila um kennsluhætti í íslensku á unglíngastigi og íslenskukennslu í framhaldsskóla og þess sem raunverulega fer fram. Ekki er að sjá að áhersla á fjölbreytni og nemendamiðaða kennsluhætti sem greina má í námskránni hafi skilað sér nema að takmörkuðu leyti inn í skólastofurnar. Þannig virðist íslenska kennd líkt og hún hefur lengst af verið kennd með áherslu á fræðilegt inntak greinarinnar þar sem kennari miðlar nemendum af þekkingu sinni eða námsbækur eru notaðar til að koma þekkingunni til skila. Minna ber á nálgun sem endurspeglar aðra kennsluhætti. Það á ekki síst við um íslenskukennslu á framhaldsskólastigi. Andmælendur voru Guðrún Geirsdóttir dósent og Finnur Friðriksson, dósent við Háskólann á Akureyri. Doktorsnefndina skipuðu Ingvar Sigurgeirsson prófessor, Veturlíði G. Óskarsson, prófessor við Uppsalaháskóla, og Heimir Pálsson, dósent við Uppsalaháskóla. Gunnhildur Óskarsdóttir, forseti Kennaradeildar, stýrði athöfninni í Hátíðasal Háskóla Íslands.
- Auður Pálsdóttir varði doktorsritgerð sína, Sustainability as an Emerging Curriculum Area in Iceland. The Development, Validation and Application of a Sustainability Education Implementation Questionnaire, 10. nóvember við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Viðfangsefni rannsóknarinnar var að rýna í sjálfbærni sem er einn af grunnþáttum menntunar í íslenskri aðalnámskrá frá 2011. Rannsóknin fór fram á árunum 2009–2013 og byggist á blönduðum aðferðum sem fólu í sér tvo eigindlega hluta og tvo meginlega hluta. Megintilgangur rannsóknarinnar var tvíþættur. Í fyrsta lagi var reynt að öðlast skilning á hvað hindri og hvað styðji vinnu með sjálfbærni sem nýjan grunnþátt menntunar í íslenskum grunnskólum. Í öðru lagi var reynt að búa til og prófa sjálfsmatstæki til notkunar fyrir kennara og skólastjórnendur í einstökum skólum til að kortleggja núverandi stöðu sjálfbærnimenntunar í skólanum og hver gætu verið næstu skref í skólaþróun. Andmælendur Jeppe Læssøe, prófessor Árósháskóla, og Christina McDonald, rekstrarstjóri Green Manitoba Eco-Solutions í Manitoba í Kanada. Doktorsnefndina skipuðu Brian Lewthwaite, dósent í James Cook háskóla í Ástralíu, Allyson MacDonald prófessor og Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor. Ólafur Páll Jónsson, forseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar, stýrði athöfninni í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Alþjóðasamskipti

Erlendir stúdentar og skiptistúdentar

Á árinu stunduðu samtals 63 einstaklingar með erlent ríkisfang nám á Menntavísindasviði. Þar af voru 30 manns skiptistúdentar í eitt eða tvö misseri.

Íslenskir skiptistúdentar

Íslenskir nemendur Menntavísindasviðs sem stunduðu hefðbundið skiptináms erlendis á árinu voru 13 talsins.

Starfsmannaskipti

Nokkrir kennarar og aðrir starfsmenn sviðsins fóru í kennara- og starfsmannaskipti til erlendra samstarfsskóla Menntavísindasviðs á árinu. Starfsmenn nýttu sér aðallega Erasmus- og Nordplus-áætlanirnar í þessu sambandi.

Erlendir gestir

Aldarafmællissjóður Háskóla Íslands gerði sviðinu kleift að fá til sín erlenda fræðimenn (gistiprófessorara) til að styrkja starfsemi sviðsins. Á árinu komu eftirfarandi fræðimenn í heimsókn á sviðið:

- Ilene Schwartz, sem er gistiprófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild, hélt fyrirlestur 16. janúar og fjallaði um hvernig kennarar og annað fagfólk getur mætt ólíkum þörfum barna í skóla án aðgreiningar, með áherslu á kennslu barna með einhverfu.
- Anna-Lena Östern, prófessor við Norges teknisk-naturvitenskapelige universitet (NTNU) í Þrándheimi, kom í heimsókn á sviðið 16. janúar og leiðbeindi meistaranemum í list- og verkgreinum.
- Srikala Naraian frá Columbia-háskóla í New York hélt fyrirlestur 19. mars við sviðið.
- Kari Smith, prófessor í menntunarfræðum við Háskólann í Bergen, kom í mars. Sérsvið hennar eru leiðsögn, vettvangsnám og námsmat. Hún er stjórnarformaður Nasjonal forskerskole for lærerutdanning (NAFOL) sem er sameiginlegur vettvangur doktorsnema í menntunarfræðum í Noregi. Hún hélt námskeið fyrir doktorsnema og leiðbeinendur við Menntavísindasvið og stýrði sameiginlegum vinnufundi kennara við Menntavísindasvið og Háskólann á Akureyri um kennaramenntun.
- Susan Walker, dósent við University of Minnesota, hélt fyrirlestur í mars sem bar heitið Preparing Educators Online: Instructional Design and Delivery Elements in a Completely Online Degree Program.
- Bharath Sriraman var gistiprófessor við Menntavísindasvið 7.–14. nóvember. Hann var matsaðili við áfangamat Ingólfs Gíslasonar, doktorsnema í stærðfræðimenntun, og leiðbeindi fleiri dokornemum á sviðinu. Einnig vann hann að undirbúningi rannsóknar með stærðfræðikennurum á unglíngastigi.

Námskeið kennd á ensku og öðrum tungumálum

Á kjörsviðinu Erlend mál í kennaranámi við Kennaradeild fara námskeið almennt fram á dönsku og ensku. Skiptinemar sækja einnig þessi námskeið, þar með taldir skiptinemar af öðrum fræðasviðum. Einnig var boðið upp á sérsniðið námskeið á ensku fyrir skiptinema, sem og vettvangsnám í skólum. Í Uppeldis- og menntunarfræðideild er boðið upp á nám sem kennt er alfarið á ensku til BA- og MA-prófs í alþjóðlegu námi í menntunarfræði og eru stúdentar teknir inn í það nám annað hvert ár. Á árinu voru fimm námskeið, auk lokaverkefna, kennd í alþjóðlegri menntunarfræði og stunduðu alls 40 nemar nám í greininni á báðum stigum en 18 nýnemar hófu nám á bakkalárstigi haustið 2014.

Rannsóknir

Á Menntavísindasviði eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á sviði menntunar, uppeldis og þjálfunar í þeim tilgangi að skapa nýja þekkingu íslensku samfélagi til hagsbóta. Markmiðið er að efla rannsóknir og leitast við að tryggja að skipulag og þróun íslenskra fræðslu- og menntamála sé byggð á bestu fánlegu þekkingu hverju sinni.

Menntavísindastofnun er rannsóknastofnun á Menntavísindasviði og eru starfræktar tuttugu og tvær rannsóknastofur undir hatti hennar.

Markmið rannsóknastofanna er að auka og efla rannsóknir á sínu fræðasviði, m.a. með því að auka samvinnu rannsækenda, ekki síst þverfaglega og alþjóðlega, og miðla fenginni þekkingu út í samfélagið, t.d. með ráðstefnum og málþingum. Hér aftar er sérstaklega fjallað um Menntavísindastofnun og einstakar rannsóknastofur.

Styrkir til rannsókna

Til rannsókna á árinu 2014 hlutu 25 rannsækendur á Menntavísindasviði styrki úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, auk þess sem tveir hlutu styrki úr doktorsjóði Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands, annar eftir svokallaðri b-leið og hinn Eimskipasjóðsstyrk.

- Jóhanna Telma Einarsdóttir dósent hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Virkni stammeðferðar á eldri börn sem stama – meðferð stjórnúð af foreldrum með skilyrtri svörun – klínísk rannsókn (II. stig).
- Steinunn Gestdóttir dósent og Freyja Birgisdóttir dósent fengu styrki úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Þróun sjálfstjórnunar við upphaf unglingsára og tengsl við æskilegan þroska og námsgengi.
- Ólafur Páll Jónsson dósent hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Gildi í sjálfbærismenntun.
- Anna-Lind Pétursdóttir dósent o.fl. hlutu styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Er hægt að auka færni íslenskra nemenda í lestri og stærðfræði með stýrðri kennslu og hnitmiðaðri færniþjálfun? sem er undir stjórn Zuilmu Gabríelu Sigurðardóttur dósents.
- Hanna Ragnarsdóttir prófessor hlaut framhaldsstyrk úr sama sjóði til verkefnisins Námsumhverfi menntunar án aðgreiningar og félagslegs réttlætis: Sögur um velgengni nemenda af erlendum uppruna og skóla á Íslandi.
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor fékk framhaldsstyrk úr sama sjóði til verkefnisins Hreyfing, þrek, holdafar og efnaskiptaheilsa íslenskra barna með þroskahömlun (HEALTH-ID).
- Allyson Macdonald prófessor fékk framhaldsstyrk úr sama sjóði til verkefnisins Breyttar kröfur námskrár – trú kennara á getu hópsins.
- Erlingur Sigurður Jóhannsson o.fl. hlutu styrk úr Innviðasjóði Rannís fyrir verkefnið Hreyfi- og svefnmælar.
- Elsa Eiríksdóttir lektor og Jón Torfi Jónasson prófessor hlutu framhaldsstyrki frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til verkefnisins Nám í skóla og á vinnustað. Hver eru séreinkenni námsferils starfsnámsnemenda í framhaldsskóla?
- Jón Torfi Jónasson prófessor og Kristjana Stella Blöndal, lektor á Félagsvísindasviði, hlutu styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til verkefnisins Hver eru séreinkenni námsferlis starfsnámsnemenda í framhaldsskóla?
- Erlingur Sigurður Jóhannsson hlaut styrk úr Íþróttasjóði til verkefnisins Atgervi ungra Íslendinga.
- Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent o.fl. hlutu styrk úr Íþróttasjóði til verkefnisins Heilsueflandi framhaldsskólar. Auk þess hlaut hún styrk frá Embætti landlæknis fyrir sama verkefnið.
- Erla Svansdóttir nýdóktor hlaut styrk frá Embætti landlæknis fyrir verkefnið Námsárangur og heilufar íslenskra barna.
- Steingerður Ólafsdóttir nýdóktor hlaut styrk frá Embætti landlæknis fyrir verkefnið Matur í barnaefni í íslensku sjónvarpi.
- Tungumálatorgið hlaut styrki frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að byggja upp miðlun torgsins, eins og árið 2013.

Erlendir styrkir fengust til nokkurra rannsóknaverkefna á árinu:

- Hafþór Birgir Guðmundsson lektor o.fl. hlutu styrk frá FSS (EFTA) fyrir verkefnið Adapted Physical Activity – theory and practice. Samstarfsaðilar við verkefnið eru í Póllandi.

- Ólöf Garðarsdóttir prófessor hlaut styrki sem meðumsækjandi hjá franska rannsóknaráðinu til verkefnisins Comparison for Better Understanding í samstarfi við Lýðfræðistofnun Frakklands (Institut national d'études démographiques). Auk þess fékk hún styrk frá samstarfsnefnd norrænu rannsóknaráðanna í félags- og hugvísindum (NOS-HS) til að byggja upp Evrópusamstarf og sækja um áframhaldandi styrk í Evrópuáætlunina Horizon 2020 vegna verkefnisins Youth Organizations and the Transmission of European Cultural Heritage.
- Steingerður Ólafsdóttir nýdoktor hlaut styrk frá samstarfsnefnd norrænu rannsóknaráðanna í félags- og hugvísindum (NOS-HS) til að byggja upp Evrópusamstarf og sækja um áframhaldandi styrk í Evrópuáætlunina Horizon 2020 vegna verkefnisins Nordic Countries in the Young Europe.
- Jóhanna Einarsdóttir fékk framhaldsstyrk frá Marie Curie Action – International Research Staff Exchange Scheme (IRSES) (FP7-People-2012-IRSES) til verkefnisins POET – Pedagogies of Educational Transitions. Verkefnið er samstarfsverkefni rannsakenda frá Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Skotlandi, Svíþjóð og Íslandi.
- Öndvegissstyrkur fékkst úr NordForsk-rannsóknáætluninni Education for Tomorrow til verkefnisins Justice Through Education (JUSTED). Verkefnið er samstarfsverkefni milli rannsakenda alls staðar á Norðurlöndum. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor stýrir íslenska hluta verkefnisins.
- Framhaldsstyrkur fékkst úr NordForsk-rannsóknáætluninni Education for Tomorrow til verkefnisins Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries. Hanna Ragnarsdóttir prófessor stýrir verkefninu en um er að ræða samstarfsverkefni milli rannsakenda í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, auk Íslands.
- Framhaldsstyrkur fékkst úr NordForsk-rannsóknáætluninni Education for Tomorrow til verkefnisins Values Education in Nordic Preschools: Basis of Education for Tomorrow, sem er samstarfsverkefni milli rannsakenda í Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku og á Íslandi. Jóhanna Einarsdóttir prófessor er hluti af rannsóknahópnum.
- Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent fékk framhaldsstyrk ásamt Ingu Þórsdóttur prófessor úr NordForsk-rannsóknáætluninni Education for Tomorrow til verkefnisins ProMeal: Prospects for Promoting Health and Performance by School Meals in Nordic Countries.
- Hanna Ragnarsdóttir prófessor fékk framhaldsstyrk úr tenglanetsáætlun NordForsk til verkefnisins Diverse Teachers for Diverse Learners. Auk hennar eru Hafdís Guðjónsdóttir, Róbert Berman og Samúel Lefever í verkefnahópnum og þau starfa með rannsakendum frá Noregi, Finnlandi, Bretlandi og Kanada að verkefninu.
- Jóhanna Einarsdóttir lektor fékk framhaldsstyrk úr tenglanetsáætlun NordForsk til verkefnisins Stuttering Research and Educational Network (STUREN). Í verkefninu eru einnig þátttakendur frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Belgíu og Bandaríkjunum.
- Sólveig Jakobsdóttir dósent var meðumsækjandi um styrk úr NordForsk-tenglanetinu Nordic Research Network on Learning Across Contexts (NordLac) og fékkst sá framhaldsstyrkur. Í verkefninu eru rannsakendur frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Eistlandi, auk Íslands.
- Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent hlaut framhaldsstyrk úr Leónardó-áætluninni til verkefnisins Creating Equality in Health Through Capacity Building in Europe Between Health Care Workers (eQUITY). Samstarfsaðilar hennar eru frá Danmörku, Noregi, Belgíu og Portúgal.
- Michael Dal lektor fékk framhaldsstyk úr Comeniusar-áætluninni til verkefnisins Læsi og lestur í dönskunámi. Auk þess hlaut hann styrk frá danska menntamálaráðuneytinu til verkefnisins Danskir farkennarar.
- Allyson Macdonald prófessor fékk framhaldsstyrk frá Nordplus til verkefnisins Action for Sustainability in Higher Education in the Nordic Region (ActSHEN).
- Freyja Hreinsdóttir dósent fékk framhaldsstyrk úr Comeniusar-áætluninni til verkefnisins Dynamical and Creative Mathematics Using ICT.
- Ólöf Garðarsdóttir prófessor hlaut framhaldsstyrk sem meðumsækjandi í bandaríska rannsóknasjóðinn (National Science Foundation, NSF) í samstarfi við Minnesota Population Center til verkefnisins North Atlantic Population Project.

Rannsóknamisseri

Á árinu voru 27 akademískir starfsmenn Menntavísindasviðs í rannsóknamisseri, ellefu á vormisseri og sextán á haustmisseri. Fjórir þeirra sem fengu úthlutað rannsóknamisseri á haustmisseri fengu úthlutað tveimur misserum, þ.e. einnig vormisseri 2015.



SfB

Bókasafn

Bókasafn Menntavísindasviðs er sérhæft safn á sviði uppeldis, kennslu, umönnunar og þjálfunar. Bókasafnið er til húsa í Hamri við Stakkahlíð en einnig er safndeild við Íþróttafraeðasetrið á Laugarvatni. Helstu viðfangsefni safnsins eru að byggja upp og miðla safnkosti sem styður við nám, kennslu og rannsóknir, og kennsla og þjálfun í upplýsingalæsi.

Starfsmenn safnsins eru átta í 6,3 stöðugildum. Forstöðumaður bókasafns er Gunnhildur Björnsdóttir.

Aðföng og safnkostur

Safnkostur bókasafns Menntavísindasviðs er fjölbreyttur og hann samanstendur af um 93 þúsund skráðum eintökum í Gegni. Innlend og erlend fræðirit, kennslubækur og handbækur vega þyngst en safnið hefur einnig að geyma fagurbókmenntir og fræðirit á flestöllum fræðasviðum. Sérstök áhersla er lögð á varðveislu og aðgengi að ritum um íslensk uppeldis- og menntamál. Bókasafnið býður aðgang að margvíslegu rafrænu efni, svo sem gagnasöfnum, rafrænum tímaritum og bókum, bæði með sérskriftum og í gegnum landsaðgang. Ný aðföng á árinu teljast vera 2.272. Þar af eru um 280 gjafir, 306 lokaverkefni nemenda og 113 tímarit í áskrift.

Skemman

Skemman er rafrænt gagnasafn fyrir lokaverkefni og rannsóknarit kennara og fræðimanna háskólanna. Frá árinu 2007 til ársloka 2014 hafa 2.866 lokaverkefni nemenda á Menntavísindasviði verið vistuð þar og er aðgangur opin að þeim flestum. Þar hefur einnig verið vistuð 351 grein eftir kennara sviðsins, í tímaritum og ráðstefnuritum.

Kennslugagnasafn

Bókasafnið á og lána út allt námsefni grunnskóla og boðið er upp á kynningar á kennsluefni fyrir vettvangsnám í samvinnu við kennara. Í kennslugagnasafni stendur uppi sýning á námsefni sem notað er í grunnskólum landsins.

Útlán

Heildarfjöldi útlána á árinu samkvæmt Gegni var 14.789. Inn í þá tölu vantar notkun á rafrænum bókum og handbókum á Háskólanetinu. Endurnýjanir bókaútlána voru 37.635. Einnig voru sóttar 1.094 greinar úr 18 tímaritum sem einungis eru keypt rafræn í sérskrift. Þá eru ótaldar aðrar greinar sem fást gegnum landsaðgang eða eru rafrænt aðgengilegar með öðrum hætti.

Þjónusta

Starfsfólk bókasafnsins veitir aðstoð og leiðbeinir um heimildaleit í gagnasöfnum og handbókum. Kennurum, fræðimönnum og rannsóknastofum við skólann er boðin margþætt þjónusta sem styður við menntarannsóknir. Má þar nefna árvekiþjónustu úr rafrænum tímaritum og gagnagrunnum. Lögð er áhersla á að fjarnemar búsettir utan höfuðborgarsvæðisins njóti sambærilegrar þjónustu og aðrir nemendur.

Millisafnalán

Bókasafn Menntavísindasviðs útvegar notendum sínum ljósrit af greinum sem ekki eru til í safninu og/eða rit frá erlendum bókasöfnum og söfnum utan höfuðborgarsvæðisins með millisafnaláni. Safnið fékk á árinu 412 rit að láni með þeim hætti og lánaði 153.

Notendafræðsla

Eitt af meginmarkmiðum safnsins er að efla upplýsingalæsi notenda. Kynningar og fræðsla um öflun og skráningu heimilda er því mikilvægur þáttur starfseminnar, oft í samvinnu við ritver Menntavísindasviðs.

Safnið stendur fyrir notendafræðslu í mismunandi námskeiðum, ýmist í samvinnu við kennara, í samstarfi við ritver eða upp á eigin spýtur. Þá er boðið upp á námskeið og kynningar ætlaðar afmörkuðum hópum, t.d. framhaldsnemum, kennurum og nemum með lokaverkefni, auk einkakennslu. Alls nutu ríflega 1.400 nemendur notendafræðslu í einhverri mynd á árinu. Leiðbeiningar um heimildaleit og heimildaskráningu eru einnig á vef safnsins, bokasafn.hi.is.

Samstarf

Bókasafnið á gott samstarf við önnur bókasöfn Háskóla Íslands og ritver Menntavísindasviðs. Starfsmenn safnsins taka þátt í ýmsu samstarfi meðal bókasafna. Safnið á fulltrúa í vinnuhópi um upplýsingalæsi meðal háskólabókasafna og verkefnisstjórn Skemmunnar. Safnið átti einnig á árinu fulltrúa í rýnihóp um gagna- og tímaritasöfn í landsaðgangi og rafgagnahóp sem hafði það hlutverk að móta framtíðarsýn varðandi aðgang að rafrænum tímaritum og bókum á leitir.is. Þá er starfsmaður safnsins fulltrúi Upplýsingar (Félags bókasafns- og upplýsingafræðinga) í Íslenskri málnefnd og safnið á fulltrúa í bókasafnshóp NUAS (Det nordiska universitetsadministratorssamarbetet). Góð samvinna er við Námsgagnastofnun og í samvinnu við hana eru settar upp kynningar á námsefni einstakra námsgreina í safninu, auk standandi sýningar á öllu námsefni grunnskóla. Árleg haustsýning Námsgagnastofnunar hefur verið haldin í húsakynnum Menntavísindasviðs undanfarin ár.

Menntamiðja

Menntamiðja er samstarfsvettvangur sem ætlaður er að styðja við starfssamfélög skólafólks. Menntamiðja var formlega stofnuð í október 2012 með undirritun viljayfirlýsingar samstarfsaðila, sem eru: mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Menntamiðja starfar náið með sjálfsprottnum grasrótarsamfélögum skólafólks, svokölluðum torgum, og er tengiliður milli þeirra og fræðasamfélags háskólanna.

Meðal helstu verkefna Menntamiðju á árinu eru skipulagðar umræður um menntamál á netmiðlinum Twitter undir umræðumerkinu #menntaspjall, menntabúðir þar sem kynntar eru nýjungar í menntun og kennslu, nýtt Evrópusamstarfsverkefni um innleiðingu vendináms og mótun fræðsluáttaks um upplýsingatækni fyrir kennara. Öll eru þessi verkefni unnin í samstarfi við ýmsa aðila enda er samstarf helsti hornsteinninn í hugmyndafræðinni að baki Menntamiðju.

Í upphafi árs gekk Menntamiðja til samstarfs við Ingva Hrannar Ómarsson, kennsluráðgjafa á Sauðárkróki, til að byggja upp samræðuvettvang fyrir íslenska kennara á netmiðlinum Twitter. Twitter er allsérstæður samfélagsmiðill þar sem notendur eiga samskipti með stuttum skilaboðum sem takmarkast við 140 stafi auk tengla á skylt efni á netinu. Samræður um menntamál fara fram undir umræðumerkingu #menntaspjall. Þátttakendur geta nýtt sér vettvanginn hvenær sem er en þar að auki eru skipulagðar hópumræður annan hvern sunnudag. Á árinu voru 16 slíkir viðburðir um fjölbreytt efni og þátttakendur fóru allt upp í 200 manns. Hópumræður eru teknar saman í lok umræðnanna og gerðar aðgengilegar á vef Menntamiðju.

Snemma um vorið var Menntamiðju boðið að taka þátt í að sækja um Erasmus+ styrk með Keili til að þróa og útbúa gagnlegt efni um innleiðingu vendináms. Tryggvi Thayer verkefnisstjóri tók þátt í gerð umsóknar og vali á samstarfsaðilum í öðrum Evrópulöndum. Verkefnið var samþykkt og hófst vinna við það um haustið. Um er að ræða verkefni til tveggja ára og eru samstarfsaðilar frá Noregi, Bretlandi, Þýskalandi, Ítalíu, Slóveníu og Íslandi. Verkefnisstjórn er í höndum Keilis en hlutverk Menntamiðju snýr aðallega að rannsóknahluta verkefnisins og miðlun á netinu.

Á seinni hluta ársins auglýsti Rannís eftir tilboðum í fræðslu um upplýsingatækni í námi og kennslu fyrir kennara á öllum skólastigum og um allt land. Verkefnisstjórar Menntamiðju og nokkurra torga gerðu tilboð í fræðsluna og var það valið af dómnefnd rétt fyrir jól. Verkefni þetta hefur fengið heitið Samspil – Upplýsingatækniátak Menntamiðju. Ekki er um hefðbundna fræðslu að ræða heldur áttak til eins árs sem miðar að því að efla þau starfssamfélög kennara sem til eru nú þegar og mynda ný eftir þörfum. Lögð er mikil áhersla á notkun samfélagsmiðla til að deila reynslu og þekkingu og skapa þannig aðgengilegan vettvang þar sem kennarar geta sótt sér þá þekkingu sem þarf hverju sinni og

um leið fylgst með almennri þróun í tækni- og skólamálum. Mikill áhugi myndaðist á verkefnum um leið og kynningar hófust og hefur þátttaka farið fram úr björtustu vonum.

Menntamiðja hefur staðið fyrir menntabúðum um upplýsingatækni í námi og kennslu í samstarfi við torg og Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun. Menntabúðir eru samkomur þar sem fólk kemur saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum. Haldnar voru nokkrar menntabúðir, bæði um vorið og aftur um haustið, og var þátttaka mjög góð. Mikill áhugi hefur verið á menntabúðum almennt sem áhrifaríkri leið til að skapa samfélagskennd og stuðla að því að samnýta þekkingu sem er fyrir hendi. Hefur frést af því að fjöldi skóla og hópa skólafólks víða um land hafi skipulagt eigin menntabúðir til að deila reynslu og þekkingu innan nærsamfélagsins.

Ritver

Stjórn og starfsfólk

Ritver Menntavísindasviðs er miðstöð þekkingar, þjónustu og rannsókna á sviði fræðilegra skrifa fyrir stúdenta og starfsfólk. Ritverið var stofnað 30. nóvember 2009 og árið 2014 var því fimmta starfsárið í sögu þess. Ritverið er tilhúsa í opnu rými innst á bókasafni Menntavísindasviðs – í Hamri – og hefur þar til umráða skrifborð, tölvu, síma og bókahillu. Ritverið starfar í náinni samvinnu við bókasafnið.

Forstöðumaður ritvers er Baldur Sigurðsson dósent. Helgi Skúli Kjartansson prófessor leysti forstöðumann af á vormisseri og sinnti ritunarráðgjöf við framhaldsnema á haustmisseri. Formaður stjórnar er Hafþór Guðjónsson dósent en aðrir í stjórn eru: Gunnhildur K. Björnsdóttir forstöðumaður bókasafns, Anna María Hauksdóttir verkefnisstjóri, Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent og Karen Rut Gísladóttir lektor. Stjórnin kemur saman einu sinni til tvisvar á misseri en forstöðumaður er í nánu sambandi við formann stjórnar.

Á árinu störfuðu sjö jafningjaráðgjafar í ritverinu: Anna Dórothea Tryggvadóttir, Arndís Jónasdóttir, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Jóhanna G. Ólafsson, Magnea Þuríður Ingvarsdóttir, Randi Stebbins og Sigrún Tómasdóttir. Jóhanna G. Ólafsson sá um að skipuleggja vinnustofur og viðtalsfundi og sá um daglegan rekstur ásamt forstöðumanni.


Starfsemi

Meginstarfsemi ritvers er fjórþætt.

1. Vefur: Á vegum ritvers er haldið úti tveimur vefum: heimasíðu með undirsíðum (<http://vefsetur.hi.is/ritver>) og sérstökum leiðbeiningavef um meðferð heimilda skv. útgáfureglum APA (<http://skrif.hi.is/ritver/>).
2. Námskeið og vinnustofur
3. Viðtalsfundir fyrir stúdenta
4. Málþing og fyrirlestrar


Vefur

Á árinu fékk ritverið alls 23.355 heimsóknir á heimasíðu sína (17.026 árið 2013). Heimsóknir dreifðust á vikur ársins eins og sjá má á mynd 1. Flestar urðu heimsóknir á einni viku um miðjan nóvember (894).



Mynd 1. Heimsóknir á heimasíðu ritvers Menntavísindasviðs árið 2014 eftir vikum.

Sérstakur leiðbeiningavefur um heimildaskráningu samkvæmt útgáfureglum APA var opnaður 30. nóvember 2012 en talning heimsókna á þann vef hófst ekki fyrr en í febrúar 2013. Samtals urðu heimsóknir 19.075 það ár. Árið 2014 voru heimsóknir 40.639 og dreifast eins og sjá má á mynd 2. Flestar urðu heimsóknir á einni viku í lok nóvember (2.492). Vefurinn byggist á 6. útgáfu reglnanna og virðist notaður af öllu háskólasamfélaginu, sem á annað borð styðst við útgáfureglur APA í skrifum á íslensku.



Mynd 2. Heimsóknir á leiðbeiningavef ritvers Menntavísindasviðs árið 2014 eftir vikum.

Báðir vefir ritversins eru reglulega endurskoðaðir og uppfærðir samkvæmt ábendingum.

Námskeið og vinnustofur

Ritver og bókasafn Menntavísindasviðs héldu nokkur örnámskeið á árinu um ýmsa þætti fræðilegra skrifa, sum í samvinnu við ritver Hugvísindasviðs. Margrét Guðmundsdóttir sá um námskeiðin af hálfu bókasafnsins en af hálfu ritversins sáu um þau þær Arndís Jónasdóttir, Jóhanna G. Ólafsson og Sigrún Tómasdóttir, auk forstöðumanns. Meyvant Þórólfsson var sérstaklega fenginn til að tala um gerð rannsóknáætlana fyrir meistaranema í október.

Haustið 2014 var ákveðið að draga úr framboði opinna námskeiða um einstaka þætti fræðilegra skrifa, sem hingað til hafa aðallega verið sótt af stúdentum með meistaraverkefni í smíðum. Í stað þess voru skipulagðar sjö vinnustofur fyrir meistaranema, með jöfnu millibili frá október til apríl, og þeim gefinn kostur á að skrá sig á póstlista til að fá tilkynningar um þær. Um 25 manns skráðu sig í upphafi en voru komnir í 38 um áramót. Þegar á leið myndaðist mjög góð samstaða með þeim þriðjungi hópsins sem sótti stofurnar reglulega.

Ritverið fékk ekki styrk frá kennslumálanefnd á árinu sem varð til þess að ekki var unnt að veita nemendum jafn góðan stuðning við námskeiðsverkefni og árið áður. Þetta voru vonbrigði fyrir þá kennara sem vildu halda samstarfi við ritverið áfram á sömu braut og árið áður. Verkefni voru ekki lesin yfir og í stað viðtalsfunda voru haldnar vinnustofur. Kynning á starfsemi ritvers var af sömu ástæðu í lágmarki á árinu og ekki efnt til nýrra verkefna til að fara ekki yfir fjárheimildir.

Á haustmíssi var námskeið fyrir verðandi jafningjaráðgjafa fellt niður vegna fámennis.

Viðtalsfundir

Skráðar komur í ritverið á árinu voru um 647 en auk þess svöruðu starfsmenn ritvers fjölmörgum óskráðum erindum og fyrirspurnum þeirra sem lögðu leið sína á bókasafnið, hringdu eða sendu tölvupóst. Á vormisseri var aðstoð við stúdenta með lokaverkefni í smíðum kjölfesta í starfseminni en á haustmisseri var aðstoð við námskeiðsverkefni fyrirferðarmikil, bæði á bakkalár- og meistarastigi. Alls voru skráðar 178 komur vegna lokaverkefna sem skiptust þannig: 61 bakkalárverkefni, 110 meistaraverkefni og 7 doktorsverkefni.

Í samvinnu við Brynju Elísabeth Halldórsdóttur var Randi Stebbins ráðin á haustmisseri fyrir styrk úr Aðstoðarmannasjóði til að sinna ritunarráðgjöf fyrir erlenda stúdenta sem skrifa á ensku. Hún sinnti einnig öllum almennum erindum í ritverinu, bæði á íslensku og ensku.

Á árinu voru skráðar 19 komur gesta frá öðrum sviðum innan Háskóla Íslands. Þeir komu frá Félagsvísinda-, Hugvísinda- og Heilbrigðisvísindasviði. Einn nemandi kom frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.

Málþing og fyrirlestrar

Málþing um leiðsögn

Ritver hélt eitt málþing á vormisseri og var það jafnframt nestisspjall á vegum kennsluráðs. Fjallað var um bakkalárverkefni. Þrír kennarar leiddu spjallið, Baldur Sigurðsson kynnti vefsíðu ritvers og lagði áherslu á þætti sem tengdust kennurum, Kristján Jóhann Jónsson ræddi um verkaskiptingu kennara og nemanda/nemenda og Halla Jónsdóttir fjallaði um rannsóknarspurninguna og afmörkun viðfangsefna.

Málstofa á Menntakvikunni

Ritverið hélt sérstaka málstofu á Menntakvikunni undir heitinu Stúdentar skrifa. Forstöðumaður greindi frá rannsókn sinni á ágripum í bakkalárverkefnum, Jóhanna G. Ólafsson fjallaði um hvernig heimsóknir í ritverið gera stúdenta að betri höfundum, Hanna Óladóttir fjallaði um málfræði og málnotkun og Rúnar Helgi Vignisson lauk málstofunni með umfjöllun um ritlist í skólastarfi.

Verkefnavaka

Verkefnavaka, opið hús fyrir alla stúdenta í Háskóla Íslands var haldin á Háskólatorgi 20. mars. Ritver Menntavísindasviðs tók þátt í verkefninu í samstarfi við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, Kennslumiðstöð Háskóla Íslands og ritver Hugvísindasviðs. Fyrirmynd að verkefnavöku er sótt til ritvera í Þýskalandi sem héldu fyrstu vökuna vorið 2010 undir nafninu Lange Nacht der aufgeschobenen Hausarbeiten (e. Long night against procrastination).

Önnur verkefni á vegum ritvers

Kerfisviðbót í EndNote á íslensku

Sigrún Tómasdóttir jafningjaráðgjafi þróaði í samvinnu við Sólveigu Jakobsdóttur dósent kerfisviðbót fyrir EndNote sem skilar tilvísunum og heimildaskrá í samræmi við leiðbeiningar ritvers um útgáfureglur APA á íslensku. Þessi viðbót var samþykkt af Thomson Reuters, framleiðanda EndNote, og er aðgengileg á vef fyrirtækisins (<http://endnote.com/downloads/style/apa-6th-icelandic>).

Eyðibýli á Íslandi

Árin 2013 og 2014 átti ritverið samstarf við verkefnisstjórn Eyðibýla á Íslandi og arkitektastofuna Glámu-Kím um ráðgjöf og sérþekkingu textagerð og skrif. Samstarfið hófst árið 2013 og hélt áfram á árinu. Sumarið 2014 var unnið að skráningu býla í Múlasýslum (6. bindi) og á Suður- og Suðvesturlandi (7. bindi) og þar með var verkefninu lokið en tíu stúdentar höfðu sumurin áður unnið

við söfnun upplýsinga. Í júní hélt ritverið fræðslufund með stúdentunum sem unnu að verkefninu um gerð texta og þær Arndís Jónasdóttir og Jóhanna G. Ólafsson unnu með þeim við skrifin í júní og júlí. Viðtalsfundirnir voru haldnir í ritveri Menntavísindasviðs og á arkitektastofunni Glámu-Kími við Laugaveg.

Kennsla og yfirlestur handrita

Ráðgjafar ritvers hafa áður tekið að sér kennslu um fræðileg skrif á ýmsum námskeiðinum á sviðinu og á haustmíssi bættist við kennsla á námsbraut í sjúkrahjálfun (á Heilbrigðisvísindasviði) í samvinnu við Sólveigu Ásu Árnadóttur.

Í upphafi árs unnu jafningjaráðgjafar á vegum ritversins við að lesa yfir greinar til birtingar í ráðstefnuriti Netlu.

Styrkur frá Vinnumálastofnun

Ritverið fékk framlag frá Vinnumálastofnun til að ráða starfsmann í tvo mánuði sumarið 2014. Jóhanna G. Ólafsson var ráðin til að sinna skipulagsverkefnum, taka saman efni í ársskýrslu og vinna úr gögnum um viðtalsfundi.

Ráðstefnur erlendis

Forstöðumaður sótti tvær ráðstefnur á vormíssi, WRAB-2014 (Writing Research Across Borders) í febrúar og CCCC-þingið (Conference on College Composition and Communication) í mars. Þar fjallaði hann um hvernig ágríp nemendaritgerða endurspeglar vitund höfunda um sjálfa sig, efnið, fyrirmyndirnar og stofnanamenningu í skólanum.

Sigrún Björk Cortes jafningjaráðgjafi og grunnskólakennari sótti ráðstefnu Samtaka evrópskra ritvera (EWCA, European Writing Center Association), sem haldin var í Frankfurt við Oder í júlí.

Heimsókn í ritver erlendis

Jóhanna G. Ólafsson heimsótti ritver við University of British Columbia í desember. Ritverið hefur verið starfrækt í 20 ár og tilheyrir enskudeild skólans. Jóhanna hitti stjórnendur ritversins, þær Meghan Aubé og Bryannie Kirk, sem tóku við í september 2012. Ákveðið var að ritverin tvö myndu koma á sambandi, deila reynslu og segja frá því helsta sem er á döfinni. Meghan ráðgerir að koma til Íslands vorið 2015 og mun þá heimsækja ritver Menntavísindasviðs.

Ritver á Hugvísindasviði

Í upphafi árs var stofnað ritver á Hugvísindasviði. Jóhannes Gísli Jónsson, lektor í málfræði við Íslensku- og menningardeild, er forstöðumaður þess. Hann var í nánu sambandi við ritver Menntavísindasviðs um undirbúning, fékk margvíslegar upplýsingar og gögn, sótti starfsmannafundi og námskeið á vegum ritversins og fylgdist með viðtalsfundum. Nokkrir stúdentar úr Íslensku- og menningardeild fylgdust með viðtalsfundum á haustmíssi. Samstarf og samráð hefur verið milli ritveranna um framboð og skipulag örnámskeiða og á heimasíðunum er vísað á milli um viðtalsfundi og upplýsingar.

Annað

Á árinu hefur ritverið hefur veitt jafningjaráðgjöfum tækifæri til að glíma við fjölbreytt verkefni á sviði ráðgjafar, kennslu og ritunar. Flest verkefni eru hluti af starfi ritversins en önnur tengjast hlutverki þess þótt þau séu á vegum annarra.

Deildir fræðasviðsins

Menntavísindasvið menntar kennara fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, uppeldis- og menntunarfræðinga, náms- og kennslufræðinga, íþrótt- og heilsufræðinga, tómstunda- og félagsmálafræðinga og þroskahjálfa. Í öllu námi við Menntavísindasvið er lögð áhersla á sterk tengsl við þær stéttir sem sviðið menntar og starfsvettvang þeirra, s.s. skóla og aðrar stofnanir samfélagsins.

Á Menntavísindasviði eru starfandi þrjár deildir: Íþróttta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild. Auk þess er boðið upp á doktorsnám þvert á deildir.

Doktorsnám

Doktorsnám á Menntavísindasviði hefur sérstöðu meðal fræðasviða Háskólans að því leyti að námið er skipulagt þvert á deildir sviðsins. Námið er í örri þróun og koma margir að uppbyggingu þess undir forystu doktorsráðs.


Hægt er að ljúka doktorsnámi á sviðinu með tvennum hætti:

- Ph.D.-nám í menntunarfræði, 180–240 e
- Ed.D.-nám í menntunarfræði, 180 e

Á vegum doktorsráðs voru skipulagðar innlendir og alþjóðlegar málstofur. Málstofurnar voru haldnar reglulega í samvinnu við rannsóknastofur og fræðimenn á Menntavísindasviði þar sem doktorsnemar, ásamt leiðbeinendum, kynntu verkefni sín og rannsóknir. Doktorsnemar skipulögðu enn fremur vorráðstefnu. Fjórir doktorsnemar fóru í áfangamat á árinu. Þeir kynntu rannsóknaverkefni sín á opnum kynningum áður en þau voru metin á lokuðum fundum með matsnefnd.

Vefsíða doktorsnámsins er <http://vefsetur.hi.is/mvsdoktorsnam>.

Skipurit Menntavísindasviðs og stofnana þess



Íþróttta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

Stjórn og skipulag deildarinnar

Í Íþróttta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild eru þrjár námsbrautir: íþróttta- og heilsufræðibraut, tómstunda- og félagsmálafræðibraut, þroskaþjálfarafræðibraut.

Íþrótt- og heilsufræði

Á vormisseri var formaður námsbrautarinnar í grunnnámi Hafþór B. Guðmundsson lektor og varaformaður Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor. Formaður námsbrautarinnar í framhaldsnámi var Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor og varaformaður Erlingur S. Jóhannsson prófessor. Á haustmisseri var formaður námsbrautarinnar í grunnnámi Hafþór B. Guðmundsson lektor og varaformaður Örn Ólafsson lektor. Formaður námsbrautarinnar í framhaldsnámi var Anna Sigríður Ólafsdóttir dósent og varaformaður Guðmundur Sæmundsson aðjunkt.

Tómstunda- og félagsmálafræði

Á vormisseri var formaður námsbrautarinnar í grunnnámi Jakob Frímann Þorsteinsson aðjunkt og varaformaður Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir lektor. Formaður námsbrautarinnar í framhaldsnámi var Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir lektor og varaformaður Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir lektor. Á haustmisseri var formaður námsbrautarinnar í grunnnámi Jakob Frímann Þorsteinsson aðjunkt og varaformaður Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir lektor. Formaður námsbrautarinnar í framhaldsnámi var Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir lektor og varaformaður Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir lektor.

Þroskaþjálfafraeði

Bæði misserin var formaður námsbrautarinnar í grunn- og framhaldsnámi Kristín Björnsdóttir lektor (rannsóknamisseri þó vorið 2014) og varaformaður og starfandi formaður var þá Guðrún V. Stefánsdóttir dósent. Á haustmisseri var Lilja Össurardóttir aðjunkt varaformaður námsbrautarinnar.

Deildarforseti og deildarráð

Á vormisseri var Ástríður Stefánsdóttir dósent deildarforseti og Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor varadeildarforseti. Á haustmisseri var Erlingur S. Jóhannsson prófessor deildarforseti og Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir lektor varadeildarforseti.

Deildarráð Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar skipa deildarforseti, varadeildarforseti, formenn og varaformenn námsbrauta, sem og fulltrúar nemenda. Fulltrúar nemenda voru á árinu: íþrótt- og heilsufræði: Heimir Hallgrímsson (vormisseri) og Salóme Rut Harðardóttir (haustmisseri), tómstunda- og félagsmálafræði: Skarphéðinn Magnússon (bæði misserin) og þroskaþjálfafraeði: Fanney Sumarliðadóttir (vormisseri) og Óli Freyr Axelsson (haustmisseri).

Starfsfólk

Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild			
	Aðjunkt	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	5	4,7
	– karlar	6	4,6
	Lektorar		
	– konur	5	5
	– karlar	3	3
	Dósentar		
	– konur	4	4
	– karlar	0	0
	Prófessorar		
	– konur	0	0
	– karlar	2	2
	Samtals	25	23,3

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Í Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild eru tveir prófessorar, fjórir dósentar, átta lektorar og 11 aðjunktur í 23,5 stöðugildum, 22 í fullu starfi en þrír í hlutastarfi. Níu kennarar við deildina stunda doktorsnám, þar af luku tveir doktorsgráðu á árinu.

Nám og kennsla

Í deildinni voru 442 nemendur í grunn- og framhaldsnámi, 134 karlar og 308 konur. Lögð er áhersla á að bjóða metnaðarfullt nám fyrir þær fagstéttir sem deildin brautskráir. Námsbrautir deildarinnar starfa sjálfstætt þar sem þær byggja á ólíkri hugmyndafræði og faglegar áherslur eru því um margt ólíkar. Jafnframt byggja þær á þverfaglegum grunni og því er samstarf við aðrar deildir á Menntavísindasviði og önnur fræðasvið Háskóla Íslands mikilvæg í öllu starfi deildarinnar. Deildin brautskráir fagfólk til starfa á ýmsum sviðum samfélagsins eftir þriggja ára grunnnám. Ávallt hefur því verið lögð rík áhersla á sterka samfélagsvitund og mikla vettvangstengingu í náminu. Deildin menntar fólk til starfa á sviði æskulýðsmála, félagsþjónustu sveitarfélaga, kennslu og skólamála og lýðheilsu og þjálfunar á öllum aldursskeiðum. Nám í deildinni er í mikilli þróun og örum vexti en fræðigreinar deildarinnar eiga sér ekki langa sögu á háskólastigi hérlendis. Við slíkar aðstæður er rannsókn- og þróunarstarf afar mikilvægt og hefur í stefnu deildarinnar verið lögð rík áhersla á að efla þann þátt í starfseminni.

Í íþróttá- og heilsufræði er boðið 180e grunnnám til BS-gráðu og 120e framhaldsnám til M.Ed.- eða MS-gráðu. Einnig er íþróttakennurum sem brautskráðust frá Íþróttakennaraskóla Íslands fyrir 1998 boðið 60e viðbótarnám til að ljúka BS-gráðu. Í grunnnámi sérhæfa nemendur sig á öðru tveggja kjörsviðanna Kennari eða Þjálfari. Þeir sem ljúka námi af kjörsviðinu Kennari ljúka 80e í uppeldis- og kennslufræði og 100e í faggreinum. Þeir sem ljúka námi af kjörsviðinu Þjálfari ljúka 50e í uppeldis- og kennslufræði og 130e í faggreinum. Lögð er áhersla á að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði íþróttakennslu, heilsuræktar og þjálfunar, m.a. við þjálfun íþróttafólks, þjálfun á heilsuræktarstöðvum, þjálfun aldreaðra og við æskulýðs- og félagsmálastörf.

Í M.Ed.-námi eru nemendur sérstaklega búnir undir íþróttakennslu í grunnskóla og ljúka þeir 40e í uppeldis- og kennslufræði og 80e í faggreinum. Í MS-námi eru nemendur búnir undir frekara nám í íþróttá- og heilsufræði og bæta auk þess við sig sérhæfingu á sviði þjálfunar til viðbótar við það sem þeir lærðu í BS-náminu. Í MS-náminu er hægt að ljúka 10e til viðbótar í uppeldis- og kennslufræði og þá er hægt að sækja um leyfisbréf sem kennari í framhaldsskóla. Meistaránám í íþróttá- og heilsufræði er samstarfsverkefni námsbrautar í íþróttá- og heilsufræði á Menntavísindasviði og Heilbrigðisvísindasviðs.

Í tómsunda- og félagsmálafræði er boðið 180e grunnnám til BA-gráðu og framhaldsnám til M.Ed.-gráðu. Einnig er hægt að ljúka tómsunda- og félagsmálafræði sem 120e aðalgrein og 60e aukagrein. Lögð er áhersla á að nemendur fái heildarsýn yfir þá starfsemi sem fer fram í frítíma fólks á öllum aldri og kynnist menningar- og uppeldishlutverki tómsundastarfs. Nám í tómsunda- og félagsmálafræði felur m.a. í sér að nemendur öðlast víðtæka þekkingu og kunnáttu í að skipuleggja, stjórna, framkvæma og meta tómsundastarf fyrir fólk á öllum aldri. Í lok námsins fá nemendur tækifæri til að sérhæfa sig á einu af sérsviðum tómsunda- og félagsmálafræðanna.

M.Ed.-nám í tómsunda- og félagsmálafræði hefur verið í stöðugri þróun. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að efla einstök námskeið á sviði tómsundafræða. Vorið 2014 var boðið í fyrsta sinn upp á einingabæra málstofu meistaránema í tómsunda- og félagsmálafræði og þroskaþjálfufræði til að styðja við lokaverkefni. Lögð er áhersla á að lokaverkefni í meistaránámi skapi hagnýta og fræðilega þekkingu á tómsunda- og félagsstarfi og stuðli að fagþróun.

Í þroskaþjálfafræði er boðið 180e grunnám til BA-gráðu og 120e framhaldsnám til MA-gráðu. Einnig er þroskaþjálfafræði sem luku prófi frá þroskaþjálfafræðis skólans boði að bæta við sig 30 einingum til að ljúka BA-prófi í þroskaþjálfafræði. Nám í þroskaþjálfafræði felur í sér víðtæka og þverfaglega þekkingu sem endurspeglar kunnáttu í að skapa fötluðu fólki eðlilegt og sjálfstætt líf í samfélagi fyrir alla.

Í MA-námi í þroskaþjálfafræði er hægt að velja á milli rannsóknatengds og starfstengds náms. Í rannsóknatengdu námi er nemendum er gefinn kostur á að sérhæfa sig í rannsóknum á vettvangi fatlaðs fólks. Í starfstengdu námi gefst nemendum færi á að dýpka þekkingu sína á sviðinu til að vera leiðandi í þjónustu við fatlað fólk.

Á árinu stunduðu 13 nemendur starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun. Um er að ræða tveggja ára starfstengt nám sem lýkur með grundiplómu. Þetta var síðara ár þessa hóps, sem var tekinn inn í námið haustið 2013. Tekið er inn í námið annað hvert ár, fyrst árið 2009.

Tengsl við vettvang

Námsbrautir deildarinnar eru í miklu samstarfi við vettvang. Umtalsvert vettvangsnám er á öllum námsbrautum, þróunarverkefni unnin og haldnar eru ráðstefnur, fræðsluerindi og fundir í samstarfi við vettvang. Tveir sérfræðingar frá vettvangi eru í hlutastarfi á námsbraut í tómsunda- og félagsmálafræði og unnið hefur verið markvisst að þróun vettvangsnáms og lokaverkefna með áherslu á þessa tengingu. Enn fremur hefur sérstök áhersla verið lögð á að skýra þann hugtakagrunn sem tómsundafræðin byggir á með stofnun orðanefndar í tómsundafræðum. Rannsókn- og þróunarverkefni sem eru unnin af nemendum eða fræðimönnum deildarinnar tengjast mörg hver beint eða óbeint því starfi sem fer fram á vettvangi. Má þar meðal annars nefna rannsóknir á heilsufari fólks í skólum, verkefni sem tengjast tómsunda- og félagsmálum og rannsóknir á vettvangi fatlaðs fólks.

Rannsóknir

Helstu viðfangsefni rannsókna kennara við deildina eru á sviði í þróttá- og heilsufræða, næringarfræði, barna- og æskulýðsfræða, tómsundafræða, óformlegs náms og útináms, stjórnsýslu og félagsvísinda, þroskaþjálfafræða, fötlunarfræða, sálfræði og siðfræði.

Í tengslum við Íþróttá- og heilsufræði á Laugarvatni starfar öflug rannsóknastofa þar sem unnið er að fjölda rannsóknaverkefna, sjá nánar kafla um rannsóknastofur. Fjölmargin styrkir til ýmiss konar rannsóknaverkefna fengust á árinu og nokkrar alþjóðlegar ritýndar vísindagreinar voru birtar í erlendum vísindatímaritum, auk birtinga í innlendum tímaritum.

Rannsóknir og þróunarverkefni í tómsunda- og félagsmálafræði eru einkum á sviði félags- og uppeldisfræði. Sem dæmi um verkefni má nefna fagmennsku og starfsaðferðir í æskulýðsstarfi, uppeldisgildi viðburða, einelti í ýmsum myndum, börn og náttúru, útinám, skilgreiningu hugtaka og rannsóknir sem tengjast náminu sjálfu, gildi þess og gæðum. Einnig hefur verið lögð áhersla á þátttöku í stefnumótun á sviði æskulýðsmála hjá ríki og sveitarfélögum með beinni þátttöku í gerð stefnu í æskulýðsmálum fyrir ríkið og gerð viðmiða fyrir innra og ytra mat á frístundastarfi hjá Reykjavíkurborg. Námsbraut í tómsundafræði er hluti af Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsrannsóknum sem starfar á Menntavísindasviði og leggur stund á rannsóknir er varða málefni barna og unglinga í víðu samhengi.

Í þroskaþjálfafræði hefur áherslan m.a. verið á rannsóknir í samvinnu við fatlað fólk. Má þar nefna líffsögurannsóknir, rannsóknir sem beinast að notendastýrðri persónulegri aðstoð við fatlað fólk og þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Auk þess hefur verið lögð áhersla á greiningu á

siðferðilegum álitamálum fagstétta og störfum þroskaþjálfara. Rannsóknastofa í þroskaþjálfarafræði er starfrækt. Markmið hennar er meðal annars að stuðla að auknum rannsóknum, ráðgjöf og þróunarstarfi í málaflokkum fatlaðs fólks og á störfum þroskaþjálfara. Á vegum rannsóknastofunnar voru skipulagðir fræðslufyrirlestrar og unnið að nýju rannsóknaverkefni sem ber heitið Sálfræði og fullorðinsár.

Gæðamál

Deildin tók þátt í árlegri kennslukönnun Háskóla Íslands. Matsfundir hafa verið haldnir með nemendum á öllum námsbrautum, bæði í grunn- og framhaldsnámi, og niðurstöður þeirra notaðar til að meta stöðu náms og kennslu og efla og styrkja faglegt starf deildarinnar enn frekar en áður. Á árinu var unnið eftir aðgerðamarkmiðum sem sett voru fram við innra gæðamat árið 2013. Gert er ráð fyrir að framhaldsskýrslu verði skilað vorið 2015 þar sem farið verður yfir aðgerðamarkmið gæðamatsins og útlistað hvernig þeirri vinnu miðar.

Viðburðir

Deildin tók þátt í kynningardegi háskólans á Háskólatorgi, sem var vel sóttur.

Brautskráðir stúdentar frá Íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild 2014

Íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
B.Ed.	Íprótta- og heilsufræði	1		1
	Ípróttafræði	1		1
B.Ed. Alls		2		2
BA	Tómsunda- og félagsmálafræði	6	18	24
	Þroskaþjálfarafræði	1	44	45
BA Alls		7	62	69
BS	Íprótta- og heilsufræði	14	13	27
BS Alls		14	13	27
Doktorspróf	Ípróttafræði	1		1
	Íprótta- og heilsufræði	1		1
Doktorspróf Alls		2		2
M.Ed.	Íprótta- og heilsufræði	1	2	3
M.Ed. Alls		1	2	3
MS	Íprótta- og heilsufræði	1		1
MS Alls		1		1
Viðbótardiplóma	Heilbrigði og heilsuuppeldi		6	6
	Þroskaþjálfarafræði		2	2
Viðbótardiplóma Alls			8	8
Alls úr deildinni á árinu		27	85	112

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kandidata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandidata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kandidata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Kennaradeild

Stjórn og skipulag deildarinnar

Í Kennaradeild eru fjórar námsbrautir: menntun ungra barna í leik- og grunnskóla, grunnskólakennsla, faggreinakennsla í grunnskóla og kennslufræði framhaldsskóla og háskóla.

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla

Formaður námsbrautarinnar var Arna H. Jónsdóttir lektor.

Grunnskólakennsla

Formaður námsbrautarinnar var Meyvant Þórólfsson dósent.

Faggreinakennsla í grunnskóla

Formaður námsbrautarinnar var Freyja Hreinsdóttir dósent.

Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla

Formaður námsbrautarinnar var Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor. Hann var á rannsóknamisseri á haustmisseri og Þuríður Jóhannsdóttir dósent var formaður námsbrautarinnar þann tíma.

Á öllum námsbrautum er bæði grunn- og framhaldsnám.

Deildarforseti og deildarráð

Deildarforseti var Gunnhildur Óskarsdóttir dósent og Guðbjörg Pálsdóttir dósent var varadeildarforseti. Á vormisseri skipuðu deildarráð, auk deildarforseta, varadeildarforseta og formanna námsbrauta, eftirtaldir fulltrúar kennara: Kristín Karlsdóttir lektor, Stefán Jökulsson lektor, Freyja Hreinsdóttir dósent og Helgi Skúli Kjartansson prófessor. Varamenn voru Þórður Helgason dósent, Hrefna Sigurjónsdóttir prófessor og Hrönn Pálmadóttir lektor. Á haustmisseri (1. júlí) tók til starfa nýtt deildarráð og voru fulltrúar kennara þá Þuríður Jóhannsdóttir dósent, Kristín Karlsdóttir lektor, Baldur Sigurðsson dósent og Ólöf Garðarsdóttir prófessor. Varamenn voru Lilja M. Jónsdóttir lektor, Kristján Jóhann Jónsson dósent, Amalía Björnsdóttir dósent og Kristín Jónsdóttir lektor.

Fulltrúar nemenda í deildarráði voru Bæring Jón Guðmundsson (bæði misserin), Páll Ásgeir Torfason og Ólöf Rut Halldórsdóttir (á vormisseri) og Bryngeir Valdimarsson (á haustmisseri).

Deildarstjóri á kennsluskrifstofu er Sigríður Pétursdóttir og verkefnastjóri er Jóhanna Karitas Traustadóttir.

Starfsfólk

Kennaradeild			
	Aðjunkt	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	10	7,51
	– karlar	2	1,49
	Lektorar		
	– konur	21	19,98
	– karlar	7	6,49
	Dósentar		
	– konur	14	12,04
	– karlar	14	11,21
	Prófessorar		
	– konur	3	3
	– karlar	8	5,96
	Samtals	79	67,68

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Samtals voru í Kennaradeild 79 kennarar, prófessorar, dósentar, lektorar og aðjunktur. Stjórnsýslustarfsfólk deildarinnar tilheyrir kennsluskrifstofu.

Stefna Kennaradeildar

Meginhlutverk Kennaradeildar er að hafa forystu um vandaða menntun fyrir kennara á öllum skólastigum. Kennaradeild menntar, í samstarfi við þá sem starfa á vettvangi, öflugt fagfólk til að leggja grunn að árangursríku starfi í skólum landsins og leiða faglega þróun þess. Deildin leggur því áherslu á rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntamála og skólustarfs.

Í Kennaradeild er lögð alúð við fólk og fræði. Það felur í sér að starfshættir deildarinnar byggjast á lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni og virðingu fyrir einstaklingum og margbreytileika mannlífsins. Lögð er áhersla á vísindaleg vinnubrögð, siðferðilega ábyrgð, gagnrýna hugsun og skapandi starf.

Í Kennaradeild er litið á kennaramenntun sem ævimenntun og starfsþróun sem mikilvæg þátt í starfi hvers kennara.

Nám og kennsla

Nám til B.Ed.-gráðu var í boði á öllum námsbrautum deildarinnar:

- Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla.
- Grunnskólakennsla. Þar sérhæfa nemar sig í kennslu tveggja námsgreina.
- Faggreinakennsla. Þar sérhæfa nemar sig í einni kennslugrein grunnskólans
- Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla. Þar sérhæfa nemar sig í verk- og starfsmenntun.

Einnig var í boði 60 eininga grunndiplóma í kennslufræði fyrir iðnmeistara og í fyrsta skipti var í boði 120e grunndiplóma í leikskólafræði.

Í framhaldsnámi voru sömu námsbrautir og í grunnnámi í boði til M.Ed.-gráðu fyrir verðandi leik- og grunnskólakennara:

- Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla. Þar var í fyrsta skipti í boði 120e nám til meistarágráðu fyrir þá sem hafa lokið bakkalárgráðu í greinum sem tengjast námssviðum leikskóla.
- Menntunarfræði leikskóla.
- Grunnskólakennsla.
- Faggreinakennsla.

Innan þessara þriggja námsbrauta er náms- og kennslufræði, MA, M.Ed., og viðbótardiplóma sem er framhaldsnám fyrir starfandi kennara og aðra sem starfa við uppeldi og menntun.

Á námsbrautinni Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla er boðið upp á þverfræðilegt nám til MA-, MS- og M.Ed.-gráðu og viðbótardiplóma (sem nefnist Menntun framhaldsskólakennara).

Þverfræðilegt framhaldsnám hefur þá sérstöðu að það heyrir ekki faglega undir eina tiltekna deild þar sem margar deildir skólans eiga aðild að því. Stjórnsýsla námsbrautarinnar er í Kennaradeild en fagleg umsjá þess er í höndum sjö manna námsstjórnar sem í eiga sæti fulltrúar allra fræðasviða háskólans, fulltrúi frá Félagi íslenskra framhaldsskóla og formaður, sem skipaður er af rektor. Í sérstökum kafla síðar í árbókinni er fjallað um þverfræðilegt framhaldsnám, þ.á m. þetta nám.

Viðbótardiplóman, Menntun framhaldsskólakennara, er nám til 60e fyrir þá sem þegar hafa lokið meistarágráðu sem felur í sér 180e í kennslugrein framhaldsskóla. Kennslufræði háskóla er 30e diplóma fyrir þá sem kenna á háskólastigi.

Lögð er áhersla á fjölbreytt nám sem býr kennara á öllum skólastigum undir að móta námsumhverfi við hæfi fjölbreytts nemendahóps og undir leiðtogastörf í skólum landsins. Nánar er greint frá námsleiðum á hverri námsbraut hér að neðan.

Grunnnám:

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla

Námsleiðir:

- Kennsla ungra barna í grunnskóla, B.Ed., 180 e
- Leikskólakennarafræði, B.Ed., 180 e
- Leikskólafræði, diplóma, 120 e
- Leikskólakennarafræði, aukagrein, 60 e
- Leikskólakennarafræði, viðbótarnám, 30 e

Grunnskólakennsla (tvö kjörsvið, nemendur velja tvö af 12 kjörsviðum)

Námsleiðir:

- Grunnskólakennsla, tvö kjörsvið, B.Ed., 180 e
- Grunnskólakennarafræði, aukagrein, 60 e
- Grunnskólakennarafræði, viðbótarnám, 30 e

Faggreinakennsla í grunnskóla (eitt kjörsvið, val á milli 12 kjörsviða)

Námsleið:

- Faggreinakennsla í grunnskóla, eitt kjörsvið, B.Ed., 180 e

Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla

Námsleiðir:

- Kennslufræði fyrir iðnmeistara, grunndiplóma, 60e
- Kennslufræði verk- og starfsmenntunar, B.Ed., 120e aðalgrein (og 60e aukagrein að eigin vali)

Meistaránám:

Menntun ungra barna í leik- og grunnskóla

Námsleiðir:

- Kennsla ungra barna í grunnskóla, M.Ed., 120 e
- Leikskólakennarafræði, M.Ed., 120e
- Menntunarfræði leikskóla, M.Ed., 120 e
- Náms- og kennslufræði, M.Ed., 120e – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna
- Náms- og kennslufræði, MA, 120e – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna
- Náms- og kennslufræði – með áherslu á menntunar- og kennslufræði yngri barna, viðbótardiplóma, 60 e

Grunnskólakennsla

Námsleið:

- Grunnskólakennsla, M.Ed., 120 e

Faggreinakennsla í grunnskóla

Námsleiðir:

- Faggreinakennsla í grunnskóla, M.Ed., 120 e
- Kennslufræði grunnskóla, M.Ed., 120 e

Náms- og kennslufræði fyrir kennara með leyfisbréf

Námsleiðir:

- Náms- og kennslufræði, M.Ed., 120e – mörg kjörsvið
- Náms- og kennslufræði, MA, 120e – mörg kjörsvið
- Náms- og kennslufræði, viðbótardiplóma, 60e – mörg kjörsvið

Kennslufræði framhaldsskóla og háskóla

- Menntun framhaldsskólakennara, M.Ed., 120 e
- Menntun framhaldsskólakennara, viðbótardiplóma, 60 e
- Menntun framhaldsskólakennara, MA, 120e þverfaglegt nám
- Menntun framhaldsskólakennara, MS, 120e þverfaglegt nám
- Kennslufræði háskóla, viðbótardiplóma, 30 e

Vettvangsnám og tengsl við vettvang

Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við starfsvettvanginn sem deildin menntar til. Vettvangsnám kennaranema í leik-, grunn- og framhaldsskólum er stór þáttur í starfi deildarinnar og hafa verið gerðir samstarfssamningar við fjölmarga skóla í landinu. Samstarfsskólarnir taka þátt í að mennta kennara með því að veita kennaranemum leiðsögn í vettvangsnámi og opna þeim dyr að skólasamfélaginu. Allir kennaranemar fara í vettvangsnám á hverju ári í mislangan tíma í einu og auk þess eru vettvangstengingar í mörgum námskeiðum. Eins og fram kemur í kaflanum um stefnu deildarinnar er áhersla lögð á rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntamála og skólastarfs og er vettvangsnám kennaraefna dæmi um farveg fyrir slíkt starf.

Ný lög og reglugerð um inntak kennaramenntunar tóku gildi 1. júlí 2011. Í fyrsta skipti er kveðið á um inntak kennaramenntunar í lögum frá Alþingi og í reglugerð. Samkvæmt reglugerðinni skulu kennarar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi hafa lokið ákveðnum einingafjölda í námi sínu, annars vegar í uppeldis- og kennslufræði og hins vegar í kennslugrein eða námssviði sem þeir sérhæfa sig í. Héðan í frá þurfa allir kennarar í leik-, grunn- og framhaldsskólum að hafa lokið meistaraprófi til að fá starfsleyfi sem kennarar. Fyrsti nemendahópurinn í fimm ára kennaranámi hóf nám á meistarastigi haustið 2012 og útskrifaðist með meistaragráðu árið 2014. Í kennaranámi bjóðast margar ólíkar leiðir til þess að verða kennari eins og yfirlitsmyndin hér að neðan sýnir.


Áfram var unnið að mótun námssviða í kennaranámi fyrir öll skólastig í samvinnu við Uppeldis- og menntunarfræðideild. Markmið með námssviðum er að kennaranemar geti sérhæft sig í ákveðnum þáttum skólstarfs með hliðsjón af áherslum í nýjum aðalnámskrám mennta- og menningarmálaráðuneytisins og með tilliti til þarfa skólakerfisins.

Vorið 2014 fengu útskrifaðir leik- og grunnskólakennarar starfsleyfi afhent með prófskírteinum við brautskráningu frá Kennaradeild í fyrsta skipti en Háskóli Íslands tók þá að sér það verkefni að veita nýútskrifuðum leik- og grunnskólakennurum starfsleyfi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Samstarf var aukið við innlenda og erlenda háskóla, sér í lagi með það að markmiði að auka möguleika nemenda til sérhæfingar. Sex gistiprófessorar voru ráðnir að sviðinu á árinu og leggur deildin mikið upp úr því að nýta þá og sérþekkingu þeirra sem best. Einn þeirra, Kari Smith prófessor við Háskólann í Bergen, er sérfræðingur í starfstengdri leiðsögn, sem deildin leggur sérstaka áherslu á að efla.

Töluverðar breytingar hafa orðið á starfi Kennaradeildar þar sem allir verðandi kennarar þurfa nú að ljúka meistaraprófi. Það hefur þau áhrif að stærri hluti nemenda en áður stundar nám á meistarastigi. Á árinu var unnið að því að styrkja umgjörð meistaraverkefna í nýju kennaranámi í ljósi þess að mun fleiri nemar þurfa nú leiðsögn við meistaraprófsverkefni en áður. Meistaraprófskrafan felur einnig í sér þá nýbreytni að kennaraefni munu stunda vettvangsnám á meistarastigi og er vonast til að það skapi jarðveg fyrir aukna skólaþróun í samstarfsskólum Menntavísindasviðs.

Nýtt kennaranám – margar leiðir



Rannsóknir

Kennarar í deildinni leggja áherslu á rannsóknir á sviði náms og kennslu í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum og fullorðinsfræðslu. Þær beinast m.a. að námi og kennslu einstakra námsgreina eða námssviða eða að almennari atriðum skólastarfs, s.s. kennslu barna með sérþarfir, lýðræði í skólastarfi, líðan og námsárangri og samstarfi við foreldra. Rannsóknir tengjast nokkrum rannsóknastofum á sviðinu, m.a. um menntunarfræði ungra barna, upplýsingatækni og skólustarf, um skóla án aðgreiningar, mál og læsi og um kennslufræði og starfshætti í skólum. Kennarar deildarinnar

taka einnig þátt í þróunarstörfum í skólum, ýmist sem rannsakendur eða sem ráðgjafar. Samstarf um rannsóknir er við aðra háskóla, t.d. við Háskólann á Akureyri.

Gæðamál

Samkvæmt rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi er gert ráð fyrir að á tímabilinu 2011/2012 til 2015/2016 verði allar faglegar einingar á öllum námsstigum í öllum íslenskum háskólum metnar og var komið að Kennaradeild að gera gæðaúttekt á skólaárinu 2014–2015. Skipaður var sjálfsmatshópur sem samanstóð af deildarforseta, varadeildarforseta, brautarformönnum og fulltrúum nemenda, ásamt einum innlendum utanaðkomandi aðila og einum erlendum sérfræðingi, auk ritara. Haldnir voru rýnihópafundir með nemendum, spurningalisti sendur til kennara og rýnt í skýrslur og viðeigandi gögn, auk þess sem erlendi sérfræðingurinn tók viðtöl við stjórnendur, kennara og nemendur. Gert er ráð fyrir að skýrsla sjálfsmatshópsins verði tilbúin vorið 2015.

Brautskráðir stúdentar frá Kennaradeild 2014

Kennaradeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
B.Ed.	Faggreinakennsla í grunnskóla	5	24	29
	Grunnskólakennarafræði	1	14	15
	Grunnskólakennsla	2	21	23
	Kennsla ungra barna í grunnskóla	1	14	15
	Leikskólakennarafræði		14	14
B.Ed. Alls		9	87	96
Doktorspróf	Menntunarfræði	1	2	3
Doktorspróf Alls		1	2	3
Grunndiplóma	Kennslufræði		1	1
	Kennslufræði fyrir iðnmeistara	15	13	28
Grunndiplóma Alls		15	14	29
M.Ed.	Faggreinakennsla í grunnskóla		13	13
	Grunnskólakennsla		3	3
	Kennsla ungra barna í grunnskóla		8	8
	Kennslufræði framhaldsskóla	1	7	8
	Kennslufræði grunnskóla		3	3
	Leikskólakennarafræði		8	8
	Náms- og kennslufræði	3	21	24
M.Ed. Alls		4	63	67
Viðbótardiplóma	Kennslufræði framhaldsskóla	3	3	6
	Kennslufræði háskóla	1	4	5
	Leikskólakennarafræði		2	2
	Náms- og kennslufræði		6	6
Viðbótardiplóma Alls		4	15	19
Alls úr deildinni á árinu		33	181	214

Tölur í þessari töflu eru frá kennslusviði háskólans og gilda um brautskráða kandiðata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiðata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennslusviði um brautskráða kandiðata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

HÁSKÓLI ÍSLANDS



Uppeldis- og menntunarfræðideild

Stjórn og skipulag deildarinnar

Í Uppeldis- og menntunarfræðideild eru þrjár námsbrautir: menntunarfræði og margbreytileiki, Menntastjórnun og matsfræði og sálfræði í uppeldis- og menntavísindum.

Menntunarfræði og margbreytileiki

Formaður námsbrautarinnar var Ólafur Páll Jónsson dósent á vormisseri og Hanna Ragnarsdóttir á haustmisseri.

Menntastjórnun og matsfræði

Formaður námsbrautarinnar var Börkur Hansen prófessor.

Sálfræði í uppeldis- og menntavísindum

Formaður námsbrautarinnar var Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor.

Deildarforseti og deildarráð

Á vormisseri var Hanna Ragnarsdóttir prófessor deildarforseti og Ólafur Páll Jónsson dósent varadeildarforseti. Á haustmisseri var Ólafur Páll Jónsson deildarforseti og Steinunn Helga Lárusdóttir varadeildarforseti. Deildarráð skipa deildarforseti, formenn námsbrauta og fulltrúar nemenda. Fulltrúar nemenda í deildarráði voru: Anna Birna Fossberg Óskarsdóttir (grunn nám) á vormisseri og Sólveig Sigurðardóttir (grunn nám) á haustmisseri og Júlíana Vilhjálmsdóttir (framhaldsnám) bæði misserin.

Deildarstjóri á kennsluskrifstofu var Ásdís Hrefna Haraldsdóttir.

Meginstefna deildarinnar er að stunda rannsóknir á ýmsum viðfangsefnum uppeldis og menntunar og skapa námsumhverfi á grunn-, meistara- og doktorsstigi fyrir þá sem vilja efla sig sem fagmenn á sviði kennslu, rannsókna, stjórnunar eða í öðru starfi á vettvangi uppeldis og menntunar.

Starfsfólk

Uppeldis- og menntunarfræðideild		
Aðjunkt	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	3	1,49
– karlar	0	0
Lektorar		
– konur	3	3
– karlar	2	2
Dósentar		
– konur	1	1
– karlar	1	1
Prófessorar		
– konur	7	4,96
– karlar	2	2
Samtals	19	15,45

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Í deildinni störfuðu samtals 19 kennarar, 9 prófessorar, 3 dósentar, 5 lektorar og 2 aðjuntar. Ellefu eru í fullu starfi en átta í hlutastarfi. Auk þess störfuðu nokkrir stundakennarar við deildina.

Nám og kennsla

Í Uppeldis- og menntunarfræðideild er boðið upp á fjölbreytt nám í uppeldis- og menntunarfræði, bæði með innlendum og alþjóðlegum áherslum. Nemendum gefst kostur á að læra um nám, þroska, uppeldi, menntun og stjórnun, m.a. frá sjónarhóli menntunarfræði, sálfræði, félagsfræði, heimspeki og siðfræði. Jafnframt er lögð rík áhersla á undirbúning fyrir frekari rannsóknir og tengsl við væntanlegan starfsvettvang.

Haustið 2014 lauk skipulagsbreytingum sem hófust árið 2013 á námsbrautinni menntunarfræði og margbreytileiki þegar námsleiðin um nám fullorðinna var færð þangað en áður höfðu fjölmennningarfræði og sérkennslufræði verið sameinuð á þeirri braut með góðum árangri. Breytingarnar eru í takt við þróun náms á þessum fræðasviðum í öðrum löndum og fellur vel að íslenskri menntastefnu og nýjum aðalnámskrám.

Á tveimur námsleiðum í deildinni fer öll kennsla fram á ensku. Það eru BA- og MA-námsleiðir í alþjóðlegu námi í menntunarfræði, International Studies in Education, og tekið er inn í þær námsleiðir annað hvert ár, síðast fyrir skólaárið 2014–2015 á MA-leiðina.

Grunnnám

Í grunnnámi geta nemendur valið um tvönn konar nám á námsbrautinni menntunarfræði og margbreytileiki:

- Uppeldis- og menntunarfræði, BA, 180e eða 120 e
- Alþjóðlegt nám í menntunarfræði – International Studies in Education, BA, 180e

Framhaldsnám

Í framhaldsnámi er fjölbreytt starfs- og rannsóknatengt nám á meistara- og doktorsstigi í boði bæði fyrir þá sem hafa nýlokið grunnnámi og fyrir starfandi kennara og stjórnendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Innan námsbrautanna þriggja ljúka nemendur 120 eininga M.Ed.- eða MA-námi í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á ákveðna námsleið:

- Alþjóðlegt nám í menntunarfræði, MA
- Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn, MA
- Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun, M.Ed., MA
- Lífsleikni, sjálfsmyndir og farsæld, M.Ed., MA
- Lýðræði, jafnrétti og fjölmennning, M.Ed. og MA
- Matsfræði, MA
- Nám fullorðinna, M.Ed., MA
- Sérkennslufræði, M.Ed., MA
- Stjórnunarfræði menntastofnana, M.Ed., MA
- Uppeldis- og menntunarfræði, M.Ed., MA
- Þroski, mál og læsi, MA

Rannsóknir

Helstu rannsóknasvið kennara deildarinnar eru í heimspeki, fjölmennningarfræðum, menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi, námi fullorðinna, kynja- og jafnréttisfræðum, uppeldis- og þroskasálfræði, barna- og æskulýðsfræðum, sérkennslufræðum og skóla án aðgreiningar og á sviði þroska, máls og læsis. Þeir taka m.a. þátt í eða stýra rannsóknnum eftirtalinna rannsóknastofa: Rannsóknastofu í barna- og æskulýðsfræðum, Rannsóknastofu í fjölmennningarfræðum,

Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun, Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar, Rannsóknastofu um þroska, mál og læsi barna og unglunga, Rannsóknastofu um skólastarf, Rannsóknastofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi og Rannsóknasetrinu Lífshættir barna og ungmenna.

Sem dæmi um samstarfsverkefni sem kennarar deildarinnar stýra eða eru þátttakendur í má nefna: Starfshættir í grunnskólum, Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar, Námsrými menntunar án aðgreiningar og félagslegs réttlættis: Sögur um velgengni nemenda af erlendum uppruna og skóla á fjórum Norðurlöndum (Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries), Jafnréttismál kynja í skólum og kennaramenntun, Þekking barna á ofbeldi á heimilum, Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi, Félagsþroski og siðferðiskennd barna og ungmenna, Áhættuhegðun og seigla ungs fólks, Lífsviðhorf og gildismat ungs fólks í fjölmenningsamfélagi, Uppeldissýn foreldra og kennara, Hvað einkennir íslenskt lýðræði? Starfsvenjur, gildi og skilningur.

Tengsl við vettvang

Auk hefðbundinna rannsókna sinna kennarar margvíslegri þjónustu við vettvang. Kennarar deildarinnar hafa t.a.m. farið í fjölmargar heimsóknir í leik-, grunn- og framhaldsskóla í tengslum við innleiðingu nýrra aðalnámskráa. Einnig hafa kennarar deildarinnar tekið þátt í endurmenntun kennara og sinnt margvíslegu þróunarstarfi í skólum, svo að eitthvað sé nefnt. Deildin fékk fjárveitingu til að efla tengsl við vettvang og var gestakennari ráðinn til að skipuleggja og halda utan um námskeið um stjórnun skóla og reynslu af vettvangi.

Gæðamál

Sjálfsmat Uppeldis- og menntunarfræðideildar fór fram á skólaárinu 2012–2013 í samræmi við nýja rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (Icelandic Quality Enhancement Framework) og handbók gæðaráðs háskóla og var áfram unnið að eftirfylgni á árinu. Árleg kennslukönnun var gerð vorið 2014 og kennarar gerðu einnig óformlegar athuganir meðal nemenda um skipulag og þróun tiltekinna námskeiða og voru niðurstöður ræddar á deildarráðs- og deildarfundum. Deildarforseti átti starfsmannasamtal við alla kennara deildarinnar.

Markaðs- og kynningarmál

Starfsfólk deildarinnar, ásamt fulltrúum nemenda, tók þátt í sameiginlegum kynningum Háskóla Íslands á námsframboði á grunn- og framhaldsstigi, auk þess sem haldnir voru sérstakir kynningarfundir fyrir nýnema deildarinnar í húsakynnum sviðsins við Stakkahlíð.

Brautskráðir stúdentar frá Uppeldis- og menntunarfræðideild 2014

Uppeldis- og menntunarfræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BA	Uppeldis- og menntunarfræði		37	37
BA Alls			37	37
Doktorspróf	Menntunarfræði		3	3
	Uppeldis- og menntunarfræði		1	1
Doktorspróf Alls			4	4
M.Ed.	Heimspeki og félagsfræði menntunar	1		1
	Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun		1	1
	Menntunarfræði		1	1
	Nám fullorðinna		1	1
	Sérkennslufræði	1	7	8
	Stjórnunarfræði menntastofnana	3	6	9
	Uppeldis- og menntunarfræði		4	4
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á leiðtogar, nýsköpun og stjórnun		1	1
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á sérkennslufræði		4	4
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnunarfræði menntastofnana	1	4	5
	M.Ed. Alls		6	29
MA	Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn		1	1
	Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun		1	1
	Stjórnunarfræði menntastofnana		1	1
	Uppeldis- og menntunarfræði		1	1
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn		1	1
	Þroski, mál og læsi		1	1
MA Alls			6	6
Viðbótardiplóma	Sérkennslufræði	1	5	6
	Stjórnun menntastofnana	1	7	8
	Uppeldis- og menntunarfræði	1	6	7
	Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnun menntastofnana		2	2
Viðbótardiplóma Alls		3	20	23
Alls úr deildinni á árinu		9	96	105

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kandiðata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiðata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kandiðata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Menntavísindastofnun

Hlutverk Menntavísindastofnunar er að efla rannsóknir og rannsóknahverfi í menntavísindum, ásamt því að veita starfsmönnum Menntavísindasviðs, rannsóknarstofum, stofnunum, opinberum aðilum og félagasamtökum þjónustu, m.a.:

- aðstoða rannsakendur við úrvinnslu gagna og skipulag rannsókna,
- aðstoða við skipulagningu vegna útgáfu og sérrita á vegum Netlu,
- aðstoða við að skipuleggja ráðstefnur á Menntavísindasviði,
- aðstoða við gerð og umsjón heimasíðna rannsóknastofa á Menntavísindasviði,
- veita aðstoð vegna starfsþróunar.

Stjórn og starfsfólk

Frá og með árinu 2013 varð stjórn Menntavísindasviðs einnig stjórn Menntavísindastofnunar (sjá stjórn í upphafi kaflans um sviðið). Starfsmenn Menntavísindastofnunar voru á árinu 2014: Kristín Erla Harðardóttir forstöðumaður, Edda Kjartansdóttir starfsþróunarstjóri, Sigrún Sif Jóelsdóttir, verkefnisstjóri við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu rannsókna o.fl., Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, verkefnisstjóri við eigindlegar rannsóknir, útgáfu, ráðstefnur o.fl., Lára Rún Sigurvinsdóttir, verkefnisstjóri við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu rannsókna o.fl., og Steingerður Ólafsdóttir verkefnisstjóri.

Skýrslur um skóla án aðgreiningar

Starfsfólk Menntavísindastofnunar vann á árinu tvær veigamiklar skýrslur fyrir samstarfshóp fulltrúa frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitafélaga, velferðarráðuneyti, Félagi grunnskólakennara og Skólastjórafélagi Íslands, í nánú samstarfi við Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar. Samstarfshópurinn er liður í samstarfsverkefni um að greina áhrif og framkvæmd stefnunnar um skóla án aðgreiningar í grunnskólum. Hann var skipaður í kjölfar bókunar í samkomulagi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félags grunnskólakennara frá febrúar 2013.

Vinna við fyrri skýrsluna var tvíþætt. Annars vegar voru teknar saman skilgreiningar og túlkningar á hugtakinu skóli án aðgreiningar eins og það birtist í opinberum gögnum og hins vegar voru fræðilegar rannsóknir sem til eru um skóla án aðgreiningar og framkvæmd skólastarfs innan þeirra hugmyndafræði greindar.

Vinna við seinni skýrsluna fólst í að greina hrágögn frá Hagstofu Íslands um framkvæmd skólastarfs án aðgreiningar. Hagstofa Íslands lét í té gagnasöfn fyrir níu aðgreinda flokka um nemendur og starfsfólk grunnskóla á Íslandi til nánari úrvinnslu. Gögnin voru meðal annars greind út frá landshlutum, kyni, árum og bekkjum. Skýrslurnar unnu Sigrún Sif Jóelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Steingerður Ólafsdóttir og Kristín Erla Harðardóttir í samvinnu við Önnu Kristínu Sigurðardóttur dósent og Dóru S. Bjarnason prófessor.

Menntavísindastofnun og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Menntavísindastofnun vann á árinu rannsókn á þátttöku í námi á fullorðinsárum fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Rannsóknin var unnin í samvinnu við helstu sérfræðinga Menntavísindasviðs á þessu sviði, þau Jón Torfa Jónasson, Elsu Eiríksdóttur, Gest Guðmundsson og Hróbjart Árnason. Skýrsluna unnu Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Steingerður Ólafsdóttir og Kristín Erla Harðardóttir. Rannsóknin var eigindleg og voru viðmælendur kallaðir saman í rýnihópa á fyrstu mánuðum ársins. Lára Rún og Sigríður Kristín stýrðu rýnihópunum. Fullorðinsfræðsla hefur þróast mikið hérlendis á síðustu árum, er í stöðugri mótun og tekur sífelldum

breytingum. Krafa um menntun og formleg réttindi hefur aukist í samfélaginu á undanförunum árum og mikilvægt er því að fólk hafi tækifæri til að sækja sér frekari menntun og styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Í ljósi þess er mikilvægt að greina hver er stefna í málefnum um fullorðinsfræðslu og hvernig hún breytist. Markmið rannsóknarinnar var að skoða þátttöku í námi á fullorðinsárum til þess að safna hagnýtum upplýsingum sem nýtast í markvissu starfi í þágu fólks sem hefur ekki lokið námi á framhaldsskólastigi.

Menntavísindastofnun og Velferðarráð Reykjavíkurborgar

Velferðarráð Reykjavíkurborgar leitaði til Önnu Kristínar Sigurðardóttur dósents og Menntavísindastofnunar um aðstoð við að skoða verkferla á þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Anna Kristín leiddi vinnuna og fékk Sigríði Kristínu Hrafnkelsdóttur og Steingerði Ólafsdóttur með sér til starfsins. Þær lögðu fyrir eigindlega könnun og voru 19 stöðluð viðtöl tekin við tvo til þrjá starfsmenn á hverri af sex þjónustumiðstöðvum borgarinnar, auk skrifstofu Velferðarsviðs, skrifstofu Skóla- og frístundasviðs og grunnskóla- og leikskólaskrifstofu. Þá var unnið með fyrirbyggjandi gögn og skýrslur. Anna Kristín og Sigríður Kristín tóku sjálfar viðtölin og skrifuðu skýrsluna í kjölfarið ásamt Steingerði Ólafsdóttur. Markmið úttektarinnar var að kanna hvort samræmi væri á verk- og vinnulagi við sérfræðiþjónustu skóla milli þjónustumiðstöðvanna sex á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Barnaheill og Menntavísindastofnun

Menntavísindastofnun tók að sér að vinna upp úr gögnum sem Barnaheill söfnuðu og skila þeim í skýrslu um verkefnið Vinátta, átak gegn einelti (e. Free of Bullying). Upphaflega var verkefnið þróað í Danmörku og heitir Fri for mobberi en fyrirmyndin er ástralska verkefnið Better Buddies. Margar þjóðir hafa sýnt áhuga á þátttöku í verkefninu en fyrir utan Dani og Íslendinga hefur forkönnun (e. pilot study) átt sér stað á Grænlandi og í Eistlandi. Skýrsluna unnu Lára Rún Sigurvinsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir og Kristín E. Harðardóttir.

Markmið verkefnisins er að koma í veg fyrir einelti í leikskólum með árangursríkum samskiptavenjum og jákvæðu viðhorfi í garð allra í leikskólanum. Þátttaka allra barna, starfsmanna og foreldra barnanna er nauðsynleg til þess að tryggja velgengni verkefnisins og sérstök áhersla er lögð á að ná til barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti án þess að bregðast við því. Einkunnarorð verkefnisins eru umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki. Verkefnið er framkvæmt þannig að þrjú spurningalistar, sem öllum er ætlað að meta og aðlaga verkefnið, eru lagðir fyrir og úr þeim er unnið. Tilgangur fyrsta spurningalistans er að meta aðstæður og væntingar starfsmanna til verkefnisins, hinir spurningalistarnir eru lagðir fyrir á síðari stigum og er ætlað að meta reynslu af verkefninu.

Rannsóknastofur og vefsíður

Mikil áhersla var lögð á árinu á að rannsóknastofur væru virkar og vefsíður þeim tengdar. Öllum vefsíðum rannsóknarstofa var gefið nýtt og samræmt útlit, sem tókst vel. Enn er unnið að þróun þess að gera heimasíðurnar eins góðar og kostur er. Háskóli Íslands gerir kröfu um að allar nýjustu upplýsingar um starfsemi rannsóknarstofa komi fram á vef þeirra. Nýr vefstjóri háskólans tók þátt í vinnu við vefsíðurnar og aðstoðar Menntavísindastofnun og Kolbein Marteinson, kynningarstjóra sviðsins, við að gera þær enn sýnilegri en áður. Undir hatti Menntavísindastofnunar starfa nú 22 rannsóknarstofur. Starfsmenn Menntavísindastofnunar aðstoða fulltrúa rannsóknarstofa ef þeir eiga í erfiðleikum við að koma efni rannsóknarstofanna á framfæri. Stefnt er að því að funda með þeim tengiliðum rannsóknarstofanna sem sjá um að setja inn upplýsingar á vefsíðurnar á fyrstu vikum nýs árs.

Ráðstefnur

Ráðstefna SNÚ (Samtaka náttúru- og útiskóla) var haldin að Laugum í Sælingsdal þar sem um 100 manns og þar af 70 erlendir gestir fræddust um fræðin og reynslu á sviði útínáms. Ráðstefnan var hin fyrsta af sínu tagi á Íslandi og unnin í samstarfi við EOE (Institute of Outdoor Adventure Education and Experiential Learning). Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, starfsmaður Menntavísindastofnunar, tók þátt í undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar. Í undirbúningi nú eru tvær ráðstefnur sem Sigríður vinnur einnig að. Sú fyrri er ráðstefna um rannsóknir og þróunarstarf í framhaldsskólum sem verður haldin þann í september 2015 á vegum Rannsóknastofu um þróun skólustarfs og síðan verður ráðstefnan Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Education in Multicultural Societies sem verður haldin í október 2015 á vegum Rannsóknastofu í fjölmenningarfræðum.

Önnur verkefni

Starfsfólk Menntavísindastofnunar leggur metnað sinn í að aðstoða fræðimenn sviðsins við uppsetningu, framkvæmd og úrvinnslu rannsókna, spurningalista og niðurstaðna, ásamt því að veita alla almenna ráðgjöf á sviði aðferðafræði. Starfsmenn stofnunarinnar tóku þátt í smærri og stærri verkefnum á þessu sviði á árinu fyrir starfsmenn í öllum deildum sviðsins.

Starfsþróun Menntavísindastofnunar

Starfsþróun Menntavísindastofnunar er hluti Menntavísindastofnunar og varð til er Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf við Menntavísindasvið sameinaðist Menntavísindastofnun árið 2013. Starfsþróun Menntavísindastofnunar stendur fyrir námskeiðum, fræðslufundum og fyrirlestrum fyrir skóla, stofnanir, félagasamtök og einstaklinga og vinnur ýmis fagleg þjónustuverkefni, einkum fyrir skóla og sveitarfélög. Starfsþróun kemur einnig að skipulagi ráðstefna og forstöðumaður hennar vinnur með vettvangsráði sviðsins. Forstöðumaður Starfsþróunar Menntavísindastofnunar er Edda Kjartansdóttir.

Starfsþróun Menntavísindastofnunar fékk styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að halda námskeið um eftirfarandi efni á árinu: skapandi ritun, NaNO – náttúruvísindi á nýrri öld (vísindi með sjálfbærni að leiðarljósi), GeoGebra – öflug tæki í stærðfræðikennslu, sköpun í skólafundum, stærðfræðinámskeið fyrir kennara á yngsta stigi, opin viðfangsefni – námskeið fyrir kennara í textílmennt, heilsuefling – lýðheilsa í grunnskólum og að rýna í eigið starf – starfendarannsóknir til þróunar kennsluhátta í takt við nýja námskrá. Þessi námskeið sóttu um 100 kennarar.

Starfsþróun Menntavísindastofnunar hélt allmörg stærðfræðimenntunarnámskeið á árinu, m.a. á Selfossi, Egilsstöðum, Akranesi og víðar. Flest námskeiðin voru fyrir kennara á yngsta stigi grunnskólans en einnig voru námskeið fyrir kennara á miðstigi og unglingsstigi. Námskeiðin eru fyrir starfandi kennara sem hafa verið nemendur á stærðfræðikjörsviði Menntavísindasviðs. Námskeiðin voru að hluta skipulögð í samstarfi við kennara á Menntavísindasviði.

Nokkuð stórt námskeið var haldið á haustmisseri um skapandi kennsluhætti og var það styrkt af Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Starfsþróun Menntavísindastofnunar hélt utan um skráningu og greiðslu í haustsmiðjur kennara á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Þær voru haldnar í ágúst og þær sóttu 384 kennarar. Þessi námskeið voru styrkt af Endurmenntunarsjóði grunnskóla og stóðu fleiri en reykviskum kennurum til boða þar eð Starfsþróun Menntavísindastofnunar kom að þeim.

Á árinu var boðið upp á stök einingabær námskeið á Menntavísindasviði. Þetta eru námskeið sem fyrir eru í kennsluskra Menntavísindasviðs og standa starfandi kennurum til boða án þess að þeir séu

formlega skráðir til náms við Háskóla Íslands. Deildir sviðsins bjóða fram námskeiðin og Starfspróun Menntavísindastofnunar sér um samskipti við nemendur og nemendaskrá en þar skrá nemendur sig. Á vormisseri voru 13 slík námskeið í boði og 26 nemendur skráðu sig í þau með þessum hætti. Á haustmisseri voru 16 námskeið í boði og 61 nemandi skráði sig í þau á þennan hátt. Ekki greiddu þó allir þessir nemendur skráningargjöld og hófu 26/29 nám á vormisseri og 33/61 á haustmisseri.

Starfspróun Menntavísindastofnunar hefur umsjón með Pestalozzi-námskeiðum á vegum Evrópuráðsins og sótti einn Íslendingur sumarskóla á þeirra vegum sumarið 2014. Pestalozzi-námskeiðin eru hluti af menntaáætlun Evrópuráðsins og hefur Menntavísindastofnun umsjón með íslenskum umsóknum fyrir hönd menntamálaráðuneytisins.

Starfspróun Menntavísindastofnunar hafði með höndum dreifingu tímaritsins Uppeldis- og menntunar á árinu.

Á haustmisseri hóf Starfspróun Menntavísindastofnunar vinnu sem ráðgjafi við skólanámskrá Ísaksskóla undir stjórn forstöðumanns Starfspróunar. Gert er ráð fyrir að hluti kennara í Ísaksskóla taki þátt í starfendarannsókn á vormisseri 2015 í tengslum við þessa vinnu. Styrkur fékkst fyrir rannsókninni úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Í október hóf starfshópur um framtíðarskipan starfspróunarmála á Menntavísindasviði störf. Í honum sitja fulltrúar deilda sviðsins en Árný Elíasdóttir, ráðgjafi hjá Attentus – mannauði og ráðgjöf, leiðir vinnuna. Forstöðumaður starfspróunar Menntavísindastofnunar er ritari og starfsmaður hópsins. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn ljúki störfum á vormisseri 2015.

Rannsóknastofur

Á Menntavísindasviði eru starfræktar tuttugu og tvær rannsóknastofur sem heyra undir Menntavísindastofnun. Engri nýrri rannsóknastofu var komið á fót á árinu.

Rannsóknastofur á Menntavísindasviði í stafrófsröð

- Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna
- Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum
- Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum
- Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu
- Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræði
- Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi
- Rannsóknastofa í menntunarfræði ungra barna
- Rannsóknastofa í tónlistarfræðum
- Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun
- Rannsóknastofa í þroskaþjálfingfræðum
- Rannsóknastofa námsgagna
- Rannsóknastofa um háskóla
- Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun
- Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls
- Rannsóknastofa um námskrár, námsmat og námsskipulag
- Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun
- Rannsóknastofa um skapandi skólastarf
- Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar
- Rannsóknastofa um starfendarannsóknir
- Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun
- Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga
- Rannsóknastofa um þróun skólastarfs

Rannsóknastofur á Menntavísindasviði ásamt Menntavísindastofnun eftir stofnári

Stofnár	Rannsóknastofnun/Rannsóknastofa
2007	Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga
2008	Rannsóknastofa í íþrótta- og heilsufræði (RÍH) Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum (BÆR) Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls (RANNMÁL) Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun
2009	Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun (RannUM) Rannsóknastofa um háskóla Rannsóknastofa um þróun skólastarfs Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi
2010	Menntavísindastofnun (SRR sameinaðist henni 2013) Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun (RannKYN) Rannsóknastofa í þroskaþjálfingum
2011	Rannsóknastofa í tónlistarfræðum
2012	Rannsóknastofa um námskrá, námsmat og námsskipulag (NNN) Rannsóknastofa námsgagna Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun Rannsóknastofa um starfendarannsóknir
2013	Rannsóknastofa um skapandi skólastarf (RASK) Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna (færðist til Menntavísindastofnunar)

Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna heyrir nú alfarið undir Menntavísindastofnun (frá árinu 2013) en var áður starfrækt í samvinnu Menntavísindasviðs og Félagsvísindasviðs.

Í stjórn setursins sitja: Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor, forstöðumaður, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir prófessor, stjórnarformaður Félagsvísindastofnunar, og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur.

Aðrar sem tóku þátt í verkefnum á vegum setursins voru á árinu: Eyrún María Rúnarsdóttir, doktorsnemi í uppeldissálfræði við Háskólann í Leiden Hollandi og aðjunkt við Menntavísindasvið, Hiroe Terada, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið, Hrund Þórarinsdóttir, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði og aðjunkt við Menntavísindasvið; Ragný Þóra Guðjohnsen, lögfræðingur, doktorsnemi í uppeldis- og menntunarfræði og stundakennari við Menntavísindasvið, og Kristjana Stella Blöndal, lektor við Félagsvísindasvið, en hún lauk doktorsprófi í júní í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið.

Rannsóknir

Unnið var að þremur meginrannsóknaverkefnum á árinu á vegum setursins. Tilteknir þættir rannsóknanna eru unnir í samstarfi við fræðimenn við Harvard University, Graduate School of Education. Vísindasjóður Rannís og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands hafa styrkt rannsóknirnar. Rannsóknirnar voru:

- Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi
Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar og skilnings á borgaravitund ungs fólks til sjávar og sveita. Leitað er m.a. eftir hugmyndum þeirra um lýðræði, mannréttindi, þeim áhrifum sem þau telja sig hafa á samfélag sitt, hvaða áhrif þau vildu hafa og hvert gildismat þeirra er. Ungmennin eru á aldrinum 11, 14 og 18 ára í þremur byggðarkjörnum hér á landi (1500 ungmenni). Gögnum var safnað bæði með viðtölum og spurningalistum. Tilteknir þættir rannsóknarinnar eru unnir í samstarfi við Steinunni Gestsdóttur, dósent við Sálfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Í tengslum við rannsóknina var birt grein um sjálfstjórnun ungmenna í virtu ritrýndu erlendu riti. Einnig voru haldnir fyrirlestrar á ráðstefnum bæði erlendis og hér á landi, s.s. á Menntakviku og á Hugvísindapíngi, um tiltekna þætti í heildarrannsókninni.
- Uppeldis- og menntasýn foreldra og kennara
Í tengslum við rannsóknina var haldinn lykilfyrirlestur (keynote) um uppeldis- og menntasýn kennara á norrænni ráðstefnu um starfsþróun kennara. Á árinu var enn fremur unnið úr gögnum rannsóknarinnar um uppeldissýn feðra og fyrirlestur um efnið haldinn á Menntakviku.
- Áhættuhegðun og seigla ungs fólks: Langtímarannsókn
Haldið var áfram ritun bókar sem byggist á langtímagögnum (bæði spurningalistum og viðtölum) á ýmsum félagslegum, sálfræðilegum og uppeldis- og menntunarfræðilegum þáttum í tengslum við áskoranir í lífi ungs fólks og grein var birt í virtu ritrýndu erlendu riti um forspárþætti brotthvarfs ungs fólks frá námi.

Kynningarstarfsemi

Opinberir fyrirlestrar á vegum setursins

Susan Walker, dósent við University of Minnesota og gestaprófessor við Menntavísindasvið, flutti í mars fyrirlesturinn *New Ways to Reach Parents: Integrating Technology in Nonformal Education*.

Meðlimir setursins héldu auk þess allmarga fyrirlestra í tengslum við ofangreindar rannsóknir.

Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum

Almennt yfirlit og stjórn

Á aðalfundi Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum 23. maí 2013 voru kjörin í stjórn fyrir starfsárið 2013–2014: Gestur Guðmundsson prófessor, formaður, Guðrún Kristinsdóttir prófessor og Árni Guðmundsson aðjunkt. Varamenn í stjórn voru kjörin Ólöf Garðarsdóttir prófessor og Guðrún Valsdóttir doktorsnemi. Sú stjórn starfaði fram til aðalfundar 12. október 2014 þegar eftirfarandi stjórn tók við: Ólöf Garðarsdóttir prófessor, formaður, Guðrún Kristinsdóttir prófessor og Gestur Guðmundsson prófessor. Varamenn í stjórn voru kjörin Árni Guðmundsson aðjunkt og Guðrún Valsdóttir doktorsnemi.

Á árinu hélt stjórn stofunnar fjóra fundi og átti auk þess samskipti með tölvupósti. Heimasíða stofunnar var felld inn í heimasíðu Menntavísindastofnunar og viðmóti hennar breytt á árinu. Rannsóknastofan er með aðstöðu í miðrasi Ennis sem nýtist sem aðstaða fyrir aðstoðarmenn og gesti stofunnar og fyrirúrvinnslu og varðveislu rannsóknagagna.

Rannsóknir

Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum sinnir rannsóknum á lífi og lífsskilyrðum barna, unglunga og ungmenna þar sem menntun og uppeldi eru séð í heildrænu samhengi einstaklings og samfélags. Starf rannsóknastofunnar er þverfræðilegt og snýr að misgömlum fræðigreinum. Þeir sem eiga aðild að stofunni stunda gjarnan rannsóknir á grunni eldri fræðigreina, t.d. félagsfræði, félagsráðgjafar, sagnfræði og sálarfræði, en oft eru rannsóknirnar engu að síður þverfaglegar og unnið er að þróunarstarfi innan tólmstundafræði og félagsuppeldisfræði en þær greinar eru nýjar í íslenskum háskólaheimi. Samlegðaráhrif þessa eru gefandi.

Rannsóknir Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum hverfast um hnattræna og staðbundna bernsku- og æskulýðsmenningu og þátttöku barna og unglunga í mótun eigin lífs og hinna ýmsu samfélagssviða. Þær lúta einnig að þróun og störfum fagstétta sem sinna málefnum barna og ungmenna, meðal annars vegna félagslegra ferla sem hindra farsæld, t.d. brotthvarfs úr skóla eða fjölskylduvanda.

Helstu rannsóknaverkefni á vegum Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum voru sem hér segir:

- Guðrún Kristinsdóttir vann að rannsókninni Þekking barna á ofbeldi á heimilum, þar sem hún leiddi hóp nema og kennara við Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum. Í hópnum voru Ingibjörg H. Harðardóttir, lektor við Menntavísindasvið, Margrét Ólafsdóttir, aðjunkt við Menntavísindasvið, Margrét Sveinsdóttir sérkennslustjóri, Nanna Þóra Andrésdóttir fagstjóri og Steinunn Gestsdóttir, dósent við Sálfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands. Á árinu lauk hópurinn við ritun bókarinnar Ofbeldi á heimilum – með augum barna, sem kom út í árslok hjá Háskólaútgáfunni. Bókin var í desember tilnefnd til Fjöruverðlaunanna, bókmenntaverðlauna kvenna í flokki fræðibóka. Á árinu kom einnig út bókin Ofbeldi gegn börnum. Hlutverk skóla, eftir Guðrúnu Kristinsdóttur og Nönnu Kr. Christiansen. Námsgagnastofnun gaf bókina út, bæði í prentútgáfu og sem rafbók, sjá <http://www.nams.is/>.
- Ólöf Garðarsdóttir vann að tveimur rannsóknaverkefnum innan vébanda Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum. Önnur var rannsóknin Illt er að vera iðjulaus. Vinna barna og ungmenna á Íslandi 1920–1980. Til þess verkefnis hlaut Ólöf styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Til hinnar rannsóknarinnar, rannsóknar á ungmennahreyfingum, hlaut hún NOS-HS-styrk, ásamt samstarfsaðilum á Norðurlöndum og í Bretlandi.
- Gestur Guðmundsson vann að rannsókninni Aðgerðir í framhaldsskólum og atvinnuleysisúrræði gegn brottfalli. Gestur flutti m.a. fyrirlestur á grundvelli rannsóknarinnar á ráðstefnu norrænna menntunarrannsókna, NERA, í Lillehammer í Noregi 5.–7. mars.
- Árni Guðmundsson og Guðrún Valsdóttir unnu bæði að doktorsverkefnum sínum við rannsóknastofuna.

Samstarf

Einstakir meðlimir stofunnar tóku þátt í mörgum ráðstefnum erlendis og hérlendis á árinu og áttu talsvert alþjóðlegt samstarf um ráðstefnur. Árni Guðmundsson, Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir og Jakob F. Þorsteinsson áttu m.a. samstarf við Malmö Högskola um rannsókn- og þróunarverkefni í æskulýðsmálum sem nefnist Kunskap i Dialog (KID). Rannsóknastofan tekur jafnframt þátt í norrænu rannsóknarsamstarfi í félagsráðgjöf með setu Guðrúnar Kristinsdóttur í ritstjórn Nordic Social Work Research, sem er ritrýnt tímarit, gefið út af norrænu rannsóknafélögunum í félagsráðgjöf (Nordic Social Work Research Associations) og útgáfufélaginu Taylor and Francis. Gestur Guðmundsson er fulltrúi Íslands í NERA (Nordic Educational Research Association) og auk almennra stjórnarstarfa hefur hann unnið að uppbyggingu norræns samstarfsnets innan samtakanna um æskulýðsrannsóknir.

Málstofur og fyrirlestrar

Menntakvika

Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum gekkst fyrir tveimur málstofum á Menntakviku með þremur erindum í hvorri:

- Ungmennni í íslensku samfélagi á síðari hluta 20. aldar og upphafi þeirrar 21.
 - Elmar Orri Gunnarsson meistaranemi og Ólöf Garðarsdóttir prófessor: Borgaramenntun innan skátahreyfingarinnar, UMFÍ og KFUM og K á árunum 1944 til 1968
 - Ólöf Garðarsdóttir prófessor: Barnæskan á tímum viðreisnar – Viðhorfsbreytingar til barna og ungmenna á sjöunda áratug 20. aldar
 - Gestur Guðmundsson prófessor: Frá brotthvarfi til atvinnuleysis
- Bernsku- og æskulýðsrannsóknir
 - Árni Guðmundsson doktorsnemi Félagsuppeldisfræðingurinn og hverfasamstarf
 - Guðrún Kristinsdóttir prófessor og Jóhanna Kristín Gísladóttir, meistaranemi: Starfshættir nemendaverndarráða – Aðkoma og réttindi barna/nemenda
 - Hervör Alma Árnadóttir doktorsnemi og Guðrún Kristinsdóttir prófessor: Hliðvörður, hvert er hlutverk þitt?

Ráðstefnan Íslenskar æskulýðsrannsóknir 2014

Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum skipulagði í samstarfi við námsbraut í tómsunda- og félagsmálafræði á Menntavísindasviði, Æskulýðsráð, Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, Ráðgjafanefnd um æskulýðsrannsóknir og Félag fagfólks í frítímaþjónustu ráðstefnuna Íslenskar æskulýðsrannsóknir 24. nóvember 2014, undir forystu Árna Guðmundssonar. Nokkrir meðlimir Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum fluttu þar erindi. Þeir voru Árni Guðmundsson aðjunkt sem flutti erindið Sérþækt hópastarf með ungu fólki og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir meistaranemi og Guðrún Kristinsdóttir sem fluttu erindi um stjórnsýslulegan stuðning við börn sem eiga foreldri í fangelsi á Íslandi. Það nefndist „Mér finnst börnin vera drifkraftur fanganna í að bæta líf sitt“.

Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum

Aðalmarkmið Rannsóknastofu í fjölmenningsfræðum er að auka og efla rannsóknir á sviði fjölmenningsfræða og leitast við að skapa samstarfsvettvang fyrir rannsóknir á því sviði. Stofan veitir fræðimönnum og rannsóknahópum á þessu sviði tækifæri til að starfa á sínum vegum.

Rannsóknastofan birtir afrakstur rannsókna sinna opinberlega meðal annars með því að miðla niðurstöðum í fræðigreinum, fræðiritum, fyrirlestrum og á málþingum og ráðstefnum héraðs og erlendis.

Stjórn og starfsmenn

Á árinu urðu þær breytingar á stjórn stofunnar að Toshiki Toma hætti í stjórninni en í hans stað tók Hermína Gunnþórsdóttir, Háskólanum á Akureyri, sæti í stjórninni. Stjórn stofunnar er nú þannig skipuð: Gunnar J. Gunnarsson formaður, Anna Katarzyna Wozniczka, Brynja Halldórsdóttir, Fríða B. Jónsdóttir, Hanna Ragnarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir. Rannsóknastofan hefur enga starfsmenn á launum en nýtur ýmiss konar aðstoðar Menntavísindastofnunar.

Rannsóknir

Helstu rannsóknaverkefni og styrkir á árinu á vegum Rannsóknastofu í fjölmenningsfræðum voru sem hér segir:

- Lífsviðhorf og lífsgildi ungmenna í fjölmenningsarsamfélagi (2011–2015). Gunnar Finnbogason, Gunnar J. Gunnarsson, Halla Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. Styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Menntavísindasviði. Þegar hafa birst fjórar ritrýndar greinar byggðar á rannsókninni og fleiri eru á leiðinni. Þá hefur verkefnið verið kynnt á nokkrum ráðstefnum héraðs og erlendis.
- Á árinu kom út bókinn Learning Spaces for Social Justice: International Perspectives on Exemplary Practices from Preschool to Secondary School (ritstjórar Hanna Ragnarsdóttir og Clea Schmidt, útg. Trentham og IOE Press í London). Bókin er afkastur alþjóðlega rannsóknarnetsins Diverse Teachers for Diverse Learners, sem styrkt var af NordForsk (2011–2014). Þátttakendur voru rannsakendur, meistara- og doktorsnemar frá Íslandi, Finnlandi, Noregi, Bretlandi og Kanada.
- Norræna rannsóknaverkefnið Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries (2013–2015) er styrkt af NordForsk og Rannís. Þátttakendur eru frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Verkefnið hefur verið kynnt á ýmsum ráðstefnum héraðs og erlendis. Haustið 2015 verður haldin alþjóðleg lokaráðstefna verkefnisins hér á landi undir yfirskriftinni Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Education in Multicultural Societies.
- Staða og reynsla ættleiddra barna og fjölskyldna þeirra á Íslandi (frá 2005). Elsa S. Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. Verkefnið er langtímaverkefni og er enn í gangi. Elsa S. Jónsdóttir hefur látið af störfum sem lektor við Menntavísindasvið fyrir aldursakir.

Viðburðir

Á árinu hélt rannsóknastofan ársfund öðru sinni og var hann haldinn 13. maí. Þar voru kynnt helstu rannsóknaverkefni sem eru í gangi á vegum stofunnar, nýleg meistaraþrófsverkefni og áhugaverð þróunarverkefni á vettvangi. Þá tók rannsóknastofan þátt í jafnréttisdögum Háskóla Íslands með því að halda hádegismálstofu 14. október undir yfirskriftinni Jafnrétti fjölbreytileikans – fjölmenningslegt námssamfélag. Reynsla stúdenta með ólíkan bakgrunn. Þar sögðu stúdentar með ólíkan bakgrunn frá reynslu sinni, auk þess sem kynntar voru rannsóknaniðurstöður.

Rannsóknastofan stóð þess utan fyrir tveimur málstofum á Menntakviku, árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs, þann 3. október.

Samstarf

Rannsóknastofan leitast við að eiga samstarf við ýmsa aðila á vettvangi, svo sem Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, ýmsa skóla, samtökin Móðurmál, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, verkefnið Menntun núna o.fl. Þetta samstarf endurspeglast í því að í stjórn stofunnar eiga m.a. sæti verkefnastjóri fjölmenningsar á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og sérfræðingar í fjölmenningsarmálum, m.a. á sviði menntunar, trúarbragða og tungumála.

Útgáfa og vefsíða

Engar bækur komu út á vegum rannsóknastofunnar á árinu en stofan er studdi útgáfu ofangreindrar bókar, Learning Spaces. Niðurstöður ýmissa rannsóknarverkefna hafa auk þess verið kynntar í vísindagreinum og á ráðstefnum.

Vefsíða rannsóknastofunnar er vistuð á vef Menntavísindastofnunar á slóðinni <http://menntavísindastofnun.hi.is/node/44>.

Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu (Íslenskustofa)

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu (Íslenskustofa) var formlega stofnuð í júní 2008. Fyrstu stjórn stofunnar skipuðu Sigurður Konráðsson formaður, Ingibjörg Frímansdóttir og Baldur Hafstað meðstjórnendur og Veturlíði Óskarsson varamaður. Veturlíði gekk úr stjórn þegar hann lét af störfum við Menntavísindasvið árið 2010. Árið 2011 tók Kristján Jóhann Jónsson við formennsku í stofunni og Hanna Óladóttir kom í stað Ingibjargar Frímansdóttur sem meðstjórnandi. Baldur Hafstað gekk úr stjórn þegar hann lét af störfum en við sæti hans tók Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir varamaður í stjórn. Þórður Helgason var einnig lengi varamaður í stjórn en hann hefur nú látið af störfum.

Stjórn stofunnar var því þannig skipuð á árinu: Kristján Jóhann Jónsson, formaður, Sigurður Konráðsson, Hanna Óladóttir og Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir.

Næsti aðalfundur verður haldinn í maí 2015 og þá verður kosin ný stjórn. Stofan og rannsóknavinna á hennar vegum hafa galdið mannfæðar á Menntavísindasviði.

Rannsóknir

Rannsóknastofan sótti um styrk til Rannís á árinu til rannsóknaverkefnisins Íslenska sem námsgrein og kennslutunga. Sá styrkur fékkst ekki. Söfnun gagna í rannsóknaverkefninu er langt komin. Þetta er langstærsta viðfangsefni stofunnar. Formaður stofunnar stýrir því en nánast allir íslenskukennarar í kennaradeildum á Íslandi hafa verið virkir í þessu verkefni og jafnframt fræðimenn frá Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Samstarfsmenn okkar á Akureyri fengu enn fremur styrk frá Háskólanum á Akureyri til þess að vinna að þessari rannsókn og samstarf milli skólanna tveggja hefur verið einkar gott.

Fyrirhugað er að sækja um frekari styrki til rannsóknarinnar. Fræðimenn á Norðurlöndum (í Noregi, Svíþjóð og Færeyjum), sem fást við lík verkefni og Íslenskustofa, hafa sýnt áhuga á að tengjast verkefninu og stofna til hliðstæðra athugana í sínum löndum. Slíkt samstarf hefur strandað á fjármagni en víða er þó skilningur á viðfangsefnum móðurmálskennara.

Rannsóknastofan nýtti alla sína krafta á árinu til þess að halda rannsókninni Íslenska sem námsgrein og kennslutunga gangandi.

Rannsóknastofa í íþróttá- og heilsufræðum

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í íþróttá- og heilsufræðum var stofnuð 2008. Við rannsóknastofuna eru stundaðar rannsóknir í íþróttá- og heilsufræðum, m.a. í þverfræðilegu samstarfi fræðimanna í öðrum deildum Háskóla Íslands og fræðimanna við aðra háskóla og stofnanir héraðs og erlendis. Þar gefast meistara- og doktorsnemum tækifæri til að vinna innan rannsóknateyma við rannsóknir sínar. Starfsemin er mjög virk og eru nokkur stór rannsóknaverkefni í gangi sem hafa fengið styrki úr innlendum og alþjóðlegum rannsóknasjóðum. Á árinu fékk Rannsóknastofa í íþróttá- og

heilsufræðum veglegan rannsóknastyrk frá Innviðasjóði Rannís til kaupa á nýjum og mjög fullkomnum hreyfi- og svefnmælum. Erlingur Jóhannsson prófessor hefur verið í forsvari fyrir Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum undanfarin ár.

Rannsóknir

Unnið er að nokkrum langtímarannsóknaverkefnum við Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum og eru þau bæði margbreytileg og þverfagleg. Á árinu voru m.a. eftirfarandi verkefni í gangi:

- Atgervi ungra Íslendinga. Markmiðið er að rannsaka langtíma- og aldurshópabreytingar á holdafari, hreyfingu og þreki, sem og andlegum og félagslegum þáttum, í tveimur hópum unglinga (17 ára) og ungmenna (23 ára). Til rannsóknaverkefnisins fékkst þriggja ára verkefnisstyrkur frá Rannís. Þrjú doktorsnemar unnu með niðurstöður verkefnisins.
- Líkams- og heilsurækt eldri aldurshópa – íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu og betri lífsgæða. Markmið verkefnisins var að rannsaka hvort sértækar íhlutunaraðgerðir með áherslu á breytt matarræði og aukna hreyfingu hafi áhrif á holdafar, þol og lífsgæði eldri Íslendinga. Til rannsóknaverkefnisins fékkst þriggja ára verkefnisstyrkur frá Rannís. Einn doktorsnemi vann með niðurstöður verkefnisins.
- Hreyfing, þrek, holdafar og efnaskiptaheilsa íslenskra barna með þroskahömlun. Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka mun á hreyfingu, þreki, holdafari og efnaskiptaheilsu barna með þroskahömlun og barna án þroskahömlunar. Til rannsóknaverkefnisins fékkst þriggja ára verkefnisstyrkur frá Rannís. Einn doktorsnemi vann með niðurstöður verkefnisins.
- Heilsuefling í framhaldsskólum. Samstarfsverkefni Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum, Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og Barnaspítalans. Markmiðið er að kanna heilsufarsleg áhrif af innleiðingu heilsueflandi framhaldsskóla á vegum Lýðheilsustöðvar og fylgja henni eftir í fjögur ár. Tveir doktorsnemar unnu með niðurstöður verkefnisins.
- Lífsstíll 7 til 9 ára barna – íhlutunarrannsókn til bættrar heilsu. Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna á vefnum <http://vefsetur.hi.is/lifsstill/>.
- Fjölmörg önnur minni rannsóknaverkefni voru unnin við Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum, bæði nemendaverkefni og verkefni á vegum starfsmanna háskólans.

Meistara- og doktorsverkefni

Alls brautskráðust á árinu fjórir meistaranemar tengdust Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum. Enn fremur vörðu á árinu tveir doktorsnemar, þeir Guðmundur Sæmundsson og Janus Guðlaugsson, doktorsritgerðir sem fjölluðu um efni sem tengist starfsemi rannsóknastofunnar.

Annað

Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræðum á í samstarfi við nokkrar deildir innan Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, nokkra erlenda háskóla, Hjartavernd og The National Institute of Health í Bandaríkjunum. Rannsóknastofan er hluti af European Youth Heart Study, sem er samstarf átta rannsóknastofa frá jafnmörgum háskólum. Rannsóknastofan á einnig gott samstarf við íþróttahreyfinguna og líkamsræktarstöðvar á Íslandi.

Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi var stofnuð árið 2009. Stofan er vettvangur fræðimanna á sviði menntastjórnunar, nýsköpunar og mats á skólastarfi og er megináhersla lögð á rannsóknir.

Stjórn stofunnar er skipuð fimm föstum kennurum sem starfa saman að rannsóknum. Í stjórn stofunnar sitja Anna Kristín Sigurðardóttir lektor, Arna H. Jónsdóttir, lektor, Börkur Hansen prófessor, Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor og Steinunn Helga Lárusdóttir dósent, sem er formaður stofunnar. Stofan hefur engan launaðan starfsmann og nýtur ekki styrkja.

Ráðgjafarráð var við rannsóknastofuna fyrstu árin, skipað fulltrúum frá Tækniskólanum, Skólastjórafélagi Íslands, Reykjavíkurborg, Námsmatsstofnun, Alþingi, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Skipunartími ráðgjafarráðsins er útrunninn og er gert ráð fyrir að ákveðið verði haustið 2015 hvort skipa skuli nýtt ráð fyrir stofuna, eina sér eða í sameiningu með öðrum skyldum rannsóknastofum á Menntavísindasviði.

Rannsóknir

Frá árinu 2011 hefur meginviðfangsefni rannsóknastofunnar verið rannsókn um áhrif efnahagskreppunnar á skólastarf í þrem sveitarfélögum. Árið 2012 var birt grein um fyrri áfanga rannsóknar og frá árinu 2013 hefur verið unnið að grein um annan áfangann. Sú grein var í árslok í ritrýningu hjá tímaritinu Netlu og er stefnt að birtingu hennar á árinu 2015. Rannsóknir stofunnar hafa verið kynntar víða bæði á Íslandi og erlendis, á málþingum, málstofum og smiðjum.

Málþing og fyrirlestrar

Á vegum stofunnar hafa verið haldin málþing um efni sem tengjast viðfangsefnum stofunnar og erlendir gestir fengnir til fyrirlestrahalds.

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna var stofnuð 15. maí 2007 og var fyrsta rannsóknastofan sem stofnuð var við Kennaraháskóla Íslands. Aðalmarkmið rannsóknastofunnar er að auka og efla rannsóknir á menntun og uppeldi ungra barna á aldrinum 0 til 8 ára og vera vettvangur fræðapróunar á því sviði. Rannsóknastofunni er ætlað það hlutverk að eiga frumkvæði að og sinna rannsóknum, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna á sviðinu m.a. með útgáfu fræðigreina og fræðirita og með fyrirlestrahaldi.

Flest börn á aldrinum 3–5 ára sækja nú leikskóla og aukin þekking á því hvernig börn læra og þroskast hefur opnað augu fólks fyrir mikilvægi fyrstu æviáranna og menntun ungra barna. Starfsemi rannsóknastofunnar er ætlað að koma til móts við breyttar aðstæður í málefnum ungra barna. Á vegum rannsóknastofunnar taka vísindamenn og fagfólk höndum saman um að vinna rannsóknir og sinna brýnum og aðkallandi málefnum í íslensku samfélagi.

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna var þannig skipuð á árinu: Arna H. Jónsdóttir, lektor við Menntavísindasvið, Kristín Karlsdóttir, lektor við Menntavísindasvið, Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda leikskóla, Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, og Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, þróunarfulltrúi hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Forstöðumaður rannsóknastofunnar er Arna H. Jónsdóttir og starfsmaður var Lena Sólborg Valgarðsdóttir, meistaranemi við Menntavísindasvið, þar til í október er Jenný Aradóttir, meistaranemi við Menntavísindasvið, tók við af henni. Jenný gegndi starfinu þar til í nóvember er Erla Ósk Sævarsdóttir, meistaranemi við Menntavísindasvið, tók við af henni.

Samstarfs- og stuðningsaðilar

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna hefur fengið árlega styrki frá Reykjavíkurborg, auk þess sem einstök verkefni hafa verið styrkt af Reykjavíkurborg, Félagi leikskólakennara, Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands, Rannís og Evrópusambandinu. Styrktaraðilar eru einnig Kennarasamband Íslands, umboðsmaður barna og Menntavísindasvið, sem leggur til húsnæði fyrir skrifstofu rannsóknastofunnar. Einnig hafa Reykjavíkurborg, Félag leikskólakennara, Rannsóknarsjóður Háskóla Íslands, Rannís, NordForsk, Nordplus, OMEP, Evrópuráðið og sveitarfélög í „Kraganum“: Kópavogur, Garðabær, Hafnafjörður, Seltjarnarnes og Mosfellsbær, styrkt einstök verkefni.

Rannsóknir

SIGNALS

Rannsóknin Strengthening Activity-Oriented Interaction and Growth in the Early Years and in Transition (SIGNALS) er hluti af Evrópuverkefni, styrktu af Comeniusaráætluninni Lifelong Learning Programme. Þátttökulönd, auk Íslands, eru Danmörk, Svíþjóð, Þýskaland, Grikkland, Ungverjaland og Rúmenía. Lykilhugtök í rannsókninni eru samstarf (cooperation), þátttaka (participation) og samskipti (interaction). Verkefnið felur í sér rannsóknir á samstarfi starfsfólks, foreldra og barna um nám og vellíðan í leikskólastarfi. Þátttökupjórðirnar fara ólíkar leiðir við að útfæra verkefnið. Danir rannsaka heilsu í leikskóla, Svíar vinna verkefni um tvítyngd börn, Þjóðverjar fjalla um aukið rými til leikja utan dyra, Grikkir um eflingu málproska í leik og söng, Ungverjar eru með tvö verkefni: um leikskólabyrjun hjá eins til þriggja ára börnum og byrjendalæsi hjá þriggja til sex ára börnum, og Rúmenar stefna að því að auka samvinnu foreldra, starfsfólks og barna í leikskóla. Íslenska verkefnið, sem tekur til eins leikskóla í Reykjavík, felst í starfendarannsókn um samvinnu leikskóla og grunnskóla með þátttöku barna, starfsfólks og foreldra. Það tengist ákvæðum í Aðalnámskrá leikskóla (2011) og Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

POET

Pedagogy of Educational Transition (POET) er samstarfsverkefni fræðimanna, þar á meðal kennara á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, sem taka þátt í verkefninu á vegum Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna. Fræðimennirnir sem taka þátt í verkefninu eru bæði reyndir og nýir rannsakendur frá Íslandi, Svíþjóð, Skotlandi, Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Margir doktorsnemar vinna doktorsverkefni sín sem hluta af þessu samstarfi. Verkefnið snýst um breytingar á menntun og lífi barna (e. transition). Í hverju landi er unnið með ákveðið þema út frá samfelli í skólafarfi. Samstarfsfundir eru haldnir til skiptis í þátttökulöndunum. Á Íslandi var fjallað um samfelli í námskrám – stefnu og starf. Lögð er áhersla á tengingu við samfélagið og samræður við starfandi

kennara. Áætlað er að hópurinn hittist tvisvar á ári í þeim löndum þaðan sem rannsóknahóparnir koma. Lögð hafa verið drög að útgáfu bóka og greina um rannsóknaverkefni hópsins.

Leikum, lærum og lifum

Í byrjun árs 2012 var gerður starfssamningur milli Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna og sveitarfélaganna í „Kraganum“: Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, um rannsóknaverkefni í leikskólum. Verkefnið var samstarfsverkefni Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna og sveitarfélaganna og átti samstarfið að auka þekkingu á leikskólastarfi í sveitarfélögunum og stuðla að betra leikskólastarfi. Markmið verkefnisins var að samþætta leik og nám í leikskóla við grunnþætti og námssvið aðalnámskrár leikskóla 2011. Gengið var út frá víxlverkun leiks og náms, þar sem leikurinn styður við nám og nám styður við leik. Jafnframt var markmiðið að gera breytingar á leikskólastarfi í samræmi við nýjar áherslur í aðalnámskrá leikskóla og stuðla að faglegri þróun. Unnið var að verkefnunum Sjálfbærni og vísindi í leik; Heilbrigði og vellíðan í leik; Læsi og samskipti í leik; Sköpun og menning í leik; Leikur og lýðræði. Verkefnið var töluvert stórt í sniðum en fimm leikskólar voru valdir til að taka þátt í því, einn í hverju sveitarfélaganna. Innan hvers leikskóla tók starfsfólk einnar deildar þátt í verkefninu ásamt tengilið eða ábyrgðarmanni í hverum skóla. Leikskólafulltrúar hvers sveitafélags og fulltrúar Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna mynduðu stýrihóp og sáu um að velja leikskóla úr hópi þeirra leikskóla sem höfðu haft áhuga á að taka þátt í verkefninu og sótt um það. Rannsóknaverkefnið fékk nafnið Leikum, lærum og lifum.

Verkefnið fólst í starfendarannsókn og þróunarvinnu sem var unnin í leikskólunum fimm árin 2012–2014. Aðferðin fólst í því að leikskólakennararnir og annað starfsfólk í leikskólunum skoðuðu eigin starfshætti, út frá einum grunnþætti eða námssviði, og leituðust við að skipuleggja breytingar, bæta eigin vinnubrögð og leggja mat á nýja starfshætti. Rannsóknin var unnin í samstarfi við sérfræðinga og meistaranema við Menntavísindasvið Háskóla Íslands sem leiðbeindu um framkvæmdina.

Í rannsóknferlinu var þróun verkefnisins reglulega kynnt í þeim tilgangi að miðla reynslu þátttakenda:

- Niðurstöður voru kynntar fyrir öðru starfsfólki í þátttökuskólunum.
- Niðurstöður og þróunarvinna þátttökuskólanna voru kynntar þann 29. maí 2013 á Menntavísindasviði Háskóla Íslands þar sem starfsfólk leikskólanna, sérfræðingar og meistaranemar tóku til máls og sögðu frá helstu niðurstöðum og þróunarvinnu í ferlinu.
- Verkefnið Leikum, lærum og lifum var kynnt á Menntakviku 27. september 2013 í málstofunni Skipta rannsóknir máli? Leikskólakennarar, meistaranemar og sérfræðingar greindu frá í erindum sínum hvaða gildi þátttakan í starfendarannsókninni hafði fyrir hvern og einn.
- Skýrslur og námsritgerðir voru skrifaðar.
- Verkefnið verður kynnt á alþjóðlegri ráðstefnu EECERA-samtakanna sem haldin verður í september 2015.
- Meistaranemar og sérfræðingar skrifuðu kafla sem birtast í bók um verkefnið, sem áformað er að komi út 2015.

Fagmennska leikskólakennara – fagleg sýn, hlutverk, starfshættir

Fagmennska í leikskólum er könnun meðal leikskólakennara og leiðbeinenda í íslenskum leikskólum og er rannsóknin samvinnuverkefni Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna, Háskólans í Volda og Háskólans í Osló. Yfirheiti rannsóknarinnar er Hlutverk leikskólakennara í umhverfi þar sem leikmenn eru í meirihluta.

Þær aðstæður eiga við bæði í Noregi og á Íslandi þar sem aðeins 34% af starfsfólki leikskóla eru menntaðir leikskólakennarar. Ætlunin er að bera saman niðurstöður sem fram koma í báðum löndunum. Spurningalistar hafa verið sendir út til allra leikskóla og enn er beðið svara. Meðal þeirra

þátta sem leitað er upplýsinga um eru viðhorf og sýn þátttakenda á hlutverk sitt, starfshættir, samstarf og verkaskipting innan leikskólans.

Að rannsókninni standa Arna H. Jónsdóttir lektor, Bryndís Garðarsdóttir lektor og Jóhanna Einarsdóttir prófessor, allar við Menntavísindasvið.

Verkefnið skiptist í eftirfarandi verkþætti:

- Hvernig vegnar leikskólakennurum á fyrstu árum í starfi, hvaða sýn hafa þeir á eigin þekkingu, hvernig gera þeir hana sýnilega og hvernig byggja þeir upp viðbótarþekkingu í samskiptum við aðra? Rannsakandi: Bryndís Garðarsdóttir lektor.
- Hvert telja leikskólakennarar vera mikilvægi foreldrasamstarfs, hvernig sjá þeir hlutverk sitt og hver eru áhrif umhverfisins á samstarfið? Meistaraverkefni Kristínar Bjarkar Jóhannsdóttur.
- Leikskólabyrjunin. Starfendarannsókn þar sem þróaðar eru leiðir við að taka á móti börnum í leikskólann. Meistaraverkefni Mörtu Sigurðardóttur.
- Streita leikskólakennara. Skoðað er hvort og hvernig streita deildarstjóra hefur áhrif á fagmennsku þeirra og hverjir eru helstu streitubættir í starfi þeirra. Meistaraverkefni Ásdísar Olgu Sigurðardóttur.

Yngstu börnin í leikskólakennaramenntun

Yngstu börnin í leikskólakennaramenntun á Norðurlöndum er Nordplus-verkefni sem unnið er í samstarfi Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna, Háskólans í Osló, Háskólans í Gautaborg og Háskólans í Árósum.

Verkefnið hófst árið 2010 og er markmiðið að efla kennslu um börn undir þriggja ára aldri í viðkomandi háskólum. Stefnt er að því að skipuleggja sameiginleg námskeið um yngstu börnin, sem hægt yrði að tengja bæði grunn- og meistarastigi í leikskólakennaranáminu. Vinna starfshópsins byggist að hluta til á því að deila upplýsingum og þekkingu milli landanna til þess að tryggja gæði væntanlegrar kennslu við þáttökuháskólana.

Verkefnið felur í sér greiningu á núverandi námskrám í þáttöku háskólunum og söfnun og úrvinnslu gagna um starf með yngstu börnunum í ólíkum leikskólum þar sem sérstaklega er horft til stærðar og skipulags ásamt fjölda barna á deildum. Auk þess koma háskólarnir til með móta sameiginlegt námskeið ásamt því að ritaðar verða fræðigreinar þar sem áhersla verður lögð á yngstu leikskólabörnin.

Stjórnandi verkefnisins hér á landi er Hrönn Pálmadóttir, lektor við Menntavísindasvið.

Gildi í leikskólastarfi

Verkefnið Gildi í leikskólastarfi er samstarfsverkefni Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna og Reykjavíkurborgar. Verkefnið er hluti af norrænni rannsókn sem leikskólakennarar og rannsakendur frá öllum Norðurlöndunum taka þátt í. Að hálfu Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna taka Jóhanna Einarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir þátt í rannsókninni ásamt tveimur doktorsnemum í leikskólafræðum, þeim Johanna Ann-Louise Carin Laeerae og Ingibjörgu Ósk Sigurðardóttur.

Markmið rannsóknarinnar er að auka skilning á þætti leikskólans í því að þróa, kenna og hlúa að ákveðnum lífsgildum (t.d. lýðræði, umhyggju, sköpun, frumkvæði). Gerðar verða starfendarannsóknir í tveimur leikskólum í Reykjavík þar sem starfsfólk vinnur að því að kortleggja hvaða gildi eru sett í forgrunn í leikskólastarfinu og hvernig þau eru sett fram. Í framhaldi af því verður farið í breytingarferli þar sem markvisst verður unnið með þau gildi sem starfsfólk vill leggja áherslu á. Rannsóknin fékk styrk frá NordForsk.

Aukin þátttaka nema í starfsemi rannsóknastofunnar

Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna hefur lagt metnað sinn í að auka þátttöku meistara- og doktorsnema í starfsemi stofunnar. Frá árinu 2012 hafa fimm meistaranemar tekið þátt í rannsóknaverkefninu Leikum, lærum og lifum og tveir doktorsnemar taka þátt í rannsóknaverkefni um gildi í leikskólastarfi.

Aukin samvinna Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna og háskólanema Menntavísindasviðs er til hagsbóta fyrir alla aðila. Til dæmis er ávinningur fyrir rannsóknastofuna að fá inn ný sjónarmið og tengingu við vettvanginn. Með fleira fólki verða rannsóknirnar fleiri og umfangsmeiri. Nemarnir öðlast ómetanlega reynslu af því að vinna með sérfræðingum og fá handleiðslu um hvernig hægt er að þróa sig áfram á átt að faglegum vinnubrögðum á sviði menntunarfræða ungra barna.

Kynningarstarfsemi

Morgunverðarfundur

- 30. janúar. Fjölbreytileikinn í leikskólanum – Fögnum við eða sýnum fálæti? Fræðimenn og starfandi leikskólakennarar héldu erindi á Grand hóteli um fjölbreytileika í leikskóla.

Ráðstefnur

- 25. apríl. Á flekamótum (í samstarfi við Rannsóknastofu um þróun skólastarfs). Umfjöllunarefni ráðstefnunnar var skil milli allra skólastiga, skóla og heimilis og skóla og frístundaheimilis.
- 19. september. Einn ferðalangur – Margir fararstjórar. Fræðimenn frá Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Svíþjóð og Íslandi fluttu erindi um samfellu í námi barna. Auk þess var boðið upp á vinnustofur þar sem þátttakendum gafst kostur á að dýpka þekkingu sína á viðfangsefnum um samfellu í leik og námi barna og samvinnu starfshópa. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og var ætluð starfsfólki leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.

Málþing

- 27. mars. Málþing um jafnrétti. Fræðimenn og starfandi leikskólakennarar héldu erindi sem tengjast jafnrétti.
- 25. september. Mat á vellíðan og námi í leikskóla. Fræðimenn frá Nýja-Sjálandi og Ástralíu héldu erindi um mat í tengslum við námskrár þar í landi og hvernig sú reynsla getur nýst öðrum. Einnig greindu íslenskir leikskólakennarar frá þátttöku sinni í þróunarverkefni um námssöguskráningar sem hafði það að markmiði að skrá og meta vellíðan og nám barna. Málþingið var haldið í samstarfi við sveitarfélögin í „Kraganum“.

Fyrirlestrar

- 13. febrúar. Bryndís Baldvinsdóttir, leik- og tónlistarkennari í leikskólanum Rjúpnahæð, fjallaði um tónlist í leikskólastarfi og hvernig hægt er að virkja starfsfólk í því sambandi.

Hádegisrabb

- 19. mars. Guðrún Alda Harðardóttir pedagogista í leikskólanum Aðalþingi var með erindið Valdefling barna – matstofan í Aðalþingi.
- 10. apríl. var Hádegisrabb og var þeim sem voru að vinna að þróunarverkefni eða starfendarannsókn á vettvangi að sækja um að kynna það í hádegisrabbi. Umsóknarfrestur var til 1. mars 2014. Ásdís Olga Sigurðardóttir með M.Ed í uppeldis- og menntunarfræðum ungra barna og María Vilborg Hauksdóttir B.Ed í leikskólafræðum voru með erindið Greining tækifæra í Sunnufold en þær eru báðar í hlutastöðum aðstoðarleikskólastjóra í Sunnufold einnig vinnur Ásdís Olga sem leikskólakennari á eldri deild. Fanný Heimisdóttir leikskólastjóri Sunnufoldar var með í umræðum á eftir þar sem hægt var að beina spurningum til hennar líka.

- 16. október fór fram Hádegisrabb en Eygló Ida Gunnarsdóttir, leikskólakennari í Garðaborg, fjallaði um ljóðagerð með leikskólabörnum. Hún hefur unnið að þróunarverkefni því tengdu í leikskólanum Garðaborg.
- 6. nóvember fór fram Hádegisrabb. Bergrún Ísleifsdóttir, leikskólakennari í Álfaheiði, hélt erindi um teiknitúlkun með börnum: Skapandi og örvandi aðferð til að auka málskilning og orðaforða barna. Hún snertir einnig á mörgum þáttum í aðalnámskrá leikskóla og gaf leikskólakennaranum innsýn í hugarheim barna.

Útgáfa

Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna hefur gefið út fjórar bækur frá því að rannsóknastofan hóf göngu sína. Fyrst kom út bókin Lítil börn með skólatöskur árið 2007 eftir Jóhönnu Einarsdóttur sem fjallaði um tengsl leikskóla og grunnskóla. Árið 2008 var bókin Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi gefin út. Ritstjórar voru Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. Bókin John Dewey í hugsun og verki kom út árið 2010 og var í ritstjórn Jóhönnu Einarsdóttur og Ólafs Páls Jónssonar. Efnistöð bókanna eru bæði á heimspekilegum og menntunarfræðilegum nótum.

Haustið 2012 gaf Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna út bókina Raddir barna, í ritstjórn Jóhönnu Einarsdóttur og Bryndísar Garðarsdóttur. Útgáfu bókanna var fylgt úr hlaði með málstofu sem haldin var á Menntakviku Háskóla Íslands.

Á árinu var í undirbúningi bók um innleiðingu grunnþátta menntunar og námssviða leikskólans sem fyrirhugað er að komi út haustið 2015. Bókin byggist á rannsókn sem gerð var í samstarfi Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna við leikskóla í Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi.

Annað

Rannsóknastofan sá um eina málstofu á ráðstefnunni Menntakviku og kynnti þar samstarfsrannsóknina Gildi í leikskólastarfi. Jóhanna Einarsdóttir hóf málstofuna með umfjöllun um rannsóknina og síðan tóku doktorsnemar og þátttakendur í rannsókninni við og fjölluðu um ferli rannsóknarinnar. Þeir sem töluðu voru Hrönn Pálmadóttir lektor, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir doktorsnemi og Johanna Ann-Louise Carin Laeerae doktorsnemi, ásamt leikskólakennurum.

Vefsíða

Rannsóknastofan heldur úti heimasíðu sem hefur meðal annars það hlutverk að miðla fróðleik og koma á framfæri upplýsingum um starfsemi rannsóknastofunnar. Með heimasíðunni er öllum gert kleift að fylgjast með því sem er á döfinni hjá stofunni, óháð búsetu eða aðstöðu. Hlutverk vefsíðunnar er einnig að auðvelda þeim sem vilja að hafa samband við rannsóknastofuna og koma á framfæri hugmyndum sínum. Stofan heldur einnig úti síðu á Facebook þar sem viðburðir eru auglýstir, sem og á Facebook-síðu Menntavísindasviðs og heimasíðu Menntavísindastofnunar.



Rannsóknastofa í tónlistarfræðum

Almennt yfirlit og stjórn

Í stjórn Rannsóknastofu í tónlistarfræðum sitja Helga Rut Guðmundsdóttir dósent, forstöðumaður, Rósa Þorsteinsdóttir, rannsóknasérfræðingur hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Sigrún Lilja Einarsdóttir, lektor við Háskólann á Bifröst, og Jón Hrólfur Sigurjónsson tónlistarkennari.

Við stofuna starfar ráðgjafarráð og er það skipað fulltrúum frá Listaháskóla Íslands, Félagi tónlistarskólakennara, Háskólanum á Bifröst, Íslenskri tónverkamiðstöð, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Stofnun Árna Magnússonar, Tónlistardeild Ríkisútvarpsins, Tónlistarsafni Íslands, Tónmenntakennarafélagi Íslands og Þjóðlagasetrinu á Siglufirði.

Listaháskóli Íslands hefur óskað eftir því að verða formlegur aðili að rannsóknastofunni en áður voru aðeins einstakir starfsmenn skólans aðilar að henni.

Ráðstefnur og málþing

- Rannsóknastofa í tónlistarfræðum hélt málþing í samstarfi við Listaháskóla Íslands 9. maí í húsnæði tónlistardeildar Listaháskóla Íslands við Sölvhólsgötu. Yfirskrift málþingsins var Á vængjum hins óáþreifanlega – Tónlist, menning og arfur. Þar fluttu eftirfarandi fræðimenn erindi: Valdimar Tr. Hafstein dósent (Flug kondórsins: Menningararfur, menningarvernd og menningarþjófnaður), Sigríður Aradóttir (Trommusöngvar og kvæðamenn, svanasöngur og upprisa, epli og appelsínur...), Helga Rut Guðmundsdóttir lektor (Uppáhaldssöngvar: Rannsóknir á söngvum íslenskra leikskólabarna) og Berglind María Tómasdóttir (Hið þjóðlega sjálf í listsköpun: Í leit að tónlistarlegu sjálf). Auk þeirra fjölluðu Marta Guðrún Halldórsdóttir og Örn Magnússon um hópinn Spilmenn Ríkínís, sem þau fara fyrir. Hópurinn flutti tónlist sína og síðan leiddu þau Marta Guðrún og Örn umræður um spurninguna Hvernig nálgast flytjendur þjóðararfinn?
- Rannsóknastofa í tónlistarfræðum tók þátt í faglegum undirbúningi ráðstefnunnar og þjóðlistahátíðarinnar Tradition for tomorrow, sem var haldin á Akureyri 20.–23. ágúst. Aðalskipuleggjandi ráðstefnunnar var Guðrún Ingimundardóttir sem einnig er fulltrúi Þjóðlagasetursins á Siglufirði í ráðgjafarráði Rannsóknastofu í tónlistarfræðum.

Rannsóknir

Á árinu tók Rannsóknastofa í tónlistarfræðum þátt í samstarfsverkefninu AIRS (Advancing Interdisciplinary Research in Singing). Í verkefninu samþæfa 70 rannsakendur frá 15 löndum vinnu sína í 7 ára samstarfsverkefni sem styrkt er af kanadíska rannsóknaráðinu (2009–2016). Verkefnið styrkir íslenska nemendur til gagnasöfnunar og gagnaúrvinnslu í tengslum við söngrannsóknir. Á árinu fengu þrír íslenskir nemendur í grunnnámi verkefnisstyrki úr samstarfsverkefninu. Þeir unnu að gagnasöfnun, gagnavinnslu og forritun.

Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun

Almennt yfirlit og stjórn

Á árinu sátu í stjórn Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun Sólveig Jakobsdóttir dósent, Þuríður Jóhannsdóttir dósent, Ágústa Pálsdóttir prófessor, Skúlína Hlíf Kjartansdóttir og Þorbjörg St.

Þorsteinsdóttir (fulltrúar framhaldsnema) og fulltrúar stuðningsaðila: Hlíf Böðvarsdóttir (frá Heimilum og skóla) og Elínborg Anna Siggeirsdóttir (frá 3f – Félagi um upplýsingatækni og menntun). Þeir sem áttu aðild að stofunni voru um 40 á árinu. Tveir stjórnarfundir voru haldnir á á árinu og aðalfundur í ágúst.

Rannsóknir og þróunarstarf

Meðlimir rannsóknastofunnar hafa verið virkir í fjölmörgum smærri og stærri rannsóknum, samstarfsverkefnum og/eða þróunarverkefnum. Nokkur þau helstu eru eftirfarandi:

- Samstarfsnetið NordLac (Learning Across Contexts) á vegum NordForsk – Researcher Networks 2011–2014. Tveir fundir voru haldnir á árinu í Reykjavík og Osló. Rannsóknanetið lýkur samstarfinu með útgáfu bókar sem gert er ráð fyrir að komi út á árinu 2015.
- Samstarfsverkefnið Starfshættir í grunnskólum (2009–2011) sem styrkt er af Rannís og fleiri aðilum. Bók um verkefnið kom út í árslok 2014 (Rannís styrkti birtinguna) og þar er kafli um upplýsingatækni í skólastarfi eftir meðlimi rannsóknastofunnar.
- Fartækni og -nám. Lokið var við matsverkefni á vegum Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun um spjaldtölvur í Álfþanesskóla og skýrsla birt um verkefnið.
- Mikið samstarf var við Menntamiðju og tengd torg. Styrkur fékkst úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands á vormisseri í samvinnu við Menntamiðju og UT-torg til að standa áfram að menntabúðum á skólaárinu 2014–2015 en þær voru haldnar með góðum árangri skólaárið 2013–2014. Í menntabúðum hafa framhaldsnemar, kennarar á vettvangi og kennarar við Menntavísindasvið komið saman og skipst á að kenna og deila reynslu af því að nýta upplýsingatækni í námi og kennslu. Unnið er að fræðilegum skrifum og rannsókn á þessari þróunarstarfsemi og verkefnið var m.a. kynnt á NERA-ráðstefnunni í Noregi í mars. Í samvinnu við Menntamiðju sótti rannsóknastofan um samkeppnisstyrk til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna átaksverkefnis um símenntun í upplýsingatækni fyrir kennara. Menntamiðja hlaut styrkinn til símenntunar- og þróunarverkefnisins SAMSPIL 2015 sem verður í gangi árið 2015 með samstarfi fjölmargra aðila.

Kynningarstarfsemi

- Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun hélt málstofu í mars með Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun, sem hefur staðið að fundum um jafnréttisstoðina í námskrám og samþættingu kynjasjónarmiða í skólastarfi í samstarfi við rannsóknastofur á Menntavísindasviði og verkefnisstjóra Jafnréttisskóla Reykjavíkur.
- Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun stóð að skipulagi málþings (seminars) í samstarfsnetinu NordLac, sem var haldið í Reykjavík 18.–21. maí. Þema þingsins var Exploring Alternative Learning Spaces as Boundary Crossing. Fjölmörg erindi voru haldin og lykilfyrirlesturinn, Crossing Boundaries: Spaces, Places and Contexts of Learning, sem Gráinne Conole, prófessor við University of Leicester og forstöðumaður Institute of Learning Innovation við sama háskóla flutti, var opinn almennigi og fræðasamfélaginu.
- Erlendur gestafyrirlesari, Stephen Crump, prófessor emeritus við Graduate School of Education í University of Melbourne í Ástralíu, flutti erindi í boði rannsóknastofunnar í apríl um þróun fjarnáms í áströlskum skólum (Interactive Distance E-Learning in Australia: Lessons for M-Learning.)
- Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun tók þátt í undirbúningi Menntakviku – málþings Menntavísindasviðs, í byrjun október og skipulagði þrjár málstofur með 12 erindum. Áhersla var lögð á spjaldtölvur og stafræn rými og starfsþróun kennara í upplýsingatækni.
- Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun setti upp tengslanet á vefnum Ning (<http://utmidlun.ning.com>) árið 2009 og eru þar nú skráðir um 250 meðlimir. Rannsóknastofan hélt jafnframt úti vef á árinu: <http://skrif.hi.is/rannum>.

Rannsóknastofa í þroskaþjálfrafræðum

Almennt yfirlit

Rannsóknastofa í þroskaþjálfrafræðum var stofnuð árið 2010. Henni er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna, ráðgjafar og þróunarstarfs á sviði þroskaþjálfrafræða. Markmið rannsóknastofunnar er að stuðla að auknum rannsóknum á þessu sviði með það að leiðarljósi að auka þekkingu og skilning á lífi, aðstæðum og málefnum fatlaðs fólks á öllum aldri. Auk þess er markmið stofunnar að efla og eiga frumkvæði að rannsóknum og þróunarstarfi á sviðinu með áherslu á störf og starfsvettvang þroskaþjálfra. Þá felst mikilvægur þáttur í starfssemi rannsóknastofunnar í því að stuðla að aukinni þekkingu á sviðinu með fræðslu, ráðstefnuhaldi og málstofum og að þróa menntun fyrir fólk með þroskahömlun í háskóla og efla rannsóknir og þróunarstarf á því sviði.

Stjórn

Stjórn stofunnar skipuðu á árinu Guðrún V. Stefánsdóttir dósent, formaður, Ástríður Stefánsdóttir dósent, Kristín Björnsdóttir lektor, Jóna Ingólfsdóttir aðjunkt og Vilborg Jóhannsdóttir lektor.

Í ráðgjafarráði stofunnar eiga eftirtaldir sæti: Friðrik Sigurðsson, frá Landssamtökunum Þroskahjálp, María Hildipórsdóttir, frá Sjónarhóli, Laufey Gissurardóttir, frá Þroskaþjálfafélagi Íslands, og Ína Valsdóttir, frá Átaki.

Rannsóknir

Á árinu voru stóðu tvö rannsóknaverkefni yfir:

- Rannsókn um sjálfræði fólks með þroskahömlun
Rannsóknin fjallar um sjálfræði fólks með þroskahömlun en hún hófst 2011. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á skilning fólks með þroskahömlun á sjálfræði og fullorðinshlutverki og reynslu þess af því að lifa sjálfstæðu lífi. Þátttakendur í rannsókninni eru karlar og konur með þroskahömlun á aldrinum 26–66 ára og er áætlað að rannsóknin taki fjögur ár og ljúki í lok árs 2015. Samstarfsaðili rannsóknarstofunnar í þessu verkefni eru Landssamtökin Þroskahjálp, Open University í Bretlandi og Nora Fry Research Center í Bristol í Bretlandi. Sumurin 2011, 2012, 2013 og 2014 fengust fjögurra mannmánaða styrkir frá Nýsköpunarsjóði námsmanna (hjá Rannís) hvert ár til verkefnisins og unnu BA-nemarnir Eiríkur Sigmarsson, Freyja Baldursdóttir og Embla Hakadóttir og meistaranemarnir Ágústa R. Björnsdóttir, Eva Þórdís Ebenesardóttir og Helena Gunnarsdóttir að því. Auk þess hefur einn doktorsnemi, Telma Kjaran, tekið þátt í verkefninu. Tveir starfsmenn rannsóknastofunnar, Guðrún V. Stefánsdóttir og Kristín Björnsdóttir, hafa auk þess fengið styrki til verkefnisins úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands (2012, 2013 og 2014). Nokkrar greinar hafa verið birtar í erlendum og innlendum tímaritum á árunum 2011 til 2014 um efni rannsóknarinnar.
- Rannsókn á háskólanámi fyrir fólk með þroskahömlun
Frá árinu 2007 hefur verið starfrækt rannsóknartengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun við þroskaþjálfabraut. Rannsóknarstofa í þroskaþjálfrafræðum hefur haft umsjón með rannsóknartengingu námsins. Gagnasöfnun fer fram með viðtölum við nemendur, aðstandendur, háskólakennara og mentora. Auk þess hefur útskrifðum nemendum verið fylgt eftir og athugað hefur verið hvernig þeim vegnar í atvinnu að námi loknu. Sumarið 2012 fékkst styrkur frá Rannís, Nýsköpunarsjóði námsmanna, fjórir mannmánuðir til verkefnisins og unnu tveir meistaranemar, þær Ágústa R. Björnsdóttir og Helena Gunnarsdóttir að því. Samstarfsaðilar í verkefninu eru Háskólinn í Dublin, Trinity College og Háskólinn í Trolhattan í Svíþjóð. Nokkrar greinar hafa verið birtar í ritryndum tímaritum, á árunum 2010–2014.

Kynningarstarfsemi

Rannsóknir á vegum stofunnar voru kynntar á Menntakviku og Þjóðarspegli á haustmíssi og á nokkrum erlendum ráðstefnum, s.s. ASSID og NNDR. Auk þess stóð rannsóknastofan fyrir tveimur málstofum á vormíssi um sjálfræði fólks með þroskahömlun.

Rannsóknastofa námsgagna

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa námsgagna var stofnuð í október 2009 og er henni ætlað að vera samráðsvettvangur fyrir rannsakendur, fagaðila og annað áhugafólk um rannsóknir á hvers kyns námsgögnum. Í stjórn rannsóknastofunnar sitja fulltrúar rannsakennda í Háskóla Íslands, fulltrúar frá Námsgagnastofnun og öðrum útgefendum og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Formaður rannsóknastofunnar er Michael Dal dósent. Stofunnar býður að tengja saman þær rannsóknir sem félagar hennar stunda þegar og styðja og stuðla að nýjum og samræmdum rannsóknum.

Rannsóknir og verkefni

Á árinu var að nokkrum rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknahópa og eru þau helstu eftirtalin:

- Rannsókn á námsefni í nágrannamálum á Norðurlöndum. Rannsóknin felst í skráningu og greiningu á námsefni sem notað er til að kenna Norðurlandamál sem nágrannamál. Rannsóknin er unnin í samstarfi við fræðimenn í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Verkefnið er styrkt af NordPlus Sprog.
- Rannsókn á notkun stafræns námsefnis.
- Fræðsla fyrir námsefnishöfunda.
- Rannsókn á notkun námsefnis í ýmsum faggreinum.

Útgáfa og kynningarstarfsemi

Á vegum rannsóknastofunnar voru á árinu birtir fjórir ráðstefnuútdrættir og tvær greinar í ráðstefnuritum. Niðurstöður rannsókna voru enn fremur kynntar á ráðstefnum erlendis og á fyrirlestrum og málstofum innanlands.

Rannsóknastofa um háskóla

Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn Rannsóknastofu um háskóla hefur verið óbreytt frá stofnun hennar árið 2009. Stjórnina skipa Jón Torfi Jónasson, formaður, Guðrún Geirsdóttir, varaformaður, og Anna Ólafsdóttir. Meginmarkmið stofunnar er að efla rannsóknir á háskólum og henni er einnig ætlað að fræða um háskóla og háskólastarf og vinna að bættum skilningi á gæðum og gildum háskólastarfs. Meðlimir stjórnarinnar vinna hver fyrir sig og stundum saman að rannsóknum á háskólum.

Rannsóknir og kynningar

Starfsemi rannsóknarstofunnar var lítil á árinu og ekki voru haldnar neinar málstofur eða kynningar á hennar vegum. Þeir fræðimenn sem tengjast stofunni og stjórnun hennar hafa þó unnið hver fyrir sig og stundum saman að rannsóknum á háskólum.

Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls (e. Centre for Research in foreign and second language learning) var formlega stofnuð í júní 2008. Markmið hennar er að efla og leggja stund á rannsóknir á námi og kennslu erlendra tungumála og íslensku sem annars máls. Rannsóknastofan er samstarfsvettvangur fræðimanna á sviðinu og er henni ætlað að stuðla að tengslum við önnur fræðasvið og hafa samstarf við innlenda og erlenda aðila um rannsóknir og önnur samskipti.

Rannsóknastofan miðlar þekkingu og kynnir niðurstöður rannsókna á sviðinu m.a. með útgáfu skýrsla, handbóka og fræðigreina, auk ráðstefnu- og fyrirlestrahalds. Forstöðumaður rannsóknarstofunnar er Michael Dal lektor og aðrir í stjórn hennar eru Robert Berman dósent, Samúel Lefever lektor og Erna Jessen.

Rannsóknir

Unnið var að nokkrum rannsóknaverkefnum á árinu í samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknarhópa og eru þau helstu eftirtalin:

- Myndbandagerð nemenda í tungumálakennslu (e. Digital videostreaming and multilingualism). Um er að ræða evrópskt samstarfsverkefni unnið undir Comeniusar-áætluninni. Verkefnið er til þriggja ára og unnið í samstarfi við Autonomous University of Barcelona, Kulturring Berlin, Talenacademie in Maastricht, Christ Church University í Canterbury í Bretlandi, University of Pitesti í Rúmeníu og katalónskan grunnskóla.
- Kennslugögn til að kenna nágrannamál (dönsku, norsku og sænsku) og norræn mál sem erlent mál. Samnorrænt rannsóknaverkefni sem unnið er undir NordPlus Sprog áætlunni. Verkefnið er til þriggja ára og unnið í samstarfi við háskólanum í Karlstad í Svíþjóð, University College Centrum (UUC) í Kaupmannahöfn og Høgskolen i Østfold í Noregi.
- Dyslexía og tungumálakennsla. Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Árósum og Kennaraháskólann í Salzburg.
- Læsi og lesskilningur nemenda í dönsku sem erlent mál í grunn- og framhaldskóla.
- Norrænt samstarfsverkefni um nýsköpun í m.a. tungumálakennslu (d. Kreativitet, innovation og entreprenørskab i de nordiske uddannelser). Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Bodø í Noregi, háskólann í Umeå í Svíþjóð, háskólann í Tammerfors í Finnlandi og háskólann í Álaborg í Danmörku.
- E-nordisk, sem er samnorrænt rannsókn- og þróunarverkefni um stöðu norrænna tungumála í Eystrasaltslöndunum. Verkefnið er unnið í samstarfi við háskólann í Bergen í Noregi, háskólann í Riga í Lettlandi, háskólann í Tartu og Estnorlink í Eistlandi og háskólann Vagtataus Magnus og háskólann í Vilnius í Litháen.
- Staða enskukennslu í íslenska skólakerfinu.
- Staða dönskukennslu í íslenska skólakerfinu.

Útgáfa og kynningarstarfsemi

Á árinu var birtur kafli á vegum rannsóknastofunnar um frumkvöðlamennt og nýsköpun í m.a. tungumálanámi í bókaröðinni Tema Nord sem gefin er út af Norrænu ráðherranefndinni. Auk birtu stofumeðlimir fimm útdrætti vegna ráðstefna og tvær greinar í ráðstefnuriti. Niðurstöður rannsókna voru kynntar á ráðstefnum erlendis og á fyrirlestrum og málstofum sem haldnar voru á Menntavísindasviði.

Rannsóknastofa um námskrár, námsmat og námsskipulag

Almennt yfirlit og stjórn

Í starfi Rannsóknastofu um námskrár, námsmat og námsskipulag taka starfsmenn af Menntavísindasviði Háskóla Íslands, starfandi kennarar í grunn- og framhaldsskólum og fleiri aðilar þátt.

Í samræmi við reglur um rannsóknastofur við Menntavísindasvið leggur rannsóknastofan áherslu á rannsóknir á sínu sviði, að miðla þekkingu, stuðla að starfsþróun er tengist sviðinu, m.a. við námskrárþróun og námsmat, og skapa bæði verðandi og starfandi fræðimönnum vettvang fyrir þátttöku í rannsóknum. Rannsóknastofan hefur einnig lagt sig fram um að örva umræðu um námskrár, námsmat og annað námsskipulag. Hún hefur enn fremur tekið að sér verkefni fyrir aðila utan Menntavísindasviðs.

Stjórn Rannsóknastofu um námskrár, námsmat og námsskipulag skipa Gunnar E. Finnbogason prófessor, formaður, Jóhanna Karlsdóttir lektor, gjaldkeri, og Meyvant Þórólfsson dósent, ritari.

Viðfangsefni

Helstu viðfangsefni rannsóknastofunnar á árinu voru námskeið, samstarf við Listaháskóla Íslands um námsmat og norrænt samstarfsverkefni um útgáfu nýs rafræns tímarits, Nordisk Tidskrift för Allmän Didaktik (NOAD), sem hefur það að markmiði að fjalla um námskrárleg málefni, námsmat og námsskipulag og endurspeglar rannsóknir og þróun náms og kennslu í almenna skólakerfinu á Norðurlöndum og að nokkru marki annars staðar í Evrópu.

Rannsóknir

Helsta rannsóknaverkefni stofunnar hefur frá upphafi verið rannsókn, í samstarfi við Svanborgu R. Jónsdóttur hjá Rannsóknastofu um skapandi skólastarf, þar sem staða nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar hefur verið rannsökuð. Rannsóknin var kynnt á Menntakviku 2013 og birtar hafa verið tvær greinar, Rætur nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar í íslenskum námskrám og skólamálaumræðu og Að uppfæra Ísland – Staða nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar í íslenskum framhaldsskólum og sýn stjórnenda á námssviðið.

Í vinnslu eru rannsóknir á nágildandi aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla með hliðsjón af hugmyndinni um skóla fyrir alla (inclusive education) og stöðu hópa eins og bráðgerra barna. Einnig eru tvær aðrar rannsóknir í farvatninu: rannsókn á námsmati í kennaramenntun í kjölfar nýrra laga nr. 87, 12. júní 2008, lengingar kennaranáms og setningar hæfniviðmiða fyrir námið og rannsókn á stöðu ólíkra hugmyndastefna í skólastarfi (út frá nemendamiðaðri námskrá, samfélagsmiðaðri námskrá og faggreinamiðaðri námskrá) og námskrá sem miðar að umbótum og breytingum á samfélaginu.

Loks var haldið áfram vinnu við skrif um þátt námskráfræða, námsmats og námsskipulags í kennaramenntun og tillögugerð í þeim efnum.

Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun

Almennt yfirlit og stjórn

Markmið Rannsóknastofu um náttúrufræðimenntun eru að beita sér fyrir rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði náttúrufræðimenntunar og byggja starfsemi sína á reynslu Rannsóknarhóps um náttúrufræðimenntun sem áður var starfandi. Fræðimenn sem tengjast stofunni eru 17 talsins.

Í stjórn rannsóknastofunnar sátu fram að aðalfundi í maí: Eggert Lárusson formaður, Meyvant Þórólfsson, Kristín Norðdahl, Svanborg R. Jónsdóttir, Stefán Bergman og Svava Pétursdóttir. Á aðalfundi stofunnar, 14. maí 2014, var valin ný stjórn en hana skipa: Svava Pétursdóttir formaður, Hafdís Ragnarsdóttir, Kristín Norðdahl og Stefán Bergman.

Rannsóknir og þróunarstarf

Aðilar Rannsóknastofu um náttúrufræðimenntun eru virkir í ýmsum rannsókn- og þróunarverkefnum tengdum stöðu náttúrufræðimenntunar, upplýsingatækni í náttúrufræðimenntun, hlutverki útináms í námi barna, hugtakanámi leikskólubarna í náttúrufræði og sameiginlegri trú kennara á eigin getu. Einnig hafa þeir unnið að verkefnum tengdum sjálfbærni- og menntun, bæði í háskólum og leikskólum.

Auður Pálsdóttir varði doktorsverkefni sitt þann 10. nóvember. Ritgerðin nefndist Sustainability as an Emerging Curriculum Area in Iceland. The Development, Validation and Application of a Sustainability Education Implementation Questionnaire. Rannsóknin tengist að hluta verkefninu SAMGETA.

Kynningarstarfsemi

Meðlimir stofunnar og gestir kynntu og ræddu verkefni sín í fundaröðinni Hádegisspjall Rannsóknastofu um náttúrufræðimenntun:

- Staða náttúrufræðikennslu (Svava Pétursdóttir og Gunnhildur Óskarsdóttir)
- Kynning á Evrópuverkefninu Scientix (Jóhanna Arnórsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík)
- Vilji og veruleiki (Allyson Macdonald)
- Líffjölbreytileiki (Hrefna Sigurjónsdóttir og Sólrún Harðardóttir)
- Reynsla af námskeiðinu Náttúruvísindi á 21. öld (Ester Ýr Jónsdóttir, Birgir Ásgeirsson, Svava Pétursdóttir og Allyson Macdonald)
- Útikennsla (Auður Pálsdóttir)
- First Lego League (Birgir Ásgeirsson)
- Innleiðing sjálfbærni í skólastarf (Hafdís Ragnarsdóttir, Margrét Júlía Rafnsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir)

Brian Lewthwaite, prófessor við James Cook University, kom einnig í heimsókn og leiddi spjall sem hann kallaði Tensions and Intentions in Science Education.

Rannsóknastofa um skapandi skólastarf

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofan hélt ársfund sinn í Listasafni Einars Jónssonar 3. júní. Stjórn stofunnar var þannig skipuð á árinu: Svanborg R. Jónsdóttir, lektor á Menntavísindasviði, formaður, Edda Kjartansdóttir, forstöðumaður Starfspróunar Menntavísindastofnunar, Kristín Dýrfjörð, dósent við kennaradeild Háskólans á Akureyri, Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við kennaradeild Háskólans á Akureyri, og Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjunkt á Menntavísindasviði. Í varastjórn voru á árinu: Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri Landakotsskóla, Ólöf Stefánsdóttir grunnskólakennari og Skúlína Kjartansdóttir, doktorsnemi við Menntavísindasvið.

Rannsóknir

Rannsóknarhópurinn RASKA hélt áfram rannsókn sinni og hittist tæplega mánaðarlega á árinu. Um rannsókn hópsins er ítarlega fjallað í kaflanum um Rannsóknastofu um skapandi skólastarf í árbók 2013 (sjá þar). Á árinu störfuðu alls saman í RASKA-hópnum 14 list- og verkgreinakennarar á öllum skólastigum.

Fyrirlestrar og kynningarstarfsemi

- Rannsóknastofan stóð fyrir málstofu á Menntakviku 3. október í samstarfi við rannsóknarhópinn RASKA en þar voru flutt tvö erindi um rannsóknina Rannsókn á skapandi skólastarfi kennara á fjórum skólastigum.
- Rannsóknastofan stóð fyrir opnum fyrirlestri 11. september þar sem Margaret MacDonald fjallaði um hvernig segja má sögur með börnum á ýmsum aldri.
- Rannsóknarstofan átti aðild að fyrirlestri Rhonu Matheson um listsköpun ungra barna 25. október.

Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar einbeitir sér að þverfaglegum rannsóknum og þróunarstarfi á sviði skóla án aðgreiningar. Hlutverk og markmið stofunnar eru m.a.:

- að efla og stunda rannsóknir og þróunarstarf á sviði skóla án aðgreiningar,
- að miðla þekkingu og veita ráðgjöf á sviðinu til skóla, stofnana og stefnumótenda,
- að efla og treysta innlend og erlend tengsl og taka þátt í alþjóðlegri þekkingarsköpun á fræðasviðinu,
- að hvetja háskólanemendur í rannsókn- og þróunarverkefnum á framhaldsstigi og skapa þeim aðstöðu til að stunda rannsóknir á sviðinu,
- að standa fyrir málþingum og stuðla að útgáfu fræðilegs efnis á sviðinu.

Rannsóknastofan hefur ekki launaðan starfsmann og býr við afar þröng fjárráð. Rannsóknastyrkir akademískra starfsmanna standa að hluta undir rannsóknastarfsemi, auk þess sem stofan hefur stöku sinnum fengið styrki og hefur jafnframt nokkrar tekjur af þjónustuverkefnum.

Rannsóknir

Megináhersla er lögð á rannsóknir sem varða menntastefnuna skóla án aðgreiningar og á reynslu, kennslufræði og vinnubrögð kennara og annars starfsfólks, nemenda og stjórnenda í skólum sem leitast við að byggja á stefnunni. Enn fremur er áhersla lögð á rannsóknir sem taka til foreldra og fjölskyldna fatlaðra barna, ungmenna og fullorðinna. Stofan hefur staðið fyrir eigin málþingum flest árin frá 2008 en einnig verið í samstarfi um slíkt við aðrar rannsóknastofur og boðið erlendum og innlendum fyrirlesurum til fyrirlestrahalds. Jafnframt tekur stofan að sér þjónustuverkefni fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg, gefur umsagnir um lagafrumvörp og fleira þegar eftir er leitað og veitir ýmsum aðilum, svo sem foreldrum, kennurum og öðru skólafólki, upplýsingar um málefni sem varða fagsvið hennar. Stofan stendur fyrir málþingum og fyrirlestraröðum um efni sem varðar menntastefnuna skóla án aðgreiningar og rannsóknir á sviðinu (sjá Facebook-síðu og heimasíðu rannsóknastofunnar). Slíkt var þó ekki hægt síðastliðið ár.

Í undirbúningi er útgáfa ritrýndrar bókar um menntastefnuna skóla án aðgreiningar og þætti sem hana varðar. Væntanlega kemur hún út 2016.

Í samvinnu við Menntavísindastofnun vann stofan tvær skýrslur fyrir vinnuhóp á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Kennarasambands Íslands, Félags skólustjóra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Önnur skýrslan fjallaði um lög, reglur og rannsóknir sem taka til skólastefnunnar skóli án aðgreiningar/skóli margbreytileikans og hin um sérkennslu, og var hún byggð á gögnum frá Hagstofunni. Hvorug skýrslanna er enn opinber en það stendur til bóta. Þá birtu meðlimir stofunnar, ýmist einn eða fleiri saman, sem og doktors- og meistaranemar, greinar í erlendum og innlendum ritrýndum tímaritum.

Samstarf

Rannsóknastofan á í samstarfi við aðila utan Háskóla Íslands og kemur það m.a fram í því að í stjórn stofunnar eru þrír akademískir starfsmenn Menntavísindasviðs og einn frá Háskólanum á Akureyri, auk eins nemanda í sérkennslufræðum á meistarastigi við Háskóla Íslands.

Rannsóknastofa um starfendarannsóknir

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um starfendarannsóknir hefur verið starfrækt frá því í september 2012. Í samræmi við reglur um rannsóknastofur við Menntavísindasvið þá er hlutverk Rannsóknastofu um starfendarannsóknir „að stunda rannsóknir á sínu sérsviði, miðla þekkingu, styðja við starfsþróun í skyldum starfsgreinum og skapa verðandi fræðimönnum, meðal annars meistara- og doktorsnemum, vettvang fyrir þátttöku í rannsóknum.“ Rannsóknarstofan sinnir einnig því hlutverki að vera vettvangur umræðu um fræðasviðið og hún leggur ríka áherslu á að byggja upp sterkt samstarf við vettvang. Rannsóknarstofan tekur að sér sértæk verkefni, með þeim fyrirvara að hún hafi fjárhagslegt bolmagn til þess.

Stjórn Rannsóknastofu um starfendarannsóknir skipuðu á árinu Karen Rut Gísladóttir, lektor á Menntavísindasviði, formaður, Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði, Hafþór Guðjónsson, dósent á Menntavísindasviði, og Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor Menntaskólans við Sund.

Kynningarstarfsemi

Rannsóknarstofa um starfendarannsóknir stóð fyrir einni málstofu á ráðstefnunni Menntakviku sem haldin var í október. Í þeirri málstofu var leitast við að skoða þær ólíku leiðir sem kennarar fara í rannsóknum sínum til að skilja betur eigin starfshætti og þau form sem þessar rannsóknir taka á sig.

Erindi á vegum rannsóknastofunnar á erlendri grundu voru haldin á ráðstefnu American Educational Research Association (AERA), sem haldin var í Philadelphíu í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum í apríl, og svokallaðri Kastalaráðstefnu (Castle Conference), sem haldin var í Herstmonceux-kastala í East Sussex á Englandi í byrjun ágúst.

Rannsóknir

Rannsóknastofan heldur utan um rannsóknaverkefni Sögur kennara margbreytilegra nemendahópa og Starfendarannsóknir í samvinnu við vettvangskennara, sem styrkt eru af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Enn fremur tengist hún rannsóknaverkefninu Teymisvinna í leiðsögn meistaranema: Fagleg starfsrýni í kennarmenntun. Það verkefni er einnig styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Á árinu hóf rannsóknastofan vinnu við að draga saman þær rannsóknir sem unnar eru í samvinnu starfsmanna Háskóla Íslands og kennara á vettvangi. Sú vinna er enn í gagni.

Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun var stofnuð í júní 2008. Stjórn hennar skipa nú Guðný Helga Gunnarsdóttir lektor, formaður, Freyja Hreinsdóttir dósent og Kristín Bjarnadóttir prófessor. Stofan stendur fyrir málþingum, ráðstefnum og samskiptum við erlenda aðila um stærðfræðimenntun.

Rannsóknir

Rannsóknir aðstandenda stofunnar fjalla í aðalatriðum um stærðfræðináms- og -kennslu, um notkun tölvuforrita í kennslu og kennslubóka í stærðfræði fyrr og síðar og um viðhorf nemenda og áhugahvöt. Á árinu kynntu liðsmenn rannsóknastofunnar rannsóknir sínar á ýmsum ráðstefnum. Sem dæmi má nefna Menntakviku, vorráðsstefnu miðstöðvar skólaþróunar Háskólands á Akureyri, NORMA 14 í Turku í Finnlandi, European Summer University on History and Epistemology of Mathematics Education (ESU) í Kaupmannahöfn, Nordisk Lærerkonferens í Nuuk á Grænlandi, GeoGebra Conference í Búdapest, V Nordic GeoGebra Conference í Ylöjärvi í Finnlandi og AERA í Philadelphia í Bandaríkjunum.

Starfsemi stofunnar

Edda Óskarsdóttir og Jónína Vala Kristinsdóttir eru í stjórn Nordic Research Network on Special Needs Education in Mathematics sem eru norræn samtök fræðimanna á tveimur fagsviðum, stærðfræði og sérkennslu. Samtökin halda ráðstefnur annað hvert ár á Norðurlöndunum um kennslu nemenda sem eiga í erfiðleikum með stærðfræðináms og þar eru kynntar rannsóknir á sviðinu. Næsta ráðstefna samtakanna verður haldin í Kristianstad í Svíþjóð 19.–20. nóvember 2015.

Freyja Hreinsdóttir stjórnar norrænu samstarfsneti, Nordic GeoGebra Network, sem samanstendur af samstarfsaðilum frá Norðurlöndum, Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Samstarfsnetið vinnur að aukinni og bættri notkun hugbúnaðarins GeoGebra við stærðfræðikennslu og að samstarfi og samskiptum

kennara í þeim efnum. Freyja Hreinsdóttir skipulagði fund skjámyndbandahóps samstarfsnetsins á Íslandi í mars 2014, <http://nordic.geogebra.no/network-seminars/2014-iceland>. Samstarfsnetið skipulagði enn fremur ráðstefnuna V Nordic GeoGebra Conference í Ylöjärvi í Finnlandi 31. október til 2. nóvember og sat Freyja Hreinsdóttir í dagskrárnefnd ráðstefnunnar.

Friðrik Diego hefur á árinu unnið að verkefnum sem tengjast keppnishaldi í stærðfræði, verkefnavali og samningu dæma fyrir forkeppni og lokakeppni innanlands og jafnframt að því að undirbúa Eystrasaltskeppni í stærðfræði og skipuleggja þjálfun keppenda fyrir Ólympíuleika í stærðfræði. Friðrik lagði á árinu enn fremur fyrir fyrsta árs nýnema við Kennaradeild Menntavísindasviðs könnun á stærðfræðigetun þeirra.

Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir og Kristín Bjarnadóttir tóku þátt í Network for Research on Mathematics Textbooks in the Nordic Countries, samstarfi fræðimanna frá fjórum Norðurlöndum um rannsóknir á kennslubókum í stærðfræði. Lokaráðstefna samstarfsnetsins var haldin á Menntavísindasviði 7.–9. maí og sá rannsóknastofan um undirbúing ráðstefnunnar í samstarfi við stjórnanda samstarfsnetsins, Barbro Grevholm, prófessor við Háskólann í Agder í Noregi.

Kristín Bjarnadóttir sat í ritstjórn ráðstefnurits 3ICHME, ráðstefnu um sögu stærðfræðimenntunar, sem haldin var í Uppsöllum í Svíþjóð í september 2013. Fyrirhugað er að ritið komi út í mars 2015. Kristín ritaði einnig kafla um reikningskennslu í Handbook on the History of Mathematics Education, sem gefin var út af Springer í janúar 2014 og Gert Schubring og Alexander Karp ritstýrðu.

Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglunga

Almennt yfirlit og stjórn

Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglunga var formlega stofnuð í desember 2007 og hóf starfsemi sína haustið 2008 með stuðningi rektors í kjölfar sameiningar Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Á árinu 2014 var stofan að vanda rannsóknaveitvangur Hrafnhildar Ragnarsdóttur prófessors, sem jafnframt er forstöðumaður, dósentanna Önnu-Lindar Pétursdóttur, Freyju Birgisdóttur, Jóhönnu Thelmu Einarsdóttur og Ragnhildar Bjarnadóttur, lektoranna Rannveigar Auðar Jóhannsdóttur og Steinunnar Torfadóttur, Helgu Sigurmundsdóttur aðjunktis og doktorsnemanna Rannveigar Oddsdóttur og Sigríðar Ólafsdóttur, auk nokkurra meistaranema.

Meginmarkmið stofunnar er að afla vísindalegrar þekkingar á þroska íslenskra barna með áherslu á málþroska, læsi og þá þroskaþætti aðra sem helst tengjast námi og farsælli skólagöngu. Stofan setur sér einnig að miðla nýrri þekkingu bæði til fræðasamfélagsins og til fagfólks og almennings. Auk rannsóknaverkefna var ýmiss konar starfsemi tengd vettvangi á vegum rannsóknastofunnar á árinu, svo sem þróunarverkefni, fræðsla og ráðgjöf við skóla og sveitarfélög.

Rannsóknastofa um þróun skólastarfs

Almennt yfirlit og stjórn

Hlutverk Rannsóknastofu um þróun skólastarfs er að vera vettvangur rannsókna á þróun skólastarfs, einkum í grunnskólum og framhaldsskólum, miðla þekkingu um þær og styðja við þær með ráðgjöf og þjónustu.

Í stjórn stofunnar voru á árinu: Anna Kristín Sigurðardóttir, formaður, Brynjar Ólafsson, Börkur Hansen, Ingólfur Á. Jóhannesson og Kristjana Stella Blöndal. Forstöðumaður var Gerður G. Óskarsdóttir.

Stofan var starfsvettvangur um 40 fræðimanna og 15 doktors- og meistaranemar unnu að lokaverkefnum tengdum verkefnum á vegum stofunnar.

Rannsóknaverkefni

Helstu rannsóknaverkefni á vegum Rannsóknastofu um þróun skólstarfs voru á árinu:

- Starfshættir í grunnskólum. Meginniðurstöður rannsóknarinnar komu út í ritrýndri bók í lok ársins (21 höfundur, 365 bls., Háskólaútgáfan). Fjöldi fyrirlestra voru haldnir um niðurstöður rannsóknarinnar innan lands og utan. Einni meistararitgerð, byggðri á rannsóknaniðurstöðum hennar, lauk á árinu. Rannsóknin spannar vítt svið og gagna var aflað með blönduðum aðferðum. Samstarfsaðilar voru 20 fræðimenn úr Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, níu doktors- og meistaranemar, 20 grunnskólar, þrjú sveitarfélög og tvö fyrirtæki. Rannsóknin hlaut m.a. styrki úr Rannsóknasjóði og rannsóknasjóðum Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.
- Starfshættir í list- og verkgreinum. Rannsóknin tengist ofangreindri rannsókn sem sjálfstæð eining. Helstu niðurstöður voru kynntar í kafla í fyrirnefndri bók og á fyrirlestraröð.
- Reynsla og viðhorf nemenda í 8.–10. bekk grunnskóla á Íslandi og í Færeyjum. Rannsóknin var samanburðarrannsókn, unnin í samvinnu við fræðimenn í Færeyjum. Hafinn er annar áfangi rannsóknarinnar og snýr hann að starfsmönnum skólanna og foreldrum.
- Starfshættir í framhaldsskólum. Þátttakendur eru sjö fræðimenn af Menntavísinda- og Félagsvísindasviði og sex meistara- og doktorsnemar. Gagnaöflun með vettvangsathugunum og viðtölum lauk á árinu, birt var grein og fyrirlestrar haldnir á alþjóðlegum ráðstefnum. Rannsakendur hlutu þriggja milljóna króna styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands á árinu.
- Réttlæti í menntun – norrænt öndvegissetur í menntarannsóknunum (Justice in Education, JustEd). Rannsóknin er alþjóðlegt samstarfsverkefni sem um 130 manns taka þátt í. Rannsóknin Starfshættir í framhaldsskólum (sjá hér næst fyrir ofan) myndar eitt af sjö teyllum rannsóknarsetursins. Það hlaut styrk úr NordForsk (Education for Tomorrow – Nordic Centre of Excellence).
- Skil skólastiga – Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla. Á árinu voru haldnir sex fyrirlestrar um rannsóknina og birt ein grein. Árið 2012 kom út ritrýnd bók hjá Háskólaútgáfunni um meginniðurstöður rannsóknarinnar og nú hafa selst 600 eintök. Rannsóknin byggðist á blönduðum aðferðum og var styrkt af Reykjavíkurborg og Hagþenki.
- Orðaforði í gegnum leiklist. Rannsóknin var gerð með því að kanna hvernig aðferðir leiklistar voru nýttar til að auka orðaforða yngstu nemenda grunnskóla (tilraunaverkefni og samanburðarhópar, í átta grunnskólum). Samstarfsaðilar eru fræðimaður við Háskóla Íslands og kennarar í grunnskólum.
- Sameining skóla frá sjónarhóli skólustjóra. Gagna var aflað á árinu.

Ráðgjöf um rannsóknir

Rannsóknastofan veitti einstökum fræðimönnum og nemendum ráðgjöf um rannsóknir. Stofan gaf út gátlista um undirbúning stórra rannsóknaverkefna á sviði menntamála þar sem m.a. er fjallað um stjórnun, rannsóknáætlanir, samkomulag, kynningar, aðgang að gögnum, birtingu og höfundarrétt.

Ráðstefnur og málstofur

Á árinu voru haldnar tólf kynningar á niðurstöðum rannsókna: sjö málstofur um framhaldsskólarannsóknir í samvinnu við námsbraut í kennslufræði framhaldsskóla og háskóla, þrjár fundir voru haldnar í fundaröð um starfshætti í list- og verkgreinum í samstarfi við Samtök áhugafólks um skólaþróun og tveir fyrirlestrar um íslenska skólakerfið í alþjóðlegu samhengi í samvinnu við Námsmatsstofnun.

Tvær ráðstefnur voru haldnar á vegum rannsóknastofunnar. Önnur var ráðstefnan, Á flekamótum, var haldin í samstarfi við Rannsóknastofu í menntunarfræðum ungra barna. Hún fjallaði um skilin í lífinu allt frá skilum leik- og grunnskóla til skila starfs og eftirlaunaára. Hin var námsstefna um stjórnun og námsumhverfi, haldin í Reykjavík á vegum norrænna samtaka skólastjórna í samvinnu við Rannsóknastofu um þróun skólastarfs og Skólastjórafélag Íslands.

Rannsóknastofa um þróun skólastarfs stóð fyrir þremur málstofum á Menntakviku í október.



Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Stjórn og skipulag

Sviðsforseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var Hilmar Bragi Janusson. Í stjórn sviðsins fyrri hluta árs voru, auk sviðsforseta:

- Hafliði Pétur Gíslason, forseti Raunvísindadeildar (varadeildarforseti Oddur Ingólfsson),
- Jóhannes R. Sveinsson, forseti Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar (varadeildarforseti Helgi Þorbergsson),
- Magnús Tumi Guðmundsson, forseti Jarðvísindadeildar (varadeildarforseti Hreggviður Norðdahl),
- Ólafur Pétur Pálsson, forseti Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar (varadeildarforseti Kristján Jónasson),
- Sigurður Magnús Garðarsson, forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar (varadeildarforseti Guðmundur Freyr Úlfarsson),
- Eva Benediktsdóttir, forseti Líf- og umhverfisvísindadeildar (varadeildarforseti Anna Dóra Sæþórsdóttir).

Deildarforsetaskipti urðu í þremur deildum á árinu. Frá 1. júlí voru nýir deildarforsetar:

- Guðmundur Freyr Úlfarsson var kjörinn forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar og Sigurður Magnús Garðarsson var kjörinn varadeildarforseti,
- Kristinn Andersen var kjörinn forseti Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar og Anna Soffía Hauksdóttir var kjörin varadeildarforseti,
- Þorvaldur Þórðarson var kjörinn forseti Jarðvísindadeildar og Áslaug Geirsdóttir var kjörin varadeildarforseti.

Skipan forseta og varaforseta Raunvísindadeildar, Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar og Líf- og umhverfisvísindadeildar hélst óbreytt frá fyrri hluta ársins.

Auk sviðs- og deildarforseta eiga tveir fulltrúar stúdenta sæti í stjórn sviðsins en þeir fara sameiginlega með eitt atkvæði. Starfsmaður stjórnar er Íris Davíðsdóttir verkefnastjóri. Stjórnin hélt 27 fundi á árinu.

Fulltrúar sviðsins í ráðum og nefndum

- Oddur Ingólfsson, prófessor í Raunvísindadeild, var fulltrúi sviðsins í vísindanefnd háskólaráðs.
- Gunnar Stefánsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar, var fulltrúi sviðsins í jafnréttisnefnd háskólaráðs.
- Hjálmtýr Hafsteinsson, dósent í Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, var fulltrúi sviðsins í kennslumálanefnd háskólaráðs.
- Einar H. Guðmundsson, prófessor, prófessor við Raunvísindadeild, var fulltrúi sviðsins í heiðursdoktorsnefnd háskólaráðs.
- Guðmundur G. Haraldsson, prófessor við Raunvísindadeild, var fulltrúi sviðsins í kærunefnd í málefnum nemenda.
- Rannveig Ólafsdóttir, dósent (prófessor frá 1. júlí) í Líf- og umhverfisvísindadeild, var fulltrúi sviðsins í sjálfbærni- og umhverfisnefnd háskólaráðs.
- Hrund Ó. Andradóttir, dósent í Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, var fulltrúi sviðsins í skipulagsnefnd háskólaráðs.

Nefndir

Nefndir sviðsins á árinu voru sex talsins: gæðanefnd, húsnæðisnefnd, jafnréttisnefnd, kennslunefnd, vísindanefnd og öryggis-, heilsu- og umhverfisnefnd. Allar nefndirnar hafa starfsmann sem undirbýr fundi og ritar fundargerðir.


Nefndirnar taka til umfjöllunar mál sem undir þær heyra og stjórn sviðsins vísar til þeirra. Þær senda stjórn sviðsins fundargerðir og álit sem stjórnin tekur til afgreiðslu.

Starfsfólk

Á árinu lét Dagrún Briem verkefnisstjóri af störfum ásamt Bryndísi Jónsdóttur og Ernu Rut Steinsdóttur verkefnastjórum. Á árinu hófu Jón Atli Hermannsson verkefnisstjóri og Sigríður Sif Magnúsdóttir verkefnisstjóri störf hjá sviðinu. Berglind Guðjónsdóttir verkefnisstjóri starfaði tímabundið hjá sviðinu í hálfu starfi á mótí Dagrúnu Briem.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið – Heildarfjöldi starfsmanna

	Fjöldi	Starfsígildi
Konur	85	73
Karlar	146	130
231	203	



Stjórnsýsla

Stjórnsýsla og tækniþjónusta fræðasviðsins – fjöldi starfsmanna í árslok 2014			
	Karlar	Konur	Einstaklingar* Starfsígildi
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	13	18	31 29

*

* Þar af eru 6 manns tæknifólk

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá fræðasviðinu þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Fjármál Verkfræði- og náttúruvísindasviðs*

Fjárveiting	2.014.358
Sértekjur	451.745
Tekjur alls	2.466.103
Útgjöld	2.354.239
Tekjuafgangur/halli	111.864
Ársverk	235,4
Skráðir nemendur	2.306
Virkir nemendur	1.676
Nemendur/ársverk	9,8
Virkni nemenda	72,7%

* Upphæðir eru í þús. kr.

Kennslumál

Svipaður fjöldi stúdenta hóf grunnnám og meistaranám við deildir Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og árið áður.

Frá deildum sviðsins brautskráðust álíka margir kandídatar með BS-próf og árið áður. Kandídotum sem luku MS-prófi og doktorsprófi frá deildum sviðsins fjölgaði um 45% frá árinu áður.

Kennsla til BS-prófs í lífefna- og sameindalíffræði hófst haustið 2011. Þetta er sameiginleg námsbraut Líf- og umhverfisvísindadeildar og Raunvísindadeildar. Fyrstu kandídatarnir brautskráðust á árinu, 15 frá Líf- og umhverfisvísindadeild og 9 frá Raunvísindadeild.

Á sviðinu voru stofnaðar 6 nýjar námsleiðir á árinu: í lðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild var stofnuð MS-námsleið í lífverkfræði, í Líf- og umhverfisvísindadeild (í samvinnu við lðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild) var stofnuð MS-námsleið í lífupplýsingafræði, í Raunvísindadeild var stofnuð BS-námsleið og MS-námsleið í verkfræðilegri eðlisfræði og MS-námsleið og doktorsnámsleið í tölfræði.

Á árunum 2000–2011 var boðið upp á BS-nám í efnaverkfræði við véla- og lðnaðarverkfræðiskor lðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar (áður verkfræðideildar). Ákveðið var að hefja aftur kennslu í þessari grein haustið 2014 og nú í samvinnu lðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar og Raunvísindadeildar.

Komið hafa upp nokkur tilvik þar sem grunur lék á að nemandi hafi gerst brotlegur við 51. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Þung viðurlög eru við skólann við hvers konar misferli í prófum, verkefnavinnu og ritgerðasmíð. Gæðastjóri sviðsins bjó til verkferil fyrir mál af þessu tagi til að auðvelda meðferð þeirra.

Kennsluþing Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var haldið 7. nóvember. Yfirskrift þingsins var Mikilvægi stærðfræðinnar. Stjórnendum framhaldsskóla, námsráðgjöfum og fagstjórum í stærðfræði ograungreinum og mennta- og menningarmálaráðherra var sérstaklega boðið að taka þátt í þinginu. Rúmlega 100 manns sóttu þingið, sem þótti takast einstaklega vel.

Tutor-web er kennslukerfi sem notað hefur verið í tölfræði- og stærðfræðikennslu bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi. Kerfið hannaði Gunnar Stefánsson, prófessor við Raunvísindadeild, sem hefur, ásamt fleirum, þróað það undanfarinn áratug. Í kerfinu er að finna kennsluefni ásamt æfingum sem ætlað er að kanna þekkingu nemenda á efninu. Æfingarnar eru ekki hugsaðar sem próf heldur fremur til þess að nemendur læri af því að svara þeim. Þegar æfing hefur verið leyst fær nemandinn strax að vita hvort lausn hans var sú rétta og, ef ekki, er útskýrt hvernig rétt lausn fæst. Engir tveir notendur kerfisins fá sömu æfingar og þær þyngjast eftir því sem nemandinn nær betri tókum á efninu. Kennslukerfið, sem hefur að geyma efni bæði á ensku og íslensku hefur hingað til verið nýtt í inngangsnámskeiðum í stærðfræði og tölfræði í Háskóla Íslands og í tilteknum námskeiðum í framhaldsskólum við góðar undirtektir nemenda.

Kynningar og viðburðir

- Fimmta sviðsþing Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var haldið föstudaginn 24. janúar í Öskju. Gestafyrirlesari var Sveinbjörn Höskuldsson, forstjóri Nox Medical, og flutti hann erindi sem nefndist Þarf fleira verk- og tækni menntað fólk á Íslandi? Flutt voru stutt erindi með yfirliti yfir störf, stefnu og markmið deilda sviðsins og einnig var rætt um hlutverk og verkefni stoðþjónustunnar á árinu og enn fremur var farið yfir viðfangsefni og tilskipanir nefnda sviðsins. Þá kynnti Náttverk, hagsmunafélag nemenda, áherslur sínar. Þinginu lauk með kosningu fulltrúa á háskólaþing.
- Í samvinnu við Menntavísindasvið stóð Verkfræði- og náttúruvísindasvið að First Lego League hönnunarkeppninni sem var haldin 1. febrúar í Háskólabíói. Þemað þetta árið var Náttúruöfl (Nature's Fury). Markmiðið með keppninni er að vekja áhuga grunnskólanema á vísindum og tækni ásamt því að byggja upp sjálfstraust þeirra, leiðtogahæfni og lífsleikni. Alls tóku um 140 grunnskólanemar víðs vegar af landinu þátt í keppninni sem var æsispennandi. Sigurliðið að þessu sinni hét 0% englar var skipað sjö stúlkum úr Brúarásskóla á Fljótsdalshéraði og tryggðu þær sér þátttökurétt á Evrópumóti First Lego League á Spáni.
- Nám við Verkfræði- og náttúruvísindasvið var kynnt í framhaldsskólum landsins fram í febrúar. Háskólagurinn var haldinn 1. mars. Sviðið hafði Öskju til umráða og þótti kynningin þar takast

með afbrigðum vel. Stúdentar og starfsfólk sviðsins létu mikið að sér kveða í öllu kynningarstarfinu. Í mars kynnti sviðið jafnframt námsframboð sitt í framhaldsskólum á landsbyggðinni.

- Meistaradagur Verkfræðistofnunar var haldinn 22. maí. Á meistaradeginum voru kynnt verkefni meistaranema í verkfræði og tölvunarfræði, bæði með veggspjöldum og fyrirlesturum.
- Móttaka nýnema var haldin í byrjun skólaárs og tókst með miklum ágætum.
- Innsetningarathafnir nýrra prófessora og vísindamanna voru haldnar með jöfnu millibili á árinu. Snæbjörn Pálsson, Zophonías Oddur Jónsson, Ármann Höskuldsson, Helmut Neukirchen, Benedikt Halldórsson og Magnús Örn Úlfarsson héldu allir erindi um helstu verk sín og framtíðarsýn í kennslu og rannsóknum.
- Kennsluþing Verkfræði- og náttúruvísindasviðsvar haldið í Öskju föstudaginn 7. nóvember. Á þinginu var fjallað um mikilvægi stærðfræðinnar.
- Undanfarið hefur mátt merkja mikinn áhuga á vísindum í samfélaginu. Vísindanefnd sviðsins lagði til að þriðja rannsóknþingi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs yrði beint að almenningi og að lögð yrði áhersla á að kynna rannsóknir sviðsins á mannamáli. Yfirskrift þingsins að þessu sinni var Nýjasta tækni og vísindi og var það kynnt sem vísinda- og tæknidagur Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Yfir 30 vísindamenn við sviðið héldu stutt erindi ætluð almenningi um eigin hugðarefni og ýmislegt annað var í boði fyrir gesti og gangandi, svo sem Sprengjugengið landsfræga sem sýndi tilraunir og glænýtt Holuhraun sem var til sýnis. Örnólfur Thorlacius og Sigurður H. Richter voru heiðraðir á deginum fyrir framlag þeirra og frumkvöðlastarf við vísindamiðlun á Íslandi, sér í lagi fyrir sjónvarpsþátt þeirra Nýjasta tækni og vísindi. Vísindadagurinn, sem var haldinn í Öskju þann 25. október, var ákaflega vel sóttur af almenningi, jafnt ungum sem eldri, enda var dagskráin byggð upp af skemmtilegum og fræðandi atriðum fyrir alla aldurshópa.
- Ársfundur Verkfræðistofnunar var haldinn þriðjudaginn 11. nóvember í Tæknigarði undir yfirskriftinni Er framtíð verkfræðirannsókna á Íslandi grundvöllur nýsköpunar í atvinnulífinu?
- Sjötta sviðsþing Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var haldið fimmtudaginn 18. desember á Háskólatorgi. Þema þingsins var stefnumótun sviðsins. Flutt voru stutt yfirlit yfir störf, stefnu og markmið deilda og stofnana sviðsins. Nefndir sviðsins kynntu síðan drög að stefnu sviðsins. Jólagleði starfsmanna sviðsins var svo haldin í beinu framhaldi af þinginu.


Styrkir og viðurkenningar

Verkfræði- og náttúruvísindasvið nýtur velvildar í samfélaginu því að fáum dylst hvað kennarar og vísindamenn sviðsins hafa unnið landi og þjóð til hagsbóta. Þessi velvild og skilningur á nauðsyn kennslu og rannsókna í verkfræði og náttúruvísindum lýsir sér með margvíslegu móti, þar á meðal í styrkjum og viðurkenningum.

Þann 21. desember ár hvert er veittur styrkur úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents. Styrkveitingin fór fram við hátíðlega athöfn á Háskólatorgi. Styrkinn hlýtur sá stúdent sem náð hefur bestum árangri við upphaf síðasta námsárs í grunnnámi í verkfræði. Styrkinn þetta árið hlaut Ingimar Jóhannsson, BS-nemi í umhverfis- og byggingarverkfræði við Háskóla Íslands.

Skipurit Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og stofnana þess

Rannsóknastofnanir og -stofur á Verkfræði- og náttúruvísindasviði



Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Forseti deildarinnar var Ólafur Pétur Pálsson prófessor og varaforseti Kristján Jónasson prófessor. Formenn námsbrauta voru Tómas P. Rúnarsson prófessor (iðnaðarverkfræði), Kristján Jónasson prófessor (tölvunarfræði) og Fjóla Jónsdóttir prófessor (vélaverkfræði). Þau þrjú, ásamt deildarforseta, skipuðu deildarráð, auk tveggja fulltrúa nemenda.

Starfsmenn

Á árinu hófu fjórir nýir starfsmenn störf. Þau eru Ásdís Helgadóttir, lektor í vélaverkfræði, Harald Ulrik Sverdrup, prófessor í iðnaðarverkfræði, Matthias Book, dósent í hugbúnaðarverkfræði, og Rögnvaldur Jóhann Sæmundsson, dósent í iðnaðarverkfræði.

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

	Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	1	1
	– karlar	3	3
	Dósentar		
	– konur	1	1
	– karlar	5	5
	Prófessorar		
	– konur	2	2
	– karlar	11	10,20
	Samtals	23	22,2
	Rannsóknafólk		
	– konur	4	4
	– karlar	7	5,73
	Samtals	11	9,73

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs

Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðist 151 kandídat frá deildinni, þar af 126 með BS-próf, 24 með MS-próf og einn með doktorspróf.

Doktorsvörn

Einn doktor brautskráðist frá deildinni á árinu.

- Þann 3. febrúar varði Hulda Sigrún Haraldsdóttir doktorsritgerð sína í lífverkfræði, Mat á ummyndaðri Gibbs-orku efnaskiptahvarfa til að skorða efnaskiptanet varmafræðilega (Estimation of Transformed Reaction Gibbs Energy for Thermodynamically Constraining Metabolic Reaction Networks). Í doktorsnámnefndinni voru: Ronan M.T. Fleming, fræðimaður við Háskólann í Lúxemborg, Sigurður Brynjólfsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, Ines Thiele, dósent við Háskólann í Lúxemborg og fyrrverandi dósent og núverandi gestadósent við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, og Jón Jóhannes Jónsson, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands. Hulda Sigrún var fyrst til að ljúka doktorsprófi í lífverkfræði frá Háskóla Íslands.

Rannsóknir

Rannsóknunum sem fóru fram í deildinni á árinu er lýst í kafla Verkfræðistofnunar.

Alþjóðasamskipti

Á árinu fóru 15 nemar við deildina utan í skiptináám og 24 skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við hana.

Gæðamál

Deildin lauk vinnu við sjálfsmat á kennslu og skilaði sjálfsmatsskýrslu í lok ársins. Í skýrslunni er að finna ítarlega greiningu á kennslu við deildina, bæði á því sem vel er gert en einnig á því sem betur mætti fara. Í því sambandi eru talin upp atriði sem skoða þarf sérstaklega, lagðar eru til tímasettar úrbætur og ábyrgðaraðilar tilgreindir. Á árinu fór forseti deildarinnar yfir kennslukannanir með kennurum og fulltrúum nemenda og er það hluti af gæðaeftirliti í deildinni.

Brautskráðir stúdentar frá Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild 2014

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Hugbúnaðarverkfræði	19	4	23
	Iðnaðarverkfræði	20	13	33
	Tölvunarfræði	39	9	48
	Véla- og iðnaðarverkfræði	1	1	2
	Vélaverkfræði	14	6	20
BS Alls		93	33	126
Doktorspróf	Lífverkfræði		1	1
Doktorspróf Alls			1	1
MS	Fjármálaverkfræði	2		2
	Hugbúnaðarverkfræði	1	2	3
	Iðnaðarverkfræði	2	1	3
	Reikniverkfræði	1		1
	Tölvunarfræði	3		3
	Vélaverkfræði	9	3	12
MS Alls		18	6	24
Alls úr deildinni á árinu		111	40	151

Tölur í þessari töflu eru frá kennslusviði háskólans og gilda um brautskráða kandiðata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiðata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennslusviði um brautskráða kandiðata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Jarðvísindadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Fyrri hluta ársins var Magnús Tumi Guðmundsson prófessor deildarforseti og varadeildarforseti og formaður námsbrautar í jarðvísindum var Hreggviður Norðdahl fræðimaður. Þá tók Þorvaldur Þórðarson prófessor við sem deildarforseti og Áslaug Geirsdóttir prófessor sem varadeildarforseti og formaður námsbrautarinnar. Stjórnun deildarinnar og Jarðvísindastofnunar er samtvinnuð, þ.e. akademískir fulltrúar í deildarráði skipa jafnframt stjórn Jarðvísindastofnunar en deildarfundir með fullum réttindum sitja allir kennarar og akademískir sérfræðingar. Á fyrri hluta ársins sátu í deildarráði Jarðvísindadeildar, auk deildarforseta og varadeildarforseta, Andri Stefánsson prófessor, Freysteinn Sigmundsson vísindamaður, Áslaug Geirsdóttir prófessor og Ármann Höskuldsson vísindamaður og Heimir Ingimarsson var fulltrúi nemenda í ráðinu. Á síðari hluta ársins sátu í deildarráði, auk deildarforseta og varadeildarforseta, Andri Stefánsson prófessor, Freysteinn Sigmundsson vísindamaður, Kristín Vala Ragnarsdóttir prófessor og Sigurður Jakobsson vísindamaður og Heimir Ingimarsson var áfram fulltrúi nemenda.

Starfsmenn

Á árinu lét Friðgeir Grímsson lektor af störfum ásamt Sigrúnu Hreinsdóttur dósent. Eniko Bali lektor, Esther Ruth Guðmundsdóttir aðjunkt og Steffen Mischke prófessor hófu störf á árinu við deildina.

Hreggviður Norðdahl fræðimaður var fluttur tímabundið (til tveggja ára) frá Jarðvísindastofnun til deildarinnar í stöðu dósent.

Jarðvísindadeild		
Aðjunktur	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	2	1,75
– karlar	0	0
Lektorar		
– konur	1	1
– karlar	1	0,30
Dósentar		
– konur	2	2
– karlar	0	0
Prófessorar		
– konur	2	1,50
– karlar	5	5
Samtals	13	11,55
Rannsóknafólk		
– konur	2	1,86
– karlar	1	0,93

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Nemendur, nám og kennsla

Á arinu brautskráðust 46 kandiádatar frá deildinni, þar af 27 með BS-próf, 16 með MS-próf og 3 með doktorspróf.

Doktorsvarnir

Þrjú doktorar brautskráðust frá deildinni á árinu.

- Þann 12. maí varði Amandine Auriac doktorsritgerð sína, Svörun fastrar jarðar við rýrnun og framhlaup jökla metin með InSAR-bylgjuvúxl-mælingum úr gervitunglum og með reiknilíkönun (Solid Earth Response to Ice Retreat and Glacial Surges in Iceland Inferred from Satellite Radar Interferometry and Finite Element Modelling), í jarðeðlisfræði. Leiðbeinandi Amandine var Freysteinn Sigmundsson, vísindamaður við Jarðvísindastofnun, og ásamt honum voru í doktorsnefndinni Andrew J. Hooper, prófessor í jarðeðlisfræði við School of Earth and Environment í háskólanum í Leeds í Bretlandi og Rikke Pedersen, sérfræðingur við Norræna eldfjallasetrið á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Þann 26. maí varði Jonas Olsson doktorsritgerð sína, Myndun kalksteinda og hreyfanleiki þungmálma við efnaskipti vatns, koltvíoxíðs og frumstæðs bergs (The Formation of Carbonate Minerals and the Mobility of Heavy Metals During Water-CO₂-Mafic Rock Interactions), í jarðeðlisfræði. Gráðan var sameiginleg frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Kaupmannahöfn og fór vörnin fram í Kaupmannahöfn. Leiðbeinendur í verkefninu voru Sigurður Reynir Gíslason, vísindamaður við Jarðvísindastofnun, og Susan S. Stipp, prófessor við Nano-Science Center, Háskólanum í Kaupmannahöfn, og meðleiðbeinandi var Emil Makovicky, einnig prófessor við sama háskóla.

- Þann 3. nóvember varði Hrafnhildur Hannesdóttir doktorsritgerð sína, Breytingar á suðaustanverðum Vatnajökli – í fortíð, nútíð og framtíð (Variations of Southeast Vatnajökull – Past, Present and Future), í jarðfræði. Leiðbeinendur voru Helgi Björnsson, vísindamaður við Jarðvísindastofnun, og Guðfinna Aðalgeirsdóttir, dósent við Jarðvísindadeild, en einnig sat í doktorsnefndinni Jón Eiríksson, vísindamaður við Jarðvísindastofnun.

Rannsóknir

Rannsóknur sem fóru fram í deildinni á árinu er lýst í kafla Jarðvísindastofnunar.

Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu fjórir nemar við deildina utan í skiptinám en 100 skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við hana á árinu.

Gæðamál

Deildin framfylgdi áfram settri aðgerðaáætlun, meðal annars öðrum áfanga sem fólst í að endurnýja kennslumásjárforða deildarinnar sem er notaður í kennslu í steinda- og bergfræði og í rannsóknaverkefnum nemenda þegar við á. Á árinu var haldið áfram við að endurskipuleggja grunnnám í jarðfræði, setja upp námsbrautir fyrir meistaranám og koma á starfsreglum fyrir meistara- og doktorsnám.

Brautskráðir stúdentar frá Jarðvísindadeild 2014

Jarðvísindadeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Jarðeðlisfræði	5	2	7
	Jarðfræði	14	6	20
BS Alls		19	8	27
Doktorspróf	Jarðeðlisfræði		1	1
	Jarðfræði	1	1	2
Doktorspróf Alls		1	2	3
MS	Jarðeðlisfræði	2	1	3
	Jarðfræði	5	8	13
MS Alls		7	9	16
Alls úr deildinni á árinu		27	19	46

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kándidata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kándidata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kándidata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Líf- og umhverfisvísindadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Forseti Líf- og umhverfisvísindadeildar var Eva Benediktsdóttir dósent og varaforseti Anna Dóra Sæþórsdóttir dósent en hún var starfandi deildarforseti frá 1. janúar til 30. júní.

Í deildinni voru þrjár námsbrautir, námsbraut í líffræði, námsbraut í land- og ferðamálafræði og námsbraut í lífefna- og sameindalíffræði, en sú síðastnefnda var rekin í samvinnu við Raunvísindadeild. Námsbrautarformaður í líffræði var Jörundur Svavarsson prófessor, námsbrautarformaður í land- og ferðamálafræði Karl Benediktsson prófessor, og námsbrautarformaður í lífefna- og sameindalíffræði Zophonías O. Jónsson prófessor.

Starfsmenn

Á árinu hófu Gunnar Þór Hallgrímsson dósent og Edda Ruth Hlín Waage aðjunkt störf við deildina. Sigríður Rut Franzdóttir var endurráðin sem aðjunkt í 50% starf til eins árs.

Líf- og umhverfisvísindadeild		
Aðjuntar	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	3	1,7
– karlar	0	0
Lektorar		
– konur	4	3,30
– karlar	1	0,20
Dósentar		
– konur	3	3
– karlar	4	4
Prófessorar		
– konur	7	7
– karlar	10	9,50
Samtals	32	28,70
Tæknifólk – telst með stjórnýslu		
– konur	0	0
Líffræðistofnun		
– konur	17	14,78
– karlar	23	21,67
Samtals	40	36,45
Stofnun Sæmundar fróða		
– konur	2	1,50
– karlar	0	0
Samtals	2	1,50

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðust 99 kandídatar frá deildinni, þar af 70 með BS-próf, 20 með MS-próf, níu með doktorspróf og einn með viðbótardiplómu. Á árinu voru í fyrsta sinn útskrifaðir nemendur af námsbraut í lífefna- og sameindalíffræði og útskrifuðust 15 þeirra frá Líf- og umhverfisvísindadeild með sameindalíffræði sem kjörsvið.

Doktorsvarnir

Níu doktorar brautskráðust frá deildinni á árinu.

- Þann 3. febrúar varði Swagatika Sahoo doktorsritgerð sína, Kerfislíffræði meðfæddra efnaskiptagalla (Systems Biology of Inborn Errors of Metabolism), í líffræði. Í doktorsnefnd Swagatiku voru Ólafur S. Andr sson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, Ines Thiele, dósent við háskólann í L xemborg og aðjunkt við I na arverkfr ði-, vélaverkfr ði- og t lvunarfr ðideild Hásk la Íslands, og J n J. J nsson, prófessor við L knadeild.
- Þann 25. mars varði Lilja Karlsd ttir doktorsritger  sína, Kynbl ndun íslenskra birkitegunda   n t ma lesin af frj kornum (Hybridisation of Icelandic Birch in the Holocene Reflected in Pollen), í líffr ði. Lei beinandi Lilju og forma ur doktorsnefndarinnar var Kesara Anamthawat-J nsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.  samt Kes ru voru í doktorsnefndinni Margr t Hallsd ttir, sérfr ðingur við Nátt rufr ðistofnun Íslands,  g ir Þ r Þ rsson, sérfr ðingur og gar yrkjur dunautur B endasamtaka Íslands,  lafur Eggertsson, sérfr ðingur hj  Sk gr kt r kisins   M gils , og  sa L. Arad ttir, prófessor við Landb na arh sk la Íslands.
- Þann 11. apr l varði Anthony Munyaho Taabu doktorsritger  sína,  hrif umhverfis og mannlegra athafna    tbrei slu og afkomu nytjafiskstofna í Viktor uvatni í Austur-Afr ku (Anthropogenic and Environmental Impacts on the Abundance and Distribution of Commercial Fish Stocks of Lake Victoria, East Africa), í líffr ði. Lei beinandi Anthonys og forma ur doktorsnefndarinnar var Gu r n Marteinsd ttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.  samt Gu r nu s tu í doktorsnefndinni Gunnar Stef nsson, prófessor við Raunvísindadeild, Timothy B. Grabowski, lektor við Texas Tech University í Bandar kjunum, og G sli M r G slason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild.
- Þann 19. ma  varði Ester Rut Unnsteinsd ttir doktorsritger  sína,  slenska hagam sin *Apodemus sylvaticus* – Stofnbreytingar og takmarkandi þ ttir   nor urm rkum  tbrei slu (The Wood Mouse *Apodemus sylvaticus* in Iceland – Population Dynamics and Limiting Factors at the Northern Edge of the Species' Range), í líffr ði. Lei beinendur hennar voru P ll Hersteinsson, d ravistfr ðingur og prófessor í spend ravistfr ði við Líf- og umhverfisvísindadeild, (uns hann lést 2011) og T mas Gr tar Gunnarsson, vistfr ðingur og forst  uma ur Ranns knaseturs H sk la Íslands   Su urlandi.  samt P li og T masi s tu í doktorsnefndinni Arn  r Gar arsson, d rafr ðingur og prófessor emeritus við Líf- og umhverfisvísindadeild, og Rolf A. Ims, d ravistfr ðingur og prófessor í vistfr ði norr enna sv  a við H sk la heimskautafr  a í Troms  í Noregi.
- Þann 19. j n  varði Bj rg Gu mundsd ttir doktorsritger  sína, Hlutverk sinkfingurpr teinsins Pogz við bl  myndun í lifur m sa   f sturstigi og skilgreining   markgenum þess (The Role of the Zinc Finger Protein Pogz in Mouse Fetal Hematopoiesis and Identification of Pogz Downstream Target Genes), í líffr ði. Lei beinandi Bjargar var Jonathan R. Keller, forst  uma ur við Bandar sku krabbameinsstofnunina (NCI).  samt Jonathan s tu í doktorsnefndinni Gu mundur Hrafn Gu mundsson, prófessor í frumulíffr ði við H sk la Íslands, og  lafur Eysteinn Sigurj nsson, forst  uma ur grunnranns kna og n sk punar í Bl  bankanum.
- Þann 19.  g st varði Kalina H. Kapralova doktorsritger  sína, Formmyndun og t aning miRNA tengd breytilegu  tliti h fu s bleikjuafbrig a (*Salvelinus alpinus*) (Study of Morphogenesis and miRNA Expression Associated with Craniofacial Diversity in Arctic Charr (*Salvelinus alpinus*) Morphs), í líffr ði. Lei beinendur hennar voru Sigur ur S. Snorrason prófessor, Zophon as O. J nsson prófessor og Arnar P lsson dósent, allir við Líf- og umhverfisvísindadeild.  samt þeim sat Ian A. Johnston, prófessor við St. Andrews h sk lann í Skotlandi, einnig í doktorsnefndinni.
- Þann 27. okt ber varði Taru Lehtinen doktorsritger  sína, E li og einkenni samkornunar og lífr ens efnis í jar vegi   r ktarlandi í Evr pu (Characterization of Soil Aggregation and Soil Organic Matter in European Agricultural Soils), í landfr ði. Lei beinendur hennar voru Gu r n G slad ttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og Krist n Vala Ragnarsd ttir, prófessor við Jar vísindadeild, en einnig sat í doktorsnefndinni Rattan Lal, prófessor í jar vegsfr ði við Ohio State University í Columbus í Bandar kjunum.

- Þann 29. október varði Heather Rosemary Philp doktorsritgerð sína, Leiðir til að auka verðmæti humars (*Nephrops norvegicus*) úr sjó með líffræðilegum aðferðum (Using Biology to Improve the Value of the Icelandic Lobster (*Nephrops norvegicus*) Fishery), í líffræði. Leiðbeinandi hennar var Guðrún Marteinsdóttir, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, en auk hennar skipuðu doktorsnefndina Amaya Albalat, prófessor við University of Stirling í Skotlandi, og Douglas Neil, prófessor við University of Glasgow í Skotlandi.
- Þann 30. október varði Maïke Kathrin Aurich doktorsritgerð sína, Samþætting lífefnafræðimælinga og efnaskiptaneta (Integration of Omics Data with Biochemical Reaction Networks), í líffræði. Leiðbeinandi hennar var Ines Thiele, dósent við Háskólann í Lúxemborg, en einnig sátu í doktorsnefndinni Ólafur Sigmar Andrésón, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, Jón Jóhannes Jónsson, prófessor við Læknadeild, og Sigurður Brynjólfsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands.

Rannsóknir

Rannsóknur sem fóru fram í deildinni á árinu er lýst í kafla Líf- og umhverfisvísindastofnunar.

Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu átta namar við deildina utan í skiptinám en 33 skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við hana á árinu.

Gæðamál

Námsbraut í land- og ferðamálafræði setti sér stefnu fyrir árin 2014–2019 í júnímánuði 2014, þar sem sett voru fram markmið og leiðir varðandi rannsóknir, kennslu og stjórnun.

Kennslukannanir voru haldnar í deildinni bæði misserin, um mitt misseri og í lok þeirra, og voru kennarar hvattir sérstaklega til þess að ræða niðurstöður miðmisseriskannananna við nemendur. Í maí var skipuð nefnd til þess að skrifa sjálfsmatsskýrslu fyrir deildina í samræmi við markmið skólans. Í henni voru deildarforseti og námsbrautarstjórnarnir þrír, einn tæknimaður, einn nemandi úr hverri námsbraut í grunnnámi, tveir nemendur í framhaldsnámi, einn fulltrúi fyrirverandi nemenda og erlendur fulltrúi, auk ritara nefndarinnar, sem jafnframt var fulltrúi stoðþjónustu sviðsins. Nefndin tók til starfa í ágúst og fundaði reglulega út árið. Í sambandi við sjálfsmatið var leitað til Kennslumiðstöðvar skólans um að kanna viðhorf nemenda deildarinnar. Var sú könnun lögð fyrir í september og fengu nefndarmenn og kennarar útkomu úr henni í hendur í desember. Árleg könnun Félagsvísindastofnunar á viðhorfi núverandi og fyrirverandi nemenda skólans kom út á vormisseri og í þetta sinn voru niðurstöður teknar út eftir námsbrautum.

Brautskráðir stúdentar frá Líf- og umhverfisvísindadeild 2014

Líf- og umhverfisvísindadeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Ferðamálafræði	11	22	33
	Landfræði	6	6	12
	Líffræði	9	14	23
	Sjávar- og vatnalíffræði		2	2
BS Alls		26	44	70
Doktorspróf	Landfræði		1	1
	Líffræði	1	7	8
Doktorspróf Alls		1	8	9
MS	Ferðamálafræði		1	1
	Landfræði	3	4	7
	Líffræði	4	8	12
MS Alls		7	13	20
Alls úr deildinni á árinu		34	65	99

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kandiðata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiðata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kandiðata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Líf- og umhverfisvísindastofnun

Almennt yfirlit og stjórn

Líf- og umhverfisvísindastofnun leiðir saman líffræði, landfræði og ferðamálafræði. Hún býður upp á nýja samstarfsmöguleika í rannsóknum og nýsköpun innan skólans og utan. Meginmarkmið Líf- og umhverfisvísindastofnunar er að efla rannsóknir á sviði líf- og umhverfisvísinda og leggur sitt af mörkum til að skólinn nái langtímamarkmiðum sínum um samkeppnishæfni gagnvart bestu rannsóknaháskólum heims.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu á árinu:

- Hilmar Bragi Janusson sviðsforseti, formaður stjórnar,
- Guðrún Gísladóttir prófessor,
- Zophonías O. Jónsson dósent,
- Ólafur S. Andrésson prófessor,
- Anna D. Sæþórsdóttir dósent.

Þann 1. júní urðu formannsskipti og Þóra Ellen Þórhallsdóttir tók við sem formaður stjórnar af Hilmarí Braga.

Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskóla Íslands skiptist í tvær rannsóknastofur. Þær eru:

- Líffræðistofa
- Land- og ferðamálafræðistofa

Í árslok störfuðu við stofnunina fjórir verkefnastjórar, einn sérfræðingur, einn rannsóknamaður, einn aðstoðarmaður, fimm nýdóttarar og 20 nemar, þar af 19 doktorsnemar.

Land- og ferðamálafræðistofa

Land- og ferðamálafræðistofa Líf- og umhverfisvísindastofnunar er rannsóknaveitvangur kennara og annarra starfsmanna í landfræði og ferðamálafræði.

Starfsmenn

Í árslok störfuðu við stofuna einn verkefnastjóri, einn rannsóknamaður, einn aðstoðarmaður og þrjú doktorsnemar.

Rannsóknir

Land- og ferðamálafræðistofa aflaði samtals 99 milljóna kr. í styrki á árinu. Mikil fagleg breidd greinanna tveggja sem falla undir stofuna endurspeglast í þeim rannsóknaveitnum sem unnið er að við stofuna. Sem dæmi má nefna rannsóknir á jarðvegsferlum í náttúrufræði, verkefni tengd mannvistarlandfræði um hjólreiðar í borgarumhverfinu og rannsóknir á uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýli. Dæmi um rannsóknir sem unnið var að á árinu má nefna verkefnið Rannsókn á þolmörkum ferðamanna og fjölda þeirra á fjölförnum áfangastöðum á Suður- og Vesturlandi og Áhrif vindmylla á Þjórsár-Tungnaárvæði á ferðamenn og samfélag.

Líffræðistofa

Til Líffræðistofu Líf- og umhverfisvísindastofnunar teljast þeir kennarar og starfsmenn sem stunda rannsóknir í líffræði og náskyldum greinum. Flestir vísindamenn stofunnar eru fastráðnir kennarar við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands en nokkrir eru lausráðnir eða gestavísindamenn.

Starfsmenn

Í árslok störfuðu við stofuna þrjú verkefnastjórar, einn sérfræðingur, fimm nýdóttorar og 17 nemar, þar af 16 doktorsnemar.

Rannsóknir

Líffræðistofa aflaði samtals um 179 milljóna kr. í styrki á árinu. Innan stofunnar eru stundaðar rannsóknir á mörgum sérsviðum líffræðinnar, allt frá eiginleikum stórsameinda og frumna upp í samsetningu stofna og eiginleika vistkerfa. Vísindamennirnir fást við spurningar sem spanna vítt svið og beita til þess margs konar aðferðum, m.a. lífefnafræði, tölfræði, lífupplýsingafræði og sameindalíffræði. Verkefni stofunnar eru oft unnin í samstarfi við utanaðkomandi aðila innanlands sem utan. Dæmi um rannsóknir sem unnið var að á árinu má nefna verkefnið Erfðamengjastofnar samlífisfléttu við breytilegar aðstæður, Orsakir útlitsbreytileika beitukóns, sem var unnið í samstarfi við Háskólann á Hólum, og Uppbygging samfélaga í frumframvindu: Vistfræðilegir og starfrænir eiginleikar plantna.

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Breytingar urðu á stjórn deildarinnar á árinu. Jóhannes Rúnar Sveinsson var forseti deildarinnar fyrri hluta ársins lét af störfum sem forseti í lok vormisseris. Kristinn Andersen tók við af honum sem deildarforseti um mitt sumar og Anna Soffía Hauksdóttir varð varadeildarforseti í stað Helga Þorbergssonar. Magnús Örn Úlfarsson var námsbrautarstjóri í rafmagnsverkfræði og Helgi Þorbergsson í tölvuverkfræði.

Starfsmenn

Á árinu hófu Kristinn Andersen prófessor og Lotta María Ellingsen lektor störf við deildina.

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild			
	Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
	– konur	1	1
	– karlar	0	0
	Dósentar		
	– konur	0	0
	– karlar	1	1
	Prófessorar		
	– konur	1	1
	– karlar	4	3,40
	Samtals	7	6,4
Upplýsinga- og merkjafræðistofa og Kerfisverkfræðistofa			
	– konur	0	0
	– karlar	6	4,06
	Samtals	6	4,06

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Nám og kennsla

Á árinu útskrifuðust 32 frá deildinni, þar af 24 með BS-próf, sem er meira en tvöfalt fleiri en árinu áður. Að auki útskrifuðust sex nemendur frá Keili (í mekatróník hátækni-fræði og orku- og umhverfistækni-fræði. Þeir teljast í töflunni hér fyrir neðan með nemendum deildarinnar. Tveir útskrifuðust með doktorspróf frá deildinni.

Doktorsvarnir

Tveir doktorar brautskráðust frá deildinni á árinu.

- Þann 21. janúar varði Sergio Bernabé García doktorsritgerð sína, Öflug algrím til að heimta upplýsingar úr fjarkönnunarmyndum (Efficient Algorithms for Information Retrieval from Remote Sensing Images), í tölvuverkfræði. Um er að ræða sameiginlega prófgráðu frá Háskóla Íslands og Universidad de Extremadura á Spáni og fór doktorsvörnin fram í Extremadura 21. janúar. Leiðbeinendur Sergios í verkefninu voru Jón Atli Benediktsson, prófessor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, Antonio J. Plaza, dósent við deild tölvuverkfræði og fjarskipta Extremadura-háskóla, og Pablo García Rodríguez, dósent við tölvunarfræðideild Extremadura-háskóla.
- Þann 16. desember varði Behnood Rasti doktorsritgerð sína, Rýr líkanagerð og matsaðferðir fyrir fjölrása fjarkönnunarmyndir (Sparse Hyperspectral Image Modeling and Restoration), í rafmagns- og tölvuverkfræði. Leiðbeinendur voru Jóhannes R. Sveinsson og Magnús Örn Úlfarsson, prófessorar við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild. Auk þeirra sat í doktorsnefndinni Lotta M. Ellingsen, lektor við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild Háskóla Íslands og Johns Hopkins University.

Rannsóknir

Rannsóknur sem fóru fram í deildinni á árinu er lýst í kafla Verkfræðistofnunar.

Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu fjórir nemar við deildina utan í skiptinám.

Gæðamál

Vinna að sjálfsmati deildarinnar hófst á árinu. Skipað var í hóp til að vinna sjálfsmatið og stefnt er að því að vinnunni ljúki á fyrri hluta árs 2015.

Brautskráðir stúdentar frá Rafmagns- og tölvuverkfræðideild 2014

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Mekatróník hátæknifræði	4		4
	Orku- og umhverfistæknifræði	2		2
	Rafmagns- og tölvuverkfræði	21	3	24
BS Alls		27	3	30
Doktorspróf	Rafmagns- og tölvuverkfræði	1		1
	Tölvuverkfræði	1		1
Doktorspróf Alls		2		2
Alls úr deildinni á árinu		29	3	32

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kandiata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kandiata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Raunvísindadeild

Almennt yfirlit og stjórn

Raunvísindadeild er vettvangur kennslu í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði við Háskóla Íslands og skiptist deildin í samsvarandi þrjár námsbrautir. Auk þess stendur deildin að námsbraut í lífefna- og sameindalíffræði ásamt Líf- og umhverfivísindadeild og er sú námsbraut vistuð í Raunvísindadeild. Forseti deildarinnar var Hafliði Pétur Gíslason og varaforseti Oddur Ingólfsson.

Starfsmenn

Á árinu lét Hörður Filippusson prófessor af störfum ásamt Reyni Axelssyni dósent. Sigurður Örn Stefánsson lektor hóf störf á árinu við deildina.

Raunvísindadeild		
Aðjunktur	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	0	0
– karlar	0	0
Lektorar		
– konur	0	0
– karlar	2	2
Dósentar		
– konur	2	2
– karlar	4	4
Prófessorar		
– konur	0	0
– karlar	27	25,49
Samtals	35	33,49
Rannsóknafólk		
– konur	2	1,25

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðust 74 kandídatar frá deildinni, 57 með BS-próf, átta með MS-próf og níu með doktorspróf.

Doktorsvarnir

Níu doktorar brautskráðust frá deildinni á árinu.

- Hinn 14. mars varði Pauline Servane Renoux doktorsritgerð sína, Varmageislun mæld með grennri platínuvírum en bylgjulengd hennar – Gerð varmageislunarmælis og bestun eiginleika hans (Sub-Wavelength Platinum Wires as Bolometers – Fabrication and Optimisation), í eðlisfræði. Leiðbeinandi hennar var Snorri Þorgeir Ingvarsson, prófessor í eðlisfræði við Raunvísindadeild, en auk hans sátu í doktorsnefndinni Einar Örn Sveinbjörnsson, prófessor í eðlisfræði við Raunvísindadeild, og Kristján Leósson, vísindamaður við Raunvísindastofnun.
- Hinn 30. apríl varði Kristmann Gíslason doktorsritgerð sína, Stífar 5',6-læstar kirnisleifar sem merki fyrir litrófsgreiningar á kjarnsýrum (Rigid 5',6-Locked Nucleosides as Spectroscopic Labels for Nucleic Acids) í efnafræði. Leiðbeinandi hans var Snorri Þór Sigurðsson, prófessor við Raunvísindadeild, og í doktorsnefnd voru, auk hans, Ágúst Kvaran, prófessor við Raunvísindadeild, Jón K.F. Geirsson, prófessor við Raunvísindadeild, og Már Másson, prófessor við Lyfjafræðideild.
- Hinn 2. maí varði Frímán Haukur Ómarsson doktorsritgerð sína, Samhverfur, hvarfgangar og orkujafnvægi í rjúfandi rafeindarálagningu á halógeneraðar metan-, sílan- og germanafleiður (Symmetries, Dynamics and Energetics in Dissociative Electron Attachment to Selected Group IV Halides – Velocity Slice Imaging and Mass Spectrometric Study), í efnafræði. Leiðbeinandi hans var Oddur Ingólfsson, prófessor við Raunvísindadeild, og í doktorsnefndinni voru einnig Nigel J. Mason, prófessor við The Open Univeristy, Milton Keynes, í Bretlandi, og E. Krishnakumar, prófessor, Tata-stofnunina í Mumbai á Indlandi.

- Hinn 19. júní varði Dnyaneshwar Bajirao Gophane doktorsritgerð sína, Bensimíðasól- og bensoxasólafleidd nítroxíðspunamerki fyrir kjarnsýrur (Benzimidazole- and Benzoxazole-Derived Nitroxide Spin-Labels for Nucleic Acids), í lífrænni efnafræði. Leiðbeinandi hans var Snorri Þór Sigurðsson, prófessor við Raunvísindadeild, og í doktorsnefndinni voru einnig Guðmundur G. Haraldsson, prófessor við Raunvísindadeild, og Már Mátsson, prófessor við Lyfjafræðideild.
- Hinn 27. júní varði Sigrún Helga Lund doktorsritgerð sína, Margir reitir með sama þreifara á þöktum RNA-tjáningarörflögum (Multiple Spots with the Same Probe on Tiled RNA Expression Microarrays), í tölfræði. Leiðbeinandi hennar var Gunnar Stefánsson, prófessor í tölfræði við Raunvísindadeild, og ásamt honum voru í doktorsnefndinni Þórunn Rafnar, deildarstjóri Krabbameinsdeildar hjá Íslenskri erfðagreiningu, og Daníel F. Guðbjartsson, deildarstjóri Tölfræðideildar hjá Íslenskri erfðagreiningu.
- Hinn 22. ágúst varði Thorsten Ludwig Arnold doktorsritgerð sína Áhrif ljóseindahols á sveipleiðni fylginna rafeinda með víxlverkun spuna og brautar um skammtahring í segulsviði, (The Influence of Cavity Photons on the Transient Transport of Correlated Electrons Through a Quantum Ring with Magnetic Field and Spin-Orbit Interaction), í eðlisfræði. Leiðbeinandi var Viðar Guðmundsson, prófessor við Raunvísindadeild, og ásamt honum voru í doktorsnefndinni Andrei Manolescu, prófessor við Háskólann í Reykjavík, og Hannes Jónsson, prófessor við Raunvísindadeild.
- Hinn 1. september varði Nitin Chhaban Kunjir doktorsritgerð sína, Trífenýlmetýlafleiddar tvístakeindir til mælinga á nanópúlsaðri EPR-litrófgreiningu (Triphenylmethyl-Derived Biradicals for Nanometer Distance Measurements by Pulsed EPR Spectroscopy), í efnafræði. Leiðbeinandi hans var Snorri Þór Sigurðsson, prófessor við Raunvísindadeild, en auk hans sátu í doktorsnefndinni Guðmundur G. Haraldsson, prófessor við Raunvísindadeild, og Már Mátsson, prófessor við Lyfjafræðideild.
- Hinn 3. september varði Oleksandr Kyriienko doktorsritgerð sína, Fall Greens í ljósskautseindaeðlisfræði (Green's Function Approach in Polaritonics), í eðlisfræði. Leiðbeinandi í verkefninu var Ivan Shelykh, prófessor við Raunvísindadeild, en auk hans sátu í doktorsnefnd Viðar Guðmundsson, prófessor við Raunvísindadeild, og Snorri Ingvarsson, prófessor við Raunvísindadeild.
- Hinn 5. september varði Pavla Dagsson Waldhauserová doktorsritgerð sína, Uppruni, breytileiki og eiginleikar ryks í andrúmslofti yfir Íslandi (Variability, Origin and Physical Characteristics of Dust Aerosol in Iceland), í eðlisfræði og umhverfisfræðum. Doktorsgráðan var sameiginleg frá Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands. Leiðbeinendur Pövlun voru Haraldur Ólafsson, prófessor í eðlisfræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands, og Ólafur Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands. Auk þeirra voru í doktorsnefndinni Jóhann Þórsson, vísindamaður hjá Landgræðslu ríkisins, og Jean-Baptiste Renard, rannsóknastjóri við Háskólann í Orléans í Frakklandi.
- Hinn 26. september varði Hildur Guðmundsdóttir doktorsritgerð sína, Innleiðing á sjálfvíxlverkunarleiðréttingu þéttnefna og reikningar á Rydberg- og veiluástöndum (Implementation of Self-Interaction Correction to Density Functionals and Application to Rydberg and Defect States), í efnafræði. Leiðbeinandi Hildar var Hannes Jónsson, prófessor við Raunvísindadeild, en auk hans sátu í doktorsnefndinni Viðar Guðmundsson, prófessor við Raunvísindadeild, og Egill Skúlason, dósent við Raunvísindadeild.

Rannsóknir

Rannsóknir sem fóru fram í deildinni á árinu er lýst í kafla Raunvísindastofnunar (Eðlisvísindastofnunar).

Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu sex nemar við deildina utan í skiptináám og átta skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við hana á árinu.

Gæðamál

Raunvísindadeild lauk vinnu við sjálfsmat með fundi í júlí. Þá voru starfsmannaviðtöl tekin við um helming akademískra starfsmanna á árinu.

Brautskráðir stúdentar frá Raunvísindadeild 2014

Raunvísindadeild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Eðlisfræði	4	1	5
	Efnafræði	10	8	18
	Lífefna- og sameindalíffræði	10	14	24
	Lífefnafræði	2	2	4
	Stærðfræði	5	1	6
BS Alls		31	26	57
Doktorspróf	Eðlisfræði	2	2	4
	Efnafræði	4	1	5
	Tölfræði		1	1
Doktorspróf Alls		6	4	10
MS	Eðlisfræði	1	1	2
	Efnafræði		1	1
	Lífefnafræði	1		1
	Stærðfræði	4		4
MS Alls		6	2	8
Alls úr deildinni á árinu		43	32	75

Tölur í þessari töflu eru frá kennsluviði háskólans og gilda um brautskráða kandiðata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiðata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennsluviði um brautskráða kandiðata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Almennt yfirlit og stjórn

Á fyrri hluta ársins var Sigurður Magnús Garðarsson prófessor deildarforseti og Guðmundur Freyr Úlfarsson prófessor varadeildarforseti. Á miðju ári skiptu þeir hins vegar um hlutverk, Guðmundur Freyr tók við starfi deildarforseta og Sigurður Magnús varð varadeildarforseti. Auk þeirra sat Hrunn Ólöf Andradóttir dósent í deildarráði, ásamt fulltrúa nemenda.

Starfsmenn

Á árinu lét Ragnar Sigbjörnsson prófessor af störfum sökum aldurs. Rajesh Rupakhety og Jukka Taneli Heinonen hófu störf á árinu við deildina sem dósentar. Benedikt Halldórsson hlaut á árinu framgang í starf vísindamanns við deildina. Hann hefur starfað sem sérfræðingur og fræðimaður við deildina um árabil með rannsóknaraðstöðu við Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði.

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild		
Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
– konur	0	0
– karlar	0	0
Dósentar		
– konur	1	1
– karlar	5	3,24
Prófessorar		
– konur	0	0
– karlar	5	5
Samtals	11	9,24

Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði og Vatnaverkerfræðistofa

– konur	6	5
– karlar	4	3,25
Samtals	10	8,25

Kerfislíffræðisetur (vistað á Verkfræði- og náttúruvísindasviði)

– konur	1	0,80
– karlar	4	3,50
Samtals	5	4,3

Tölur í þessari töflu eru frá starfsmannasviði háskólans og miðast við starfsmannafjölda 1. desember. Þær kunna að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni þar sem misjafnt er við hvaða tíma árs og hvaða flokka starfsmanna þar er miðað. Tölurnar frá starfsmannasviði eru hins vegar samanburðarhæfar frá ári til árs.

Akademískir starfsmenn

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild		
Lektorar	Fjöldi	Starfsígildi
konur	0	
karlar	0	
Dósentar		
konur	1	
karlar	5	
Prófessorar		
konur	0	
karlar	5	
Akademískir sérfræðingar		
konur	1	1
karlar	0	0
Fræðimenn		
konur	0	0
karlar	0	0
Vísindamenn		
konur	0	0
karlar	2	2
Samtals	14	

Nemendur, nám og kennsla

Á árinu brautskráðust 36 kandídatar frá deildinni þar af 20 með BS-próf, 13 með MS-próf og 3 luku doktorsprófi.

Framhaldsnámið er öflugt í deildinni en um 60 meistaranemendur og um 10 doktorsnemendur stunduðu nám við deildina á árinu.

Doktorsvarnir

Þrjár doktorar brautskráðust frá deildinni á árinu.

- Þann 16. maí varði Snjólaug Ólafsdóttir doktorsritgerð sína, Örlög loftborins brennisteinsvetnis í nágrenni tveggja jarðvarmavirkjana (Near Field Fate of Atmospheric Hydrogen Sulfide from Two Geothermal Power Plants), í umhverfisverkfræði. Leiðbeinandi hennar var Sigurður Magnús Garðarsson, prófessor og deildarforseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar. Í doktorsnefndinni voru Hrunn Ólöf Andradóttir, dósent við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, Halldór Ármannsson, jarðefnafræðingur hjá ISOR, og Giovanni Chiodini, rannsóknastjóri á Vesúvíusarstofu Napoli-deildar jarðeðlis- og eldfjallastofnunar Ítalíu.
- Þann 26. maí varði Narayan Soorya Ventkataraman doktorsritgerð sína, Slembistuðlagreining á áhrifum veggþögnunarþátta á tíðni umferðarslysa á hraðbrautum (Random Parameter Analysis of Geometric Effects on Freeway Crash Occurrence), í byggingarverkfræði. Leiðbeinandi hans var Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, og ásamt honum voru í doktorsnefnd Birgir Hrafnkelsson, dósent við Raunvísindadeild, og Sittipan Sittikariya, yfirverkfræðingur hjá fyrirtækinu DKS Associates í Seattle í Bandaríkjunum.
- Þann 2. júlí varði Þorbjörg Sævarsdóttir doktorsritgerð sína, Greining og svörun sveigjanlegra vegbygginga við hjólaálagi í bílhermi (Performance Modelling of Flexible Pavements Tested in a Heavy Vehicle Simulator), í byggingarverkfræði. Leiðbeinandi hennar var Sigurður Erlingsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, og ásamt honum voru í doktorsnefnd Pauli

Kolisoja, prófessor við Tampere-tækniháskólann í Finnlandi, og Þórir Ingason, forstöðumaður rannsókna hjá Vegagerðinni.

Rannsóknir

Rannsóknnum sem fóru fram í deildinni á árinu er lýst í kafla Verkfræðistofnunar.

Alþjóðasamskipti

Á árinu héldu 10 nemar við deildina utan í skiptinám og 8 skiptinemar frá erlendum skólum stunduðu nám við hana á árinu.

Gæðamál

Deildin fylgdi aðgerðaáætlun sjálfsmatskýrslu deildarinnar og setti meðal annars fram ný hæfniviðmið í námsbraut til BS-prófs í umhverfis- og byggingarverkfræði. Deildin setti sér starfsreglur um doktorsnám við deildina í samræmi við reglur Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Deildin gaf út leiðbeiningar til nemenda í meistaranámi og reynsla komst á nýjan og samræmdan matskvarða fyrir mat meistaraverkefna. Deildin fór yfir kennslukannanir með fulltrúum nemenda og var það hluti af gæðaeftirliti deildarinnar.

Brautskráðir stúdentar frá Umhverfis- og byggingarverkfræðideild 2014

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
BS	Umhverfis- og byggingarverkfræði	15	5	20
BS Alls		15	5	20
Doktorspróf	Byggingarverkfræði	1	1	2
	Umhverfisverkfræði		1	1
Doktorspróf Alls		1	2	3
MS	Byggingarverkfræði	5	1	6
	Umhverfisverkfræði	1	6	7
MS Alls		6	7	13
Alls úr deildinni á árinu		22	14	36

Tölur í þessari töflu eru frá kennslusviði háskólans og gilda um brautskráða kandiata frá deildinni á árinu, að frátöldum þeim sem brautskrást úr þverfræðilegu framhaldsnámi. Tölurnar kunna því að vera að einhverju leyti frábrugðnar upplýsingum frá deildinni, sem og listum yfir brautskráða kandiata úr hverri deild aftast í þessu riti. Aftur á móti er sérstök tafla frá kennslusviði um brautskráða kandiata úr þverfræðilegu framhaldsnámi aftast í kaflanum um fræðasvið þar sem fjallað er um þverfræðilega framhaldsnámið.

Raunvísindastofnun

Raunvísindastofnun háskólans er fjárhagslega sjálfstæð rannsóknastofnun á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands og starfar í alþjóðlegu vísindaumhverfi. Stofnunin er vettvangur grunnrannsókna og nytjarannsókna í raunvísindum. Meginmarkmið starfseminnar er að afla nýrrar þekkingar og stuðla að hagnýtingu hennar fyrir íslenskt samfélag, þjálfa nemendur í vísindalegum vinnubrögðum, veita sérfræðiaðstoð og annast fræðslustarfsemi. Stofnunin heldur utan um tilraunastarfsemi á sviði eðlisfræði, efna- og lífefnafræði, stærð- og reiknifræði og jarðvísinda í víðtæku samstarfi við aðrar innlendar og erlendar rannsóknastofnanir. Niðurstöður rannsókna eru birtar í alþjóðlegum tímaritsgreinum, bókarköflum, skýrslum og á ráðstefnum.

Í árslok 2014 störfuðu 29 akademískir sérfræðingar, ásamt 33 verkefnaráðnum starfsmönnum, við rannsóknir, auk 12 tæknimanna og aðstoðarmanna. Níu manna starfslið vinnur á aðalskrifstofu og annast rekstur fasteigna. Raunvísindastofnun er rannsóknavettvangur kennara við raunvísinda- og jarðvísindadeildir Háskóla Íslands, þeir voru 46 í árslok. Einnig höfðu fjölmargir nemar í framhaldsnámi við Háskóla Íslands starfsaðstöðu á stofnuninni í lengri eða skemmri tíma.

Árið 2014 nam velta stofnunarinnar 1.404,3 m.kr., sem er hækkun um 178,2 m.kr. frá árinu áður. Af veltu ársins komu 540,7 m.kr. af fjárlögum en þar af fengust 136,2 m.kr. með viðbótarfjárveitingu vegna eldsumbrota í Holuhrauni og Bárðarbungu. Framlag Norrænu ráðherranefndarinnar nam 90,5 m.kr. til reksturs Norræna eldfjallasetursins. Sjálfsaflafé til reksturs rannsóknaverkefna var 805,8 m.kr. á árinu. Rekstur rannsóknaverkefna grundvallast á sjálfsaflafé frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum og frá fyrirtækjum. Á undanförunum árum hefur hlutur erlendra rannsóknasjóða farið vaxandi.

Raunvísindastofnun skiptist í Eðlisvísindastofnun og Jarðvísindastofnun háskólans og er þeim lýst hér að neðan.

Eðlisvísindafræðistofnun

Reiknisetur

Eðlisfræðistofa

Háloftadeild

Örtæknikjarni

Efnafræðistofa

Lífefnafræðideild

Efnagreiningasetur

Stærðfræðistofa

Reiknifræðideild

Tölvufræðimiðstöð

Jarðvísindastofnun

Norræna eldfjallasetrið

Eðlisvísindastofnun

Eðlisvísindastofnun skiptist í þrjár rannsóknastofur, Stærðfræðistofu, Eðlisfræðistofu og Efnafræðistofu. Stofurnar þrjár hafa síðan innan sinna vébanda tiltölulega sjálfstæðar deildir.

Í árslok 2014 störfuðu 33 kennarar Raunvísindadeildar við Eðlisvísindastofnun, auk tveggja kennara úr öðrum deildum sem hafa rannsóknaraðstöðu á stofnuninni. Einnig eru við stofnunina 12 akademískir sérfræðingar en þeir stunda sjálfstæðar rannsóknir, verkefnaráðnir sérfræðingar eru tíu, nýdóttarar eru átta og tæknimenn eru þrír.

Sértekjur bókfærðar á stofnunina námu 278,3 millj.kr. árið 2014 en fjárveiting úr ríkissjóði var 139,3 millj.kr.

Eðlisfræðistofa

Almennt yfirlit

Á Eðlisfræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í tilraunaeðlisfræði, kennilegri eðlisfræði þéttfenis og stjarnaeðlisfræði. Á stofunni eru þrír hópar fyrirferðarmestir. Einn þeirra sinnir rannsóknum á sviði tilraunaeðlisfræði með áherslu á hátæknieðlisfræði og örtækni. Annar hópur stundar kennilegar

rannsóknir og líkanagerð af eiginleikum rafeindakerfa á nanóskvarða í hálfleiðurum og sameindum. Þriðji hópurinn leggur stund á rannsóknir í stjarnfræðisfræði með megináherslu á gammablossa og heimsfræði. Auk þessara hópa stunda einstakir kennarar og sérfræðingar á stofunni rannsóknir sem ekki falla undir framangreind svið. Unnu þeir meðal annars við mælingar á radoni í grunnvatni og endurbætta mælitækni aldursgreininga með geislakoli.

Rannsóknastyrkir

Bókfærðar sértekjur á Eðlisfræðistofu námu um 103,5 millj.kr. árið 2014 en fjárveiting úr ríkissjóði var tæplega 46,9 millj.kr. Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði Rannís voru sex talsins og námu þeir 43.416 þús.kr. á árinu. Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig níu verkefni stofumanna á árinu um samtals 11.900 þús. kr.

Nýir styrkir

- Einar Örn Sveinbjörnsson hlaut styrk til verkefnisins Rafeiginleikar grafíns sem ræktað er á SiC, úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Styrkurinn nam 800 þús.kr.
- Ivan Shelykh hlaut styrk til verkefnisins Bose- og Fermi-kerfi fyrir spintronics úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Styrkurinn nam 7.740 þús.kr.
- Jón Tómas Guðmundsson hlaut styrk til verkefnisins The Ion Velocities Near the Presheath-Sheath Boundaries in a Plasma with Multiple Positive Ions, úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Styrkurinn nam 1.400 þús.kr.
- Kristján Leósson hlaut á árinu styrk að upphæð 1.400 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Plasmonic Waveguide Circuits for Quantum Optics“.
- Kjartan Þór Wikfeldt hlaut styrk til verkefnisins Amorf-ís, úr Rannsóknasjóði Rannís, að upphæð 7.450 þús.kr.
- Páll Jakobsson hlaut styrk til verkefnisins Target of Opportunity Observations of Gamma-Ray Bursts. Styrkurinn nam 1.800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Snorri Þorgeir Ingvarsson hlaut styrk að upphæð 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Micro- and Nanowires as Thermal Infrared Light Sources and Bolometric Sensors.
- Sveinn Ólafsson hlaut styrk að upphæð 1.400 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Leiðni og myndun Rydbergsvetnisfasa á yfirborðum.
- Unnar Arnalds hlaut styrk til verkefnisins Uppröðun og hreyfifræði í varmavirkum nanómynstruðum segulkerfum, úr Rannsóknasjóði Rannís að upphæð 6.996 þús.kr.
- Viðar Guðmundsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands að upphæð 1.500 þús.kr. til verkefnisins Tímaháð segul-ljósleiðni í nanókerfum.
- Innviðasjóður Rannís styrkti kaup á Atomic/Magnetic force microscopy-tæki um 4.342 þús.kr.

Framhaldsstyrkir

- Gunnlaugur Björnsson hlaut styrk að upphæð 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins Lýsifall hýsilvetrarbrauta gammablossa.
- Hafliði Pétur Gíslason hlaut styrk til verkefnisins Geislavirkar veilur mældar við ISOLDE/CERN-hraðalinn. Styrkurinn nam 1.400 þús.kr. á árinu úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Jón Tómas Guðmundsson hlaut styrk til verkefnisins Hvarfaspættun með háafspúlisaðri segulspættu úr Rannsóknasjóði Rannís. Styrkurinn nam 10.960 þús.kr.
- Kjartan Thor Wikfeldt hlaut styrk til verkefnisins Sameindalýsing á vatni úr Rannsóknasjóði Rannís. Styrkurinn nam 6.390 þús.kr. á árinu 2014.
- Páll Jakobsson hlaut styrk til verkefnisins Gammablossar: Leiftur úr fjarlægri fortíð. Styrkurinn nam 3.880 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.



Efnafræðistofa

Almennt yfirlit

Á Efnafræðistofu eru stundaðar grunnrannsóknir í efnasmíðum lífrænna og ólífrænna efna, efnagreiningu og eðlisefnafræði, bæði með tilraunum og kennilegum rannsóknum. Stofan rekur Efnagreiningasetur Háskóla Íslands en þar er boðið upp á ýmsar hátæknigreiningar, svo sem NMR- og massagreiningar. Við Lífefnafræðideild stofunnar eru stundaðar ýmsar rannsóknir, einkum á próteinum og lípíðum.

Rannsóknastyrkir

Bókfærðar sértekjur á Efnafræðistofu námu um 137,7 millj.kr. árið 2014 en fjárveiting úr ríkissjóði var tæplega 46,7 millj.kr. Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði Rannís voru 13 talsins og námu þeir 115.014 þús.kr. á árinu, þar af féll eitt verkefni undir Lífefnafræðideild sem hlaut styrk sem nam 6.983 þús.kr. Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig tíu verkefni stofumanna á árinu samtals 12.000 þús. kr. Þar af féll eitt verkefni undir Lífefnafræðideild sem hlaut styrk sem nam 1.100 þús.kr.

Nýir styrkir

- Anna Louise Garden hlaut styrk til verkefnisins Hreinsun nítrata úr drykkjarvatni. Styrkurinn nam 7.060 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Ágúst Kvaran hlaut styrk til verkefnisins Photodissociation and Fragment Analysis by Two Color REMPI. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Guðmundur G. Haraldsson hlaut styrk að upphæð 9.610 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís til verkefnisins Hlutvetnun poly-y-na og efnasmíðar á stöðubundnum metoxylluðum eterlípíðum.
- Hannes Jónsson hlaut styrk til verkefnisins Computational Methods for Determining the Mechanism and Rate of Transitions. Styrkurinn nam 1.800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Kjartan Thor Wikfeldt hlaut styrk til verkefnisins Long Time-Scale Simulations of Amorphous Ice. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Krishna Kumar Damodaran hlaut styrk til verkefnisins Novel and Efficient Metal Organic Frameworks for Catalysis and Energy Storage. Styrkurinn nam 1.800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Oddur Ingólfsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið The Role of Electron Scattering Processes in Plasmas and in Focused Electron Beam Induced Processing (FEBIP). Styrkurinn nam 1.800 þús.kr.
- Ragnar Björnsson hlaut styrk til verkefnisins Virkjun köfnunarefnis í einsleitri og misleitri efnahvötun. Styrkurinn nam 7.250 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Sigríður Suman Jónasdóttir hlaut styrk til verkefnisins Catalytic Approach to Treatment of Cyanide Poisoning. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Sigríður Guðrún Suman hlaut styrk til verkefnisins Rannsóknir á hvataðri myndun þíósíanats. Styrkurinn nam 10.132 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Snorri Þór Sigurðsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið Micro- and Nanowires as Thermal Infrared Light Sources and Bolometric Sensors. Styrkurinn nam 1.800 þús.kr.
- Snorri Þór Sigurðsson hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís fyrir verkefnið Stöðugar stakeindir fyrir lífeðlisfræðilegar rannsóknir. Styrkurinn nam 28.864 þús.kr.

Framhaldsstyrkir

- Ágúst Kvaran hlaut styrk til verkefnisins Háorkuljóssundrun sameinda, rannsóknir og þróun, ásamt Victor Huasheng Wang. Styrkurinn nam 6.625 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Hannes Jónsson hlaut styrk til verkefnisins Reikniaðferðir til að spá fyrir um hraða hitaháðra breytinga, ásamt Valery M. Uzdin. Styrkurinn nam 6.340 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Oddur Ingólfsson hlaut styrk til verkefnisins Hlutverk lágorkurafeinda í yfirborðsprentun með skörpum rafeindageisla, ásamt D. Howard Fairbrother, Ivo Utke og Cornelis W. Hagen. Styrkurinn nam 6.970 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.

- Egill Skúlason hlaut styrk að upphæð 6.760 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís fyrir verkefnið Rafefnafræðileg framleiðsla á áburði og vistvænu eldsneyti.
- Egill Skúlason hlaut styrk að upphæð 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið Þróun efnahvata fyrir rafala og sólhlöður.
- Guðmundur G. Haraldsson hlaut styrk að upphæð 5.070 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands fyrir verkefnið Efnasmíðar á metoxyl-setnum eterlípiðum og n-3 PUFA.
- Snorri Þorgeir Ingvarsson hlaut styrk að upphæð 6.840 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís fyrir verkefnið „Spunahreyfifræði og segulsviðsskynjarar“.
- Snorri Þór Sigurðsson hlaut styrk að upphæð 6.510 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís fyrir verkefnið EPR-rannsóknir á kjarnsýrum með stífum spunamerkjum og trítíl-stakeindum.

Lífefnafræðideild

Við Lífefnafræðideild Efnafræðistofu eru stundaðar ýmsar rannsóknir, einkum á próteinum og lípiðum.

Rannsóknastyrkir

Rannsóknasjóður Rannís styrkti eitt verkefni við Lífefnafræðideild Efnafræðistofu um samtals 6.983 þús.kr. og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti eitt verkefni um samtals 500 þús. kr.

Nýir styrkir

- Bjarni Ásgeirsson hlaut styrk til verkefnisins Kvíkar hreyfingar og fjölfærni í kuldavirku ensími: Tvenndargerð alkalísks fosfatasa. Styrkurinn nam 6.983 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Magnús Már Kristjánsson hlaut styrk til verkefnisins Hönnun á ensímfræðiiægum eiginleikum subtilasa með markvissum stökkbreytingum. Styrkurinn nam 500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Stærðfræðistofa

Almennt yfirlit og starfsmenn

Stærðfræðistofa er vettvangur rannsókna í stærðfræði, stærðfræðilegri eðlisfræði, reiknifræði og tölfraði. Þar af heyra reiknifræði og tölfraði undir Reiknifræðideild stofunnar.

Rannsóknastyrkir

Bókfærðar sértekjur á Stærðfræðistofu námu um 35,3 millj.kr. árið 2014 en fjárveiting úr Ríkissjóði var tæplega 41,5 millj.kr. Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði Rannís námu 6.950 þús.kr. á árinu. Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig þrjú verkefni stofumanna á árinu um samtals 2.700 þús.kr. Þar af runnu 1.900 þús.kr. til Reiknifræðideildar.

Framhaldsstyrkir

- Lárus Thorlacius hlaut styrk til verkefnisins Þyngdarfræðilíkön fyrir sterkt víxlverkandi skammtakerfi. Styrkurinn nam 6.950 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Lárus Thorlacius hlaut styrk til verkefnisins Rannsóknir í öreindafræði. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Reiknifræðideild

Við Reiknifræðideild eru stundaðar rannsóknir sem tengjast reiknifræði, tölfraði og líkindafræði undir samheitinu hagnýtt stærðfræði og tölfraði. Undir Reiknifræðideild heyrir Tölfraðimiðstöð Háskóla Íslands, sem veitir ráðgjöf í tölfraði við skólann og er jafnframt starfsvettvangur doktorsnema í tölfraði. Við miðstöðina starfa nemendur í framhaldsnámi í tölfraði og nemendur

langt komnir í BS-námi sem ráðgjafar undir stjórn forstöðumannsins, Gunnars Stefánssonar prófessors. Á vegum Tölfræðimiðstöðvar er einnig rekin málstofa í tölfræði.

Helstu viðfangsefni deildarinnar eru á sviði tölfræði, líkindafræði, bestunarfræði og tölulegrar greiningar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á líkanagerð fyrir ýmsar greinar vísinda.

Rannsóknastyrkir

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands styrkti tvö verkefni starfsmanna Reiknifræðideildar á árinu um samtals 1.900 þús.kr.

Framhaldsstyrkir

- Birgir Hrafnkelsson hlaut styrk til verkefnisins Statistical Modeling for Maximum 24 hour Precipitation. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Gunnar Stefánsson hlaut styrk til verkefnisins Vefstudd kennsla. Styrkurinn nam 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Jarðvísindastofnun

Almennt yfirlit

Jarðvísindastofnun er önnur tveggja sjálfstæðra stofnana Raunvísindastofnunar háskólans. Hún er til húsa í Öskju, Náttúrufræðahúsi skólans. Meginhlutverk Jarðvísindastofnunar er að afla nýrrar þekkingar með grunnrannsóknnum og nytjarannsóknnum í jarðvísindum, byggja upp og veita aðstöðu fyrir viðamiklar tilraunir og mælingar í jarðvísindum. Auk þess rekur stofnunin norrænt rannsóknasetur í eldfjallafræðum, Norræna eldfallasetrið (Nordvulk), þar sem ungir norrænir jarðvísindamenn eru menntaðir og þjálfaðir. Starfsmenn stofnunarinnar starfa með innlendum og erlendum háskólum, rannsóknastofnunum og öðrum aðilum með gagnkvæma miðlun á þekkingu í huga og til þekkingaröflunar fyrir íslenskt samfélag. Starfsmenn veita ráðgjöf um náttúruvá, nýtingu auðlinda og umhverfismál og stunda þjónusturannsóknir á verksviðum sem krefjast grunnrannsókna þar sem ekki er um að ræða samkeppni við aðrar stofnanir eða fyrirtæki. Stofnunin veitir nemendum í framhaldsnámi við Jarðvísindadeild aðstöðu og aðgang að búnaði. Á vegum stofnunarinnar er lögð sérstök áhersla á að efla kennslu með því að byggja upp frjótt rannsóknsumhverfi fyrir nemendur og þjálfa þá í vísindalegri hugsun og vinnubrögðum í jarðvísindum.

Í árslok störfuðu 33 kennarar Jarðvísindadeildar við Jarðvísindastofnun, auk tveggja kennara úr öðrum deildum sem hafa rannsóknaraðstöðu á stofnuninni. Einnig eru við stofnunina 12 akademískir sérfræðingar en þeir stunda sjálfstæðar rannsóknir, verkefnaráðnir sérfræðingar eru tíu, nýdoktorar eru átta og tæknimenn eru þrír.

Rannsóknastyrkir

Bókfærðar sértekjur á Jarðvísindastofnun námu um 472,2 millj.kr. árið 2014 en fjárveiting úr ríkissjóði var tæplega 297,6 millj.kr., þar af voru 136,2 millj.kr. veittar vegna eldgosa. Verkefnastyrkir úr Rannsóknasjóði Rannís námu 73.848 þús.kr. á árinu. Þá styrkti Rannsóknasjóður Háskóla Íslands einnig 16 verkefni starfsmanna á árinu um samtals 21.100 þús.kr. og Innviðasjóður Rannís styrkti tvö verkefni um 18.150 þús.kr.

Nýir styrkir

- Alexander Jarosch hlaut styrk til verkefnisins Ice Dynamics on Breiðamerkurjökull. Styrkurinn nam 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

- Árný Sveinbjörnsdóttir hlaut styrk til verkefnisins Samsætur í vatnshringrás andrúmsloftsins. Styrkurinn nam 500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Áslaug Geirsdóttir hlaut styrk til verkefnisins Samþætting fornveðurvísa og loftslagslíkana til skilnings á snöggum loftslagsbreytingum í norðurhluta Norður-Atlantshafs. Styrkurinn nam 32.740 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Áslaug Geirsdóttir hlaut styrk til verkefnisins Refining Paleoclimate Reconstructions Through Improved Modern Organic Matter Characterization. Styrkurinn nam 1.500 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Bergrún Arna Óladóttir hlaut styrk til verkefnisins Tíðni og stærð sprengigosa í kjölfar afjöklunar á Íslandi með sérstakri áherslu á aukna tíðni í Grímsvötnum á tímabilinu frá því fyrir 10,4-9,9 þús. árum (hið svokallaða Saksunarvatnsgjóskulag). Styrkurinn nam 11.269 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Bryndís Brandsdóttir hlaut styrk til verkefnisins Kolbeinseyjarhryggur, eldvirkni og brotahreyfingar. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Freysteinn Sigmundsson hlaut styrk til verkefnisins InSAR-mælingar á eðli og orsökum jarðskorpuhreyfinga. Styrkurinn nam 1.800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir hlaut styrk til verkefnisins Spálíkan fyrir jöklaleysingu byggt á gögnum frá sjálfvirkum veðurstöðvum og veðurfarslíkani fyrir stutt og löng tímabil. Styrkurinn nam 7.509 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir hlaut styrk til verkefnisins Jöklabreytingar á Íslandi á 20. öld. Styrkurinn nam 800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Magnús Tumi Guðmundsson hlaut styrk til verkefnisins Eðlisfræði eldgosa í jöklum. Styrkurinn nam 1.800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Sigurður Reynir Gíslason hlaut styrk til verkefnisins Metal Transport to the Oceans. Styrkurinn nam 1.800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Þorvaldur Þórðarson hlaut styrk til verkefnisins Which Came First; the Central Volcano or the Dyke Swarm? Styrkurinn nam 1.800 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Innviðasjóður styrkti kaup á nýjum örgreini um 15.978 þús.kr. og Continuous in-Situ Monitoring of Chemical Composition of Water um 2.172 þús.kr.

Framhaldsstyrkir

- Áslaug Geirsdóttir hlaut styrk til verkefnisins Snöggar breytingar í átt að kólnun á Norður-Atlantshafinu á síðari hluta nútíma: Þáttur sjávarstrauma, andrúmslofts og hafíss. Styrkurinn nam 8.200 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Hanna Sisko Kaasalainen hlaut styrk til verkefnisins Efnasambönd og framboð fyrir örverur í jarðhitavatni. Styrkurinn nam 6.240 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Olgeir Sigmarsson hlaut styrk til verkefnisins Nær Jan Mayen hryggurinn inn undir Austirði? Styrkurinn nam 6.730 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís og 1.400 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Ólafur Ingólfsson hlaut styrk til verkefnisins Drangajökull Glacial History“. Styrkurinn nam 1.750 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Páll Einarsson hlaut styrk til verkefnisins Sprungur og aflögun innan Vesturgosbeltisins á Íslandi, ásamt Ástu Rut Hjartardóttur og Sigrúnu Hreinsdóttur. Styrkurinn nam 6.258 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Sigurður Reynir Gíslason hlaut styrk til verkefnisins Metal Transport to the Oceans. Styrkurinn nam 1.400 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.
- Þóra Árnadóttir hlaut styrk til verkefnisins Kortlagning ferlum í jarðskorpunni með smáskjálftum og aflögun á Suðvesturlandi, ásamt Sigrúnu Hreinsdóttur, Ara Tryggvasyni, Birni Lund, Andrew Hooper, Benedikt Gunnar Ófeigssyni og Kristínu S. Vogfjörð. Styrkurinn nam 7.570 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Rannís.
- Þóra Árnadóttir hlaut styrk til verkefnisins GPS-mælingar, aflögun og spennubreytingar á Suðvesturlandi. Styrkurinn nam 1.100 þús.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Verkfræðistofnun

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni
Vélaverkfræði- og iðnaðarverkfræðirannsóknir
Tölvunarfræðirannsóknir
Kerfislíffræðisetur

Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni
Umhverfis- og byggingarverkfræðirannsóknir
Vatnaverkerfræðistofa
Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði

Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni
Rafmagnsverkfræðistofa
Upplýsinga- og merkjafræðistofa
Kerfisverkfræðistofa

Almennt yfirlit og stjórn

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir Verkfræði- og náttúruvísindasvið skólans og er vettvangur rannsóknna- og þróunarstarfs í verkfræði og tölvunarfræði. Stjórn stofnunarinnar skipuðu á árinu:

- Guðmundur Freyr Úlfarsson prófessor, formaður stjórnar,
- Gunnar Stefánsson prófessor, rannsóknastjóri iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarna,
- Helgi Þorbergsson dósent, rannsóknastjóri rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna,
- Hrunn Ólöf Andradóttir dósent, rannsóknastjóri umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna,
- Páll Melsted lektor, fulltrúi fastra starfsmanna Verkfræðistofnunar.

Verkfræðistofnun hélt ársfund sinn 11. nóvember í Tæknigarði. Yfirskrift fundarins var Er framtíð verkfræðirannsóknna á Íslandi grundvöllur nýsköpunar í atvinnulífinu? Guðmundur Freyr Úlfarsson, formaður stjórnar stofnunarinnar st+ýrði fundinum og á honum kynnti nýtt starfsfólk stofnunarinnar, Matthias Book, Ásdís Helgadóttir, Kristinn Andersen og Rajesh Rupakhety, rannsóknir sínar stuttlega. Síðan tóku við pallborðsumræður með fulltrúum atvinnulífsins um framtíð verkfræðirannsóknna á Íslandi. Í þeim tóku þátt Svana Helen Björnsdóttir, frá Stiki – Information Security, Kristín Martha Hákonardóttir, frá Verkís, Gunnar Hólmsteinn Guðmundsson, frá Plain Vanilla, og Helga Jóhanna Bjarnadóttir, frá Eflu.

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands skiptist í þrjá rannsóknakjarna og falla deildirnar sem standa að stofnuninni undir þá. Þeir eru:

- Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni
- Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni
- Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni skiptist í þrjár stofur. Þær eru:

- Véla- og iðnaðarverkfræðistofa
- Tölvunarfræðistofa
- Kerfislíffræðisetur

Starfsmenn

Í árslok störfuðu 23 kennarar við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarna. Einnig voru við stofnunina þrjár verkefnastjórar, einn aðstoðarmaður, einn nýdoktor og níu nemar, þar af sjö doktorsnemar.

Rannsóknir

Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni aflaði samtals 373,7 milljóna kr. í styrki á árinu. Starfsmenn vinna meðal annars að sex verkefnum úr 7. rammaáætlun Evrópusambandsins, en þau nefnast CRISIS, VPHOP, SENS, SYSTEM_US, CASyM og SysBiofilm, en þrjú þau síðasttöldu eru unnin á vegum Kerfislíffræðiseturs. Eitt verkefni er unnið með Stanford University með styrk frá Department of Energy (DOE) í Bandaríkjunum. Að auki er eitt verkefni unnið undir norðurjaðarsáætlun Evrópusambandsins, NPP (Northern Periphery Programme), en það er kallað OCTES. Starfsmenn vinna að samnorrænum verkefnum á sviði vindorku, ICEWIND og OSRNordic, auk verkefnisins InTerAct sem fjallar um samstarf sjávarútvegs og fræðasamfélagsins. Einnig er unnið er að þróun og rannsóknum á reikniritum fyrir raðgreiningu gena, auk fjölbreyttra verkefna á sviði jarðvarmaorku, svo að einhver dæmi séu tekin.

Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni

Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni skiptist í þrjár stofur. Þær eru:

- Rafmagnsverkfræðistofa
- Upplýsinga- og merkjafræðistofa
- Kerfisfræðistofa

Starfsmenn

Í árslok störfuðu sjö kennarar við Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna. Einnig starfa við stofnunina einn verkefnastjóri og fimm doktorsnemar.

Rannsóknir

Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni aflaði samtals 47,7 milljóna kr. í styrki á árinu. Starfsmenn vinna meðal annars að rannsóknum á sambræðslu tvenns konar fjarkönnunarmynda, annars vegar víðbandsmyndar sem hefur háa greiningarhæfni og hins vegar fjölrásamyndar sem hefur lága greiningarhæfni. Einnig er unnið að flokkun á MRI-myndgögnum en markmiðið með því verkefni er að búa til sjálfvirkan flokkara sem flokkar segulómamyndir eftir mismunandi arfgerðum.

Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni

Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni skiptist í þrjár stofur. Þær eru:

- Umhverfis- og byggingarverkfræðistofa
- Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði
- Vatnaverkerfræðistofa

Starfsmenn

Í árslok störfuðu 11 kennarar við Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna. Einnig eru við stofnunina þrjár verkefnastjórar, tveir vísindamenn, einn sérfræðingur, einn verkfræðingur og þrjár nemar, þar af tveir doktorsnemar.

Rannsóknir

Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni aflaði samtals 162,0 milljóna kr. í styrki á árinu. Starfsmenn fást við fjölmörg svið innan greinarinnar og vinna rannsóknir sínar í samstarfi við innlenda og erlenda fræðimenn, fyrirtæki og stofnanir. Rannsóknirnar eru styrktar af samkeppnissjóðum og taka starfsmenn þátt í fjölda alþjóðlegra rannsóknaverkefna og jafnframt leggja doktorsnemar fram drjúgan skerf af rannsóknvinnunni. Sem dæmi um alþjóðleg rannsóknaverkefni má nefna að starfsmenn taka þátt í norræna öndvegissetrinu NORDRESS (Nordic Centre of Excellence on

Resilience and Societal Security) sem er styrkt af NordForsk, Evrópuverkefnum ENHANCE (Enhancing Risk Management Partnerships for Catastrophic Natural Disasters in Europe), AQUAVALENS (Protecting the Health of Europeans by Improving Methods for the Detection of Pathogens in Drinking Water and Eater Used in Food Preparation) og Aquaponics (The EU Aquaponics Hub: Realising Sustainable Integrated Fish and Vegetable Production for the EU), norræna samstarfsnetinu VIWAF (Viable Water Management and Governance for Futures) og alþjóðlega verkefninu GEORG (GEOthermal Research Group).

Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir

Meginhlutverk Stofnunar Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir er að stuðla að þverfræðilegum rannsóknum háskólakennara, sérfræðinga og framhaldsnema á sviði sjálfbærrar þróunar. Stofnunin eflir slíkar rannsóknir með samvinnu við deildir og aðrar stofnanir Háskóla Íslands og aðila utan hans, innanlands og utan. Stofnun Sæmundar fróða er í náinni samvinnu við námsbraut í umhverfis- og auðlindafræðum og situr stjórnarfundum hennar.

Almennt yfirlit og stjórn

Stofnun Sæmundar fróða heyrir undir öll fræðasvið Háskóla Íslands og tilnefna forsetar fræðasviða stjórnarmenn til þriggja ára í senn. Forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs skipar stofnuninni stjórn samkvæmt þessum tilnefningum og tilnefnir fulltrúa Verkfræði- og náttúruvísindasviðs í stjórn hennar og er hann jafnframt formaður stjórnar.

Stjórn Stofnunar Sæmundar fróða skipuðu á árinu:

- Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, sérfræðingur á Jarðvísindastofnun, formaður (varamaður hennar er Birgir Hrafnkelsson, dósent við Raunvísindadeild),
- Gísli Pálsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild (varamaður hans er Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor við Lagadeild),
- Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarlögmaður (varamaður hennar er Laura Scheving Thorsteinson, hjúkrunarfræðingur hjá Landlækniseimbættinu),
- Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki (varamaður hans er Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki),
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Menntavísindasvið (varamaður hans er Allyson Macdonald, prófessor við Menntavísindasvið).

Starfsmenn

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar var á árinu Guðrún Pétursdóttir. Í lok árs störfuðu sex sérfræðingar og doktorsnemar, ásamt þremur meistaranemum, við stofnunina.

Rannsóknastyrkir

Styrkir til rannsókna á vegum Stofnunar Sæmundar fróða eru ýmist færðir til bókar hjá stofnuninni eða við námsbraut í umhverfis- og auðlindafræðum. Hér er aðeins gerð grein fyrir þeim styrkjum sem Stofnun Sæmundar fróða hefur beina umsjón með. Á árinu fékk stofnunin 3.741 þús.kr. frá Kulturkontakt Nord til verkefnisins KONNECT, sem felur í sér samvinnu norrænna vísindamanna og listnema á sviði umhverfis og sjálfbærni. Jafnframt bjó stofnunin að styrkjum sem greiddir höfðu verið út árið áður.

Verkefni

Á árinu vann Stofnun Sæmundar fróða að eftirtöldum rannsóknaverkefnum:

- **NORDRESS**

Um mitt ár tilkynnti NordForsk að Stofnun Sæmundar fróða hefði verið veittur styrkur til að standa fyrir norrænu öndvegissetri næstu fimm árin um öryggi samfélaga gagnvart náttúruhamförum. Styrkurinn nemur 23 milljónum norskra króna, eða um 430 milljónum íslenskra króna, á þeim tíma. Mikil vinna fór í að undirbúa formlega upphaf verkefnisins, ganga frá innbyrðis samningum og skipuleggja alla verkþætti í þaula. Til verkefnisins voru ráðnar þær Harpa Dís Jónsdóttir verkefnisstjóri og Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir fjármálastjóri en þær sitja báðar í verkefnisstjórn ásamt Guðrúnu Pétursdóttur og Guðrúnu Gísladóttur, prófessor í landfræði.

Verkefnið er víðtækt og þverfræðilegt og mun fjöldi vísindamanna og stofnana á Norðurlöndum vinna að því en stærstur hluti verkefnisins verður unninn á Íslandi. Áhersla er lögð á náttúruvá og viðnámsþrótt eða seiglu samfélaga, svo þau geti sem best búið sig undir og rétt sig við eftir áföll. Sjónum verður beint að einstaklingum, hópum, stofnunum og innviðum samfélagsins og kannað hvernig auka má viðbragðshæfni á ýmsum stigum. Unnið verður með mismunandi ógnir, allt frá staðbundnum, eins og ofanflóðum, til víðtækra eins og fárviðris, sjávar- og árflóða og eldgosa sem geta ógnað gríðarstórum svæðum, eins og dæmin sanna. Meðal þess sem rannsakað verður eru áhrif náttúruhamfara á andlega og líkamlega heilsu fólks og hvernig búa megi börn og fullorðna betur undir að takast á við slík áföll. Sérstaklega verður hugað að þætti fjölmiðla og samfélagsmiðla. Viðvaranir og viðbragðsáætlanir eru mikilvægur þáttur forvarna, en menn skilja þær með mismunandi hætti og því þarf að laga þær að mismunandi hópum. Almenn snjallsímæign gefur nýja möguleika á að virkja almenning til þátttöku í vöktun vegna náttúruhamfara eins og flóða eða skógarelda, en setja þarf upp skilvirk kerfi til að gagn verði af því. Meta á spálíkön um náttúruvá og möguleg viðbrögð, til dæmis við lokun samgangna á láði, legi og í lofti, til að finna skilvirkustu leiðir fram hjá slíkum truflunum. Síðast en ekki síst verður reynsla og þekkingu á löggjöf og kerfum sem varða náttúruhamfarir, einkum velferðarkerfinu og almannavörnum, miðlað milli norrænu ríkjanna. Til viðbótar beinum rannsóknaverkefnum verður áhersla lögð á menntun og þjálfun með fjölda námskeiða fyrir fjölbreytta hópa, s.s. björgunarsveitir, fjölmiðla, heilbrigðisstarfsmenn og doktorsnema á ýmsum fræðasviðum.

Að öndvegissetrinu stendur þverfræðilegur hópur vísindamanna og sérfræðinga frá öllum norrænu ríkjunum en verkefnið er vistað hjá Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands. Vísindamenn m.a. á sviði landfræði, lýðheilsuvísinda, félagsráðgjafar, sálfræði, jarðvísinda, byggingar-, umhverfis- og samgönguverkfræði og jarðskjálftarannsóknanna innan Háskóla Íslands ásamt sérfræðingum frá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra, Veðurstofu Íslands, Landhelgisgæslu Íslands og Viðlagatryggingur Íslands koma að verkefninu fyrir Íslands hönd.

- **ENHANCE**

Verkefnið er FP7-verkefni til fjögurra ára (www.enhanceproject.eu) sem fjallar um hvernig auka má skilvirkni viðbragðsaðila og hagsmunaðila við náttúruhamfarir. Þátttakendur eru 24 frá 11 löndum. Tíu tilfelli (case studies) eru rannsökuð, þ.á m. er verkþáttur sem Háskóli Íslands stýrir og fjallar hann um viðbrögð við eldgosinu í Eyjafjallajökli árið 2010 og áhrif gossins á flugsamgöngur í Evrópu. Verkefnisstjórar íslenska verkþáttarins eru Guðmundur Freyr Úlfarsson og Guðrún Pétursdóttir, auk þess sem doktorsneminn Uta Reichardt hóf störf við verkefnið í mars 2014.

- **Eldgos og heilsa**

Verkefnið er framhaldsrannsókn þar sem fylgst er með áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli á heilsu íbúa í nágrenni eldstöðvanna þremur árum eftir eldgosid. Fyrri rannsóknin hafði farið fram um sem mánuðum eftir gosið árið 2010. Rannsóknin var unnin í samvinnu við Miðstöð í

Lýðheilsuvísindum og unnu tveir meistaranemar að henni, þær Heiðrún Hlökkversdóttir og Ólöf Sunna Gissurardóttir.

- **POST-DISASTER MANGEMENT**

Verkefnið er doktorsverkefni Herdísar Sigurjónsdóttur sem fjallar um viðbrögð við náttúruhamförum og vinnur Herdís verkefnið á vegum Stofnunar Sæmundar fróða.

- **Heilsa og öryggi sjómanna**

Stofnun Sæmundar fróða hefur um árabil sinnt rannsóknum á því hvernig bæta má öryggi til sjós. Á árinu voru verkefni á þessu sviði unnin í samvinnu við SINTEF í Þrándheimi sem stýrir verkefnunum. Þau voru tvíþætt:

- **Shift Work, Fatigue and Injuries in the Fisheries**
Nordisk Arbeidsgruppe for Fiskeriforskning (AG-Fisk) styrkir það.
- **Working Environment and Health in the Norwegian Fishing Fleet – Challenges and Health Promoting Factors**
Nordisk Arbeidsgruppe for Fiskeriforskning (AG-Fisk) styrkir það einnig.

- **SOILTREC**

Verkefnið felst í mati á þjónustu vistkerfa jarðvegs og sjálfbærnisum. Jón Örvar Geirsson Jónsson doktorsnemi vinnur verkefnið. Markmiðið með því er að setja upp ramma til að skilgreina og meta þjónustu vistkerfa jarðvegs í því skyni að gera mikilvægi jarðvegs sýnilegt og setja fram sjálfbærnisáætlanir fyrir jarðveg.

- **GEOVÍSAR**

Verkefnið felst í að setja fram sjálfbærnisáætlanir fyrir notkun jarðvarma og það er Ruth Shortall doktorsnemi sem vinnur verkefnið. Markmiðið með því er að setja fram markmið um sjálfbæra nýtingu jarðvarma og sjálfbærnisáætlanir sem sýna hvort tiltekin verkefni uppfylla þessi markmið. Vísarnir og markmiðin þurfa að hafa alþjóðlega skírskotun og uppfylla skilyrði Bellagio-viðmiðananna.

- **NORD-STAR (Nordic Strategic Adaptation to Climate Change)**

Að verkefninu vinna Ehsan Shafiei, Reza Fazeli og Helga Ögmundardóttir nýdóttar og Bryndís Woods doktorsnemi. Markmiðið með því er að þróa aðferðafræði og hagnýt tæki fyrir Norðurlönd, sem geta leitt til betur upplýstrar ákvarðanatöku um aðlögun að loftslagsbreytingum og mótvægisáðgerðir sem draga eiga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Viðburðir

Árið 2014 stóð Stofnun Sæmundar fróða fyrir eða tók þátt í eftirtöldum viðburðum:

- Röð málþinga um laxeldi í sjó í samstarfi við North Atlantic Salmon Fund (NASF). Fundirnir voru haldnir á Sólon Islandus og voru afar vel sóttir. Yfirskrift þeirra var:
 - 17. janúar. Laxeldi í sjó.
 - 14. mars. Laxalús og aðrir fisksjúkdómar.
 - 4. apríl. Lagarammi fiskeldis.
- 15. janúar. Erindi um framhaldsrannsókn á áhrifum gossins í Eyjafjallajökli á heilsu, á þinginu Hjúkrun í fararbroddi.
- 19.–21. febrúar. Vinnufundur um verkefnið Heilsa og öryggi sjómanna, í samstarfi við SINTEF, haldinn í Borupgaard Danmörku.
- 15. mars. Erindi um framhaldsrannsókn á áhrifum gossins í Eyjafjallajökli á heilsu, á þinginu Lýðheilsa 2014.

- 2. júní. Fundarstjórn á fyrirlestri Monique Barbut, framkvæmdastjóra svokallaðs eyðimerkursamnings Sameinuðu þjóðanna, um landgræðslu, landnýtingu og loftslagsmál í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns. Fundurinn var haldinn í samstarfi nokkurra aðila.
- 13.–15. ágúst. Stofnun Sæmundar fróða tók þátt í skipulagninu alþjóðþingis International Society for Ecological Economy Society sem haldið var í Hörpu.
- 7.–9. október. Samningafundur við NordForsk í Osló vegna NORDRESS-öndvegissetursins.
- 10. október. Fyrirlestur um NORDRESS-öndvegissetrið og ENHANCE-rannsóknina á ráðstefnu á ráðstefnu samtakanna LISA.
- 24. október. Ávarp á fundi Bláa skjaldarins í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins.
- 29. október – 4. nóvember. Þátttaka í þingi International Society on Disaster Risk Management í Toronto í Kanada.
- 5.–7. nóvember. Boðsfyrirlestur á ráðstefnu um öryggismál á vegum NordForsk í Stokkhólmi.
- 24. nóvember. Fyrirlestur um öryggi samfélaga á fundi um HAGA-skýrsluna í Norræna húsinu.
- 10. desember. Inngangsfyrirlestur á rannsóknþingi Hjúkrunarfræðideildar.

Þverfræðilegt nám

- Kynfræði
- Lýðheilsuvísindi
- Menntun framhaldskólakennara
- Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum
- Skattaréttur og reikningsskil
- Talmeinafræði
- Umhverfis- og auðlindafræði
- Upplýsingatækni á heilbrigðissviði
- Viking and Medieval Norse Studies

Kynfræði

Diplómanám í kynfræði er þverfræðilegt nám sem miðar að því að veita fræðilega og vísindalega menntun en jafnframt hagnýta þekkingu í kynfræði. Náminu er ætlað að koma til móts við þarfir samfélagsins um þekkingu á sviði kynfræða og undirbúa nemendur til starfa á sviðinu. Námið byggist á þeirri grundvallarforsendu, sem hið alþjóðlega samfélag hefur lagt áherslu á, að í öllum nútímasamfélögum sé mikilvægt að vinna að rétti einstaklingsins til kynheilbrigðis. Á þetta hefur skort í íslensku samfélagi og er markmið náms í kynfræði að bæta þar úr og efla þekkingu og skilning á manneskjunni sem kynveru í heildrænum skilningi, þ.e. líkamlega, andlega og félagslega.

Í náminu er fjallað um þroska manneskjunnar sem kynveru allt lífið og þau viðfangsefni sem hún glímir við á hverju æviskeiði og þá samfélagslegu mótun sem því tengjast. Fjallað er um kynferðisleg sambönd fólks og áhrifapætti á myndun og viðhald þeirra. Einnig er fjallað um hvað hamlar og hvað eflir kynheilbrigði. Í því samhengi eru skoðaðar ólíkar aðstæður og hvernig t.d. sjúkdómar og fötlun geta haft áhrif á kynheilbrigði fólks. Þá er athygli beint að forvörnum og heilsuefningu ungs fólks á þessu sviði. Að auki er farið í rétt einstaklingsins til kynheilbrigðis og stefnur og straua í alþjóðlegu samhengi hvað kynheilbrigðismál varðar.

Nám í kynfræði hófst haustið 2010 og hefur frá upphafi verið í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands. Árið 2012 var námið samþykkt í háskólaráði og hefur síðan verið í boði sem diplómaleið á meistarastigi. Góð aðsókn hefur verið að náminu frá upphafi.

Skipulag

Þverfræðilegt diplómanám á meistarastigi í kynfræði (30e) var í byrjun samvinna þriggja deilda Háskóla Íslands, þ.e. Hjúkrunarfræðideildar (sem hefur umsjón með náminu), Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og Félagsráðgjafardeildar en er nú skipulagt af Hjúkrunarfræðideild og Guðfræði- og trúarbragðafræðideild. Námið er skipulagt í samræmi við samkomulag um skipan þverfræðilegs diplómanáms í kynfræði við Háskóla Íslands frá 22. október 2012.

Hvert námskeið er sjálfstætt en öll saman geta þau myndað séráherslu í meistaranámi, samkvæmt reglum deildanna. Hvert námskeið er til 10 eininga og nær námið því í heild yfir þrjú misseri. Hægt er að taka öll námskeiðin sem heild eða stök námskeið. Að jafnaði er kennt á íslensku en á ensku þegar erlendar gestakennarar kenna.

Stjórn

Námsstjórn diplómanáms í kynfræði er skipuð tveimur fulltrúum, sínum frá hvorri aðildardeild. Umsjónarkennarar þeirra námskeiða sem kennd eru í náminu sitja í námsstjórninni. Sá sem er frá umsjónardeild (Hjúkrunarfræðideild) skal vera formaður námsstjórnar. Hefur Sóley S. Bender, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, gegnt því embætti frá upphafi námsins og Sólveig A. Bóasdóttir prófessor situr í stjórninni fyrir hönd Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar og hefur hún einnig gegnt því starfi frá upphafi námsins.

Stúdentar og forkröfur

Námið er ætlað fagfólki innan heilbrigðis-, uppeldis- og félagsvísinda, s.s. félagsfræðingum, félagsráðgjöfum, guðfræðingum, hjúkrunarfræðingum, kennurum, kynjafræðingum, læknum, mannfræðingum og sálfræðingum. Inntökuskilyrði í námið er BS-, BA-, B.Ed.-próf (með fyrstu einkunn) eða annað háskólanám sem metið er jafngilt fyrsta háskólaprófi. Nemendur útskrifast frá Hjúkrunarfræðideild nema um annað sé samið.

Lýðheilsuvísindi

Kennsla í lýðheilsuvísindum hófst við Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Læknadeild Háskóla Íslands í september árið 2007. Að náminu standa jafnframt deildir á Heilbrigðis- og Félagsvísindasviði og, eftir atvikum, deildir annarra fræðasviða skólans. Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Læknadeild háskólans (á Heilbrigðisvísindasviði skólans frá 2008) hefur umsjón með náminu og skipuleggur það. Um námið gilda reglur um meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, nr. 213/2011.

Meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands er þverfræðilegt framhaldsnám sem miðar að því að veita fræðilega menntun á ýmsum sviðum er snerta lýðheilsu í viðum skilningi og auka þekkingu á heilsu, rannsóknum á heilsu og heilsueflandi aðgerðum. Með náminu er komið til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir, kennslu, þróun, þjónustu og stefnumótun í tengslum við lýðheilsu og við að efla þekkingu á því sviði.

Námið skal vera vettvangur hágæðarannsókna á heilsufari og áhrifavöldum þess, þar sem fólk með fjölbreyttan fræðabakgrunn leitar svara við spurningum úr lífi sínu og starfi, með fyrsta flokks aðferðum. Nemendur eiga kost á að taka hluta af námi sínu við erlenda samstarfsháskóla og stunda rannsóknir á eigin vinnustöðum eða við innlendar samstarfsstofnanir. Markmið lýðheilsuvísinda við Háskóla Íslands er að tengja saman vandað framhaldsnám og rannsóknir á sviði lýðheilsu og birta niðurstöður í viðurkenndum vísindatímaritum á alþjóðavettvangi.

Meistara- og doktorsgráðurnar eru alþjóðlega viðurkenndar gráður í lýðheilsuvísindum og námið veitir hagnýta þekkingu á útfærslu rannsókna og hæfni til að meta rannsóknaniðurstöður. Það er góður undirbúningur fyrir þá sem vilja helga sig rannsóknum á sviði lýðheilsu, vilja leiða heilsueflingarstarf á eigin starfsvettvangi eða ætla sér leiðtogahlutverk á fjölmörgum sviðum heilbrigðismála.

Námsstjórn

Rektor skipar námsstjórn í lýðheilsuvísindum til þriggja ára í senn. Stjórnin er skipuð fimm fulltrúum og er hún jafnframt stjórn Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Í henni eru: einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu Félagsvísindasviðs, tveir samkvæmt tilnefningu Heilbrigðisvísindasviðs og skal annar þeirra vera frá Læknadeild, fastur umsjónarkennari námsbrautarinnar samkvæmt ákvörðun rektors og fulltrúi sem rektor tilnefnir og er hann formaður námsstjórnar. Varamenn eru tilnefndir fyrir hvern


fulltrúa. Haraldur Briem, sóttvarnarlæknir og dósent við Læknadeild, hefur samkvæmt tilnefningu rektors verið formaður námsstjórnar frá upphafi. Aðrir í námsstjórn voru á vormisseri 2014: Guðrún Kristjánsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, Halldór Sigurður Guðmundsson, lektor við Félagsráðgjafardeild, Magnús Karl Magnússon, prófessor og forseti Læknadeildar, og Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor í faraldsfræði og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum. Á haustmánuðum tók við nýtt skipunartímabil námsstjórnar og þá urðu þær breytingar á henni að Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, dósent við Hagfræðideild, tók sæti Halldórs, og Lárus Steinþór Guðmundsson, lektor við Lyfjafræðideild, kom í stjórnina í stað Guðrúnar. Unnur Anna hefur verið fastur umsjónarkennari námsbrautarinnar frá upphafi og Dóra R. Ólafsdóttir er verkefnisstjóri við Miðstöð í lýðheilsuvísindum. Fastir kennarar í náminu eru áheyrnarfulltrúar á fundum námsstjórnar.

Skipulag

Nemendur eru skráðir í þverfræðilegt nám í lýðheilsuvísindum en meistara- og doktorsnemar brautskrást frá þeirri deild sem leiðbeinandi þeirra í rannsóknaverkefni starfar við. Nemendur í diplómanámi brautskrást frá Læknadeild. Á árinu brautskráðust 11 meistaranemar, 14 diplómanemar og 3 doktorsnemar úr lýðheilsuvísindum. Meistara- og doktorsnemar hafa hingað til brautskráðst úr tveimur deildum á Félagsvísindasviði (Félags- og mannvísindadeild og Félagsráðgjafardeild), fjórum á Heilbrigðisvísindasviði (Hjúkrunarfræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild og Tannlæknadeild) og einni á Menntavísindasviði (Uppeldis- og menntunarfræðideild). Langflestir meistara- og doktorsnemanna (ríflaga 80%) hafa brautskráðst úr Læknadeild.

Aðsókn

Umsóknnum í meistaranám í lýðheilsuvísindum hefur fjölgað síðustu ár og alls bárust 55 umsóknir fyrir skólaárið 2013–2014. Umsóknir í viðbótardiplómanám hafa enn fremur verið töluvert fleiri en við var búist. Þá hafa 30 doktorsnemar verið samþykktir í námið frá 2007.



Námsleiðir

Þrjár námsleiðir eru á námsbrautinni: meistaranám í lýðheilsuvísindum, diplómanám í lýðheilsuvísindum og doktorsnám í lýðheilsuvísindum.

- **Meistaránám í lýðheilsuvísindum (Master of Public Health, MPH)**

Markmið meistaranáms í lýðheilsuvísindum er að veita hagnýta og rannsóknatengda þekkingu á heilsu og heilsuefandi aðgerðum. Meistaránámið er 120 einingar og tekur að jafnaði tvö ár. Umsækjendur um meistaranám í lýðheilsuvísindum þurfa að hafa lokið BS- eða BA-prófi eða jafngildri prófgráðu frá háskóla með góðum árangri. Námsstjórn metur umsækjendur eftir frammistöðu þeirra í grunnnámi og greinargerð um fræðilegt áhugasvið og rannsóknamarkmið og við inntöku nemenda er haft í huga að nemendahópurinn búi yfir sem fjölbreyttustum fræðilegum bakgrunni.

Námið skiptist í kjarnanámskeið (44e), valnámskeið (16–46e) og 30–60 eininga lokaverkefni.

Kjarnanámskeið í meistaranámi eru: Lýðheilsa: vísindi, stjórnmál, forvarnir (6e), Faraldsfræði – meginleg aðferðafræði (6e), Almenn aðferðafræði í rannsóknum fyrir meistara- og doktorsnema (6e), Líftölfræði I (6e), Líftölfræði II (6e), Áhrifavaldar heilbrigðis (6e), Verklag í vísindum (6e) og Málstofa meistaranema (2e).

Á fyrsta misseri þróa nemendur hugmyndir sínar um rannsóknaverkefni og velja sér leiðbeinanda í samvinnu við kennara námsins. Rannsóknáætlun skal liggja fyrir við lok annars misseris. Nemendur brautskrást með meistarapróf í lýðheilsuvísindum (MPH, Master of Public Health) frá heimadeild leiðbeinanda í lokaverkefni.

Megináhersla í meistaranámi í lýðheilsu er lögð á rannsóknaraðferðir (faralds- og líftölfræði), undirbúning rannsókna, heilsueflingu og forvarnir. Þróaðar hafa verið þrjár námslínur innan námsins þar sem lögð er áhersla á:

- sérþekkingu á meginlegum aðferðum lýðheilsuvísinda og framkvæmd rannsókna,
- heilbrigðisstjórnun og heilsuhagfræði,
- heilsueflingu á vettvangi.

Auk kennara í lýðheilsu kenna gestafyrirlesarar úr öðrum greinum háskólans og samstarfsstofnunum innan- og utanlands í skyldunámskeiðum.

• **Diplómanám í lýðheilsuvísindum (Postgraduate Diploma in Public Health)**

Diplómanám í lýðheilsuvísindum er tveggja missera hlutanám á framhaldsstigi og þurfa umsækjendur að hafa lokið BS- eða BA-prófi eða jafngildri prófgráðu frá háskóla. Námið er sérstaklega ætlað fagfólki innan heilbrigðis-, félagsmála- eða menntakerfisins sem vill auka þekkingu sína á heilsueflingu. Námið er 30 einingar og skiptist í skyldunámskeið (18e) og valnámskeið (12e).

• **Doktorsnám í lýðheilsuvísindum**

Markmið doktorsnáms er að veita nemendum ítarlega þekkingu á sviði doktorsverkefnis síns og búa þá undir sjálfstæð vísindastörf. Í náminu felst þjálfun við að undirbúa og framkvæma rannsóknir, vinna úr rannsóknaniðurstöðum og túlka þær, kynna og rökræða eigin rannsóknir í samhengi við þekkingu á fræðasviðinu, svo og að birta greinar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum. Nemendur þurfa öllu jöfnu að hafa lokið meistaraprófi í lýðheilsuvísindum eða öðrum tengdum greinum. Nemendum sem ekki hafa lokið MPH-námi ber að ljúka ákveðnum kjarnanámskeiðum úr meistaranáminu. Meginhluti námsins byggist á sjálfstæðu rannsóknaverkefni.

Doktorsnám í lýðheilsuvísindum er 180 eininga nám og þar af er rannsóknaverkefni að lágmarki 150 einingar. Námið tekur að jafnaði þrjú til fjögur ár.

Doktorsnemar í lýðheilsuvísindum hafa hingað til m.a. fengið styrki til doktorsverkefna sinna frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands, Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands, Vísindasjóði Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Vísindasjóði Félags íslenskra sjúkrþjálfara,

Rannsóknánámssjóði Rannís, Krabbameinsfélaginu Framför, Minningarsjóði Guðjóns Ólafssonar, Fræðsluneti Suðurlands, Astma- og ofnæmissamtökunum, Oddssjóði (hjá Öryrkjabandalagi Íslands), Swedish Council for Working Life and Social Research og Nordforsk. Að auki hafa verkefni verið styrkt í formi rannsóknastöðu hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Krabbameinsfélagi Íslands.

Samstarf

Miðstöð í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands er í virku kennslu- og rannsóknasamstarfi við erlendar menntastofnanir á heimsmælikvarða. Þar ber helst að nefna Harvard School of Public Health og Karolinska Institutet en þessar stofnanir hafa undirritað viljayfirlýsingar um að taka þátt í að þróa nám við Háskóla Íslands í lýðheilsuvísindum. Hér heima liggja fyrir samstarfssamingar eða viljayfirlýsingar um samstarf við Bráðamóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss, Hjartavernd, Krabbameinsfélag Íslands og Embætti landlæknis en allar þessar stofnanir gegna veigamiklu hlutverki í forvörnum og söfnun heilbrigðisupplýsinga á Íslandi. Þessi gögn eru dýrmætur efniviður rannsókna. Sérfræðingar frá ofantöldum stofnunum taka jafnframt þátt í að kenna og leiðbeina nemendum sem eiga þess kost að vinna rannsóknaverkefni sín í samstarfi við þessar og aðrar innlendar stofnanir.

Menntun framhaldsskólakennara

Menntun framhaldsskólakennara er þverfræðilegt samvinnuverkefni allra sviða Háskóla Íslands um menntun framhaldsskólakennara. Námið er skipulagt í samræmi við lög nr. 87/2008 um menntun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara, reglugerð nr. 872/2009 um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara og Samkomulag fræðasviða og deilda Háskóla Íslands um menntun framhaldsskólakennara frá 5. mars 2012. Náminu var komið á fót í kjölfar breytinga sem urðu á útgáfu leyfisbréfa framhaldsskólakennara við ofangreinda löggjöf frá 2008 um menntun kennara, sem tók að þessu leyti gildi á árinu 2011. Fyrsta formlega innritun í þetta nám var 2013. Áður var hægt að taka sambærilegt meistaraþróf, t.d. gráðu sem hét M.Paed.

Stjórn

Í sjö manna námsstjórn, sem rektor skipar, eiga sæti fulltrúar allra fræðasviða háskólans, fulltrúi frá Félagi íslenskra framhaldsskóla og formaður, tilnefndur af rektor. Starfsmaður námsstjórnarinnar er Jóhanna Karitas Traustadóttir og formaður námsstjórnar Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Kennaradeild.

Skipulag námsins

Stjórnsýsla námsins er í Kennaradeild á Menntavísindasviði en fagleg umsjá þess er í höndum námsstjórnarinnar. Fjórar námsleiðir eru í boði: MA (120e), MS (120e), M.Ed. (120e) og viðbótardiplóma (60e). Nemendur brautskrást frá þeirri deild skólans (heimadeild) þar sem sérhæfing þeirra liggur.

Meistarapróf

Meistarapróf samkvæmt þessum reglum veitir rétt til lærdómstílsins MA, M.Ed. eða MS í menntun framhaldsskólakennara eftir því hvar sérhæfing nemandans liggur og frá hvaða deild hann brautskráist (heimadeild).

Kjarnanámskeið í kennslufræði (40e) eru skipulögð sem staðbundið nám sem verður að taka á sama háskólaárinu. Þetta eru námskeiðin Inngangur að kennslufræði (haustmisseri), Námskrá og skólaþróun í framhaldsskólum (vormisseri), Kennslufræði greinar (haust- og vormisseri, val milli námskeiða) og Kennsla á vettvangi (haust- og vormisseri). Gert er ráð fyrir að nemendur mæti vikulega í kennslustundir í þessum námskeiðum, auk viðveru í vettvangsnámi.

Meistaránámsleiðunum er skipt upp í kjörsvið þannig að kennslufræði er sérstakur hluti námsins (40 einingar í kjarnanámskeiðum, 20 einingar í valnámskeiðum eða sem hluti af meistararitgerð ef hún uppfyllir ákveðin skilyrði) og faghluti sem er 60 einingar. Nemandi telst vera nemandi í deild faghlutans (heimadeild) og gerir meistaraprófsverkefni á ábyrgð hennar. Í MA-náminu eru 15 kjörsvið í samvinnu Kennaradeildar við átta deildir á þremur fræðasviðum háskólans, þ.e. Félagsvísindasviði, Hugvísindasviði og Menntavísindasviði. Í MS-náminu eru 13 kjörsvið í samvinnu við átta deildir á þremur fræðasviðum, þ.e. Félagsvísindasviði, Heilbrigðisvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

Kjörsvið í MA-námi

- dönskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)
- enskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)
- félagsfræðikennsla (Félags- og mannvísindadeild)
- frönskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)
- heimspekikennsla (Sagnfræði- og heimspekideild)
- íslenskukennsla (Íslensku- og menningardeild)
- mannfræðikennsla (Félags- og mannvísindadeild)
- spænskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)
- stjórn málafræðikennsla (Stjórn málafræðideild)
- sögukennsla (Sagnfræði- og heimspekideild)
- tómsunda- og félagsmálafræðikennsla (Íþrótt-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild)
- trúarbragðafræðikennsla (Guðfræði- og trúarbragðafræðideild)
- uppeldis- og menntunarfræðikennsla (Uppeldis- og menntunarfræðideild)
- þjóðfræðikennsla (Félags- og mannvísindadeild)
- þýskukennsla (Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda)

Kjörsvið í MS-námi

- eðlisfræðikennsla (Raunvísindadeild)
- efnafræðikennsla (Raunvísindadeild)
- ferðamálafræðikennsla (Líf- og umhverfisvísindadeild)
- hagfræðikennsla (Hagfræðideild)
- jarðvísindakennsla (Jarðvísindadeild)
- landfræðikennsla (Líf- og umhverfisvísindadeild)
- líffræðikennsla (Líf- og umhverfisvísindadeild)
- matvælafræðikennsla (Matvæla- og næringarfræðideild)
- næringarfræðikennsla (Matvæla- og næringarfræðideild)
- sálfræðikennsla (Sálfræðideild)
- stærðfræðikennsla (Raunvísindadeild)
- tölvunarfræðikennsla (Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild)
- viðskiptafræðikennsla (Viðskiptafræðideild)

Kjörsvið í M.Ed.-námi

- grunnþættir og gildi: sjálfbærni – jafnrétti – lífsleikni
- nám og kennsla í skóla án aðgreiningar í fjölmenningsamfélagi

- námskrárbrotun, námsmat og námsefnisgerð
- skólaþrotun og mat á skólastarfi
- upplýsingatækni í skólastarfi

Kjörsvið í M.Ed.-náminu felast í sérhæfingu í ákveðnum viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig. Leiðin er eingöngu opin þeim sem hafa a.m.k. 180 einingar í einni og sömu kennslugrein, yfirleitt úr bakkalárnámi. Þessi kjörsvið (námssvið) eru nú fimm og eru annaðhvort eingöngu í Kennaradeild eða í samvinnu við Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Viðbótardiplóma

Viðbótardiplóma í kennslufræði er 60 eininga nám, sérstaklega skipulagt fyrir þá sem hafa þegar lokið meistara- eða doktorsnámi og vilja afla sér kennsluréttinda í grein sinni samkvæmt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Námið er skipulagt sem eins árs staðbundið nám en hægt er að skipta því á tvö ár og þá skulu valnámskeið tekin seinna árið. Viðbótardiplóman er á ábyrgð Kennaradeildar en rekin undir sömu einkennisstöfum og aðrar námsleiðir fyrir verðandi framhaldsskólakennara.

Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum (NordMaG)

Öldrunarfræði er þverfagleg grein þar sem nemendum eru kynntir helstu þættir sem hafa áhrif á velferðarmál aldraðra, öldrunarþjónustu, stefnumótun, löggjöf og framkvæmd á sviðum félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða. Fjallað er um helstu málefni og ágreiningsefni tengd öldrun og öldruðum, s.s. afleiðingar öldrunar, þætti sem liggja til grundvallar öldrunarferlinu, vellíðan á efri árum, leiðir til að stuðla að heilbrigðri öldrun o.fl. Þá er lögð sérstök áhersla á að kynna nemendum norræna öldrunarþjónustu og gera þá hæfa til að taka þátt í norrænu rannsóknasamstarfi.

Saga námsins

Kennsla í NordMaG (Nordic Master's Degree Programme in Gerontology) hófst 2008 og spratt upp úr umræðu í samstarfi norrænna háskóla (Nordplus Gerontologi) um þörfina á að nýta betur en þá var gert þá sérþekkingu á sviði öldrunarfræða sem er fyrir hendi í háskólum á Norðurlöndunum. Árið 2007 fékkst styrkur frá Norrænu ráðherranefndinni til að þróa þetta samstarf og bjóða upp á sameiginlega námsleið í öldrunarfræðum á ensku. Hver skóli býr yfir ákveðinni sérþekkingu sem hann deilir og í Háskóla Íslands eru kenndir félagslegir þættir öldrunarfræða og þjónusta við aldraða.

Í upphafi stóðu Háskóli Íslands, Lundarháskóli í Svíþjóð og Háskólinn í Jvaskylä í Finnlandi að náminu og gerðu með sér samning um kennslu, kennaraskipti o.fl. Eftir fimm ára samstarf ákvað Háskólinn í Jvaskylä að draga sig út úr samstarfinu vegna breytinga á reglum um inntöku meistaranema og minni þörf en áður á að bjóða upp á námskeið á ensku. Þá var leitað eftir samstarfi við aðra skóla og komu þá Háskólinn í Jönköping í Svíþjóð og Háskólinn í Gjøvik (NTNU) í Noregi inn í samstarfshópinn.

Skipulag

Samnorrænt meistaranám í öldrunarfræðum (NordMaG) er 120 eininga þverfræðilegt nám sem fer fram í löndunum þremur sem greint er frá hér að ofan. Námið er skipulagt sameiginlega af háskólunum fjórum: Háskóla Íslands, Lundarháskóla og Háskólanum í Jönköping í Svíþjóð og Háskólanum í Gjøvik í Noregi. Hver skóli skuldbindur sig til að kenna NordMaG-námskeið á ensku annað hvert ár, þannig að nemendur eiga kost á að sækja eitt slíkt námskeið á hverju misseri. Þau námskeið eru þannig uppbyggð að nemendur sækja staðlotu í eina viku (þar sem kennsla fer fram alla

vikuna) en námið fer að öðru leyti fram í fjarnámi á Netinu. Staðlotur eru kenndar í Reykjavík, Lundi og Jönköping í Svíþjóð og Gjøvik í Noregi. Kennsla fer fram á ensku og íslensku.

Sérsvið Háskóla Íslands í greininni eru félagslegir þættir öldrunar og þjónusta við aldraða og heldur skólinn reglulega NordMaG-námskeiðið Öldrunarfræði: Stefnumótun og þjónusta (Gerontology: Policymaking and Services), sem er 10 eininga námskeið. Námskeiðið er haldið annað hvert ár skv. ofangreindu og var námskeiðið síðast haldið haustið 2013. Námskeiðið var því ekki boði á árinu 2014 en nemendur sóttu námskeið við samstarfsskólana á árinu og tóku enn fremur námskeið við aðrar námsbrautir í Háskóla Íslands.

Námið skiptist í fræðileg námskeið (20 e) og aðferðafræðinámskeið (10 e), valnámskeið (30–50 e) og ritgerð (40–60 e). Nemendur þurfa að taka a.m.k. 30 einingar við einhvern samstarfsskólanna annan en heimaskóla sinn.

Stjórn

Hver aðildarskólanna á einn fulltrúa í námsstjórn. Skólarnir skipuleggja námið í sameiningu og sinnir hver skóli tilteknum þáttum skipulagsins skv. sérstökum samningi sem undirritaður er af rektorum skólanna. Í hlut Háskóla Íslands kom að bera ábyrgð á heildarsamhæfingu námsins. Umsjón með náminu fyrir hönd Háskóla Íslands hefur Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild, og stjórnsýsluleg umsjón er í höndum Félagsráðgjafardeildar. Í Háskóla Íslands er námið vistað sem sérstök námsbraut í Félagsráðgjafardeild. Nemendur eru skráðir hver við sinn heimaskóla en fá síðan metin þau námskeið sem tekin eru við erlendu samstarfsskólana. Við útskrift fá þeir sérstakt diplóma sem staðfestir að þeir hafi lokið NordMaG-námi.

Stúdentar og forkröfur

Námið er tveggja ára nám (120 einingar) og hægt er að taka 16 nemendur á ári inn í námið á ári, fjóra nemendur í hvern skóla. Nemendur þurfa að hafa lokið BA- eða BS-prófi á heilbrigðis- eða félagsvísindasviði og að jafnaði er krafist fyrstu einkunnar.

Skattaréttur og reikningsskil

Þann 19. desember 2008 undirrituðu Ólafur Þ. Harðarson, þáverandi forseti Félagsvísindasviðs, Ingjaldur Hannibalsson, þáverandi forseti Viðskiptafræðideildar, og Björg Thorarensen, þáverandi forseti Lagadeildar, samning um að koma á fót nýju meistaranámi í skattarétti og reikningsskilum haustið 2009. Upphaf þessa þverfaglega meistaranáms má rekja til samskipta kennara úr Viðskiptafræðideild og Lagadeild nokkrum árum fyrr. Þessi tvö fræðasvið eru að nokkru leyti aðskilin í háskólaumhverfinu en í atvinnulífinu fléttast þau hins vegar talsvert saman. Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla í ársbyrjun 2005 varð tilefni til að koma á þverfaglegu samstarfi þessara tveggja deilda. Mikilvægara er því nú en nokkru sinni fyrr að efla þekkingu á hvoru fræðasviðinu fyrir sig í samfélaginu. Almennt séð hefur laga- og viðskiptaumhverfi breyst mjög hratt síðustu tvo áratugin og það að veita nemendum á meistarastigi innsýn í þessi tvö fræðasvið er að nokkru leyti tilraun til að aðlagast þeirri þróun.

Nám í skattarétti og reikningsskilum er þverfaglegt nám sem er skipulagt sameiginlega af Viðskiptafræðideild og Lagadeild og miðar að því að veita fræðilega sérmenntun á meistarastigi í skattamálum og reikningsskilum. Eitt meginmarkmiðið með náminu er að koma til móts við þarfir samfélagsins fyrir rannsóknir, þjónustu og stefnumótun sem tengist skattamálum og reikningsskilum. Uppbygging námsins miðar að því að búa nemendur undir að sinna krefjandi og flóknum störfum á

sviði reikningsskila og endurskoðunar. Námið er skipulagt skv. Reglum um þverfaglegt meistaranám við Háskóla Íslands í skattarétti og reikningsskilum, nr. 484/2010.

Hvor samstarfsdeild, Viðskiptafræðideild og Lagadeild, hefur hingað til haft umsjón með náminu á víxl til þriggja ára í senn og hefur þá kallast umsjónardeild. Sú deild hafði einnig umsjón með skráningu nemenda fram að meistararitgerð. Nemandi brautskráist frá þeirri deildanna sem aðalleiðbeinandi hans við meistararitgerð tilheyrir og hún gefur út prófskírteini þar sem fram kemur að námið sé í samvinnu beggja deildanna.

Námsstjórn

Stjórn Félagsvísindasviðs skipar tveggja manna námsstjórn meistaranáms í skattarétti og reikningsskilum til þriggja ára í senn, sinn fulltrúa frá hvorri samstarfsdeild, að tilnefningu deildanna. Í námsstjórn eru nú Einar Guðbjartsson, dósent við Viðskiptafræðideild, og Stefán Már Stefánsson, prófessor emeritus við Lagadeild. Námsstjórnin ber meðal annars ábyrgð á gæðum námsins, sem og uppbyggingu þess, og kemur með tillögum til deilda ef breytinga eða annarra úrbóta er þörf. Námsstjórnin hefur einnig umsjón með meistararitgerðum og vali á leiðbeinanda. Þetta er mikilvægur þáttur í náminu þar sem nemendur geta hvort sem er valið ritgerðarefni er tilheyra fræðasviði Lagadeildar eða Viðskiptafræðideildar. Í meistararitgerðum er þó oft tekið á efni er heyrir undir báðar deildirnar en rannsóknarspurningin í hverri ritgerð tengist þó oftast frekar annarri hvorri deildinni, þ.e. annaðhvort reikningsskilum eða lögum. Viðkomandi nemandi brautskráist þá frá þeirri deildanna sem meistararitgerðin er vistuð í og eftir því hvorri deildinni leiðbeinandinn tilheyrir.

Stjórnsýslu meistaranámsins hefur verið þannig háttað hingað til að hvor deild sá um stjórnsýsluna þrjú ár í senn, þannig að stjórnsýslan skiptist á þriggja ára fresti á milli deildanna. Síðustu þrjú ár hefur Alma Möller, deildarstjóri í Lagadeild, séð um stjórnsýsluna og Þórunn Björg Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri við Viðskiptafræðideild, árin þar á undan. Nú hefur verið ákveðið að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að stjórnsýslan færist ekki lengur á milli deildanna heldur mun Esther Judith Steinsson verkefnisstjóri annast hana frá haustinu 2015.

Skipulag

Boðið er upp á námskeið í íslenskum og alþjóðlegum skattarétti, félagarétti, reikningshaldi, stjórnsýsluendurskoðun, samstæðureikningsskilum, endurskoðun, ársreikningagerð og greiningu ársreikninga.

Tvær námsleiðir eru í boði:

- 90 eininga námsleið: Nemendur taka 12 námskeið, sem hvert jafngildir 6 einingum og skrifa 18 eininga meistararitgerð.
- 120 eininga námsleið: Nemendur taka 15 námskeið, sem hvert jafngildir 6 einingum, þar af eru þrjár valgreinar. Þeir skrifa 30 eininga meistararitgerð og velja þrjú valnámskeið af meistaranámskeiðum hvorrar deildar: eitt námskeið úr hvorri deild og það þriðja úr hvorri deild sem er.

Sem fyrr segir brautskrást nemendur annaðhvort frá Lagadeild eða Viðskiptafræðideild og fer það eftir því í hvorri deildinni meistararitgerðin er skrifuð. Lokapróf úr náminu veitir aðgang að doktorsnámi.

Stúdentar og forkröfur

Umsækjendur þurfa að hafa lokið BA-prófi frá Lagadeild Háskóla Íslands eða BS- eða BA-prófi frá Viðskiptafræðideild háskólans eða öðru háskólanámi sem metið er jafngilt fyrsta háskólaprófi í sambærilegum greinum. Almennt er krafist fyrstu einkunnar (7,25) úr fyrsta háskólaprófi til þess að fá inngöngu í meistaranám.

Um 25 stúdentar eru nú skráðir í námið og gert er ráð fyrir að um 20 nýir stúdentar hefji nám haustið 2015.

Talmeinafræði

Meistaránám í talmeinafræði er þverfræðilegt nám sem miðar að því að veita vísindalega menntun og þjálfun í talmeinafræði, búa nemendur undir störf talmeinafræðinga og vísindastörf sem tengjast greininni. Náminu er ætlað að koma til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir, þjónustu og stefnumótun sem tengist talmeinafræði og efla þekkingu á því sviði.

Skipulag

Meistaránámi í talmeinafræði var komið á fót við Háskóla Íslands haustið 2010. Það er skipulagt sameiginlega af Menntavísindasviði, Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði og Læknadeild og Sálfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði. Læknadeild sem hefur umsjón með náminu og brautskrást nemendur þaðan. Hún annast enn fremur umsjón námsins, s.s. upplýsingagjöf til nemenda, tilkynningar, frágang kennsluskrár og slík atriði. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands styrkir námsbrautina með stöðu stundakennara og hefur auk þess yfirumsjón með starfsþjálfun nemenda.

Nýir nemendur, 15 manns í senn að hámarki, eru teknir inn í námið annað hvert ár, síðast haustið 2014. Um námið gilda reglur um meistaranám við Háskóla Íslands í talmeinafræði, nr. 972/2009 með síðari breytingum.

Námið er 120 einingar og skiptist í 30 eininga lokaverkefni, námskeið á framhaldsnámsstigi, málstofur og starfsþjálfun og lýkur með MS-prófi í talmeinafræði. Að náminu loknu, og í kjölfar þess sex mánaða verklegri þjálfun í talmeinafræði undir leiðsögn talmeinafræðings, geta nemendur sótt um starfsleyfi til landlæknis.

Námsstjórn

Rektor skipar stjórn meistaranáms í talmeinafræði til þriggja ára í senn. Stjórnin er skipuð sex fulltrúum samkvæmt tilnefningum Íslensku- og menningardeildar, Menntavísindasviðs, Sálfræðideildar og Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, einum föstum kennara greinarinnar og fulltrúa úr Læknadeild, sem rektor tilnefnir og er hann formaður námsstjórnar. Námsstjórnina skipa nú Sigríður Magnúsdóttir, dósent við Læknadeild, Jóhanna T. Einarsdóttir, dósent við Læknadeild, Þóra Músdóttir, fulltrúi Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku- og menningardeild, Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, dósent við Sálfræðideild, og Magnús Karl Magnússon, prófessor við Læknadeild, en hann er jafnframt formaður stjórnar.

Stúdentar og forkröfur

Nemendur sem hefja meistaranám í talmeinafræði skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Hafa lokið BA-, B.Ed.- eða BS-prófi með fyrstu einkunn.



- b. Hafa lokið ákveðnum tilteknum námskeiðum í málfræði (40 einingum) og sálfræði (34 einingum) eða námskeiðum sem metin eru sambærileg af viðkomandi deild Háskóla Íslands.

Aðsókn

Allar götur síðan nám í talmeinafræði hófst hefur aðsókn í námið verið mun meiri en unnt hefur verið að sinna. Sem fyrr segir eru einungis 15 nemendur teknir inn annað hvert ár vegna skorts á starfsnámsstöðum. Alls hafa nemendur verið teknir inn þrisvar sinnum, haustið 2010, 2012 og 2014. Árið 2012 brautskráðust fyrstu átta nemendurnir með MS-próf í talmeinafræði frá Háskóla Íslands, árið 2013 brautskráðust þrír nemendur og í ár voru þeir 14. Auk þess er gert ráð fyrir að tveir nemendur brautskráist vorið 2015 og þá verða jafnframt flestir þeirra sem hófu námið haustið 2014 hálfnaðir með það. Atvinnuhorfur talmeinafræðinga að námi loknu eru góðar og hafa þeir almennt fljótlega hafið störf í faginu eftir brautskráningu.

Umhverfis- og auðlindafræði

Kennsla í umhverfis- og auðlindafræðum hófst við Háskóla Íslands haustið 2005. Þá hófu fyrstu nemendurnir meistaranám í þessari nýju þverfræðilegu námsleið í umhverfis- og auðlindafræðum við skólann. Nú gilda um námið Reglur um meistara- og doktorsnám við Háskóla Íslands í umhverfis- og auðlindafræðum, nr. 214/2011.

Námi í umhverfis- og auðlindafræðum er ætlað að koma til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir, kennslu, þjónustu og stefnumótun sem tengist umhverfismálum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og efla þekkingu á þessum sviðum. Meginmarkmið námsins er að útskrifa nýja kynslóð fagfólks sem hefur haldgóða þekkingu og færni á sviði umhverfis- og auðlindafræða og getur unnið þvert á fræði- og fagmúra. Meistara- og doktorsnám í umhverfis- og auðlindafræðum er þverfræðilegt nám sem miðar að því að veita fræðilega menntun á ýmsum sviðum er snerta umhverfismál og nýtingu auðlinda. Slík þekking auðveldar mönnum að greina og skilja orsakir og afleiðingar helstu umhverfisvandamála samtímans og benda á vænlegar leiðir til úrbóta. Þessi þekking stuðlar jafnframt að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og umhverfis út frá forsendum náttúru og lífríkis, efnahagslífs og samfélags. Námið er alþjóðlegt, í nemendahópnum eru jafnt íslenskir sem erlendir stúdentar, og öll kennsla fer fram á ensku.

Námið er skipulagt sameiginlega af öllum fræðasviðum og deildum Háskóla Íslands (Félagsvísindasviði, Heilbrigðisvísindasviði, Hugvísindasviði, Menntavísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði). Upphaflega stóðu sex deildir að náminu (þ.e. félagsvísindadeild, hugvísindadeild, lagadeild, raunvísindadeild, verkfræðideild og viðskipta- og hagfræðideild) en við breytingar á skipulagi háskólans árið 2008 komu öll fræðasvið skólans að skipulagi þess. Doktorsnám var tekið upp í umhverfis- og auðlindafræðum árið 2011.

Námsstjórn

Sérstök námsstjórn, sem samsett er af fulltrúum þeirra fræðasviða sem standa að náminu, ber faglega ábyrgð á því í umboði fræðasviða og deilda. Námsstjórn fer með öll sameiginleg málefni námsins, skipuleggur það og hefur yfirumsjón með því. Hún metur einnig umsóknir í námið.

Rektor skipar námsstjórn í umhverfis- og auðlindafræðum er til þriggja ára í senn. Stjórnin er skipuð sjö fulltrúum, fimm samkvæmt tilnefningum stjórna fræðasviða, föstum umsjónarkennara námsins,

samkvæmt ákvörðun rektors, og einum fulltrúa til viðbótar sem rektor tilnefni og er hann jafnframt formaður námsstjórnar. Varamenn skulu tilnefndir fyrir hvern fulltrúa og skulu þeir ekki vera úr sömu deild og aðalmenn. Ný námsstjórn var skipuð frá 19. maí 2014. Í námsstjórninni eru: Sveinn Agnarsson, dósent í Viðskiptafræðideild, formaður, tilnefndur af rektor; Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í Líf- og umhverfisvísindadeild, fastur umsjónarkennari námsins; Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í Lagadeild, tilnefnd af Félagsvísindasviði, varamaður hennar er Gísli Pálsson, prófessor í Félags- og mannvísindadeild; Guðjón Þorkelsson, prófessor í Matvæla- og næringarfræðideild, tilnefndur af Félagsvísindasviði, varamaður hans er Kristberg Kristbergsson, prófessor í Matvæla- og næringarfræðideild; Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor í Íslensku- og menningardeild, tilnefndur af Hugvísindasviði, varamaður hans er Ragnheiður Kristjánsdóttir, lektor í Sagnfræði- og heimspekideild; Ólafur Páll Jónsson, dósent í Kennaradeild, tilnefndur af Menntavísindasviði, varamaður hans er Allyson Macdonald, prófessor í Uppeldis- og menntunarfræðideild; Hrund Ólöf Andradóttir, dósent í Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, tilnefnd af Verkfræði- og náttúruvísindasviði, varamaður hennar er Jón Ólafsson, prófessor í haffræði.

Fráfarandi fulltrúar í námsstjórn voru: Guðrún Gísladóttir, prófessor í Líf- og umhverfisvísindadeild, formaður, tilnefnd af rektor; Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í Líf- og umhverfisvísindadeild, fastur umsjónarkennari námsins; Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í Lagadeild, tilnefnd af Félagsvísindasviði, varamaður hennar var Gísli Pálsson, prófessor í Félags- og mannvísindadeild; Guðjón Þorkelsson, prófessor í Matvæla- og næringarfræðideild, tilnefndur af Heilbrigðisvísindasviði, varamaður hans var Kristberg Kristbergsson, prófessor í Matvæla- og næringarfræðideild; Sveinn Yngvi Egilsson, prófessor í Íslensku- og menningardeild, tilnefndur af Hugvísindasviði, varamaður hans var Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í Sagnfræði- og heimspekideild; Allyson Macdonald, prófessor í Uppeldis- og menntunarfræðideild, tilnefnd af Menntavísindasviði, varamaður hennar var Ólafur Páll Jónsson, dósent í Kennaradeild; Trausti Valsson, prófessor í Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, tilnefndur af Verkfræði- og náttúruvísindasviði, varamaður hans var Jón Ólafsson, prófessor í haffræði.

Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræðum, hefur verið fastur umsjónarkennari náms í umhverfis- og auðlindafræðum frá upphafi. Aðrir akademískir starfsmenn námsins eru Jón Geir Pétursson, lektor í hlutastarfi frá 2014, Lára Jóhannsdóttir, lektor frá 2014, Mariana Tamayo, lektor í hlutastarfi frá 2012, og Þröstur Þorsteinsson, dósent frá 2011. Verkefnisstjóri námsins er Bjargey Anna Guðbrandsdóttir.

Skipulag námsins

Verkfræði- og náttúruvísindasvið annast umsýslu námsins og nemendur eru skráðir í þverfaglega námsleið í umhverfis- og auðlindafræðum og velja þar kjörsvið eftir því sem við á. Deildin sem nemandi brautskráist frá (heimadeild) ræðst af því hvar lokaverkefni hans er unnið. Námsleiðin, kjörsvið og námskeið eru í umsjá stjórnar námsins. Önnur námskeið eru á ábyrgð viðkomandi deilda. Að auki gilda reglur þeirrar deildar þar sem rannsóknaverkefni (ritgerð) nemanda er unnið, enda er nemandinn brautskráður frá þeirri deild (heimadeild).

Meistaránám í umhverfis- og auðlindafræðum

Til að innritast í meistaránám í umhverfis- og auðlindafræðum þarf umsækjandi að hafa lokið BS- eða BA-prófi eða öðru háskólanámi sem metið er jafngilt. Að jafnaði skal miða við fyrstu einkunn á BS- eða BA-prófi eða að nemandi hafi sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknnum. Námsstjórnin metur próf frá öðrum skólum en Háskóla Íslands.

Meistaránám í umhverfis- og auðlindafræðum er 120 einingar, jafnan tvö ár (fjögur misseri).

Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og þátttöku í námskeiðum á framhaldsnámsstigi. Þungamiðja þess er rannsókn- eða þróunarverkefni innan umhverfis- og auðlindafræða og ritgerð sem byggist á því. Stærð verkefnisins er ákveðin í námsáætlun og skal vera 30 eða 60 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum, málstofum eða lesnámskeiðum.

Allir nemendur þurfa að hafa lokið tilteknum skyldunámskeiðum, þ.e. skyldukjarna, til að útskrifast með MS-/MA-gráðu í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands. Áhersla skal lögð á að nemendur fái innsýn í það hversu umhverfis- og auðlindafræði taka til margra ólíkra fræðigreina. Námskeið í skyldukjarna eru tilgreind í kennsluskrá.

Hluta meistaranámsins má taka við aðra háskóla eða viðurkenndar rannsókn- eða vísindastofnanir.

Meistarapróf samkvæmt þessum reglum veitir rétt til lærdómstílsins Magister Artium (MA) eða Magister Scientiarum (MS) í umhverfis- og auðlindafræðum eftir því frá hvaða deild nemandi brautskráist. Fyrsti kandídatinn brautskráðist með meistaragráðu í umhverfis- og auðlindafræðum árið 2006 og árið 2014 höfðu 99 kándídatar frá 21 landi lokið meistaraprófi.

Doktorsnám í umhverfis- og auðlindafræðum

Markmið doktorsnáms í umhverfis- og auðlindafræðum er að veita doktorsnemum vísindalega þjálfun og búa þá undir vísindastörf, t.a.m. háskólakennslu eða sérfræðingsstörf hjá vísindalegum rannsóknastofnunum. Stúdent sem lokið hefur MS- eða MA-prófi í umhverfis- og auðlindafræðum með fyrstu einkunn frá Háskóla Íslands eða samsvarandi prófi frá öðrum háskóla getur sótt um aðgang að doktorsnámi í umhverfis- og auðlindafræðum.

Doktorsnámið fer fram á faglegri ábyrgð námsstjórnar í umhverfis- og auðlindafræðum í samvinnu við doktorsnámsnefnd (fastanefnd) hlutaðeigandi deildar, sem brautskráir doktorsnemann að námi loknu. Doktorsnemi skal ljúka tilteknum námskeiðum í umhverfis- og auðlindafræðum samkvæmt ákvörðun doktorsnefndar hverju sinni. Reglur hlutaðeigandi deildar (heimadeildar doktorsefnisins) um doktorsnám gilda að því marki sem ekki er kveðið á um einstök tilvik í reglum um doktorsnám í umhverfis- og auðlindafræðum.

Doktorspróf í umhverfis- og auðlindafræðum veitir rétt til lærdómstílsins doktor (Doctor of Philosophy, philosophiae doctor, Ph.D.) í umhverfis- og auðlindafræðum.

Tveir kándídatar hafa lokið doktorsprófi í umhverfis- og auðlindafræðum, þær Florence Pacifica Achieng (2013), sem var jafnframt fyrst Afríkubúa til að ljúka doktorsprófi frá Háskóla Íslands, og Sigrún María Kristinsdóttir (2013). Árið 2014 stunduðu átta nemendur doktorsnám í umhverfis- og auðlindafræðum.

Upplýsingatækni á heilbrigðissviði

Árið 2002 hófst vinna við að skipuleggja þverfaglegt nám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði í Háskóla Íslands. Á þessum tíma höfðu fáar þverfaglegar námsleiðir verið settar á laggirnar við skólann en í stefnu Háskóla Íslands fyrir árin 2002–2005 fólst að auka skyldi slíkt framboð. Starfshópur var formlega skipaður til að vinna að undirbúningi þverfaglegs meistaranáms í upplýsingatækni á heilbrigðissviði 4. mars 2003. Í hópnum voru Ásta Thoroddsen, lektor í hjúkrunarfræðideild, formaður, Anna Birna Almarsdóttir, dósent í lyfjafræðideild, Kristján Erlendsson, dósent í læknadeild, Hjálmtýr Hafsteinsson, dósent í verkfræðideild, og Kristín Harðardóttir, verkefnisstjóri í félagsvísindadeild. Með hópnum starfaði einnig María Heimisdóttir frá Landspítala. Þann 14.

desember 2004 undirrituðu deildarforsetar hjúkrunarfræðideildar, læknadeildar, lyfjafræðideildar, verkfræðideildar og félagsvísindadeildar samkomulag um meistaranám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði við Háskóla Íslands. Einnig áttu Landspítali og University of Iowa aðild að samningnum. Kennsla á námsleiðinni hófst haustið 2004 en námið hefur ekki verið formlega í boði síðan árið 2010.

Skipulag

Nám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði var tveggja ára þverfræðilegt, rannsóknatengt nám á meistarastigi við Háskóla Íslands, Master of Health Informatics (MHI), sem var brautskráningartitillinn. Námið var skipulagt sameiginlega af fimm (þáverandi) háskóladeildum: félagsvísindadeild, hjúkrunarfræðideild, lyfjafræðideild, læknadeild og verkfræðideild áður en stjórnkerfisbreytingar urðu við háskólann árið 2008. Námið var hýst í hjúkrunarfræðideild og voru allir nemendur skráðir þar en nemendur brautskráðust frá þeirri samstarfsdeildanna sem leiðbeinandi þeirra við lokaverkefni starfaði við. Um námið giltu Reglur um meistaranám við Háskóla Íslands í upplýsingatækni á heilbrigðissviði, nr. 1041/2003, sem samþykktar voru í háskólaráði 27. nóvember 2003.

Nám í upplýsingatækni á heilbrigðissviði ruddi brautina fyrir það fyrirkomulag að margar deildir ættu aðild að þverfræðilegu námi en að umsjón með því yrði í einni deildanna. Í þessu tilviki var það hjúkrunarfræðideild. Umsjónardeildin lagði til 50% starfskraft sem annaðist umsýslu námsins og nemendur innrituðust í hana en fluttust síðan yfir í þá deild þar sem aðalleiðbeinandi viðkomandi nemanda starfaði og bar sú aðildardeild kostnað við að leiðbeina nemanda við lokaverkefni. Nýnæmi var að hver aðildardeild greiddi umsjónardeild helming þess brautskráningarframlags sem hún naut vegna þeirra nemenda sem brautskráðust úr námsleiðinni. Aðildardeild fékk þó tekjur af þreyttum einingum vegna þeirra námskeiða sem hún bauð upp á innan námsleiðarinnar. Í upphafi skuldbundu ofangreindar fimm deildir (hjúkrunarfræðideild, félagsvísindadeild, verkfræðideild – tölvunarfræðiskor, læknadeild og lyfjafræðideild) sig til að bjóða upp á námskeið fyrir nemendur í meistaranámi í upplýsingatækni á heilbrigðissviði.

Náið samstarf var við University of Iowa og sóttu nemendur tvö kjarnanámskeið til Iowa í fjarkennslu. Connie Delaney, prófessor við University of Iowa, og Ásta Thoroddsen, lektor við hjúkrunarfræðideild, voru hvatamenn að þessu samstarfi. Hugbúnaðarfyrirtækið eMR kostaði hlutastarf Connie Delaney við Háskóla Íslands til tveggja ára til að vinna að uppbyggingu námsins og samstarfi skólanna.

Samstarf var haft við Endurmenntun Háskóla Íslands og undirritaður samningur þar sem m.a. kom fram að Endurmenntun greiddi 2/3 hluta af tekjum fyrir sína nemendur til umsjónardeildar. Nokkrir nemendur tóku einstök námskeið í gegnum Endurmenntun og sóttu í framhaldi af því formlega um að innritast í námið.

Námsstjórn

Sjö manna stjórn meistaranáms í upplýsingatækni á heilbrigðissviði var formlega skipuð af rektor 13. maí 2004. Námsstjórnina skipuðu Anna Birna Almarsdóttir dósent og Sveinbjörn Gizurason frá byrjun árs 2006, bæði tilnefnd af lyfjafræðideild, Ásta Thoroddsen dósent, tilnefnd af hjúkrunarfræðideild, Baldur Johnsen og Björn Jónsson frá september 2005, sviðsstjórar upplýsingasviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, tilnefndir af Landspítala, Connie Delaney prófessor, skipuð án tilnefningar, Gísli Pálsson, tilnefndur af félagsvísindadeild, Hjálmtýr Hafsteinsson dósent, tilnefndur af verkfræðideild, og María Heimisdóttir aðjunkt, tilnefnd af læknadeild. Ragný Þóra Guðjohnsen og Þórana Elín Dietz, verkefnisstjórar í hjúkrunarfræðideild, störfuðu einnig með stjórninni.

Stúdentar og forkröfur

Til að innritast í meistaranám í upplýsingatækni á heilbrigðisviði þurftu nemendur að hafa lokið BS- eða BA-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru háskólanámi sem metið var jafngilt fyrsta háskólaprófi. Flestir þeirra sem sóttu um námið höfðu lokið grunnnámi á einhverju sviði heilbrigðisvísinda, s.s. hjúkrunarfræði, læknisfræði eða lyfjafræði.

Markmið

Tilgangur námsins var að veita þverfræðilega, hagnýta, sem og fræðilega menntun til starfa á ýmsum sviðum er snerta upplýsingatækni á heilbrigðisviði. Markmið námsins var að koma til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir, þjónustu og stefnumótun sem tengist skráningu, meðhöndlun og vinnslu gagna og upplýsinga á sviði heilbrigðismála og við eflingu þekkingar á sviði heilbrigðisvísinda. Dæmi um verkefni á sviði upplýsingatækni eru upplýsingakerfi, rafrænar sjúkraskrár, fjarlækningar, heilbrigðisnet, stjórnun og rekstur stofnana og fyrirtækja á heilbrigðisviði, varðveisla og öryggi gagna, friðhelgi einkalífsins og aðgengi almennings að upplýsingum í heilbrigðiskerfinu. Greinin samþættir ýmsar fræðigreinar, s.s. heilbrigðisvísindi, tölvunarfræði og upplýsingafræði, og beitir viðeigandi tækni (tölvutækni, samskiptatækni, rafeindatækni) eftir því sem hentar hverju sinni. Upplýsingatækni miðar að því að samþætta gögn, upplýsingar og þekkingu sem stutt getur heilbrigðisstarfsmenn, stjórnendur og sjúklinga við að taka heilsutengdar ákvarðanir.

Aðsókn í námið

Haustið 2004 sóttu 15 nemendur um inngöngu í námið og hófu 11 þeirra nám. Vorið 2005 sóttu átta nemendur um að innritast og hófu fimm þeirra nám að hausti en einungis þrír nemendur sóttu um inngöngu árið 2006. Fjárhagslegur grunnur námsins var nánast brostinn þegar svo fáir sóttu um inngöngu og fór námið ekki af stað haustið 2006. Haustið 2007 hófst síðan nám í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands og þá var álitnið að forsendur fyrir námi í upplýsingatækni á heilbrigðisviði væru ekki lengur fyrir hendi og var námið í raun aflagt. Alls brautskráðust 11 nemendur með MHI-gráðu frá Háskóla Íslands, fimm úr læknadeild og sex úr hjúkrunarfræðideild.

Víkinga- og miðaldafræði – Viking and Medieval Norse Studies

Námsleiðin Viking and Medieval Norse Studies er samnorrænt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum sem Háskóli Íslands starfrækir í samstarfi við Óslóarháskóla, Árósháskóla, Kaupmannahafnarháskóla og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Námsleiðinni var komið á fót með Nordic Master styrk frá Norrænu ráðherranefndinni haustið 2012. Hugvísindasvið Háskóla Íslands stýrir námsleiðinni og er hún hýst í Íslensku- og menningardeild.

Námsstjórn

Yfirbrautinni er fagrað skipað Torfa H. Tulinius og Haraldi Bernharðssyni frá Háskóla Íslands, Terje Spurkland frá Óslóarháskóla, Pernille Hermann frá Árósháskóla, Anne Mette Hansen frá Kaupmannahafnarháskóla og Gísli Sigurðssyni frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Fagraðið skipuleggur námið og annast inntöku nýnema. Svavar Steinarr Guðmundsson, verkefnisstjóri á skrifstofu Hugvísindasviðs, vinnur með fagraðinu.

Skipulag

Viking and Medieval Norse Studies er tveggja ára (120 eininga) alþjóðleg námsleið þar sem nemendum býðst vandað og fjölbreytt meistaranám í víkinga- og miðaldafræðum. Þar sem námsleiðin er einkum ætluð nemendum utan Norðurlandanna fer kennsla fram á ensku.

Námið er ætlað stúdentum sem hafa lokið grunnnámi í háskóla (BA-prófi) með miðaldaívafi, einkum í eftirtöldum greinum: bókmenntum, sagnfræði, trúarbragðafræði, málvísindum, mannfraði, fornleifafræði, listasögu eða þjóðfræði. Ekki er gerð krafa um forkunnáttu í (forn)íslensku en áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér tungumálið í náminu sjálfu.

Allt fyrsta árið í meistaranáminu fer fram við Háskóla Íslands en á þriðja misseri stunda nemendur nám við einn af samstarfsháskólunum. Lokaverkefni skrifa þeir við Háskóla Íslands eða Óslóarháskóla. Námið er opið nemendum alls staðar að úr heiminum. Um er að ræða þverfaglegt nám þar sem saman koma sagnfræðingar, bókmenntafræðingar, málfræðingar, fornleifafræðingar, þjóðfræðingar og trúarbragðafræðingar við fimm ólíkar stofnanir. Haustið 2014 hófu nám 24 nemendur frá tólf löndum: átta frá Bandaríkjunum, fjórir frá Kanada, tveir frá Bretlandi og Frakklandi og einn frá Ástralíu, Búlgaríu, Hollandi, Kína, Púertó Ríkó, Serbíu, Spáni og Þýskalandi.

Medieval Icelandic Studies

Við Íslensku- og menningardeild Hugvísindasviðs er einnig í boði önnur meistaranámsleið í miðaldafræðum með þverfaglegu ívafi, Íslensk miðaldafræði, Medieval Icelandic Studies. Sú námsleið er þriggja missera nám (90 einingar), sem starfrækt hefur verið síðan haustið 2005 í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Námsleiðin er einnig ætluð erlendum stúdentum og þar er því á sama hátt kennt á ensku, og er námið að flestu leyti eins og í Viking and Medieval Studies, að því undanskildu að námsleiðin er ekki rekin í samstarfi við erlenda skóla og er því styttri en hún sem náminu erlendis nemur. Haustið 2014 hófu nám ellefu nemendur frá sjö löndum: fimm frá Bandaríkjunum og einn frá Ástralíu, Ítalíu, Kanada, Kína, Sviss og Þýskalandi.

Fagráð Medieval Icelandic Studies er skipað Torfa H. Tulinius, Haraldi Bernharðssyni og Ármanni Jakobssyni frá Íslensku- og menningardeild, Helga Þorlákssyni frá Sagnfræði- og heimspekideild og Viðari Pálssyni frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Umsjónarmenn beggja þessara meistaranámsleiða í norrænum fræðum eru Torfi H. Tulinius prófessor og Haraldur Bernharðsson dósent, báðir við Íslensku- og menningardeild.

Þverfræðilegt framhaldsnám

Brautskráðir úr þverfræðilegu framhaldsnámi árið 2014

Prófgráða	Námsleið	Karlar	Konur	Alls
M.Ed.	Menntun framhaldsskólakennara	1	3	4
M.Ed. Alls		1	3	4
Meistarapróf	Skattaréttur og reikningsskil		2	2
	Umhverfis- og auðlindafræði	12	20	32
Meistarapróf Alls		12	22	34
MPH	Lýðheilsuvísindi	1	10	11
MPH Alls		1	10	11
MS	Menntun framhaldsskólakennara	1	1	2
	Talmeinafræði		14	14
MS Alls		1	15	16
Doktorspróf	Lýðheilsuvísindi	1	2	3
Doktorspróf Alls		1	2	3
Viðbótardiplóma	Lýðheilsuvísindi		14	14
	Menntun framhaldsskólakennara	4	10	14
Viðbótardiplóma Alls		4	24	28
Alls á árinu		20	76	96

Rannsóknastofnanir

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Almennt yfirlit og starfslið

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn er vísindastofnun á vegum umhverfisráðuneytisins. Höfuðviðfangsefni hennar er náttúra og saga Mývatns og Laxár með það að markmiði að skilja náttúrufarsbreytingar og sjá þær fyrir og stuðla þannig að verndun svæðisins. Stöðin er samstarfsvettvangur vísindamanna úr ýmsum greinum, stofnunum og frá mörgum löndum sem sjá tækifæri í rannsóknum á þessu óvenjulega vatnakerfi og lífríki þess. Stöðin hefur frá upphafi unnið í nánu samstarfi við Háskóla Íslands og forstöðumaður hennar, Árni Einarsson, er gestaprófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild skólans. Stöðugildi eru tvö (forstöðumanns og útgáfu- og kynningarstjóra), auk þess sem fjöldi vísindamanna í mismunandi rannsóknahópum og háskólum víða um lönd starfar með stöðinni.

Vöktun lífríkisins í Mývatni og Laxá er rauði þráðurinn í starfi rannsóknastöðvarinnar og hefur hún nú staðið í um 40 ár en rannsóknastöðin fagnar einmitt 40 ára afmæli sínu um þessar mundir. Fylgst er með vatnafuglastofnum, fiskstofnum, vatnaskordýrum, krabbadýrum og þörungagróðri í svifi og á botni. Enn fremur er fylgst með breytingum á efnasamsetningu uppsprettuvatns. En vöktunin nægir ekki ein sér. Gera þarf rannsóknir á orsakasamhengi í vistkerfinu og hafa rannsóknahópar ýmissa háskóla gegnt þar lykilhlutverki.

Helstu rannsóknaverkefni um þessar mundir

Sveiflur í fæðukeðjum Mývatns

Fæðukeðjur í Mývatni ganga í gegnum miklar sveiflur, sem talið er að stjórnist af samspili innan fæðuvefsins, einkum vegna áhrifa mýflugunnar *Tanytarsus* á botnlagið. Þessar sveiflur hafa magnast á síðustu áratugum og hafa m.a. valdið því að bleikjustofninum hefur hrakað. Í samvinnu við Anthony R. Ives, frá Wisconsin-háskóla í Madison í Bandaríkjunum, er unnið að rannsóknum á drifkröftum og eiginleikum sveiflnanna. Bandaríski vísindasjóðurinn (NSF) styrkir verkefnið. Einnig er nú, að frumkvæði Bjarna K. Kristjánssonar við Hólaskóla, gert sérstakt átak í að greina erfðafræði og útlitsbreytileika hornsíla í vatninu, en fjöldi hornsíla sveiflast mjög mikið og í takt við aðrar fæðukeðjusveiflur.

Fornaldargarðlög í Þingeyjarsýslum

Rannsókn á garðlögum í Þingeyjarsýslum hófst 2004 og felst verkefnið í að rannsaka torfgirðingar frá þjóðveldisöld í Þingeyjarsýslum. Fundist hafa um 600 km af görðum og eru flestir frá fornöld. Garðlögin eru rakin með öllum tiltækum ráðum, m.a. á loft- og gervitunglamyndum. Könnunarskurðir eru grafnir í gegnum í garðana til að kanna aldur og byggingarlag. Verkið er unnið í samvinnu við Fornleifastofnun Íslands og kostað af Rannís, Þjóðhátíðarsjóði og fleiri aðilum. Unnið er að útgáfu korts og bókar um garðlögin.

Breytingar á vatnafuglastofnum

Gögn úr vöktun fuglastofna og átu (mýi, krabbadýrum og hornsíli) nýtast til rannsókna á viðbrögðum vatnafugla við breytingum á átustofnum. Með slíkum upplýsingum eru unnt að meta hlutfallslegt

vægi varp- og vetrarstöðva í afkomu fuglastofna Mývatns. Allmörgum áföngum verkefnisins er lokið og hafa birst nokkrar greinar um það á undanförunum árum, flestar í náinni samvinnu við Arnþór Garðarsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, en einnig ýmsa aðra. Rannsóknirnar sýna að fjöldi unga sem komast á legg hjá flestum tegundum vatnafugla á Mývatni og Laxá fylgir fæðuframboði.

Nýtingarsaga Mývatns

Að frumkvæði NABO (North Atlantic Biocultural Organisation) og með styrk frá bandaríska vísindasjóðnum (NSF) er nú unnið að fornleifauppgreiftri á fornum sorphaugum við Mývatn. Efni þeirra spannar tímabilið frá landnámi til vorra daga og á að gefa hugmynd um mataræði fólks við Mývatn í ellefu hundruð ár. Verkið er unnið af fornleifafræðingum frá Háskóla New York borgar (CUNY) og Fornleifastofnun Íslands en Náttúruvísindastöðin við Mývatn tekur þátt í þeim hluta þess er lýtur að nýtingu fuglsegga.

Rannsóknamiðstöð ferðamála

Almennt yfirlit og stjórn

Í júlí 2014 var stofnanasamkomulag Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri um Rannsóknamiðstöð ferðamála endurgert og nú með formlegri aðkomu Háskólans á Hólum. Samkomulagið felur ekki í sér neinar breytingar á stöðu rannsóknamiðstöðvarinnar og er hún enn hýst hjá Háskólanum á Akureyri sem samstarfsverkefni skólanna um rannsóknir í ferðamálaum á Íslandi. Haustið 2014 fluttist skrifstofa miðstöðvarinnar á Akureyri af 3. hæð á Borgum upp á 6. hæð, í það rými sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands hafði verið í. Er nú rýmra um starfsemina og húsnæðið betra á allan hátt en áður.

Í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála árið 2014 áttu sæti:

- Rögnvaldur Ólafsson (Háskóla Íslands), formaður stjórnar
- Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir (Háskólanum á Akureyri), varaformaður
- Ögmundur Knútsson (Háskólanum á Akureyri)
- Anna Dóra Sæþórsdóttir (Háskóla Íslands) til febrúarloka
- Rannveig Ólafsdóttir (Háskóla Íslands) frá marsbyrjun
- Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtökum ferðaþjónustunnar)
- Guðrún Helgadóttir (Háskólanum á Hólum) að vorkundi, 6. júní
- Georgette Leah Burns (Háskólanum á Hólum) frá vorkundi, 6. júní
- Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofu)

Stjórnin hélt þrjá fundi: aðalfund 28. febrúar, vorkundi að Hólum 6. júní og haustfund 30. október.

Starfsmenn

Formlegar starfstöðvar Rannsóknamiðstöðvar ferðamála voru tvær á árinu, við Háskóla Íslands í Reykjavík (til húsa í Öskju) og við Háskólann á Akureyri (til húsa í Borgum), en að auki starfar fólk að verkefnum sem rannsóknamiðstöðin fjármagnar á Húsavík, Höfn og Hólum í Hjaltadal.

Starfsmenn á árinu 2014 voru:

Á Akureyri:

- Alda Metrass Mendes, nýdoktor, 100% starfshlutfall (til 30. júní 2014)
- Edward H. Huijbens, forstöðumaður, 95% starfshlutfall
- Kristinn Berg Gunnarsson, sérfræðingur, 100% starfshlutfall
- Mareike Scheller, skiptinemi (frá 1. september 2014)

Í Reykjavík:

- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur, 100% starfshlutfall (kom úr fæðingarorlofi í ágúst 2014)
- Dr. Cristi Frenț, sérfræðingur, 100% starfshlutfall

Auk þeirra sinna eftirtaldir starfsmenn verkefnum á vegum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála annars staðar:

- Gyða Þórhallsdóttir, Reykjavík
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Hólum
- Johannes T. Welling, Höfn
- Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, Húsavík

Í desember var gengið frá ráðningu nýs forstöðumanns, Kristínar Sóleyjar Björnsdóttur, sem tekur við störfum 1. janúar 2015. Edward H. Huijbens kemur til með að starfa áfram hjá miðstöðinni og sinna starfi sérfræðings við hana.

Fjármál

Á árinu bar helst til tíðinda að á haustdögum fékkst staðfest að framlag frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá árinu 2012 er varanlegt en ekki til þriggja ára eins og talið var. Það þýðir að árlegur rekstrargrunnur rannsóknamiðstöðvarinnar í formi fastra tekna er 41.450 þús. kr., auk framlags Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands í formi aðstöðu. Með þetta í farteskinu var lagt fram minnisblað um framtíðarskipan rannsóknamiðstöðvarinnar á haustfundi stjórnar, þar sem lagt var til að ráðnir yrðu sérfræðingar til miðstöðvarinnar á grunni framlagsins og forstöðumaður í fullt starf. Var það samþykkt og mun því árið 2015 snúast um að festa í sessi eiginlega starfsemi miðstöðvarinnar og ljúka þeim verkefnum sem styrkt voru með framlagi ráðuneytisins frá 2012.

Rannsóknadagar

Á árinu 2014 komust rannsóknadagar Rannsóknamiðstöðvar ferðamála í fastari skorður en áður hafði verið. Þeir verða haldnir tvisvar á ári, að vori og hausti, og snúast um að þeir sem eru virkir í rannsóknnum á framhaldsstigi og þeir sem sinna verkefnum styrktum af rannsóknamiðstöðinni fá tækifæri til að kynna þau og fá endurgjöf. Um er að ræða tveggja daga dagskrá utan Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. Fjögur verkefni eru kynnt hverju sinni og fær hvert að hámarki 30 mínútur, en eftir kynninguna er allt að tveimur klukkustundum varið umræður þar sem allur hópurinn (aðrir kynnar, leiðbeinendur og stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála) kemur með ábendingar og gagnrýni. Fyrstu rannsóknadagar rannsóknamiðstöðvarinnar voru haldnir á Höfn í Hornafirði 20.–21. september 2012. Þá var áhersla lögð á verkefni sem Rannsóknamiðstöð ferðamála styrkti. Næst kom sami hópur saman á Húsavík 9.–11. október 2013. Í ljósi þess hve árangur var góður af þeirri vinnu sem þar fór fram var ákveðið að fjölga rannsóknadögum í tvenna á ári, að vori og hausti, auk þess sem framhaldsnemum í ferðamálafræðum var boðið að taka þátt í þeim. Vorið 2014 voru rannsóknadagarnir haldnir á Hólum í Hjaltadal dagana 4.-6. júní. Þar kynntu þrjú doktorsnemar í ferðamálum við Háskóla Íslands verkefni sín, auk nýdktors sem starfar við Rannsóknamiðstöð ferðamála. Haustið 2014 voru rannsóknadagarnir svo haldnir á Hvanneyri dagana 6.–7. nóvember og þar kom hópur styrkþega Rannsóknamiðstöðvar ferðamála saman og fór með svipuðum hætti yfir verkefni sín og stöðu þeirra.

Rannsóknir

Verkefni sem Rannsóknamiðstöð ferðamála fjármagnar:

- Umbreytingar: ferðaþjónusta, staður og sjálfsemd

Rannsóknin beinist að uppbyggingu ferðaþjónustu í jaðarbyggðum. Markmiðið er að greina hvað gerist þegar staður umbreytist í áfangastað fyrir ferðamenn.

- Þróun ferðamannastaða og þolmörk ferðamanna
Þolmörk voru rannsökuð á fimm náttúruskoðunarstöðum á landinu í samanburði við árin 2000 og 2001 voru þegar sömu staðir voru skoðaðir á sambærilegan hátt.
- Ferðamennska, landslag og loftslagsbreytingar á Íslandi
Verkefnið snýst um samspil ferðamennsku og hnattrænna loftslagsbreytinga, sérstaklega hvað varðar jökla.
- Ferðaþjónusta í byggðum landsins
Rannsóknin er tvíþætt: annars vegar er metið hvernig hægt er að veða bein efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu með hliðsjón af alþjóðlegri forskrift ferðaþjónustureikninga og hins vegar óbein og afleidd efnahagsleg áhrif með aðferðum aðfanga- og afurðagreiningar.

Verkefni sem unnin eru af starfsmönnum Rannsóknamiðstöð ferðamála:

- Rannsóknaverkefni um samspil flugs og ferðamennsku
Rannsóknin er þriggja ára verkefni, styrkt af Icelandair Group, sem hefur staðið frá 2012 og felst í að greina samspil flugs og ferðamennsku og hvernig hægt væri að undirbyggja viðskiptalíkan sem skilar bæði hagnaði en um leið gengur ekki á auðlindir þær sem byggt er á. Verkefnið hætti á miðju ári 2014, þegar starfsmaðurinn sem ráðinn var til þess sagði upp störfum.
- Rýning á forsendum hliðarreikninga ferðaþjónustu á Íslandi
Verkefnið felst í að rýna í hvernig hagræn áhrif ferðaþjónustu á Íslandi eru metin. Í því skyni skoðaði hagfræðingur rannsóknamiðstöðvarinnar á hvaða gögnum var byggt við gerð hliðarreikninga Hagstofu Íslands frá 2008, 2010 og og 2011 og hvort framsetning þeirra fylgdi alþjóðlegri forskrift.
- Skemmtiskip við Íslandsstrendur
Rannsóknin hófst í lok árs 2012 og fólst í að skilja efnahagsáhrif af komu skemmtiskipa í hafnir landsins, áhrif þessara gestakoma á samfélög þar sem komið er að landi og áhrif gestanna og skipanna á umhverfi í staðbundnu og hnattrænu samhengi. Verkefninu lauk í lok ársins.
- Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObeWELL).
Verkefnið snýst um að þætta saman hugmyndir um þjónustu vistkerfa, með áherslu á lífkerfi, við aðra þætti mannlegrar tilvistar: menningu, heilsu og vellíðan gegnum ferðamennsku. Þetta er Evrópuverkefni (COST) með þátttöku 29 þjóða.
- Slow adventure tourism og SAINT 2015
Verkefnið felst í að bera kennsl á vörur og þjónustu sem snúast um „yndis-ævintýri“ (e. slow adventure) á norðurlóðum. Verkefnið hófst á haustdögum 2013 og því lauk vorið 2014. Fyrir liggur lokaskýrsla um verkefnið.
- Norðurlóðasamstarf
Rannsóknamiðstöð ferðamála er virkur þátttakandi í norðurlóðasamstarfi fræðafólks í ferðamálum í samstarfsnetinu International Polar Tourism Research Network (IPTRN). Frá upphafi árs 2014 hefur miðstöðin séð um heimasíðu samstarfsnetsins (<http://iptrn.rmfi.is/>).

Rannsóknastofa um mannlegt atferli

Almennt yfirlit og stjórnun

Forstöðumaður Rannsóknastofu um mannlegt atferli er Magnús S. Magnússon rannsóknaprófessor við Háskóla Íslands. Guðberg K. Jónsson er rannsóknasérfræðingur við stofuna og einnig framkvæmdastjóri Atferlisgreiningar ehf. en náíð samstarf er milli Rannsóknastofu um mannlegt atferli og Atferlisgreiningar ehf., sem stofnuð var í beinu framhaldi af starfsemi Rannsóknastofu um mannlegt atferli. Rannsóknastofa um mannlegt atferli er til húsa í Tæknigarði.

Rannsóknir og kynning

Starfsemi Rannsóknastofu um mannlegt atferli varðaði á árinu sem fyrr að mestu atferlis- og gagnvirknirannsóknir og er rannsóknastofan sem fyrr þungamiðjan í hinu formlega samstarfsneti Methodology for the Analysis of Social Interaction (MASI), sem var endurnýjað á árinu af rektorum nú 24 háskóla í Evrópu, Mexíkó og Bandaríkjunum. Samstarfsnetinu var komið á laggirnar með þátttöku sjö evrópskra háskóla árið 1995 í Sorbonne í París, þar sem Magnús S. Magnússon gegndi áður prófessorsstöðu. Greiningarlíkan Magnúsar hefur frá upphafi verið hin sameiginlega viðmiðun í samstarfsnetinu. Tuttugu og fjórir háskólar taka nú formlega þátt í netinu en fjórir háskólar hafa nýverið óskað formlega eftir þátttöku, þar á meðal Berlínarháskóli. Fjölpjódlegur vinnufundur samstarfsnetsins, sem haldin er annað hvert ár við einhvern af þátttökuháskólunum, var á árinu í fyrsta sinn haldinn við Háskóla Íslands og sem fyrr fjölluðu allir fyrirlestrar um rannsóknir þar sem beitt er greiningarlíkani Magnúsar.

Magnús S. Magnússon hélt á árinu boðsfyrirlesturinn Division through Unity from Atoms to Humans: Is it Mathematical? við Society for the Scientific Study of Religion (www.sssrweb.org) í Indianapolis í Bandaríkjunum og fyrirlestur á ráðstefnunni NeuroTalk í Nanjing í Kína.

Lokið var við nýtt safnrit (Magnusson M.S., Burgoon J., Casarrubea M. og McNeill, D.) á árinu (en það kemur út árið 2015). Allir kaflarnir í því fjalla um rannsóknir þar sem beitt er greiningarlíkani Magnúsar S. Magnússonar og á árinu óskaði Journal of Neuroscience Methods eftir ítarlegi umfjöllun (comprehensive review) um greiningarlíkan Magnúsar og beitingu þess. Greinin telst þó til ársins 2015. Það sama gildir um grein í sama tölublaði sem byggist á langtímasamstarfi við rannsóknaaðila í Cambridge-háskóla í Bretlandi varðandi tímamynstur í heilatauganetum þar sem einnig er beitt greiningarlíkani, algrímum og hugbúnaði Magnúsar.

Magnús hóf formlega ráðgjöf í umfangsmiklu rannsóknaverkefni við Kaliforníuháskóla í Irvine Bandaríkjunum sem snýst m.a. um samband milli heilataugamynstra og gagnvirknimynstra í samskiptum mæðra og afkvæma hjá dýrum og mönnum. Greiningarlíkani Magnúsar er þar beitt m.a. í beinu samstarfi við einn af leiðandi tölfræðingum í Bandaríkjunum, Hal Stern.

Guðberg K. Jónsson vann að innlendu og erlendu rannsóknasamstarfi á vegum rannsóknastofunnar þar sem ofangreindu greiningarlíkani er beitt, m.a. verkefni um greiningu fjármálagagna í samstarfi við Fjármálaeftirlitið, DataMarket og NetInternals. Verkefnið er styrkt af Rannís. Viðamikili verkefni á sviði gervigreindar er unnið í samstarfi við Gervigreindarsetur Háskólans í Reykjavík og aðra evrópska háskóla og er styrkt af 7. rammaáætlun Evrópusambandsins. Að auki sat Guðberg í vinnuhópi Netöryggisáætlunar Evrópusambandsins um öruggara og betra internet fyrir ungt fólk. Guðberg kenndi einnig námskeið á árinu fyrir hönd rannsóknastofunnar, m.a. við Milan-Bicocca-háskóla á Ítalíu og Barcelona-háskóla á Spáni, sótti ráðstefnur og birti ritrýndar greinar á nokkrum fræðasviðum.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er að efla rannsóknir, styrkja tengsl háskólans við atvinnu- og þjóðlíf og auka möguleika almennings til menntunar. Stofnunin byggist á rannsóknasetrum Háskóla Íslands um allt land og heyrir beint undir háskólaráð. Stofnunin er vettvangur samstarfs háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni.

Undir hatti Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands voru starfrækt á árinu rannsóknasetur á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og

Norðausturlandi. Á Austurlandi var einnig starfsemi á vegum Stofnunar rannsóknasetra en með nokkuð öðru sniði en annars staðar.

Á vegum rannsóknasetrana eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir. Meðal viðfangsefna eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, fiskar og fuglar, auðlindir, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði og fornleifafræði. Allt eru þetta rannsóknasvið sem mikill áhugi er á um allt land og gefa tilefni til samstarfs milli setrana og við Háskóla Íslands í Reykjavík, sem og við erlenda samstarfsaðila. Þá tekur starfsfólk setrana þátt í fjölbreyttum verkefnum á starfssvæðum þeirra eftir því sem tilefni gefst til.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands árið 2014 var Sæunn Stefánsdóttir. Í nýjum reglum stofnunarinnar sem tóku gildi í byrjun árs 2014 er kveðið á um ráðgefandi nefnd í stað stjórnar en hlutverk hennar er að vera háskólaráði, rektor og forstöðumanni til ráðgjafar um stefnumarkandi ákvarðanir og viðfangsefni stofnunarinnar. Jörundur Svavarsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, var formaður þessarar ráðgefandi nefndar stofnunarinnar og með honum unnu í nefndinni Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Jón Einar Jónsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Hjalti Þór Vignisson, hjá Iceland Pelagic, og Steingerður Hreinsdóttir, Háskólafélagi Suðurlands og rekstrarstjóri jarðvangsins Katla Geopark. Á fundi háskólaráðs í nóvember voru þau Guðrún Á. Jónsdóttir, fulltrúi háskólanáms og rannsókna við Austurbrú, og Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands, skipuð í ráðgefandi nefndina í stað þeirra Hjalta og Steingerðar, sem óskuðu eftir að víkja sökum anna og starfsskipta. Fundaði ráðgefandi nefndin sex sinnum á árinu. Birna Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri á vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands, annaðist stjórnáráðgjaf og fjármálaumsjón fyrir stofnunina. Hún heyrir áfram undir háskólaráð en nýtt fyrirkomulag á daglegri starfsemi, umsýslu, rekstri og fjármálum var tekið upp með því að færa stofnunina beint undir skrifstofu rektors. Tilgangur þessara breytinga er að tengja stofnunina betur við stjórnáráðgjaf skólans og um leið að styrkja enn frekar samstarf við aðila á landsbyggðinni og stuðla að nánari tengslum við deildir og fræðasvið háskólans.

Tuttugu og sex starfsmenn voru hjá Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands á árinu, þar af ellefu í fullu starfi. Alls voru ársverk hjá Stofnun rannsóknasetra rúmlega sautján. Tveir voru ráðnir hjá rannsóknasetrum í átaki Vinnumálastofnunar um sumarstörf fyrir námsmenn, tvo mánuði hvor. Að venju nýtti fjöldi meistara- og doktorsnema aðstöðu á setrunum. Þá fengu erlendir fræðimenn aðstöðu við sum setrana til skemmri tíma.

Akademískir starfsmenn setrana koma flestir að kennslu, einkum við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, einnig við námsbraut í umhverfis- og auðlindafræðum, sem og námsbraut í fornleifafræði við Sagnfræði- og heimspekideild. Þá eru haldin sérhæfð vettvangsnámskeið á meistarastigi við þrjú rannsóknasetrana. Einnig leiðbeina akademískir starfsmenn rannsóknasetrana gjarnan framhaldsnemum og hafa allmargir nemendur unnið að lokaverkefnum sínum við setrin.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra var haldinn í Reykjavík 20. mars og setti Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra fundinn. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, flutti ávarp og fundarstjóri var Sæunn Stefánsdóttir, forstöðumaður stofnunarinnar. Rúmlega fimmtíu manns sátu ársfundinn.

Á sameiginlegum fundi ráðgefandi nefndar og forstöðumanna rannsóknasetra í Gunnarsholti í september hófst vinna við mótun nýrrar stefnu fyrir stofnunina og rannsóknasetrin. Stýrihópur skipaður forstöðumanni stofnunarinnar, fulltrúum forstöðumanna rannsóknasetra og ráðgefandi nefndar, sem og verkefnisstjóra stofnunarinnar, hóf störf í kjölfar fundarins og stendur til að kynna

nýju stefnuna á ársfundi stofnunarinnar 9. apríl 2015 á Húsavík. Stefnunni er ætlað að verða starfsemi rannsóknasetra leiðarvísir inn í framtíðina.

Vefur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands og rannsóknasetrana var endurnýjaður á árinu.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi hefur verið starfrækt frá 2006. Forstöðumaður þess er Jón Einar Jónsson dýravistfræðingur. Aðrir starfsmenn á árinu voru Árni Ásgeirsson líffræðingur og Thomas Holm Carlssen, sem var í 30% starfi í samvinnu við norsku Bioforsk-stofnunina.

Reglubundin verkefni um æðarfugl og dílaskarf héldu áfram, sem og árlegar talningar á æðarungum, álftum, ritu og vatnafuglum. Talningarnar leiddu m.a. í ljós að dílaskarfi hefur áfram fjölgað og að fjöldi æðarunga var í meðallagi. Rituvarp gekk skár en í fyrra en viðkoman á utanverðu Snæfellsnesi var aðeins 0,4 ungar á par, sem er langt undir því sem æskilegt væri (1,0 ungi á par). Í Hvítbjarnarey gekk varp þó betur en undanfarin ár og var með besta móti. Hjá vatnafuglum gekk varp vel hjá hornsílafuglum, þ.e. lóm, toppönd, flórgoða og himbrima. Helsingjapar sást með tvo unga á Snæfellsnesi í byrjun ágúst.

Þórður Örn Kristjánsson doktorsnemi lauk gagnasöfnun á Rifi og í Hvallátrum og gekk frá tveimur greinum til birtingar fyrir árslok. Einn meistaranemi útskrifaðist á árinu: Helgi Guðjónsson varði ritgerð sína um varpárangur grágæsa. Valtýr Sigurðsson vann áfram að meistaraverkefni um áhrif síldardauða á umhverfi. Gagnasöfnun fyrir verkefnið var endurtekin í Kolgrafafirði í sumar með styrk frá Vegagerðinni.

Jón Einar kenndi sem fyrr fugla- og dýrafræði við Líf- og umhverfisvísindadeild og leiðbeindi jafnframt doktors- og meistaranemum. Þá kenndu starfsmenn setursins í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands.

Þrjú ný rannsóknaverkefni hófust á árinu. Aldís Erna Pálsdóttir hóf vinnu við meistaraverkefni sem er rannsókn á afráni í æðarkolluhreiðrum í eyjunum við Stykkishólm. Verkefnið er unnið í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands. Þá hófust merkingar á æðarkollum í Landey í samstarfi við norska SEATRACK-verkefnið. Alls náðust 37 kollur þetta fyrsta sumar og stefnt er að því að endurheimta tækin frá þeim næsta sumar. Thomas Holm Carlsen hóf rannsóknir á eiginleikum æðardúns í samstarfi við Æðarsetur Íslands en verkefnið er styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Stærsti viðburðurinn í starfi rannsóknasetursins á árinu – og til þessa – var alþjóðlega sjóandaráðstefnan sem haldin var í september á Hótel Sögu í Reykjavík. Rannsóknasetrið sá um undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar fyrir hönd Háskóla Íslands og Environment Canada, kanadíska umhverfisstofnunarinnar. Þetta var fimmta sjóandaráðstefnan og sú fyrsta sem haldin var utan Norður-Ameríku. Ráðstefnuna sóttu 142 þátttakendur frá 18 löndum. Boðsfyrirlesarar voru þeir Sveinn Are Hanssen frá Noregi, Jim Lovvorn frá Bandaríkjunum og Arnþór Garðarsson. Alls voru haldin 66 erindi og sýnd 49 veggspjöld á ráðstefnunni og áttu starfsmenn rannsóknasetursins þátt í fjórum framlögum. Ráðstefnan þótti takast fírna vel og endaði með sérlega vel heppnaðri vettvangsferð í Mývatnssveit.

Á vegum setursins voru fjórar greinar birtar í alþjóðlegum ritum: um fuglaflensu, vetrarstöðvar skúma, varpgegðan æðarkollna og ferðalög snjógæsa.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum

Starfsemi Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum hófst 2007. Setrið er í Bolungarvík og voru tveir sérfræðingar í fullu starfi við það á árinu, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur, sem jafnframt er forstöðumaður, og Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur. Hlynur Reynisson meistaranemi vann við setrið að lokaverkefni sínu um breytileg viðbrögð þorskseiða við hækkandi hitastigi.

Starfið á árinu einkenndist af úrvinnslu gagna og greinaskrifum byggðum á fyrri verkefnum, auk undirbúnings nýrra verkefna.

Helstu rannsóknaverkefni setursins tengjast náttúru og samfélagi á strandsvæðum með áherslu á Vestfirði. Rannsóknaverkefnið hverju sinni ráðast af starfsfólki og rannsóknanemum og hefur undanfarið verið lögð áhersla á líf- og fornleifafræðilegar rannsóknir á sjávarnytjum, einkum fiskistofnum.

Verkefnið Söguleg samsetning þorskstofnsins miðar að því að skilja breytingar á þorskstofninum á sögulegum tíma með erfðafræðilegum og efnafræðilegum greiningum á þorskbeinum sem fengin eru með fornleifauppgreftri. Meðal áfanga á árinu var rannsókn- og tengslamyndunarferð til Færeyja í júní og þróunarvinna við SNP-erfðagreiningar.

Verkefnið Þýðing einstaklingsbreytileika fyrir vernd og nýtingu fiskistofna er rannsókn sem snýst um að rannsaka áhrif breytileika einstaklinga á viðkomu fiska, t.d. í tengslum við umhverfisbreytingar eins og hlýnun sjávar og veiðialag. Niðurstöður verða m.a. nýttar til að kanna hvort fýsilegt er að taka tillit til þessa breytileika við nýtingar- og verndaráætlanir. Af áföngum á árinu má nefna að gerð var tilraun þar sem könnuð voru tengsl milli getu til að leysa þrautir og sveigjanleika í atferli.

Markmið verkefnisins Fornleifarannsóknir á neðansjávarminjum er að fá hugmynd um hversu mörg skipsflök eru við Íslandsstrendur, ástand þeirra og möguleika á að rannsaka þau. Einnig eru kannaðar minjar í kringum verslunarstaði, hvalveiðistöðvar og fleiri tegundir minja sem aukið geta skilning á verslunar sögu tímabilsins 1200–1600. Áfangar sem náðust á árinu voru m.a. vettvangsrannsókn á verslunarstaðnum á Básendum á Reykjanesi þar sem gömlu skipalegurnar voru kannaðar með hliðsjá (e. side-scan sonar).

AVS-rannsóknasjóðurinn styrkti tvö hagnýt verkefni á árinu.

Markmið verkefnisins Verstöðin Bolungarvík var að útfæra ferðamannaslóðina Verstöðin Bolungarvík, sem er byggð á niðurstöðum fornleifafræði- og sagnfræðirannsókna á sögu sjávarnytja og byggðar í Bolungarvík og gefa ferðamönnum heildstæða mynd af efnahag svæðisins og náttúru þess og sögu, allt frá landnámi.

Verkefnið Vannýtt sjávarfang snerist um óhefðbundið sjávarfang sem er vannýtt á Íslandi þrátt fyrir að nokkrar algengar og vel ætar tegundir séu aðgengilegar. Kannaðar voru forsendur nýtingar á algengum og aðgengilegum tegundum sjávarfangs og framkvæmd við nýtinguna á heimamarkaði, t.d. á veitingahúsum og hjá ferðaþjónustuaðilum á Vestfjörðum. Niðurstöður verkefnisins sýndu að aðgengi og stöðugleiki í framboði hamlar ekki nýtingu algengra óhefðbundinna tegunda en hvetja mætti til aukinnar breiddar á veitingahúsamarkaði með upplýsingamiðlun.

Haldnir voru sjö fyrirlestrar um rannsóknir á vegum setursins á opnum málstofum á árinu. Niðurstöður voru m.a. kynntar á opnum fyrirlestri við Hafrannsóknastofnun Færeyja í júní, á málstofu Sjávarauðlindadeildar danska tækniháskólans í október og á málstofu auðlindadeildar Háskólans á Akureyri í nóvember.

Verkefni setursins og rannsóknaniðurstöður vöktu talsverða athygli og urðu umfjöllunarefni fjölmiðla, m.a. í þáttunum Speglinum og Samfélaginu hjá Ríkisútvarpinu, í Morgunblaðinu, Bæjarins besta og Feyki.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra var opnað á Skagaströnd í apríl 2010 en starfið hófst í október 2009. Starfssvið setursins er sagnfræði og forstöðumaður er Lára Magnúsdóttir. Ólafur Bernóðusson lauk störfum fyrir setrið á árinu en hann hafði verið í hlutastarfi frá árinu 2012 í samvinnuverkefni sveitarfélagsins Skagastrandar, farskóla Norðurlands vestra og setursins. Vilhelm Vilhelmsson, doktorsnemi í sagnfræði, var í hlutastarfi við setrið síðari hluta ársins og vann með forstöðumanni að aðferðafræðilegri rannsókn á réttarfarsheimildum.

Undanfarin ár hefur Lára unnið að rannsóknum á aðferðafræði við greiningu réttarfarsheimilda og að greina flokk sagnfræðiheimilda um andleg mál á hendi ríkisins á tímabilinu frá 1271–1874. Vinna við þessar rannsóknir og undirbúningur birtinga hélt áfram á árinu.

Í október var haldið málþingið Fólki í heimildum – heimildir um fólk. Málþingið var haldið í tengslum við samvinnuverkefni Láru og Vilhelms og þar fjölluðu sex fræðimenn vítt og breitt um leit sagnfræðinga og annarra sem vinna með liðna tíð að fólki fortíðarinnar og þeim aðferðafræðilegu, kennilegu og siðferðilegu álitamálum sem upp geta komið í því starfi. Þingið var haldið í bókasafni Halldórs Bjarnasonar í húsakynnum rannsóknasetursins.

Samkvæmt samningi höfðu þrír dvalargestir Ness listamiðstöðvar vinnuáðstöðu í lesstofu bókasafns Halldórs Bjarnasonar. Safnið er einnig nýtt til fundahalds og kynninga og er opið fræðimönnum og almenningi.

Lára var fengin til að veita forsætisráðuneytinu ráðgjöf á sviði menningararfs og var gestur þáttarins Alltaf að rífast hjá Ríkisútvarpinu þar sem umræðuefnið var hugtakanotkun í stjórnskrá.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík

Starfsemi Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík hófst árið 2007. Forstöðumaður setursins er Marianne H. Rasmussen sjávarspendýrafræðingur. Auk hennar vinna tveir verkefnastjórar í hlutastörfum við setrið, Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, sem vinnur að ferðamálarannsókn í samstarfi við Rannsóknamiðstöð ferðamála, og Huld Hafliðadóttir, sem hefur umsjón með nemendum og námskeiðahaldi setursins og sinnir samstarfsverkefnum með Hvalasafninu á Húsavík. Þrír doktorsnemar við háskólann unnu að rannsóknum undir leiðsögn forstöðumannsins á árinu, Edda Elísabet Magnúsdóttir, Chiara Bertulli og Maria Iversen, en Marianne er einnig meðleiðbeinandi tveggja doktorsnema við háskóla í Svíþjóð og á Sri Lanka. Þá leiðbeindi hún tíu meistaranemum og einum BS-nema á árinu.

Marianne tók þátt í mörgum rannsóknaverkefnum á árinu. Í júní vann hún með vísindamönnum frá Japan og Danmörku við að setja hljóðupptökutæki og myndavélar á hnúfubaka í Skjálfandaflóa til að kanna tengsl mismunandi hljóða við köfunarhegðun og aðrar hreyfingar hvalanna. Verkefnið er fjármagnað af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og japönskum styrktarsjóði.

Vinna við rannsóknir á steypireyði við strendur Sri Lanka hélt áfram en verkefnið er unnið í samvinnu við vísindamenn við háskóla í Malmö, París, Turku og Ruhuna á Sri Lanka.

Rannsóknaverkefni með hljóðupptökum á hnísu í Norðursjó hófst sumarið 2014. Markmið þess er að meta áhrif vindmylla í Norðursjó á hegðunarmynstur hnísu og fjölda þeirra á svæðinu. Verkefnið er unnið í samstarfi við vísindamenn frá háskólanum í Hannover í Þýskalandi og er fjármagnað þaðan.

Forstöðumaður kenndi hluta námskeiða í náttúrufræði og vistfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Hún var einnig umsjónarmaður námskeiðsins Aðferðir við rannsóknir á sjávarspendýrum sem haldið var á Húsavík í júlí, sjöunda árið í röð. Alls sóttu 20 nemendur frá 14 háskólum í 10 löndum námskeiðið, sem haldið er í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild. Tveir doktorsnemar og einn meistaranemi aðstoðuðu við kennsluna.

Ár hvert kemur fjöldi nemenda víða að úr heiminum til Húsavíkur í tengslum við nám sitt en setrið hefur aðeins tók á að verða við óskum lítils hluta þeirra sem vilja vinna námsverkefni eða aðstoða við rannsóknir á Húsavík. Gistinætur í íbúð sem setrið hefur yfir að ráða voru um 1000 á árinu og nemendur og starfsnemar sem nýttu aðstöðuna voru tíu talsins.

Rannsóknasetrið á náíð samstarf við Hvalasafnið á Húsavík. Á árinu söfnuðu stofnanirnar m.a. upplýsingum sem fengnar eru með greiningu ljósmynda sem nemendur, starfsnemar og sjálfboðaliðar sáu um að taka í siglingum hvalaskoðunarbáta frá Húsavík og Reykjavík. Setrið tók einnig þátt í Hvalaskólanum, fræðslustarfi á safninu, með því að leggja til efni og veita faglega ráðgjöf.

Rannsóknasetrið og Hvalasafnið héldu sameiginlega ráðstefnu þar sem kynntar voru nýjar rannsóknir í Skjálfaflóa. Þá voru kynntar verklagsreglur um ábyrga hvalaskoðun og umræður fóru fram um leiðir til að bæta hvalaskoðunarmenningu á Íslandi og þá rannsóknamöguleika sem flóinn býður upp á. Starfsmenn setursins héldu allir erindi á ráðstefnunni og tveir framsögumenn aðrir eru fyrrverandi nemendur forstöðumanns setursins. Um 60 manns sóttu ráðstefnuna.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir hélt áfram rannsókn á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu, sem er þriggja ára samstarfsverkefni setursins, Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Þekkingarnets Þingeyinga. Rannsóknin, sem hófst haustið 2012, er unnin samhliða rannsókn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á þjóðhagslegum áhrifum ferðaþjónustu. Niðurstöðurnar verða notaðar til samanburðar og staðfestingar á því að hve miklu leyti er mögulegt að heimfæra þjóðhagslegar stærðir á einstök svæði.

Starfsemi á Austurlandi á vegum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands

Á Austurlandi hefur Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands tekið þátt í nokkrum verkefnum á undanförunum árum.

Frá vormánuðum 2013 og fram á mitt árið 2014 var Hrafnkell Lárusson sagnfræðingur við störf á starfsstöð Stofnunar rannsóknasetra á Egilsstöðum. Þar vann hann að rannsókn sinni á samfélagslegum áhrifum svæðisbundinnar fjölmiðlunar á Austurlandi á árunum 1985–2010. Rannsóknin beindist að héraðsfréttablöðunum Austra, Austurlandi og Austurglugganum, sem komu út á Austurlandi á tímabilinu, og að ljósvakamiðlunum Svæðisútvarpi Austurlands, Austfirska sjónvarpsfélaginu og starfsstöð Stöðvar 2 á Austurlandi. Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar í grein í byggðaritinu Múlapingi og með allmörgum fyrirlestrum og vöktu þær nokkra athygli fjölmiðla.

Sumarið 2014 annaðist Hrafnkell rannsókn á fornum veghleðslum og öðrum samgönguminjum á Breiðdalsheiði ásamt Ragnari Edvardssyni, fornleifafræðingi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum. Kannaðar voru heimildir um uppruna veghleðslna á heiðinni og þróun samgangna þar. Þá var gerð fornleifafræðileg könnun á ástandi veghleðslnanna og annarra tengdra samgönguminja á

svæðinu. Verkinu lauk með skýrslu og tillögum um verndun og kynningu minjanna. Rannsóknin var unnin fyrir sveitarfélagið Fljótsdalshérað.

Í maí undirrituðu Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands og sveitarfélagið Fljótsdalshérað yfirlýsingu um að rannsóknaverkefnum Maður og náttúra yrði komið á fót með fjárframlögum og stuðningi beggja aðila. Var starf akademíks sérfræðings auglýst um sumarið, sex umsóknir bárust og var Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur ráðin til verkefnisins frá 1. apríl 2015. Verður starfsstöð hennar á Egilsstöðum í húsnaði Austurbrúar við Vonarland og er áætlað að verkefnið taki tvö ár en að þeim tíma liðnum verður tekin ákvörðun um áframhaldandi starfsemi á vegum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands á Austurlandi og hvort Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi á Egilsstöðum verður opnað að nýju.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði hefur verið starfrækt frá árinu 2001. Setrið er til húsa í Nýheimum á Höfn en þar eru einnig ýmsar stofnanir sem setrið vinnur með. Fastir starfsmenn setursins árið 2014 voru Þorvarður Árnason forstöðumaður og Soffía Auður Birgisdóttir sérfræðingur. Lausráðnir starfsmenn voru Johannes T. Welling doktorsnemi og Guðrún S. Sigurðardóttir ferðamálafræðingur. Þorvarður leiðbeindi tveimur doktorsnemunum og níu meistaranemunum en Soffía Auður leiðbeindi einum meistaranema. Tveir meistaranemar Þorvarðar útskrifuðust á árinu.

Rannsóknir setursins beinast einkum að umhverfis- og menningarmálum en einnig sinnir það margvíslegum hagnýtum verkefnum, einkum á sviði ferðamála. Rannsókn á höfundarverki Þórbergs Þórðarsonar, sem Soffía Auður hefur unnið að undanfarin ár, er langt komin og útgáfa í undirbúningi. Johannes Welling vann áfram að doktorsrannsókn sinni á tengslum loftslagsbreytinga og ferðapjónustu með styrk frá Rannsóknamiðstöð ferðamála. Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi styrktu nýtt verkefni sem nefnist Vatnajökull Photo og snýst um að efla ljósmyndaferðapjónustu á Suðausturlandi. Síðla árs fékkst styrkur frá EFTA til verkefnis sem setrið vinnur að með Háskólanum í Porto í Portúgal og varðar eflingu fjölmiðlalæsis og miðlun upplýsinga um loftslagsbreytingar (Clim@Edumedia). Þá var unnið að margvíslegum minni verkefnum sem lúta að þróun umhverfishugvísinda og má þar t.d. geta tveggja vikna doktorsnámskeiðs sem haldið var á vegum Nordic Interdisciplinary Environmental Studies samstarfsnetsins (NIES) og aðila í Bárðardal. Loks má nefna að vinna hófst við undirbúning fjölþjóðlegs verkefnis um þróun og markaðssetningu ævintýraferða á norðurslóðum, sem og nýs þverfræðilegs verkefnis um landnám lífvera og þróun vistkerfa og landslags á Breiðamerkursandi, en hið síðarnefnda hlaut undirbúningsstyrk frá Vinum Vatnajökuls.

Á árinu komu út tvær skýrslur eftir starfsmenn og nemendur sem tengjast rannsóknasetrinu, ein grein, einn ritdómur og ein færsla á Vísindavefnum, auk ljósmyndagreinar. Þorvarður flutti níu fræðileg erindi á árinu, þar af tvö á alþjóðlegum ráðstefnum, og Soffía Auður þrjú erindi. Johannes Welling flutti tvö erindi og útbjó að auki eitt veggspjald í samvinnu við Þorvarð. Rannsóknasetrið tók þátt í að skipuleggja tvö málþing sem haldin voru á vegum Þórbergsseturs. Tekið var á móti fimm skólahópum með fyrirlesturum og/eða vettvangsferðum, m.a. frá Vadja János Gimnázium í Ungverjalandi, University of British Columbia í Kanada og Durham University á Englandi. Líkt og fyrri ár voru haldin vettvangsnámskeið fyrir nemendur í umhverfis- og auðlindafræðum og við Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST). Þá var Soffía Auður gestakennari við Fróðskaparsetur Færeyja um sex vikna skeið og kenndi þar námskeið um norrænar samtímabókmenntir.

Þorvarður tók á árinu sæti í faghópi 1 í rammaáætlun íslenskra stjórnvalda um vernd og orkunýtingu landsvæða. Einnig gegndi hann margvíslegum stjórnunar- og trúnaðarstörfum, m.a. fyrir

Þekkingarsetrið Nýheima, Kirkjubæjarstofu, Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu og í stjórn NIES-samstarfsnetsins. Soffía Auður var varamaður í háskólaráði.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi var stofnað vorið 2009 og eru starfsstöðvar þess á Selfossi og í Gunnarsholti. Forstöðumaður setursins er Tómas Grétar Gunnarsson vistfræðingur. José Alves og Veronica Mendez vinna við rannsóknaverkefni á vegum setursins ásamt Lilju Jóhannesdóttur doktorsnema og Petrína Freyja Sigurðardóttir annast umsjón með gagnagrunni setursins í hlutastarfi.

Auk vinnu með framhaldsnemum í fjölbreyttum verkefnum beindust rannsóknir forstöðumanns á árinu einkum að stofnvistfræði og líflandafræði fugla. Stór hluti af starfsemi setursins voru rannsóknir á tengslum landbúnaðar og fuglastofna en verkefnið er fjármagnað með öndvegisstyrk frá Rannís sem fékkst 2013. Verkefnið snýst um að tengja landnotkun landbúnaðar við lýðfræði fuglastofna sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á, svo hægt sé að stýra landnotkun í sem mestri sátt við umhverfið. José Alves og Lilja Jóhannesdóttir doktorsnemi eru burðarásar verkefnisins. José stundaði rannsóknir á jaðrakönum á Suðurlandi um sumarið og Lilja fór víða um land til að gera mælingar á fuglalífi. Þá kannaði Lilja viðhorf bænda til náttúruverndar og horfur í landbúnaði.

Tveir framhaldsnemar við setrið luku verkefnum á árinu. Helgi Guðjónsson varði meistaraverkefni sitt sem var unnið í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi og fjallaði um landshlutabundinn mun á ýmsum þáttum í varplíffræði grágæsa. Ester Rut Unnsteinsdóttir varði doktorsritgerð um vistfræði hagamúsar á Íslandi sem er brautryðjendaverk í þeim fræðum. Ester hóf vinnu við verkefnið undir handleiðslu Páls Hersteinssonar heitins sem féll frá 2011 og tók Tómas við af Páli að leiðbeina henni. José Alves tók þátt í nokkrum alþjóðlegum verkefnum á árinu. Hann tók m.a. þátt í samstarfi við háskólann í Groningen í Hollandi við að rekja ferðir jaðrakana með nýjum senditækjum sem byggjast á GSM-tækni. Þá á hann sæti í ENRAM (European Network for the Radar Surveillance of Animal Movement, www.enram.eu), sem er evrópskt samstarf líffræðinga og veðurfræðinga við að rekja ferðir fugla um Evrópu. Veronica Mendez vann að verkefni sem miðar að því að greina hnattræn mynstur í lífslíkum vaðfugla en áætlað er að verkefninu ljúki á árinu 2015.

Erlent samstarf var líflegt á árinu eins og oft áður og manndagar erlendra vísindamanna við rannsóknir á vegum setursins voru rúmlega 400. Forstöðumaður tók á árinu sæti í faghópi 1 í rammaáætlun íslenskra stjórnvalda um vernd og orkunýtingu landsvæða og situr einnig í stjórn Vistfræðifélags Íslands. Þá á Tómas sæti í ritstjórn tveggja fagtímarita.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum

Forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum er Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur. Óskar Sindri Gíslason var í 20% starfi á árinu samhliða doktorsnámi en ásamt honum unnu fjórir meistararnemar í Háskóla Íslands viðamikinn hluta rannsókna sinna við setrið. Rannsóknasetrið deilir húsnæði í Sandgerði með Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetri Suðurnesja sem eru nánir samstarfsaðilar. Rannsóknir setursins tengjast einkum lífríki sjávar og er lögð sérstök áhersla á að rannsaka áhrif mengandi efna á sjávarlífverur.

Vinna við þrjú ný samstarfsverkefni hófst á árinu. Rannsóknir á hrygningaratferli þorsks í Kollafirði með hljóðmerkjum eru unnar í samstarfi við Guðrúnu Marteinsdóttur, prófessor í fiski- og fiskavistfræði við Líf- og umhverfivísindadeild, og Fraser Cameron, doktorsnema hennar, ásamt vísindamönnum frá Bandaríkjunum. Soffía K. Magnúsdóttir hóf vinnu við meistaraverkefni sitt um evrópska humarinn (*Homarus gammarus*) þar sem meginmarkmiðið er að kanna líffræði hans við mismunandi hitastig og hvort hann henti til eldis hér á landi. Halldór Pálmar er meðleiðbeinandi

Soffíu en Ragnheiður I. Þórarinsdóttir aðalleiðbeinandi. Þriðja verkefnið snýst um rannsóknir á sjó- og strandfuglum þar sem markmiðið er að meta heilbrigði þeirra með lífmerkjum (bíómarkerum) í tengslum við fuglaflensu, mengun og líkamsástand fuglanna. Það er unnið í samvinnu við Gunnar Þór Hallgrímsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild, Náttúrustofu Suðvesturlands, Þekkingarsetur Suðurnesja og bandaríska vísindamenn.

Rannsóknir á landnámi grjótkrabbans við Ísland héldu áfram en markmið þeirra er m.a. að varpa ljósi á uppruna, þéttleika og útbreiðslu tegundarinnar. Einnig var unnið að viðamiklum samnorrænum verkefnum á sviði mengunarrannsókna sem hófust 2011 og lúta að kortlagningu PAH-efna á norðurslóðum. Verkefnin nefnast Pristine Arctic og Ísland, hreint og ómengað? Áhrif olíumengunar á ósnortin strandsvæði Íslands. Þá var rannsókn um lífríki fjara á Reykjanesi fram haldið, en þær eru efniviður tveggja meistaraverkefna við háskólann.

Verkefnið Lífandi frystur fiskur var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og unnið við setrið. Þá hlaut setrið styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins ramvinda landnáms grjótkrabba (*Cancer irroratus*) við Ísland og úr AVS-sjóðnum til verkefnisins Sjálfvirk greining átusýna, sem er unnið í samstarfi við Hafrannsóknastofnun og Þekkingarsetur Suðurnesja.

Aðstaðan í Sandgerði var nýtt til kennslu líkt og undanfarin ár og ber þar helst að nefna námskeiðin Eiturefnavistfræði, Fuglafræði og Vettvangsnámskeið í líffræði, öll við Háskóla Íslands, en starfsfólk og nemandur kenndu hluta þessara námskeiða, ásamt því að kenna í námskeiðunum Lífheimurinn við námsbraut í lífefna- og sameindalíffræði, Sjávarvistfræði við Háskólasetur Vestfjarða og Ferðamálafræði við Endurmenntun Háskóla Íslands. Einnig fór hluti alþjóðlegs námskeiðs fyrir framhaldsnema í fiskavistfræði fram á setrinu. Forstöðumaður var meðleiðbeinandi meistaraneima sem útskrifaðist frá Háskólanum í Osló á árinu og prófdómari við meistaravörn Aniku Karenar Guðlaugsdóttur við Háskóla Íslands.

Forstöðumaður er umsjónarmaður og skipstjóri á Sæmundi fróða RE, rannsóknabáti Háskóla Íslands, sem nýttur var við fjölmörg verkefni, m.a. fyrir Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna, Hafrannsóknastofnun, Matís og við rannsóknir doktorsnema við Háskóla Íslands þar sem var notast við svokallaðan Gavia-kafbát.

Af fræðslustarfi má nefna að starfsemin var kynnt á safnahelgi á Suðurnesjum og á Sandgerðisdögum. Forstöðumaður setursins var annar umsjónarmanna sameiginlegrar ferðar HÁSKÓLA ÍSLANDS og Ferðafélags Íslands á kræklingafjöru í Hvalfjörð fjórða árið í röð undir heitinu Með fróðleik í fararnesti. Fréttablaðið og Fiskifréttir birtu fréttir um humarverkefnið og rannsóknir á grjótkrabbanum og forstöðumaður ræddi mengunarmál í útvarpsviðtölum á Bylgjunni og á Rás 1 Ríkisútvarpsins. Forstöðumaður tók á árinu sæti í ritstjórn vísindatímaritsins Regional Studies in Marine Science sem Elsevier gefur út.



Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

Almennt yfirlit, stjórn og starfsmenn

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er eini vettvangurinn í landinu þar sem stundaðar eru rannsóknir á dýrasjúkdómum á mörgum fræðasviðum. Stofnunin tengist Læknadeild Háskóla Íslands en hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Í stjórn Tilraunastöðvarinnar voru á árinu: Sigurður Guðmundsson læknir (formaður), Eva Benediksdóttir dósent, Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir, Ólöf G. Sigurðardóttir dýralæknir og Stefanía Þorgeirsdóttir frumulíffræðingur. Forstöðumaður er Sigurður Ingvarsson prófessor og framkvæmdastjóri er Helgi S. Helgason viðskiptafræðingur. Starfseminni er skipt í þrjár fagdeildir: 1) Veiru- og sameindalíffræðideild, yfirmaður hennar er Valgerður Andrédóttir; 2) Bakteríu- og sníkjudýradeild, yfirmaður hennar er Vala Friðriksdóttir; og 3) Rannsóknadeild fisksjúkdóma, yfirmaður hennar er Árni Kristmundsson. Alls inntu 50 manns um 42 ársverk af hendi á starfsárinu. Fimm starfsmenn unnu við stjórnsýslu, á skrifstofu og við afgreiðslu. Sérfræðingar voru alls 15 og þeim til aðstoðar voru tveir tugir háskólamenntaðs, sérmenntaðs og ófaglærðs starfsfólks. Bjarnheiður K. Guðmundsdóttir lét af störfum við Tilraunastöðina og tók við starfi kennslustjóra framhaldsnáms í Læknadeild Háskóla Íslands.

Rannsóknir

Tilraunastöðin er rótgróin og framsækin háskólastofnun með margvíslega starfsemi og starfar fyrst og fremst sem rannsóknastofa. Rannsakaðir eru sjúkdómar í flestum spendýrategundum Íslands og allmörgum fugla- og fisktegundum. Tilgangur rannsókna er að efla skilning á eðli sjúkdóma og skapa nýja þekkingu. Heilbrigð dýr eru forsenda arðvænlegs landbúnaðar og fiskeldis. Einnig er mikilvægi heilbrigðra dýra, sem bera ekki sjúkdóma í menn, hvati að hagnýtingu rannsókna. Mikilvægt er að stofnunin geti brugðist sem skjótast við nýjum og aðkallandi vandamálum á sviði sjúkdómagreininga. Áherslan innan fræðasviða beinist að fjölbreyttu vísindastarfi og þjónustu og að hún haldist í hendur við atvinnulífið og þá vaxtarbrodda sem þar er að finna. Helstu fræðasviðin eru príonfræði, veirufræði, bakteríufræði, sníkjudýrafræði, meinafræði, ónæmisfræði og sameindalíffræði. Efniviður rannsókna er sérstaklega mikilvægur vegna þess hve staða dýrasjúkdóma er sérstök hér á landi, en vegna einangrunar landsins hefur ónæmiskerfi dýra á Íslandi ekki verið útsett fyrir ýmsum smitefnum og mismunandi stofnum þeirra í sama mæli og víðast erlendis. Á Íslandi eru því vel skilgreindir dýrastofnar sem hafa annað næmi fyrir ýmsum sjúkdómum en gengur og gerist í heiminum. Rannsóknir á slíkum efnivið hafa gefið Tilraunastöðinni sérstöðu.

Víðtækt samstarf er við erlendar alþjóðlegar stofnanir og háskóla. Innanlands eru ákveðin verkefni unnin í samstarfi við stofnanir og háskóla og aðstaða og tæki eru samnýtt. Einnig er samstarf við stjórnsýslustofnanir innanlands, s.s. Matvælastofnun. Samhliða þessu er fjölbreytt og gefandi samstarf við atvinnulífið, má þar nefna landbúnað, fiskeldi og matvælaframleiðslu.

Vegna rannsóknahverfisins á Keldum er mjög hentugt að skilgreina ramma um rannsóknánám af ýmsum stærðargráðum, allt upp í doktorsnám. Uppbygging hefur verið á þessu starfi. Nemendur í rannsóknaverkefnum fá aðstöðu og handleiðslu við verkefni sín. Fjórtán líffræði-, dýralækna-, lífeindafræði- og lífefnafræðinemar unnu að rannsóknaverkefnum á Keldum. Fjórir þeirra voru í doktorsnámi og sex í meistaranámi.

Rannsóknaverkefni á árinu voru m.a. ónæmis- og sjúkdómafræði fiska, sníkjudýra- og bakteríufræði, veiru- og bakteríurannsóknir í sauðfé og hestum, riða og skyldir sjúkdómar og sumarexem í hestum. Allmargir áfangar náðust og voru þeir kynntir á fjölmörgum ráðstefnum hérlandis og erlendis. Í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum birtust m.a. niðurstöður rannsókna í bakteríu-, sníkjudýra- og ónæmisfræðum. Þar af voru birtar 12 greinar í ISI-tímaritum, sem er undir meðaltali á síðastliðnum árum.

Tilraunastöðin hefur þjónustuskyldur um greiningar á dýrasjúkdómum en greiningarnar tengjast rannsóknunum náíð til að samlegðaráhrif verði sem best. Starfið á Keldum er gott dæmi um hvernig tengsl atvinnulífs og vísindastarfs geta verið. Þetta er einkar mikilvægt í okkar litla landi þar sem rannsóknavinnan sem fram fer á Keldum nýtist þörfum atvinnulífs til vísindarannsókna og sú vinna skilar áfram nýrri þekkingu og greiningaraðferðum út í atvinnulífið.

Tilraunastöðin starfar sem innlend tilvísunarrannsóknastofa á nokkrum sviðum. Á stofnuninni er unnið eftir gæðakerfi og faggilding er á völdum prófunaraðferðum samkvæmt alþjóðlegum faggildingarstaðli. Áfram er unnið að faggildingunni allra helstu greiningaraðferða Tilraunastöðvarinnar.

Framleidd voru bóluferni og mótefnablóðvökvar gegn bakteríusjúkdómum í sauðfé. Safnað var blóði úr hrossum, kindum og naggrísunum til að nota á rannsóknastofum. Smádyr voru notuð við tilraunir, bæði fyrir Tilraunastöðina og aðrar rannsóknastofnanir.

Kynningarstarfsemi

Tilraunastöðin miðlar þekkingu og upplýsingum til alþjóðlega vísindasamfélagsins og innanlands til að styrkja innlent atvinnulíf. Tilraunastöðin tók þátt í útgáfu tímaritsins Icelandic Agricultural Sciences, birtar voru greinar í vísindatímaritum og ársskýrslu var dreift víða. Fræðslufundir voru haldnir að jafnaði hálfsmánaðarlega við Tilraunastöðina. Þeir voru öllum opnir og kynntir víða, m.a. öllum háskólaborgurum og dýralæknum. Á vísindadegi Keldna 28. mars var fjallað um vísinda- og þróunarverkefni Tilraunastöðvarinnar með fyrirlestrum og veggspjöldum. Málþing í fisksjúkdómafræðum var haldið að Keldum 16. desember til heiðurs Bjarnheiði K. Guðmundsdóttur. Þá voru störf stofnunarinnar kynnt víða erlendis og innanlands á ráðstefnum og fundum.

Átta af sérfræðingum Keldna eru meðlimir í Lífvísindasetri Háskóla Íslands en setrið er samvinnuflétta milli rannsóknahópa sem vinna í sameindalífvísindum við Háskóla Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahús og Háskólann í Reykjavík. Samvinnan felst aðallega í að miðla sérþekkingu og aðferðafræði, samnýta tæki, halda sameiginlegar ráðstefnur og fundi og útvega erlenda gestafyrirlesara.

Annað

Framlög á fjárlögum voru um 211 millj.kr., sértekjur um 155 millj.kr. og styrkir um 62 millj.kr. Auk erlendra styrkja vegna samstarfsverkefna fengust styrkir fyrir ýmis önnur verkefni frá Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís), Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, AVS-rannsóknasjóði í sjávarútvegi, Framleiðnisjóði landbúnaðarins og fleiri styrkveitendum. Sértekjur fengust fyrir útselda sérfræðivinnu, m.a. vegna sjúkdómagreininga. Þrátt fyrir fjárhagslegar hremmingar eru enn þá öflugir innviðir að Keldum sem hlúa þarf að. Mörg verkefni ganga vel en að ýmsu er að huga í framtíðinni. Mörgum áleitnum rannsóknasurningum er ósvarað.

Þjónustustofnanir

Endurmenntun Háskóla Íslands

Almennt

Hlutverk Endurmenntunar Háskóla Íslands er að efla hæfni og þekkingu fólks í starfi og einkalífi með öflugri nýsköpun í námsframboði og þjónustu.

Stjórn og starfsfólk

Stjórn Endurmenntunar er skipuð fulltrúum allra fræðasviða HÍ auk fulltrúa rektors. Í henni sitja:

-Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor í guðfræði- og trúarbragðafraeðideild. Formaður stjórnar, tilnefnd af rektor

-Bjarni Bessason, prófessor á verkfræði- og náttúruvísindasviði

-Eyvindur G. Gunnarsson, prófessor á félagsvísindasviði

-Ingvar Sigurgeirsson, prófessor á menntavísindasviði

-Oddný Sverrisdóttir, prófessor á hugvísindasviði

-Vilborg Lofts, rekstrarstjóri á heilbrigðisvísindasviði

Prettán starfsmenn voru í 12.5 stöðugildum í árslok:

-Erna G. Agnarsdóttir, námsstjóri og aðstoðarendurmenntunarstjóri

-Hafdís Ósk Kolbeinsdóttir, fjármálastjóri

-Helga Sólveig Ormsdóttir, þjónustufulltrúi

-Hulda Mjöll Hauksdóttir, verkefnastjóri

-Íris Dröfn Magnúsdóttir, verkefnastjóri

-Jóhanna Rútsdóttir, þróunarstjóri styttri námskeiða

-Jóna Sigríður Úlfarsdóttir, innheimta

-Kristín Jónsdóttir Njarðvík, endurmenntunarstjóri

-Kristín Birna Jónasdóttir, verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi

-Magnea Guðmundsdóttir, þjónustustjóri

-Ragna Haraldsdóttir, verkefnastjóri

-Sólveig Stefánsdóttir, þjónustufulltrúi

-Thelma Jónsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri

Ungir háskólanemar störfuðu sem verktakar í þjónustu á kvöldin og á laugardögum.

Starfsemi

Í fyrsta sinn frá efnahagshruni skilar Endurmenntun góðum rekstarhagnaði.

-Almennur rekstrarkostnaður (rekstrarvörur, ýmis þjónusta og önnur útgjöld) lækkaði um 29%, úr kr. 78.543.000 í kr. 55.963.000.

-Metaðsókn var í námsbrautir á árinu.

- Heildarfjöldi námskeiða í boði á árinu var 412, 393 árið 2013 og 314 árið 2012.
- Skipti urðu á kennurum á Íslendingasagnanámskeiðum sem eru vinsælustu námskeið Endurmenntunar. Magnús Jónsson lauk kennsluferli sínum 73 ára að aldri og Ármann Jakobsson tók við keflinu ásamt aðstoðarkennurum.
- Sett voru upp tíu opin námskeið með erlendum sérfræðingum og voru sjö þeirra haldin. Töluverður lærdómur hefur verið dreginn af því að bjóða námskeið með erlendum sérfræðingum í hæsta gæðaflokki.
- Stefnumótun með ráðgjafa Artemis hófst á haustmánuðum.
- Rafrænir reikningar voru teknir í gagnið.
- Hafist var handa við gerð myndbanda á netinu þar sem kennarar kynna námskeiðin sín.
- Nýtt kerfi til útsendinga auglýsingapósta var tekið í notkun.
- Ný tegund kynningarbæklinga voru útbúnir fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Rekstur

Skv. rekstrarreikningi var samdráttur á tekjum frá árinu 2013 1%, úr kr. 322.504.000 í kr. 318.817.000.

Heildarútgjöld lækkuðu um 7%, úr kr. 324.328.000 í kr. 302.919.000. Tekjuafgangur er kr. 15.898.000 en á árinu 2013 var hallinn kr. -1.824.000.

Rétt er að geta þess að á árinu 2013 bókuðust, sem bæði tekjur og gjöld, kr. 20.581.000 vegna námskeiða framhaldsskólakennara. Þetta var gert vegna breytinga á fyrirkomulagi þeirra námskeiða og var aðeins í þetta eina sinn. Til að gefa réttari mynd af rekstri ársins er rétt að taka fram að án þessa liðs er aukning á tekjum Endurmenntunar 5,6%, frá kr. 301.923.000 í kr.318.817.000. Að sama skapi voru útgjöld svipuð og á árinu 2013, fóru úr kr. 303.747.000 í kr. 302.919.000. Tekjuafgangur kr. 15.898.000 er sá sami.

Námskeið

Tekjur vegna styttri námskeiða sem eru þróuð af Endurmenntun drógust saman um 9%, úr kr. 156.269.000 í kr. 146.772.000. Haustmisserið skilaði meiri tekjum en vormisserið.

Mestu sveiflur í tekjum vegna styttri námskeiða voru eftirfarandi:

- Tekjur vegna námskeiða á sviði upplýsingatækni jukust um 4,6 milljónir eða um 60%.
- Tekjur vegna námskeiða á heilbrigðis- og félagssviði jukust um 2,3 milljónir eða um 30%.
- Tekjur vegna námskeiða í tungumálum drógust saman um 2,9 milljónir eða um 27%.
- Mestur samdráttur í krónum talið vegna styttri námskeiða varð á sviði menningar og persónulegrar hæfni, um 4,4 milljónir eða um 9%.
- Heildarfjöldi þátttakenda á styttri námskeiðum var 6510. Árið 2013 var fjöldinn 6602.

Námsbrautir

Tekjur vegna námsbrauta jukust um 12%, úr kr. 102.514.000 í kr. 114.570.000 eða um 12,1 milljón króna.

Tekjur vegna námsbrauta sem hófust á árunum 2012 og 2013, 18,4 milljónir, bókuðust inn á árið 2014.

- Átta námsbrautir fóru af stað á árinu 2014 en þær hafa aldrei verið svo margar.
- Metaðsókn var í námsbrautir og færast nú kr. 49.998.000 vegna náms sem hófst á árinu yfir á

árin 2016 og 2017.

-Ný námsbraut í jákvæðri sálfræði hófst á haustmisseri og komust mun færri að en vildu.

Eininganámskeið

Tekjur vegna eininganámskeiða á vegum deilda HÍ lækkuðu um 28% frá árinu 2013. Fóru úr kr. 16.299.000 niður í kr. 11.720.000.

Sérlausnir

Tekjur vegna sérlausna til fyrirtækja og stofnana hækkuðu úr kr. 11.747.000 í kr. 25.719.000 árið 2014 eða um 119%.

Aukningin felst aðallega í fjölgun kenndra námsbrauta Starfsmenntar. Tekjur vegna þeirra hækkuðu úr kr. 2.951.000 í kr. 13.225.900 eða um tæpar 10,3 milljónir.

Umsjónarnám

Tekjur vegna umsjónarnáms voru svipaðar og árið á undan, fóru úr kr. 9.331.000 í kr. 9.063.000.

Happdrætti Háskóla Íslands

Almennt

Happdrætti Háskóla Íslands hélt upp á afmælisár árið 2014 þegar það fagnaði þeim áfanga að 80 ár voru liðin frá fyrsta útdrætti en Happdrættið var stofnað með lögum árið 1933. Starfsemin hófst í byrjun janúar 1934 og fyrsti útdráttur fór fram 10. mars það ár. Tilgangur happdrættisins er að afla fjár til húsbýgginga háskólans, viðhalds þeirra og tækjakaupa. Háskóli Íslands var fyrst til húsa í Alþingishúsinu við Austurvöll en fjölgun nemenda leiddi til að þröng varð á þingi. Á árinu 1932 voru samþykkt lög sem heimiluðu að reist yrði háskólabygging. Heimildin var reyndar háð þeim fyrirvara að fé fengist til framkvæmdanna á fjárlögum. Það gekk ekki eftir enda heimskreppan í algleymingi. Þá var unnið að því að Háskóli Íslands fengi að nýta happdrættisleyfi sem stofnað var til með lögum árið 1926. Hin glæsilega háskólabygging, Aðalbygging háskólans, var tekin í notkun árið 1940. Síðan þá hafa yfir 20 háskólabyggingar verið fjármagnaðar með happdrættisfé.

Starfsfólk, stjórn og húsnæði

Háskólaráð kýs stjórn Happdrættis Háskóla Íslands. Ný stjórn tók við í janúar 2014 en hana skipa nú Eyvindur G. Gunnarsson prófessor, stjórnarformaður, og tvær nýjar stjórnarkonur, Jenný Bára Jensdóttir, fjármálastjóri Háskóla Íslands, og Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri.

Forstjóri happdrættisins var Bryndís Hrafnkelsdóttir og hóf hún störf í ágúst 2010. Tekjusvið happdrættisins eru þrjú og er rekstrarstjóri yfir hverju tekjusviði. Hans Júlíus Þórðarson var rekstrarstjóri flokkahappdrættis en hann gegndi einnig stöðu verkefnastjóra ábyrgrar spilunar. Róbert Sverrisson var rekstrarstjóri Gullnámu og Steinunn Björnsdóttir var rekstrarstjóri Happaþrennu. Alma Jónsdóttir var fjármálastjóri og yfirmaður stoðdeilda. Stöðugildi í árslok 2014 voru 23.

Höfuðstöðvar Happprættis Háskóla Íslands eru á Tjarnargötu 4 í Reykjavík en utan þeirra starfar fjöldi umboðsmanna víðs vegar um landið. Húseignin að Tjarnargötu 4 hefur verið í eigu happprættisins frá árinu 2007. Húsið var að mestu tekið í gegn á árunum 2012 til 2013. Starfsemi happprættisins er á fyrstu og annarri hæð en efri hæðir hússins er leigðar út og eru nú fimm traustir leigjendur í húsinu. Lóðin að Tjarnargötu 8 er einnig í eigu happprættisins, svo og Bíldshöfði 16, þar sem viðgerðarverkstæði happprættisins er til húsa.

Rekstrarafkoma og greiðslur til Háskóla Íslands

Rekstur afmælisársins var í heild ásættanlegur. Í tilefni tímamótanna var gerð sjónvarpsauglýsing sem sýndi í „pop up-stíl“ og á myndrænan hátt hvernig háskólabyggingarnar hafa verið reistar hver af annarri fyrir happprættisfé frá árinu 1940. Auglýsinguna, ásamt upplýsingum um hverja byggingu, er hægt að skoða á vefslóðinni 80.hhi.is. Auglýsingin var sýnd í sjónvarpi á árinu, samhliða markaðsherferð í flokkahappprættinu, þar sem Ilmur Kristjánsdóttir leikkona var mest áberandi. Herferðin var löguð að afmælinu en happprættisleikurinn og reglur héldust óbreytt.

Síðustu misseri hefur afkoman í Gullnámunni dregist lítillega saman á hverju ári og frá árinu 2008 hefur samdrátturinn verið alls 20%.

Happprættið hefur barist ötullega fyrir því síðustu ár að bjóða upp á íslenskt peningaspil á Netinu, með leikjum sambærilegum þeim sem eru í Gullnámunni og skafmiðunum í Happaþrenninni en ekki haft erindi sem erfiði hjá stjórnvöldum. Niðurstöður eru ekki í sjónmáli og því alls óvíst hvort og hvenær af því verður. (Sjá kafla um lagalegt umhverfi hér að neðan.)

Lögum samkvæmt skal hagnaði happprættisins að frádregnu leyfisgjaldi, sem greitt er til ríkisins, allt að 150 m.kr., varið til uppbyggingar Háskóla Íslands. Hagnaðurinn, að frádregnu leyfisgjaldi, rennur til nýbygginga, viðhalds fasteigna og lóða og til tækjakaupa. Á árinu 2014 voru greiddar 765 m.kr. til Háskóla Íslands.

Árangurinn

Allar byggingar háskólans hafa nær eingöngu verið kostaðar af happprættisfé. Þær eru eftirfarandi og er tilgreint það ár sem þær voru teknar í notkun.

Atvinnudeildarhús (Jarðfræðahús) 1937
Aðalbygging Háskóla Íslands 1940
Íþróttahús Háskóla Íslands 1948
Háskólabíó 1961
Aragata 9 (keypt) 1963
Árnagarður 1969
Lögberg 1972
VR-I 1972
Aragata 14 (keypt) 1973
VR-II 1975
Læknagarður 2.–3. hæð, Tannlæknadeild 1983
Oddi (fyrri hluti) 1985
VR-III 1987
Læknagarður 4.–5. hæð, Læknadeild 1988
Tæknigarður 1988
Háskólabíó (stækkun, viðbótarsalir) 1990
Oddi (síðari hluti) 1990

Hagi við Hofsvallagötu (keyptur) 1991
VR-III (verkstæði) 1992
Nýi-Garður (keyptur) 1996
Askja (Náttúrufræðahús) 2003
Háskólatorg 2007

Auk þess sem ofangreind hús hafa að nær öllu leyti verið reist eða keypt fyrir happdrættisfé, hefur happdrættið einnig kostað viðhald þeirra og háskólalóðarinnar. Þá hefur happdrættisfé verið notað til kaupa á rannsóknatækjum og nemur sú upphæð hundruðum milljóna króna.

Lagalegt umhverfi

Samkvæmt lögum er óheimilt að reka happdrætti hér á landi nema með leyfi innanríkisráðherra. Tilgangurinn með ákvæðinu er að hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning og að halda uppi allsherjarreglu (e. public order). Í Evrópu hafa risið málaferli m.a. vegna þess að ýmis einkafyrirtæki á happdrættismarkaði vilja ekki láta sér nægja heimamarkað sinn. Þau vilja einnig geta starfað á erlendum mörkuðum. Íslenski happdrættismarkaðurinn hefur orðið fyrir barðinu á ásókn erlendra einkafyrirtækja. Þar er einkum um að ræða fyrirtæki sem bjóða þjónustu sína á vefnum. Hinn 4. maí 2007 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra fastanefnd á sviði happdrættismála. Nefndin er nú skipuð fulltrúum happdrættanna og innanríkisráðuneytisins. Stjórnarformaður Happdrættis Háskóla Íslands, Eyvindur G. Gunnarsson, er formaður nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með Evrópurétti á sviði happdrættismála, gera tillögur til innanríkisráðherra um framkvæmd vísindarannsókna um spilafíkn og ólögleg fjárhættuspil og gera tillögur um réttarbætur á sviði happdrættismála. Í því sambandi má nefna að tvær lagabreytingar sem máli skipta fyrir happdrætti hafa orðið að lögum. Annars vegar er það lagabreyting árið 2010, sem bannar auglýsingar happdrætta, sem eru rekin erlendis og hafa ekki leyfi samkvæmt íslenskum lögum um happdrætti. Hins vegar hefur fjölmiðlanefnd nú stjórnarsýslueftirlit með auglýsingum á happdrættis- og veðmálastarfsemi, sem áður var í höndum lögreglu, samkvæmt fjölmiðlalögum sem tóku gildi árið 2011.

Eftirlit

Eftirlit með útdrætti og vinningum í Happdrætti Háskóla Íslands er í höndum sérstaks happdrættisráðs sem dómsmála- og mannréttindaráðherra skipar. Í því áttu sæti árið 2014 Rósa Dögg Flosadóttir lögfræðingur, formaður ráðsins, Teitur Skúlason lögfræðingur og Þorleifur Pálsson, fyrrverandi sýslumaður. Eftirlit með happdrættisvélum er hjá sýslumannsembættinu á Hvolsvelli en eftirlitið var flutt þangað frá innanríkisráðuneytinu 2007. Ársreikningar happdrættisins eru endurskoðaðir í umboði Ríkisendurskoðunar og birtast þeir í ríkisreikningi.



HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Í 80 ÁR



Sem betur fer er til fólk sem trúir á ævintýri...

Sýning á Háskólatorgi

Í tilefni af 80 ára afmæli Hapdrættis Háskóla Íslands tóku hapdrættið og Háskóli Íslands þátt í Hönnunarmars og settu upp sýningu á Háskólatorgi dagana 28.–30. mars á Háskólatorgi þar sem byggingarsaga ríflega 20 bygginga háskólans var rifjuð upp. Yfirskrift sýningarinnar var „Trúin á ævintýrin“ og var með henni vísað til frægrar hvatningarræðu sem Sigurður Nordal, þáverandi háskólarektor, flutti árið 1922. Á fyrstu árum háskólans var mikið rætt og ritað um húsnæðisvanda hans en árið 1922 og þegar Háskóli Íslands hafði starfað í ellefu ár á neðstu hæð Alþingishússins við Austurvöll, flutti Sigurður ræðu af svölum Alþingishússins þar sem hann hvatti Íslendinga til að leggja háskólanum lið enda þyrftu stúdentar viðunandi húsnæði. Sigurður líkti hugmyndum um uppbyggingu háskólans ýmist við „ævintýri“ eða „djarfan draum“. Aðalbygging háskólans var reist árið 1940 fyrir fé frá Hapdrætti Háskóla Íslands, líkt og yngri byggingar skólans. Uppbygging háskólabygginganna fléttast saman við sögu íslensks arkitektúrs og hönnunar á tímabilinu sem voru gerð skil á sýningunni í máli og myndum.

Háskólaútgáfan

Stjórn og starfsfólk

Stjórn útgáfunnar var þannig skipuð fram á mitt ár 2014: Ástráður Eysteinnsson, formaður, Aðalheiður Jóhannsdóttir ritari og Jenný Bára Jensdóttir meðstjórnandi. Frá miðju ári skipaði háskólaráð nýja stjórn. Formaður stjórnar nú er Guðmundur Hálfðánarson, Björg Thorarensen ritari og Jenný Bára Jensdóttir meðstjórnandi.

Starfslið útgáfunnar var þannig skipað: Sigríður Harðardóttir ritstjóri, Styrmir Goðason skrifstofustjóri, Egill Arnarson ritstjóri og Jörundur Guðmundsson forstöðumaður.

Útgáfustarf

Ritstjórn og ritrýning handrita fer sívaxandi og afköst hafa aukist umtalsvert í þeim efnum. Kappkostað hefur verið að stytta forvinnslutíma svo sem unnt er og hefur þónokkuð áunnist þar. Útgefnir nýir titlar voru tæplega fimmtíu talsins, auk endurprentana og bóka sem teknar voru í dreifingu fyrir ýmsa aðila.

Viðurkenningar

Eftirfarandi höfundar hlutu viðurkenningar á árinu fyrir rit sem Háskólaútgáfan gaf út:

Fjöruverðlaunin hlaut í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis:

Guðrún Kristinsdóttir (ritstj.) fyrir bókina *Ofbeldi á heimili – Með augum barna*.

Sama bók hlaut einnig verðlaun Hagþenkis fyrir árið 2014 og að auki voru eftirtaldir höfundar tilnefndir til verðlauna Hagþenkis fyrir rit sem Háskólaútgáfan gaf út. Brot úr umsögnum dómnefndar eru einnig birt:

Kristján Jóhann Jónsson fyrir bókina *Grímur Thomsen – Þjóðerni, skáldskapur, þversagnir og vald*. Nýtt sjónarhorn á þjóðskáldið þar sem umfjöllun um ritstörf fléttast saman við nýstárlega greiningu á goðsögninni um Grím Thomsen

Páll Skúlason fyrir bækurnar *Háskólapælingar – Um stefnu og stöðu háskóla í samtímanum; Hugsunin stjórnar heiminum; Náttúrupælingar – Um stöðu mannsins í ríki náttúrunnar*. Í þessum þremur ritum er varpað ljósi á ýmis brýnustu álitamál samtímans frá sjónarhóli heimspekinnar. Djúp hugsun helst í hendur við læsilegan texta.

Tilnefning til íslensku bókmenntaverðlaunanna:
Sveinn Yngvi Egilsson fyrir bókina *Náttúra ljóðsins*.

Helstu rit

Helstu rit sem Háskólaútgáfan gaf út á árinu voru eftirfarandi:

Á sömu leið

Fléttur III

Hugsað með Platóni

Frá hjara veraldar

Almanak Háskóla Íslands 2014

Gunnlaugur Björnsson

Listhugtakið í heimspeki samtímans

Almanak Hins íslenska þjóðvinafélags 2014 með Árbók 2013

Hugur 25

Orðasafn í líffærafræði I – Stoðkerfi

Litróf einhverfunnar

Sæmundsen

Hugsunin stjórnar heiminum

Traditions and Continuities

Íslendingaþættir – Saga hugmyndar

Fjár sjóðsleit í Granada

Náttúrubarn

Handritasyrpa

Jóhanna Einarsdóttir

RIKK

Svavar Hrafn Svavarsson ritstj.

Melitta Urbancic

Þorsteinn Sæmundsson og

Gunnar Harðarson

Jón Árni Friðjónsson ritstj.

Jóhannes Dagsson ritstj.

Jóhann Heiðar Jóhannsson ritstj.

Sigríður Lóa Jónsdóttir og Evald

Páll Skúlason

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Ármann Jakobsson

Ólafur Páll Jónsson

Sturla Friðriksson

Rósa Þorsteinsdóttir ritstj.

Ritið 1/2014
Úlfar Bragason og Björn Þorsteinsson ritstj.
Ritið 2/2014
Brynjarsdóttir ritstj.
Ritið 3/2014
Grímur Thomsen
Ofbeldi á heimili
Hugsmiðar
Hugleiðingar um gagnrýna hugsun
Henrysson
Náttúrupælingar
Veftímarit Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála 2013
Náttúra ljóðsins
Hvítur jökull
Lýðræðistilraunir
Latína er list mæt
Bóndinn, spendýrin og fleiri undur alheimsins
H. Kristjánsson
Andvari 2014
„Bók þessi heitir Edda“
Rangan og réttan
Hin mörgu andlit lýðræðis
A Critique of Universities
Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar
Inquiring into Contemporary Icelandic Philosophy
Sögur af orðum
Góssið hans Árna

Guðrún Björk Guðsteinsdóttir,
Björn Þór Vilhjálmsson og Eyja M.
Björn Þór Vilhjálmsson ritstj.
Kristján Jóhann Jónsson
Guðrún Kristinsdóttir ritstj.
Vilhjálmur Árnason
Páll Skúlason og Henry Alexander
Páll Skúlason
Sveinn Yngvi Egilsson
Már Jónsson
Jón Ólafsson ritstj.
Sigurður Pétursson
Sigurður Gylfi Magnússon og Árni
Gunnar Stefánsson ritstj.
Heimir Pálsson
Albert Camus
Gunnar Helgi Kristinsson
Páll Skúlason
Gerður G. Óskarsdóttir ritstj.
Katrín Axelsdóttir
Jóhanna Katrín Friðriksdóttir ritstj.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samkvæmt lögum hefur safnið margþætt hlutverk en það er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er rannsóknabókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Það sinnir virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála. Landsbókavörður er Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir. Í samstarfsnefnd voru Halldór Jónsson og Jenný Bára Jensdóttir frá Háskóla Íslands og Áslaug Agnarsdóttir og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir frá safninu. Velta safnsins árið 2014 var um 1.020 m.kr. og ársverk á árinu 70,4. Hér verður einkum fjallað um helstu samstarfsfleti háskólans og safnsins en nánari upplýsingar um starfsemi safnsins er að finna í ársskýrslu þess á vefnum www.landsbokasafn.is.

Háskólabókasafn

Aðstaða

Sem bókasafn Háskóla Íslands sinnir safnið þörfum kennslu og rannsóknastarfsemi skólans með fjölþættri upplýsinga- og þekkingarmiðlun. Í safninu eru um milljón einingar en auk þess er veittur aðgangur að fjölbreyttu stafrænu efni. Þar er lesaðstaða, um 50 notendatölvur, þráðlaust net og háskólanetið, lesherbergi fyrir einstaklinga, hópvinnuherbergi og hægt er að leigja geymsluskápa. Auk þess er aðstaða til að prenta, ljósrita og skanna.

Gagnakaup

Lög um skylduskil til safna eiga að tryggja að safnið fái allt útgefið íslenskt efni að frátöldu útvarps- og sjónvarpsefni. Aðföng vegna Háskóla Íslands felast einkum í innkaupum á erlendu fræðiefni. Kennarar ákveða innkaup, sem miðast við það fé sem fræðasvið og deildir skólans setja í gagnakaup. Árið 2014 var keypt prentað efni og diskar fyrir 22,5 m.kr. og aðgangur að stafrænum séráskriftum fyrir 24,3 m.kr. Þá var miðlægt framlag vegna hvar.is – Landsaðgangs að stafrænum gagnasöfnum og tímaritum 37,6 m.kr. Þar fyrir utan er nokkuð keypt fyrir háskólann af því ritakaupafé sem safnið fær á fjárlögum.

Stafræn gögn

Safnið leggur áherslu á að auka aðgang að stafrænum gagnasöfnum, bókum og tímaritum.

Landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum, hvar.is, hefur verið meðal verkefna safnsins frá 2011. Fimm manna stjórnarnefnd starfar við hlið landsbókavarðar og hlutverk hennar er m.a. stefnumótun, ákvarðanir um samninga og um greiðsluskiptingu en bókasöfn, stofnanir og einkaaðilar greiða fyrir aðganginn. Fulltrúi háskólans í stjórnarnefndinni er Baldvin Zarióh og varamaður Jenny Bára Jensdóttir. Í gegnum hvar.is er nú hægt að nálgast 15 gagnasöfn og þar af einn rafráttabókakpakka og heildartexta um 20.000 tímarita, auk útdráttu úr greinum 10.000 tímarita. Tekist hefur að halda efni í landsaðgangi að mestu óbreyttu undanfarin ár en aukafjárveitingar til þess hafa verið tryggðar af hálfu ríkisins. Heildarkostnaður á árinu var 239 m.kr. Framlag ríkisins var tæplega 125 m.kr. en Háskóli Íslands er langstærsti einstaki greiðandinn.

Með séráskriftum háskólans, sem eru aðgengilegar á háskólanetinu, bætast við um 2.800 rafræn tímarit og önnur útgáfurit, auk 28 gagnasafna, s.s. Encyclopaedia of Perception, Palgrave Dictionary of Economics, Women and Social Movements og Communication and Mass Media Complete.

Skemman.is – lokaverkefni og rannsóknarit

Safnið sér um rekstur Skemmannar, sem er geymslusafn fyrir stafrænar lokaritgerðir háskólanema og rannsóknarit háskólakennara. Skemman er samstarfsverkefni allra háskólanna. Háskólaráð samþykkti árið 2008 rafræn skil og varðveislu lokaritgerða nemenda. Um áramót voru um 13.000 verk frá Háskóla Íslands aðgengileg í Skemmunni en lögð er áhersla á að aðgangur að þeim sé opinn. Um er að ræða lokaritgerðir nemenda og skýrslur, ritraðir, ráðstefnurit og greinar frá kennurum og starfsmönnum skólans.

Áttavitinn – Fræðigreinin þín

Ný þjónusta var opnuð á vefnum landsbokasafn.is í lok ársins. Hún nefnist Áttavitinn og þar er vísað á ýmis hjálpargögn við heimildaleit, tengla við gagnasöfn og margvíslegt fræðsluefni. Verið er að vinna leiðarvísa fyrir einstakar námsgreinar og einnig fyrir ákveðnar tegundir af efni, s.s. OECD eða Alþingistíðindi. Hugmyndin er að Áttavitinn komi í stað tenglasafnsins Fræðigreinin þín á vef safnsins.

Upplýsingaþjónusta

Á safninu er veitt almenn upplýsingaþjónusta og boðið upp á heimildaleit. Almennar fyrirspurnir má senda upplýsingaþjónustu með tölvupósti á upplys@landsbokasafn.is og markmiðið er að svara innan 24 stunda alla virka daga. Þá er aðstoðað við millisafnalán og greinaþjónustu.

Safnkynningar

Boðið eru upp á safnkennslu fyrir nemendur og kennara og á árinu komu 94 hópar í safnið í formlega kynningu, eða um 2.800 manns. Þar fyrir utan er einstaklingum boðið upp á leiðbeiningar. Nýjum kennurum er einnig boðið í stutta kynningu í upphafi missera. Hægt er panta safnkynningar á vef safnsins.

Námsbókasafn

Námsbókasafn er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem tekið er frá í tengslum við tiltekin námskeið. Gögnin eru ýmist til notkunar á staðnum eða lánuð til styttri tíma. Þjónustan var notuð fyrir 112 námskeið á vormisseri og 126 á haustmisseri.

Útlán í tölvupósti

Til að auðvelda samskipti vegna útlána og pantana fá lánþegar sendar upplýsingar í tölvupósti. Þeir geta sjálfir pantað rit sem eru í útláni í Gegni og fá tilkynningu í tölvupósti þegar ritið er komið í safnið en þar er það geymt í viku. Lánþegar fá einnig viðvörðun þegar lánstími er að renna út og geta sjálfir fremlengt lánsfrest í Gegni þrisvar sinnum. Ef annar notandi hefur pantað ritið fá þeir upplýsingar um það í tölvupósti.

Lengdur afgreiðslutími í prófum

Afgreiðslutími er auglýstur á vef safnsins og miðast við kennsluáttak Háskóla Íslands. Hann er lengdur á prófatíma og er það auglýst sérstaklega.

Þjóðbókasafn

Skylduskil

Safnað er öllu prentuðu útgefni íslensku efnis auk tón- og myndefnis. Einnig er handritum og einkaskjalasöfnum safnað en í handritasafni og Kvennasögusafni eru varðveitt um 16.000 handrit, allt frá einstökum skinnblöðum frá 13. öld og fram til dagbóka og bréfa frá 20. öld. Til útgefins efnis telst einnig það efni sem er aðgengilegt almenningi á rafrænu formi um tölvunet. Því er íslenskum vefsíðum á þjóðarléninu.is safnað hjá safninu. Í vefsafninu eru nú um 3 milljarðar skjala, eða 57 terabæt. Þá er hafin móttaka á skilaskyldu efni sem verður til stafrænt. Efnið er vistað í geymslusafninu rafhlaðan.is sem var opnað árið 2011. Þar eru nú um 7000 verk.

Stafræn endurgerð íslensks efnis

Markvisst er unnið að stafrænni endurgerð íslensks efnis og aðgangur veittur að því um vefi safnsins. Í árslok var aðgangur að tæplega 5,5 milljónum blaðsíðna úr íslenskum ritum á timarit.is, bækur.is, handrit.is og islandskort.is. Boðið er upp á textaleit í öllu efninu.

Skrár yfir sérefni

Sífelld er unnið að því að auka aðgang að skrá safnsins um vefinn. Sem dæmi um slíkar skrár eru Íslensk útgáfuskra, utgafuskra.is, sem er skrá um prentefni, hljóðrit og myndbönd útgefin á Íslandi og Skrá um doktorsritgerðir Íslendinga, doktor.landsbokasafn.is. Í henni eru nú upplýsingar um 2.200 doktora. Þá bætist sífelld í Skrá um þýðingar íslenskra miðaldabókmennta, sagas.landsbokasafn.is, og 1. desember var opnuð Bókaskrá 1534–1844 sem er ítarleg bókfræðileg skrá yfir allar prentaðar íslenskar bækur á léninu bokaskra.landsbokasafn.is.

Ýmis samstarfsverkefni

Safnið tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum og erlendu samstarfi. Markmiðið er meðal annars að sækja nýja þekkingu til að miðla safnkostinum til notenda, auk þess að bæta þjónustu safnsins.

Miðstöð munnlegrar sögu

Miðstöð munnlegrar sögu, sem var stofnuð 2007, sameinaðist safninu og varð sérstök eining á sviði varðveislu og stafrænnar endurgerðar. Hlutverk miðstöðvarinnar er að safna, skrá og varðveita

heimildir í munnlegri geymd. Í fagráði eiga sæti hagsmunaaðilar á sviði munnlegrar sögu. Upplýsingar um starfsemi og safnkost er að finna á munnlegsaga.is.

Handritavefur

Vefurinn handrit.is var opnaður 2010. Hann er samstarfsverkefni safnsins og Árnastofnana í Reykjavík og Kaupmannahöfn um gerð samskrár og stafrænnar endurgerðar íslenskra handrita.

Opinn aðgangur – Open Access

Safnið hefur frá árinu 2006 tekið þátt í verkefnum um opinn aðgang að vísindaupplýsingum og rannsóknaniðurstöðum (OA – Open Access). Fulltrúar safnsins tóku þátt í að móta stefnu Háskóla Íslands um opinn aðgang, sem hefur verið samþykkt.

Evrópuverkefni

Safnið tekur þátt í Evrópubókasafninu (The European Library – TEL) og fjölmeningargáttinni europeana.eu. Safnið tekur auk þess þátt í verkefnum á sviði stafrænnar endurgerðar, sem ýmist er stjórnað af Evrópubókasafninu eða nátengd því. Framlag safnsins felst í að vinna gögn sín þannig að hægt sé að tengja þau við TEL og Europeana.

IIPC

Safnið er stofnaðili alþjóðlegra samtaka um söfnun og varðveislu veraldarvefsins, International Internet Preservation Consortium (IIPC). Safnið á sæti í stjórn samtakanna og vinnuhópum. Vefur samtakanna er netpreserve.org.

Listasafn Háskóla Íslands

Stjórn

Stjórn Listasafns Háskóla Íslands til fjögurra ára, frá hausti 2011 til 2015, skipa Salvör Nordal formaður, Vilhjálmur Lúðvíksson og Hjálmar H. Ragnarsson. Auður A. Ólafsdóttir er safnstjóri í umboði stjórnar og er hún eini fasti starfmaður safnsins í 50% stöðu.

Helstu verkefni og starfsemi

Helstu verkefni safnstjóra og stjórnar Listasafns Háskóla Íslands er að varðveita, byggja upp og kynna eftir föngum hina miklu og verðmætu listaverkæign safnsins, svo sem með sýningarhaldi, en einnig með mótun stefnu í innkaupum nýrra verka. Samkvæmt stofnskrá Listasafns Háskóla Íslands er það einnig hlutverk safnsins að sinna þeim sem stunda rannsóknir á íslenskri myndlistarsögu. Safnið hefur í samræmi við það unnið að því á síðastliðnum árum að því að efla tengsl safnsins við rannsókn- og kennslumhverfi Háskóla Íslands, m.a. við nám í listfræði á Hugvísindasviði. Þá veitir safnið rannsóknastyrki til rannsókna á íslenskri myndlist úr Styrktarsjóði Listasafns Háskóla Íslands.

Uppsetning verka innan háskólans og kaup á nýjum verkum

Hundruð verka úr eigu Listasafns Háskóla Íslands er að finna á fjölmörgum stöðum í byggingum og stofnunum Háskóla Íslands en uppsetningar verka eru hugsaðar sem sýningar á verkum safnsins í opinberu rými. Safnið hefur þó ekki enn eignast eigið, skilgreint sýningarhúsnæði, svo sem fjallað er um í stofnskrá safnsins frá árinu 1980.

Á árinu 2014 urðu ýmsar breytingar á húsnæði í eigu Háskóla Íslands og safnið kom víða að uppsetningu verka, svo sem í Aðalbyggingu háskólans, en þar voru sett upp á annan tug verka í

kjallaragangi þar sem eru kennslustofur, sem og í Odda, Tæknigarði, Haga, Háskólabíói og víðar. Á árinu 2014 keypti safnið m.a. verk eftir Kees Visser, Gabríelu Friðriksdóttur, Helga Þórsson og Guðmund Thoroddsen.

Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands

Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands var stofnaður af Sverri Sigurðssyni árið 1999 og hefur það sérstaka hlutverk að vera ætlað að styrkja rannsóknir á sviði íslenskrar myndlistar, myndlistarsögu og forvörslu myndverka, svo og til birtingar á niðurstöðum slíkra rannsókna (eins og segir í stofnskrá). Ekki var veitt úr sjóðnum árið 2014.

Reiknistofnun Háskóla Íslands

Almennt yfirlit og stjórn

Reiknistofnun Háskóla Íslands sér um uppbyggingu og rekstur upplýsingakerfa og símnets Háskóla Íslands. Rekstur stofnunarinnar gekk vel á árinu 2014. Fjárhagsleg afkoma var góð miðað við mikil umsvif.

Í stjórn Reiknistofnunar Háskóla Íslands voru á árinu: Helgi Þorbergsson, dósent við Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, stjórnarformaður, tilnefndur af rektor, Vilborg Loftsrarstjóri, tilnefnd af Heilbrigðisvísindasviði, Birna Arinbjörnsdóttir prófessor, tilnefnd af Hugvísindasviði, Björg Gísladóttir rekstrarstjóri, tilnefnd af Menntavísindasviði, Páll Melsted, lektor í Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, tilnefndur af Verkfræði- og náttúruvísindasviði, og Ingjaldur Hannibalsson, prófessor í viðskiptafræði, tilnefndur af Félagsvísindasviði, en hann lést þann 26. október 2014. Mikil eftirsjá er í þeim mæta félaga.

Stjórnin var skipuð til þriggja ára frá 1. október 2012 að telja. Forstöðumaður Reiknistofnunar var Sæþór L. Jónsson rafmagnsverkfræðingur. Áheyrnarfulltrúi starfsmanna í stjórn stofnunarinnar var Magnús Gíslason deildarstjóri kerfisdeildar.

Þann 12. desember var haldið upp á 50 ára afmæli Reiknistofnunar, sem heppnaðist í alla staði vel. Reiknistofnun hóf starfsemi sína í desember 1964, skömmu eftir að Háskóli Íslands fékk að gjöf IBM 1620 vél frá Framkvæmdabankanum. Hinn upphaflegi IBM 1620 „rafheili“ háskólans var fluttur á staðinn, fyrsta tölvan á landinu, en vélin er gríðarlega fyrirferðarmikil, tekur næstum heilt herbergi og var útbúin gataspjöldum en hún hafði þó aðeins 40.000 stafa minni sem svarar til 0,04 megabæta. Inntaks- og úttakstæki voru ritvél, gataspjaldalesari og gatari. Enginn prentari var tengdur henni og heldur ekki diskar eða disklingar. Í þá tíð var ekki talað um tölvu heldur rafreikni, rafeindareiknivél eða rafheila og var honum komið fyrir í kjallara húss Raunvísindastofnunar við Dunhaga sem þá var enn í byggingu. Orðið tölva leit hins vegar ekki dagsins ljós fyrr en árið 1965 og er það hugsmíð Sigurðar Nordals, fyrrverandi rektors Háskóla Íslands. Í frétt Morgunblaðsins frá 1964 um nýju „tölvuna“ var fyrirsögnin „Háskólinn fær heila“.

Flestir fyrrverandi forstöðumanna Reiknistofnunar mættu í afmælið ásamt fjöldamörgum fyrrverandi og núverandi starfsmönnum stofnunarinnar og öðru háskólafólki. Reiknistofnun helgaði nýjasta fréttabréf stofnunarinnar hálftrar aldar afmæli sínu þar sem farið er rækilega yfir sögu, hlutverk og verkefni stofnunarinnar.

Starfsemin

Þann 19. september var Reiknistofnun formlega tilkynnt að öll starfsemi stofnunarinnar skyldi flytja sem fyrst frá Sturlugötu 8 til Neshaga 16 en bæði húsin eru í eigu Háskóla Íslands. Í Sturlugötu 8 er ætluð að flytja háskólastarfsemi sem er skyldari þeirri starfsemi sem þegar fer fram í húsinu. Í Neshaga 16 var fyrir starfsemi á vegum Stofnunar Árna Magnússonar sem heyrir undir menntamálaráðuneytið og er þeirri starfsemi gert að flytja úr húsinu.

Í framhaldinu fór í gang mikil skipulagsvinna og framkvæmdir. Leggja þurfti nýja 400 volta heimtaug í Neshaga 16, leggja mikið magn af ljósleiðurum eftir mismunandi leiðum í húsið, færa starfsstöðvar NORDU-nets og Rh-nets frá Sturlugötu 8 í Tæknigarð og Neshaga 16. Sótt var um heimildir fyrir staðsetningu útikælis og rafstöð við Neshaga 16 en leyfið var ekki komið í árslok. Sett var lítil vararafstöð við Tæknigarð.

Stofnunin skiptist nú í nokkur viðföng: almennan rekstur (3 stöðugildi), hugbúnaðarþróun (9 stöðugildi), kerfisþjónustu (6 stöðugildi), net- og símadeild (3 stöðugildi), notendapjónustu (12 stöðugildi) og ytri vef (vefverksmiðju) (2,5 stöðugildi). Reiknistofnun hefur, þrátt fyrir sveiflukenndar breytingar, verið einstaklega lánsöm með starfsfólk og byggir starfsemi sína á sterkum kjarna sem hefur þjónað háskólanum dyggilega á liðnum árum. Hjá Reiknistofnun störfuðu 35,5 starfsmenn í fullu starfi í árslok.

Starfsmenn Reiknistofnunar koma einnig að rekstri RH-nets hf. (rannsókn- og háskólanets Íslands) og situr forstöðumaður í stjórn þess sem varaformaður. Hann situr einnig í stjórn FS-nets (nets framhaldsskóla og símenntunarstöðva) og í stjórn NORDU-nets A/S (samtinginets Norðurlanda) fyrir hönd Háskóla Íslands.

Rekstur ofurtölvuvers Norðurlanda (NHPC, Nordic High Performance Computing) gekk í alla staði vel á árinu. Yfirstjórn rekstursins og kerfisstjórnar var eins og áður í höndum Reiknistofnunar. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi út fjórða árið, eða til ársloka 2015, þegar Reiknistofnun tekur alfarið við rekstrinum í þágu innlendra notenda.

Starfsmenn

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópi Reiknistofnunar á árinu. Sigurður Jökull Tómasson forritari hóf störf 20. mars við hugbúnaðarþróun, Sigurður Högni Jónsson forritari hóf störf 1. apríl í vefverksmiðju, Eyvindur Örn Barðason hóf störf 30. október við notendapjónustu og tók þar við starfi Agnars Kristjánssonar. Sigurður Örn Magnason hætti störfum 31. október við notendapjónustu, Sigurður Jarl Magnússon tók við starfi hans og Agnar Kristjánsson tók við starfi Sigurðar Jarls. Maður kom sem sé í manns stað.

Net- og símadeild

Rekstur net- og símadeildar gekk vel á árinu og sinnti deildin sínum reglulegu verkefnum. Tvö stór verkefni stóðu þó upp úr.

Netmál

Þann 18. júní var nýtt auðkenningarkerfi fyrir notendur þráðlausa netkerfisins, Eduroam, tekið í gagnið. Þetta kerfi bætti mikið öryggi á netinu og jók afkastagetu þess. Einnig skapaðist með þessu kerfi tækifæri fyrir Eduroam-notendur að tengjast þráðlausu neti þar sem það er í boði á stöðum utan Háskóla Íslands, á Íslandi og erlendis. Notendur geta notað auðkenni sín á stöðum utan háskólans þar sem þráðlaust net skólans er til staðar. Innleiðing kerfisins, sem var verulega umfangsmikil, gekk að mestu leyti vel þó að komið hafi fram vandræði þegar leið á haustið og notendum fjölgaði á netinu.

Nokkurn tíma tók að finna ástæðu þeirra vandræða sem komu fram við aukið álag en að lokum tókst að leysa það vandamál.

Á haustmánuðum var hafinn undirbúningur að flutningi starfsemi Reiknistofnunar í hið nýja húsnæði að Neshaga 16. Hanna þurfti nýjan vélasal þar sem gera þurfti ráð fyrir góðri loftkælingu og fullkomnum varaafsbúnaði, ásamt því að endurskipuleggja allar lagnaleiðir að Neshaga, bæði er varðar heimtaug fyrir rafmagn og nýjar ljósleiðaralagnir. Settur var nýr ljósleiðarastrengur í lagnaleið sem var til staðar frá Tæknigarði að Neshaga. Í samvinnu við Mílu var einnig lagður nýr 48 þráða ljósleiðari frá Aðalbyggingu um Hringbraut og niður Hofsvallagötu að Haga, húsi Háskóla Íslands. Með þessum nýju ljósleiðurum fæst mjög góð hringtenging við nýjan aðalvélasal Reiknistofnunar á Neshaga.

Áfram var unnið í að bæta útbreiðslu á þráðlausu neti háskólans og var sérstakt átak gert í Nýja-Garði, þar sem ekki hafði verið til staðar nægilega gott netsamband fram að því. Miklar endurbætur voru gerðar á húsnæði háskólans í Tæknigarði og breytingarnar sem gera þurfti á öllum tengingum, bæði síma- og tölvunettengingum, útheimtu mikla vinnu. Einnig þurfti netdeildin að koma að breytingum sem gerðar voru í Háskólabíói.

Símamál

Rekstur símkerfis háskólans gekk vel á árinu og engar stórvægilegar breytingar voru gerðar á því.

Tölvuþjónusta

Frá því í ágúst 2009 hefur Reiknistofnun Háskóla Íslands starfrækt tölvuþjónustu á Háskólatorgi og í Stakkahlíð frá árinu 2012. Þar er nú rekin þjónusta miðsvæðis fyrir alla notendur háskólans sem þurfa að leita eftir ráðgjöf, leiðbeiningum eða aðstoð vegna tölvutengdra mála, auk þess sem starfsmenn þar sinna einnig síma- og tölvuþóstsörum fyrir Reiknistofnun.

Hægt er að hafa samband við tölvuþjónustu Reiknistofnunar Háskóla Íslands með því að koma á staðinn, senda tölvupóst á help@hi.is eða hringja í síma 525 4222. Tölvuþjónusta Reiknistofnunar Háskóla Íslands er opin alla virka daga frá 8:00 til 16:00.

Windows-kerfisþjónusta

Helsta vinnan við kerfisþjónustu fólst í uppfærslu og viðhaldi á núverandi kerfum og grunnur var lagður að uppfærslu og nýjungum fyrir næsta ár. Aukin hagræðing náðist með sýndarvélavæðingu. Með því móti var hægt að leggja niður elstu þjónana og færa þjónustu yfir á nýrri vélbúnað.

Sigurður Örn Magnason lét af störfum á árinu og við verkefnum hans í Windows-kerfisþjónustu tóku þeir Guðmundur Már Sigurðsson og Sigurður Jarl Magnússon.

Tölvuver Reiknistofnunar

Reiknistofnun Háskóla Íslands rekur nú 19 tölvuver í 14 byggingum háskólans, með samtals 346 tölvum og 19 prenturum. Auk þess sér Reiknistofnun um uppsetningu og viðhald tölva í kennslustofum og fyrirlestrarsölum háskólans. Þær tölvur eru nú um 150 talsins. Árleg endurnýjun tölvubúnaðar átti sér stað í fjórum tölvuverum: í Læknagarði, Nýja-Garði, Odda 102 og Odda 103.

Nýtt tölvuver var tekið í notkun í ársbyrjun. Það er til húsa í kortastofu á 3. hæð í Öskju (357) og er sérútbúið til úrvinnslu landfræðigagna.

Hugbúnaðarþróun

Í desember hófst vinna við að smíða ráðningarkerfi þar sem hægt verður að skrá auglýsingar um störf og sækja rafrænt um þau. Vinnsla umsókna fer fram í Uglunni þar sem hægt er að gefa bæði dómnefndum og yfirmönnum aðgang að umsóknunum. Í kerfinu verður hægt að hafa samskipti við umsækjendur og halda utan um stöðu umsækjenda.

Útprintun úr Uglu var almennt tekin í gegn og sérstök áhersla var lögð á útgáfu brautskráningarskírteina og útprintun á leyfisbréfum kennara. Stuðningur er við þverfaglegar deildir með ákveðna heimadeild.

Útlit kennsluskrár var enn fremur tekið í gegn. Það var bæði gert nútímalegra og viðmót vefsins í farsímum og spjaldtölvum endurbætt. Á yfirlitssíðu námsleiða yfir samsetningu náms getur nemandi auðveldlega séð hvaða námskeiðum hann hefur lokið, hvað hann á eftir að taka o.s.frv.

Lokaverkefnakerfi Uglunnar var einnig uppfært svo að það falli betur að kröfum allra opinberu háskólanna.

Í byrjun hausts lauk smíði á appinu SmáUgla fyrir alla opinberu háskólana í samvinnu við vefdeild. Appið var bæði gefið út fyrir síma og spjaldtölvur sem keyra iOS- og Android-stýrikerfið. Með appinu geta notendur skoðað stundatöfluna sína, séð tilkynningar, próftöflu, matseðil í Hámu, leitað í símaskrá, þjóðskrá, leitað að viðburðum, skoðað kennsludagatal, séð í hvaða tölvuveri eru lausar tölvur o.s.frv.

Sett var upp sjálfvirk innskráning á milli Uglu og Moodle til að einfalda aðgang notenda beint yfir í Moodle eftir innskráningu í Uglu.

Síðan „námskeiðin mín“ var endurgerð til að bæta viðmót og einfalda aðgang að þeim tólum og tækjum sem tengjast námsframvindu og kennslu.

Framtal starfa var endurbætt. Umsjónartólin í kerfinu nota nú nýrri kóðasöfn.

Afritun námskeiða var endurbætt. Nú er meðal annars hægt að velja hvaða kennarar fylgja með þegar námskeið eru afrituð.

Í próftöflukerfi var bætt við skýrslum og röðun sérnema var bætt ásamt fleiru.

Kosningakerfi var breytt fyrir kosningar fulltrúa deilda.

Öryggiskerfi Uglu var endurbætt að mjög miklu leyti. Nýtt auðkenningarkerfi var búið til og umsjón með notendum endurbætt gagnert.

Þjónustukerfi Reiknistofnunar var uppfært. Yfirlit fyrir notendur, sem kallast „mínar þjónustur“, var endurbætt ásamt þjónustuyfirliti fyrir yfirmenn helstu rekstrareininga Háskóla Íslands. Nú er auðveldara en áður að átta sig á hvaða þjónusta er í notkun hjá hverri rekstrareiningu og beinum aðgangi að því að segja upp þjónustu var komið á úr yfirlitunum. Umsóknarkerfi fyrir tölvuþjónustu Reiknistofnunar var endurskrifað með það að leiðarljósi að einfalda umsóknir um tölvuþjónustu. Bætt var við nýrri þjónustu fyrir skammtímaaðgang að þráðlausu neti og tölvuverum sem hentar fyrir gesti sem þurfa að fá tímabundinn aðgang að neti og/eða tölvuverum.

Kvika, sem er yfirlit yfir starfsmenn háskólanna, var algerlega tekin í gegn.

Byrjað var á að útbúa neyðarhnapp fyrir þá starfsmenn í stoðþjónustu sem taka á móti mörgum einstaklingum. Með neyðarhnappnum er hægt að óska eftir aðstoð frá viðbragðsteymi með smáskilaboðum í síma og tölvupósti.

Greiðslukerfi Uglu var endursmíðað. Tengingu var komið á við Valitor og gerð var yfirlitssíða yfir greiðslur. Nú er hægt að bjóða upp á raðgreiðslur ásamt fleiri nýjungum.

Ýmsar viðbætur voru gerðar við umsóknarkerfi Uglunnar, m.a. fyrir skiptinám, og unnið var að smíði umsóknarkerfis fyrir sumarnám. Þá var unnið að umsóknarkerfi í A-próf ásamt tilheyrandi úrvinnslu og síðu til að skoða niðurstöður prófsins. Unnið var að endurgerð á forsal umsókna og í framhaldi af henni var greiðslulisti í stúdentasýsli endurskrifaður ásamt öllu sem tengist skráningum og birtingu á greiðslum.

Auk þessa var unnið að endurbótum og nýjungum sem tengjast stúdentasýsli, Kol (kerfi fyrir kennsluvinnustundir), stofubókanakerfi, einkunnaskilasíðu, námsleiðakerfi og skýrslukerfi, ásamt mörgum öðrum verkefnum.

Vefverksmiðja (ytri vefir)

Vefverksmiðja festi sig enn í sessi sem þjónustuveita á árinu bæði hvað varðar tækni og mannskap. Fyrst skal nefna að í hópinn bættist góður liðsmaður, Sigurður Högni Jónsson, sem er hagur á tækni, efnistöð og útlitshönnun. Aðrir starfsmenn leituðust við að safna að sér þekkingu innan lands og utan.

Uppfærsla og endurnýjun þjóna sem keyra veittar þjónustur hélt áfram og náðust nokkur stór skref sem auka rekstraröryggi og hraða. Þrátt fyrir að vel mannað hafi verið á árinu var ákveðið að skerpa fókusinn og leggja niður þær tegundir þjónustu sem voru lítið nýttar og þær sem hagkvæmara er að sækja annað, svo sem blogg.hi.is og streymi.hi.is. Einnig var áttak hafið í að hreinsa til í vefhýsingum með því að uppfæra virka vefi og loka öðrum. Sem hluti af þessu átaki, auk þess sem háskólinn hefur lagt að stofnunum skólans að auka sértekjur sínar, var gjaldtöku fyrir vefhýsingu, sem áður hafði verið kynnt, hrint af stað í lok árs. Settur var aukinn kraftur í hýsingarkerfi fyrir rafræn tímarit og hefur sú þjónusta mælst vel fyrir. Rekstur á þeirri þjónustu (sem flestum öðrum gerðum þjónustu) er í kröftugu og góðu samstarfi við kerfisdeild.

Samvinna við hugbúnaðarþróunardeild var líka mikil og gat af sér SmáUglu, sem fyrr segir, app sem gerir helstu upplýsingar úr Uglu og ytri vef aðgengilegar í android- og iOS-smátækjum. SmáUglan, ásamt nýrri útgáfu af student.is, voru stærstu stöku verkefni á árinu en annars var lögð áhersla á lipran og öruggan rekstur vefhýsingarþjónustu.

Kerfisþjónusta

Nýr afritunarþjarki var settur upp á árinu og tengdur við afritunarkerfið. Hann er af gerðinni IBM TS3500 og getur tekið 266 afritunarspólur og hefur 6 segulbandsdrif sem hægt er að lesa eða skrifa samtímis. Hægt er að fjölga þeim í 12.

Sett var upp ný fjölnotendavél sem keyrir Linux-stýrikerfið (CentOS 6.6) og fékk hún nafnið hekla.rhi.hi.is og er hægt að tengjast henni með ssh-forriti.

Hafinn var undirbúningur að því að flytja vélasal Reiknistofnunar úr Sturlugötu 8 í Neshaga 16. Netþjónar verða fluttir, nýr búnaður settur upp og gamlar vélar úreltar. Í árslok var svokallað Flex-kerfi pantað frá IBM. Þetta eru tveir Flex-kassar sem geta tekið allt að 14 netþjóna hvor (Flex-kubba).

Í byrjun voru þantaðir átta Flex-kubbar. Auk þess var þöntuð ný diskastæða með um 50 TB af nýtanlegu plássi.

Tveir starfsmenn kerfiseildar hófu þátttöku í samnorrænu verkefni sem nefnist Glenna (einnig nefnt Nordic Cloud) og snýst um að samnýta „skýjaþjónustu“ á milli Norðurlandanna, þannig að notandi í einu landi geti fengið slíka þjónustu í öðru landi. Gert er ráð fyrir að þetta verkefni standi í um tvö ár.

Að öðru leyti var starfsemi kerfisþjónustu með hefðbundnum hætti. Markmið hennar er að veita fyrsta flokks miðlæga tölvuþjónustu og að ófyrirséð rof á þjónustunni sé ekki meira en 0,01%. Það tókst fyrir flestar gerðir þjónustu á árinu.



Brautskráningarræður háskólarektors

Ræða Kristínar Ingólfssdóttur við brautskráningu kandiata í Háskólabíói 22. febrúar 2014

Forseti Íslands. Góðir gestir. Gleðilega hátíð!

Fyrir hönd Háskóla Íslands óska ég ykkur, kærur kandiatar, innilega til hamingju með merk tímamót. Ég þakka formanni Stúdentaráðs, sem mælti fyrir ykkar hönd, kærlega fyrir hlý orð í garð skólans.

Í Almanaki Háskóla Íslands segir að nú lengi daginn um að jafnaði 6 mínútur á dag. Það birtir og birtan flytur fyrirheit um vorið sem kemur senn og sumarið sem fylgir. Þetta er táknrænt fyrir þau fyrirheit um gæfuríka framtíð sem þessi dagur flytur ykkur.

Á tímamótum er hollt að líta yfir farinn veg þegar tækifærin sem framtíðin geymir eru metin. Háskóli Íslands var stofnaður fyrir rúmlega 100 árum. Þá voru aldhvörf í íslensku samfélagi. Yfir þjóðina höfðu nýverið dunið áföll – kuldaskeið, náttúruhamfarir og fólksflótti um fjórðungs allra landsmanna vestur um haf. En þrátt fyrir allt var eins og ný öld flytti fyrirheit um vor og sumar og fátækt samfélag tók ákvörðun um að stofna háskóla. Nokkrum árum síðar var Eimskipafélag Íslands stofnað af sömu djörfung. Allt bar þetta vott um skýra sýn á að sjálfstæði þjóðarinnar og getu til að nýta tækifæri nýrrar aldar, byggðum á menntun og alþjóðlegum samskiptum.

Síðar á öldinni lágu leiðir háskólans og Eimskipafélagsins saman þegar Vestur-Íslendingar stofnuðu Háskólasjóð Eimskipafélags Íslands og gáfu hlutabréf sín í fyrirtækinu til að styrkja Háskóla Íslands. Sú höfðinglega gjöf hefur reynst skólanum og stúdentum hans afar drjúgt veganesti.

Sitt hvorum megin við aldamótin 1900 fæddust tveir Íslendingar sem áttu eftir að reynast miklir velgjörðarmenn Háskólans. Eggert V. Briem frá Goðdölum í Skagafirði lærði vélfræði í Þýskalandi og bjó lengi í Bandaríkjunum. Hann var mikill áhugamaður um raunvísindi og ánafnaði Háskóla Íslands eignir til að styrkja rannsóknir í jarðfræði og líffræði. Guðmundur P. Bjarnason frá Sýruparti á Akranesi var netagerðarmaður og fiskmatsmaður. Hann gaf höfðinglegan styrk til stofnunar sjóðs sem verðlaunar nemendur í eðlisfræði og efnafræði.

Háskóli Íslands hefur notið stuðnings fjölmargra annarra einstaklinga og ég nefni nokkra – Bent Scheving Thorsteinsson, Sverrir Sigurðsson og Ingibjörg Guðmundsdóttir, Ingibjörg R. Magnúsdóttir, Toshisho Watanabe, Selma og Kaj Langvad, Bragi Freymóðsson, Erlendur Haraldsson, Margrét Hjálmtýsdóttir, Ásrún Einarsdóttir, Godtfred Vestergaard, Áslaug Hafliðadóttir. Þá hafa minningarsjóðir verið stofnaðir og fjölmörg fyrirtæki og stofnanir lagt skólanum lið.

Í vetur hringdi til mín 89 ára gamall maður. Hann sagðist vilja styðja skólann og hafði í því skyni keypt tvo miða í Hoppdrætti Háskóla Íslands til viðbótar við þá fjóra sem hann hafði þegar átt um áratuga skeið. Hoppdrættið var stofnað fyrir 80 árum til að fjármagna framkvæmdir við Aðalbyggingu. Síðan hafa fjölmargar aðrar byggingar á háskólalóðinni risið fyrir tilstilli Hoppdrættisins. Mikið þætti mér vænt um að mega nota tækifærið og hvetja ykkur til að fara að dæmi þessa níræða manns – og kaupa miða.

Hugur og verk velgjörðarmanna skipta Háskóla Íslands verulegu máli. Víða erlendis tíðkast að stjórnvöld veiti skattaávilnanir þeim sem vilja styðja samfélagsleg verkefni á borð við háskólastarf.

Þetta hefur margsinnis verið rætt af hálfu stjórnvalda hér á landi en aldrei komist til framkvæmda. Mikið þætti okkur öllum vænt um ef þetta gæti nú loks orðið að veruleika.

Kæru kandídatar.

Ég rifja upp söguna og nefni nokkra velgjörðarmenn annars vegar til að minna á úr hvaða jarðvegi Háskóli Íslands er sprottinn og hverju hægt er að áorka þegar leiðtogar í stjórnmálum og almenningur í landinu hafa skýra sameiginlega sýn en einnig til að draga fram hvað hugur einstaklinga og hugsjón um háskólann okkar skipta miklu.

Rétt eins og við stofnun háskólans í upphafi 20. aldar skynjum við nú breytingar á samfélagi, umhverfi og atvinnuháttum. Og enn viljum við að skólinn leggi drjúgt af mörkum til verðmætasköpunar, betra samfélags og til íslenskrar menningar. Og við viljum að skólinn búi okkur betur til þátttöku í samfélagi þjóðanna þar sem svo mörg brýn verkefni bíða úrlausnar.

Markmið Háskóla Íslands um framlag til verðmætasköpunar eru skýr. Þau miða annars vegar að menntun fólks til starfa í grónum atvinnugreinum og þjálfun til að þróa þær áfram. Markmiðin eru einnig að skapa nýja þekkingu og ný verðmæti byggð á rannsóknum og vísindum. Dæmi um slík verkefni sjást í nýútkomnu Tímariti Háskóla Íslands sem dreift var hér í dag. Ég ætla að nefna örfá dæmi um verkefni sem flest eru unnin í samstarfi ólíkra fræðigreina innan skólans og í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og háskóla.

Af nýsköpunarverkefnum sem tengjast grónum atvinnugreinum má nefna hugbúnaðarþróun innan Líf- og umhverfivísindadeildar til að aðgreina síldarstofna við mat á stofnstærðum. Aðferðin byggist á tölfræðilegri myndgreiningu á kvörnum úr innra eyra og gerir kleift að greina fljótt og örugglega milli sjö mismunandi síldarstofna.

Innan Raunvísindadeildar er unnið að þróun nýrrar aðferðar til að framleiða áburð, þar sem lykilhráefnið, ammoníak, er framleitt með nýjum og hagkvæmum hætti. Ef markmið nást getur aðferðin gert bændum kleift að framleiða sjálfir áburð og gæti valdið straumhvörfum í landbúnaði, ekki síst í þróunarlöndum.

Við Máltæknisetur innan Hugvísindasviðs er unnið að þróun hugbúnaðar til að auðvelda notkun tölvutækni í þágu tungumálsins og notkun íslensku í nútímasamskiptatækni. Á Hugvísindasviði hefur einnig verið þróaður kennsluvefurinn Icelandic Online, sem býður frjálsan aðgang að námi í íslensku á netinu eða gegnum snjallsíma, sem tugþúsundir manna um allan heim nýta sér.

Af verkefnum sem tengjast nýjum atvinnugreinum má nefna þrjú sprotafyrirtæki sem öll tengjast greiningu og meðhöndlun augnsjúkdóma. Í einu þeirra var hugbúnaðar þróaður til að meta hættu á augnsjúkdómum hjá sykursjúkum. Í öðru er unnið að þróun lyfja með tækni sem gerir kleift að meðhöndla sjónhimnusjúkdóma með augndropum í stað nálarstungu í augað. Í þriðja fyrirtækinu var þróaður tækjabúnaður til greiningar sjúkdóma í augnbotnum með fjarkönnunar- og mynsturgreiningartækni. Einar Stefánsson, prófessor í augnlæknisfræði, hefur lagt áherslu á, að uppbygging sprotafyrirtækjanna hafi verið grundvölluð á samstarfi ólíkra fræðigreina. Þannig hafi augnlæknisfræði tengst greinum á borð við tölvunarfræði, tölfræði og lyfjafræði, auk rafmagns- og tölvuverkfræði með afar gjöfum hætti.

Þetta er í takt við þá þróun sem við sjáum um allan heim. Sameinaðir kraftar vísindamanna og stúdenta úr ólíkum greinum kalla fram nýjar hugmyndir, nýjar lausnir. Stærð Háskóla Íslands og fjölbreytni gerir auðvelt um vik, og spennandi, að sameina krafta með þessum hætti. Áhersla er nú lögð á það innan skólans að efla samvinnu þeirra sem vinna að verkefnum tengdum endurnýjanlegri orku, verkefnum tengdum norðurslóðum og verkefnum tengdum notkun fjarkönnunar. Í undirbúningi er þverfræðilegt nám í nýsköpun og viðskiptaþróun í samstarfi Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Félagsvísindasviðs.

Góðir gestir.

Uppbygging öflugra háskóla er langtímaverkefni. Sá mikli árangur sem Háskóli Íslands hefur náð hér heima og á alþjóðavettvangi hefur orðið til fyrir áratuga óeigingjarnt starf og stöðugt vakandi áhuga frábærra kennara, vísindamanna og annars starfsfólks. Þessi árangur verður til í frjóu samstarfi við vísindamenn og stofnanir um allan heim. Þannig kviknar guðdómseldurinn skæri í kvæði Jónasar Hallgrímssonar, Vísindin efla alla dáð, sem sungið verður hér á eftir. En þann skæra eld þarf að næra.

